ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 50

27. árgangur

23.7.2020

I **EES-STOFNANIR**

1. **Sameiginlega EES-nefndin**

2020/EES/50/01 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1869 frá 7. nóvember 2019 um breytingu og leiðréttingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir tiltekin óæskileg efni í fóðri 1

2020/EES/50/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1947 frá 22. nóvember 2019 um leyfi fyrir kassíugúmmíi sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda 6

2020/EES/50/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1964 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 9

2020/EES/50/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1965 frá 26. nóvember 2019 um leyfi fyrir natríummólýbdatdíhýdrati sem fóðuraukefni fyrir sauðfé 18

2020/EES/50/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1561 frá 17. september 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat í ræktuðum sveppum 21

2020/EES/50/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1582 frá 25. september 2019 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í eða á tilteknum afurðum 33

2020/EES/50/07 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1791 frá 17. október 2019 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-dekanól, 2,4-D, ABE-IT 56, sýpródiníl, dímetenamíð, fitualkóhól, flórpýráxifenbensýl, flúdíoxóníl, flúópýram, mepíkvat, pendímetalín, píkólínafen, pýraflúfenetýl, pýridaben, S-absisínsýru og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum 47

2020/EES/50/08 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1792 frá 17. október 2019 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir amítról, fípróníl, flúpýrsúlfúrón-metýl, ímasósúlfúrón, ísóprótúrón, ortósúlfamúrón og tríasúlfúrón í eða á tilteknum afurðum 112

2020/EES/50/09 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1495 frá 23. ágúst 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar kampýlóbakter í skrokkum holdakjúklinga 135

2020/EES/50/10 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/351 frá 28. febrúar 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sítrónusýru (E 330) í kakó- og súkkulaðivörur 141

2020/EES/50/11 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/355 frá 26. febrúar 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476) í fljótandi jurtaolíuýrulausnir 144

2020/EES/50/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/356 frá 4. mars 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýsorbata (E 432–436) í kolsýrðar drykkjarvörur 147

2020/EES/50/13 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1102 frá 27. júní 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka 150

2020/EES/50/14 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/360 frá 17. desember 2019 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla tiltekna eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 156

2020/EES/50/15 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/361 frá 17. desember 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 159

2020/EES/50/16 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/364 frá 17. desember 2019 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kadmíums í tiltekna geislunarþolna myndbandsupptöku-vélalampa, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 163

2020/EES/50/17 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/365 frá 17. desember 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni og húðun á tengjum sem eru notuð í tiltekna brunahreyfla í handverkfærum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 166

2020/EES/50/18 Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/366 frá 17. desember 2019 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem varmastöðgara í pólývínýlklóríði sem er notað í tiltekin lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði og öðrum líkamsvessum og líkamslofti, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni 170

2020/EES/50/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2094 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mankóseb, mekópróp-P, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín 173

2020/EES/50/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/23 frá 13. janúar 2020 um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu þíaklópríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 176

2020/EES/50/21 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 frá 19. mars 2019 um að taka í notkun höfuðlénið .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 180

2020/EES/50/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1839 frá 31. október 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 að því er varðar ákvörðun og skýrslugjöf um WLTP-koltvísýringsgildi fyrir tiltekna flokka nýrra léttra atvinnuökutækja og um aðlögun á ílagsgögnunum fyrir fylgnitólið 191

2020/EES/50/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1840 frá 31. október 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 að því er varðar skýrslugjöf um WLTP-koltvísýringsgildi fyrir tiltekna flokka nýrra fólksbifreiða og um aðlögun á ílagsgögnunum fyrir fylgnitólið 199

2020/EES/50/24 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB 205

2020/EES/50/25 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/488 frá 4. september 2014 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrirtækja á grundvelli fasts kostnaðar 250

2020/EES/50/26 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/585 frá 18. desember 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu á áhættutímabili tryggingarfjár 254

2020/EES/50/27 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/850 frá 30. janúar 2015 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana 257

2020/EES/50/28 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/923 frá 11. mars 2015 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana 264

2020/EES/50/29 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/101 frá 26. október 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr 273

2020/EES/50/30 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2014 frá 20. desember 2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðala sem tilgreina útreikningana á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu 285

2020/EES/50/31 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 523/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til ákvörðunar á því hvað myndar nána samsvörun á milli virðis sértryggðs skuldabréfs stofnunar og virðis eigna stofnunarinnar 289

2020/EES/50/32 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 525/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla til skilgreiningar á markaði 291

2020/EES/50/33 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 526/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða áætlað álag og takmörkuð smærri eignasöfn að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði 293

2020/EES/50/34 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 528/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna annarrar áhættu en deltastuðulsáhættu í tengslum við valrétti í staðalaðferð markaðsáhættu 297

2020/EES/50/35 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 529/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innramatsaðferðinni og þróuðu mæliaðferðinni 304

2020/EES/50/36 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 530/2014 frá 12. mars 2014
Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 530/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina frekar veigamiklar áhættuskuldbindingar og viðmiðunarmörk fyrir innri aðferðir vegna sértækrar áhættu í veltubók 318

2020/EES/50/37 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 frá 13. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 með tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur fyrir fjárfestastofnanir, umsýslustofnanir, upphaflega lánveitendur og útgáfustofnanir að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu 320

2020/EES/50/38 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/942 frá 4. mars 2015 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innri aðferðum við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu 330

2020/EES/50/39 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1798 frá 2. júlí 2015 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 625/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 með tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur fyrir fjárfestastofnanir, umsýslustofnanir, upphaflega lánveitendur og útgáfustofnanir að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu 337

2020/EES/50/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 602/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla til að auðvelda samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar framkvæmd viðbótaráhættuvoga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 339

2020/EES/50/41 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1014 frá 8. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágur fyrir seljendur hrávöru 342

2020/EES/50/42 Freglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1187/2014 frá 2. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina að því er varðar viðskipti með undirliggjandi eignir 344

2020/EES/50/43 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1556 frá 11. júní 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir bráðabirgðameðferð áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinn**i** 349

2020/EES/50/44 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/72 frá 23. september 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir heimild til að undanskilja gögn 351

2020/EES/50/45 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/180 frá 24. október 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðmiðunarmatsstaðla eignasafns og málsmeðferðir við miðlun á mati 355

2020/EES/50/46 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 945/2014 frá 4. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi, nægilega fjölbreyttar vísitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 364

2020/EES/50/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2197 frá 27. nóvember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 368

2020/EES/50/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1646 frá 13. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðalvísitölur og viðurkenndar kaup-hallir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki 373

2020/EES/50/49 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 384

2020/EES/50/50 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2326 frá 11. desember 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 386

2020/EES/50/51 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 388

2020/EES/50/52 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/64 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að tilgreina hvernig beita á viðmiðununum í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. til að meta hvort tilteknir atburðir myndu leiða til verulegra og neikvæðra áhrifa á heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið eða fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum 395

2020/EES/50/53 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/65 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina tæknilega þætti skilgreininganna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar 399

2020/EES/50/54 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina hvernig nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiðna, grundvallarfjárhæð afleiðna og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða skuli metið 401

2020/EES/50/55 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/67 frá 3. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að koma á skilyrðum til að meta áhrif þess að gildandi viðmiðanir verði aflagðar eða þeim breytt 404

2020/EES/50/56 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1638 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hvernig tryggja eigi að inntaksgögn séu viðeigandi og sannreynanleg, og innri eftirlits- og sannprófunarferla þess sem leggur þau fram, sem stjórnandi mikilvægrar eða mjög mikilvægrar viðmiðunar verður að tryggja að séu til staðar ef inntaksgögn koma frá framlínudeild 406

2020/EES/50/57 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1639 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þætti hátternisreglna sem stjórnendur viðmiðana sem byggjast á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn eiga að þróa 411

2020/EES/50/58 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1640 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um stjórnarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti 416

2020/EES/50/59 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1641 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnendur mikilvægra og mjög mikilvægra viðmiðana skulu leggja fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðir fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni 421

2020/EES/50/60 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1642 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þær forsendur sem lögbær yfirvöld skulu taka tillit til við mat á því hvort stjórnendur mikilvægra viðmiðana eigi að beita tilteknum kröfum 425

2020/EES/50/61 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1644 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem ákvarða lágmarksinnihald samstarfsfyrirkomulags milli lögbærra yfirvalda þriðju landa þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur hafa verið viðurkenndar sem jafngildar 429

2020/EES/50/62 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1645 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir form og inntak umsóknar um viðurkenningu til lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkis og fyrir framsetningu upplýsinga í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) 432

2020/EES/50/63 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármála-mörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 439

2020/EES/50/64 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1147 frá 28. júní 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 442

2020/EES/50/65 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2446 frá 19. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 445

2020/EES/50/66 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlits-stofnunarinnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 448

2020/EES/50/67 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1106 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisyfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 456

2020/EES/50/68 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1557 frá 17. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 460

2020/EES/50/69 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/482 frá 22. mars 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 463

2020/EES/50/70 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/319 frá 6. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar heilbrigðisvottun við innflutning til Sambandsins er varðar smitandi svampheilakvilla 466

2020/EES/50/71 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2075 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla) 1, 8, 34, 37 og 38, alþjóðlega reiknings-skilastaðla (IFRS-staðla) 2, 3 og 6 og 12., 19., 20. og 22. túlkun alþjóðlegu túlkunar-nefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkanir) og 32. túlkun fastanefndarinnar um túlkanir (SIC-túlkun) 597

2020/EES/50/72 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2104 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 1 og 8 606

2020/EES/50/73 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/34 frá 15. janúar 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 7 og 9 611

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1869 **2020/EES/50/01**

frá 7. nóvember 2019

um breytingu og leiðréttingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir tiltekin óæskileg efni í fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri ([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Gögn hafa borist frá lögbærum yfirvöldum og stjórnendum fóðurfyrirtækja, sem málið varðar, sem benda til að ekki sé hægt að ná almennu hámarksgildi fyrir arsen, sem nemur 2 mg/kg í fóðurefnum úr jurtaríkinu, í sérstöku fóðurefnunum leónardíti og mó. Því er rétt að hækka hámarksgildið fyrir heildarmagn arsens í þessum fóðurefnum til að tryggja framboð. Hækkunin hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna þar eð hámarksgildið, sem mælt er fyrir um fyrir arsen í fóðurbæti og heilfóðri, helst óbreytt.

3) Gögn hafa borist frá stjórnendum fóðurfyrirtækja, sem málið varðar, sem benda til að ekki sé hægt að ná almennu hámarksgildi fyrir arsen, sem nemur 30 mg/kg í fóðuraukefnum sem tilheyra virkum hópi snefilefnasambanda, að því er varðar snefilefnið dímanganklóríðtríhýdroxíð. Því er rétt að hækka hámarksgildið fyrir arsen í dímanganklóríðtríhýdroxíði á grundvelli gagna sem fengust með greiningaraðferðinni rafmassagreiningu (ICP-MS). Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópufyrir málma og köfnunarefnissambönd hefur staðfest að þessi aðferð gefi réttar niðurstöður að því er varðar tilvist arsens í snefilefnum. Þessi hækkun hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna þar eð hámarksgildið, sem mælt er fyrir um fyrir arsen í fóðurbæti og heilfóðri, helst óbreytt.

4) Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar hefur, í samráði við viðkomandi aðila, rannsakað tilteknar niðurstöður er varða flúor í kalkkenndum sjávarþörungum. Sú rannsókn staðfesti að bakgrunnsstyrkur flúors í kalkkenndum sjávarþörungum er í sumum tilvikum yfir hámarksgildinu sem mælt er fyrir um fyrir flúor í kalkkenndum sjávarþörungum. Því er rétt að hækka hámarksgildið fyrir flúor í kalkkenndum sjávarþörungum úr 1 000 mg/kg í 1 250 mg/kg. Þessi hækkun hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna þar eð hámarksgildið, sem er fastsett fyrir flúor í fóðurbæti og heilfóðri, helst óbreytt.

5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2229 ([2]) breytti I. viðauka tilskipunar 2002/32/EB m.a. að því er varðar blý. Til glöggvunar var allri færslunni fyrir blý skipt út. Fyrir mistök vantaði eftir þessi útskipti fóðurefnið kalkríkar sjávarskeljar í skránni yfir fóðurefni þar sem hámarksgildið 15 mg/kg gildir. Í reglugerð (ESB) 2017/2229 var einnig fastsett nýtt hámarksgildi fyrir blý í díkoparoxíði. Heiti aukefnisins samkvæmt Alþjóðasamtökum um hreina og hagnýta efnafræði (IUPAC) er þó kopar(I)oxíð. Í samræmi við tilmæli Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í áliti hennar um kopar(II)oxíð ([3]) ætti aukefnið að kallast kopar(I)oxíð en það var ekki gert í ensku, ítölsku og slóvakísku tungumálaútgáfunum af reglugerðinni. Þessar villur ætti að leiðrétta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 8.11.2019, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 140, 30.5. 2002, bls. 10.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2229 frá 4. desember 2017 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir blý, kvikasilfur, melamín og dekókínat (Stjtíð. ESB 319, 5.12.2017, bls. 6).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(4), 4057.

6) Tiltekin fóðurefni sem tilheyra flokknum „fiskur, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim“ eru sett á markað sem niðursoðið, blautt fóðurefni sem er notað beint sem fóður fyrir hunda og ketti. Þar eð þetta niðursoðna, blauta fóðurefni kemur í stað fóðurblöndu er því rétt að nota sama hámarksgildi fyrir kvikasilfur fyrir þetta niðursoðna, blauta fóðurefni og hámarksgildið sem gildir um fóðurblöndur þar eð þessi breyting hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra.

7) Matvælaöryggisstofnunin samþykkti vísindalega yfirlýsingu um tilvist óbundins gossýpóls í heilum baðmullarfræjum ([4]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri nauðsynlegt að uppfæra vísindalega álitið að því er varðar áhættu fyrir heilbrigði dýra vegna tilvistar gossýpóls sem óæskilegs efnis í fóðri. Með tilliti til gagna um tilvik, sem um getur í þeirri yfirlýsingu, er rétt að fastsetja hærra hámarksgildi fyrir óbundið gossýpól í fóðurefninu baðmullarfræ. Þessi hækkun hefur ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra þar eð hámarksgildið, sem mælt er fyrir um fyrir óbundið gossýpól í heilfóðri, helst óbreytt.

8) Í tilskipun 2002/32/EB er hámarksgildi fyrir díoxín, summu díoxína og díoxínlíkra PCB-efna og ódíoxínlíkra PCB-efna einungis fastsett í tilteknum fóðuraukefnum sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna. Hins vegar sýna nýlegar niðurstöður, sem tilkynntar voru í gegnum hraðviðvörunarkerfið fyrir matvæli og fóður, mikið magn díoxíns og díoxínlíkra PCB-efna í öðrum fóðuraukefnum sem tilheyra fyrrgreindum virkum hópi. Því er rétt að fastsetja hámarksgildi fyrir díoxín og PCB-efni að því er varðar öll fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna. Enn fremur ættu þessi hámarksgildi einnig að gilda þegar sömu fóðuraukefnin eru leyfð í virku hópunum „efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda“ og „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“.

9) Því ætti að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt og þau leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

([4]) https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.2903/j.efsa.2017.4850

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. línu, arsen, í I. þætti kemur eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„1. Arsen (1)	Fóðurefni	2
	að undanskildu:	4
	— grasmjöli, úr þurrkuðum refasmára og þurrkuðum smára og þurrkuðu sykurrófumauki og þurrkuðu, melassabættu sykurrófumauki,	
	— pálmakjarnaköku,	4 (2)
	— mó, leónardíti,	5 (2)
	— fosfötum, kalkkenndum sjávarþörungum,	10
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati (10), kalkríkum sjávarskeljum,	15
	— magnesíumoxíði, magnesíumkarbónati,	20
	— fiski, öðrum lagardýrum og afurðum unnum úr þeim,	25 (2)
	— þang- og þaramjöli og fóðurefnum úr þangi og þara.	40 (2)
	Járnagnir notaðar sem sporefni.	50
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	30
	að undanskildu:	50
	— fimmvötnuðu kúprísúlfati, kúpríkarbónati, díkoparklóríðtríhýdroxíði, ferrókarbónati, dímanganklóríðtríhýdroxíði,	
	— sinkoxíði, manganoxíði, kúpríoxíði.	100
	Fóðurbætir	4
	að undanskildu:	12
	— steinefnafóðri,	
	— fóðurbæti fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara,	10 (2)
	— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri,	30
	Heilfóður	2
	að undanskildu:	10 (2)
	— heilfóðri fyrir fisk og loðdýr,	
	— heilfóðri fyrir gæludýr sem inniheldur fisk, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim og/eða þang- og þaramjöl og fóðurefni úr þangi og þara.	10 (2)“

2) Í stað tölunnar fyrir hámarksgildi fyrir kalkkennda sjávarþörunga í 3. línu í I. þætti, flúor, í dálkinum „Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald“ kemur „1 250“.

3) Í stað 4. línu, blý, í I. þætti kemur eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„4. Blý (12)	Fóðurefni	10
	að undanskildu: — fóðurjurtum (3),	30
	— fosfötum, kalkkenndum sjávarþörungum og kalkríkum sjávarskeljum,	15
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati (10),	20
	— geri.	5
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópi efnasambanda snefilefna	100
	að undanskildu: — sinkoxíði,	400
	— manganoxíði, ferrókarbónati, kúpríkarbónati, kopar(I)oxíði.	200
	Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna	30
	að undanskildu: — klínoptílólíti úr gosmyndunum, natrólítfónólíti.	60
	Forblöndur (6)	200
	Fóðurbætir	10
	að undanskildu: — steinefnafóðri,	15
	— seinleystum samsetningum fóðurs til sérstakra næringarlegra nota þar sem styrkur snefilefna er meiri en hundraðfalt hærri en fastsett hámarksinnihald í heilfóðri.	60
	Heilfóður.	5“.

4) Í stað 5. línu, kvikasilfur, í I. þætti kemur eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„5. Kvikasilfur (4)	Fóðurefni	0,1
	að undanskildu: — fiskum, öðrum lagardýrum og afurðum úr þeim, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis,	0,5
	— fiskum, öðrum lagardýrum og afurðum úr þeim, sem eru ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr,	1,0 (13)

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
	— fiskum, öðrum lagardýrum og afurðum úr þeim sem niðursoðið, blautt fóðurefni sem er notað beint sem fóður fyrir hunda og ketti	0,3
	— kalsíumkarbónati, kalsíum- og magnesíumkarbónati ([10]).	0,3
	Fóðurblanda	0,1
	að undanskildu:	0,2
	— steinefnafóðri,	
	— fóðurblöndu fyrir fisk,	0,2
	— fóðurblöndu fyrir hunda, ketti, skrautfiska og loðdýr.	0,3“.

5) Í stað tölunnar fyrir hámarksgildi fyrir baðmullarfræ í 1. línu í III. þætti, óbundið gossýpól, í dálkinum „Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald“ kemur „6 000“.

6) Í stað fjórðu færslu, að því er varðar fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumalöt og klínoptílólít sem er upprunnið úr seti sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna, í 1. línu í V. þætti, díoxín, í dálkinum „Afurðir sem ætlaðar eru í fóður“, kemur eftirfarandi:

„Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna (*).

(*) Hámarksgildið gildir einnig um fóðuraukefnin sem tilheyra virku hópunum „efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda“ og „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“ sem tilheyra einnig virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.“

7) Í stað fjórðu færslu, að því er varðar fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumalöt og klínoptílólít sem er upprunnið úr seti sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna, í 2. línu í V. þætti, summa díoxína og díoxínlíkra PCB-efna, í dálkinum „Afurðir sem ætlaðar eru í fóður“, kemur eftirfarandi:

„Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna (*).

(*) Hámarksgildið gildir einnig um fóðuraukefnin sem tilheyra virku hópunum „efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda“ og „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“ sem tilheyra einnig virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.“

8) Í stað fjórðu færslu, að því er varðar fóðuraukefnin kaólínleir, vermikúlít, natrólítfónólít, tilbúin kalsíumalöt og klínoptílólít sem er upprunnið úr seti sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna, í 3. línu í V. þætti, ódíoxínlík PCB-efni, í dálkinum „Afurðir sem ætlaðar eru í fóður“, kemur eftirfarandi:

„Fóðuraukefni sem tilheyra virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna (*).

(*) Hámarksgildið gildir einnig um fóðuraukefnin sem tilheyra virku hópunum „efni til að hamla mengun af völdum geislavirkra kjarnategunda“ og „efni til að draga úr mengun í fóðri af völdum sveppaeiturs“ sem tilheyra einnig virkum hópum bindi- og kekkjavarnarefna.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1947 **2020/EES/50/02**

frá 22. nóvember 2019

um leyfi fyrir kassíugúmmíi sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Kassíugúmmí var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda ([3]). Aukefnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru fjórar umsóknir lagðar fram um endurmat á kassíugúmmíi sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda. Umsækjendurnir óskuðu eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“ og virka hópinn „hleypiefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Í kjölfarið voru þrjár þessara umsókna dregnar til baka af viðkomandi umsækjendum um leyfi.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst í álitum sínum frá 29. október 2014 ([4]), 25. janúar 2017 ([5]) og 27. nóvember 2018 ([6]) að þeirri niðurstöðu að eingöngu hreinsað (ísóprópanólútdráttur), hálfskírt kassíugúmmí, sem uppfyllir nákvæmu skilgreiningarnar fyrir kassíugúmmí sem matvælaaukefni ([7]) (< 0,5 mg antrakínón/kg), hafi engin skaðleg áhrif á heilbrigði dýra við hámarksinnihald sem nemur 13 200 mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist húð- og öndunarfæranæmir og sé hugsanlega ertandi fyrir húð og augu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Hún komst auk þess að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að útiloka stökkbreytandi hrif hálfskírðs kassíugúmmís, eins og lýst er í umsókninni, sem þegar fæst á markaði. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að kassíugúmmí geti hugsanlega verið áhrifaríkt sem hleypiefni ef það er notað ásamt karragenani í fóður með yfir 20% rakainnihald. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 26.11.2019, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.)

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/55/EBE frá 25. júní 1993 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 206, 18.8.1993, bls. 11).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2014) 12(11), 3899, 3900, 3901 og 3902.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2017) 15(2), 4709 og 4710.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5528.

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

5) Mat á kassíugúmmíi sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt, að því tilskildu að nákvæmu skilgreiningarnar sem fóðuraukefni séu uppfylltar. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Því ætti að taka kassíugúmmí sem fyrirliggjandi vöru, sem er ekki í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar sem fóðuraukefni, af markaði sem og fóður sem inniheldur það. Til hagræðingar ætti þó að gera ráð fyrir takmörkuðu tímabili til að taka fyrirliggjandi birgðir af aukefninu og fóðri sem inniheldur það af markaði til að gera rekstraraðilum kleift að búa sig undir að uppfylla nýju kröfurnar sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Aukefnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „hleypiefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fóðuraukefnið kassíugúmmí, sem hefur verið framleitt og merkt fyrir 16. desember 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 16. desember 2019, má áfram setja á markað og nota til 16. mars 2020.

2. Forblöndur sem innihalda fóðuraukefnið, sem um getur í 1. mgr., og eru framleiddar og merktar fyrir 16. mars 2020 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. desember 2019 má áfram setja á markað og nota til 16. júní 2020.

3. Fóðurblöndur og fóðurefni sem innihalda fóðuraukefnið, sem er tilgreint í 1. mgr., eða forblöndur, sem um getur í 2. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 16. júní 2020 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 16. desember 2019 má áfram setja á markað og nota til 16. desember 2020.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Aukefnaflokkur: tæknileg aukefni. Virkur hópur: hleypiefni								
1f499	Kassíugúmmí	*Samsetning aukefnis:* Blanda af hreinsaðri fræhvítu úr *Cassia tora* og *Cassia obtusifolia (Leguminosae)* sem inniheldur minna en 0,05% af *Cassia occidentalis*. Antrakínón (samtals) < 0,5 mg/kg Duftform *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Aðallega 1,4-β-D-mannópýranósaeiningar sem tengdar eru með 1,6-α-D-galaktópýranósaeiningum. Hlutfall mannósa á móti galaktósa er 5:1. Galaktómannön > 75% *Greiningaraðferð* (1): Til að ákvarða kassíugúmmí í fóðuraukefninu: Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna og sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, greinargerð nr. 10 (2), eins og um getur í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/67/ESB (3).	Hundar Kettir	-	-	13 200	1. Aukefnið skal eingöngu nota í heilfóður með meira en 20% rakainnihald ásamt karragenani (sem samsvarar a.m.k. 25% af magni kassíugúmmís sem er notað). 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu sem hlýst af notkuninni. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. húðvörn, augnvörn og öndunarvörn.	16.12.2029

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar fyrir fóðuraukefni: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

(2) Sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum, „Kassíugúmmí“, greinargerð nr. 10 (2010), http://www.fao.org/fileadmin/user_upload/jecfa_additives/docs/monograph10/additive-513-m10.pdf

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/67/ESB frá 20. október 2010 um breytingu á tilskipun 2008/84/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni (Stjtíð. ESB L 277, 21.10.2010, bls. 17).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1964 **2020/EES/50/03**

frá 26. nóvember 2019

um leyfi fyrir fljótandi L-lýsínbasa, fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE ([2]).

2) Óblandað fljótandi L-lýsín (basi), óblandað fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríð, tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð og L-lýsínsúlfat, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum*, voru leyfð án tímamarka samkvæmt tilskipun 82/471/EBE með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/485/EBE ([3]). Þessi fóðuraukefni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, voru lagðar fram umsóknir um endurmat á óblönduðu fljótandi L-lýsíni (basa), óblönduðu fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum*, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Einnig voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir óblönduðu fljótandi L-lýsíni (basa), óblönduðu fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati fyrir allar dýrategundir í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.

4) Umsóknirnar varða leyfi fyrir óblönduðu fljótandi L-lýsíni (basa), óblönduðu fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, í aukefnaflokknum „næringaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/485/EBE frá 26. júlí 1988 um breytingu á viðauka við tilskipun ráðsins 82/471/EBE um ákveðnar afurðir í dýrafæðu (Stjtíð. EB L 239, 30.8.1988, bls. 36).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 11. september 2013 ([4]), 28. október 2014 ([5]), 10. mars 2015 ([6]), 16. júní 2015 ([7]), 2. desember 2015 ([8]), 19. apríl 2016 ([9]), 28. nóvember 2018 ([10]), ([11]) og 3. apríl 2019 ([12]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi óblandað fljótandi L-lýsín (basi), sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM BP-10941, *Escherichia coli* FERM BP-11355, *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11117P, *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50547, *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50775 og *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10227, óblandað fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM BP-10941 og *Escherichia coli* FERM BP-11355, tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð, sem er framleitt með *Escherichia coli* FERM BP-10941, *Escherichia coli* FERM BP-11355, *Escherichia coli* CGMCC 3705, *Escherichia coli* CGMCC 7.57, *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50547, *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50775, *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11117P og *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10227 og L-lýsínsúlfat, sem er framleitt með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10227 og *Corynebacterium glutamicum* DSM 24990 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða umhverfið. Öryggi aukefnanna sem eru framleidd með erfðabreyttum örverum, einkum með *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50547, er háð því skilyrði að framleiðsluferlið sé framkvæmt þannig að tryggt sé að ekki finnist raðbrigða-DNA úr framleiðslustofninum í fullunnu vörinni. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig fram að líta ætti á formin fjögur af L-lýsíni sem hættuleg fyrir notendur aukefnanna, einkum við innöndun. Einnig ætti að líta svo á að sum form séu vægt ertandi fyrir augu eða ætandi fyrir húð og augu. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnanna. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnin séu áhrifaríkur gjafi amínósýrunnar L-lýsíns fyrir allar dýrategundir og til að aukefnin séu jafn áhrifarík fyrir jórturdýr og dýr sem ekki eru jórturdýr ætti að verja þau gegn niðurbroti í vömbinni. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri og vatni sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Breyta ætti heitunum „óblandað fljótandi L-lýsín (basi)“ og „óblandað fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríð“ í „fljótandi L-lýsínbasi“ og „ fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríð“, þar eð lágmarksinnihald L-lýsíns í þeim aukefnum er eingöngu 50% annars vegar og 22% hins vegar.

7) Mat á óblönduðu fljótandi L-lýsíni (basa), óblönduðu fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* spp eða *Escherichia coli* spp, eins og nefnt er í 5. forsendu, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

8) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir óblönduðu fljótandi L-lýsíni (basa), óblönduðu fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríði, tæknilega hreinu L-lýsínmónóhýdróklóríði og L-lýsínsúlfati, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum*, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(10), 3365.
([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(11), 3895.
([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(3), 4052.
([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4156.
([8]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(3), 4346.
([9]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(5), 4471.
([10]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5532.
([11]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(1), 5537.
([12]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5697.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Setja má óblandað fljótandi L-lýsín (basi), óblandað fljótandi L-lýsínmónóhýdróklóríð, tæknilega hreint L-lýsínmónóhýdróklóríð og L-lýsínsúlfat, sem eru framleidd með gerjun með *Corynebacterium glutamicum*, sem er leyft með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/485/EBE, og forblöndur sem innihalda þau á markað fram til 18. júní 2020, í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 18. desember 2019, og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 18. desember 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 18. desember 2019, má setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 18. desember 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 18. desember 2019, má setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: amínósýrur, sölt þeirra og hliðstæð efni									
3c320	-	Fljótandi L-lýsínbasi	*Samsetning aukefnis:* Vatnslausn með L-lýsíni með að lágmarki 50% L-lýsín. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* L-lýsín sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* FERM BP-10941 eða *Escherichia coli* FERM BP-11355 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11117P eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50547 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50775 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10227. Efnaformúla: NH_2-$(CH_2)_4$-CH(NH_2)-COOH CAS-númer: 56-87-1 *Greiningaraðferðir* ([1]): Til að magnákvarða lýsín í fóðuraukefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) — EN ISO 17180.	Allar tegundir	-	-	-	1. Tilgreina skal lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má fljótandi L-lýsínbasa á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulags-ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun og áhættu fyrir húð og augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunar-, húð- og augnvörn. 4. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 5. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	18.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka). Til að magnákvarða lýsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS).						
3c321	-	Fljótandi L-lýsínmónó-hýdróklóríð	*Samsetning aukefnis:* Vatnslausn með L-lýsínmón-óhýdróklóríði með að lágmarki 22% L-lýsín og 66% hámarksrakainnihald (að lágmarki 58% L-lýsín í þurrefninu). *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* L-lýsínmónóhýdróklóríð sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* FERM BP-10941 eða *Escherichia coli* FERM BP-11355. Efnaformúla: NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH CAS-númer: 657-27-2 *Greiningaraðferðir* ([1]):	Allar tegundir	-	-	-	1. Tilgreina skal lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má fljótandi L-lýsínmónó-hýdróklóríð á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefn-isins og forblandna skulu stjórn-endur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöf-unum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun og áhættu fyrir augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunar- og augnvörn.	18.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða L-lýsínmónó-hýdróklóríð í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-lysine monohydrochloride monograph“ Til að magnákvarða lýsín í fóðurau-kefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) — EN ISO 17180. Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmda-stjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka).					4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsyn-legra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
3c322		Tæknilega hreint L-lýsínmónó-hýdróklóríð	*Samsetning aukefnis:* Duft með L-lýsínmónóhýdróklóríði með að lágmarki 78% L-lýsín og 1,5% hámarksrakainnihald. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* L-lýsínmónóhýdróklóríð sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* FERM BP-10941 eða *Escherichia coli* FERM BP-11355 eða *Escherichia coli* CGMCC 3705 eða *Escherichia coli* CGMCC 7.57 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50547 eða *Corynebacterium glutamicum* NRRL B-50775 eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 11117P eða *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10227. Efnaformúla: NH_2-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-COOH CAS-númer: 657-27-2 *Greiningaraðferðir* (1): Til að magnákvarða L-lýsínmónó-hýdróklóríð í fóðuraukefninu: — Food Chemical Codex „L-lysine monohydrochloride monograph“ Til að magnákvarða lýsín í fóðurau-kefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) — EN ISO 17180.	Allar tegundir	-	-	-	1. Tilgreina skal lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má tæknilega hreint L-lýsín-mónóhýdróklóríð á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Innihald inneiturs í aukefninu og tilhneiging þess til rykmyndunar skal tryggja hámarksváhrif frá inneitri sem nemur 1 600 IU af inneitri/m^3 andrúmslofts (2). 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklags-reglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn. 5. Aukefnið má einnig nota í drykkjarvatn. 6. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við, einkum með því að setja það í drykkjarvatn, ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsynlegra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	18.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS), reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (F-hluti III. viðauka). Til að magnákvarða lýsín í vatni: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) eða — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS).						
3c324		L-lýsínsúlfat	*Samsetning aukefnis:* Kornótt með a.m.k. 52% L-lýsíninnihald og að hámarki 24% súlfatinnihald. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* L-lýsínsúlfat sem er framleitt með gerjun með *Corynebacterium glutamicum* KCCM 10227 eða *Corynebacterium glutamicum* DSM 24990. Efnaformúla: $C_{12}H_{28}N_4O_4 \cdot H_2SO_4$/[$NH_2$-$(CH_2)_4$-$CH(NH_2)$-$COOH]_2SO_4$ CAS-númer: 60343-69-3 *Greiningaraðferðir* (1): Til að magnákvarða lýsín í fóðuraukefninu og forblöndum sem innihalda meira en 10% lýsín:	Allar tegundir	-	-	10 000	1. Tilgreina skal L-lýsíninnihald á merkimiðum fyrir aukefnið. 2. Setja má L-lýsínsúlfat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn.	18.12.2029

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			— jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-VIS/FLD) – EN ISO 17180. Til að sanngreina súlfat í fóðurau-kefninu: — Evrópska lyfjaskráin, lýsing efnis 20301 Til að magnákvarða lýsín í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefnum: — jónagreining með afleiðumyndun eftir súlu og ljósmæligreiningu (IEC-UV) – reglugerð fram-kvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009.					4. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á merkimiðum fyrir aukefnið og forblöndurnar: „Þegar L-lýsíni er bætt við ætti að taka tillit til allra lífsnauðsynlegra og hálfnauðsyn-legra amínósýra til að forðast ójafnvægi.“	

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

([2]) Váhrif eru reiknuð út á grundvelli inneitursinnihalds og tilhneigingar aukefnisins til rykmyndunar samkvæmt aðferðinni sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu notar (*Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5458), greiningaraðferð: Evrópska lyfjaskráin 2.6.14 (bakteríuinneitur).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1965 **2020/EES/50/04**

frá 26. nóvember 2019

um leyfi fyrir natríummólýbdatdíhýdrati sem fóðuraukefni fyrir sauðfé (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ([2]).

2) Natríummólýbdat var leyft án tímamarka sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Efnið var síðan fært inn í skrána yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á natríummólýbdatdíhýdrati sem fóðuraukefni fyrir sauðfé.

4) Umsækjandinn óskaði eftir að natríummólýbdatdíhýdrat yrði sett í aukefnaflokkinn „næringaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 23. janúar 2019 ([3]) að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi natríummólýbdatdíhýdrat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða á umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið teljist húð- og augnertandi. Því telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna, einkum að því er varðar notendur aukefnisins. Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að viðbót mólýbdens í fóður fyrir sauðfé með natríummólýbdatdíhýdrati teljist áhrifaríkt til að tryggja nægilegt jafnvægi með kopar ef hlutfall kopars og mólýbdens í fæðunni er á bilinu 3–10. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslurnar um aðferð til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á natríummólýbdatdíhýdrati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

7) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efninu natríummólýbdatdíhýdrati af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 28.11.2019, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(2), 5606.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem fóðuraukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Natríummólýbdatdíhýdrat og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 18. júní 2020 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 18. desember 2019, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda natríummólýbdatdíhýdrat, sem eru framleidd og merkt fyrir 18. desember 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 18. desember 2019, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda natríummólýbdatdíhýdrat, sem eru framleidd og merkt fyrir 18. desember 2021 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 18. desember 2019, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámark-sinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Mo) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b701	-	Natríummólýbdat-díhýdrat	*Samsetning aukefnis:* Natríummólýbdatdíhýdrat, sem duft, með a.m.k. 37% mólýbdeninnihaldi. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Efnaformúla: $Na_2MoO_4 . 2 H_2O$ CAS-númer: 10102-40-6 *Greiningaraðferðir* (1): Til að magnákvarða heildarinnihald mólýbdens í fóðurauka-efninu, forblöndum, fóðurefnum og fóðurblöndum: — EN 15510: Rafgasgeislun-argreining (ICP-AES) Til að magnákvarða heildar-innihald natríums í fóðurauka-efninu: — EN 15510: Rafgasgeislun-argreining (ICP-AES) eða — EN ISO 6869: Frum-eindagleypnimæling (AAS)	Sauðfé	-	-	2,5 (samtals)	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og við-eigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 3. Á merkimiða aukefnisins og forblandna skal tilgreina eftir-farandi: „Viðbót mólýbdens í fóður fyrir sauðfé skal leiða til hlutfalls Cu:Mo í fæðu sem er á bilinu 3–10 til að tryggja viðeigandi jafnvægi með kopar.“	18.12.2029

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/eurl/feed-additives/evaluation-reports

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1561 **2020/EES/50/05**

frá 17. september 2019

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat í ræktuðum sveppum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og a-lið 1. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 eru fastsett hámarksgildi leifa fyrir klórmekvat.

2) Hámarksgildum leifa fyrir klórmekvat var nýlega breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 ([2]) í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Innan þessa ramma var fastsett bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir ræktaða sveppi, sem nemur 0,9 mg/kg, vegna vöktunargagna sem sýndu að leifar koma fyrir á ómeðhöndluðum ræktuðum sveppum í hærri styrk en sem nemur magngreiningarmörkum og slíkar leifar geta stafað af víxlmengun ræktaðra sveppa við hálm sem hefur verið meðhöndlaður með klórmekvati á lögmætan hátt.

3) Ræktendur ætisveppa lögðu nýleg vöktunargögn fyrir framkvæmdastjórnina, einkum um ostruvængi, sem sýna að leifar finnast í þessum afurðum í hærri styrk en sem nemur gildandi hámarksgildi leifa sem voru sett fyrir ræktaða sveppi. Þessar leifar stafa af víxlmengun ræktaðra sveppa við hálm sem hefur verið meðhöndlaður með klórmekvati á lögmætan hátt. Nokkur aðildarríki lögðu fram viðbótarvöktunargögn úr opinberu eftirliti, einkum með ostruvængjum, sem staðfesta þessar niðurstöður.

4) Þýskaland tók saman og mat umsókn um breytingu á gildandi hámarksgildum leifa í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og sendi matsskýrsluna til framkvæmdastjórnarinnar.

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði vísindalegri yfirlýsingu um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Hún sendi yfirlýsinguna til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði hana aðgengilega almenningi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 240, 18.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/693 frá 7. apríl 2017 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bítertanól, klórmekvat og tebúfenpýrað í eða á tilteknum afurðum (Stjtíð. ESB L 101, 13.4.2017, bls. 1).

([3]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: http://www.efsa.europa.eu:
„Statement on the dietary risk assessment for the proposed temporary maximum residue level for chlormequat in oyster mushrooms.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(5), 5707.

6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í vísindalegri yfirlýsingu sinni að breytingin, sem Þýskaland óskaði eftir að yrði gerð á hámarksgildi leifa, væri viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessa efnis vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

7) Í ljósi niðurstaðna Matvælaöryggisstofnunarinnar um áhættu fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir ostruvængi við gildi sem samsvarar 95. hundraðshlutamarki af öllum niðurstöðum úr sýnum en viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir aðra ræktaða sveppi. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar 13. apríl 2021.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka fellur dálkurinn fyrir klórmekvat brott.

2) Eftirfarandi dálki fyrir klórmekvat er bætt við í A-hluta III. viðauka:

„**Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)**

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Klórmekvat (summa klórmekvats og salta þess, gefin upp sem klórmekvatklóríð)
1)	2)	3)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**	
0110000	**Sítrusávextir**	0,01 (*)
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	**Trjáhnetur**	0,01 (*)
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókoshnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	**Kjarnaávextir**	
0130010	Epli	0,01 (*)
0130020	Perur	0,07 (+)
0130030	Kveði	0,01 (*)
0130040	Trjámispilsaldin	0,01 (*)
0130050	Dúnepli/japansplómur	0,01 (*)
0130990	Annað (2)	0,01 (*)

1)	2)	3)
0140000	**Steinaldin**	0,01 (*)
0140010	Apríkósur	
0140020	Kirsuber (sæt)	
0140030	Ferskjur	
0140040	Plómur	
0140990	Annað (2)	
0150000	**Ber og smá aldin**	
0151000	a) *Þrúgur*	0,05
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	
0152000	b) *Jarðarber*	0,01 (*)
0153000	c) *Klungurber*	0,01 (*)
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*	0,01 (*)
0154010	Bláber	
0154020	Trönuber	
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	
0154050	Rósaldin	
0154060	Mórber (svört og hvít)	
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin	
0154080	Ylliber	
0154990	Annað (2)	
0160000	**Ýmis aldin með**	0,01 (*)
0161000	a) *Ætu hýði*	
0161010	Döðlur	
0161020	Fíkjur	
0161030	Ólífur til átu	
0161040	Gullappelsínur	
0161050	Stjörnualdin	
0161060	Gallaldin	
0161070	Jövuplómur	
0161990	Annað (2)	
0162000	b) *Óætu hýði, lítil*	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörnuepli	

1)	2)	3)
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) *Óætu hýði, stór*	
0163010	Lárperur	
0163020	Bananar	
0163030	Mangó	
0163040	Papæjualdin	
0163050	Granatepli	
0163060	Morgunberkjur	
0163070	Gvövur	
0163080	Ananas	
0163090	Brauðaldin	
0163100	Dáraaldin	
0163110	Nónberkjur	
0163990	Annað (2)	
0200000	**NÝTT eða FRYST GRÆNMETI**	
0210000	**Rótar- og hnýðisgrænmeti**	0,01 (*)
0211000	a) *Kartöflur*	
0212000	b) *Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti*	
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarrætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) *Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum*	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	
0220000	**Laukar**	0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur	
0220020	Laukar	
0220030	Skalottlaukar	
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	
0220990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0230000	**Aldingrænmeti**	0,01 (*)
0231000	a) *Náttskuggaætt og stokkrósaætt*	
0231010	Tómatar	
0231020	Paprikur	
0231030	Eggaldin	
0231040	Okrur	
0231990	Annað (2)	
0232000	b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði*	
0232010	Gúrkur	
0232020	Smágúrkur	
0232030	Dvergbítar	
0232990	Annað (2)	
0233000	c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði*	
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	d) *Sykurmaís*	
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	0,01 (*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*	
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	
0242000	b) *Kálhöfuð*	
0242010	Rósakál	
0242020	Höfuðkál	
0242990	Annað (2)	
0243000	c) *Blaðkál*	
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað (2)	
0244000	d) *Hnúðkál*	
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**	0,01 (*)
0251000	a) *Salat og salatplöntur*	
0251010	Vorsalat/strábrúða	
0251020	Salat	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	

1)	2)	3)
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	
0251050	Vetrarkarsi	
0251060	Klettasalat	
0251070	Sinnepskál	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni Brassica)	
0251990	Annað (2)	
0252000	b) *Spínat og áþekk blöð*	
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað (2)	
0253000	c) *Vínviðarlauf og áþekkar tegundir*	
0254000	d) *Brunnperla*	
0255000	e) *Jólasalat/salatfíflar*	
0256000	f) *Kryddjurtir og æt blóm*	
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af selleríi	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	**Belgávextir**	0,01 (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	
0260050	Linsubaunir	
0260990	Annað (2)	
0270000	**Stöngulgrænmeti**	0,01 (*)
0270010	Sperglar	
0270020	Salatþistlar	
0270030	Sellerí	
0270040	Hnúðfennikur	
0270050	Ætiþistlar	
0270060	Blaðlaukar	
0270070	Rabarbarar	
0270080	Bambussprotar	
0270090	Pálmakjarnar	
0270990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0280000	**Sveppir, mosar og fléttur**	
0280010	Ræktaðir sveppir	0,9 (+)
0280020	Villtir sveppir	0,01 (*)
0280990	Mosar og fléttur	0,01 (*)
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	0,01 (*)
0300000	**BELGÁVEXTIR**	0,01 (*)
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað (2)	
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	
0401000	**Olíufræ**	
0401010	Hörfræ	0,01 (*)
0401020	Jarðhnetur	0,01 (*)
0401030	Valmúafræ	0,01 (*)
0401040	Sesamfræ	0,01 (*)
0401050	Sólblómafræ	0,01 (*)
0401060	Repjufræ	7 (+)
0401070	Sojabaunir	0,01 (*)
0401080	Mustarðsfræ	0,01 (*)
0401090	Baðmullarfræ	0,7
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)
0401110	Litunarþistilsfræ	0,01 (*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,01 (*)
0401130	Akurdoðrufræ	0,01 (*)
0401140	Hampfræ	0,01 (*)
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)
0401990	Annað (2)	0,01 (*)
0402000	**Olíurík aldin**	0,01 (*)
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu	
0402020	Olíupálmakjarnar	
0402030	Olíupálmaaldin	
0402040	Dúnviðaraldin	
0402990	Annað (2)	
0500000	**KORNTEGUNDIR**	
0500010	Bygg	3
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	0,01 (*)
0500030	Maís	0,01 (*)
0500040	Hirsi	0,01 (*)
0500050	Hafrar	15
0500060	Hrísgrjón	0,01 (*)
0500070	Rúgur	8

1)	2)	3)
0500080	Dúrra	0,01 (*)
0500090	Hveiti	7
0500990	Annað (2)	0,01 (*)
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	0,05 (*)
0610000	**Te**	
0620000	**Kaffibaunir**	
0630000	**Jurtate úr**	
0631000	a) *Blómum*	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalauf	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) *Rótum*	
0633010	Garðabrúða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*	
0640000	**Kakóbaunir**	
0650000	**Jóhannesarbrauð**	
0700000	**HUMLAR**	0,05 (*)
0800000	**KRYDD**	
0810000	**Krydd úr fræjum**	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0820000	**Aldinkrydd**	0,05 (*)
0820010	Allrahanda	
0820020	Kínapipar	
0820030	Kúmen	
0820040	Kardimommur	
0820050	Einiber	
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)	
0820070	Vanilla	
0820080	Tamarind	
0820990	Annað (2)	
0830000	**Barkarkrydd**	0,05 (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**	
0840010	Lakkrís	0,05 (*)
0840020	Engifer (10)	0,05 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)
0840040	Piparrót (11)	
0840990	Annað (2)	0,05 (*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	0,05 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	**Frævukrydd**	0,05 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	**Frækápukrydd**	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	0,01 (*)
0900010	Sykurrófurætur	
0900020	Sykurreyr	
0900030	Kaffifífilsrætur	
0900990	Annað (2)	
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**	
1010000	**Vörur úr**	
1011000	a) *Svínum*	
1011010	Vöðvi	0,3
1011020	Fita	0,15
1011030	Lifur	1,5

1)	2)	3)
1011040	Nýru	1,5
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1,5
1011990	Annað (2)	0,01 (*)
1012000	b) *Nautgripum*	
1012010	Vöðvi	0,3
1012020	Fita	0,15
1012030	Lifur	1,5
1012040	Nýru	1,5
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1,5
1012990	Annað (2)	0,01 (*)
1013000	c) *Sauðfé*	
1013010	Vöðvi	0,3
1013020	Fita	0,15
1013030	Lifur	1,5
1013040	Nýru	1,5
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1,5
1013990	Annað (2)	0,01 (*)
1014000	d) *Geitum*	
1014010	Vöðvi	0,3
1014020	Fita	0,15
1014030	Lifur	1,5
1014040	Nýru	1,5
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1,5
1014990	Annað (2)	0,01 (*)
1015000	e) *Hestum*	
1015010	Vöðvi	0,3
1015020	Fita	0,15
1015030	Lifur	1,5
1015040	Nýru	1,5
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1,5
1015990	Annað (2)	0,01 (*)
1016000	f) *Alifuglum*	
1016010	Vöðvi	0,05
1016020	Fita	0,05
1016030	Lifur	0,15
1016040	Nýru	0,15
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,15
1016990	Annað (2)	0,01 (*)
1017000	g) *Öðrum öldum landdýrum*	
1017010	Vöðvi	0,3
1017020	Fita	0,15
1017030	Lifur	1,5

1)	2)	3)
1017040	Nýru	1,5
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1,5
1017990	Annað (2)	0,01 (*)
1020000	**Mjólk**	0,5
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað (2)	
1030000	**Fuglsegg**	0,15
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)**	0,05 (*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	0,01 (*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	0,01 (*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	0,3
1100000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)**	
1200000	**AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)**	
1300000	**UNNIN MATVÆLI (9)**	

(*) Greiningarmörk

([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Klórmekvat (summa klórmekvats og salta þess, gefin upp sem klórmekvatklóríð)

(+) Nýleg vöktunargögn sýna að gildi klórmekvats í perum fara lækkandi en eru þó enn yfir magngreiningarmörkum vegna fyrri notkunar. Því er rétt að fastsetja bráðabirgðahámarksgildi leifa við gildi sem nemur 0,07 mg/kg meðan beðið er eftir að frekari vöktunargögn verði lögð fram. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinganna ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 13. apríl 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0130020 Perur

(+) Eftirfarandi hámarksgildi leifa eiga við um ostruvængi: 6 mg/kg. Vöktunargögn sýna að vixlmengun ómeðhöndlaðra ræktaðra sveppa við hálm, sem hefur verið meðhöndlaður á lögmætan hátt með klórmekvati, getur átt sér stað. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinganna ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 13. apríl 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0280010 Ræktaðir sveppir

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um efnaskipti nytjaplantna. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 13. apríl 2019 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0401060 Repjufræ“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1582 **2020/EES/50/06**

frá 25. september 2019

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir imasalíl.

2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ([2]). Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir kartöflur, tómata, byggkorn, hafrakorn, rúgkorn og hveitikorn. Að því er varðar tilteknar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa.

3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar vantaði um tiltekin hámarksgildi leifa og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Frá sjónarmiði áhættustjórnunar þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi fyrir sítrusávexti, jarðarber, brómber, hindber, dvergbíta, melónur og vöðva, fituvef, lifur og nýru úr svínum, nautgripum og hestum, sem og mjólk úr nautgripum og hestum, þar eð takmarkaðar upplýsingar lágu fyrir um þessar afurðir og Matvælaöryggisstofnunin útleiddi hámarksgildi leifa sem gefa ekki tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Frá sjónarmiði áhættustjórnunar þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, fyrir kjarnaávexti, gallaldin, banana og paprikur þar eð engar upplýsingar lágu fyrir um þessar afurðir sem Matvælaöryggisstofnunin hefði getað leitt af hámarksgildi leifa sem gefa ekki tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd.

4) Matvælaöryggisstofnunin benti á að útleidd hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í greipaldinum, appelsínum, eplum, perum, banönum, kartöflum og lifur úr nautgripum, sem og CXL-hámarksgildið sem liggur til grundvallar hámarksgildum ESB fyrir trjámispilsaldin, geti gefið tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Að teknu tilliti til viðbótarupplýsinga sem liggja fyrir um greipaldin, appelsínur og kartöflur útleiddi hún önnur hámarksgildi leifa, sem gefa ekki tilefni til slíkra áhyggna, fyrir greipaldin, appelsínur, kartöflur og lifur úr nautgripum. Að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, trjámispilsaldin og banana benti Matvælaöryggisstofnunin á að áhættustjórnendur mættu íhuga að fastsetja þau við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 246, 26.9.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Review of the existing maximum residue levels for imazalil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(9), 4977.

5) Matvælaöryggisstofnunin lagði til endurskoðaðar skilgreiningar á leifum. Rétt þykir að skilgreiningum á leifum verði breytt til samræmis við það.

6) Óháð endurskoðun á hámarksgildum leifa, sem gerð var í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, var lögð fram umsókn, í samræmi við 6. gr. þeirrar reglugerðar, um breytingu á gildandi hámarksgildum leifa fyrir imasalíl í sítrusávöxtum, eplum, perum, banönum og kartöflum og í afurðum úr dýraríkinu.

7) Viðkomandi aðildarríki mat umsóknina í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslan var send framkvæmdastjórninni.

8) Í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á umsóknina og matsskýrsluna og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr og skilaði rökstuddu áliti sínu um tillögð hámarksgildi leifa ([3]). Hún sendi álitið til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.

9) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í rökstuddu áliti sínu, í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að ekki væri unnt að breyta hámarksgildum leifa fyrir fyrirhuguðu notkunina fyrr en áhættumati fyrir umbrotsefni plantna R014821, FK-772 og FK-284 væri lokið með tilliti til erfðaeiturhrifa og almennra eiturhrifa. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tilteknar upplýsingar, sem tilgreint var að vantaði við endurskoðun á hámarksgildum leifa sem gerð var í samræmi við 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar, hefðu verið lagðar fram með umsókninni í samræmi við 6. gr. þeirrar reglugerðar.

10) Vegna samþykktar á rökstuddu áliti skv. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 eftir að rökstutt álit skv. 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar var samþykkt og vegna þess að áhyggjuefnin varðandi eiturhrif, sem greind voru fyrir imasalílumbrotsefnin R014821, FK-772 og FK-284, eru þverlæg í eðli sínu fór framkvæmdastjórnin þess á leit að Matvælaöryggisstofnunin uppfærði rökstutt álit sitt um gildandi hámarksgildi leifa fyrir imasalíl í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

11) Matvælaöryggisstofnunin lagði fram rökstutt álit ([4]) þar sem endurskoðunin á gildandi hámarksgildum leifa fyrir imasalíl var uppfærð á grundvelli nýrra eiturefnafræðilegra upplýsinga.

12) Í því rökstudda áliti útleiddi Matvælaöryggisstofnunin sömu hámarksgildi leifa og í rökstuddu áliti sínu í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 nema fyrir sítrusávexti, melónur og vörur úr dýraríkinu. Hún lagði ekki til hámarksgildi leifa fyrir þessar vörur því ekki var unnt að ljúka mati á eiturefnafræðilegum eiginleikum umbrotsefnisins R014821.

13) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 705/2011 ([5]) var samþykkið fyrir imasalíli endurnýjað í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ([6]). Þó að Matvælaöryggisstofnunin hefði greint óvissuþætti varðandi eiturefnafræðilega eiginleika umbrotsefnisins R014821 ([7]) í áhættumati fyrir samþykki þeirrar reglugerðar voru skilyrðin fyrir samþykkinu ekki takmörkuð að þessu leyti á áhættustjórnunarstiginu. Í viðbótarupplýsingunum um eiturefnafræðilega eiginleika umbrotsefnisins R014821, sem voru lagðar fram með umsókninni í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, var ekki fjallað um þessa óvissu að öllu leyti en þær gáfu heldur ekki tilefni til frekari áhyggna. Frá sjónarmiði áhættustjórnunar þykir rökrétt og viðeigandi að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar vörur, sem Matvælaöryggisstofnunin útleiddi hámarksgildi leifa fyrir í rökstuddu áliti sínu í samræmi við 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 sem gefa ekki tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd, við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi.

14) Tekið var tillit til gildandi CXL-hámarksgilda í rökstuddum álitum Matvælaöryggisstofnunarinnar. Við fastsetningu hámarksgilda leifa var tekið tillit til CXL-hámarksgilda sem eru örugg fyrir neytendur í Sambandinu.

15) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvara er ekki heimiluð og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Modification of the existing MRLs for imazalil in various commodities“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(6), 5329.

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the updated review of the existing maximum residue levels for imazalil according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005 following new toxicological information.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(10), 5453.

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 705/2011 frá 20. júlí 2011 um samþykki fyrir virka efninu imasalíli, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 190, 21.7.2011, bls. 43).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([7]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance imazalil.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(3), 1526.

0233990	Annað (2)							
0234000	d) **Sykurmaís**							
0239000	e) **Annað aldingrænmeti**							
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0241000	a) **Blómstrandi kál**							
0241010	Spergilkál							
0241020	Blómkál							
0241990	Annað (2)							
0242000	b) **Kálhöfuð**							
0242010	Rósakál							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0242020	Höfuðkál							
0242990	Annað (2)							
0243000	c) **Blaðkál**							
0243010	Kínakál							
0243020	Grænkál							
0243990	Annað (2)							
0244000	d) **Hnúðkál**							
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**							
0251000	a) **Salat og salatplöntur**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða							
0251020	Salat							
0251030	Breiðblaða salatfíflar							
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar							
0251050	Vetrarkarsi							
0251060	Klettasalat							
0251070	Sinnepskál							
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*)							
0251990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0252000	b) **Spínat og áþekk blöð**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0252010	Spínat							
0252020	Súpugull							
0252030	Blaðbeðjur							
0252990	Annað (2)							
0253000	c) **Vínviðarlauf og áþekkar tegundir**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0254000	d) **Brunnperla**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0255000	e) **Jólasalat/salatfíflar**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0256000	f) **Kryddjurtir og æt blóm**	0,02 (*)		0,05 (*)	0,02 (*)	**0,02** (*)	**0,02** (*)	**0,02** (*)
0256010	Kerfill							
0256020	Graslaukur							
0256030	Blöð af selleríi							
0256040	Steinselja							
0256050	Salvía							
0256060	Rósmarín							
0256070	Garðablóðberg							
0256080	Basilíka og æt blóm							
0256090	Lárviðarlauf							
0256100	Fáfnisgras							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0256990	Annað (2)							
0260000	**Belgávextir**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)							
0260020	Baunir (án fræbelgs)							
0260030	Ertur (með fræbelg)							
0260040	Ertur (án fræbelgs)							
0260050	Linsubaunir							
0260990	Annað (2)							
0270000	**Stöngulgrænmeti**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0270010	Sperglar							
0270020	Salatþistlar							
0270030	Sellerí							
0270040	Hnúðfenníkur							
0270050	Ætiþistlar							
0270060	Blaðlaukar							
0270070	Rabarbarar							
0270080	Bambussprotar							
0270090	Pálmakjarnar							
0270990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0280000	**Sveppir, mosar og fléttur**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0280010	Ræktaðir sveppir							
0280020	Villtir sveppir							
0280990	Mosar og fléttur							
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0300000	**BELGÁVEXTIR**	0,01 (*)	0,005 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0300010	Baunir							
0300020	Linsubaunir							
0300030	Ertur							
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir							
0300990	Annað (2)							
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	**0,02** (*)	0,005 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0401000	**Olíufræ**							
0401010	Hörfræ							
0401020	Jarðhnetur							
0401030	Valmúafræ							
0401040	Sesamfræ							
0401050	Sólblómafræ							
0401060	Repjufræ							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0401070	Sojabaunir							
0401080	Mustarðsfræ							
0401090	Baðmullarfræ							
0401100	Risagraskersfræ							
0401110	Litunarþistilsfræ							
0401120	Hjólkrónufræ							
0401130	Akurdoðrufræ							
0401140	Hampfræ							
0401150	Kristpálmafræ							
0401990	Annað (2)							
0402000	**Olíurík aldin**							
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu							
0402020	Olíupálmakjarnar							
0402030	Olíupálmaaldin							
0402040	Dúnviðaraldin							
0402990	Annað (2)							
0500000	**KORNTEGUNDIR**	0,01 (*)	0,005 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)	**0,01** (*)	**0,01** (*)
0500010	Bygg							
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0500030	Maís							
0500040	Hirsi							
0500050	Hafrar							
0500060	Hrísgrjón							
0500070	Rúgur							
0500080	Dúrra							
0500090	Hveiti							
0500990	Annað (2)							
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0610000	**Te**							
0620000	**Kaffibaunir**							
0630000	**Jurtate úr**							
0631000	a) **Blómum**							
0631010	Gæsajurt							
0631020	Læknakólfur							
0631030	Rósir							
0631040	Jasmína							
0631050	Lindiblóm							
0631990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0632000	b) **Blöðum og kryddjurtum**							
0632010	Jarðarber							
0632020	Rauðrunnalauf							
0632030	Indíánaþyrnislauf							
0632990	Annað (2)							
0633000	c) **Rótum**							
0633010	Garðabrúða							
0633020	Ginseng							
0633990	Annað (2)							
0639000	d) **Öðrum plöntuhlutum**							
0640000	**Kakóbaunir**							
0650000	**Jóhannesarbrauð**							
0700000	**HUMLAR**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0800000	**KRYDD**							
0810000	**Krydd úr fræjum**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0810010	Anís/anísfræ							
0810020	Ilmfrú							
0810030	Sellerí							
0810040	Kóríander							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0810050	Kúmín							
0810060	Dill							
0810070	Fenníkur							
0810080	Grikkjasmári							
0810090	Múskat							
0810990	Annað (2)							
0820000	**Aldinkrydd**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0820010	Allrahanda							
0820020	Kínapipar							
0820030	Kúmen							
0820040	Kardimommur							
0820050	Einiber							
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)							
0820070	Vanilla							
0820080	Tamarind							
0820990	Annað (2)							
0830000	**Barkarkrydd**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0830010	Kanill							
0830990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**							
0840010	Lakkrís	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0840020	Engifer (10)	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0840040	Piparrót (11)							
0840990	Annað (2)	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0850010	Negull							
0850020	Kapers							
0850990	Annað (2)							
0860000	**Frævukrydd**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0860010	Saffran							
0860990	Annað (2)							
0870000	**Frækápukrydd**	0,05 (*)	0,005 (*)	0,1 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	**0,05** (*)
0870010	Múskatblóm							
0870990	Annað (2)							
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	0,01 (*)	0,005 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
0900010	Sykurrófurætur							
0900020	Sykurreyr							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
0900030	Kaffifífilsrætur							
0900990	Annað (2)							
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**		**0,005** (*)					
1010000	**Vörur úr**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
1011000	a) **Svínum**							
1011010	Vöðvi							
1011020	Fita							
1011030	Lifur							
1011040	Nýru							
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1011990	Annað (2)							
1012000	b) **Nautgripum**							
1012010	Vöðvi							
1012020	Fita							
1012030	Lifur							
1012040	Nýru							
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1012990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1013000	c) **Sauðfé**							
1013010	Vöðvi							
1013020	Fita							
1013030	Lifur							
1013040	Nýru							
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1013990	Annað (2)							
1014000	d) **Geitum**							
1014010	Vöðvi							
1014020	Fita							
1014030	Lifur							
1014040	Nýru							
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1014990	Annað (2)							
1015000	e) **Hestum**							
1015010	Vöðvi							
1015020	Fita							
1015030	Lifur							
1015040	Nýru							
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1015990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1016000	f) **Alifuglum**							
1016010	Vöðvi							
1016020	Fita							
1016030	Lifur							
1016040	Nýru							
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1016990	Annað (2)							
1017000	g) **Öðrum öldum landdýrum**							
1017010	Vöðvi							
1017020	Fita							
1017030	Lifur							
1017040	Nýru							
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)							
1017990	Annað (2)							
1020000	**Mjólk**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
1020010	Nautgripir							
1020020	Sauðfé							
1020030	Geitur							
1020040	Hestar							
1020990	Annað (2)							

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)
1030000	**Fuglsegg**	0,05 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
1030010	Hænsni							
1030020	Endur							
1030030	Gæsir							
1030040	Kornhænur							
1030990	Annað (2)							
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)**	0,05 (*)		0,05 (*)	0,05 (*)	0,05 (*)	**0,05** (*)	0,05 (*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	0,01 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)	**0,01** (*)	0,01 (*)	**0,01** (*)
1100000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)**							
1200000	**AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)**							
1300000	**UNNIN MATVÆLI (9)**							

(*) Greiningarmörk
(a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(F) = Fituleysanleg“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1495 2020/EES/50/09

frá 23. ágúst 2017

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 að því er varðar kampýlóbakter í skrokkum holdakjúklinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ([2]) er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla að því er varðar almennar og sértækar kröfur um hollustuhætti sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

2) Í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er m.a. mælt fyrir um viðmiðanir varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu þar sem sett eru fram leiðbeinandi gildi fyrir mengun og ef farið er yfir þau er gerð krafa um aðgerðir til úrbóta til að halda hollustuháttum við vinnsluna í samræmi við lög um matvæli.

3) Í yfirlitsskýrslu Evrópusambandsins um horfur og upptök sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, smitvalda sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og uppkomu matarborinna sjúkdóma árið 2015 (e. *The European Union summary report on trends and sources of zoonoses, zoonotic agents and food-borne outbreaks in 2015*) ([3]), sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og Sóttvarnastofnun Evrópu gáfu út, kemur fram að kampýlóbakterssýking í mönnum er sá matarborni sjúkdómur í mönnum sem oftast er tilkynnt um í Sambandinu og tilkynnt er um u.þ.b. 230 000 tilvik árlega.

4) Á árinu 2010 birti Matvælaöryggisstofnunin greiningu á grunnlínukönnun á algengi kampýlóbakters í framleiðslulotum og skrokkum holdakjúklinga ([4]). Grunnlínukönnunin var gerð í sláturhúsum á árinu 2008 til að fá samanburðarhæfar tölur um algengi og mengunarstig í holdakjúklingum í Sambandinu. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að meðaltal mengunar í skrokkum holdakjúklinga væri 75,8% og veruleg frávik milli aðildarríkja og sláturhúsa.

5) Samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar „*Scientific Opinion on the risk of human campylobacteriosis linked to broiler meat*“ (vísindalegt álit um áhættu á kampýlóbakterssýkingu í mönnum sem tengist holdakjúklingakjöti) ([5]), sem var birt á árinu 2010, er líklegt að 20–30% tilvika af kampýlóbakterssýkingu í mönnum stafi af meðhöndlun, tilreiðslu og neyslu á holdakjúklingakjöti en 50–80% megi rekja til kjúklinga sem smithýsla í heild sinni.

6) Í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar „*Scientific Opinion on control options for Campylobacter along the poultry meat production chain*“ (vísindalegt álit um möguleika til að verjast kampýlóbakter í framleiðsluferli alifuglakjöts), sem var birt á árinu 2011 ([6]), eru lagðar til fjölmargar varnaraðgerðir, bæði á bújörðum og í sláturhúsum, og áhrif þeirra á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 218, 24.8.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(12), 4634.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(03), 1503.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1437.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(4): 2105.

fækkun tilvika í mönnum metin, þ.m.t. innleiðing viðmiðunar varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem á við um kampýlóbakter. Matvælaöryggisstofnunin áætlar að hægt væri að draga úr áhættu fyrir lýðheilsu vegna neyslu á holdakjúklingakjöti um meira en 50% ef skrokkarnir væru í samræmi við mörk sem nema 1 000 cfu/g og undirstrikar að verulegur mismunur á mengunarstigi sé fyrir hendi milli sýna úr húð á hálsi og úr húð á bringu.

7) Á árinu 2012 birti Matvælaöryggisstofnunin einnig álit „*Scientific Opinion on the public health hazards to be covered by inspection of poultry meat*“ (álit um lýðheilsuhættur sem skoðun á alifuglakjöti á að ná yfir) þar sem tilgreint er að kampýlóbakter skipti miklu máli fyrir lýðheilsu ([1]) og mælt með því að gildandi aðferðir við að skoða skrokka alifugla verði aðlagaðar til að bregðast við kampýlóbakter. Matvælaöryggisstofnunin leggur m.a. til að innleidd verði viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu fyrir kampýlóbakter á skrokkum holdakjúklinga.

8) Á grundvelli álita Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 2010 og 2011 lét framkvæmdastjórnin gera greiningu á kostnaði og ávinningi af því að fastsetja tilteknar varnarráðstafanir til að draga úr kampýlóbakter í holdakjúklingakjöti á mismunandi stigum í matvælaferlinu ([2]). Helsta niðurstaða þessarar greiningar á kostnaði og ávinningi er sú að setning viðmiðunar varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem á við um kampýlóbakter í skrokkum holdakjúklinga, myndi skapa besta jafnvægið á milli þess að draga úr kampýlóbakterssýkingum í mönnum, sem tengjast neyslu á alifuglakjöti, og efnahagslegra afleiðinga þess að beita þessari viðmiðun.

9) Viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem á við um kampýlóbakter í skrokkum holdakjúklinga, miðar að því að hafa stjórn á mengun skrokka í slátrunarferlinu. Til að tryggja nálgun sem nær yfir alla keðjuna, eins og mælt er með í áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar um möguleika til að verjast kampýlóbakter, ætti þar að auki einnig að íhuga varnarráðstafanir á bújörðum.

10) Það reynist ennþá vera áskorun að verjast kampýlóbakter því smit milli kynslóða virðist ekki vera mikilvægur áhættuþáttur og allt ræðst af því hversu áhrifaríkar ráðstafanir varðandi smitvarnir reynast vera við að halda holdakjúklingum lausum við kampýlóbakter. Því ætti að íhuga þrepaskipta aðferð til að gera viðmiðunina varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu strangari, stig af stigi, yfir lengri tíma. Til að viðhalda sama verndarstigi í aðildarríkjum þar sem slíkt verndarstig hefur þegar náðst er samt sem áður, í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2073/2005, kveðið á um nægilegan sveigjanleika til að beita strangari viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, svo fremi að þessi önnur viðmiðun veiti a.m.k. jafngildar ábyrgðir og tilvísunarviðmiðunin sem er fastsett í reglugerð (EB) nr. 2073/2005.

11) Til að draga úr rekstrarlegu álagi á stjórnendur matvælafyrirtækja ætti sýnatökuáætlun vegna viðmiðunar fyrir kampýlóbakter að fylgja sömu sýnatökunálgun og vegna viðmiðunar varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem á við um salmonellu í skrokkum alifugla. Af þeim sökum er hægt að nota sömu sýni úr húð á hálsi til greininga vegna kampýlóbakter og eru notuð til að prófa samræmi við viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem er fastsett fyrir salmonellu í skrokkum alifugla.

12) Alþjóðlegi staðallinn EN ISO 10272-2 er þverlæg aðferð til að ákvarða heildarfjölda kampýlóbakters í matvælum og fóðri. Því ætti að mæla fyrir um hann sem tilvísunaraðferð til að sannprófa að farið sé að viðmiðun varðandi kampýlóbakter í skrokkum alifugla

13) Rétt þykir að fresta deginum þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda til að gefa stjórnendum matvælafyrirtækja nægan tíma til að laga núverandi starfsvenjur sínar að nýju kröfunum og til að gera rannsóknarstofum, sem annast greiningar á kampýlóbakter, kleift að innleiða nýju prófunaraðferðirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2741.

([2]) https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/biosafety_food-borne-disease_campy_cost-bene-analy.pdf

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. ágúst 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum liðar 2.1 í 2. kafla er breytt sem hér segir:

a) Töflunni er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi lína 2.1.9 bætist við:

Matvælaflokkur	Örverur	Sýnatökuáætlun		Viðmiðunarmörk		Tilvísunargreiningaraðferð	Stig þar sem viðmiðunin gildir	Aðgerðir í tilvikum þar sem niðurstöður eru ófullnægjandi
		n	c	m	M			
„2.1.9 Skrokkar holdakjúklinga	*Campylobacter* spp.	50 (5)	c = 20 Frá 1.1.2020 c = 15 Frá 1.1.2025 c = 10	1 000 cfu/g		EN ISO 10272-2.	Skrokkar eftir kælingu	Umbætur í hollustuháttum við slátrun, endurskoðun eftirlits með ferlinu, með uppruna dýranna og með ráðstöfunum varðandi smitvarnir á upprunabújörðunum“

ii. Í stað 2. neðanmálsgreinar komi eftirfarandi:

„(2) Að því er varðar liði 2.1.3–2.1.5 og 2.1.9: m = M.“

b) Undir fyrirsögninni „Túlkun niðurstaðna úr prófunum“ bætist eftirfarandi texti við:

„*Campylobacter* spp. í skrokkum holdakjúklinga:

— fullnægjandi ef að hámarki c/n gildi eru > m,

— ófullnægjandi ef fleiri gildi en c/n gildi eru > m.“

2) Í stað liðar 3.2 í 3. kafla komi eftirfarandi:

„3.2. *Sýnataka, til bakteríufræðilegra greininga, í sláturhúsum og húsnæði þar sem framleitt er hakkað kjöt, unnar kjötvörur, vélúrbeinað kjöt og nýtt kjöt*

Reglur um töku sýna af skrokkum nautgripa, svína, sauðfjár, geita og hesta

Töku sýna með eyðileggingaraðferð og aðferð án eyðileggingar, vali á sýnatökustöðum og reglum um geymslu og flutning sýna sem skal nota er lýst í ISO-staðli 17604.

Velja skal af handahófi fimm skrokka til töku sýna í hverri sýnatökulotu. Velja skal sýnatökustaði með tilliti til þeirrar tækni til slátrunar sem notuð er í hverri stöð.

Þegar sýni eru tekin til að greina iðrabakteríur og ákvarða fjölda loftháðra þyrpinga skal taka sýni á fjórum stöðum á hverjum skrokki. Taka skal með eyðileggingaraðferðinni fjögur vefjasýni sem samtals eru 20 cm^2. Þegar aðferðin án eyðileggingar er notuð í þessum tilgangi skal sýnatökusvæðið ná yfir a.m.k. 100 cm^2 (50 cm^2 ef um er að ræða skrokka af smáum jórturdýrum) á hverjum sýnatökustað.

Þegar tekin eru sýni til að greina salmonellu skal nota aðferð þar sem sýni eru tekin með hrjúfum svampi (e. *abrasive sponge sampling method*). Velja skal svæði sem eru líklegust til að vera menguð. Sýnatökusvæðið í heild skal ná yfir a.m.k. 400 cm^2.

Þegar sýni eru tekin af mismunandi stöðum á skrokknum verður að hópa þau áður en rannsókn fer fram.

Reglur um töku sýna af alifuglaskrokkum og úr nýju alifuglakjöti

Í sláturhúsum skal taka sýni af heilum alifuglaskrokkum með húð á hálsi til greiningar á salmonellu og kampýlóbakter. Stykkjunar- og vinnslustöðvar, aðrar en þær sem eru aðliggjandi sláturhúsinu og stykkja og vinna einungis kjöt

frá því sláturhúsi, skulu einnig taka sýni til greiningar á salmonellu. Við þá greiningu skal lögð megináhersla á heila alifuglaskrokka með húð á hálsi, ef til er, en tryggja skal að einnig séu teknir til greiningar alifuglahlutar með húð og/eða alifuglahlutar án húðar eða aðeins með lítið magn af húð og valið skal byggt á áhættumati.

Í sláturhúsum skal sýnatökuáætlunin ná yfir alifuglaskrokka úr hópum sem óvíst er að hafi smitast af salmonellu eða sem vitað er að eru jákvæðir fyrir *Salmonella Enteritidis* eða *Salmonella Typhimurium*.

Þegar gerðar eru prófanir í sláturhúsum fyrir salmonellu og kampýlóbakter í alifuglaskrokkum gagnvart viðmiðunum um hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem settar eru fram í línu 2.1.5 og línu 2.1.9 í 2. kafla, og prófanir fyrir salmonellu og kampýlóbakter eru gerðar á sömu rannsóknarstofu skal taka sýni af handahófi úr húð á hálsi á a.m.k. 15 alifuglaskrokkum í hverri sýnatökulotu og eftir kælingu. Fyrir rannsókn skal hópa sýni úr húð af hálsi a.m.k. þriggja alifuglaskrokka úr sama upprunahópi í eitt 26 g sýni. Þannig mynda sýni úr húð af hálsi 5 × 26 g lokasýni (þörf er á 26 g til að gera greiningu fyrir salmonellu og kampýlóbakter í einu sýni samhliða). Eftir sýnatöku skulu sýnin geymd og flutt á rannsóknarstofuna við hitastig sem er ekki lægra en 1 °C og ekki hærra en 8 °C og færri en 48 klukkustundir skulu líða milli sýnatöku og prófunar fyrir kampýlóbakter til að tryggja að heilleiki sýnisins haldist. Ekki skal nota sýni sem hafa náð 0 °C hita til að sannprófa að farið sé að viðmiðun um kampýlóbakter. Nota skal 5 × 26 g sýnin til að sannprófa að farið sé að viðmiðunum varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem settar eru fram í línum 2.1.5 og 2.1.9 í 2. kafla, og matvælaöryggisviðmiðuninni sem sett er fram í línu 1.28 í 1. kafla. Til þess að útbúa upphaflegu sviflausnina á rannsóknarstofunni skal flytja 26 g prófunarskammtinn í nífalt magn hans (234 ml) af jöfnuðu peptónvatni. Jafnaða peptónvatnið skal hafa náð stofuhita fyrir íbætingu. Blandan skal meðhöndluð í eltimaga eða pulsifier-blandara í u.þ.b. eina mínútu. Komast skal hjá froðumyndun með því að fjarlægja eins og unnt er loftið úr eltimagapokanum. 10 ml (~ 1 g) af þessari upphaflegu sviflausn skal flutt í tómt, dauðhreinsað tilraunaglas og nota skal 1 ml af 10 ml til að ákvarða heildarfjölda kampýlóbakters á valvísum bökkum. Nota skal afganginn af upphaflegu sviflausninni (250 ml ~ 25 g) til að greina salmonellu.

Þegar gerðar eru prófanir í sláturhúsum fyrir salmonellu og kampýlóbakter í alifuglaskrokkum gagnvart viðmiðunum um hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem settar eru fram í línu 2.1.5 og línu 2.1.9 í 2. kafla, og prófanir fyrir salmonellu og kampýlóbakter eru gerðar á tveimur mismunandi rannsóknarstofum skal taka sýni af handahófi úr húð á hálsi á a.m.k. 20 alifuglaskrokkum í hverri sýnatökulotu og eftir kælingu. Fyrir rannsókn skal hópa sýni úr húð af hálsi a.m.k. fjögurra alifuglaskrokka úr sama upprunahópi í eitt 35 g sýni. Þannig mynda sýni úr húð af hálsi 5 × 35 g sýni sem er síðan skipt til að fá 5 × 25 g lokasýni (sem gerðar eru prófanir á fyrir salmonellu) og 5 × 10 g lokasýni (sem gerðar eru prófanir á m.t.t. kampýlóbakter). Eftir sýnatöku skulu sýnin geymd og flutt á rannsóknarstofuna við hitastig sem er ekki lægra en 1 °C og ekki hærra en 8 °C og færri en 48 klukkustundir skulu líða milli sýnatöku og prófunar fyrir kampýlóbakter til að tryggja að heilleiki sýnisins haldist. Ekki skal nota sýni sem hafa náð 0 °C hita til að sannprófa að farið sé að viðmiðun um kampýlóbakter. Nota skal 5 × 25 g sýnin til að sannprófa að farið sé að viðmiðunum varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu, sem settar eru fram í línu 2.1.5 í 2. kafla, og matvælaöryggisviðmiðuninni sem sett er fram í línu 1.28 í 1. kafla. Nota skal 5 × 10 g lokasýnin til að sannprófa að farið sé að viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem sett er fram í línu 2.1.9 í 2. kafla.

Þegar sýni eru tekin úr nýju alifuglakjöti, öðru en alifuglaskrokkum, til að greina salmonellu skal taka fimm sýni sem eru a.m.k. 25 g úr sömu framleiðslulotunni. Sýni, sem tekið er úr alifuglahlutum með húð, skal innihalda húð og þunna sneið af yfirborði vöðvans ef magn húðar nægir ekki í úrtakseiningu. Sýni, sem tekið er úr alifuglahlutum án húðar eða einungis með lítið magn af húð, skal innihalda þunna sneið eða sneiðar af yfirborði vöðva sem bætt er við þá húð sem er fyrir hendi til að úrtakseining verði nægilega stór. Kjötsneiðarnar skulu teknar þannig að eins mikið af yfirborði kjötsins og unnt er fylgi með.

Viðmiðunarreglur fyrir sýnatöku

Nákvæmari viðmiðunarreglur um töku sýna úr skrokkum, einkum að því er varðar sýnatökustaði, mega fylgja með leiðbeiningunum um góðar starfsvenjur sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

Tíðni sýnatöku að því er varðar skrokka, hakkað kjöt, unnar kjötvörur, vélúrbeinað kjöt og nýtt alifuglakjöt

Stjórnendur sláturhúsa eða vinnslustöðva, sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur, vélúrbeinað kjöt eða nýtt alifuglakjöt, skulu taka sýni til örverufræðilegra greininga a.m.k. einu sinni í viku. Breyta skal sýnatökudegi vikulega til að tryggja að tekin séu sýni alla daga vikunnar.

Heimilt er að draga úr sýnatökutíðni og framkvæma þær hálfsmánaðarlega, þegar um ræðir sýnatöku til greiningar á E. coli og ákvörðunar á fjölda loftháðra þyrpinga í hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum og sýnatöku úr skrokkum til greiningar á iðrabakteríum og ákvörðunar á fjölda loftháðra þyrpinga, ef fullnægjandi niðurstöður fást í sex vikur samfleytt.

Ef um er að ræða sýnatöku til að greina salmonellu í hökkuðu kjöti, unnum kjötvörum, skrokkum og nýju alifuglakjöti nægir að taka sýni hálfsmánaðarlega ef fullnægjandi niðurstöður hafa fengist í 30 vikur samfleytt. Einnig má fækka sýnatökum til að greina salmonellu ef við lýði er landsbundin eða svæðisbundin varnaráætlun og ef í umræddri áætlun er gert ráð fyrir prófunum sem koma í stað þeirrar sýnatöku sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein. Fækka má sýnatökum enn frekar ef landsbundna eða svæðisbundna varnaráætlunin gegn salmonellu leiðir í ljós að algengi salmonellu er lítið í þeim dýrum sem sláturhúsið kaupir.

Ef um er að ræða sýnatöku til að greina kampýlóbakter í alifuglaskrokkum nægir að taka sýni hálfsmánaðarlega ef fullnægjandi niðurstöður hafa fengist í 52 vikur samfleytt. Draga má úr tíðni sýnatöku m.t.t. kampýlóbakter, að fengnu leyfi frá lögbæru yfirvaldi, ef fyrir hendi er opinber eða opinberlega viðurkennd landsbundin eða svæðisbundin varnaráætlun gegn kampýlóbakter og ef þessi áætlun nær yfir sýnatöku og prófanir sem eru jafngildar þeirri sýnatöku og þeim prófunum sem krafist er til að sannprófa að farið sé að viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu sem sett er fram í línu 2.1.9 í 2. kafla. Ef lágt mengunargildi fyrir kampýlóbakter í hópum er fastsett í varnaráætluninni má fækka sýnatökum enn frekar ef þetta lága mengunargildi fyrir kampýlóbakter næst á 52 vikna tímabili á upprunabújörðum holdakjúklinga sem sláturhúsið kaupir. Ef varnaráætlunin sýnir fullnægjandi niðurstöður á tilteknu tímabili á árinu má einnig laga tíðni greininga fyrir kampýlóbakter að árstíðamun, að fengnu leyfi lögbærs yfirvalds.

Lítil sláturhús og vinnslustöðvar, sem framleiða hakkað kjöt, unnar kjötvörur og nýtt alifuglakjöt í litlu magni, verða þó undanþegin ákvæðunum um þessa sýnatökutíðni ef unnt er, á grundvelli áhættugreiningar, að færa rök fyrir því og lögbært yfirvald veitir í kjölfarið leyfi til þess.“

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/351 **2020/EES/50/10**

frá 28. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun sítrónusýru (E 330) í kakó- og súkkulaðivörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sítrónusýra (E 330) leyft matvælaaukefni í matvælaflokki 05.1 „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“ við hámarksgildi sem nemur 5 000 mg/kg.

4) Hinn 6. mars 2018 var lögð fram umsókn um breytingu á skilyrðunum fyrir notkun sítrónusýru (E 330) í matvælaflokki 05.1 „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“ sem felst í því að hækka hámarksgildið fyrir notkun í 10 000 mg/kg að því er varðar mjólkursúkkulaði. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Sítrónusýra (E 330), þegar hún er notuð sem bindiefni í kakómassa sem inniheldur mikið magn af pólýfenólum, lækkar sýrustig og hvarfast við hluta af pólýfenólunum, styrkir lit kakómassans og dregur fram dæmigerð bleik litbrigði ásamt súru berja- og ávaxtabragði. Bæði bleik litbrigði og súrt berja- og ávaxtabragð eru enn fyrir hendi í lokaafurðinni, þ.e. í súkkulaðinu. Umsóknin sýnir að núgildandi leyft hámarksgildi, sem nemur 5 000 mg/kg, er ekki nóg til að ná tilætluðu bleiku litbrigðunum og súra berja- og ávaxtabragðinu sem unnt er að ná með hámarksgildi sem nemur 10 000 mg/kg. Að því er varðar efnahvarfið milli sítrónusýru (E 330) og pólýfenóla er þörf á stöðugu hlutfalli sítrónusýru (E 330) miðað við kakómassa þannig að meira notkunarmagn af sítrónusýru (E 330) hefur í för með sér aukningu á heildarkakóþurrefni í lokaafurðinni. Þessi lokaafurð myndi því vera í samræmi við skilgreininguna á mjólkursúkkulaði eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 65, 4.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB frá 23. júní 2000 um kakó- og súkkulaðivörur til manneldis (Stjtíð. EB L 197, 3.8.2000, bls. 19).

6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

7) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á öryggi sítrónusýru (E 330) árið 1990 og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku sem „ekki tilgreind“ (4). Hugtakið „ekki tilgreint“ er notað þegar dagleg heildarinntaka viðkomandi efnis, á grundvelli fyrirliggjandi eiturefnafræðilegra, lífefnafræðilegra og klínískra gagna, sem er tilkomin vegna tilvistar þess frá náttúrunnar hendi og notkun þess sem stendur í matvæli í því magni sem nauðsynlegt er til að ná tilætluðum tæknilegum áhrifum, skapar ekki hættu fyrir heilbrigði.

8) Sítrónusýra (E 330) er matvælaaukefni sem er leyft í ýmis matvæli í samræmi við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Ekki er búist við því að hækkun á hámarksgildi hennar í 10 000 mg/kg fyrir mjólkursúkkulaði hafi veruleg áhrif á heildarváhrif.

9) Þar eð leyfi fyrir notkun á sítrónusýru (E 330) í mjólkursúkkulaði í magni sem nemur 10 000 mg/kg útheimtir uppfærslu á skrá Sambandsins, sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvæla-öryggisstofnunarinnar.

10) Því er rétt að leyfa notkun sítrónusýru (E 330) í mjólkursúkkulaði í magni sem nemur 10 000 mg/kg.

11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(4) Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1991, bls.13 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/sci-com_scf_reports_25.pdf).

VIÐAUKI

Á eftir færslunni fyrir E 330 í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er eftirfarandi nýrri færslu bætt við í matvælaflokki 05.1. „Kakó- og súkkulaðivörur sem falla undir tilskipun 2000/36/EB“:

	„E 330	Sítrónusýra	10 000		eingöngu mjólkursúkkulaði“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/355 **2020/EES/50/11**

frá 26. febrúar 2020

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476) í fljótandi jurtaolíuýrulausnir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) þegar leyft sem matvælaaukefni í matvælaflokki 02.2.2 „Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir“ (við hámarksgildið 4 000 mg/kg) en einungis fyrir smyrjanlega fitu, eins og skilgreint er í 115. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ([3]) og XV. viðauka við hana, með 41% fituinnihald eða minna og í svipaðar, smyrjanlegar afurðir með fituinnihald undir 10%. Reglugerð (EB) nr. 1234/2007 var síðar felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ([4]).

4) Hinn 27. maí 2017 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) sem ýruefni í í fljótandi jurtaolíuýrulausnir með 70% fituinnihald eða minna til sölu til lokaneytenda. Framkvæmdastjórnin gerði umsóknina síðan aðgengilega fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) er ýruefni af gerðinni vatn í olíu sem getur myndað mjög stöðugar olíuýrulausnir með miklu vatnsinnihaldi. Í rannsóknum, sem umsækjandinn annaðist, þar sem borin var saman skilvirkni mismunandi ýruefna til framleiðslu á fljótandi jurtaolíuýrulausnum með skertu fituinnihaldi gaf pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) bestu niðurstöðurnar, bæði með tilliti til eðliseiginleika sem og skynmatseiginleika afurðarinnar sem varð til. Hægt er að nota ýrulausnina á sama hátt og jurtaolíur við tilreiðslu kaldra og heitra rétta. Ýrulausnin hefur þó minna fituinnihald (70% eða minna) og þar af leiðandi færri hitaeiningar en jurtaolían sem er notuð til að framleiða hana. Notkunarmagn pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476), sem þurfti til að ná fyrirhuguðum tæknilegum tilgangi, var 4 000 mg/kg.

6) Hinn 24. mars 2017 skilaði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindalegu áliti um endurmat á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) ([5]) og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku sem nemur 25 mg af pólýglýserólpólýrísínóleati/kg líkamsþyngdar/dag. Að teknu tilliti til þess að útreikningar á váhrifum fóru ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476), sem matvælaaukefni, myndi ekki skapa öryggisvanda ef það er notað við leyfða eða tilkynnta notkun og notkunarmagn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) (Stjtíð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671).

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(3), 4743.

7) Í umsókninni mat umsækjandinn váhrifin með því að nota líkan fyrir inntöku matvælaaukefna ([6]) sem Matvælaöryggisstofnunin þróaði. Þau möt sem hafa verið lögð fram benda til þess að viðbótarnotkun pólýglýserólpólýrísínóleats (E 476) við hámarksgildið 4 000 mg/kg í fljótandi jurtaolíuýrulausnir með 70% fituinnihald eða minna sé ekki öryggisvandi þar eð hún myndi ekki leiða til þess að heildarváhrif af völdum þessa efnis færu yfir fastsetta ásættanlega, daglega inntöku.

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema uppfærslan, sem um er að ræða, sé ekki líkleg til að hafa áhrif á heilbrigði manna.

9) Þar eð rýmkuð notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) í matvælaflokki 02.2.2 skapar ekki öryggisvanda útheimtir hún uppfærslu á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna og því er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Því er rétt að leyfa notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) sem ýruefni í fljótandi jurtaolíuýrulausnir með 70% fituinnihald eða minna til sölu til lokaneytenda, í matvælaflokki 02.2.2 „Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir“.

11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([6]) https://www.efsa.europa.eu/en/applications/foodingredients/tools

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476), í matvælaflokki 02.2.2 „Aðrar ýrðar fitu- og olíulausnir, þ.m.t. smurálegg eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007, og fljótandi ýrulausnir“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, kemur eftirfarandi:

	„E 476	Pólýglýserólpólýrísínóleat	4000		einungis smyrjanleg fita, eins og hún er skilgreind í h-lið 1. mgr. 75. gr. og f-lið 1. mgr. 78. gr. og í VII. hluta og II. viðbæti við VII.s viðauka við reglugerð (EB) nr. 1308/2013 (*), með 41% fituinnihald eða minna og svipaðar smyrjanlegar afurðir með fituinnihald undir 10%; fljótandi jurtaolíuýrulausnir með 70% fituinnihald eða minna til sölu til lokaneytenda

(*) Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 67.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/356 **2020/EES/50/12**

frá 4. mars 2020

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýsorbata (E 432–436) í kolsýrðar drykkjarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 ([2]), annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er pólýoxýetýlensorbítantrísterat (pólýsorbat 65) (E 436) sem stendur leyft til notkunar sem matvælaaukefni í flokknum „pólýsorböt“ (E 432–436) í margs konar matvæli við hámarksgildi á bilinu 500 til 10 000 mg/kg og eftir þörfum í fæðubótarefni.

4) Hinn 4. júlí 2018 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýsorbati 65 (E 436) sem froðueyðir í nokkrar tegundir drykkjarvara. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

5) Af umsókninni leiðir að tillögð notkun pólýsorbats 65 (E 436) útheimtir hámarksinnihald sem nemur 10 mg/kg til að vinna gegn og hindra myndun froðu við framleiðslu á kolsýrðum drykkjarvörum með því að mynda lag í kringum loftbólur og gera stærri loftbólurnar stöðugar þannig að þær sameinist ekki og springi. Með umsókninni er sýnt fram á að nauðsynlegt sé að hindra myndun froðu til að framleiðslubúnaður virki á skilvirkan hátt, til að draga úr vörusóun, til að viðhalda öruggum vinnustað og til að halda aðstöðunni hreinni og í samræmi við hollustuhætti.

6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.

7) Matvælaöryggisstofnunin endurmat öryggi pólýsorbata (E 432–436), sem eru notuð sem matvælaaukefni, á árinu 2015 ([3]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að útreikningar á váhrifum fóru ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku, sem nemur 25 mg/kg líkamsþyngdar/dag, í nákvæmri sviðsmynd, sem tengist ekki vörumerkjatryggð, fyrir alla aldurshópa, bæði við meðalváhrif og mikil váhrif; að því er varðar smábörn var útreikningurinn fyrir mestu váhrifin þó mjög nálægt ásættanlegri, daglegri inntöku. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að þörf væri á frekari gögnum til að draga úr óvissu varðandi nákvæmu sviðsmyndina fyrir mat á váhrifum, sem var notuð, þar eð ekki höfðu borist upplýsingar um tilgreinda notkun fyrir þrjá matvælaflokka og að ekki hafi verið hægt að taka tillit til annarra upptaka fæðutengdra váhrifa frá pólýsorbötum í álitinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4152.

8) Í umsókninni mat umsækjandinn váhrif með því að nota líkan fyrir inntöku matvælaaukefna ([4]) sem Matvælaöryggisstofnunin þróaði. Þau möt sem voru lögð fram benda til þess að viðbótarváhrif vegna umbeðinnar rýmkunar á notkun séu óveruleg (undir 1% af ásættanlegri, daglegri inntöku).

9) Rýmkuð notkun á pólýsorbati 65 (E 436) við hámarksgildið 10 mg/kg í matvælaflokkum 14.1.4 „Bragðbættar drykkjarvörur“, 14.2.3 „Eplasítri og perusítri“, 14.2.4 „Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)“ og 14.2.8 „Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%“ í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 útheimtir uppfærslu á skrá Sambandsins sem ólíklegt er að hafi áhrif á heilbrigði manna þar eð áhrif hennar á heildarváhrif frá pólýsorbötum (E 432-436) eru óveruleg. Af þessum sökum er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

10) Í þágu samræmis er rétt að bregðast við umbeðinni notkun á pólýsorbati 65 (E 436) með því að leyfa flokkinn pólýsorböt (E 432–436) í viðeigandi matvælaflokkum.

11) Því er rétt að leyfa notkun pólýsorbata (E 432–436) við hámarksgildið 10 mg/kg í matvælaflokkum 14.1.4 „Bragðbættar drykkjarvörur“, 14.2.3 „Eplasítri og perusítri“, 14.2.4 „Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)“ og 14.2.8 „Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%“.

12) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) http://www.efsa.europa.eu/en/applications/foodingredients/tools

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í matvælaflokki 14.1.4 „Bragðbættar drykkjarvörur“ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við fyrir pólýsorböt (432–436) á eftir færslunni fyrir sojabaunahálfbeðmi (E 426):

	„E 432–436	Pólýsorböt	10	(1)	eingöngu kolsýrðir drykkir“

2) Í matvælaflokki 14.2.3 „Eplasítri og perusítri“ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við fyrir pólýsorböt (432–436) á eftir færslunni fyrir própan-1,2-díólalgínat (E 405):

	„E 432–436	Pólýsorböt	10	(1)	eingöngu kolsýrðir drykkir“

3) Í matvælaflokki 14.2.4 „Ávaxtavín og gervivín (e. *made wine*)“ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við fyrir pólýsorböt (432–436) á eftir færslunni fyrir metavínsýru (E 353):

	„E 432–436	Pólýsorböt	10	(1)	eingöngu kolsýrðir drykkir“

4) Í matvælaflokki 14.2.8 „Aðrir áfengir drykkir, þ.m.t. blöndur úr áfengum og óáfengum drykkjum og brenndir drykkir með alkóhólinnihald undir 15%“ er eftirfarandi nýrri færslu bætt við fyrir pólýsorböt (432–436) á eftir færslunni fyrir própan-1,2-díólalgínat (E 405):

	„E 432–436	Pólýsorböt	10	(1)	eingöngu kolsýrðir drykkir“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1102 **2020/EES/50/13**

frá 27. júní 2019

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 um áburð í því skyni að aðlaga I. og IV. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2003/2003 frá 13. október 2003 um áburð ([1]), einkum 4. mgr. 29. gr. og 1. og 3. mgr. 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framleiðandi blöndu hverfna úr 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru (DMPSA) sendi framkvæmdastjórninni beiðni, fyrir milligöngu yfirvalda í Tékklandi, um að bæta 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru við sem nýrri færslu í I viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003. 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýra og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýra er nítrunarlati sem dregur úr, þegar hann er notaður með köfnunarefnisáburði úr jarðefnum, áhættu á köfnunarefnistapi í formi nituroxíðslosunar (N_2O) sem leiðir til meiri köfnunarefnisnýtni áburðar sem inniheldur 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru.

2) 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýra og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýra uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003. Því ætti að færa efnið inn í skrána yfir áburðartegundir í I. viðauka við þá reglugerð.

3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2003/2003 skal eftirlit með EB-áburði fara fram í samræmi við þær aðferðir við sýnatöku og greiningu sem er lýst í IV. viðauka við þá reglugerð. Innfærsla 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 útheimtir að greiningaraðferð sé bætt við í IV. viðauka við þá reglugerð sem skal nota við opinbert eftirlit með þessari áburðartegund.

4) Þar að auki ætti að þróa aðferð 1, Undirbúningur sýnis fyrir greiningu, enn frekar með því að fella inn aðra Evrópustaðla um sýnatöku almennt sem og um sýnatöku í kyrrstöðuhaugum (e. *static heap*). Að lokum eru núverandi aðferðir 9 fyrir snefilefni í styrk sem er 10% eða minni og aðferðir 10 fyrir snefilefni í styrk sem er yfir 10% í IV. viðauka ekki alþjóðlega viðurkenndar og í þeirra stað ættu að koma Evrópustaðlar sem Staðlasamtök Evrópu eru nýlega búin að þróa.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2003/2003 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 32. gr. reglugerðar (EB) nr. 2003/2003.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 28.6.2019, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2003, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Í töflu F.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er eftirfarandi 5. línu bætt við:

„5	Blanda hverfna úr 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru (DMPSA) EB-nr. 940-877-5	Lágmark: 0,8 Hámark: 1,6“		

II. VIÐAUKI

Ákvæðum B-þáttar IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003 er breytt sem hér segir:

1) Í stað aðferðar 1 kemur eftirfarandi:

„Aðferðir 1

Undirbúningur sýnis og sýnataka

Aðferð 1.1

Sýnataka til greiningar

EN 1482-1, Áburður og áburðarkalk - Sýnataka og undirbúningur sýna - Hluti 1: Sýnataka

Aðferð 1.2

Undirbúningur sýnis fyrir greiningar

EN 1482-2, Áburður og áburðarkalk - Sýnataka og undirbúningur sýna - Hluti 2: Undirbúningur sýna

Aðferð 1.3

Sýnataka úr kyrrstöðuhaugum til greiningar

EN 1482-3, Fertilizers and liming materials — Sampling and sample preparation — Part 3: Sampling of static heaps“

2) Í stað aðferða 9 kemur eftirfarandi:

„Aðferðir 9

Snefilefni í styrk sem er 10% eða minni

Aðferð 9.1

Útdráttur á öllum snefilefnum í áburði með kóngavatni

EN 16964: Áburður - Útskiljun allra snefilefna úr áburðaþykkni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 9.2

Útdráttur á vatnsleysanlegum snefilefnum í áburði og fjarlæging lífrænna efnasambanda úr útdrætti úr áburði

EN 16962: Áburður - Útskiljun vatnsleysanlegra snefilefna í áburði og brottnám lífrænna efnasambanda úr áburðarþykkni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 9.3

Ákvörðun á kóbalti, kopar, járni, mangani og sinki með logafrumeindagleypnimælingu (FAAS)

EN 16965: Áburður - Ákvörðun kóbalts, kopars, járns, mangans og sinks með logafrumeindagleypni-litrófsgreiningu (FAAS)

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð

Aðferð 9.4

Ákvörðun á bór, kóbalti, kopar, járni, mangani, mólýbdeni og sinki með rafgasgeislunargreiningu

EN 16963: Áburður - Ákvörðun bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens og sinks með ICP-AES

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 9.5

Ákvörðun á bór með litrófsgreiningu með asómetíni-H

EN 17041: Áburður - Ákvörðun bórs að styrkleika 10 % með litrófsgreiningu með asómeþín-H

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 9.6

Ákvörðun á mólýbdeni með litrófsmælingu á efnaflóka sem inniheldur ammoníumþíósýanat

EN 17043: Áburður - Ákvörðun mólýbdens að styrkleika 10 % með litrófsgreiningu flóka með ammoníumþíósýanati

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

3) Í stað aðferða 10 kemur eftirfarandi:

„Aðferðir 10

Snefilefni í styrk sem er yfir 10%

Aðferð 10.1

Útdráttur á öllum snefilefnum í áburði með kóngavatni

EN 16964: Áburður - Útskiljun allra snefilefna úr áburðaþykkni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 10.2

Útdráttur á vatnsleysanlegum snefilefnum í áburði og fjarlæging lífrænna efnasambanda úr útdrætti úr áburði

EN 16962: Áburður - Útskiljun vatnsleysanlegra snefilefna í áburði og brottnám lífrænna efnasambanda úr áburðarþykkni

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 10.3

Ákvörðun á kóbalti, kopar, járni, mangani og sinki með logafrumeindagleypnimælingu (FAAS)

EN 16965: Áburður - Ákvörðun kóbalts, kopars, járns, mangans og sinks með logafrumeindagleypni-litrófsgreiningu (FAAS)

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 10.4

Ákvörðun á bór, kóbalti, kopar, járni, mangani, mólýbdeni og sinki með rafgasgeislunargreiningu

EN 16963: Áburður - Ákvörðun bórs, kóbalts, kopars, járns, mangans, mólýbdens og sinks með ICP-AES

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.

Aðferð 10.5

Ákvörðun á bór með sýrutítrun

EN 17042: Áburður - Ákvörðun bórs að styrkleika > 10 % með sýrumælingartítrun

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.

Aðferð 10.6

Ákvörðun á mólýbdeni með þyngdarmælingu þar sem 8-hýdroxýkínólín er notað

CEN/TS 17060: Fertilizers — Determination of molybdenum in concentration > 10 % using gravimetric method with 8-hydroxyquinoline

Þessi greiningaraðferð hefur ekki verið hringprófuð.“

4) Í aðferðum 12 er aðferð 12.8 bætt við:

„Aðferð 12.8

Ákvörðun á 2-(3,4-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru og 2-(4,5-dímetýlpýrasól-1-ýl)-rafsýru

EN 17090: Fertilizers — Determination of nitrification inhibitor DMPSA in fertilizers — Method using high-performance liquid chromatography (HPLC)

Þessi greiningaraðferð hefur verið hringprófuð.“

_____

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/360 2020/EES/50/14

frá 17. desember 2019

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla tiltekna eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú takmörkun gildir ekki um tiltekna undanþegna notkun sem er sértæk fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki og er skráð í IV. viðauka við þá tilskipun.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Með framseldri tilskipun 2014/73/ESB ([2]) veitti framkvæmdastjórnin undanþágu fyrir notkun blýs í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni, þar sem tiltekin skilyrði gilda (hér á eftir nefnd undanþágan) með því að bæta viðeigandi notkun í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 31. desember 2018 í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

5) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefnd beiðnin um endurnýjun) 30. júní 2017 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við það ákvæði gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um beiðnina um endurnýjun hefur verið samþykkt.

6) Mat á beiðninni um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

7) Platínuhúðuð platínurafskaut sem innihalda blý eru notuð í sérhæfð tæki til mælinga sem útheimta tiltekna mælieiginleika eins og breitt svið, mikla nákvæmni eða mikinn áreiðanleika fyrir mikinn styrk sýru og basa.

8) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgöngukostum er sem stendur vísindalega og tæknilega ekki mögulegt, að því er varðar þá notkun sem um er að ræða, að skipta út blýi eða taka það út í tilteknum mælitækjum. Umsóknin um endurnýjun er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]) og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 109. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/73/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 80).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

9) Því er rétt að heimila endurnýjun undanþágunnar.

10) Endurnýja ætti undanþáguna í hámarkstíma sem nemur 7 árum til 31. desember 2025 í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

11) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 37 í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„37. Blý í platínuhúðuð platínurafskaut sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum á við:

a) mælingar á breiðu sviði eðlisleiðni sem nær yfir meira en eitt stærðarþrep (t.d. svið á bilinu 0,1 mS/m og 5 mS/m) sem fara fram á tilraunastofum til að mæla styrk sem er óþekktur,

b) mælingar á lausnum þar sem krafist er nákvæmni sem nemur +/– 1% af sýnatökubilinu og þar sem krafist er mikils tæringarþols rafskautsins fyrir eftirfarandi:
   i. lausnir með sýrustig undir pH 1,
   ii. lausnir með basavirkni yfir pH 13,
   iii. ætandi lausnir sem innihalda halógenlofttegundir,

c) mælingar á eðlisleiðni sem er meiri en 100 mS/m sem verða að fara fram með færanlegum mælitækjum.

Fellur úr gildi 31. desember 2025.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/361 2020/EES/50/15

frá 17. desember 2019

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Sexgilt króm er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Undanþága frá takmörkun fyrir notkun sexgilts króms sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, upp að 0,75% miðað við þyngd, í kælilausninni (hér á eftir nefnd undanþágan) er skráð í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 21. júlí 2016 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

5) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefnd beiðnin um endurnýjun) 20. janúar 2015 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við það ákvæði gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um beiðnina um endurnýjun hefur verið samþykkt.

6) Mat á beiðninni um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Matið, með tilliti til ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar um leyfi til að setja á markað til notkunar og/eða um leyfi fyrir notkun efnanna sem skráð eru í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([2]), leiddi til þeirrar niðurstöðu að núverandi undanþágu að því er varðar 1.–7. flokk og 10. flokk skuli skipt upp í tvær undirfærslur þar sem orðalag endurspeglar skýrt framfarir á sviði vísinda og tækni að því er varðar útskiptingu sexgilts króms sem er mismunandi eftir tegund notkunar.

7) Sexgilt króm (Cr(VI)) virkar sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfum ísogskæla. Það er notað til að mynda lag á innra yfirborði stálröra til að verja þau fyrir kælilausninni sem inniheldur ætandi ammoníak.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 112. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Samantekt á ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um leyfi til að setja á markað til notkunar og/eða um leyfi fyrir notkun efnanna sem eru skráð í XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB C 48, 15.2.2017, bls. 9).

8) Að því er varðar notkun með orkuinntak sem nemur ≥ 75 W og kerfi sem starfa að fullu með hiturum sem eru ekki rafknúnir (samsvarar notkun með háu hitastigi í katli), sem falla undir núverandi undanþágu, er enn ekki vísindalega eða tæknilega mögulegt að skipta út sexgiltu krómi eða taka það út vegna skorts á áreiðanlegum staðgönguefnum. Undanþága fyrir þessa notkun er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([3]) og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

9) Því er viðeigandi að veita umbeðna endurnýjun fyrir notkun sem felur í sér hátt hitastig í katli til 21. júlí 2021 í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og aðra undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

10) Að því er varðar notkun með orkuinntak sem er < 75 W (samsvarar lágu hitastigi í katli), sem fellur sem stendur undir undanþáguna, eru skilyrðin fyrir endurnýjun, sem sett eru fram í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB, ekki lengur uppfyllt og ætti því að synja beiðninni um endurnýjun. Í samræmi við 6. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar ætti undanþágan fyrir þessa notkun að renna út 12 mánuðum eftir gildistökudag þessarar tilskipunar.

11) Að því er varðar 8., 9. og 11. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í þágu skýrleika laga ætti að tilgreina lokadagsetningarnar í III. viðauka við þá tilskipun.

12) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 9 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„9	Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstál-skælikerfi ísogskæla, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni	Gildir um 8., 9. og 11. flokk og fellur úr gildi: — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði, og að því er varðar 11. flokk.
9a.I	Upp að 0,75% sexgilt króm miðað við þyngd, notað sem tæringarvarnarefni í kælilausninni í kolstálskælikerfi ísogskæla (þ.m.t. mínibörum), sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með rafknúnum hitara sem nýtir orkuinntak sem nemur að meðaltali ≥ 75 W við stöðug notkunarskilyrði	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 5. mars 2021.
9a.II	Upp að 0,75% sexgilt króm miðað við þyngd, notað sem tæringarvarnarefni í kælilausninni í kolstálskerfi ísogskæla: — sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með rafknúnum hitara sem nýtir orkuinntak sem nemur að meðaltali ≥ 75 W við stöðug notkunarskilyrði, — sem eru hannaðir til að starfa að fullu með hitara sem er ekki rafknúinn.	Gildir um 1.–7. flokk og 10. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2021.“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/364 2020/EES/50/16

frá 17. desember 2019

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kadmíums í tiltekna geislunarþolna myndbandsupptökuvélalampa, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú takmörkun gildir ekki um tiltekna undanþegna notkun sem er sértæk fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki og er skráð í IV. viðauka við þá tilskipun.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Kadmíum er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Hinn 3. desember 2015 barst framkvæmdastjórninni umsókn í samræmi við 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB um undanþágu, sem skal skrá í IV. viðauka við þá tilskipun, fyrir notkun kadmíums í tiltekna geislunarþolna myndbandsupptökuvélalampa (hér á eftir nefnd undanþágan sem óskað er eftir).

5) Mat á beiðninni fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

6) Kadmíum í myndbandsupptökuvélalömpum er nauðsynlegt til að ná ásættanlegu geislunarþoli og ljóstæknilegri getu myndbandsupptökuvéla sem starfa í umhverfi þar sem váhrif af völdum geislunar eru mikil, s.s. í kjarnorkuverum og endurvinnslustöðvum fyrir geislavirkan úrgang.

7) Sem stendur eru engir kadmíumlausir staðgöngukostir fáanlegir á markaði sem geta veitt nauðsynlegt sambland af ljóstæknilegri getu og nægilegu geislunarþoli.

8) Vegna skorts á staðgöngukostum er vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út kadmíumi eða taka það út í tilteknum myndbandsupptökuvélalömpum. Undanþágan er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([2]) og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

9) Því er viðeigandi að veita undanþáguna sem óskað er eftir með því að færa notkunina sem fellur undir hana á skrá í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB að því er varðar raf- og rafeindabúnað í 9. flokki.

10) Veita ætti undanþáguna sem óskað er eftir í 7 ár frá og með 5. mars 2020 í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

11) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 122. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. ágúst 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. september 2020.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Eftirfarandi færslu 44 er bætt við í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB:

„44.	Kadmíum í geislaþolnum myndbandsupptökuvélalömpum sem eru hannaðir fyrir myndavélar með miðjuupplausn sem er meiri en 450 sjónvarpslínur og eru notaðar í umhverfi þar sem jónandi geislun fer yfir 100 Gy/klst. og heildarskammturinn fer yfir 100 kGy Gildir um 9. flokk. Fellur úr gildi 31. mars 2027.“	

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/365 2020/EES/50/17

frá 17. desember 2019

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni og húðun á tengjum sem eru notuð í tiltekna brunahreyfla í handverkfærum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú krafa gildir ekki um undanþegnu notkunina sem um getur í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Með framseldri reglugerð (ESB) 2014/72/ESB ([2]) veitti framkvæmdastjórnin undanþágu fyrir notkun blýs í lóðningarefni og húðun á tengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðun á prentplötum sem eru notaðar í kveikjueiningar og önnur rafmagns- og rafeindastjórnkerfi hreyfils sem þurfa af tæknilegum ástæðum að festast beint á vélar handverkfæra með brunahreyfil, sveifarhús þeirra eða strokk (flokkar SH1, SH2, SH3 tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB ([3])) (hér á eftir nefnd undanþágan) með því að skrá þessa notkun í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 31. desember 2018 fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

5) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á undanþágunni fyrir 6. og 11. flokk (hér á eftir nefnd beiðnin um endurnýjun) 30. júní 2017 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við það ákvæði gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um beiðnina um endurnýjun hefur verið samþykkt.

6) Mat á beiðninni um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 125. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/72/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni og húðun á tengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðun á prentplötum sem eru notaðar í kveikjueiningar og önnur rafmagns- og rafeindastjórnkerfi hreyfils, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 78).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1). Tilskipun 97/68/EB var felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtíð. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

7) Blý er algengur málmblendisþáttur í lóðningarefni til að stjórna bræðslumarkinu. Staðgönguefni til að skipta efninu sem sætir takmörkunum út hafa verið prófuð með góðum árangri. Þó þarf meiri tíma til að staðfesta áreiðanleika blýlausu varanna.

8) Sem stendur eru engir blýlausir staðgöngukostir fáanlegir á markaðnum sem eru nægilega áreiðanlegir fyrir notkunina sem fellur undir undanþáguna.

9) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgöngukostum er sem stendur vísindalega og tæknilega ekki mögulegt að skipta út blýi eða taka það út í tilteknum brunahreyflum í handverkfærum. Því er rétt að endurnýja undanþáguna. Endurnýjun undanþágunnar er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]) og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

10) Endurnýja ætti undanþáguna fyrir 1.–7. flokk, 10. og 11. flokk til 31. mars 2022 í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

11) Að því er varðar 8. og 9. flokk gildir núverandi undanþága áfram samkvæmt gildistíma sem settur er fram í annarri undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í þágu skýrleika laga ætti að tilgreina lokadagsetningarnar í III. viðauka við þá tilskipun.

12) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslu 41 í III. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„41	Blý í lóðningarefni og húðun á tengjum á rafmagns- og rafeindaíhlutum og húðun á prentplötum sem eru notaðar í kveikjueiningar og önnur rafmagns- og rafeindastjórnkerfi hreyfils sem þurfa af tæknilegum ástæðum að festast beint á vélar handverkfæra með brunahreyfil, sveifarhús þeirra eða strokk (flokkar SH1, SH2, SH3 tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB (*))	Gildir um alla flokka og fellur úr gildi: — 31. mars 2022 að því er varðar 1.–7. flokk, 10. og 11. flokk, — 21. júlí 2021 að því er varðar 8. og 9. flokk, að undanskildum lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi og vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði, — 21. júlí 2023 að því er varðar 8. flokk, lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, — 21. júlí 2024 að því er varðar 9. flokk, vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum (Stjtíð. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1).“

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/366 2020/EES/50/18

frá 17. desember 2019

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý sem varmastöðgara í pólývínýlklóríði sem er notað í tiltekin lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði og öðrum líkamsvessum og líkamslofti, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efnin sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú takmörkun gildir ekki um tiltekna undanþegna notkun sem er sértæk fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki og er skráð í IV. viðauka við þá tilskipun.

2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.

3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.

4) Með framseldri tilskipun (ESB) 2015/573 ([2]) veitti framkvæmdastjórnin undanþágu fyrir notkun blýs sem varmastöðgara í pólývínýlklóríði (PVC) sem er notað sem grunnefni í rafefnanemum með straum-, spennu- eða leiðniskynjun sem eru notaðir í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði og öðrum líkamsvessum og líkamslofti (hér á eftir nefnd undanþágan) með því að skrá þessa notkun í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 31. desember 2018 í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.

5) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefnd beiðnin um endurnýjun) 25. maí 2017 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við það ákvæði gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um beiðnina um endurnýjun hefur verið samþykkt.

6) Mat á beiðninni um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.

7) Blý í pólývínýlklóríðnemaspjöldum í viðkomandi lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi (blóðgreiningartæki) eykur virkni nemans sem er nauðsynlegt fyrir hámarksvirkni tækisins með tilliti til áreiðanleika greiningar sem haldið er fram í birtum skrifum um vöruna og þar með til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB ([3]).

8) Þó að blýlaus tækni sé fáanleg á markaði fyrir tiltekin greiningartæki annarra framleiðenda þarf meiri tíma fyrir prófanir á áreiðanleika staðgönguefna fyrir viðkomandi notkun með fyrirvara um gildandi beiðni um endurnýjun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 129. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

([2]) Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/573 frá 30. janúar 2015 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í pólývínýlklóríðnema í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (Stjtíð. ESB L 94, 10.4.2015, bls. 4).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1).

9) Falli undanþágan úr gildi er búist við að komið sé í veg fyrir að 157 kg af blýi verði sett á markað í Sambandinu. Á sama tíma gerir það þó að verkum að skipta þarf öllu sjúkdómsgreiningartækinu út sem vænta má að leiði til ótímabærrar myndunar á 112 000 kg raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Auk þess hefði það marktæk félagsleg og hagræn áhrif á heilbrigðisstarfsfólk sem notar viðkomandi tæki.

10) Undanþágan dregur ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([4]). Í ljósi takmörkunarferlisins um blý í pólývínýlklóríði sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ætti að veita undanþáguna í stuttan 2 ára gildistíma til að tryggja algjört samræmi við þá reglugerð um leið og viðkomandi takmörkunarferli er lokið.

11) Því er rétt að heimila endurnýjun undanþágunnar.

12) Undanþágan varðar 8. flokk, raf- og rafeindabúnaður, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um og ætti að endurnýja hana í tvö ár frá og með 5. mars 2020 í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguefni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.

13) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) og um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtíð ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

VIÐAUKI

Í stað færslu 41 í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„41.	Blý sem varmastöðgari í pólývínýlklóríði (PVC), sem er notað sem grunnefni í rafefnanemum með straum-, spennu- eða leiðniskynjun sem eru notaðir í lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi til greiningar á blóði og öðrum líkamsvessum og líkamslofti. Fellur úr gildi 31. mars 2022.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2094 **2020/EES/50/19**

frá 29. nóvember 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilunum fyrir virku efnin benflúralín, dímoxýstróbín, flúasínam, flútólaníl, mankóseb, mekóprópP, mepíkvat, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilið fyrir virku efnin dímoxýstróbín, mankóseb, mekóprópp, metíram, oxamýl og pýraklóstróbín var framlengt til 31. janúar 2020 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1796 ([3]).

3) Samþykkistímabilið fyrir virku efnin benflúralín, flúasínam, flútólaníl og mepíkvat var framlengt til 29. febrúar 2020 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 ([4]).

4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]).

5) Þar eð mat á þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.

6) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar skal framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 102. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1796 frá 20. nóvember 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin amíðsúlfúrón, bífenox, klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, klófentesín, díkamba, difenókónasól, díflúbensúrón, díflúfeníkan, dímoxýstróbín, fenoxapróp-p, fenprópidín, lenasíl, mankóseb, mekóprópp, metíram, níkósúlfúrón, oxamýl, píklóram, pýraklóstróbín, pýriproxýfen og trítósúlfúrón (Stjtíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 15).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 frá 31. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872) af stofni QST 713, *Bacillus thuringiensis* undirteg. Aizawai, *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israeliensis*, *Bacillus thuringiensis* undirteg. *kurstaki*, *Beauveria bassiana*, benflúralín, klódínafóp, klópýralíð, *Cydia pomonella*-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, epoxíkónasól, fenpýroxímat, flúasínam, flútólaníl, fosetýl, *Lecanicillium muscarium*, mepanípýrím, mepíkvat, *Metarhizium anisopliae* var. *Anisopliae*, metkónasól, metrafenón, *Phlebiopsis gigantea*, pírimíkarb, *Pseudomonas chlororaphis* af stofni MA 342, pýrimetaníl, *Pythium oligandrum*, rimsúlfúrón, spínósað, *Streptomyces* K61, þíaklópríð, tólklófosmetýl, *Trichoderma asperellum*, *Trichoderma atroviride*, *Trichoderma gamsii*, *Trichoderma harzianum*, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól, *Verticillium albo-atrum* og síram (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 1)

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 57, mekóprór-P, kemur „31. janúar 2021“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 81, pýraklóstróbín, kemur „31. janúar 2021“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 114, mankóseb, kemur „31. janúar 2021“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 115, metíram, kemur „31. janúar 2021“.

5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 116, oxamýl, kemur „31. janúar 2021“.

6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 128, dímoxýstróbín, kemur „31. janúar 2021“.

7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 187, flútólaníl, kemur „28. febrúar 2021“.

8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 188, benflúralín, kemur „28. febrúar 2021“.

9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 189, flúasínam, kemur „28. febrúar 2021“.

10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 191, mepíkvat, kemur „28. febrúar 2021“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/23 **2020/EES/50/20**

frá 13. janúar 2020

um að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu þíaklópríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þíaklópríði var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/99/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu þíaklópríði, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. apríl 2020.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir þíaklópríði var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/99/EB frá 1. október 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum asetamípríði og þíaklópríði (Stjtíð ESB L 309, 6.10.2004, bls. 6).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 31. október 2017.

7) Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum aðgengilega almenningi. Matvælaöryggisstofnunin sendi einnig matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og hóf samráð við almenning um hana. Matvælaöryggisstofnunin sendi mótteknar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að þíaklópríð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 22. janúar 2019.

9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi verulegt áhyggjuefni í tengslum við mengun grunnvatns af umbrotsefnum þíaklópríðs. Einkum er búist við að umbrotsefnin M30, M34 og M46 fari yfir stikabundnu gildin 0,1 µg/l fyrir drykkjarvatn í öllum viðeigandi sviðsmyndum að því er varðar alla tillagða notkun á þíaklópríði. Þessi umbrotsefni eru fyrir fram talin vera áhyggjuefni þar eð ekki er hægt að útiloka að þau hafi sömu krabbameinsvaldandi eiginleika og móðurefnið þíaklópríð sem er flokkað í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([7]) sem krabbameinsvaldandi efni í 2. undirflokki. Sem stendur er því ekki hægt að staðhæfa að tilvist umbrotsefna þíaklópríðs í grunnvatni hafi ekki óviðunandi áhrif á grunnvatn og skaðleg áhrif á heilbrigði manna. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið unnt að ljúka matinu á áhættu fyrir lagarlífverur, býflugur og landplöntur utan markhóps á grundvelli þeirra upplýsinga sem lágu fyrir í málsskjölunum.

10) Þíaklópríð er að auki einnig flokkað, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B. Umsækjandinn lagði fram upplýsingar í því skyni að sýna fram á að váhrif á menn af völdum þíaklópríðs geti talist óveruleg. Matvælaöryggisstofnunin lagði fram niðurstöðurnar úr mati á þeim upplýsingum í niðurstöðum sínum. Í ljósi þeirra áhyggjuefna sem eru tilgreind í 9. forsendu er niðurstaða um það hvort váhrif á menn séu óveruleg, að því er varðar lið 3.6.4 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, samt sem áður ekki nauðsynleg til að ákvarða hvort unnt sé að endurnýja samþykki fyrir þíaklópríði.

11) Í ljósi þessara tilgreindu áhyggjuefna er enn fremur ekki unnt að kveða á um samþykki í samræmi við 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

12) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar. Að auki, í samræmi við þriðju málsgrein 1. mgr. 14. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012, bauð framkvæmdastjórnin umsækjandanum að leggja fram athugasemdir varðandi drög að endurnýjunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

13) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi virka efnið.

14) Af þessum sökum hefur ekki verið staðfest, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, séu uppfylltar. Því er rétt að endurnýja ekki samþykki fyrir virka efninu þíaklópríði í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

15) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þíaklópríð.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2019). „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance thiacloprid“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(3), 5595. doi: 10.2903/j.efsa.2019.5595.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

17) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda þíaklópríð ætti sá frestur ekki að vara lengur en í 12 mánuði.

18) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 ([8]) var samþykkistímabilið fyrir þíaklópríð framlengt til 30. apríl 2020 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykkistímabilið fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um að endurnýja ekki samþykkið var tekin áður en þetta framlengda samþykkistímabil rann út ætti þessi reglugerð þó að taka gildi eins fljótt og hægt er.

19) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir þíaklópríði skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir virku efni ekki endurnýjað

Samþykki fyrir virka efninu þíaklópríði er ekki endurnýjað.

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 fellur 92. lína, þíaklópríð, brott.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríki skulu afturkalla leyfi fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda þíaklópríð sem virkt efni eigi síðar en 3. ágúst 2020.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu renna út eigi síðar en 3. febrúar 2021.

([8]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/168 frá 31. janúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin abamektín, Bacillus subtilis (Cohn 1872) af stofni QST 713, Bacillus thuringiensis undirteg. Aizawai, Bacillus thuringiensis undirteg. israeliensis, Bacillus thuringiensis undirteg. kurstaki, Beauveria bassiana, benflúralín, klódínafóp, klópýralíð, Cydia pomonella-kyrningaveiru (CpGV), sýpródiníl, díklórpróp-P, epoxíkónasól, fenpýroxímat, flúasínam, flútólaníl, fosetýl, Lecanicillium muscarium, mepanípýrím, mepíkvat, Metarhizium anisopliae var. Anisopliae, metkónasól, metrafenón, Phlebiopsis gigantea, pírimíkarb, Pseudomonas chlororaphis af stofni MA 342, pýrimetaníl, Pythium oligandrum, rimsúlfúrón, spínósað, Streptomyces K61, þíaklópríð, tólklófosmetýl, Trichoderma asperellum, Trichoderma atroviride, Trichoderma gamsii, Trichoderma harzianum, tríklópýr, trínexapak, trítíkónasól, Verticillium albo-atrum og síram (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2019, bls. 1).

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/517 **2020/EES/50/21**

frá 19. mars 2019

um að taka í notkun höfuðlénið .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 172. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 ([3]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 ([4]) var höfuðlénið .eu stofnað. Frá því þessar reglugerðir voru samþykktar hefur stjórnmála- og lagarammi Sambandsins, netumhverfið og markaðurinn tekið umtalsverðum breytingum.

2) Hin hraða þróun innan markaðarins fyrir höfuðlén og hið öfluga, stafræna tækniumhverfi krefst sveigjanlegs og framtímamiðaðs regluverks. Höfuðlénið .eu er eitt mest notaða landshöfuðlénið (e. *country code Top-Level Domain (ccTLDs*)). Stofnanir, sérstofnanir og einingar innan Sambandsins nota höfuðlénið .eu, þ.m.t. í tengslum við evrópsk verkefni og framtaksverkefni. Tilgangur höfuðlénsins .eu er, fyrir tilstuðlan góðrar stjórnunar, að stuðla að því að efla auðkenni Sambandsins og kynna gildi þess á Netinu, s.s. fjöltyngi, virðingu fyrir friðhelgi og öryggi notenda og virðingu fyrir mannréttindum ásamt sértækum forgangsmálum á Netinu.

3) Höfuðlén eru mikilvægur þáttur í hinu stigskipta skipulagi lénsheitakerfisins sem tryggir rekstrarsamhæft kerfi einkvæmra auðkenna sem eru tiltæk um allan heim, í öllum hugbúnaði og í öllum netkerfum.

4) Höfuðlénið .eu ætti að stuðla að notkun og aðgangi að tenginetum Netsins, í samræmi við 170. og 171. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með því að bjóða upp á skráningu til viðbótar við fyrirliggjandi landshöfuðlén eða við hnattræna skráningu á almennum höfuðlénum.

5) Höfuðlénið .eu, sem er skýrt og auðþekkjanlegt merki, ætti að skapa auðgreinanlega tengingu við Sambandið og evrópska markaðinn. Það ætti að gera fyrirtækjum, samtökum og einstaklingum innan Sambandsins kleift að skrá lénsheiti undir höfuðléninu .eu. Tilvist slíks lénsheitis er mikilvægt til að styrkja auðkenni Sambandsins á Netinu. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 733/2002 til að leyfa borgurum Sambandsins að skrá höfuðlén .eu, óháð búsetustað þeirra, frá og með 19. október 2019.

6) Með fyrirvara um tiltækileika ætti að úthluta aðilum, sem uppfylla tilskilin skilyrði, lénsheitum undir höfuðléninu .eu.

7) Framkvæmdastjórnin ætti að stuðla að samstarfi milli skráningarstofunnar, Hugverkastofu Evrópusambandsins og annarra sérstofnana Sambandsins, með það fyrir augum að berjast gegn skráningum lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni, þ.m.t. léntöku, og veita einfalda stjórnsýslumeðferð, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 91, 29.3.2019, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) og bókun 37 með skrá sem kveðið er á um í 101. gr við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 367, 10.10.2018, bls. 112.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 31. janúar 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 18. febrúar 2019.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið (Stjtíð. EB L 113, 30.4.2002, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 frá 28. apríl 2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu (Stjtíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 40).

8) Til að tryggja betri vernd fyrir réttindi aðila til að semja við skráningarstofu og skráningaraðila ættu stofnanir, sem eru staðsettar í Sambandinu, að leysa deilur varðandi skráningu lénsheita undir höfuðléninu .eu með því að beita viðeigandi landslögum, án þess að það hafi áhrif á réttindi og skyldur sem aðildarríkið eða Sambandið viðurkennir og hljótast af alþjóðlegum gerningum.

9) Framkvæmdastjórnin ætti að tilnefna skráningarstofu fyrir höfuðlénið .eu á grundvelli valaðferðar sem er opin, gagnsæ og án mismununar með hliðsjón af kostnaðarhagkvæmni og einfaldari stjórnsýslu. Í því skyni að styðja stafræna innri markaðinn, að skapa evrópskt auðkenni á Netinu og hvetja til netnotkunar yfir landamæri ætti að framselja valdið til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar hæfi- og valviðmiðanir og málsmeðferðina við tilnefningu skráningarstofunnar. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([5]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða fá Evrópuþingið og ráðið í hendur öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.

10) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvaldið til að samþykkja skrár yfir lénsheiti, sem aðildarríki hafa tekið frá og lokað fyrir, til að ákvarða meginreglurnar sem eiga að vera hluti af samningnum milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar og til að tilnefna skráningarstofuna, þegar brýna nauðsyn ber til, einkum til að tryggja samfellu þjónustunnar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([6]). Taka ætti saman slíkar skrár með fyrirvara um tiltækileika lénsheitanna, að teknu tilliti til undirléna sem aðildarríkin hafa þegar tekið frá eða skráð.

11) Framkvæmdastjórnin ætti að gera samning við tilnefndu skráningarstofuna sem ætti að fela í sér ítarlegu meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar sem gilda um skráningarstofuna í tengslum við skipulag, stjórnsýslu og stjórnun á höfuðléninu .eu. Gildistími þessa samnings ætti að miðast við tiltekinn tíma og má endurnýja hann einu sinni án þess að þörf sé á nýrri valaðferð.

12) Meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar um hlutverk höfuðlénsins .eu ættu að fylgja með í viðauka við samninginn milli framkvæmdastjórnarinnar og tilnefndu skráningarstofunnar.

13) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu samkeppnisreglnanna sem kveðið er á um í 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

14) Skráningarstofan ætti að fara að meginreglunum um bann við mismunun og um gagnsæi og ætti að innleiða ráðstafanir til að tryggja sanngjarna samkeppni, sem framkvæmdastjórnin á að heimila fyrir fram, einkum þegar skráningarstofan veitir fyrirtækjum þjónustu sem hún á í samkeppni við á fráliggjandi mörkuðum.

15) Netfyrirtæki um úthlutuð heiti og númer (ICANN-netfyrirtækið) bera, sem stendur, ábyrgð á að samræma úthlutun kóða, sem mynda landshöfuðlén, til skráningarstofa. Skráningarstofan ætti að gera viðeigandi samning við ICANN-netfyrirtækið þar sem kveðið er á um úthlutun landshöfuðlénsins .eu, að teknu tilliti til viðeigandi meginreglna sem ráðgjafarnefnd stjórnvalda hefur samþykkt.

16) Skráningarstofan ætti að gera viðeigandi vörslusamning til að tryggja samfelldni í þjónustu, einkum til að tryggja að ef um endurúthlutun eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður er að ræða verði áfram hægt að veita netþjónustu í samfélaginu með lágmarkstruflun. Skráningarstofan ætti að leggja daglega fyrir fulltrúa vörsluþjónustunnar rafrænt afrit af uppfærðu innihaldi gagnagrunns höfuðlénsins .eu.

17) Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla sem á að samþykkja ætti að samrýmast tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB ([7]) og taka tillit til bestu alþjóðlegu starfsvenjanna á þessu sviði, einkum viðeigandi tilmæla Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), til þess að tryggja, eins og framast er unnt, að komið sé í veg fyrir skráningar sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni. Við þá málsmeðferð ætti að virða samræmdar reglur um málsmeðferð sem samrýmast þeim sem settar eru fram í samræmdri stefnu ICANN-netfyrirtækisins um lausn deilumála utan dómstóla að því er varðar lénsheiti.

([5]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (tilskipun um lausn deilumála neytenda utan dómstóla (ADR)) (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 63).

18) Í stefnunni um skráningar lénsheita .eu, sem gerðar eru í misnotkunarskyni, ætti að kveða á um að skráningarstofan sannprófi gögnin sem hún fær í hendur, einkum gögn um auðkenni rétthafa sem og gögn um að afturkalla og loka fyrir skráningu lénsheita í framtíðinni sem teljast vera, samkvæmt endanlegri ákvörðun dómstóls, ærumeiðandi, sýna kynþáttafordóma eða stríða gegn lögum aðildarríkis. Skráningarstofan ætti að leggja sig fram um að tryggja réttleika gagnanna sem henni berast og hún hefur undir höndum. Afturköllunarferlið ætti að fela í sér sanngjarnt tækifæri fyrir handhafa lénsheitis til að bæta fyrir hvers konar brot á hæfisviðmiðunum, kröfum um skráningar eða útistandandi skuldir áður en afturköllunin öðlast gildi.

19) Lénsheiti sem er hið sama, eða svo líkt að ruglingi gæti valdið, og annað heiti sem hefur rétt sem stofnað er til samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum og sem hefur verið skráð án réttar til heitisins eða lögmætra hagsmuna í heitinu ætti, að jafnaði, að afturkalla og, ef nauðsyn krefur, framselja til lögmæts handhafa. Ef í ljós kemur að slíkt lénsheiti hafi verið notað gegn betri vitund ætti ávallt að afturkalla það.

20) Skráningarstofan ætti að samþykkja skýra stefnu sem miðar að því að tryggja að borið sé í tæka tíð kennsl á skráningar lénsheita sem gerðar eru í misnotkunarskyni og, ef nauðsyn krefur, ætti hún að starfa með lögbærum yfirvöldum og öðrum opinberum aðilum sem vinna að öryggi á Netinu og upplýsingaöryggi og sem einkum láta sig varða baráttuna gegn slíkum skráningum, s.s. viðbragðsteymi í hverju aðildarríki vegna neyðartilvika er varða tölvuöryggi.

21) Skráningarstofan ætti að styðja löggæslustofnanir í baráttunni gegn glæpum með því að innleiða tækni- og skipulagsráðstafanir sem miða að því að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa aðgang að gögnum skráningarstofunnar til að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir glæpi, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum.

22) Framkvæma ætti þessa reglugerð í samræmi við meginreglurnar um friðhelgi einkalífsins og vernd persónuupplýsinga. Skráningarstofan ætti að fara að viðeigandi gagnaverndarreglum, meginreglum og viðmiðunarreglum Sambandsins, einkum að því er varðar viðeigandi öryggiskröfur, og virða meginreglurnar um nauðsyn, meðalhóf, takmörkun vegna tilgangs og varðveislutímabil gagna. Einnig ætti innbyggð vernd persónuupplýsinga og sjálfgefin gagnavernd að vera innfelld í öll gagnavinnslukerfi og gagnagrunna sem hafa verið byggð upp og er viðhaldið.

23) Til þess að tryggja skilvirkt, reglubundið eftirlit ætti sjálfstæður aðili, a.m.k. á tveggja ára fresti, að gera úttekt á skráningarstofunni á hennar eigin kostnað í þeim tilgangi að staðfesta, með samræmismatsskýrslu, að skráningarstofan fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Skráningarstofan ætti að leggja þá skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við samning hennar við hana.

24) Í samningnum á milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar ætti að kveða á um málsmeðferðarreglur fyrir skráningarstofuna til að bæta skipulag, stjórnsýslu og stjórnun höfuðlénsins .eu í samræmi við fyrirmæli framkvæmdastjórnarinnar sem rekja má til eftirlitsstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

25) Í niðurstöðum sínum frá 27. nóvember 2014 undir fyrirsögninni „stjórnunarhættir Netsins“ áréttaði ráðið skuldbindingu Sambandsins til að efla eftirlits- og stjórnunarkerfi á sviði fjölhagsmuna sem byggist á samræmdum og hnattrænum meginreglum um stjórnunarhætti Netsins. Altækir stjórnunarhættir Netsins vísa til þróunar og beitingar sameiginlegra meginreglna, venja, reglna, tilhögunar ákvarðanatöku og áætlana sem hafa áhrif á þróun og notkun Netsins hjá stjórnvöldum, í einkageiranum, borgaralegu samfélagi, hjá alþjóðastofnunum og í tæknisamfélaginu þar sem hver og einn gegnir tilteknu hlutverki.

26) Stofna ætti .eu-ráðgjafarhóp á sviði fjölhagsmuna sem hefði það hlutverk að gefa framkvæmdastjórninni ráð til þess að styrkja og víkka út framlag til góðra stjórnunarhátta skráningarstofunnar. Hópurinn ætti að endurspegla fjölhagsmunalíkan stjórnunarhátta Netsins og framkvæmdastjórnin ætti að tilnefna fulltrúa hópsins, að undanskildum þeim sem koma frá yfirvöldum aðildarríkis og alþjóðastofnunum, á grundvelli málsmeðferðar sem er opin, án mismununar og gagnsæ. Tilnefna ætti fulltrúa frá yfirvöldum aðildarríkis á grundvelli skiptikerfis til að tryggja nægilega samfellu í þátttöku í hópnum.

27) Framkvæmdastjórnin ætti að framkvæma mat á skilvirkni og hlutverki höfuðlénsins .eu. Við matið ætti að hafa hliðsjón af starfsvenjum tilnefndu skráningarstofunnar og mikilvægi verkefna hennar. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að senda reglulega skýrslur til Evrópuþingsins og ráðsins um hlutverk höfuðlénsins .eu.

28) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi eins og bundið er í sáttmálunum, einkum að því er varðar vernd persónuupplýsinga, tjáningar- og upplýsingafrelsi og vernd neytenda. Virða ætti viðeigandi málsmeðferðarreglur Sambandsins til að tryggja að ákvæði í landslögum, sem hafa áhrif á þessa reglugerð, samrýmist lögum Sambandsins og einkum sáttmálanum. Skráningarstofan ætti að óska eftir leiðsögn framkvæmdastjórnarinnar í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á um samræmi við lög Sambandsins.

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að taka í notkun samevrópskt höfuðlén til viðbótar við landshöfuðlénin, og því verði betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

30) Til þess að takmarka hvers konar hættu á röskun á þjónustu sem höfuðlénið .eu veitir meðan á framkvæmd nýja reglurammans stendur er mælt fyrir um umbreytingarákvæði í þessari reglugerð.

31) Því ætti að breyta og fella niður reglugerð (EB) nr. 733/2002 og fella niður reglugerð (EB) nr. 874/2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Viðfangsefni og markmið

1. Með þessari reglugerð er tekið í notkun landshöfuðlénið .eu og tiltæk afbrigði þess með öðru letri til þess að styðja við stafræna innri markaðinn, til að skapa auðkenni Sambandsins á Netinu og til að hvetja til netnotkunar yfir landamæri. Í henni er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að taka það í notkun, þ.m.t. tilnefning skráningarstofunnar og eiginleikar hennar. Með þessari reglugerð er einnig settur lagarammi og almennur stefnurammi sem tilnefnda skráningarstofan á að starfa innan.

2. Reglugerð þessi gildir með fyrirvara um fyrirkomulag aðildarríkja að því er varðar landshöfuðlén þeirra.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Skráningarstofa“: eining sem falið er skipulag, stjórnsýsla og stjórnun á höfuðléninu .eu, þ.m.t. viðhald samsvarandi gagnagrunna og tengdrar opinberrar leitarþjónustu, skráning lénsheita, rekstur skráningarstofunnar fyrir lénsheiti, rekstur nafnaþjóna skráningarstofu fyrir höfuðlén og úthlutun svæðisskráa höfuðléna á vettvangi nafnaþjóna,

2) „skráningaraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir rétthöfum, á grundvelli samnings við skráningarstofu, þjónustu í tengslum við skráningu lénsheita,

3) „samskiptareglur um lénsheiti með sérþjóðlegum stöfum“: staðlar og samskiptareglur sem styðja notkun lénsheita með rittáknum sem eru ekki rittákn bandaríska staðalkóðans fyrir gagnaskipti ASCII-rittákna,

4) „WHOIS-gagnagrunnur“: gagnasafn sem inniheldur upplýsingar um tæknilega og stjórnsýslulega þætti skráninga undir höfuðléninu .eu,

5) „meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu“: ítarlegar reglur um hlutverk og stjórnun höfuðlénsins .eu,

6) „skráning“: röð aðgerða og þrep málsferðar, frá upphafi til loka, sem skráningaraðilar og skráningarstofan annast að beiðni einstaklings eða lögaðila í þeim tilgangi að skrá lénsheiti í tiltekinn tíma.

II. KAFLI

AÐ TAKA Í NOTKUN HÖFUÐLÉNIÐ .EU

1. HLUTI

Almennar meginreglur

3. gr.

Viðmiðanir um hæfi til skráningar

Allir eftirfarandi aðilar geta óskað eftir skráningu eins eða fleiri lénsheita undir höfuðléninu .eu:

a) borgari Sambandsins, óháð búsetustað,

b) einstaklingur sem er ekki borgari Sambandsins en búsettur í aðildarríki,

c) fyrirtæki með staðfestu í Sambandinu og

d) stofnun með staðfestu í Sambandinu, sbr. þó beitingu landslaga.

4. gr.

Skráning og afturköllun lénsheita

1. Úthluta skal hæfum aðila lénsheiti ef beiðni hans hefur fyrst borist skráningarstofu með tæknilega réttum hætti, eins og kveðið er á um í málsmeðferðarreglum um skráningarbeiðnir á grundvelli b-liðar 11. gr.

2. Skráð lénsheiti skal ófáanlegt til frekari skráningar þar til skráningin hefur fallið úr gildi án endurnýjunar eða þar til lénsheitið hefur verið afturkallað.

3. Skráningarstofan getur afturkallað lénsheiti að eigin frumkvæði, án þess að fá úrskurðaraðila til að leysa deiluna utan dómstóla eða með dómsmeðferð, af eftirfarandi ástæðum:

a) útistandandi ógreiddar skuldir við skráningarstofuna,

b) handhafi lénsheitisins uppfyllir ekki hæfisviðmiðun skv. 3. gr.,

c) um er að ræða brot handhafa lénsheitisins á kröfunum um skráningarbeiðnir sem mælt er fyrir um á grundvelli b- og c-liðs 11. gr.

4. Einnig er heimilt að afturkalla lénsheiti og, ef nauðsyn krefur, framselja það síðan til annars aðila að lokinni viðeigandi lausn deilumála utan dómstóla eða dómsmeðferð í samræmi við meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar um hlutverk höfuðlénsins .eu, sem mælt er fyrir um skv. 11. gr., ef heitið er hið sama, eða svo líkt að ruglingi gæti valdið, og annað heiti sem hefur rétt sem er stofnað til samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum og ef það:

a) hefur verið skráð af handhafa þess án réttar til heitisins eða lögmætra hagsmuna í heitinu eða

b) hefur verið skráð eða er notað gegn betri vitund.

5. Teljist lénsheiti aðildarríkis, samkvæmt ákvörðun dómstóls, vera ærumeiðandi, sýna kynþáttafordóma eða stríða gegn opinberri stefnu eða almannaöryggi, samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum sem samrýmast lögum Sambandsins, skal skráningarstofa, loka fyrir lénsheitið, að undangenginni tilkynningu um dómsúrskurð, og afturkalla það að undangenginni tilkynningu um endanlegan dómsúrskurð. Skráningarstofan skal í framtíðinni útiloka skráningu þeirra lénsheita sem hafa fengið slíkan dómsúrskurð, að því tilskildu að dómsúrskurðurinn sé í gildi.

6. Lénsheiti, sem eru skráð undir höfuðléninu .eu, skulu einungis vera framseljanleg til aðila sem uppfylla skilyrði fyrir skráningu lénsheita undir höfuðléninu .eu.

5. gr.

Tungumál, gildandi lög og lögsaga

1. Skráning lénsheita skal framkvæmd með öllum rittáknum opinberra tungumála stofnana Sambandsins, í samræmi við tiltæka alþjóðlega staðla eins og heimilað er samkvæmt viðeigandi samskiptareglum um lénsheiti með sérþjóðlegum stöfum.

2. Með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 ([8]) eða um réttindi og skyldur, sem aðildarríkin eða Sambandið viðurkennir og stafa af alþjóðlegum gerningum, skal hvorki í samningum milli skráningarstofu og skráningaraðila né í samningum milli skráningaraðila og rétthafa lénsheita tilgreind önnur lög en þau sem gilda í einu af aðildarríkjunum, né heldur skal tilgreindur þar dómstóll, gerðardómur eða önnur stofnun, sem er staðsett utan Sambandsins, sem viðeigandi aðili til að leysa deilumál.

6. gr.

Að taka frá lénsheiti

1. Skráningarstofunni er heimilt að taka frá eða skrá ýmis lénsheiti sem eru talin nauðsynleg fyrir starfsemi hennar samkvæmt samningnum sem um getur í 4. mgr. 8. gr.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að gefa skráningarstofunni fyrirmæli um að taka frá eða skrá lénsheiti beint undir höfuðléninu .eu til notkunar fyrir stofnanir og einingar innan Sambandsins.

3. Aðildarríkjum er heimilt, með fyrirvara um lénsheiti sem þegar hafa verið tekin frá eða skráð, að tilkynna framkvæmdastjórninni skrá yfir lénsheiti sem:

a) ekki á að skrá samkvæmt landslögum þeirra eða

b) aðildarríkjunum er aðeins heimilt að skrá eða taka frá sem undirlén.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu slík lénsheiti takmarkast við almennt viðurkennd landfræðileg eða landfræðipólitísk hugtök sem hafa áhrif á stjórnmálalegt eða svæðabundið skipulag í aðildarríkjunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja skrárnar sem aðildarríkin tilkynna með framkvæmdargerðum. Þær framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

7. gr.

Skráningaraðilar

1. Skráningarstofan skal veita skráningaraðilum faggildingu í samræmi við málsmeðferðarreglur sem eru sanngjarnar, gagnsæjar og án mismununar og sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fyrir fram. Skráningarstofan skal sjá til þess að málsmeðferð við faggildingu verði aðgengileg öllum og að hún verði á aðgengilegu sniði.

2. Skráningarstofan skal beita jafngildum skilyrðum við jafngildar aðstæður í tengslum við faggilta .eu-skráningaraðila sem veita jafngilda þjónustu. Skráningarstofan skal veita þeim skráningaraðilum þjónustu og upplýsingar með sömu skilyrðum og af sömu gæðum þegar hún veitir sjálf jafngilda þjónustu.

2. HLUTI

Skráningarstofa

8. gr.

Tilnefning skráningarstofunnar

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 18. gr. sem viðbót við þessa reglugerð með því að ákvarða hæfi- og valviðmiðanir og málsmeðferð fyrir tilnefningu skráningarstofunnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal setja fram meginreglurnar, sem eiga að vera hluti af samningnum á milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar, með því að nota framkvæmdargerðir. Þær framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna einingu sem skráningarstofu eftir að málsmeðferðinni, sem um getur í 1. og 2. mgr., lýkur.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1215/2012 frá 12. desember 2012 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum (Stjtíð. ESB L 351, 20.12.2012, bls. 1).

4. Framkvæmdastjórnin skal gera samning við tilnefndu skráningarstofuna. í samningnum skal tilgreina reglurnar, stefnumiðin og málsmeðferðarreglurnar varðandi þjónustustarfsemi skráningarstofunnar og skilyrðin fyrir eftirliti framkvæmdastjórnarinnar með skipulagi, stjórnsýslu og stjórnun skráningarstofunnar að því er varðar höfuðlénið .eu. Samningurinn skal hafa takmarkaðan gildistíma og unnt að endurnýja hann einu sinni án þess að þörf sé á að skipuleggja nýja valaðferð. Samningurinn skal endurspegla skyldur skráningarstofunnar og innihalda meginreglurnar og málsmeðferðarreglurnar um hlutverk höfuðlénsins .eu sem mælt er fyrir um á grundvelli 10. og 11. gr.

5. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. er framkvæmdastjórninni heimilt, þegar brýna nauðsyn ber til, að tilnefna skráningarstofuna með því að innleiða framkvæmdargerðir sem öðlast gildi þegar í stað í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 17. gr.

9. gr.

Eiginleikar skráningarstofunnar

1. Skráningarstofan skal vera stofnun sem ekki er rekin í hagnaðarskyni. Hún skal hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða höfuðstöðvar innan yfirráðasvæðis Sambandsins.

2. Skráningarstofunni er heimilt að innheimta gjöld. Þau gjöld skulu tengjast beint þeim kostnaði sem stofnað er til.

10. gr.

Skyldur skráningarstofunnar

Skráningarstofunni er skylt að:

a) efla höfuðlénið .eu í Sambandinu og í þriðju löndum,

b) fara að reglum, stefnumiðum og málsmeðferðarreglum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, að samningnum, sem um getur í 4. mgr. 8. gr., og einkum að lögum Sambandsins um gagnavernd,

c) skipuleggja, reka og stjórna höfuðléninu .eu í þágu almannahagsmuna og tryggja mikil gæði, gagnsæi, öryggi, stöðugleika, fyrirsjáanleika, áreiðanleika, aðgengileika, skilvirkni, bann við mismunun, sanngjörn samkeppnisskilyrði og neytendavernd að því er varðar alla þætti stjórnunar og reksturs höfuðlénsins .eu,

d) gera viðeigandi samning þar sem kveðið er á um úthlutun höfuðlénsins .eu, sbr. þó fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar,

e) skrá lénsheiti undir höfuðléninu .eu óski hæfi aðilinn, sem um getur í 3. gr., eftir því,

f) tryggja, með fyrirvara um dómsmál og með fyrirvara um að öryggi hlutaðeigandi aðila sé tryggt með tilliti til málsmeðferðar, möguleikann á að skráningaraðilar og rétthafar geti leyst deilumál vegna samninga við skráningarstofuna utan dómstóla,

g) tryggja aðgengileika og heilleika gagnagrunna fyrir lénsheiti,

h) gera samning, á eigin kostnað og með samþykki framkvæmdastjórnarinnar, við virtan fjárvörsluaðila eða annan fulltrúa vörsluþjónustu með staðfestu á yfirráðasvæði Sambandsins og tilnefna framkvæmdastjórnina sem rétthafa vörslusamningsins ásamt því að leggja daglega fram uppfært rafrænt afrit af innihaldi gagnagrunns höfuðlénsins .eu fyrir viðkomandi fjárvörsluaðila eða fulltrúa vörsluþjónustu,

i) taka í notkun skrárnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr.,

j) stuðla að markmiðum Sambandsins á sviði stjórnunarhátta Netsins, m.a. með því að taka þátt í umræðu á alþjóðavettvangi,

k) birta meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu, sem mælt er fyrir um á grundvelli 11. gr., á öllum opinberum tungumálum stofnana Sambandsins,

l) láta fara fram úttekt, á eigin kostnað, á vegum óháðs aðila a.m.k. á tveggja ára fresti til að votta að hún samrýmist þessari reglugerð og senda niðurstöður slíkra úttekta til framkvæmdastjórnarinnar,

m) að taka þátt í starfi .eu-ráðgjafarhóps á sviði fjölhagsmuna og vera í samstarfi við framkvæmdastjórnina um að bæta hlutverk og stjórnun höfuðlénsins .eu, óski framkvæmdastjórnin eftir því.

11. gr.

Meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu

Samningurinn, sem gerður er milli framkvæmdastjórnarinnar og tilnefndu skráningarstofunnar, í samræmi við 4. mgr. 8. gr., skal innihalda meginreglur og málsmeðferðarreglur um hlutverk höfuðlénsins .eu í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. eftirfarandi:

a) stefnu varðandi lausn deilumála utan dómstóla,

b) kröfur og málsmeðferðarreglur um skráningarbeiðnir, stefnu um sannprófun á skráningarviðmiðunum, stefnu um sannprófun á gögnum rétthafa og stefnu um skráningu lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennskuskyni,

c) stefnu um skráningu lénsheita í misnotkunarskyni og stefnu um að bera tímanlega kennsl á lénsheiti sem hafa verið skráð og notuð gegn betri vitund sem um getur í 4. gr.,

d) stefnu um afturköllun lénsheita,

e) meðferð hugverkarétts,

f) ráðstafanir til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa aðgang að gögnum skráningarstofunnar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um, rannsaka og saksækja fyrir glæpi, eins og kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum sem samrýmast lögum Sambandsins, sbr. þó viðeigandi eftirlitsráðstafanir,

g) nákvæmar málsmeðferðarreglur um hvernig eigi að breyta samningnum.

12. gr.

WHOIS-gagnagrunnurinn

1. Skráningarstofan skal setja upp og stjórna, af tilhlýðilegri kostgæfni, búnaði fyrir WHOIS-gagnagrunninn í þeim tilgangi að tryggja öryggi, stöðugleika og viðnámsþol höfuðlénsins .eu með því að veita nákvæmar og uppfærðar skráningarupplýsingar um lénsheiti undir höfuðléninu .eu.

2. WHOIS-gagnagrunnurinn skal innihalda viðeigandi upplýsingar um tengiliði, sem hafa umsjón með lénsheitunum undir höfuðléninu .eu, og um handhafa lénsheitanna. Upplýsingarnar um WHOIS-gagnagrunninn skulu ekki vera óþarflega umfangsmiklar með tilliti til tilgangs gagnagrunnsins. Skráningarstofan skal starfa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 ([9]).

3. HLUTI

Umsjón með skráningarstofunni

13. gr.

Eftirlit

1. Framkvæmdastjórnin skal vakta og hafa eftirlit með skipulagi, stjórnsýslu og stjórnun skráningarstofunnar í tengslum við höfuðlénið .eu.

2. Framkvæmdastjórnin skal ganga úr skugga um að fjármálastjórnun skráningarstofunnar sé traust og að hún samrýmist ákvæðum þessarar reglugerðar og meginreglum og málsmeðferðarreglum um hlutverk höfuðlénsins .eu eins og um getur í 11. gr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að óska eftir upplýsingum frá skráningarstofunni í því skyni.

3. Í samræmi við eftirlitsstarfsemi sína er framkvæmdastjórninni heimilt að gefa skráningarstofunni sértæk fyrirmæli til að breyta eða bæta skipulag, stjórnsýslu og stjórnun í tengslum við höfuðlénið .eu.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eins og við á, að hafa samráð við .eu-ráðgjafarhópinn á sviði fjölhagsmuna og aðra viðkomandi hagsmunaaðila og að leita sérfræðiráðgjafar varðandi niðurstöður eftirlitsstarfseminnar, sem kveðið er á um í þessari grein, ásamt því að leita leiða til að bæta skipulag, stjórnsýslu og stjórnun skráningarstofunnar í tengslum við höfuðlénið .eu.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

14. gr.

.eu-ráðgjafarhópur á sviði fjölhagsmuna

1. Framkvæmdastjórnin skal stofna .eu-ráðgjafarhóp á sviði fjölhagsmuna. Sá ráðgjafarhópur skal sinna eftirfarandi verkefnum:

a) veita framkvæmdastjórninni ráð um framkvæmd þessarar reglugerðar,

b) gefa framkvæmdastjórninni álit um stefnumótandi málefni varðandi stjórnun, skipulag og stjórnsýslu í tengslum við höfuðlénið .eu, þ.m.t. málefni varðandi öryggi á Netinu og gagnavernd,

c) veita framkvæmdastjórninni ráð um málefni varðandi vöktun og eftirlit með skráningarstofunni, einkum að því er varðar úttektina sem um getur í l-lið 10. gr.,

d) veita framkvæmdastjórninni ráð um bestu starfsvenjur að því er varðar stefnumið og ráðstafanir gegn skráningum lénsheita í misnotkunarskyni, einkum skráningum án réttinda eða lögmætra hagsmuna og skráningum sem notaðar eru gegn betri vitund.

2. Framkvæmdastjórnin skal taka til greina hvers konar ráð sem .eu-ráðgjafarhópurinn á sviði fjölhagsmuna veitir við framkvæmd þessarar reglugerðar.

3. Fulltrúar hagsmunaaðila, sem hafa staðfestu í Sambandinu, skulu valdir í .eu-ráðgjafarhópinn á sviði fjölhagsmuna. Þeir fulltrúar skulu koma úr einkageiranum, tæknisamfélaginu, borgaralega samfélaginu og háskólasamfélaginu sem og frá yfirvöldum aðildarríkja og alþjóðastofnunum. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna aðra fulltrúa en þá sem koma frá yfirvöldum aðildarríkja og alþjóðastofnunum á grundvelli málsmeðferðar sem er opin, án mismununar og gagnsæ, að teknu ýtrasta tilliti til meginreglunnar um jafnrétti kynjanna.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er .eu-ráðgjafarhópnum á sviði fjölhagsmuna heimilt að hafa innan sinn raða einn fulltrúa hagsmunaaðila með staðfestu utan Sambandsins.

5. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal fara með formennsku í .eu-ráðgjafarhópnum á sviði fjölhagsmuna eða einstaklingur sem framkvæmdastjórnin tilnefndir. Framkvæmdastjórnin skal sjá .eu-ráðgjafarhópnum á sviði fjölhagsmuna fyrir skrifstofuþjónustu.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Áskilnaður réttinda

Sambandið skal halda eftir réttindum varðandi höfuðlénið .eu, einkum hugverkaréttindum eða öðrum réttindum gagnagrunna skráningarstofunnar, sem eru nauðsynleg til að tryggja framkvæmd þessarar reglugerðar, sem og réttindum til að endurtilnefna skráningarstofuna.

16. gr.

Mat og endurskoðun

1. Eigi síðar en 13. október 2027 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin meta framkvæmd, skilvirkni og hlutverk höfuðlénsins .eu, einkum á grundvelli upplýsinganna sem skráningarstofan leggur fram samkvæmt l-lið 10. gr.

2. Eigi síðar en 30. júní 2020 skal framkvæmdastjórnin meta, að teknu tilliti til gildandi venja, hvort og hvernig skráningarstofan á að starfa með Hugverkastofu Evrópusambandsins og öðrum sérstofnunum Sambandsins með það fyrir augum að berjast gegn skráningum lénsheita sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni og hvort og hvernig ákvarða eigi einfalda stjórnsýslumeðferð, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja til frekari ráðstafanir hvað þetta varðar, ef þörf krefur.

3. Eigi síðar en 13. október 2024 skal framkvæmdastjórnin meta möguleikann á að víkka út viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 9. gr., og henni er heimilt, ef við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður matsins sem um getur í 1. og 2. mgr.

17. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fjarskiptanefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/1972 ([10]). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 í tengslum við 5. gr. hennar.

18. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 1. mgr. 8. gr., til fimm ára frá 18. apríl 2019. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 1. mgr. 8. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 1. mgr. 8. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

19. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Handhafar lénsheita sem hafa lénsheiti sem skráð voru skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002 skulu halda réttindum sínum í tengslum við núgildandi skráð lénsheiti.

2. Eigi síðar en 12. október 2021 skal framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tilnefna einingu sem skráningarstofu og gera samning við hana samkvæmt þessari reglugerð. Samningurinn skal taka gildi frá og með 13. október 2022.

3. Samningurinn sem gerður var milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar, samkvæmt c-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002, skal vera áfram í gildi til og með 12. október 2022.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

20. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 733/2002

Í stað b-liðar 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002 komi eftirfarandi:

„b) skrá lénsheiti undir höfuðlénið .eu fyrir milligöngu faggiltra .eu-skráningaraðila að beiðni:

i. borgara Sambandsins, óháð búsetustað,

ii. einstaklings sem er ekki borgari Sambandsins en búsettur í aðildarríki,

iii. fyrirtækis með staðfestu í Sambandinu eða

iv. stofnunar með staðfestu í Sambandinu, sbr. þó beitingu landslaga.“

21. gr.

Niðurfelling

Reglugerðir (EB) nr. 733/2002 og (EB) 874/2004 eru felldar úr gildi frá og með 13. október 2022.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. október 2022.

Ákvæði 20. gr. gilda hins vegar frá 19. október 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1839 **2020/EES/50/22**

frá 31. október 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 að því er varðar ákvörðun og skýrslugjöf um WLTP-koltvísýringsgildi fyrir tiltekna flokka nýrra léttra atvinnuökutækja og um aðlögun á ílagsgögnunum fyrir fylgnitólið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 8. gr. og þriðju undirgrein 6. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Setja má létt atvinnuökutæki, sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 ([2]) og þar sem gerðarviðurkenningin hefur verið rýmkuð samkvæmt fjórðu málsgrein 2. gr. þeirrar reglugerðar, á markað árið 2020 og síðustu ökutæki gerðar fram til júní 2022, með losunargildi koltvísýrings sem eru ákvörðuð í samræmi við nýju evrópsku akstursloturna (NEDC).

2) Hins vegar ætti að gera fullnægjandi grein fyrir þeim ökutækjum í útreikningum á markmiðum um sértæka losun koltvísýrings sem gilda um framleiðendur frá 2021–2024 og við sannprófun á því að farið sé að þeim markmiðum á árunum 2021 og 2022 í samræmi við 1.–5. lið B-hluta I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ([3]).

3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 ([4]) er kveðið á um aðferð til að sýna fram á fylgni milli NEDC-gilda fyrir koltvísýringslosun og þeirra gilda sem ákvörðuð eru samkvæmt WLTP-prófunaraðferðinni, eins og sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([5]). Því er rétt að skýra frá því í reglugerð (ESB) 2017/1152 hvaða WLTP-gildum fyrir koltvísýringslosun ætti að úthluta þessum sérhópi léttra atvinnuökutækja í því skyni að tryggja að með þeim sé tekið tillit til þeirra gilda fyrir koltvísýringslosun sem ákvarða á fyrir þennan hóp ökutækja frá 1. janúar 2021 í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 ([6]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 282, 4.11.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 145, 31.5. 2011, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um koltvísýringslosun nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1152 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni með tilliti til léttra atvinnuökutækja og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 293/2012 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 644).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1–643).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

4) Í reglugerð (ESB) 2019/631 er kveðið á um að markmiðin fyrir koltvísýringslosun fyrir allan flotann í ESB að því er varðar ný, létt atvinnuökutæki fyrir árin 2025 og 2030 skuli reiknuð út á grundvelli koltvísýringslosunar sem er mæld í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151 fyrir ný, létt atvinnuökutæki sem eru skráð árið 2020 (hér á eftir nefnd „mæld gildi fyrir koltvísýringslosun“).

5) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 eru settar reglur um hvernig framleiðendur eigi að reikna út og gefa skýrslu um þessi mældu gildi fyrir koltvísýringslosun. Það er hins vegar nauðsynlegt að tilgreina nánar hvernig eigi að ákvarða þau gildi, einkum að því er varðar tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu.

6) Einnig ætti að gera grein fyrir því hvernig eigi að ákvarða mæld gildi fyrir koltvísýringslosun ef gerðar eru nokkrar prófanir á koltvísýringslosun að því er varðar gerðarviðurkenningu.

7) Ákvarða ætti fylgni á milli koltvísýringslosunar frá tvinnrafökutækjum, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og frá tvinnrafökutækjum ætluð fyrir ytri hleðslu á grundvelli raunprófunar ökutækis en ekki á grundvelli hermunar sem er framkvæmd með því að nota fylgnitólið, vegna þess hversu flókið það er að aðlaga fylgnitólið þannig að tillit sé tekið til slíkrar ökutækjatækni. Til að tryggja skilvirka sannprófun á fylgniniðurstöðunum ætti hins vegar að veita framkvæmdastjórninni tæknileg prófunargögn varðandi þau ökutæki á sama hátt og fyrir hefðbundin ökutæki.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1152 er breytt sem hér segir:

1) Í stað d-liðar 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„d) að því er varðar síðustu ökutæki gerðar, sem um getur í 27. gr. tilskipunar 2007/46/EB, og N1-ökutæki með viðmiðunarmassa á bilinu 2380 kg og 2610 kg sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009, að því er varðar hreyfla þeirra, og þar sem gerðarviðurkenningin hefur verið rýmkuð í samræmi við fjórðu málsgrein 2. gr. þeirrar reglugerðar („N1-ökutæki með upphafshönnun sem þung ökutæki“): mæld NEDC-koltvísýringsgildi og, ef þau eru fyrir hendi, NEDC-koltvísýringsgildi.“

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Að því er varðar N1-ökutæki með upphafshönnun sem þung ökutæki sem eru skráð árið 2020 þar sem losunargildi koltvísýrings hafa verið ákvörðuð í samræmi við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 101, eins og um getur í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011, í útgáfu hennar frá 31. janúar 2014, skal eftirfarandi gilda:

a) Ef rýmkun gerðarviðurkenningar hefur verið heimiluð, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009, eigi síðar en 31. desember 2020, og ef WLTP-koltvísýringsgildi hefur verið ákvarðað í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151 í tengslum við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011 skal úthluta hverju N1-ökutæki með upphafshönnun sem þungt ökutæki, sem er skráð árið 2020, því WLTP-koltvísýringsgildi ef kóði gerðar, afbrigðis og útfærslu þess ökutækis er sá sami og sá sem skráður er í gerðarviðurkenningarvottorði viðkomandi rýmkaðrar gerðarviðurkenningar.

Framleiðandinn skal, eigi síðar en 28. febrúar 2021, leggja fyrir framkvæmdastjórnina eftirfarandi upplýsingar um hvert ökutæki sem fellur undir þennan lið:

i. verksmiðjunúmer ökutækis,

ii. kóða gerðar, afbrigðis og útfærslu,

iii. gerðarviðurkenningarnúmer, ásamt númeri rýmkunar,

iv. afrit af gerðarviðurkenningarvottorðinu.

b) Ef gerðarviðurkenning, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 595/2009, hefur ekki verið rýmkuð eigi síðar en 31. desember 2020 skal úthluta hverju hlutaðeigandi N1-ökutæki með upphafshönnun sem þungt ökutæki eftirfarandi WLTP-koltvísýringsgildi:

$$\mathrm{WLTP_{CO2}} = NEDC_{ind} \times \left(\frac{WLTP_{2020}}{NEDC_{2020}}\right)$$

þar sem:

$NEDC_{ind}$ er mælt NEDC-koltvísýringsgildi árið 2020 fyrir einstakt ökutæki,

$NEDC_{2020}$ er meðaltal sértækrar koltvísýringslosunar framleiðandans árið 2020, sem ákvarðað er í samræmi við þessa reglugerð og reiknað í samræmi við annan undirlið í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 11. gr. þeirrar reglugerðar,

$WLTP_{2020}$ er meðaltal sértækrar koltvísýringslosunar framleiðandans árið 2020, sem er ákvarðað í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151 eða í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar, reiknað í samræmi við annan undirlið í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631, án tillits til koltvísýringssparnaðar sem hlýst af beitingu 11. gr. þeirrar reglugerðar.

Gildin $NEDC_{2020}$ og $WLTP_{2020}$ skulu aðeins taka til þeirra ökutækja sem hafa WLTP-koltvísýringsgildi sem er ákvarðað í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1151 eða a-lið þessarar málsgreinar.

Framleiðandinn skal, eigi síðar en 28. febrúar 2021, leggja fyrir framkvæmdastjórnina afrit af samræmisvottorði fyrir hvert ökutæki sem fellur undir þennan lið.

Ef framleiðandinn leggur ekki fram upplýsingarnar og skjölin, sem um getur í a- og b-lið, skal úthluta hlutaðeigandi ökutækjum WLTP-koltvísýringsgildið, eins og sett er fram í a-lið 2. mgr. þessarar greinar.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað inngangsundirgreinarinnar kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar síðustu ökutæki gerðar sem ekki hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 en sem hafa verið skráð árið 2020 skal úthluta hverju skráðu ökutæki eftirfarandi WLTP-koltvísýringsgildi:“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Að því er varðar síðustu ökutæki gerðar, sem eru skráð árin 2021 og 2022, skulu WLTP-koltvísýringsgildin sem á að úthluta hverju þeirra ökutækja vera þau sem ákvörðuð eru í samræmi við b-lið 1. mgr. a í þessari grein.“

3) Ákvæðum 6. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Framleiðendur skulu reikna út koltvísýringslosunina við blandaðan akstur eða, eftir atvikum, veginn, blandaðan akstur, ákvörðuð sem $M_{CO2,measured}$ fyrir hvert létt atvinnuökutæki sem er skráð árið 2020, í samræmi við eftirfarandi:

a) fyrir ökutæki sem hafa eingöngu brunahreyfil:

jafnan til að reikna út $M_{CO2-ind}$, sem sett er fram í annarri undirgrein liðar 3.2.3.2.4 í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, þar sem í stað M_{CO2-H} og M_{CO2-L} fyrir viðkomandi brúnarhóp koma gildin $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) í liðunum 2.5.1.1.3 (ökutæki H) og 2.5.1.2.3 (ökutæki L) í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

b) fyrir tvinnrafökutæki, sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu (NOVC-HEV):

jafnan: $M_{CO2-measured} = M_{CO2-L,C,5} + K_{ind}$ x $(M_{CO2-H,C,5} - M_{CO2-L,C,5})$

þar sem:

$M_{CO2-L,C,5}$ er gildið $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) fyrir viðkomandi brúnarhóp í liðnum 2.5.1.2.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1115,

K_{ind} er brúnarstuðullinn fyrir einstakt ökutæki, sem um ræðir, fyrir gildandi WLTP-prófunarlotu, eins og tilgreint er í lið 4.5.3 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

$M_{CO2-H,C,5}$ er gildið $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) fyrir viðkomandi brúnarhóp í liðnum 2.5.1.1.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

c) fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu (OVC-HEV):

jafnan: $M_{CO2-mæld} = M_{CO2-L,C,5} + K_{ind}$ x $(M_{CO2-H,C,5} - M_{CO2-L,C,5})$

þar sem:

$M_{CO2-L,C,5}$, $M_{CO2-H,C,5}$ eru ákvörðuð, að því er varðar viðkomandi brúnarhóp, í samræmi við formúluna sem sett er fram í lið 4.1.3.1 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, þar sem í stað $M_{i,CDj}$ kemur gildið $M_{CO2,CD}$ (við blandaðan akstur) í lið 2.5.3.2 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir ökutæki H og L, eftir því sem við á, og í stað $M_{i,CS}$ kemur gildið $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) í lið 2.5.3.1 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir ökutæki H, L eða M, eftir því sem við á,

K_{ind} er brúnarstuðull fyrir einstakt ökutæki, sem um ræðir, fyrir gildandi WLTP-prófunarlotu, eins og skilgreint er í lið 4.5.3 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.“

b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Þar sem fleiri en ein mæling er skráð í liðum 2.5.1.1.3., 2.5.1.2.3., 2.5.3.1. eða 2.5.3.2. í EB-gerðarviðurkenningarvottorði skulu gildin $M_{CO2,C,5}$ eða $M_{CO2,CD}$, sem um getur í 1. mgr. að því er þetta ákvæði varðar, ákvörðuð sem hér segir:

a) ef um er að ræða eina mælingu: gildi við blandaðan akstur sem skráð er fyrir prófun 1,

b) ef um er að ræða tvær mælingar: meðaltal tveggja gilda við blandaðan akstur sem skráð eru fyrir prófanir 1 og 2,

c) ef um er að ræða þrjár mælingar: meðaltal þriggja gilda við blandaðan akstur sem skráð eru fyrir prófanir 1, 2 og 3.“

4) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað síðasta málsliðar annarrar málsgreinar í lið 2.1 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu skal ákvarða NEDC-koltvísýringsgildin sem nota á sem viðmiðun að því er varðar 3. lið með því að gera raunprófanir á ökutækjum í stað hermunar með fylgnitólinu. Framkvæma skal raunmælingar í samræmi við viðeigandi ákvæði um raunprófanir á ökutækjum sem sett eru fram í þessum viðauka. Ílagsgögnin fyrir raunprófanir á ökutækjum skulu ákvörðuð og lögð fyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldið eða, eftir atvikum, tækniþjónustuna í samræmi við lið 2.4.“

b) Í stað a-liðar í lið 2.2a kemur eftirfarandi:

„a) leiðrétting á niðurstöðum úr WLTP-prófun fyrir massalosun koltvísýrings, í samræmi við 2. viðbæti 6. undirviðauka og 2. viðbæti 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, skal gilda um allar slíkar prófunarniðurstöður, þrátt fyrir ákvæði a-liðar í lið 3.4.4 í 2. viðbæti 6. undirviðauka og a-liðar í lið 1.1.4 í 2. viðbæti 8. undirviðauka XXI. viðauka við þá reglugerð,“.

c) Töflu 1 í lið 2.4 er breytt sem hér segir:

i. Í stað textans í öðrum dálki í færslu 24 fyrir neðan „Ílagsþættir fyrir fylgnitólið“ koma orðin „Rýmd rafgeymis í notkun“.

ii. Í stað færslna 38 til 41 kemur eftirfarandi:

„38	WLTP-koltvísýringsgildi, 1. stig (gildi í hleðsluham (e. *charge-sustaining*) ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1. í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við lághraðastig*
39	WLTP-koltvísýringsgildi, 2. stig (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Sama og hér að framan	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við meðalhraðastig*

40	WLTP-koltvísýringsgildi, 3. stig (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Sama og hér að framan	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við háhraðastig*
41	WLTP-koltvísýringsgildi, 4. stig (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Sama og hér að framan	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við hæsta háhraðastig.“*

iii. Í stað textans í færslu 60 í öðrum dálki fyrir neðan „Ílagsþættir fyrir fylgnitólið“ kemur „WLTP — straumur riðstraumsrafala (jafnstraumur-jafnstraumsumriðill- lágspennumegin — ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)“.

iv. Í stað textans í öðrum dálki í færslu 61 fyrir neðan „Ílagsþættir fyrir fylgnitólið“ koma orðin „Straumur rafgeymis í notkun.“

v. Færsla 75 fellur brott.

vi. Í stað færslu 77 kemur eftirfarandi:

„77	Mælt WLTP-koltvísýringsgildi sem er leiðrétt fyrir ökutæki H og/eða L (gildi í hleðsluham fyrir tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	g/km	Liður 2.1.1.2.1 í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Mæld koltvísýringslosun við blandaðan akstur fyrir ökutæki H og L eftir allar viðeigandi leiðréttingar, $M_{CO2,C,5}$.* Ef um er að ræða tvær eða þrjár WLTP-prófanir skulu allar mældar niðurstöður uppgefnar (nema frá tvinnrafökutækjum, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutækjum ætluð fyrir ytri hleðslu þar sem aðeins skal gefa upp lokagerðarviðurkenningargildið).“

vii. Eftirfarandi færslur 79 til 101 bætast við:

„79	WLTP-koltvísýringsniðurstöður í afhleðsluham (e. *charge-depleting*) (við blandaðan akstur)	gCO_2/km	2.5.3.2 í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Massalosun koltvísýrings í afhleðsluham við blandaðan akstur $M_{CO2,CD}$ (meðalgildi ef um er að ræða 2 eða 3 prófanir) fyrir prófun I, eins og reiknað er út samkvæmt lið 4.1.2 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
80	Koltvísýringslosun við blandaðan akstur vegin með WLTP-nýtingarstuðli (mæld)	gCO_2/km	Reiknað út samkvæmt lið 4.1.3.1 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Reiknaðar vegnar niðurstöður við blandaðan akstur (mældar), eins og lýst er í c-lið 1. mgr. 7. gr. a þessarar reglugerðar (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
81	Koltvísýringslosun við blandaðan akstur vegin með WLTP-nýtingarstuðli (uppgefin)	gCO_2/km	Liður 2.5.3.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu	*Reiknaðar vegnar niðurstöður við blandaðan akstur (uppgefnar) í lið 2.5.3.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
82	WLTP-jafngildi, full rafdrægni (EAER) við blandaðan akstur	km	Liður 2.5.3.7.2 (EAER) í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu	*Jafngild, full rafdrægni við blandaðan akstur (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
83	Skrárnúmer umbreytingarlotunnar	—	Liður 2.1.1.4.1.4 í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu skal tilgreina skrárnúmer umbreytingarlotunnar*

84	Hlutfallsleg breyting á raforku (REECi) í hverri afhleðsluprófun	—	Reiknað út samkvæmt lið 3.2.4.5.2 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Tilgreina skal hlutfallslega breytingu á raforku í hverri afhleðsluprófun*
85	NEDC-koltvísýringslosun í hleðsluham (uppgefin, skilyrði B)	gCO_2/km	Upplýsingaskjal (3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151) (fyrir tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu: liður 3.5.7.2.1; fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu: liður 3.5.7.2.2)	*OEM-yfirlýsing fyrir tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu: uppgefið NEDC-koltvísýringsgildi við blandaðan akstur. Fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu: uppgefin massalosun koltvísýrings í hleðsluham (NEDC-skilyrði B).*
86	NEDC-koltvísýringslosun í afhleðsluham (uppgefin, skilyrði A)	gCO_2/km	Upplýsingaskjal (liður 3.5.7.2.3 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151)	*Koltvísýringslosun í afhleðsluham við blandaðan akstur, OEM-yfirlýsing (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
87	Vegin NEDC-koltvísýrings-losun við blandaðan akstur (uppgefin)	gCO_2/km	OEM-yfirlýsing	*OEM-yfirlýsing (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
88	NEDC-rafdrægni fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu (uppgefin)	km	OEM-yfirlýsing	*OEM-yfirlýsing (aðeins tvinn-rafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)*
89	K_{CO2}- stuðull fyrir leiðréttingu á hleðsluham	(g/km)/(Wh/km)	liður 2.3.2 í 2. viðbæti í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*RCB-leiðréttingarstuðull fyrir massalosun koltvísýrings fyrir tvinnrafökutæki, sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu*
90	Lögun blendingsökutækis (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	—		*Er ökutækið útbúið rafvél, sem notuð er til að knýja ökutækið, og raforkuframleiðslu í stöðunni P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4, eða samsetningu þeirra? OEM-yfirlýsing*
91	Hámarksafköst hverrar rafvélar (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	kW	Liður 3.3.1.1.1 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*OEM-yfirlýsing*
92	Hámarkssnúningsvægi hverrar rafvélar (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	Nm		*OEM-yfirlýsing*
93	Fyrir hverja rafvél, hlutfallið á milli snúningshraða og viðmiðunarsnúningshraða (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (*)	—		*OEM-yfirlýsing*
94	Rýmd endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi	Ah	Liður 3.3.2.3 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*OEM-yfirlýsing*

95	Rafstraumur í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	A	3. viðbætir í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*20Hz tímaraðargildi sem notuð eru við prófun eða prófanir sem eru endurgerðar við 1Hz*
96	Tegund tækni fyrir endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	—	Liður 1.1.10 í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*OEM-yfirlýsing*
97	Upphaflegt hleðsluástand endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi	%		*OEM-yfirlýsing*
98	Fjöldi hólfa í endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu		Liður 3.3.2.1 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*OEM-yfirlýsing*
99	Nafnspenna/tímaröð fyrir endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	V	3. viðbætir í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Nafngildi eða tímaröðunargildi sem notuð eru við prófunina (lágmark 20Hz)*
100	Fríhjólunarvirkni með hreyfilinn í lausagangi	—	J/N	*Hefur ökutækið fríhjólunarvirkni með hreyfilinn í lausagangi (hreyfillinn er látinn ganga í lausagangi á meðan ökutækið fríhjólar til þess að spara eldsneyti)?*
101	Fríhjólunarvirkni án hreyfilafls	—	J/N	*Hefur ökutækið fríhjólunarvirkni án hreyfilafls (hreyfillinn er látinn slökkva á sér á meðan ökutækið fríhjólar til þess að spara eldsneyti)?*

(*) P0: rafvélin er tengd drifbúnaði hreyfilsins og hefur því snúningshraða hreyfils sem viðmiðunarsnúningshraða.
P1: rafvélin er tengd sveifarás hreyfilsins og hefur því snúningshraða hreyfils sem viðmiðunarsnúningshraða.
P2: rafvélin er uppsett beint fyrir framan gírskiptinguna (gírkassann eða samfelldu, stiglausu skiptinguna) og hefur því innhraða gírskiptingar sem viðmiðunarsnúningshraða.
P2 stjörnugír: rafvélin er tengd gírnum í stjörnuhjólasamstæðu sem er hvorki tengd brunahreyflinum né ásdrifinu sem vísað er til hér sem stjörnugírsmegin. Í þessu tilviki er hraðahlutfallið, sem á að tilgreina, hlutfallið á milli rafvélarinnar og snúningshraða stjörnugírsins (viðmiðunarsnúningshraði) sem endurspeglar áhrif hraðaaukningar/hraðaniðurfærslu á niðurfærslugírinn.
P3: rafvélin er uppsett beint fyrir framan ásdrif drifáss og hefur því snúningshraða ásdrifsins sem viðmiðunarsnúningshraða (þetta tekur til rafvéla sem eru uppsettar á gírnum ásdrifsmegin í stjörnuhjólasamstæðu). Ökutæki getur haft allt að tvo P3 hreyfla (einn fyrir framás (P3a) og einn fyrir afturás (P3b).
P4: rafvélin er uppsett fyrir aftan ásdrifið og hefur því snúningshraða hjóls sem viðmiðunarsnúningshraða. Ökutæki getur haft allt að fjóra P4 hreyfla (einn fyrir hvert hjól, þar sem P4a vísar til framhjóla og P4b til afturhjóla).
Tilgreina skal viðbótarforskriftir varðandi þessi ílagsgögn á innsláttarforminu fyrir fylgnitólið.“

d) Eftirfarandi málsliður bætist við í annarri málsgrein liðar 4.2.1.4.2:

„Ef um er að ræða d-lið, þar sem ökumótstöðustuðlar fyrir ökumótstöðufylkjahópinn hafa verið ákvarðaðir í samræmi við a-lið liðar 2.3.8.2.1, er heimilt að ákvarða ökumótstöðustuðla fyrir einstök ökutæki í samræmi við formúluna sem sett er fram í annarri málsgrein liðar 4.2.1.5.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði c-liðar 4. liðar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1840 **2020/EES/50/23**

frá 31. október 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 að því er varðar skýrslugjöf um WLTP-koltvísýringsgildi fyrir tiltekna flokka nýrra fólksbifreiða og um aðlögun á ílagsgögnunum fyrir fylgnitólið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ([1]), einkum fyrstu undirgrein 9. mgr. 8. gr. og fyrstu undirgrein 7. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ([2]) er kveðið á um að markmiðin fyrir koltvísýringslosun fyrir allan flotann í ESB að því er varðar nýjar fólksbifreiðar fyrir árin 2025 og 2030 skuli reiknuð út á grundvelli koltvísýringslosunar sem er mæld í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([3]) fyrir nýjar fólksbifreiðar sem eru skráðar árið 2020 (hér á eftir nefnd „mæld gildi fyrir koltvísýringslosun“).

2) Í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 ([4]) eru settar reglur um hvernig framleiðendur eigi að reikna út og gefa skýrslu um mældu gildin fyrir koltvísýringslosun. Það er hins vegar nauðsynlegt að tilgreina nánar hvernig þau gildi skulu ákvörðuð, einkum að því er varðar tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu.

3) Einnig ætti að gera grein fyrir því hvernig eigi að ákvarða mæld gildi fyrir koltvísýringslosun ef gerðar eru nokkrar prófanir á koltvísýringslosun að því er varðar gerðarviðurkenningu.

4) Ákvarða ætti fylgni á milli koltvísýringslosunar frá tvinnrafökutækjum, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og frá tvinnrafökutækjum ætluð fyrir ytri hleðslu á grundvelli raunprófunar ökutækis en ekki á grundvelli hermunar sem er framkvæmd með því að nota fylgnitólið, vegna þess hversu flókið það er að aðlaga fylgnitólið þannig að tillit sé tekið til slíkrar ökutækjatækni. Til að tryggja skilvirka sannprófun á fylgniniðurstöðunum ætti hins vegar að veita framkvæmdastjórninni tæknileg prófunargögn varðandi þau ökutæki á sama hátt og fyrir hefðbundin ökutæki.

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 282, 4.11.2019, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6. 2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um koltvísýringslosun nýrra fólksbifreiða og nýrra léttra atvinnuökutækja og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1153 frá 2. júní 2017 um aðferð til að ákvarða nauðsynlegar fylgnibreytur til að endurspegla breytinguna á lögbundnu prófunaraðferðinni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 679).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/1153 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 7. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Framleiðendur skulu reikna út koltvísýringslosunina við blandaðan akstur eða, eftir atvikum, veginn, blandaðan akstur, ákvörðuð sem $M_{CO2,measured}$ fyrir hverja nýja fólksbifreið sem er skráð árið 2020, í samræmi við eftirfarandi jöfnur:

a) fyrir ökutæki sem hafa eingöngu brunahreyfil:

jafnan til að reikna út $M_{CO2-ind}$, sem er sett fram í annarri undirgrein liðar 3.2.3.2.4. í 7. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, þar sem í stað M_{CO2-H} og M_{CO2-L} fyrir viðkomandi brúunarhóp koma gildin $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) í liðunum 2.5.1.1.3 (ökutæki H) og 2.5.1.2.3. (ökutæki L) í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

b) fyrir tvinnrafökutæki, sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu (NOVC-HEV):

jafnan: $M_{CO2-measured} = M_{CO2-L,C,5} + K_{ind} \times (M_{CO2-H,C,5} - M_{CO2-L,C,5})$

þar sem:

$M_{CO2-L,C,5}$ er gildið $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) fyrir viðkomandi brúunarhóp í liðnum 2.5.1.2.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/115,

K_{ind} er brúunarstuðullinn fyrir einstakt ökutæki, sem um ræðir, fyrir gildandi WLTP-prófunarlotu, eins og tilgreint er í lið 4.5.3 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

$M_{CO2-H,C,5}$ er gildið $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) fyrir viðkomandi brúunarhóp í liðnum 2.5.1.1.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, eins og tilgreint er í fyrirmyndinni sem sett er fram 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151,

c) fyrir tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu (OVC-HEV):

jafnan: $M_{CO2-measured} = M_{CO2-L,C,5} + K_{ind} \times (M_{CO2-H,C,5} - M_{CO2-L,C,5})$

þar sem:

$M_{CO2-L,C,5}$, $M_{CO2-H,C,5}$ eru ákvörðuð, að því er varðar hlutaðeigandi brúunarhóp, í samræmi við formúluna sem sett er fram í lið 4.1.3.1 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, þar sem í stað $M_{i,CDj}$ kemur gildið $M_{CO2,CD}$ (við blandaðan akstur) í lið 2.5.3.2 í EB-gerðarviðurkenningarvottorði fyrir ökutæki H og L, eftir því sem við á, og í stað $M_{i,CS}$ kemur gildið $M_{CO2,C,5}$ (við blandaðan akstur) í lið 2.5.3.1 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir ökutæki H, L eða M, eftir því sem við á.

K_{ind} er brúunarstuðull fyrir einstakt ökutæki, sem um ræðir, fyrir gildandi WLTP-prófunarlotu, eins og skilgreint er í lið 4.5.3 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.“

b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Þar sem fleiri en eitt mæligildi er skráð í liðum 2.5.1.1.3, 2.5.1.2.3, 2.5.3.1 eða 2.5.3.2. í EB-gerðarviðurkenningarvottorði skulu gildin $M_{CO2,C,5}$ eða $M_{CO2,CD}$, sem um getur í 1. mgr. að því er varðar þetta ákvæði, ákvörðuð sem hér segir:

a) ef um er að ræða eina mælingu: gildi við blandaðan akstur sem skráð er fyrir prófun 1,

b) ef um er að ræða tvær mælingar: meðaltal tveggja gilda við blandaðan akstur sem skráð eru fyrir prófanir 1 og 2,

c) ef um er að ræða þrjár mælingar: meðaltal þriggja gilda við blandaðan akstur sem skráð eru fyrir prófanir 1, 2 og 3.“

2) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað síðasta málsliðar annarrar málsgreinar í lið 2.1 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu skal ákvarða NEDC-koltvísýringsgildin sem nota skal sem viðmiðun að því er varðar 3. lið með því að gera raunprófanir á ökutækjum í stað hermunar með fylgnitólinu. Framkvæma skal raunmælingar í samræmi við viðeigandi ákvæði um raunprófanir á ökutækjum sem sett eru fram í þessum viðauka. Ílagsgögnin fyrir raunprófanir á ökutækjum skulu ákvörðuð og lögð fyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldið eða, eftir atvikum, í samræmi við lið 2.4.“

b) í stað a-liðar í lið 2.2a kemur eftirfarandi:

„a) leiðrétting á niðurstöðum úr WLTP-prófun fyrir massalosun koltvísýrings, í samræmi við 2. viðbæti 6. undirviðauka og 2. viðbæti 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151, skal gilda um allar slíkar prófunarniðurstöður, þrátt fyrir ákvæði a-liðar í lið 3.4.4 í 2. viðbæti 6. undirviðauka og a-liðar í lið 1.1.4 í 2. viðbæti 8. undirviðauka XXI. viðauka við þá reglugerð,“.

c) Töflu 1 í lið 2.4 er breytt sem hér segir:

i. Í stað textans í öðrum dálki í færslu 24 fyrir neðan „Ílagsþættir fyrir fylgnitólið“ koma orðin „Rýmd rafgeymis í notkun“.

ii. Í stað færslna 38 til 41 kemur eftirfarandi:

„38	WLTP-koltvísýringsgildi, 1. stig (gildi í hleðsluham (e. *charge-sustaining*) ef um er að ræða tvinn-rafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Liður 2.1.1.2.1. í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við lághraðastig*
39	WLTP-koltvísýringsgildi, 2. stig (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinn-rafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Sama og hér að framan	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við meðalhraðastig*
40	WLTP-koltvísýringsgildi, 3. stig (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinn-rafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Sama og hér að framan	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við háhraðastig*
41	WLTP-koltvísýringsgildi, 4. stig (gildi í hleðsluham ef um er að ræða tvinn-rafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)	gCO_2/km	Sama og hér að framan	*Óleiðrétt mæligildi $M_{CO2,p,1}$ við hæsta háhraðastig“.*

iii. Í stað textans í færslu 60 í öðrum dálki fyrir neðan „Ílagsþættir fyrir fylgnitólið“ kemur „WLTP – straumur riðstraumsrafala (jafnstraumur-jafnstraumsumriðill – lágspennumegin — ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu)“.

iv. Í stað textans í öðrum dálki í færslu 61 undir „Ílagsþættir fyrir fylgnitólið“ koma orðin „Straumur rafgeymis í notkun“.

v. Færsla 75 fellur brott.

vi. Í stað færslu 77 kemur eftirfarandi:

„77	Mælt WLTP-kolt-vísýringsgildi sem er leiðrétt fyrir ökutæki H og/eða L (gildi í hleðslu-ham ef um er að ræða tvinnrafökutæki, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, og tvinnraföku-tæki ætluð fyrir ytri hleðslu)	g/km	Liður 2.1.1.2.1 í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	*Mæld koltvísýringslosun við blandaðan akstur fyrir ökutæki H og L eftir allar viðeigandi leiðréttingar, $M_{CO2,C,5}$. Ef um er að ræða tvær og þrjár WLTP-prófanir skulu allar mældar niðurstöður uppgefnar (að undanþegnum tvinnrafökutækjum, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, eða tvinnrafökutækjum ætluð fyrir ytri hleðslu).“*

vii. Eftirfarandi færslur 79 til 101 bætast við:

„79	WLTP-koltvísýringsniðurstöður í afhleðsluham (e. *charge-depleting*) (við blandaðan akstur)	gCO_2/km	Liður 2.5.3.2 í 4. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	Massalosun koltvísýrings í afhleðsluham við blandaðan akstur $M_{CO2,CD}$ (meðalgildi ef um er að ræða tvær eða þrjár prófanir) fyrir prófun I, eins og reiknað er út samkvæmt lið 4.1.2 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151 (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)
80	Koltvísýringslosun við blandaðan akstur vegin með WLTP-nýtingarstuðli (mæld)	gCO_2/km	Reiknað út samkvæmt lið 4.1.3.1 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	Reiknaðar vegnar niðurstöður við blandaðan akstur (mældar), eins og lýst er í c-lið 1. mgr. 7. gr. a þessarar reglugerðar (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)
81	Koltvísýringslosun við blandaðan akstur vegin með WLTP-nýtingarstuðli (uppgefin)	gCO_2/km	Liður 2.5.3.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorði	Reiknaðar vegnar niðurstöður við blandaðan akstur (uppgefnar) í lið 2.5.3.3 í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)
82	WLTP-jafngildi, full rafdrægni (EAER) við blandaðan akstur	km	Liður 2.5.3.7.2 (EAER) í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu	Jafngild, full rafdrægni (EAER) við blandaðan akstur (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)
83	Skrárnúmer umbreytingarlotunnar	—	Liður 2.1.1.4.1.4 í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu skal tilgreina skrárnúmer umbreytingarlotunnar
84	Hlutfallsleg breyting á raforku REECi í hverri afhleðsluprófun	—	Reiknað út samkvæmt lið 3.2.4.5.2 í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	Tilgreina skal hlutfallslega breytingu á raforku í hverri afhleðsluprófun
85	NEDC-koltvísýringslosun í hleðsluham (uppgefin, skilyrði B)	gCO_2/km	Upplýsingaskjal (3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151) (fyrir tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu: liður 3.5.7.2.1; fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu: liður 3.5.7.2.2)	OEM-yfirlýsing fyrir tvinnrafökutæki sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu: uppgefin NEDC-koltvísýringslosun við blandaðan akstur, fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu: uppgefin massalosun koltvísýrings við blandaðan akstur í hleðsluham (NEDC-skilyrði B).
86	NEDC-koltvísýringslosun í afhleðsluham (uppgefin, skilyrði A)	gCO_2/km	Upplýsingaskjal (liður 3.5.7.2.3 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151)	Koltvísýringslosun í afhleðsluham við blandaðan akstur, OEM-yfirlýsing (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)
87	Vegin NEDC-koltvísýringslosun við blandaðan akstur (uppgefin)	gCO_2/km	OEM-yfirlýsing	OEM-yfirlýsing (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)

88	NEDC-rafdrægni fyrir tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu (uppgefin)	km	OEM-yfirlýsing	OEM-yfirlýsing (aðeins tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu)
89	K_{CO2}- stuðull til leiðréttingar á hleðsluham	(g/km)/(Wh/km)	Liður 2.3.2 í 2. viðbæti í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	RCB-leiðréttingarstuðull fyrir massalosun koltvísýrings fyrir tvinnrafökutæki, sem ekki er ætlað fyrir ytri hleðslu, og tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu
90	Lögun blendingsökutækis (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (***)	—		Er ökutækið útbúið rafvél sem notuð er til að knýja ökutækið og rafork-uframleiðslu í stöðunni P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4 eða samsetningu þeirra? OEM-yfirlýsing
91	Hámarksafköst hverrar rafvélar (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (***)	kW	Liður 3.3.1.1.1 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	OEM-yfirlýsing
92	Hámarkssnúningsvægi hverrar rafvélar (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (***)	Nm		OEM-yfirlýsing
93	Fyrir hverja rafvél, hlutfallið á milli snúningshraða og viðmiðunarsnúningshraða (P0, P1, P2, P2 stjörnugír, P3 eða P4) (***)	—		OEM-yfirlýsing
94	Rýmd endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi	Ah	Liður 3.3.2.3 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	OEM-yfirlýsing
95	Rafstraumur í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	A	3. viðbætir í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	20Hz tímaraðargildi sem notuð eru við prófun eða prófanir sem eru endurgerðar við 1Hz
96	Tegund tækni fyrir endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	—	Liður 1.1.10 í viðbæti 8a í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	OEM-yfirlýsing
97	Upphaflegt hleðsluástand endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis með drifrafgeymi	%		OEM-yfirlýsing
98	Fjöldi hólfa í endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu		Liður 3.3.2.1 í 3. viðbæti I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	OEM-yfirlýsing

99	Nafnspenna/tímaröð fyrir endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi með drifrafgeymi	V	3. viðbætir í 8. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151	Nafngildi eða tímaröðunargildi sem notuð eru við prófunina (lágmark 20Hz)
100	Fríhjólunarvirkni með hreyfilinn í lausagangi	—	J/N	Hefur ökutækið fríhjólunarvirkni með hreyfilinn í lausagangi (hreyfillinn er látinn ganga í lausagangi þegar ökutækið fríhjólar til þess að spara eldsneyti)?
101	Fríhjólunarvirkni án hreyfilafls	—	J/N	Hefur ökutækið fríhjólunarvirkni án hreyfilafls (hreyfillinn er látinn slökkva á sér á meðan ökutækið fríhjólar til þess að spara eldsneyti)?

(***) P0: rafvélin er tengd drifbúnaði hreyfilsins og hefur því snúningshraða hreyfils sem viðmiðunarsnúningshraða.
P1: rafvélin er tengd sveifarás hreyfilsins og hefur því snúningshraða hreyfils sem viðmiðunarsnúningshraða.
P2: rafvélin er uppsett beint fyrir framan gírskiptinguna (gírkassann eða samfelldu, stiglausu skiptinguna) og hefur því innhraða gírskiptingar sem viðmiðunarsnúningshraða.
P2 stjörnugír: rafvélin er tengd gírnum í stjörnuhjólasamstæðu sem er hvorki tengd brunahreyflinum né ásdrifinu sem vísað er til hér sem stjörnugírsmegin. Í þessu tilviki er hraðahlutfallið, sem á að tilgreina, hlutfallið á milli rafvélarinnar og snúningshraða stjörnugírsins (viðmiðunarsnúningshraði) sem endurspeglar áhrif hraðaaukningar/hraðaniðurfærslu á niðurfærslugírinn.
P3: rafvélin er uppsett beint fyrir framan ásdrif drifáss og hefur því snúningshraða endanlega drifsins sem viðmiðunar-snúningshraða (þetta tekur til rafvéla sem tengd er kransi í stjörnuhjólasamstæðu á endanlega drifinu). Ökutæki getur haft allt að tvo P3 hreyfla (einn fyrir framás (P3a) og einn fyrir afturás (P3b).
P4: rafvélin er uppsett fyrir aftan ásdrifið og hefur því snúningshraða hjóls sem viðmiðunarsnúningshraða. Ökutæki getur haft allt að fjóra P4 hreyfla (einn fyrir hvert hjól, þar sem P4a vísar til framhjóla og P4b til afturhjóla).Tilgreina skal viðbótarforskriftir varðandi þessi ílagsgögn á innsláttarforminu fyrir fylgnitólið.“

d) Eftirfarandi málsliður bætist við í annarri málsgrein liðar 4.2.1.4.2:

„Ef um er að ræða d-lið, þar sem ökumótstöðustuðlar fyrir ökumótstöðufylkjahópinn hafa verið ákvarðaðir í samræmi við a-lið liðar 2.3.8.2.1, er heimilt að ákvarða ökumótstöðustuðla fyrir einstök ökutæki í samræmi við formúluna sem sett er fram í annarri málsgrein í lið 4.2.1.5.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði c-liðar 2. liðar 1. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/849 **2020/EES/50/24**

frá 20. maí 2015

um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins 2005/60/EB og tilskipun ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Streymi ólöglega fengins fjár getur skaðað heilleika, stöðugleika og orðstír fjármálageirans og ógnað innri markaði Sambandsins og einnig þróun á alþjóðavettvangi. Peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og skipulögð brotastarfsemi eru enn verulegt vandamál sem fjalla ætti um á vettvangi Sambandsins. Markvissar og hæfilegar ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, ásamt því að þróa refsirétt frekar á vettvangi Sambandsins, eru nauðsynlegar og geta skilað frekari árangri.

2) Aðgerðir brotamanna og samstarfsmanna þeirra geta stofnað í hættu festu, heilleika og stöðugleika lána- og fjármálastofnana og trausti gagnvart fjármálakerfinu í heild, með því að dylja hvaðan ágóði af brotastarfsemi er fenginn eða með því að láta löglega eða ólöglega fengið fé renna til fjármögnunar hryðjuverka. Peningaþvættar og fjármögnunaraðilar hryðjuverka gætu reynt að nýta sér frelsi til fjármagnsflutninga og frelsi til að veita fjármálaþjónustu, sem hið samþætta fjármálasvæði Sambandsins felur í sér, í því skyni að auðvelda brotastarfsemi sína. Því eru tilteknar samræmingarráðstafanir nauðsynlegar á vettvangi Sambandsins. Jafnframt ætti að vega og meta markmiðin með því að vernda þjóðfélagið gegn glæpum og standa vörð um stöðugleika og heilleika fjármálakerfis Sambandsins í ljósi þarfarinnar á að skapa umhverfi með strangt skilgreindum reglum sem gerir fyrirtækjum kleift að vaxa án þess að til komi óhóflegur kostnaður við að fylgja reglum.

3) Tilskipun þessi er hin fjórða þar sem fjallað er um ógnina af peningaþvætti. Í tilskipun ráðsins 91/308/EBE ([4]) var peningaþvætti skilgreint með tilliti til fíkniefnabrota og skyldur voru eingöngu lagðar á fjármálageirann. Í tilskipun

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 28.2.2019, bls. 3.

([1]) Stjtíð. ESB C 166, 12.6.2013, bls. 2.

([2]) Stjtíð. ESB C 271, 19.9.2013, bls. 31.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. mars 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 20. apríl 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 20. maí 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([4]) Tilskipun ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis (Stjtíð. EB L 166, 28.6.1991, bls. 77).

Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB ([1]) var gildissvið tilskipunar 91/308/EBE rýmkað, bæði með tilliti til brota sem fjallað er um og umfangs starfsgreina og starfsemi sem fjallað er um. Í júní 2003 endurskoðaði fjármálaaðgerðahópurinn (FATF) tilmæli sín svo að þau tækju til fjármögnunar á hryðjuverka og settu fram ítarlegri kröfur í tengslum við deili og sannprófun á viðskiptamönnum, við hvaða aðstæður meiri hætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka geti réttlætt hertar ráðstafanir og einnig við hvaða aðstæður minni hætta getur réttlætt að dregið sé úr eftirliti. Breytingar þessar endurspeglast í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB ([2]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ([3]).

4) Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á sér iðulega stað í alþjóðlegu samhengi. Ráðstafanir, sem eru eingöngu samþykktar innanlands eða jafnvel á vettvangi Sambandsins, hefðu mjög takmörkuð áhrif ef ekki væri litið til alþjóðlegrar samhæfingar og samvinnu. Ráðstafanir sem Sambandið samþykkir á þessu sviði ættu því að samrýmast öðrum aðgerðum sem gripið er til á alþjóðavettvangi og vera a.m.k. jafnstrangar. Aðgerðir Sambandsins ættu áfram að taka sérstaklega til greina tilmæli fjármálaaðgerðahópsins sem og gerninga annarra alþjóðlegra aðila sem beita sér í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Laga ætti réttargerðir Sambandsins, eftir því sem við á, að alþjóðlegum stöðlum um að vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun og útbreiðslu hryðjuverka sem fjármálaaðgerðahópurinn samþykkti í febrúar 2012 („endurskoðuð tilmæli fjármálaaðgerðahópsins“) með það fyrir augum að gera baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skilvirkari.

5) Enn fremur felur misnotkun fjármálakerfisins, í þeim tilgangi að láta ólöglega eða jafnvel löglega fengið fé renna til hryðjuverka, í sér raunverulega hættu með tilliti til heilleika, eðlilegrar starfrækslu, orðstírs og stöðugleika fjármálakerfisins. Í samræmi við það ættu forvarnaraðgerðirnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun að ná til meðferðar fjár sem aflað hefur verið með brotastarfsemi og söfnunar fjár eða fasteigna til hryðjuverka.

6) Háar greiðslur í reiðufé geta skapað mikla áhættu með tilliti til peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Tilskipun þessi ætti, til að auka árvekni og draga úr áhættu sem stafar af þessum greiðslum í reiðufé, að taka til einstaklinga sem versla með vörur, að því marki sem þeir afla eða veita viðtöku greiðslum í reiðufé að upphæð 10 000 evrur eða þar yfir. Aðildarríki ættu að geta samþykkt lægri viðmiðunarmörk, frekari almennar takmarkanir á notkun reiðufjár og strangari ákvæði.

7) Notkun rafeyrisbúnaðar er í auknum mæli talin koma í stað bankareikninga en það réttlætir, ásamt aðgerðunum sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB ([4]), að fella þennan búnað undir skuldbindingu um baráttu gegn peningaþvætti og baráttu gegn fjármögnun hryðjuverka (AML/CFT). Við tilteknar aðstæður, sem sannað er að séu áhættulitlar og samkvæmt ströngum áhættumildandi skilyrðum, ætti aðildarríkjum þó að leyfast að undanskilja rafeyrisbúnað frá vissum könnunum á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, t.d. deili á og sanngreiningu viðskiptamannsins og hins raunverulega eiganda, en ekki frá vöktun færslna eða viðskiptatengsla. Áhættumildandi skilyrðin ættu að taka til kröfu um að undanskilja rafeyrisbúnað þegar hann er eingöngu notaður til kaupa á vörum og þjónustu og þess að fjárhæðin sem er vistuð með rafrænum hætti sé nægilega lág til að koma í veg fyrir að reglurnar um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka séu sniðgengnar. Slík undanþága ætti ekki að hafa áhrif á heimild aðildarríkja til að leyfa tilkynningarskyldum aðilum að beita einfaldaðri könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn á annan rafeyrisbúnað sem skapar minni áhættu, í samræmi við 15. gr.

8) Hvað varðar tilkynningarskylda aðila sem falla undir þessa tilskipun mætti líta svo á að leigusalar heyrðu undir fasteignasala, eftir atvikum.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/97/EB frá 4. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/308/EBE um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis (Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 76).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB frá 1. ágúst 2006 þar sem mælt er fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB að því er varðar skilgreininguna á „einstaklingur í pólitískum áhættuhópi“ og tæknilegar kröfur varðandi einfaldaða skoðun með tilhlýðilegri kostgæfni á áreiðanleika viðskiptamanns og varðandi undanþágur á grundvelli fjármálastarfsemi sem stunduð er stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti (Stjtíð. ESB L 214, 4.8.2006, bls. 29).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

9) Lögfræðingar, eins og þeir eru skilgreindir í aðildarríkjunum, ættu að falla undir þessa tilskipun þegar þeir taka þátt í fjármála- eða fyrirtækjaviðskiptum, þ.m.t. þegar þeir veita skattaráðgjöf, þar sem hættan er mest á því að þjónusta þessara lögfræðinga sé misnotuð til að þvætta ávinning af brotastarfsemi eða til að fjármagna hryðjuverk. Þó ætti að veita undanþágur frá öllum kröfum um að tilkynna upplýsingar sem er aflað áður en dómsmál hefjast, meðan þau standa yfir eða eftir að þeim lýkur eða þegar gengið er úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings. Lögfræðiráðgjöf ætti því áfram að falla undir þagnarskyldu nema lögfræðingurinn taki þátt í peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, lögfræðiráðgjöfin sé veitt í þeim tilgangi að stunda peningaþvætti eða fjármagna hryðjuverk, eða lögfræðingurinn viti að skjólstæðingurinn sé að leita eftir lögfræðiráðgjöf í þeim tilgangi að stunda peningaþvætti eða fjármagna hryðjuverk.

10) Meðhöndla ætti þjónustu, sem er samanburðarhæf með beinum hætti, á sama hátt og þegar einhver annar fagmaður, sem þessi tilskipun tekur til, veitir hana. Upplýsingar, sem endurskoðendur, löggiltir bókarar og skattaráðgjafar, sem í nokkrum aðildarríkjum eiga rétt á að verja eða flytja mál skjólstæðings eða ganga úr skugga um réttarstöðu skjólstæðings, afla þegar þeir stunda þessi störf, skulu ekki falla undir tilkynningarskyldu sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun til að tryggja að þau réttindi, sem mælt er fyrir um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum“), séu virt.

11) Mikilvægt er að leggja ótvíræða áherslu á að „skattalagabrot“ sem varða beina og óbeina skatta falla undir hina víðtæku skilgreiningu á „brotastarfsemi“ í þessari tilskipun, í samræmi við endurskoðuð tilmæli fjármálaaðgerðahópsins. Frávik geta verið í skilgreiningum landslaga á skattalagabrotum þar sem mismunandi skattabrot kunna að vera tilgreind í hverju aðildarríki undir „brotastarfsemi“ sem refsiverð er með viðurlögum, eins og um getur í f-lið 4. liðar 3. gr. þessarar tilskipunar. Aðildarríki ættu að heimila, þó að ekki sé reynt að fá fram samræmingu á skilgreiningum á skattalagabrotum í landslögum þeirra og eftir því sem framast er unnt samkvæmt eigin landslögum, upplýsingaskipti eða aðstoð milli skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (e. *Financial Intelligence Units* (FIU)) ESB.

12) Þörf er á að auðkenna hvern einstakling sem á eða hefur yfirráð yfir lögaðila. Aðildarríki ættu, til að tryggja skilvirkt gagnsæi, að tryggja að eins margir lögaðilar og mögulegt er, sem önnur ferli á yfirráðasvæði þeirra skrá eða stofna, teljist með. Þó að ákvörðun tiltekins hlutfalls hlutafjáreignar eða eignarhlutar valdi því ekki sjálfkrafa að raunverulegur eigandi finnist ætti það að vera einn sönnunarþáttur af mörgum sem taka ætti tillit til. Aðildarríki ættu þó að geta ákveðið að lægra hlutfall kunni að vera vísbending um eignarhald eða yfirráð.

13) Auðkenning og sannprófun á raunverulegum eigendum ætti, eftir því sem við á, að ná til lögaðila sem eiga aðra lögaðila, og tilkynningarskyldir aðilar ættu að reyna að finna þann einstakling eða þá einstaklinga sem hafa endanleg yfirráð í krafti eignarhalds, eða með öðrum hætti, á lögaðilanum sem er viðskiptamaðurinn. Yfirráð með öðrum hætti getur m.a. tekið til viðmiðana fyrir yfirráð sem beitt er í þeim tilgangi að undirbúa samstæðureikningsskil, t.d. með samningum hluthafa, beitingu ráðandi áhrifa eða valdi til að skipa yfirstjórn. Sú staða getur komið upp að ekki sé hægt að bera kennsl á neinn einstakling sem endanlega á eða hefur yfirráð yfir lögaðila. Í slíkum undantekningartilvikum geta tilkynningarskyldir aðilar litið svo á að yfirmaðurinn, einn eða fleiri, sé hinn raunverulegi eigandi, enda hafi allt verið reynt til að bera kennsl á hann og að því tilskildu að engar ástæður séu til grunsemda.

14) Nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um hinn raunverulega eiganda er lykilatriði í því að hafa uppi á afbrotamönnum sem ella gætu dulið hverjir þeir eru í skjóli fyrirtækjaskipulags. Aðildarríki ættu því að tryggja að einingar, sem komið hefur verið á fót á yfirráðasvæði þeirra í samræmi við landslög, fái og varðveiti nægjanlegar, nákvæmar og gildandi upplýsingar um raunverulegt eignarhald á þeim, til viðbótar grunnupplýsingum á borð við heiti fyrirtækis, heimilisfang og sönnur á stofnun þess og löglegu eignarhaldi. Aðildarríki ættu, í því skyni að auka gagnsæi í baráttunni gegn misnotkun á lögaðilum, að tryggja að upplýsingar um raunverulegt eignarhald séu geymdar á miðlægri skrá utan fyrirtækisins, í fullu samræmi við lög Sambandsins. Í því skyni geta aðildarríki notað miðlægt gagnasafn sem safnar upplýsingum um raunverulegt eignarhald, fyrirtækjaskrá eða aðra miðlæga skrá. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að tilkynningarskyldir aðilar beri ábyrgð á að færa upplýsingar í skrána. Aðildarríki ættu að ganga úr skugga um að þessar upplýsingar séu ætíð gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu og séu veittar tilkynningarskyldum aðilum þegar hinir síðarnefndu gera kannanir á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Aðildarríki ættu einnig að sjá til þess að öðrum einstaklingum, sem geta sýnt fram á lögmæta hagsmuni að því er varðar peningaþvætti, fjármögnun

hryðjuverka og tengd frumbrot, t.d. spillingu, skattalagabrot og svik, sé veittur aðgangur að upplýsingum um eignarhald í samræmi við reglur um persónuvernd. Einstaklingar sem geta sýnt fram á lögmæta hagsmuni ættu að hafa aðgang að upplýsingum um eðli og umfang hagsmuna hins raunverulega eiganda og áætlað vægi þeirra.

15) Í því skyni ættu aðildarríki, í samræmi við landslög, að geta leyft meiri aðgang en þann sem er veittur samkvæmt þessari tilskipun.

16) Tryggja ætti tímanlegan aðgang að upplýsingum um raunverulegt eignarhald á þann hátt að komist verði hjá hvers konar hættu á að viðkomandi fyrirtæki verði varað við.

17) Einnig ætti, til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli hinna ýmsu tegunda félagsforma, að fara fram á við vörsluaðila að þeir afli og varðveiti upplýsingar um raunverulegt eignarhald og komi þeim til tilkynningarskyldra aðila sem gera kannanir á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og að þeir færi þessar upplýsingarnar í miðlæga skrá eða miðlægt gagnasafn og ættu þeir að upplýsa tilkynningarskylda aðila um stöðu sína. Lögaðilar, á borð við stofnanir og lagalegt fyrirkomulag svipað fjárvörslusjóðum, ættu að falla undir sambærilegar kröfur.

18) Tilskipun þessi ætti einnig taka til starfsemi tilkynningarskyldra aðila sem fer fram á Netinu.

19) Ný tækni veitir fyrirtækjum og viðskiptamönnum lausnir sem spara tíma og eru kostnaðarhagkvæmar og ætti því að taka tillit til hennar við mat á áhættu. Lögbær yfirvöld og tilkynningarskyldir aðilar ættu að sýna frumkvæði í að takast á við nýjar og nýstárlegar aðferðir við peningaþvætti.

20) Fulltrúar Sambandsins í stjórnum Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu eru hvattir til að innleiða þessa tilskipun og birta á vefsetri hans stefnur um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með nákvæmum verkferlum til framkvæmdar þessari tilskipun.

21) Áhyggjum veldur að þjónusta tengd fjárhættuspilageiranum sé notuð til að þvætta ágóða af brotastarfsemi. Tilskipun þessi ætti, til að draga úr áhættu vegna þjónustu sem tengist fjárhættuspilastarfsemi, að skylda þá sem veita slíka þjónustu, þar sem áhættan er meiri, til að beita áreiðanleikakönnunum vegna stakra viðskipta sem nema 2000 evrum eða meira. Aðildarríki ættu að tryggja að tilkynningarskyldir aðilar noti sömu viðmiðunarfjárhæð hvað varðar greiðslu vinninga, spilafé, þ.m.t. kaup og skipti á spilapeningum, eða hvorttveggja. Veitendur þjónustu tengdri fjárhættuspilastarfsemi í raunverulegu húsnæði, t.d. spilavítum og leikjahúsum, ættu að tryggja að áreiðanleikakönnun, ef hún er framkvæmd við inngang húsnæðisins, megi tengja viðskiptum viðskiptamannsins því húsnæði. Þó ætti að leyfa aðildarríkjum, við aðstæður sem sannað er að séu áhættulitlar, að undanskilja vissa þjónustu tengdri fjárhættuspilastarfsemi frá sumum eða öllum kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Notkun aðildarríkis á undanþágu ætti aðeins að taka til athugunar við ótvírætt afmarkaðar og réttlætanlegar kringumstæður og þegar lítil áhætta er á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Slíkar undanþágur ættu að vera með fyrirvara um tiltekið áhættumat þar sem veikleikastig viðkomandi viðskipta er einnig tekið til athugunar. Tilkynna ætti framkvæmdastjórninni um þær. Í áhættumatinu ættu aðildarríki að tilgreina hvernig þau hafa tekið tillit til allra niðurstaðna sem skipta máli í útgefnum skýrslum framkvæmdastjórnarinnar, innan ramma yfirþjóðlegs áhættumats.

22) Hættan á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er ekki eins í öllum tilvikum. Því ætti að nota heildræna nálgun, byggða á áhættumati. Nálgun, byggð á áhættumati er ekki valkostur sem veitir aðildarríkjum og tilkynningarskyldum aðilum allt of frjálsar hendur. Hún tekur til beitingar gagnreyndrar ákvarðanatöku til að afmarka betur áhættu peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka sem Sambandið og þeir sem starfa innan þess standa frammi fyrir.

23) Til grundvallar nálguninni sem byggð er á áhættumati liggur nauðsyn þess að aðildarríkin og Sambandið verða að geta borið kennsl á, skilið og takmarkað áhættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem þau standa frammi fyrir. Mikilvægi yfirþjóðlegrar nálgunar á áhættugreiningu hefur verið viðurkennt á alþjóðavettvangi og ættu evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) (EBA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]), evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([2]), og evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

(ESB) nr. 1095/2010 ([1]), að fá það verkefni að gefa út álit, í krafti sameiginlegrar nefndar þeirra, um áhættuna sem hefur áhrif á fjármálageira Sambandsins.

24) Framkvæmdastjórnin er í góðri stöðu til að fylgjast með sértækum ógnum yfir landamæri sem gætu haft áhrif á innri markaðinn og sem einstök aðildarríki geta ekki greint og barist gegn með árangursríkum hætti. Því ætti að fela henni ábyrgðina á að samræma matið á áhættum sem tengjast starfsemi sem nær yfir landamæri. Þátttaka viðkomandi sérfræðinga, t.d. sérfræðingahóps um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og fulltrúa skrifstofu fjármálagreininga lögreglu ásamt og eftir því sem við á fulltrúa annarra aðila á vettvangi Sambandsins, skiptir sköpum fyrir skilvirkni þess ferlis. Landsbundin áhættumöt og reynsla eru einnig mikilvæg uppspretta upplýsinga fyrir ferlið. Slíkt mat framkvæmdastjórnarinnar á áhættu yfir landamæri ætti ekki að taka til vinnslu persónuupplýsinga. Gögn ættu í öllum tilvikum að vera algerlega nafnlaus. Eftirlitsyfirvöld um persónuvernd, bæði í hverju landi og innan Sambandsins ættu aðeins að koma að málum ef mat á áhættu hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefur áhrif á einkalíf og persónuvernd einstaklinga.

25) Gera ætti niðurstöður áhættumats, eftir því sem við á, aðgengilegar tilkynningarskyldum aðilum tímanlega til að gera þeim kleift að greina, skilja, stjórna og draga úr eigin áhættu.

26) Aðildarríki ættu, til að greina, skilja, stjórna og takmarka áhættu innan Sambandsins í enn meira mæli, að auki að gera niðurstöður áhættumats hjá þeim aðgengilegar hvert öðru, framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni („evrópsku eftirlitsstofnununum“).

27) Þegar þessari tilskipun er beitt er rétt að hafa hliðsjón af skráningaratriðum og þörfum smærri tilkynningarskyldra aðila, sem falla undir gildissvið hennar, og tryggja viðeigandi meðhöndlun hvað varðar sérstakar þarfir þeirra og eðli viðskiptanna.

28) Fela ætti framkvæmdastjórninni heimild til að auðkenna lögsögu þriðju landa með tilliti til annmarka í stefnu í landsbundnu fyrirkomulagi þeirra hvað varðar baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („þriðju lönd með mikla áhættu“) til að vernda eðlilega starfsemi fjármálakerfis Sambandsins og innri markaðarins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Breytilegt eðli ógnana af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem stöðug tækniþróun og úrræði sem brotamenn ráða yfir auðvelda, útheimtir hraða og stöðuga aðlögun lagarammans að því er varðar þriðju lönd með mikla áhættu, til að taka skilvirkt á áhættum sem eru til staðar og koma í veg fyrir að nýjar verði til. Framkvæmdastjórnin ætti að taka tillit til upplýsinga frá alþjóðastofnunum og þeim sem setja staðla á sviði baráttunnar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, t.d. opinberra yfirlýsinga fjármálaaðgerðahópsins, sameiginlegs mats eða ítarlegra matsskýrslna eða birtra eftirfylgniskýrslna og laga mat sitt að breytingum í þeim, eftir því sem við á.

29) Aðildarríki ættu a.m.k. að kveða á um hertar aðgerðir til að kanna áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem tilkynningarskyldum aðilum ber að grípa til í samskiptum við einstaklinga eða lögaðila í þriðju löndum með mikla áhættu sem framkvæmdastjórnin hefur greint. Einnig ætti að vera bannað að reiða sig á þriðju aðila í slíkum þriðju löndum með mikla áhættu. Ekki ætti að líta svo á að lönd sem ekki eru færð á skrána séu sjálfkrafa með skilvirk kerfi við baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og meta ætti einstaklinga og lögaðila í slíkum löndum samkvæmt áhættumati.

30) Áhætta er í sjálfu sér breytileg stærð og geta þessar breytur, sjálfar eða með öðrum, aukið eða dregið úr mögulegri áhættu og haft með því áhrif á viðeigandi stig forvarnarráðstafana, t.d. ráðstafana sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Við vissar aðstæður ætti því að beita auknum kröfum til könnunar á áreiðanleika og við aðrar aðstæður getur verið rétt að einfalda þær.

31) Viðurkenna ætti að við tilteknar aðstæður skapast aukin hætta á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þrátt fyrir að deili á öllum viðskiptamönnum og viðskiptasvið þeirra ættu að liggja fyrir er í sumum tilvikum þörf á sérlega ströngum aðferðum við að staðfesta deili á viðskiptamönnum og sannprófun þeirra.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

32) Þetta á einkum við um tengsl við einstaklinga sem hafa eða hafa haft opinber störf með höndum, innan Sambandsins eða á alþjóðavísu, en einkum við einstaklinga frá löndum þar sem spilling er útbreidd. Slík tengsl geta, að því er varðar fjármálageirann, stofnað orðstír hans í hættu og valdið lagalegri áhættu. Alþjóðlegt átak til að berjast gegn spillingu réttlætir einnig þörfina á að gefa slíkum einstaklingum sérstakan gaum og beita viðeigandi, hertum ráðstöfunum hvað varðar áreiðanleikakönnun vegna einstaklinga sem hafa gegnt eða gegna opinberum störfum í heimalandinu eða erlendis, og hvað varðar háttsetta aðila hjá alþjóðastofnunum.

33) Kröfurnar varðandi einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla eru á sviði forvarna en ekki saknæms eðlis og ætti ekki að túlka þær sem verið sé að brennimerkja einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sem brotamenn. Það stríðir gegn bókstaf og anda þessarar tilskipunar og tilmæla fjármálaaðgerðahópsins að hafna viðskiptatengslum við einstakling eingöngu á þeim grundvelli að hann eða hún sé einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.

34) Fengið samþykki yfirstjórnar til að koma á viðskiptatengslum þarf ekki í öllum tilvikum að fela í sér fengið samþykki stjórnar. Mögulegt ætti að vera að fá slíkt samþykki frá aðila með nægilega þekkingu á áhættu stofnunarinnar hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem er nógu hátt settur til að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á áhættugrunn hennar.

35) Til að komast hjá endurtekningum í að staðfesta deili á viðskiptamönnum sem leiða til tafa og óhagkvæmni í viðskiptum og að teknu tilliti til viðeigandi verndaraðgerða, er rétt að leyfa tilkynningarskyldum aðilum að taka við viðskiptamönnum, sem deili hafa verið staðfest á annars staðar. Endanleg ábyrgð á ráðstöfunum ætti, þegar tilkynningarskyldur aðili treystir á þriðja aðila við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamann, að vera hjá tilkynningarskylda aðilanum sem tekur við viðskiptamanninum. Einnig ætti þriðji aðilinn, eða einstaklingurinn sem kynnti viðskiptamanninn, að bera eigin ábyrgð á að farið sé að þessari tilskipun, þ.m.t. kröfunni um að tilkynna grunsamleg viðskipti og halda skrár, að því marki að hann hafi samband við viðskiptamanninn sem fellur undir þessa tilskipun.

36) Hvers konar skuldbindingar varðandi baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á hendur þessum umboðsmönnum eða veitendum útvistunarþjónustu sem hluti af tilkynningarskyldum aðilum gætu aðeins komið upp vegna samningsins milli aðilanna en ekki vegna þessarar tilskipunar þegar um er að ræða umboðs- eða útvistunarsamband á samningsgrunni milli tilkynningarskyldra aðila og utanaðkomandi einstaklinga sem þessi tilskipun tekur ekki til. Því ætti tilkynningarskyldi aðilinn fyrst og fremst að bera ábyrgð á að farið sé að þessari tilskipun.

37) Öll aðildarríki hafa sett, eða ættu að setja, upp rekstrarlega sjálfstæðar og óháðar skrifstofur fjármálagreininga lögreglu til að safna mótteknum upplýsingum og greina þær, með það að markmiði að sýna fram á tengslin milli grunsamlegra viðskipta og brotastarfsemi sem liggur þeim til grundvallar, til að koma í veg fyrir og berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Rekstrarlega sjálfstæð og óháð skrifstofa fjármálagreininga lögreglu ætti að merkja að skrifstofan hefur vald og getu til að sinna verkefnum sínum óhindrað, þ.m.t. að taka sjálfstæða ákvörðun um að greina tilteknar upplýsingar, fara fram á þær og miðla þeim. Grunsamleg viðskipti og aðrar upplýsingar viðkomandi peningaþvætti, tengd frumbrot og fjármögnun hryðjuverka ætti að tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sem ætti að þjóna sem miðlæg, landsbundin skrifstofa sem tekur við, greinir og miðlar niðurstöðum greininga sinna til lögbærra yfirvalda. Tilkynna ætti um öll grunsamleg viðskipti, þ.m.t. tilraunir til viðskipta, án tillits til fjárhæðar viðskiptanna. Upplýsingar sem tilkynnt er um ættu einnig að taka til upplýsinga sem eru byggðar á viðmiðunarmörkum.

38) Tilkynningarskyldir aðilar ættu, þrátt fyrir almennt bann við grunsamlegum viðskiptum, að geta sinnt slíkum grunsamlegum viðskiptum áður en þeir tilkynna það lögbærum yfirvöldum í tilvikum þar sem ómögulegt er koma í veg fyrir viðskiptin eða það geti komið í veg fyrir að unnt verði að hafa upp á þeim sem raunverulega hagnast, þegar grunur leikur á að um sé að ræða peningaþvætti eða starfsemi til fjármögnunar hryðjuverka. Þó ætti þetta ekki að hafa áhrif á alþjóðlegar skyldur sem aðildarríkin hafa samþykkt um að frysta án tafar sjóði eða aðrar eignir hryðjuverkamanna, hryðjuverkasamtaka eða þeirra sem fjármagna hryðjuverk, í samræmi við viðeigandi ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

39) Aðildarríki ættu, hvað vissa tilkynningarskylda aðila varðar, að geta tilnefnt viðeigandi sjálfseftirlitsstofnun sem það yfirvald sem ber að upplýsa fyrst, í staðinn fyrir skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Í samræmi við dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er kerfi þar sem fyrsta skýrslugjöf til sjálfseftirlitsstofnunar er mikilvæg verndarráðstöfun til að staðfesta vernd grundvallarréttinda þegar um er að ræða kvöð um skýrslugjöf sem gildir um lögfræðinga. Aðildarríki ættu að kveða á um hvernig vernda skuli trúnaðarkvöð, þagnarskyldu og einkalíf.

40) Aðildarríki er heimilt, þegar það ákveður að tilnefna slíka sjálfseftirlitsstofnun, að leyfa eða fara fram á við þá stofnun að hún sendi skrifstofu fjármálagreininga lögreglu ekki neinar upplýsingar fengnar frá einstaklingum sem sú stofnun er fulltrúi fyrir, þegar slíkar upplýsingar eru fengnar frá einum af skjólstæðingi hennar eða varða hann, við mat á lagalegri

stöðu hans eða þegar verið er að verja eða flytja mál hans við, eða í tengslum við, dómsmeðferð, þ.m.t. að veita ráðgjöf um hvort höfða eigi dómsmál eða komast hjá dómsmáli, hvort sem upplýsinganna er aflað fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls.

41) Í allmörgum tilvikum hafa starfsmenn, sem tilkynnt hafa um grunsemdir sínar um peningaþvætti, sætt hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum. Þrátt fyrir að þessi tilskipun hafi ekki áhrif á réttarmeðferð í aðildarríkjunum er brýnt að taka á þessu máli til að tryggja skilvirkni kerfisins í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Aðildarríki ættu að vera á varðbergi gagnvart þessum vanda og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að vernda einstaklinga, þ.m.t. starfsmenn og fulltrúa tilkynningarskyldra aðila, gegn slíkum hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum og kveða á um, í samræmi við landslög, viðeigandi vernd fyrir slíka einstaklinga, einkum að því er varðar rétt þeirra til verndar persónuupplýsingum og rétt þeirra til skilvirkrar réttarverndar og fyrirsvars.

42) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([1]), eins og hún er leidd í landslög, gildir um vinnslu persónuupplýsinga að því er varðar þessa tilskipun. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([2]) gildir um vinnslu stofnana og aðila Sambandsins á persónuupplýsingum að því er varðar þessa tilskipun. Öll aðildarríkin viðurkenna að baráttan gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka varði verulega hagsmuni almennings. Tilskipun þessi er með fyrirvara um vernd persónuupplýsinga sem unnin er innan ramma lögreglu- og dómsmálasamstarfs í sakamálum, þ.m.t. rammaákvörðun ráðsins 2008/977/DIM ([3]), eins og hún kemur til framkvæmda í landslögum.

43) Mikilvægt er að samhæfing þessarar tilskipunar og endurskoðaðra tilmæla fjármálaaðgerðahópsins sé framkvæmd í samræmi við lög Sambandsins, einkum að því er varðar lög Sambandsins um persónuvernd og grundvallarréttindi sem er að finna í sáttmálanum. Vissir þættir framkvæmdar þessarar tilskipunar taka til söfnunar, greiningar, geymslu og miðlunar gagna. Aðeins ætti að leyfa slíka vinnslu persónuupplýsinga, með fullri virðingu fyrir grundvallarréttindum, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og fyrir þá starfsemi sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, t.d. að framkvæma könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, áframhaldandi vöktun, rannsóknir á og skýrslugjöf um óvenjuleg og grunsamleg viðskipti, auðkenningu raunverulegs eiganda lögaðila eða lagalegs fyrirkomulags, auðkenningu einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, miðlun upplýsinga lögbærra yfirvalda og upplýsinga lánastofnana, fjármálastofnana og annarra tilkynningarskyldra aðila. Söfnun og síðar vinnsla persónuupplýsinga af hálfu tilkynningarskyldra aðila ætti að takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að fara að kröfum þessarar tilskipunar og ekki ætti að vinna persónuupplýsingar frekar þannig að það samrýmist ekki þeim tilgangi. Einkum ætti vinnsla persónuupplýsinga í viðskiptaskyni að vera stranglega bönnuð.

44) Endurskoðuð tilmæli fjármálaaðgerðahópsins leiða í ljós að tilkynningarskyldir aðilar ættu, til að geta átt með sér náið samstarf og fara án tafar að kröfum lögbærra yfirvalda um upplýsingar um forvarnir, afhjúpun eða rannsókn á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, að geyma nauðsynlegar upplýsingar sem fengnar eru með áreiðanleikakönnunum og skýrslum um viðskipti í a.m.k. fimm ár. Binda ætti varðveislutímabilið við fimm ár eftir að viðskiptatengslum eða tilfallandi viðskiptum lýkur til að forðast mismunandi aðferðir og til að uppfylla kröfur að því er varðar vernd persónuupplýsinga og réttarvissu. Aðildarríki ættu þó, ef þörf er á hvað varðar forvarnir, afhjúpun eða rannsókn á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og að lokinni framkvæmd á mati á nauðsyn og meðalhófi, að geta leyft eða farið fram á frekari varðveislu á skrám í mest fimm ár í viðbót, með fyrirvara um refsilög í hverju landi um sönnunargögn sem eiga við um áframhaldandi rannsókn sakamála og málarekstur. Aðildarríki ættu að fara fram á sértækar verndarráðstafanir til að tryggja gagnaöryggi og ættu að ákvarða hvaða aðilar, hópar aðila eða yfirvöld ættu að hafa einkaaðgang að varðveittum gögnum.

45) Geyma ætti upplýsingar og skjöl sem eiga við um yfirstandandi málarekstur, að því er varðar forvarnir gegn, afhjúpun eða rannsókn á hugsanlegu peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, sem gildir í aðildarríkjunum á gildistökudegi þessarar tilskipunar, í fimm ár eftir þá dagsetningu og ætti að vera mögulegt að framlengja það tímabil um önnur fimm ár til að

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

([3]) Rammaákvörðun ráðsins 2008/977/DIM frá 27. nóvember 2008 um vernd persónuupplýsinga sem eru unnar innan ramma lögreglu- og dómsmálasamstarfs í sakamálum (Stjtíð. ESB L 350, 30.12.2008, bls. 60).

tryggja viðeigandi og skilvirka réttarvörslu á tímabilinu meðan á lögleiðingu þessarar tilskipunar í landsbundin réttarkerfi aðildarríkjanna stendur og til að gera mögulegt snurðulaust samspil milli tilskipunarinnar og réttarfarsreglna í hverju landi.

46) Réttur skráðs aðila til aðgangs að gögnum á við um persónuupplýsingar sem unnar eru með tilliti til þessarar tilskipunar. Aðgangur skráðs aðila að skýrslu með hvers konar upplýsingum sem tengjast grunsamlegum viðskiptum myndi þó grafa verulega undan skilvirkni baráttunnar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Því má réttlæta undanþágur frá og takmarkanir á þeim rétti, í samræmi við 13. gr. tilskipunar 95/46/EB og, ef við á, 20. gr. tilskipunar (EB) nr. 45/2001. Skráði aðilinn á rétt á að krefjast þess að eftirlitsyfirvald, sem um getur í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB eða, eftir atvikum, Evrópska persónuverndarstofnunin, kanni lögmæti vinnslunnar og á hann einnig rétt á að leita réttarúrræðisins sem um getur í 22. gr. þeirrar tilskipunar. Eftirlitsyfirvaldinu, sem um getur í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB, er einnig heimilt að aðhafast að eigin frumkvæði. Eftirlitsyfirvaldið ætti, með fyrirvara um takmarkanir á réttinum til aðgengis, að geta upplýst skráðan aðila um að allar nauðsynlegar sannprófanir eftirlitsyfirvaldsins hafi verið gerðar og um niðurstöðurnar að því er varðar lögmæti umræddrar aðgerðar.

47) Aðilar sem einungis breyta pappírsskjölum í rafræn gögn á grundvelli samnings við lánastofnun eða fjármálastofnun og aðilar sem aðeins sjá lánastofnunum eða fjármálastofnunum fyrir tilkynningakerfum eða öðrum stoðkerfum fyrir millifærslu fjár eða greiðslujöfnunar- og uppgjörskerfum falla ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar.

48) Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru alþjóðleg vandamál og baráttan gegn þeim ætti að vera háð á alþjóðavísu. Lánastofnanir og fjármálastofnanir Sambandsins ættu, þegar þær hafa útibú og dótturfélög í þriðju löndum þar sem kröfurnar á því sviði eru ekki jafn strangar og í aðildarríkinu og til að forðast beitingu mjög ólíkra staðla innan stofnunar eða hóps stofnana, að beita stöðlum Sambandsins á þessi útibú og dótturfyrirtæki eða tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu að beiting þessara staðla sé ekki möguleg.

49) Tilkynningarskyldir aðilar ættu, eftir því sem við verður komið, að fá svörun um að hve miklu leyti skýrslur þeirra um grunsamlegu viðskiptin eru gagnlegar og hvernig þeim er fylgt eftir. Til að gera þetta kleift og til að geta endurskoðað skilvirkni kerfa sinna í að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ættu aðildarríki að halda til haga viðeigandi tölfræðilegum upplýsingum og auka gæði þeirra. Til að auka gæði og samkvæmni tölfræðilegra gagna sem safnað er á vettvangi Sambandsins enn frekar ætti framkvæmdastjórnin að fylgjast með stöðu mála alls staðar í Sambandinu í því skyni að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og ætti reglulega að birta yfirlit.

50) Aðildarríki ættu, þegar þau krefjast þess að útgefendur rafeyris og greiðsluþjónustuveitendur, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú og eru með aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, útnefni aðaltengilið á yfirráðasvæði þeirra, að geta krafist þess að þessi aðaltengiliður, sem starfar fyrir hönd stofnunarinnar sem útnefnir hann, tryggi að starfsstöðvarnar fari að reglum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þau ættu einnig að tryggja að þessi krafa sé hófleg og gangi ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná markmiðinu um að fara að reglum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. með því að greiða fyrir gagnkvæmu eftirliti.

51) Lögbær yfirvöld ættu að tryggja, með tilliti til gjaldeyrisskiptastöðva, stöðva til að innleysa ávísanir, þjónustuveitenda á sviði fjárvörslusjóða eða fyrirtækjaþjónustu eða þjónustu tengdri fjárhættustarfsemi, að einstaklingar sem í raun stjórna viðskiptum þessara eininga og raunverulegir eigendur þessara eininga séu hæfir. Viðmiðanirnar til að ákvarða hvort einstaklingur sé hæfur ættu að lágmarki að endurspegla þörfina á að vernda slíkar einingar frá misnotkun stjórnenda þeirra eða raunverulegra eigenda í refsiverðum tilgangi.

52) Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu ætti, þegar tilkynningarskyldur aðili starfrækir stofnanir í öðru aðildarríki, þ.m.t. í gegnum net fulltrúa, að bera ábyrgð á eftirliti með því hvernig tilkynningarskyldi aðilinn fylgir stefnum og notar verklagsreglur í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á samstæðugrundvelli. Þetta gæti tekið til vettvangsheimsókna í stofnanir sem eru með staðfestu í öðru aðildarríki. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu ætti að hafa nána samvinnu við lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu og ætti að veita hinu síðarnefnda upplýsingar um öll málefni sem gætu haft áhrif á mat þeirra á því hvernig stofnunin fylgir reglunum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

53) Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu ber ábyrgð á að framfylgja því að stofnunin fari að reglum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka þegar tilkynningarskyldur aðili rekur stofnanir í öðru aðildarríki, þ.m.t. í gegnum net fulltrúa eða einstaklinga sem dreifa rafeyri í samræmi við 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/110/EB, þ.m.t. og þar sem við á með því að framkvæma vettvangseftirlit og vöktun utan vettvangs og með því að gera viðeigandi og hóflegar ráðstafanir til að bregðast við alvarlegum brotum á þessum kröfum. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu ætti að hafa nána samvinnu við lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu og veita hinu síðarnefnda upplýsingar um öll málefni sem gætu haft áhrif á mat þeirra á því hvernig tilkynningarskyldur aðili fer að stefnum og verkferlum í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu ætti, til að stöðva alvarleg brot á reglum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem kallar á tafarlausar úrbætur, að geta beitt tímabundnum, viðeigandi og hóflegum ráðstöfunum til úrbóta sem gilda við svipaðar kringumstæður um tilkynningarskylda aðila innan lögsögu þeirra, til að taka á þessum alvarlegu misbrestum með hjálp lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins eða í samstarfi við það.

54) Með tilliti til fjölþjóðlegs eðlis peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka er samræming og samvinna milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu afar mikilvæg. Mælt er fyrir um ítarlegar reglur í þessari tilskipun til að bæta slíka samræmingu og samvinnu en einkum til að tryggja að skýrslur um grunsamleg viðskipti berist skrifstofu fjármála-greininga lögreglu aðildarríkisins þar sem skýrslan kæmi að mestu gagni.

55) Vettvangur skrifstofu fjármálagreininga lögreglu ESB („Vettvangur ESB FIU“), óformlegur hópur fulltrúa skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sem hefur starfað frá 2006 og er notaður til að greiða fyrir samvinnu milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og skiptast á skoðunum um mál sem tengjast samvinnu á borð við skilvirka samvinnu meðal skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og skrifstofa fjármálagreininga lögreglu í þriðja landi, sameiginlega greiningu á málum yfir landamæri og horfur og þætti sem skipta máli við mat á áhættu peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka á landsvísu og á yfirþjóðlegum vettvangi.

56) Sérstaklega mikilvægt er að taka á yfirþjóðlegum einkennum peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka með því að bæta upplýsingaskipti milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu innan Sambandsins. Aðildarríki ættu að hvetja til notkunar öruggs búnaðar fyrir upplýsingaskipti, einkum fyrir dreifstýrða tölvunetið *FIU.net* („FIU.net“) eða tölvunet sem á eftir kemur og tæknina sem FIU.net býður upp á. Leyfa ætti upphafleg upplýsingaskipti milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í greiningarskyni, sem ekki eru unnin frekar eða þeim dreift, nema slík upplýsingaskipti brjóti í bága við grundvallarreglur landslaga. Upplýsingaskipti um mál sem skrifstofur fjármálagreininga lögreglu hafa auðkennt þannig að þau kunni að taka til skattalagabrota ættu ekki að hafa áhrif á upplýsingaskipti á sviði skattlagningar í samræmi við tilskipun ráðsins 2011/16/ESB ([1]) eða í samræmi við alþjóðlega staðla um upplýsingaskipti samvinnu á sviði stjórnsýslu í skattamálum.

57) Tilkynningarskyldir aðilar þurfa að vera með skilvirk kerfi sem gera þeim kleift að hafa fullt aðgengi, á réttum tíma og eftir öruggum trúnaðarleiðum, að upplýsingum um viðskiptatengsl við tiltekna einstaklinga sem þau hafa eða hafa haft, til að geta brugðist með skjótum hætti og til fulls við fyrirspurnum frá skrifstofum fjármálagreininga lögreglu. Aðildarríki gætu, í samræmi við lög Sambandsins og landslög, t.d. íhugað að taka upp bankaskráningarkerfi eða endurheimtarkerfi fyrir rafræn gögn en það mundi veita skrifstofum fjármálagreininga lögreglu aðgang að upplýsingum um bankareikninga, eftir atvikum með fyrirvara um leyfi dómsmálayfirvalda. Aðildarríki gætu einnig íhugað að koma á tilhögun til að tryggja að lögbær yfirvöld séu með verkferla til að auðkenna fjármuni án fyrirframtilkynningar til eiganda.

58) Aðildarríki ættu að hvetja lögbær yfirvöld sín til að veita eins víðtækt samstarf yfir landamæri og mögulegt er á skjótan, uppbyggilegan og skilvirkan hátt að því er varðar þessa tilskipun, án þess að hafa áhrif á reglur eða málsmeðferðarreglur um viðeigandi dómsmálasamstarf í sakamálum. Aðildarríki ættu einkum að tryggja að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu þeirra skiptist greiðlega á upplýsingum, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, við skrifstofur fjármálagreininga lögreglu þriðju landa með hliðsjón af löggjöf Sambandsins og meginreglunum sem tengjast upplýsingaskiptum sem Egmont-hópur skrifstofa fjármálagreininga lögreglu hefur þróað.

59) Mikilvægi þess að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ætti að verða til þess að aðildarríkin kveði á um stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir í innlendum lögum, sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, við því að virða ekki innlend ákvæði til lögleiðingar á þessari tilskipun. Eins og stendur hafa aðildarríki yfir að ráða margvíslegum stjórnsýsluviðurlögum og ráðstöfunum við brotum á helstu fyrirbyggjandi aðgerðum. Sá fjölbreytileiki gæti grafið undan þeirri viðleitni að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hætta er á að viðbrögð Sambandsins gætu orðið sundurleit. Í þessari tilskipun ættu aðildarríki því að setja fram margvísleg stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir, að minnsta kosti fyrir alvarleg, endurtekin eða kerfisbundin brot á kröfum um áreiðanleikakönnun, skráningu, skýrslugjöf um grunsamleg viðskipti og innra eftirlit tilkynningarskyldra aðila. Viðurlög og ráðstafanir ættu að vera

([1]) Tilskipun ráðsins 2011/16/ESB frá 15. febrúar 2011 um samvinnu á sviði stjórnsýslu á sviði skattlagningar og um niðurfellingu tilskipunar 77/799/EBE (Stjtíð. ESB L 64, 11.3.2011, bls. 1).

nægilega rúmar til að gera aðildarríkjum og lögbærum yfirvöldum kleift að taka tillit til þess mismunar sem er á tilkynningarskyldum aðilum, einkum milli lána- og fjármálastofnana og annarra tilkynningarskyldra aðila allt eftir umfangi, einkennum og eðli viðskiptanna. Þegar þessi tilskipun er leidd í lög ættu aðildarríki að tryggja að álögð gjöld vegna stjórnsýsluviðurlaga og ráðstafana í samræmi við þessa tilskipun og refsiviðurlög í samræmi við landslög, brjóti ekki í bága við meginregluna um að vera ekki saksóttur tvisvar fyrir sama afbrot (*ne bis in idem*.)

60) Öll upplýsingaskipti um sakfellingu í refsimálum, að því er varðar mat á hversu viðeigandi sé að einstaklingar gegni stjórnunarstörfum í tilkynningarskyldum aðilum eða stjórni þeim með öðrum hætti, ættu að fara fram í samræmi við rammaákvörðun ráðsins 2009/315/DIM ([1]) og ákvörðun ráðsins 2009/316/DIM ([2]), eins og þær voru leiddar í landslög og í samræmi við önnur viðeigandi ákvæði landslaga.

61) Tæknilegir eftirlitsstaðlar á sviði fjármálaþjónustu ættu að tryggja stöðuga samræmingu og fullnægjandi vernd innstæðueigenda, fjárfesta og neytenda alls staðar í Sambandinu. Þar eð evrópsku eftirlitsstofnanirnar búa yfir mikilli sérhæfðri sérþekkingu væri skilvirkt og viðeigandi að fela þeim að útfæra frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér ákvarðanir um stefnu, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

62) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstaðli sem evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa þróað samkvæmt þessari tilskipun með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.

63) Í ljósi mjög víðtækra breytinga sem þyrfti að gera á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/70/EB í ljósi þessarar tilskipunar ætti að sameina þær og skipta þeim út fyrir skýrleika sakir og til samræmis.

64) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda fjármálakerfið með því að koma í veg fyrir, bera kennsl á og rannsaka peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar sem einstakar ráðstafanir sem aðildarríkin samþykkja til að vernda fjármálakerfi sín kunna að vera ósamrýmanlegar starfsemi innri markaðarins og lagafyrirmælum og allsherjarreglu í Sambandinu og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

65) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmálanum, einkum rétturinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, rétturinn til verndar persónuupplýsingum, frelsi til að stunda viðskipti, bann við mismunun, rétturinn til skilvirks úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, reglan um sakleysi uns sekt er sönnuð og rétturinn til varnar.

66) Í samræmi við 21. gr. sáttmálans sem bannar hvers konar mismunun eiga aðildarríki að tryggja að þessi tilskipun sé innleidd að því er varðar áhættumat með skírskotun til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, án mismununar.

67) Aðildarríki hafa skuldbundið sig til, í rökstuddum tilvikum og í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([3]), að láta eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

68) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 4. júlí 2013 ([4]),

([1]) Rammaákvörðun ráðsins 2009/315/DIM frá 26. febrúar 2009 um fyrirkomulag og efni upplýsingaskipta úr sakaskrám milli aðildarríkja (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 23).

([2]) Ákvörðun ráðsins 2009/316/DIM frá 6. apríl 2009 um að koma á fót upplýsingakerfi evrópskra sakaskráa (ECRIS) við beitingu 11. gr. rammaákvörðunar 2009/315/DIM (Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 33).

([3]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

([4]) Stjtíð. ESB C 32, 4.2.2014, bls. 9.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að koma í veg fyrir að fjármálakerfi Sambandsins sé notað í þeim tilgangi að þvætta peninga og fjármagna hryðjuverk.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé bönnuð.

3. Í þessari tilskipun skal eftirfarandi athæfi, þegar það er framið af ásetningi, talið peningaþvætti:

a) umbreyting eða yfirfærsla á eign, þegar vitað er að slík eign verður til í kjölfar brotastarfsemi eða þátttöku í slíkri starfsemi, í þeim tilgangi að hylma yfir eða leyna ólögmætum uppruna eignarinnar eða aðstoð við hvern þann einstakling sem á þátt í slíkri starfsemi við að komast hjá lagalegum afleiðingum athafna sinna,

b) yfirhylming eða launung að því er varðar raunverulegt eðli, uppruna, staðsetningu, ráðstöfun, flutning, réttindi yfir eða eignarrétt eignar, þegar vitað er að slík eign verður til í kjölfar brotastarfsemi eða þátttöku í slíkri starfsemi,

c) öflun, umráð eða notkun eignar þegar vitað er við móttöku að slík eign varð til í kjölfar brotastarfsemi eða þátttöku í slíkri starfsemi,

d) þátttaka í, samtök um, tilraunir til, liðveisla, hvatning, fyrirgreiðsla eða ráðgjöf við sérhverjar þær athafnir sem um getur í a-, b- og c-lið.

4. Um peningaþvætti er að ræða jafnvel þótt starfsemin, sem gaf af sér viðkomandi fjármuni, hafi farið fram á yfirráðasvæði annars aðildarríkis eða í þriðja landi.

5. Að því er þessa tilskipun varðar merkir „fjármögnun hryðjuverka“ útvegun eða öflun fjár, með öllum leiðum beint eða óbeint, í þeim tilgangi að nota þá, að öllu eða einhverju leyti, til að fremja eitthvert þeirra brota sem um getur í 1.–4. gr. í rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM ([1]).

6. Af raunverulegum málavöxtum má ráða hvort um er að ræða vitneskju, ásetning eða tilefni sem skal liggja fyrir sem þáttur í þeirri starfsemi sem um getur í 3. og 5. mgr.

2. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um eftirtalda tilkynningarskylda aðila:

1) lánastofnanir,

2) fjármálastofnanir,

3) eftirtalda einstaklinga eða lögaðila þegar þeir stunda störf sín:

   a) endurskoðendur, löggilta bókara og skattaráðgjafa,

   b) lögbókendur eða aðra óháða lögfræðinga, þegar þeir taka þátt í, hvort heldur sem er með því að starfa fyrir hönd og fyrir umbjóðendur sína við hvers konar fjármála- eða fasteignaviðskipti, eða með því að aðstoða við skipulagningu eða framkvæmd viðskipta fyrir umbjóðanda sinn að því er varðar:

      i. að kaupa og selja fasteignir eða fyrirtæki,

      ii. að hafa umsjón með peningum, verðbréfum eða öðrum eignum skjólstæðinganna,

      iii. að opna eða hafa umsjón með banka-, spari- eða verðbréfareikningum,

([1]) Rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM frá 13. júní 2002 um baráttu gegn hryðjuverkum (Stjtíð. EB L 164, 22.6.2002, bls. 3).

iv. að útvega nauðsynlegt fjármagn til að stofna, reka eða stýra fyrirtækjum,

v. að stofna, reka eða stýra fjárvörslusjóðum, fyrirtækjum og áþekkum stofnunum,

c) þjónustuveitendur á sviði fyrirtækjaþjónustu eða fjárvörslusjóðaþjónustu sem a- eða b-liður tekur ekki til,

d) fasteignasala,

e) aðra einstaklinga sem versla með vörur að því marki að greiðslur eru inntar af hendi eða þeim veitt viðtaka í reiðufé með fjárhæðum sem eru 10 000 evrur eða þar yfir, hvort sem viðskiptin fara fram í einni aðgerð eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri,

f) veitendur þjónustu, tengdri fjárhættustarfsemi.

2. Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að undanskilja, að öllu eða einhverju leyti, veitendur tiltekinnar þjónustu tengdri fjárhættustarfsemi frá ákvæðum landslaga sem leiða þessa tilskipun í lög á grundvelli staðfestrar, lítillar áhættu sem kemur til vegna eðlis, og eftir því sem við á, umfangs rekstrar slíkrar þjónustu, að spilavítum undanskildum og eftir viðeigandi áhættumat.

Meðal þátta sem aðildarríki taka til athugunar í áhættumati sínu skulu vera veikleikastig viðeigandi viðskipta, þ.m.t. gagnvart greiðsluaðferðunum sem notaðar eru.

Í áhættumati sínu skulu aðildarríki gefa til kynna hvernig þau hafa tekið tillit til allra niðurstaðna sem skipta máli í útgefnum skýrslum framkvæmdastjórnarinnar skv. 6. gr.

Aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sínar samkvæmt fyrstu undirgrein og ástæður þeirra, ásamt rökstuðningi sem byggður er á tilteknu áhættumati. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þá ákvörðun.

3. Aðildarríki geta ákveðið að einstaklingar sem taka þátt í fjármálastarfsemi stöku sinnum eða að mjög takmörkuðu leyti og þar sem lítil hætta er á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, falli ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, að því tilskildu að eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) fjármálastarfsemin er á allan hátt takmörkuð,

b) fjármálastarfsemin er takmörkuð á grundvelli viðskipta,

c) fjármálastarfsemin er ekki aðalstarfsemi slíkra einstaklinga,

d) fjármálastarfsemin er viðbót við og tengist beint aðalstarfsemi slíkra persóna,

e) aðalstarfsemi slíkra einstaklinga er ekki starfsemi sem um getur í a- til d-lið eða f-lið 3. liðar 1. mgr.,

f) fjármálastarfsemin er einungis í boði fyrir viðskiptamenn aðalstarfsemi slíkra einstaklinga og stendur almenningi alla jafna ekki til boða.

Fyrsta undirgreinin gildir ekki um aðila sem taka þátt í peningasendingum, eins og þær eru skilgreindar í 13. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB ([1]),

4. Aðildarríki skulu, að því er varðar a-lið 3. mgr., fara fram á að heildarvelta fjármálastarfseminnar fari ekki yfir viðmiðunarmörk sem verða að vera nægilega lág. Þessi viðmiðunarmörk skal ákveða í hverju landi fyrir sig eftir því um hvers konar fjármálastarfsemi er að ræða.

5. Aðildarríki skulu, að því er varðar b-lið 3. mgr., setja hámarks viðmiðunarmörk um hvern viðskiptamann og stök viðskipti, hvort sem viðskiptin fara fram í einni aðgerð eða fleiri aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri. Hámarks viðmiðunarmörk skal ákveða í hverju landi fyrir sig eftir því um hvers konar fjármálastarfsemi er að ræða. Þau skulu vera nægilega lág til að tryggja að viðskiptin sem um ræðir séu óhentug og óskilvirk aðferð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka og skulu ekki vera hærri en fjárhæð sem nemur 1000 evrum.

6. Aðildarríki skulu, að því er varðar c-lið 3. mgr., fara fram á að velta fjármálastarfseminnar fari ekki yfir 5% af heildarveltu viðkomandi einstaklings eða lögaðila.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

7. Aðildarríki skulu, við mat á hættunni á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka að því er varðar þessa grein, fylgjast sérstaklega með hverri þeirri fjármálastarfsemi sem einkum telst líkleg, vegna eðlis síns, til að verða notuð eða misnotuð að því er varðar peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

8. Í ákvörðunum aðildarríkja skv. 3. mgr. skulu tilgreindar ástæðurnar sem þær byggja á. Við breyttar aðstæður er aðildarríkjum heimilt að ákveða að draga slíkar ákvarðanir til baka. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ákvarðanir. Framkvæmdastjórnin skal senda hinum aðildarríkjunum þessar ákvarðanir.

9. Aðildarríki skulu koma á fót eftirlitsaðgerðum sem byggjast á áhættumati eða gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að undanþága, sem veitt er með þessari grein, sé ekki misnotuð.

3. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „lánastofnun“: lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr., 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([1]), þ.m.t. útibú, eins og þau eru skilgreind í 17. lið 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, í Sambandinu, hvort sem aðalskrifstofa hennar er innan Sambandsins eða í þriðja landi,

2) „fjármálastofnun“:

   a) fyrirtæki sem ekki er lánastofnun og rekur starfsemi af einni eða fleiri gerðum sem tilgreindar eru í 2.–12. lið, 14. og 15. lið I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([2]), þ.m.t. starfsemi gjaldeyrisskiptastöðva (*bureaux de change*),

   b) vátryggingafélag, eins og það er skilgreint í 1. lið 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([3]), svo fremi það annist líftryggingastarfsemi sem fellur undir þá tilskipun,

   c) verðbréfafyrirtæki, eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([4]),

   d) fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem markaðssetur hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf,

   e) vátryggingamiðlari, eins og hann er skilgreindur í 5. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB ([5]), þegar hann miðlar líftryggingum og annast aðra fjárfestingartengda þjónustu, að frátöldum bundnum lánamiðlara eins og hann er skilgreindur í 7. lið þeirrar greinar,

   f) útibú fjármálastofnana, þegar þau eru staðsett í Sambandinu, eins og um getur í a- til e-lið, hvort sem aðalskrifstofa þeirra er í aðildarríki eða þriðja landi,

3) „eign“: eign af hvaða tagi sem er, hvort sem hún er áþreifanleg eða óáþreifanleg, lausafé eða fasteign, efnisleg eða óefnisleg og skjöl eða gerningar í hvaða formi sem er, þ.m.t. rafrænir eða stafrænir, sem að lögum sýna eignarrétt að slíkum eignum eða réttindi til þeirra,

4) „brotastarfsemi“: hvers konar brotlegt athæfi í tengslum við eftirfarandi, alvarleg brot:

   a) athæfi, eins og það er sett fram í 1.–4. gr. rammaákvörðunar 2002/475/DIM,

   b) brot, eins og þau eru skilgreind í a-lið 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna frá 1988 gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni,

([1]) Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 Evrópuþingsins og ráðsins frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð ESB nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga (Stjtíð. ESB L 9, 15.1.2003, bls. 3).

c) starfsemi glæpasamtaka, eins og hún er skilgreind í 1. gr. sameiginlegrar aðgerðar ráðsins 98/733/DIM ([1]),

d) svik, sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, þegar a.m.k. er um að ræða gróf tilvik, eins og þau eru skilgreind í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. samningsins um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ([2]),

e) spilling,

f) öll brot, þ.m.t. skattalagabrot sem varða beina og óbeina skatta, eins og þeir eru skilgreindir í landslögum aðildarríkjanna, varða frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. 12 mánuði, eða, að því er varðar ríkin sem hafa lágmarks viðmiðunarmörk fyrir afbrot í réttarkerfi sínu, öll brot sem varða frjálsræðissviptingu eða öryggisráðstöfun í a.m.k. sex mánuði,

5) „sjálfseftirlitsstofnun“: stofnun sem er fulltrúi aðila starfsgreinar og gegnir hlutverki við að setja þeim reglur, framkvæma vissar aðgerðir sem viðkoma eftirliti og vöktun og tryggja framfylgd reglnanna sem um þá eru settar,

6) „raunverulegur eigandi“: sérhver einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á starfsemina eða stýrir þeim viðskiptamanni og/eða einstaklingi, einum eða fleiri, og þar sem viðskipti eða starfsemi eru stunduð í hans nafni og telst m.a. vera:

a) þegar um er að ræða viðskiptafyrirtæki:

i. einstaklingur eða einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild á nægilegu hlutfalli hlutabréfanna eða atkvæðisrétti eða eignarhlut í þeirri einingu, þ.m.t. gegnum handhafahlutabréf eða stjórnun eftir öðrum leiðum, nema um sé að ræða fyrirtæki sem skráð er á skipulögðum verðbréfamarkaði sem fellur undir upplýsingakröfur í samræmi við lög Sambandsins eða jafngilda, alþjóðlega staðla sem tryggja nægjanlegt gagnsæi hvað varðar upplýsingar um eignarhald.

Hlutafjáreign sem nemur 25% að viðbættum einum hlut eða eignarhlut yfir 25% í viðskiptamanni hjá einstaklingi skal vera vísbending um beint eignarhald. Hlutafjáreign sem nemur 25% að viðbættum einum hlut eða eignarhlut yfir 25% í viðskiptamanni í vörslu viðskiptafyrirtækis sem einstaklingur, einn eða fleiri, stýrir eða í vörslu fjölmargra viðskiptafyrirtækja sem sami einstaklingur, einn eða fleiri, stýrir, skal vera vísbending um óbeint eignarhald. Þetta gildir með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að ákvarða að lægra hlutfall kunni að vera vísbending um eignarhald eða yfirráð. Ákveða má stýringu eftir öðrum leiðum, m.a. í samræmi við viðmiðanirnar í 1.–5. mgr. 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([3]),

ii. einstaklingur, einn eða fleiri, sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra, ef, eftir að allar hugsanlegar leiðir hafa verið fullreyndar og engin ástæða er til grunsemda, enginn einstaklingur í i.-lið hefur verið auðkenndur, eða ef einhver vafi leikur á að einstaklingurinn, einn eða fleiri, sem hefur verið auðkenndur sé raunverulegur eigandi; tilkynningarskyldir aðilar skulu halda skrá um aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að auðkenna raunverulegt eignarhald skv. i.-lið og þessum lið.

b) ef um er að ræða fjárvörslusjóði:

i. stofnandinn,

ii. vörsluaðilinn eða -aðilarnir,

iii. verndarinn, ef við á,

iv. raunverulegir eigendur, eða sá hópur manna í hverra þágu lagalegt fyrirkomulag eða eining er sett upp eða starfar, þegar einstaklingarnir sem hafa ávinning af hinu lagalega fyrirkomulagi eða einingu hafa ekki enn verið skilgreindir,

v. allir aðrir einstaklingar sem fara með endanlega stjórn sjóðsins með beinu eða óbeinu eignarhaldi eða eftir öðrum leiðum,

([1]) Sameiginleg aðgerð 98/733/DIM frá 21. desember 1998 sem ráðið innleiddi á grundvelli greinar K.3 í sáttmálanum um Evrópusambandið um að það verði refsiverður verknaður að taka þátt í afbrotastarfsemi í aðildarríkjum Evrópusambandsins (Stjtíð. EB L 351, 29.12.1998, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB C 316, 27.11.1995, bls. 49.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

c) einstaklingar, einn eða fleiri, í jafngildum eða líkum stöðum og um getur í b-lið, þegar um er að ræða lagalegar einingar á borð við stofnanir og lagalegt fyrirkomulag svipað fjárvörslusjóðum,

7) „þjónustuveitandi á sviði fjárvörslu eða fyrirtækjaþjónustu:“ hver einstaklingur sem með viðskiptum sínum annast eina af eftirfarandi þjónustu fyrir þriðja aðila:

a) stofnun fyrirtækja eða annarra lögaðila,

b) starfar, eða útvegar annan einstakling til að starfa, sem forstjóri eða framkvæmdastjóri fyrirtækis, meðeigandi í sameignarfélagi eða til að gegna svipaðri stöðu með tilliti til annarra lögaðila,

c) útvegar skráða skrifstofu, póstfang fyrirtækis, annast bréfaskipti eða stjórnunarheimilisfang og aðra tengda þjónustu fyrir fyrirtæki, sameignarfélag eða annan lögaðila eða annað fyrirkomulag,

d) starfar, eða útvegar annan einstakling til að starfa, sem fjárvörsluaðili sjóðs eða svipaðs löglegs fyrirkomulags,

e) starfar sem eða fær annan einstakling til að starfa sem tilnefndur hluthafi fyrir annan aðila en fyrirtæki sem skráð er á skipulegum markaði sem fellur undir upplýsingakröfur í samræmi við lög Sambandsins eða sambærilegar alþjóðlegar reglur,

8) „millibankaviðskipti“:

a) veiting bankaþjónustu eins banka sem viðskiptabanka til annars banka sem gagnaðila, þ.m.t. að stofna tékkareikninga eða aðra skuldareikninga og veita tengda þjónustu, t.d. reiðufjárstjórnun, alþjóðlega yfirfærslu fjár, greiðslujöfnunarreikninga, greiðslumiðlunarreikninga og þjónustu í tengslum við erlendan gjaldeyri,

b) tengslin milli og meðal lánastofnana og fjármálastofnana, þ.m.t. þegar samsvarandi stofnun veitir gagnaðilanum svipaða þjónustu, og sem taka til tengsla sem komið er á fót fyrir verðbréfaviðskipti eða millifærslu fjár,

9) „einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla“: einstaklingur sem falið er, eða hefur verið falið, að gegna opinberum störfum sem geta m.a. verið:

a) þjóðhöfðingjar, ríkisstjórnarleiðtogar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar,

b) þingmenn þjóðþinga eða fulltrúar svipaðra löggjafarstofnana,

c) stjórnarmenn stjórnmálaflokka,

d) hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómsaðilar sem fella úrskurði sem ekki er hægt að áfrýja frekar nema við sérstakar aðstæður,

e) aðilar endurskoðunarréttar eða stjórnarmenn seðlabanka,

f) sendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn í herjum,

g) aðilar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkisins,

h) framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn eða aðilar með jafngilda stöðu í alþjóðastofnun.

Engin opinber störf sem um getur í a- til h-lið skulu teljast til starfa millistjórnenda eða lægra settra embættismanna,

10) „aðstandendur“ eru m.a.:

a) maki eða einstaklingur sem telst vera jafngildur maka einstaklings í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla,

b) börn og makar þeirra eða einstaklingar sem teljast vera jafngildir maka einstaklings í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla,

c) foreldrar einstaklings í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla,

11) „einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn“:

a) einstaklingar sem vitað er að eigi sameiginlegan, raunverulegan eignarrétt á lögaðilum eða lagalegu fyrirkomulagi eða önnur náin viðskiptatengsl við einstakling í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla,

b) einstaklingar sem eiga einir raunverulegan eignarrétt á lögaðila eða lagalegu fyrirkomulagi sem vitað er að hafi verið í reynd komið á fót í þágu einstaklings í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.

12) „yfirstjórn“: fulltrúi eða starfsmaður með nægjanlega þekkingu á áhættu stofnunarinnar hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og er nægilega hátt settur til að taka ákvarðanir varðandi áhættu stofnunarinnar og er ekki endilega, í öllum tilvikum, stjórnarmaður,

13) „viðskiptatengsl“: viðskipti, faglegs eða viðskiptalegs eðlis sem tengjast atvinnustarfsemi tilkynningarskylds aðila og búist var við að myndi vara til lengri tíma þegar tengslunum var komið á,

14) „þjónusta, tengd fjárhættustarfsemi“: þjónusta sem felst í því að veðja fjármunum í áhættuspilum, þ.m.t. þeim sem útheimta einhverja hæfni, eins og happdrætti, spil í spilavítum, póker og veðmálaviðskipti sem eru til reiðu á tilteknum stöðum eða á ótilteknum stöðum í fjarlægð, með rafrænum hætti eða hvers konar annarri tækni sem greiðir fyrir samskiptum og samkvæmt einstaklingsbundinni ósk þjónustuþega,

15) „samstæða“: fyrirtækjasamstæða sem í eru móðurfélag, dótturfélög þess og aðilar sem móðurfélagið eða dótturfélögin eiga hlutdeild í og einnig fyrirtæki sem tengjast hvert öðru með sambandi sem um getur í 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

16) „rafeyrir“: rafeyrir, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB,

17) „skelbanki“: lánastofnun eða fjármálastofnun eða stofnun sem rekur sambærilega starfsemi og lánastofnanir og fjármálastofnanir, og stofnuð er innan lögsögu þar sem hún hefur enga raunverulega aðstöðu, stjórn eða rekstur og er ótengd eftirlitsskyldri fjármálasamstæðu.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við nálgun sem byggð er á áhættumati, sjá til þess að gildissvið þessarar tilskipunar nái að fullu eða að hluta til starfsgreina og flokka fyrirtækja, annarra en tilkynningarskyldra aðila sem um getur í 1. mgr. 2. gr., sem hafa með höndum starfsemi sem líklegt er að nýtt verði til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

2. Aðildarríki skal, þegar það lætur gildissvið þessarar tilskipunar ná til starfsgreina eða fyrirtækja, annarra en þeirra sem um getur í 1. mgr. 2. gr., tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

Aðildarríkjum er heimilt að samþykkja eða viðhalda strangari ákvæðum á því sviði sem tilskipun þessi tekur til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, innan marka laga Sambandsins.

2. ÞÁTTUR

Áhættumat

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma áhættumat vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka sem hefur áhrif á innri markaðinn og tengist starfsemi sem nær yfir landamæri.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu, eigi síðar en 26. júní 2017, þar sem þessi áhætta er greind og metin á vettvangi Sambandsins. Eftir það skal framkvæmdastjórnin uppfæra skýrslu sína á tveggja ára fresti, eða oftar ef við á.

2. Skýrslan, sem um getur í 1. mgr., skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

a) svið innri markaðarins þar sem áhættan er mest,

b) áhættuna sem tengist hverjum viðkomandi geira,

c) útbreiddustu aðferðirnar sem brotamenn beita til að þvætta ólöglegan ávinning.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera skýrsluna, sem um getur í 1. mgr., aðgengilega aðildarríkjum og tilkynningarskyldum aðilum til að auðvelda þeim að greina, skilja, stjórna og draga úr áhættu af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og til að gera öðrum hagsmunaaðilum, þ.m.t. innlendum löggjöfum, Evrópuþinginu, evrópsku eftirlitsstofnununum og fulltrúum skrifstofa fjármálagreininga lögreglu kleift að skilja áhættuna betur.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram fyrir aðildarríkin tillögur um aðgerðir við hæfi til að bregðast við þeirri áhættu sem greind hefur verið. Aðildarríki skulu, ákveði þau að beita ekki neinum tillagnanna í reglum sínum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, tilkynna það framkvæmdastjórninni og færa rök fyrir slíkri ákvörðun.

5. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 26. desember 2016 og fyrir tilstilli sameiginlegu nefndarinnar, gefa út álit um áhættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem hefur áhrif á fjármálageira Sambandsins („sameiginlega álitið“). Eftir það skulu evrópsku eftirlitsstofnanirnar, fyrir tilstilli sameiginlegu nefndarinnar, gefa út álit á tveggja ára fresti.

6. Framkvæmdastjórnin skal, við framkvæmd matsins sem um getur í 1. mgr., skipuleggja vinnuna á vettvangi Sambandsins, taka tillit til sameiginlegra álita sem um getur í 5. mgr. og fá til þátttöku sérfræðinga aðildarríkja á sviði baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, fulltrúa skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og annarra aðila á vettvangi Sambandsins, eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin skal gera sameiginlegu álitin aðgengileg aðildarríkjunum og tilkynningarskyldum aðilum til að aðstoða þessa aðila við að bera kennsl á, stjórna og draga úr áhættu af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

7. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður reglulegs áhættumats og aðgerða sem gripið er til á grundvelli þessara niðurstaðna á tveggja ára fresti, eða oftar ef við á.

7. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bera kennsl á, meta, skilja og draga úr áhættu af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem hefur áhrif á það og sem og allan vanda sem varðar hvers konar persónuvernd í því samhengi. Það skal sjá til að áhættumatið sé jafnan uppfært.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilnefna yfirvald eða koma á fyrirkomulagi til að samræma viðbrögð á landsvísu við þeim áhættum sem um getur í 1. mgr. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni, evrópsku eftirlitsstofnununum og öðrum aðildarríkjum deili á því yfirvaldi eða lýsingu á fyrirkomulaginu.

3. Aðildarríki skulu nýta niðurstöður skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. 6. gr. þegar þau framkvæma áhættumatið sem um getur í 1. mgr.

4. Sérhvert aðildarríki skal, að því er varðar áhættumatið sem um getur í 1. mgr.:

a) nota það til að bæta reglur sínar um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, einkum með því að auðkenna öll þau svið þar sem tilkynningarskyldir aðilar eiga að beita auknum ráðstöfunum og, eftir því sem við á, tiltaka ráðstafanirnar sem á að gera,

b) auðkenna, eftir því sem við á, geira eða svið minni eða meiri áhættu af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

c) nota það til að auðvelda úthlutun og forgangsröðun fjármagns til að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

d) nota það til að tryggja að samdar séu viðeigandi reglur fyrir hvern geira eða hvert svið í samræmi við áhættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

e) gera viðeigandi upplýsingar þegar í stað aðgengilegar tilkynningarskyldum aðilum til að auðvelda framkvæmd áhættumats á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

5. Aðildarríki skulu gera niðurstöður áhættumatsins aðgengilegar framkvæmdastjórninni, evrópsku eftirlitsstofnununum og hinum aðildarríkjunum.

8. gr.

1. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að auðkenna og meta áhættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með tilliti til þátta sem meðal annars tengjast viðskiptamönnum þeirra, löndum eða landsvæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum eða afgreiðsluleiðum. Þessar ráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við eðli og stærð tilkynningarskylda aðilans.

2. Áhættumötin, sem um getur í 1. mgr., skulu vera skjalfest, uppfærð og gerð aðgengileg viðkomandi lögbærum yfirvöldum og hlutaðeigandi sjálfseftirlitsstofnunum. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að ákveða að ekki sé farið fram á einstök skjalfest áhættumöt þegar hinar tilteknu áhættur sem innbyggðar eru í geirann eru skýrar og skiljanlegar.

3. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar séu með stefnur, stýringar og verkferla til að draga úr og stjórna með skilvirkum hætti áhættunni af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á vettvangi Sambandsins, aðildarríkisins og tilkynningarskylda aðilans. Stefnur þessar, stýringar og verkferlar skulu vera í réttu hlutfalli við eðli og stærð tilkynningarskyldra aðila.

4. Stefnurnar, stýringarnar og verkferlarnir, sem um getur í 3. mgr., skulu fela í sér:

a) þróun á innri stefnum, stýringum og verkferlum, þ.m.t. er líkan áhættustjórnunarstarfsemi, áreiðanleikakönnun, skýrslugjöf, skráning, innra eftirlit, reglufylgnistjórnun, þ.m.t. eftir því sem við á og með tilliti til stærðar og eðlis viðskiptanna, tilnefning regluvarðar á stjórnunarstigi og skimun launamanna,

b) sjálfstæða endurskoðunardeild, eftir því sem við á, með tilliti til stærðar og eðlis félagsins, til að prófa innri stefnur, stýringar og verkferla eins og um getur í a-lið.

5. Aðildarríki skulu fara fram á að tilkynningarskyldir aðilar afli samþykkis yfirstjórnar sinnar hvað varðar stefnur, stýringar og verkferla sem þeir hafa, og að vakta og auka við þær ráðstafanir sem gerðar eru, eftir því sem við á.

3. ÞÁTTUR

Stefna gagnvart þriðja landi

9. gr.

1. Auðkenna skal lögsögu þriðju landa með annmarka í stefnu í landsbundnu fyrirkomulagi þeirra hvað varðar baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („þriðju lönd með mikla áhættu“) til að vernda eðlilega starfsemi innri markaðarins.

2. Fela skal framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 64. gr. til að auðkenna þriðju lönd með mikla áhættu, með tilliti til annmarka í stefnu, einkum í tengslum við:

a) lagalegan og stofnanalegan ramma baráttunnar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í þriðja landi, einkum:

   i. það að gera peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka refsiverða,

   ii. ráðstafanir sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn,

   iii. kröfur er varða skráahald og

   iv. kröfur um að greina frá grunsamlegum viðskiptum,

b) valdsvið og verkferla lögbærra yfirvalda þriðja lands í þeim tilgangi að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

c) skilvirkni kerfis baráttunnar gegn peningaþvætti og hættunni á fjármögnun hryðjuverka þriðja landsins.

3. Samþykkja skal framseldu gerðirnar sem um getur í 2. mgr. innan mánaðar frá auðkenningu þeirra annmarka á stefnu sem um getur í þeirri málsgrein.

4. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til, eins og við á við samantekt á framseldu gerðunum sem um getur í 2. mgr., viðeigandi úttekta, mats eða skýrslna sem alþjóðastofnanir og þeir sem setja staðla og bærir eru til að koma í veg fyrir peningaþvætti og berjast gegn fjármögnun hryðjuverka í tengslum við áhættu einstakra þriðju landa taka saman.

II. KAFLI

KÖNNUN Á ÁREIÐANLEIKA UPPLÝSINGA UM VIÐSKIPTAMENN

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

10. gr.

1. Aðildarríki skulu banna lána- og fjármálastofnunum sínum að halda nafnlausa reikninga og nafnlausar bankabækur. Aðildarríki skulu í öllum tilvikum krefjast þess að eigendur og raunverulegir rétthafar fyrirliggjandi nafnlausra reikninga eða nafnlausra bankabóka falli undir ráðstafanir um áreiðanleikakönnun eins fljótt og auðið er og alltaf áður en slíkir reikningar eða bankabækur eru notaðar á nokkurn hátt.

2. Aðildarríki skulu grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir misnotkun handhafahlutabréfa og að skrifa sig fyrir hlutabréfum.

11. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar grípi til áreiðanleikakönnunar við eftirfarandi aðstæður:

a) þegar viðskiptatengslum er komið á,

b) þegar fara fram tilfallandi viðskipti sem

   i. nema 15 000 evrum eða meira, hvort sem viðskiptin eru stök aðgerð eða í mörgum aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri eða

   ii. fela í sér millifærslu fjármuna, eins og hún er skilgreind í 9. lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/847 ([1]), að upphæð yfir 1000 evrur,

c) þegar um er að ræða einstaklinga sem versla með vörur og framkvæma tilfallandi viðskipti að fjárhæð 10 000 evrur eða meira, hvort sem viðskiptin eru stök aðgerð eða í mörgum aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri,

d) fyrir veitendur þjónustu tengdri fjárhættustarfsemi, þegar vinningar eru greiddir, fjármunum veðjað í fjárhættuspilum eða hvort tveggja, þegar framkvæmd eru viðskipti sem nema 2000 evrum eða meira, hvort sem viðskiptin eru stök aðgerð eða í mörgum aðgerðum sem virðast tengjast hver annarri,

e) þegar grunur leikur á að um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka sé að ræða, burtséð frá undantekningum, undanþágum eða mörkum sem kveðið er á um,

f) þegar efasemdir eru uppi um sannleiksgildi og áreiðanleika áður fenginna upplýsinga til að staðfesta deili á viðskiptamanni.

12. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði a-, b- og c-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr., og 14. gr., og á grundvelli viðeigandi áhættumats sem sýnir fram á litla áhættu, getur aðildarríki heimilað tilkynningarskyldum aðilum að grípa ekki til vissra aðgerða, sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn að því er varðar rafeyri, ef öll eftirfarandi skilyrði um mildun áhættu eru uppfyllt:

a) um er að ræða greiðslumiðil sem ekki er hægt að endurhlaða eða er með hámarks mánaðargreiðslu sem takmarkast við 250 evrur sem aðeins er hægt að nota í því aðildarríki,

b) hámarksfjárhæð sem vistuð er rafrænt fer ekki yfir 250 evrur,

([1]) Reglugerð (ESB) 2015/847 Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. maí 2015 um upplýsingar sem fylgja millifærslu fjármuna og fellir úr gildi reglugerð (EB) nr. 1781/2006 (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 1).

c) greiðslumiðillinn er eingöngu notaður til að kaupa vörur og þjónustu,

d) ekki er hægt að fjármagna greiðslumiðilinn með rafeyri undir nafnleynd,

e) útgefandinn fylgist nægjanlega með viðskiptum eða viðskiptatengslum til að unnt sé að leiða óvenjuleg eða grunsamleg viðskipti í ljós.

Aðildarríki er heimilt, að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, að hækka hámarksfjárhæðina í 500 evrur fyrir greiðslumiðla sem aðeins er hægt að nota í því aðildarríki.

2. Aðildarríki skulu tryggja að undanþágan, sem sett er fram í 1. mgr., eigi ekki við um endurkaup í reiðufé eða úttekt reiðufjár að peningagildi rafeyris ef innleyst fjárhæð er hærri en 100 evrur.

13. gr.

1. Ráðstafanir um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn skulu fela í sér:

a) að staðfesta deili á viðskiptamanninum og sannreyna hver hann er á grundvelli skjala, gagna eða upplýsinga sem aflað er frá áreiðanlegum, sjálfstæðum heimildum,

b) að staðfesta deili á raunverulegum eiganda og gera réttmætar ráðstafanir til að sanngreina deili á einstaklingnum til að tilkynningarskyldi aðilinn sé þess fullviss hver raunverulegur eigandi er, þ.m.t. að því er varðar lögaðila, fjárvörslusjóði, fyrirtæki og svipað lagalegt fyrirkomulag, og geri réttmætar ráðstafanir til að skilja eignarhalds- og stjórnunarkerfi viðskiptamannsins,

c) að meta og, eins og við á, afla upplýsinga um tilgang og fyrirhugaðs eðlis viðskiptatengsla,

d) að sinna stöðugu eftirliti með viðskiptatengslunum, þ.m.t. athugun á viðskiptum sem hafa farið fram á meðan á viðskiptatengslunum hefur staðið til að tryggja að viðskiptin, sem fram fara, séu í samræmi við vitneskju tilkynningarskylda aðilans um viðskiptamanninn, fyrirtækið og áhættusniðið, þ.m.t. og ef nauðsyn krefur, uppruna fjármagns og tryggingu fyrir því að geymd skjöl, gögn og upplýsingar séu uppfærðar.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu einnig sannreyna, þegar þeir gera ráðstafanirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar, að sérhver einstaklingur sem gefur sig út fyrir að koma fram fyrir hönd viðskiptamannsins hafi heimild til þess og auðkenna og sannreyna deili á þeim einstaklingi.

2. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar virði öll skilyrði um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Tilkynningarskyldir aðilar geta þó ákveðið umfang slíkra ráðstafana samkvæmt áhættumati.

3. Aðildarríki skulu fara fram á að tilkynningarskyldir aðilar taki að minnsta kosti tillit til breytnanna sem settar eru fram í I. viðauka þegar metin er áhættan af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar geti sýnt lögbærum yfirvöldum eða sjálfseftirlitsaðilum fram á að ráðstafanirnar séu hæfilegar í ljósi áhættunnar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem greinst hefur.

5. Aðildarríki skulu tryggja, hvað varðar viðskipti með líftryggingar og aðrar tryggingar sem tengjast fjárfestingum og til viðbótar við áreiðanleikakannanir sem krafist er vegna viðskiptamannsins og raunverulegs eiganda, að lána- og fjármálastofnanir framkvæmi eftirfarandi áreiðanleikakönnun vegna rétthafa líftrygginga og annarra trygginga sem tengjast fjárfestingum, um leið og staðfest hafa verið deili á rétthöfunum eða þeir tilteknir:

a) þegar rétthafar eru auðkenndir sem tilteknir, nafngreindir einstaklingar eða lagalegt fyrirkomulag sem tekur nafn einstaklingsins,

b) þegar rétthafar eru útnefndir vegna eiginleika, flokks eða á annan hátt, fá nægar upplýsingar um þessa rétthafa til að lánastofnanir eða fjármálastofnun viti með vissu að hún geti ákveðið auðkenni rétthafa við útgreiðslu.

Sannprófun á auðkenni rétthafa skal eiga sér stað við útgreiðslu að því er varðar a- og b-lið fyrstu undirgreinar. Lána- og fjármálastofnanir sem gera sér úthlutunina ljósa skulu, þegar um úthlutun er að ræða, að fullu eða að hluta, á líftryggingum eða öðrum tryggingum sem tengjast viðskiptum við þriðja aðila, staðfesta deili á raunverulegum eiganda þegar úthlutunin á sér stað við einstakling, lögaðila eða lagalegt fyrirkomulag sem fær í eigin þágu virði úthlutaðs samnings.

6. Tilkynningarskyldur aðili skal, þegar um er að ræða rétthafa fjárvörslusjóðs eða svipaðs lagalegs fyrirkomulags sem tilnefndir eru vegna tiltekinna eiginleika eða flokks, fá nægilegar upplýsingar um rétthafann til að aðilinn viti með vissu að hann geti staðfest deili á rétthafanum við útgreiðslu eða þegar rétthafi neytir áunninna réttinda sinna.

14. gr.

1. Aðildarríki skulu fara fram á að sannprófun á auðkenni viðskiptamanns og raunverulegs eiganda eigi sér stað áður en viðskiptatengslum er komið á eða viðskiptin framkvæmd.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu aðildarríkin leyfa að sannreynt sé endanlega hver viðskiptamaðurinn og raunverulegur eigandi er á meðan verið er að koma viðskiptatengslunum á ef það telst nauðsynlegt til að trufla ekki eðlilegan framgang viðskiptanna og þar sem lítil áhætta telst vera á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Við slíkar aðstæður skal ljúka ferlinu eins fljótt og auðið er eftir fyrstu samskiptin.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjum heimilt að leyfa að stofnaður sé reikningur hjá lána- eða fjármálastofnun, þ.m.t. reikningar sem heimila viðskipti með framseljanleg verðbréf, að því tilskildu að verndarráðstafanir séu nægar til að tryggja að hvorki framkvæmi viðskiptamaðurinn viðskiptin né séu þau framkvæmd í hans þágu, fyrr en gagnger áreiðanleikakönnun hefur farið fram, eins og mælt er fyrir um í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr.

4. Aðildarríki skulu fara fram á, þegar tilkynningarskyldur aðili getur ekki farið að kröfum um áreiðanleikakönnun, eins og mælt er fyrir um í a-, b- eða c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr., að hann framkvæmi ekki viðskipti gegnum bankareikning, komi ekki á viðskiptatengslum eða framkvæmi viðskiptin og slíti viðskiptatengslunum og áformi að semja skýrslu um grunsamleg viðskipti og senda skrifstofu fjármálagreininga lögreglu að því er viðskiptamanninn varðar, í samræmi við 33. gr.

Aðildarríkjum er ekki skylt að beita fyrstu undirgrein aðeins til hins ýtrasta þegar lögbókendur, óháðir lögfræðingar, endurskoðendur, löggiltir bókarar og skattaráðgjafar ganga úr skugga um lagalega stöðu skjólstæðings eða verja eða flytja mál þess skjólstæðings við eða varðandi dómsmál, þ.m.t. ráðgjöf um að hefja eða komast hjá slíkri málsmeðferð.

5. Aðildarríki skulu fara fram á að tilkynningarskyldir aðilar geri ekki aðeins áreiðanleikakönnunum vegna nýrra viðskiptamanna heldur einnig vegna núverandi viðskiptamanna þegar við á samkvæmt áhættumati, þ.m.t. þegar aðstæður viðskiptamanns breytast að einhverju leyti.

2. ÞÁTTUR

Einfölduð áreiðanleikakönnun

15. gr.

1. Þegar aðildarríki eða tilkynningarskyldur aðili greinir minni áhættusvið er því aðildarríki heimilt að gefa tilkynningarskyldum aðilum leyfi til að beita einfölduðum ráðstöfunum sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

2. Tilkynningarskyldir aðilar skulu, áður en þeir beita einfölduðum ráðstöfunum sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, ganga úr skugga um að viðskiptatengslin eða viðskiptin séu með lægra áhættustig.

3. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar fylgist nægjanlega vel með viðskiptum og viðskiptatengslum til að unnt sé að bera kennsl á óvenjuleg eða grunsamleg viðskipti.

16. gr.

Aðildarríki og tilkynningarskyldir aðilar skulu, þegar þau meta áhættuna af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að því er varðar tegundir viðskiptamanna, landsvæði og tilteknar vörur, þjónustu, viðskipti eða afgreiðslurásir, a.m.k. taka tillit til þátta sem varða hugsanlegar aðstæður með minni áhættu eins og sett er fram í II. viðauka.

17. gr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 26. júní 2017, gefa út viðmiðunarreglur sem beint er til lögbærra yfirvalda og lána- og fjármálastofnananna í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um áhættuþætti sem taka ber til athugunar og ráðstafanir sem ber að gera þegar einfaldaðar ráðstafanir hvað varðar könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn eru viðeigandi. Sérstakt tillit skal tekið til eðlis og stærðar fyrirtækisins og, eftir því sem við á og er hóflegt, skal mælt fyrir um sértækar ráðstafanir.

3. ÞÁTTUR

Hertar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn

18. gr.

1. Í þeim tilvikum sem um getur í 19.–24. gr. og í samskiptum við einstaklinga eða lögaðila með staðfestu í þeim þriðju löndum, sem framkvæmdastjórnin hefur auðkennt sem þriðju lönd með mikla áhættu og einnig í öðrum tilvikum aukinnar áhættu, sem aðildarríki eða tilkynningarskyldir aðilar hafa greint, skulu aðildarríki fara fram á að tilkynningarskyldir aðilar geri hertar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn til að stjórna og milda þessar áhættur.

Ekki þarf að skírskota sjálfkrafa til aukinna ráðstafana til áreiðanleikakönnunar vegna útibúa eða dótturfélaga í meirihlutaeigu tilkynningarskyldra aðila í Sambandinu sem staðsett eru í þriðju löndum með mikla áhættu þegar þessi útibú eða dótturfyrirtæki í meirihlutaeigu fylgja að öllu leyti stefnum og verkferlum á samstæðugrundvelli í samræmi við 45. gr. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningarskyldir aðilar meðhöndli þessi mál með því að beita nálgun, byggðri á áhættumati.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að tilkynningarskyldir aðilar rannsaki, að svo miklu leyti sem unnt er, bakgrunn og tilgang allra flókinna og óvenjulega mikilla viðskipta og öll óvenjuleg viðskiptamynstur sem hafa að því er virðist engan efnahagslegan eða sýnilega löglegan tilgang. Einkum skulu tilkynningarskyldir aðilar hækka stig og eðli eftirlits með viðskiptatengslunum til að ákvarða hvort þessi viðskipti eða starfsemi séu grunsamleg.

3. Aðildarríki og tilkynningarskyldir aðilar skulu, þegar metin er áhættan af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, a.m.k. taka tillit til þátta sem varða hugsanlegar aðstæður með meiri áhættu sem sett er fram í III. viðauka.

4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 26. júní 2017, gefa út viðmiðunarreglur sem beint er til lögbærra yfirvalda og lána- og fjármálastofnananna í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um áhættuþætti sem taka ber til athugunar og aðgerða sem grípa ber til þegar rétt er að gera hertar kröfur til könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn. Sérstakt tillit skal tekið til eðlis og stærðar fyrirtækisins og, eftir því sem við á og er hóflegt, skal mælt fyrir um sértækar ráðstafanir.

19. gr.

Aðildarríki skulu, að því er varðar millibankaviðskipti yfir landamæri við gagnaðila í þriðja landi og í viðbót við ráðstafanir sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, sem mælt er fyrir um í 13. gr., fara fram á við lána- og fjármálastofnanir sínar að þær:

a) afli fullnægjandi upplýsinga um gagnaðilann til að skilja til fullnustu eðli starfsemi hans og meta út frá fyrirliggjandi, opinberum gögnum orðstír viðkomandi og gæði eftirlits hjá honum,

b) leggi mat á eftirlit gagnaðilans með því að ekki fari fram peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

c) afli samþykkis frá yfirstjórn áður en nýjum millibankaviðskiptum er komið á,

d) skrásetji skyldur hvers aðila fyrir sig,

e) fái staðfest, þegar um greiðslustreymisreikninga er að ræða, að gagnaðilinn hafi staðfest deili á viðskiptamanninum og gert áframhaldandi könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, sem hafa beinan aðgang að reikningum þess sem viðskiptin eru við og geti, sé þess óskað, veitt stofnuninni sem viðskiptin eru við viðeigandi upplýsingar um viðskiptamann sem aflað hefur verið með könnun á áreiðanleika upplýsinga hans.

20. gr.

Aðildarríki skulu, að því er varðar viðskipti eða viðskiptatengsl við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna, auk ráðstafana, sem varða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem mælt er fyrir um í 13. gr., krefjast þess að tilkynningarskyldir aðilar:

a) hafi yfir viðeigandi áhættustjórnunarkerfum að ráða, þ.m.t. áhættutengdum verkferlum, til að ákveða hvort viðskiptamaðurinn eða raunverulegi eigandinn sé einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna,

b) geri eftirtaldar ráðstafanir í viðskiptatengslum við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna:

   i. afli samþykkis frá yfirstjórn til að stofna til viðskiptatengsla eða viðhalda viðskiptatengslum við slíka aðila,

   ii. grípi til viðeigandi ráðstafana til að sannreyna uppruna fjármuna og uppruna fjármagns sem notað er í viðskiptatengslum eða viðskiptum við slíka aðila,

   iii. hafi reglubundið aukið eftirlit með þessum viðskiptatengslum.

21. gr.

Aðildarríki skulu krefjast þess að tilkynningarskyldir aðilar geri réttmætar ráðstafanir til að ákvarða hvort rétthafar líftrygginga eða annarra trygginga sem tengjast fjárfestingum og/eða þegar þess er krafist hvort raunverulegur eigandi sé einstaklingur í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna. Grípa skal til þessara ráðstafana, að fullu leyti eða að hluta, eigi síðar en við útgreiðslu eða úthlutun tryggingarinnar. Aðildarríki skulu fara fram á það, þegar aukin áhætta er sanngreind og í viðbót við að beita ráðstöfunum sem varða áreiðanleikakannanir eins og mælt er fyrir um í 13. gr., að tilkynningarskyldir aðilar:

a) upplýsi yfirstjórn áður en kemur til útgreiðslu tryggingar,

b) framkvæmi aukna grannskoðun á öllum viðskiptatengslunum við vátryggingartakann.

22. gr.

Þegar einstaklingur sem er í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna hættir að gegna mikilvægri opinberri stöðu í aðildarríki eða þriðja landi, eða hjá alþjóðastofnun, skulu tilkynningarskyldir aðilar vera skuldbundnir í a.m.k. 12 mánuði til að halda áfram að tillit til áframhaldandi áhættu sem þessi einstaklingur kann að skapa og beita viðeigandi og áhættunæmum ráðstöfunum þangað til talið er að sá einstaklingur valdi engri frekari áhættu sem einkennir einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.

23. gr.

Ráðstafanirnar, sem um getur í 20. og 21. gr., skulu einnig gilda um aðstandendur eða einstaklinga sem vitað er að séu nánir samstarfsmenn einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla sinna.

24. gr.

Aðildarríki skulu banna lána- og fjármálastofnunum að eiga millibankaviðskipti, eða viðhalda slíkum tengslum, við skelbanka. Þau skulu fara fram á að þessar stofnanir geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þær stundi ekki millibankaviðskipti eða haldi þeim áfram við lána- eða fjármálastofnun sem vitað er að heimili skelbönkum að nota reikninga sína.

4. ÞÁTTUR

Framkvæmd þriðju aðila

25. gr.

Aðildarríki geta leyft tilkynningarskyldum aðilum að láta þriðju aðilum eftir að uppfylla kröfur um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. Tilkynningarskyldur aðili sem reiðir sig á þriðja aðila skal þó bera endanlega ábyrgð á því að farið sé að þessum kröfum.

26. gr.

1. Að því er þennan bálk varðar eru „þriðju aðilar“ tilkynningarskyldir aðilar sem skráðir eru í 2. gr., aðildarfélög eða -sambönd þessara tilkynningarskyldu aðila, aðrar stofnanir eða einstaklingar í aðildarríki eða þriðja landi sem:

a) beita kröfum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn og kröfum um skráahald sem eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og

b) hvað varðar eftirlit með því að þessir aðilar fari að kröfum þessarar tilskipunar á þann hátt sem er í samræmi við 2. bálk VI. kafla.

2. Aðildarríki skulu banna tilkynningarskyldum aðilum að reiða sig á þriðju aðila sem komið hefur verið á fót í þriðju löndum með mikla áhættu. Aðildarríkjum er heimilt að gefa útibúum og dótturfélögum í meirihlutaeigu tilkynningarskyldra aðila í Sambandinu undanþágu frá því banni ef þessi útibú og dótturfélög fara að öllu leyti að stefnum og verkferlum á samstæðugrundvelli í samræmi við 45. gr.

27. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að tilkynningarskyldir aðilar fái frá þriðja aðila, sem þeir reiða sig á, nauðsynlegar upplýsingar um kröfur um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að tilkynningarskyldir aðilar, sem viðskiptamanninum er vísað til, geri fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að þriðji aðilinn láti án tafar í té, sé þess óskað, viðeigandi afrit af auðkenningar- og sanngreiningargögnum og öðrum viðeigandi skjölum um deili á viðskiptamanninum eða raunverulega eigandanum.

28. gr.

Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu (fyrir stefnur og verkferla á samstæðugrundvelli) og lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu (fyrir útibú og dótturfélög) geti álitið að tilkynningarskyldur aðili fari að ákvæðunum sem samþykkt hafa verið skv. 26. og 27. gr. í krafti samstæðuáætlunar sinnar, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) tilkynningarskyldur aðili reiðir sig á upplýsingar þriðja aðila sem er hluti af sömu samstæðu,

b) samstæða þessi beitir ráðstöfunum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, reglum um skráahald og áætlunum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við þessa tilskipun eða jafngildar reglur,

c) skilvirk framkvæmd krafnanna sem um getur í b-lið sætir eftirliti lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins eða þriðja lands á samstæðustigi.

29. gr.

Þáttur þessi skal ekki eiga við um útvistun eða umboð þar sem veitandi útvistunarþjónustunnar eða umboðsaðilinn telst hluti af tilkynningarskyldum aðila á grundvelli samningsbundins fyrirkomulags.

III. KAFLI

UPPLÝSINGAR UM RAUNVERULEGT EIGNARHALD

30. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að viðskiptafyrirtæki og aðrir lögaðilar sem eru stofnaðir á yfirráðasvæði þeirra séu krafðir um að útvega og varðveita fullnægjandi, nákvæmar og gildandi upplýsingar um raunverulegt eignarhald á þeim, þ.m.t. upplýsingar um hagsmuni raunverulegs eiganda.

Aðildarríki skulu sjá til þess að krafist sé að þessir aðilar veiti upplýsingar, í viðbót við upplýsingar um lagalegan eiganda þeirra, til tilkynningarskyldra aðila um raunverulegan eiganda þegar tilkynningarskyldir aðilar gera ráðstafanir hvað varðar könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við II. kafla.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu fái upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. tímanlega.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. séu geymdar á miðlægri skrá í hverju aðildarríki, t.d. verslanaskrá, fyrirtækjaskrá eins og um getur í 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB ([1]), eða opinberri skrá. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um einkenni þessarar landsbundnu tilhögunar. Heimilt er að safna upplýsingum um raunverulegt eignarhald í því gagnasafni í samræmi við landsbundin kerfi.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem geymdar eru í miðlægu skránni sem um getur í 3. mgr., séu nákvæmar og í gildi.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að upplýsingarnar um raunverulegt eignarhald séu aðgengilegar í öllum tilvikum til handa:

a) lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu, án allra takmarkana,

b) tilkynningarskyldum aðilum, innan ramma könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við II. kafla,

c) hverjum einstaklingi eða stofnun sem getur sýnt fram á lögmæta hagsmuni.

Einstaklingarnir eða stofnanirnar, sem um getur í c-lið, skulu a.m.k. fá aðgang að nafni raunverulegs eiganda, fæðingarmánuði og -ári, þjóðerni og aðseturslandi og einnig eðli og umfangi hagsmuna raunverulega eigandans.

Að því er þessa málsgrein varðar skal aðgangur að upplýsingunum um raunverulegt eignarhald vera í samræmi við reglur um persónuvernd og geta verið með fyrirvara um skráningu á Netinu og greiðslu þóknunar. Innheimt gjöld fyrir upplýsingarnar skulu ekki vera hærri en sem nemur umsýslukostnaðinum.

6. Miðlæga skráin sem um getur í 3. mgr. skal tryggja lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu tímanlegan og óhindraðan aðgang án þess að hlutaðeigandi einingu sé gert viðvart. Með henni skal einnig leyfa tilkynningarskyldum aðilum aðgang á réttum tíma þegar gerðar eru ráðstafanir hvað varðar könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn.

7. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu geti útvegað lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu í öðrum aðildarríkjum tímanlega upplýsingarnar sem um getur í 1. og 3. mgr.

8. Aðildarríki skulu krefjast þess að tilkynningarskyldir aðilar reiði sig ekki alfarið á miðlægu skrána, sem um getur í 3. mgr., til að uppfylla kröfur hvað varðar könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við II. kafla. Beita skal nálgun sem byggð er á áhættumati til að uppfylla þessar kröfur.

9. Aðildarríki geta veitt undanþágu frá aðgangi, sem um getur í b- og c-lið 5. mgr., að upplýsingunum um raunverulegan eiganda, að fullu eða að hluta og í hverju tilviki fyrir sig, þegar slíkur aðgangur myndi gera raunverulegan eiganda berskjaldaðan gagnvart áhættu af svikum, mannráni, fjárkúgun, ofbeldi eða ógnunum, eða þegar raunverulegur eigandi er undir lögaldri eða ólögráða með öðrum hætti. Undanþágur sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein skulu ekki eiga við um lána- og fjármálastofnanir og tilkynningarskylda aðila sem um getur í b-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr. og eru opinberir embættismenn.

10. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 26. júní 2019, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem metin eru skilyrði og tækniforskriftir og verkferla til að tryggja örugga og skilvirka samtengingu miðlægu skránna sem um getur í 3. mgr. miðlæga evrópska vettvangsins sem komið var á fót með 1. mgr. 4. gr. a í tilskipun 2009/101/EB. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef nauðsyn krefur.

31. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárvörsluaðilar sjóðs, sem stýrt er samkvæmt lögum þeirra, útvegi og varðveiti nægjanlegar, nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um raunverulegt eignarhald að því er sjóðinn varðar. Þær upplýsingar skulu innihalda auðkenni:

a) stofnandans,

b) fjárvörsluaðilans,

c) vörslumann (ef við á),

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila (Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11).

d) rétthafa eða flokks rétthafa og

e) sérhvers annars einstaklings sem fer með raunveruleg yfirráð yfir sjóðnum.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fjárvörsluaðilar greini frá stöðu sinni og veiti tilkynningarskyldum aðilum upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. tímanlega ef fjárvörsluaðilinn tekur upp viðskiptatengsl, sem fjárvörsluaðili, eða framkvæmir tilfallandi viðskipti sem eru yfir viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í b-, c- og d-lið 11. gr.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu fái upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. tímanlega.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. séu geymdar í miðlægri skrá þegar sjóðurinn veldur skattalegum áhrifum. Miðlæga skráin skal tryggja lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu óhindraðan aðgang á réttum tíma, án þess að hlutaðeigandi aðilum að sjóðnum sé gert viðvart. Með henni er einnig heimilt að veita tilkynningarskyldum aðilum aðgang á réttum tíma, innan ramma könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, í samræmi við II. kafla, Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um einkenni þessarar landsbundnu tilhögunar.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að upplýsingarnar, sem geymdar eru í miðlægu skránni er um getur í 4. mgr., séu fullnægjandi, nákvæmar og uppfærðar.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að tilkynningarskyldir aðilar reiði sig ekki eingöngu á miðlægu skrána sem um getur í 4. mgr. til að uppfylla kröfur hvað varðar könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn eins og mælt er fyrir um í II. kafla. Beita skal nálgun sem byggð er á áhættumati til að uppfylla þessar kröfur.

7. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld og skrifstofur fjármálagreininga lögreglu geti útvegað lögbærum yfirvöldum og skrifstofum fjármálagreininga lögreglu í öðrum aðildarríkjum tímanlega upplýsingarnar sem um getur í 1. og 4. mgr.

8. Aðildarríki skulu sjá til þess að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari grein, gildi um aðrar gerðir lagalegs fyrirkomulags með uppbyggingu eða starfssvið sem svipar til sjóða.

9. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 26. júní 2019, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem metin eru skilyrði, tækniforskriftir og verkferlar til að tryggja örugga og skilvirka samtengingu miðlægu skránna. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

KVAÐIR UM SKÝRSLUGJÖF

1. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

32. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal setja á stofn skrifstofu fjármálagreininga lögreglu til að koma í veg fyrir, greina og berjast með skilvirkum hætti gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um nafn og heimilisfang skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

3. Sérhver skrifstofa fjármálagreininga lögreglu skal vera rekstrarlega sjálfstæð og óháð sem merkir að hún skal hafa vald og getu til að sinna verkefnum sínum óhindrað, þ.m.t. að geta tekið óháðar ákvarðanir um að greina, fara fram á og miðla tilteknum upplýsingum. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, sem miðlæg, landsbundin skrifstofa, skal bera ábyrgð á að taka við og greina skýrslur um grunsamleg viðskipti og aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir peningaþvætti, tengd frumbrot eða fjármögnun hryðjuverka. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu skal bera ábyrgð á miðlun niðurstaðna á greiningum sínum og öllum viðkomandi viðbótarupplýsingum til lögbærra yfirvalda þegar ástæða er til grunsemda um peningaþvætti, tengd frumbrot eða fjármögnun hryðjuverka. Hún skal geta fengið viðbótarupplýsingar frá tilkynningarskyldum aðilum.

Aðildarríki skulu veita skrifstofum fjármálagreininga lögreglu hjá sér nægjanlegt fjármagn, mannauð og tækni til að þær geti sinnt störfum sínum.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu hafi aðgang, í tæka tíð, beint eða óbeint að þeim upplýsingum um fjárhag, stjórnsýslu og framkvæmd laga sem þær þurfa á að halda til að rækja skyldur sínar til fulls. Skrifstofur fjármálagreininga lögreglu skulu geta brugðist við beiðnum lögbærra yfirvalda í viðkomandi aðildarríkjum um upplýsingar þegar slíkar beiðnir liggja að baki áhyggjum sem varða peningaþvætti, tengd frumbrot eða fjármögnun hryðjuverka. Ákvörðunin um að framkvæma greiningu eða miðlun upplýsinga skal vera hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

5. Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skal ekki bera nein skylda til að fara að kröfunni um upplýsingar þegar hlutlægar ástæður eru til að ætla að tilhögun slíkrar upplýsingamiðlunar hefði neikvæð áhrif á áframhaldandi rannsóknir eða greiningar eða, í undantekningartilvikum, þegar birting upplýsinganna samræmdist augljóslega ekki lögmætum hagsmunum einstaklings eða lögaðila eða skipti ekki máli með tilliti til í hvaða tilgangi þeirra var óskað.

6. Aðildarríki skulu fara fram á að lögbær yfirvöld veiti skrifstofu fjármálagreininga lögreglu endurgjöf um notkun upplýsinganna sem veittar voru í samræmi við þessa grein og um niðurstöðu þeirra rannsókna eða skoðana sem gerðar voru á grundvelli þeirra upplýsinga.

7. Aðildarríki skulu sjá til þess að skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sé valdefld til að grípa beint eða óbeint til skjótra aðgerða, þegar grunur leikur á að viðskipti tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, ógilda eða neita að veita samþykki fyrir yfirstandandi viðskiptum til að greina viðskiptin, staðfesta grun og miðla niðurstöðum greiningarinnar til lögbærra yfirvalda. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu skal valdefld til að grípa beint eða óbeint til slíkra aðgerða að kröfu skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í öðru aðildarríki þau tímabil og samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í landslögum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sem veitir kröfunni viðtöku.

8. Greining skrifstofu fjármálagreininga lögreglu skal samanstanda af eftirfarandi:

a) aðgerðagreiningu þar sem áhersla er lögð á einstök tilvik og tiltekin markmið eða á viðeigandi valdar upplýsingar, með hliðsjón af gerð og magni upplýsingagjafar sem tekið er við og fyrirhugaðri notkun upplýsinganna eftir miðlun þeirra og

b) stefnumiðaðri greiningu sem fjallar um þróun og mynstur í peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

33. gr.

1. Aðildarríki skulu fara fram á við tilkynningarskylda aðila og, eftir atvikum, framkvæmdastjóra þeirra og starfsmenn að þeir hafi með sér gott og náið samstarf við að:

a) upplýsa skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, þ.m.t. með skýrslugjöf að eigin frumkvæði, þegar tilkynningarskyldir aðilar vita, þá grunar eða þeir hafa gildar ástæður til að gruna að sjóðir, án tillits til umræddrar fjárhæðar, séu afrakstur brotastarfsemi eða tengist fjármögnun hryðjuverka og með því að bregðast skjótt við beiðnum skrifstofunnar um viðbótarupplýsingar í slíkum tilvikum og

b) láta skrifstofu fjármálagreininga lögreglu beint eða óbeint í té, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina í gildandi lögum.

Tilkynna skal um öll grunsamleg viðskipti, þ.m.t. tilraunir til viðskipta.

2. Einstaklingurinn, sem tilnefndur er í samræmi við a-lið 4. mgr. 8. gr., skal senda upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkinu þar sem tilkynningarskyldi aðilinn sem sendi upplýsingarnar hefur staðfestu.

34. gr.

1. Aðildarríkjum er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 33. gr. og þegar um er að ræða tilkynningarskylda aðila sem um getur í a-, b- og d-undirlið 3. liðar 1. mgr. 2. gr., að tilgreina viðeigandi sjálfseftirlitsstofnun hlutaðeigandi starfsgreinar sem það yfirvald sem skal fá upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 33. gr.

Með fyrirvara um 2. mgr. skal tilgreind sjálfseftirlitsstofnun, í tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, áframsenda upplýsingarnar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þegar í stað og í heild sinni.

2. Aðildarríki skulu ekki beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 33. gr. gagnvart lögbókendum, öðrum óháðum lögfræðingum, endurskoðendum, löggiltum bókurum og skattaráðgjöfum strangt, nema að því marki að slík undanþága tengist upplýsingum sem þeir fá frá skjólstæðingi eða sem varða skjólstæðing þeirra, þegar þeir ganga úr skugga um lagalega stöðu skjólstæðings eða verja eða flytja mál þess skjólstæðings við eða varðandi málaferli, þ.m.t. að veita ráðgjöf um að hefja eða komast hjá slíkum málaferlum, hvort sem upplýsinganna er aflað áður en slík málaferli hefjast, meðan þau standa yfir eða eftir að þeim lýkur.

35. gr.

1. Aðildarríki skulu fara fram á það við tilkynningarskylda aðila að þeir framkvæmi ekki viðskipti sem þeir vita eða grunar að tengist ávinningi af brotastarfsemi eða fjármögnun hryðjuverka, þar til þeir hafa lokið nauðsynlegum aðgerðum í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 33. gr. og hafa farið að öllum frekari, tilgreindum fyrirmælum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða lögbærra yfirvalda í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis.

2. Viðkomandi tilkynningarskyldir aðilar skulu upplýsa skrifstofu fjármálagreininga lögreglu án tafar þegar ómögulegt er að láta vera að framkvæma viðskiptin sem um getur í fyrstu málsgrein eða þegar líklegt er að framkvæmd þeirra komi í veg fyrir að hægt sé að hafa uppi á þeim sem raunverulega hagnast á grunsamlegum viðskiptum.

36. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að ef lögbær yfirvöld, sem um getur í 48. gr., greina tilvik sem gætu tengst peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka við eftirlit hjá tilkynningarskyldum aðilum sem þessi tilskipun tekur til eða á annan hátt skuli þau samstundis gera skrifstofu fjármálagreininga lögreglu viðvart.

2. Aðildarríki skulu tryggja að stofnanir, sem hafa heimild samkvæmt lögum til að annast eftirlit með verðbréfa-, gjaldeyris- og afleiðumörkuðum, tilkynni skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þegar þau greina tilvik sem gætu tengst peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

37. gr.

Birti tilkynningarskyldur aðili, eða starfsmaður eða framkvæmdastjóri slíks aðila, í samræmi við 33. og 34. gr. , upplýsingar í góðri trú er það ekki brot á neinum takmörkunum á birtingu upplýsinga sem komið er á með samningi eða laga-, eftirlits- eða stjórnsýsluákvæðum og skal ekki leiða til neins konar bótaábyrgðar tilkynningarskylds aðila eða framkvæmdastjóra eða starfsmanna hans, jafnvel við aðstæður þar sem þeir gerðu sér ekki fulla grein fyrir undirliggjandi brotastarfsemi og án tillits til þess hvort ólöglegt athæfi átti sér raunverulega stað.

38. gr.

Aðildarríki skulu sjá til þess að einstaklingar, þ.m.t. starfsmenn og fulltrúar tilkynningarskylds aðila, sem tilkynna um grunsemdir um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka innan einingarinnar eða til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, séu verndaðir gegn hótunum eða fjandsamlegum aðgerðum, einkum gegn neikvæðum aðgerðum eða aðgerðum sem mismuna á grundvelli starfs.

2. ÞÁTTUR

Bann við upplýsingagjöf

39. gr.

1. Tilkynningarskyldir aðilar, framkvæmdastjórar þeirra og starfsmenn skulu ekki veita upplýsingar til viðkomandi viðskiptamanns eða þriðja aðila þess efnis að upplýsingar séu, muni verða eða hafi verið sendar í samræmi við 33. og 34. gr. eða að greining á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka standi yfir eða verði mögulega gerð.

2. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki ná yfir upplýsingagjöf til lögbærra yfirvalda, þ.m.t. sjálfseftirlitsstofnana, eða upplýsingagjöf í því skyni að framfylgja lögum.

3. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki koma í veg fyrir upplýsingagjöf milli lána- og fjármálastofnananna eða milli þessara stofnana og útibúa þeirra og dótturfélaga í meirihlutaeigu í þriðju löndum, að því tilskildu að þessi útibú og dótturfélög í meirihlutaeigu fari að fullu að stefnum og verkferlum á samstæðugrundvelli, þ.m.t. verkferlum um upplýsingaskipti innan samstæðunnar í samræmi við 45. gr. og að stefnur og verkferlar fullnægi kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

4. Bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal ekki koma í veg fyrir upplýsingagjöf milli tilkynningarskyldra aðila, eins og um getur í a- og b-liðum 3. liðar 1. mgr. 2. gr., og aðila frá þriðju löndum sem gera kröfur sambærilegar þeim er mælt er fyrir um í þessari tilskipun og sinna starfsemi í grein sinni, hvort heldur sem starfsmenn eða ekki, innan sama lögaðila eða stærri stofnunar sem einstaklingurinn tilheyrir og deilir sameiginlegu eignarhaldi, stjórn eða eftirliti með því að farið sé að viðeigandi kröfum.

5. Að því er varðar tilkynningarskylda aðila, sem um getur í 1. lið, 2. lið, a- og b-liðum 3. liðar 1. mgr. 2. gr., í tilvikum sem varða sama viðskiptamann og sömu viðskipti sem fela í sér tvo eða fleiri tilkynningarskylda aðila skulu bannákvæðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, ekki hindra upplýsingagjöf milli viðkomandi tilkynningarskylda aðila, að því tilskildu að þeir séu frá aðildarríki, eða aðilar í þriðja landi sem setur sambærilegar kröfur þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og að því tilskildu að þeir séu úr sömu starfsgrein og falli undir skyldur með tilliti til þagnarskyldu og verndar persónulegra upplýsinga.

6. Það skal ekki jafngilda upplýsingagjöf í skilningi 1. mgr. þessarar greinar þegar tilkynningarskyldir aðilar, sem um getur í a- og b-liðum 3. liðar 1. mgr. 2. gr., reyna að telja viðskiptamann ofan af því að taka þátt í ólöglegu athæfi.

V. KAFLI

PERSÓNUVERND, VARÐVEISLA SKRÁA OG TÖLFRÆÐILEG GÖGN

40. gr.

1. Aðildarríki skulu fara fram á við tilkynningarskylda aðila að þeir varðveiti eftirtalin gögn og upplýsingar í samræmi við landslög í þeim tilgangi að skrifstofa fjármálagreininga lögreglu eða önnur lögbær yfirvöld komi í veg fyrir, komi upp um og rannsaki hugsanlegt peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka:

a) þegar um er að ræða könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, afrit af skjölum og upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að fara að kröfum um könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, sem mælt er fyrir um í II. kafla, í fimm ár frá því að viðskiptatengslum við viðskiptamann þeirra lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað,

b) sönnunargögn og skrár yfir viðskipti sem samanstanda af frumritum skjala eða afritum sem eru tæk í dómsmálum samkvæmt gildandi landslögum og eru nauðsynleg til að auðkenna viðskipti í fimm ár frá því að viðskiptatengslum við viðskiptamann þeirra lýkur eða einstök viðskipti hafa átt sér stað.

Aðildarríki skulu sjá til þess, þegar varðveislutímabilinu sem um getur í fyrstu undirgrein lýkur, að tilkynningarskyldir aðilar eyði persónuupplýsingum, nema landslög kveði á um annað og skulu þau ákveða undir hvaða kringumstæðum tilkynningarskyldir aðilar geti eða skuli varðveita gögn áfram. Aðildarríkjum er heimilt að leyfa eða fara fram á frekari varðveislu eftir að hafa framkvæmt ítarlegt mat á nauðsyn og meðalhófi slíkrar frekari varðveislu og telja rök fyrir því að það sé nauðsynlegt til að koma í veg fyrir, afhjúpa eða rannsaka peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Þetta frekara varðveislutímabil skal ekki vera lengra en fimm ár í viðbót.

2. Tilkynningarskylda aðilanum er heimilt, í samræmi við landslög, að varðveita þessar upplýsingar eða þessi gögn í fimm ár frá 25. júní 2015 þegar málarekstur, sem viðkemur því að hindra, afhjúpa, rannsaka eða saksækja vegna grunaðs peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, er í biðstöðu í aðildarríki 25. júní 2015 og tilkynningarskyldur aðili býr yfir upplýsingum eða gögnum sem tengjast þessari biðstöðu hvað varðar málsmeðferð. Aðildarríki geta, með fyrirvara um innlendan refsirétt um sönnunargögn sem eiga við um áframhaldandi rannsókn sakamála og málarekstur, leyft eða farið fram á varðveislu slíkra upplýsinga eða gagna í fimm ára tímabil til viðbótar þegar nauðsyn og meðalhófi varðandi slíka frekari varðveislu hefur verið komið á til að hindra, afhjúpa, rannsaka eða saksækja vegna grunaðs peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

41. gr.

1. Vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun er með fyrirvara um tilskipun 95/46/EB eins og hún er leidd í landslög. Persónuupplýsingar sem framkvæmdastjórnin eða evrópsku eftirlitsstofnanirnar vinna samkvæmt þessari tilskipun er með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 45/2001.

2. Tilkynningarskyldir aðilar skulu aðeins vinna persónuupplýsingar á grunni þessarar tilskipunar í þeim tilgangi að hindra peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eins og um getur í 1. gr. og skulu ekki vinna þær frekar á hátt sem er ósamrýmanlegur þessum tilgangi. Vinnsla persónuupplýsinga á grunni þessarar tilskipunar í öðrum tilgangi, t.d. í viðskiptaskyni, er bönnuð.

3. Tilkynningarskyldir aðilar skulu veita nýjum viðskiptamönnum upplýsingarnar sem krafist er skv. 10. gr. tilskipunar 95/46/EB áður en stofnað er til viðskiptatengsla eða tilfallandi viðskipti eru framkvæmd. Þær upplýsingar skulu einkum innihalda almenna tilkynningu um lagalegar skuldbindingar tilkynningarskyldra aðila sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun til að vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eins og um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar.

4. Aðildarríki skulu, þegar þau beita banni við birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 39. gr., samþykkja löggjafarráðstafanir sem takmarka, að öllu leyti eða að hluta, rétt skráðs aðila til aðgangs að persónuupplýsingum sem viðkomandi varðar að því marki sem slíkar takmarkanir, að hluta eða öllu leyti, þýða nauðsynlegar og hóflegar ráðstafanir í lýðræðisþjóðfélagi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til lögmætra hagsmuna viðkomandi einstaklinga til að:

a) gera tilkynningarskylda aðilanum eða lögbærum landsyfirvöldum kleift að leysa verkefni sín af hendi á tilhlýðilegan hátt að því er varðar þessa tilskipun eða

b) forðast að standa í vegi fyrir opinberum eða lagalegum fyrirspurnum, greiningum, rannsóknum eða verkferlum að því er varðar þessa tilskipun, og til að tryggja að hindrun, rannsókn og afhjúpun á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé ekki stofnað í tvísýnu.

42. gr.

Aðildarríki skulu fara fram á við tilkynningarskylda aðila sína að þeir haldi úti kerfum sem gera þeim kleift að bregðast að fullu og hratt við fyrirspurnum frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða annarra yfirvalda, í samræmi við landslög, um það hvort þeir eigi í eða hafi átt í, á fimm ára tímabili áður en fyrirspurnin var gerð, viðskiptatengslum við tiltekna einstaklinga og um eðli þeirra tengsla, eftir öruggum leiðum og á þann hátt að fullur trúnaður sé tryggður hvað fyrirspurnirnar varðar.

43. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga á grunni þessarar tilskipunar, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eins og um getur í 1. gr., skal teljast almannahagsmunir samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

44. gr.

1. Aðildarríki skulu, í þeim tilgangi að taka þátt í undirbúningi áhættumats skv. 7. gr., sjá til þess að þau geti skoðað skilvirkni þessara kerfa til nota í baráttunni gegn peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka með því að varðveita ítarlegar hagtölur um efni sem varðar skilvirkni slíkra kerfa.

2. Hagtölurnar sem um getur í 1. mgr. skulu innihalda:

a) gögn sem mæla stærð og mikilvægi mismunandi sviða sem eru innan gildissviðs þessarar tilskipunar, þ.m.t. fjölda eininga og einstaklinga og efnahagslegt mikilvægi hvers geira,

b) gögn sem mæla skýrslugjöf, rannsókn og réttarfarsáfanga hinna landsbundnu reglna baráttunnar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. fjölda skýrslna um grunsamleg viðskipti sem gerðar eru fyrir skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eftirfylgni með þessum skýrslum og fjölda mála sem tekin eru til rannsóknar á ársgrundvelli, fjölda einstaklinga sem sóttir eru til saka, fjölda einstaklinga sem sakfelldir eru fyrir brot sem varða peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, gerðir frumbrota þar sem slíkar upplýsingar eru aðgengilegar og verðgildi eigna, sem hafa verið frystar, hald lagt á eða gerðar upptækar, í evrum.

c) gögn sem, ef aðgengileg, tilgreina fjölda og hundraðshluta skýrslna sem leiða til frekari rannsókna ásamt ársskýrslu til tilkynningarskyldra aðila með nánari lýsingu á notagildi og eftirfylgni skýrslnanna sem þær lögðu fram,

d) gögn um fjölda beiðna um upplýsingar yfir landamæri sem skrifstofa fjármálagreininga lögreglu útbjó, veitti viðtöku, hafnaði eða svaraði að fullu eða að hluta.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að vandlega endurskoðuð útgáfa tölfræðigagna þeirra verði birt.

4. Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni hagtölurnar sem um getur í 2. mgr.

VI. KAFLI

STEFNUR, VERKFERLAR OG EFTIRLIT

1. ÞÁTTUR

Innra verklag, þjálfun og endurgjöf

45. gr.

1. Aðildarríki skulu fara fram á við tilkynningarskylda aðila innan samstæðu að þeir innleiði stefnur og verkferla á samstæðugrundvelli, þ.m.t. stefnur um persónuvernd og stefnur og verkferlar um upplýsingaskipti innan samstæðunnar hvað varðar baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þessar stefnur og verkferlar skulu innleidd með skilvirkum hætti innan útibúa og dótturfélaga í meirihlutaeigu í aðildarríkjum og þriðju löndum.

2. Aðildarríki skulu fara fram á við tilkynningarskylda aðila sem starfrækja stofnanir í öðru aðildarríki að þeir tryggi að þessar stofnanir virði ákvæði landslaga þess aðildarríkis sem leiða þessa tilskipun í lög.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess, þegar tilkynningarskyldir aðilar eru með útibú eða dótturfélög í meirihlutaeigu í þriðju löndum þar sem lágmarkskröfur um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru vægari en í aðildarríkinu, að útibú þeirra og dótturfélög í meirihlutaeigu í þriðja landinu innleiði kröfur aðildarríkisins, þ.m.t. persónuvernd, að því marki sem lög þriðja landsins leyfa.

4. Aðildarríkin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu upplýsa hver aðra um tilvik þar sem lög þriðja lands leyfa ekki innleiðingu stefna og verkferla sem krafist er skv. 1. mgr. Í þessum tilvikum má grípa til samræmingaraðgerða til að leita lausnar.

5. Aðildarríki skulu fara fram á, þegar lög þriðja lands leyfa ekki innleiðingu þeirra stefna og verkferla sem krafist er skv. 1. mgr., að tilkynningarskyldir aðilar tryggi að útibú og dótturfélög í meirihlutaeigu í því þriðja landi geri viðbótarráðstafanir til að bregðast við hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka á skilvirkan hátt og upplýsi lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki sínu um það. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins skulu, þegar viðbótarráðstafanirnar eru ekki nægjanlegar, beita frekari eftirlitsráðstöfunum, þ.m.t. kröfu um að samstæðan komi ekki á fót viðskiptatengslum eða að hún felli viðskiptatengsl úr gildi og framkvæmi ekki viðskipti og, þegar nauðsyn krefur, óski eftir að samstæðan hætti starfsemi sinni í þriðja landinu.

6. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu þróa frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum og tilgreina gerð viðbótarráðstafana sem um getur í 5. mgr. og lágmarksaðgerðir sem lána- og fjármálastofnanir skulu grípa til ef lög þriðja lands leyfa ekki innleiðingu ráðstafananna sem krafist er skv. 1. og 3. mgr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem um getur í fyrstu undirgrein, eigi síðar en 26. desember 2016.

7. Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.

8. Aðildarríki skulu tryggja að leyfð séu upplýsingaskipti innan samstæðunnar. Miðla skal upplýsingum, sem tilkynntar eru skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um grunsemdir um að sjóðir séu afrakstur brotastarfsemi eða tengist fjármögnun hryðjuverka, innan samstæðunnar nema skrifstofa fjármálagreininga lögreglu gefi fyrirmæli um annað.

9. Aðildarríki geta krafið útgefendur rafeyris, eins og þeir eru skilgreindir í 3. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, og greiðsluþjónustuveitendur, eins og þeir eru skilgreindir í 9. lið 4. gr. tilskipunar 2007/64/EB, með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra á öðru formi en útibú og með aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, um að útnefna aðaltengilið á yfirráðasvæði þeirra til að tryggja, fyrir hönd stofnunarinnar sem útnefnir hann, að farið sé að reglum baráttunnar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og auðveldað lögbærum yfirvöldum eftirlit, þ.m.t. með því að veita lögbærum yfirvöldum gögn og upplýsingar sé þess óskað.

10. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu semja frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að ákvarða viðmiðanir um við hvaða aðstæður sé við hæfi að útnefna aðaltengilið skv. 9. mgr. og hvaða starfsemi aðaltengiliðirnir ætti að hafa með höndum.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina frumvarp að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem um getur í fyrstu undirgrein, eigi síðar en 26. júní 2017.

11. Framkvæmdastjórninni er veitt valdheimild til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í 10. mgr. þessarar greinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.

46. gr.

1. Aðildarríki skulu krefja tilkynningarskylda aðila um að gera ráðstafanir í réttu hlutfalli við áhættu þeirra, eðli og stærð til að starfsmenn þeirra átti sig á ákvæðunum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. kröfur um viðeigandi persónuvernd.

Ráðstafanir þessar skulu fela í sér að viðkomandi starfsmenn fái sérstaka, stöðuga þjálfun sem auðveldi þeim að átta sig á því hvaða viðskipti gætu tengst peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og að þeim sé kennt hvernig þeir skuli bregðast við í slíkum tilvikum.

Skyldur samkvæmt þessum þætti skulu, þegar einstaklingur, sem fellur undir einhvern flokkanna sem skráðir eru í 3. lið 1. mgr. 2. gr., stundar sérfræðistörf sín sem launamaður hjá lögaðila, eiga við um þann lögaðila en ekki um einstaklinginn.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að tilkynningarskyldir aðilar hafi aðgang að nýjustu upplýsingum um starfsemi þeirra sem þvætta peninga og fjármögnunaraðila hryðjuverka og um vísbendingar sem gera kleift að bera kennsl á grunsamleg viðskipti.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess, eftir því verður við komið, að tilkynningarskyldir aðilar fái tímanlega svörun um skilvirkni og eftirfylgni við skýrslur um grunsemdir um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

4. Aðildarríki skulu eftir atvikum krefja tilkynningarskylda aðila um að tilgreina þann stjórnaranda sem ber ábyrgð á innleiðingu laga og stjórnsýslufyrirmæla sem nauðsynleg eru til að farið sé að þessari tilskipun.

2. ÞÁTTUR

Eftirlit

47. gr.

1. Aðildarríki skulu kveða á um að gjaldeyrisskiptastöðvar, stöðvar til að innleysa ávísanir og þjónustuveitendur á sviði sjóða- og fyrirtækjaþjónustu fái leyfi eða séu skráðir og að settar séu reglur um veitendur þjónustu sem tengist fjárhættustarfsemi.

2. Aðildarríki skulu krefja lögbær yfirvöld um að tryggja að einstaklingar sem gegna stjórnunarstarfi í einingunum, sem um getur í 1. mgr. eða eru raunverulegir eigendur slíkra eininga, séu hæfir.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess, að því er tekur til tilkynningarskyldu aðilanna sem um getur í a-, b-og d-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr. að lögbær yfirvöld grípi til nauðsynlegra aðgerða til að hindra að brotamenn, sem hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað eða samstarfsmenn þeirra, gegni stjórnunarstarfi í eða séu raunverulegir eigendur þessara tilkynningarskyldu aðila.

48. gr.

1. Aðildarríki skulu krefja lögbær yfirvöld um að fylgjast með á skilvirkan hátt og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að þessari tilskipun.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi nægilegar valdheimildir, þ.m.t. vald til að þvinga fram sérhverjar upplýsingar sem varða eftirlit með samræmi og að sinna eftirliti, ásamt því að hafa nægilegt fjármagn, mannauð og tækni til að sinna starfsemi sinni. Aðildarríki skulu sjá til þess að starfsfólk þessara yfirvalda gæti ávallt fyllstu fagmennsku, þ.m.t. hvað varðar trúnað og persónuvernd, það sé ráðvant og búi yfir viðunandi hæfni.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa yfir auknum eftirlitsheimildum að ráða þegar um er að ræða lánastofnanir, fjármálastofnanir og veitendur þjónustu, tengdri fjárhættustarfsemi.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem tilkynningarskyldur aðili rekur stofnanir, hafi eftirlit með því að þessar stofnanir virði innlend ákvæði þess aðildarríkis til lögleiðingar á þessari tilskipun. Heimilt er að í slíku eftirliti felist, þegar í hlut eiga stofnanir, sem um getur í 9. mgr. 45. gr., að gera viðeigandi og hóflegar ráðstafanir til að ráða bót á alvarlegum misbrestum sem krefjast tafarlausra úrbóta. Ráðstafanir þessar skulu vera tímabundnar og þeim hætt þegar tekið hefur verið á misbrestum sem greinst hafa, þ.m.t. með hjálp eða í samvinnu við lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki tilkynningarskyldra aðila, í samræmi við 2. mgr. 45. gr.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem tilkynningarskyldi aðilinn rekur stofnanir, skuli starfa með lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem tilkynningarskyldi aðilinn er með aðalskrifstofu til að tryggja skilvirkt eftirlit með kröfum þessarar tilskipunar.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar lögbær yfirvöld beita nálgun sem byggð er á áhættumati:

a) geri þau sér ljósa grein fyrir áhættunni af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í aðildarríki þeirra,

b) hafi aðgang á vettvangi og utan vettvangs að öllum viðeigandi upplýsingum um tilteknar innlendar og alþjóðlegar áhættur í tengslum við viðskiptamenn, vörur og þjónustu tilkynningarskyldra aðila og

c) byggi tíðni og umfang eftirlits á vettvangi og utan vettvangs á áhættusniði tilkynningarskyldra aðila og á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í því aðildarríki.

7. Endurskoða skal mat á áhættulýsingu tilkynningarskyldra aðila hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, bæði reglubundið og þegar mikilvægir atburðir eða þróun í stjórnun og starfsemi þeirra á sér stað.

8. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til þess hversu mikið svigrúm tilkynningarskyldir aðilar fá og endurskoða með viðeigandi hætti áhættumatið sem býr að baki þessu svigrúmi og einnig í hvaða mæli innri stefnur, stýringar og verkferlar eru fullnægjandi og eru innleidd.

9. Aðildarríkjum er heimilt, þegar um er að ræða tilkynningarskylda aðila sem um getur í a-, b- og d-lið 3. liðar 1. mgr. 2. gr. og á grundvelli áhættumats, að leyfa sjálfseftirlitsstofnunum að sinna störfunum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að þessar sjálfseftirlitsstofnanir fari að 2. mgr. þessarar greinar.

10. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 26. júní 2017, gefa út viðmiðunarreglur sem beint er til lögbærra yfirvalda í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um einkenni nálgunar sem byggð er á áhættumati hvað varðar eftirlit og ráðstafanir sem ber að gera þegar fram fer eftirlit á grundvelli áhættumats. Sérstakt tillit skal tekið til eðlis og stærðar fyrirtækisins og skal mæla fyrir um sértækar ráðstafanir eftir því sem við á og er hóflegt.

3. ÞÁTTUR

Samstarf

I. undirþáttur

Landsbundið samstarf

49. gr.

Aðildarríki skulu sjá til þess að stefnumótendur, skrifstofur fjármálagreininga lögreglu, eftirlitsaðilar og önnur lögbær yfirvöld, sem taka þátt í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, búi yfir skilvirkum aðferðum sem gera þeim kleift að starfa saman og samræma þróun innanlands og innleiðingu stefna og aðgerða til að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þ.m.t. í því skyni að uppfylla skuldbindingar sínar skv. 7. gr.

II. undirþáttur

Samstarf við evrópsku eftirlitsstofnanirnar

50. gr.

Lögbær yfirvöld skulu veita evrópsku eftirlitsstofnununum allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun.

III. undirþáttur

Samstarf á milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og við framkvæmdastjórnina

51. gr.

Framkvæmdastjórnin getur veitt þá aðstoð sem þörf er á til að auðvelda samræmingu, þ.m.t. upplýsingaskipti milli skrifstofa fjármálagreininga lögreglu innan Sambandsins. Hún getur boðað reglulega til funda á vettvangi skrifstofa fjármálagreininga lögreglu ESB, þar sem fulltrúar skrifstofa fjármálagreininga lögreglu aðildarríkja eiga sæti, til að liðka fyrir samvinnu milli skrifstofanna, skiptast á skoðunum og veita ráð um álitamál varðandi framkvæmd sem skiptir máli fyrir skrifstofur fjármálagreininga lögreglu og einingar sem gefa skýrslur og einnig um mál sem tengjast samvinnu á borð við skilvirka samvinnu meðal skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, auðkenningu grunsamlegra viðskipta sem ná yfir landamæri, stöðlun skýrslusniða gegnum FIU.net eða arftaka þess, sameiginlega greiningu á málum yfir landamæri og greiningu á horfum og þáttum sem skipta máli fyrir mat á áhættunni á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á landsvísu og á yfirþjóðlegum vettvangi.

52. gr.

Aðildarríki skulu tryggja innbyrðis samvinnu skrifstofa fjármálagreininga lögreglu í eins miklum mæli og mögulegt er, án tillits til stofnanalegrar stöðu þeirra.

53. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu skiptist á, að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni, öllum upplýsingum sem kunna að varða vinnslu skrifstofa fjármálagreininga lögreglu eða greiningu upplýsinga í tengslum við peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og hlutaðeigandi einstaklinga eða lögaðila, jafnvel þótt tegund viðkomandi frumbrota sé ekki auðkennd þegar skiptin eiga sér stað.

Beiðni skal innihalda viðeigandi staðreyndir, bakgrunnsupplýsingar, ástæður fyrir beiðninni og hvernig nota á umbeðnar upplýsingar. Nota má mismunandi tilhögun upplýsingaskipta ef skrifstofur fjármálagreininga lögreglu koma sér saman um það, einkum að því er varðar skipti gegnum FIU.net eða arftaka þess.

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu skal, þegar henni berst skýrsla, í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 33. gr., sem viðkemur öðru aðildarríki, þegar í stað senda hana áfram til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu þess aðildarríkis.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, sem beiðninni er beint til, sé skylt að nota allar þær valdheimildir sem hún hefur og myndi að öllu jöfnu beita innanlands til að taka við upplýsingum og greina þær, þegar hún svarar beiðni frá annarri skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um upplýsingar eins og um getur í 1. mgr. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sem beiðninni er beint til skal svara tímanlega.

Þegar skrifstofa fjármálagreininga lögreglu reynir að fá viðbótarupplýsingar frá tilkynningarskyldum aðila með staðfestu í öðru aðildarríki sem starfar á yfirráðasvæði hennar skal beina beiðninni til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í aðildarríkinu þar sem tilkynningarskyldi aðilinn hefur staðfestu. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu skal senda beiðnir og svör án tafar.

3. Aðeins í undantekningartilvikum getur skrifstofa fjármálagreininga lögreglu neitað upplýsingaskiptum, þegar skiptin kynnu að ganga gegn grundvallarreglum landslaga hennar. Undantekningar þessar skulu tilgreindar á þann hátt að komið sé í veg fyrir misnotkun og ástæðulausar takmarkanir á frjálsum upplýsingaskiptum í greiningarskyni.

54. gr.

Nota skal upplýsingar og skjöl, sem veitt er viðtaka skv. 52. og 53. gr., til að ljúka verkefnum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þegar skipst er á upplýsingum og skjölum skv. 52. og 53. gr. getur skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sem annast sendinguna sett takmarkanir og skilyrði fyrir notkun þeirra upplýsinga. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu sem tekur við sendingunni skal hlíta þessum takmörkunum og skilyrðum.

55. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að upplýsingaskiptin skv. 52. og 53. gr. séu aðeins notuð í þeim tilgangi sem þeirra var óskað eða þau veitt og öll miðlun þeirra upplýsinga af hálfu skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, sem tekur við sendingunni, til annars yfirvalds, stofnunar eða deildar, eða öll notkun þessara upplýsinga í öðrum tilgangi en upphaflega var samþykktur, sé gerð með fyrirvara um fyrirframsamþykki skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sem veitir upplýsingarnar.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirframsamþykki skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, sem beiðni er beint til, um að miðla upplýsingunum til lögbærra yfirvalda sé veitt án tafar og að því marki sem mögulegt er. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu, sem beiðni er beint til, skal ekki neita að samþykkja slíka miðlun nema hún falli utan gildissviðs baráttu hennar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, gæti skaðað rannsókn sakamáls, samræmist augljóslega ekki lögmætum hagsmunum einstaklings, lögaðila eða aðildarríkis skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sem beiðni er beint til, eða væri á annan hátt ekki í samræmi við grundvallarreglur landslaga þess aðildarríkis. Rökstyðja skal allar slíkar synjanir um samþykki á viðeigandi hátt.

56. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu þeirra noti verndaðar boðskiptaleiðir sín á milli og hvetji til notkunar FIU.net eða arftaka þess.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess, til að sinna störfum sínum eins og mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu þeirra starfi saman við beitingu nýjustu tækni í samræmi við landslög sín. Tækni þessi skal gera skrifstofum fjármálagreininga lögreglu kleift að bera gögn sín saman við gögn annarra skrifstofa fjármálagreininga lögreglu undir nafnleynd með því að tryggja fulla vernd persónuupplýsinga í þeim tilgangi að hafa uppi á einstaklingum sem er í þágu skrifstofunnar að fylgjast með í öðrum aðildarríkjum og auðkenna ágóða þeirra og sjóði.

57. gr.

Mismunandi skilgreiningar landslaga á skattalagabrotum skulu ekki koma í veg fyrir að skrifstofur fjármálagreininga lögreglu geti skipst á upplýsingum eða veitt annarri skrifstofu fjármálagreininga lögreglu aðstoð að því marki sem mögulegt er samkvæmt eigin landslögum.

4. ÞÁTTUR

Viðurlög

58. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að hægt sé að láta tilkynningarskylda aðila bera ábyrgð á brotum á ákvæðum landslaga sem leiða þessa tilskipun í lög í samræmi við þessa grein og 59.–61. gr. Öll viðurlög og ráðstafanir sem af þessu leiða skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að ákvarða refsiviðurlög og beita þeim, mæla fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir og tryggja að lögbær yfirvöld þeirra geti beitt slíkum viðurlögum og ráðstöfunum að því er varðar brot á ákvæðum landslaga sem leiða þessa tilskipun í lög og skulu tryggja að þeim sé beitt.

Aðildarríki geta ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög eða ráðstafanir við brotum sem eru með fyrirvara um landsbundin hegningarlög. Í því tilviki skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi hegningarlagaákvæði.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess þegar skuldbindingar gilda um lögaðila og þegar um er að ræða brot á landsákvæðum sem lögleiða þessa tilskipun, sé hægt að beita stjórnarmenn og aðra lögaðila, sem samkvæmt landslögum bera ábyrgð á brotinu, viðurlögum og ráðstöfunum.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld hafi allar eftirlits- og rannsóknarheimildir sem þau þurfa til að gegna hlutverki sínu.

5. Lögbær yfirvöld skulu beita heimildum sínum til að leggja á stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir, í samræmi við þessa tilskipun og landslög, með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) á eigin ábyrgð með framsali til þessara annarra yfirvalda,

d) með því að leita til dómsyfirvalda.

Lögbær yfirvöld skulu, við beitingu heimilda sinna til að beita stjórnsýsluviðurlögum og ráðstöfunum, hafa náið samstarf til að tryggja að þessi stjórnsýsluviðurlög eða ráðstafanir beri tilætlaðan árangur og samræma aðgerðir sínar þegar tekið er á málum sem ná yfir landamæri.

59. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að þessi grein gildi a.m.k. um brot af hálfu tilkynningarskyldra aðila sem eru alvarleg, endurtekin, kerfisbundin eða sambland af þessu, á kröfum sem mælt er fyrir um í:

a) 10.–24. gr. (áreiðanleikakönnun),

b) 33., 34. og 35. gr. (skýrslugjöf um grunsamleg viðskipti),

c) 40. gr. (skráahald) og

d) 45. og 46. gr. (innra eftirlit).

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að í tilvikum sem um getur í 1. mgr. innihaldi stjórnsýsluviðurlög og ráðstafanir, sem unnt er að beita, a.m.k. eftirfarandi:

a) opinbera yfirlýsingu sem auðkennir einstaklinginn eða lögaðilann og eðli brotsins,

b) skipun til einstaklingsins eða lögaðilans um að hætta framferðinu og endurtaka það ekki,

c) afturköllun eða frestun starfsleyfis þegar tilkynningarskyldur aðili fellur undir starfsleyfi,

d) tímabundið bann við að sérhver aðili, sem hefur stjórnunarskyldum að gegna hjá tilkynningarskyldum aðila eða einhver annar einstaklingur sem ber ábyrgð á brotinu, sinni stjórnunarstörfum hjá tilkynningarskyldum aðilum,

e) hámarks fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög sem eru a.m.k. tvöföld fjárhæð ávinningsins af brotinu þegar unnt er ákvarða þann ávinning, eða a.m.k. 1 000 000 evrur.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess, með fyrirvara um e-lið 2. mgr., að þegar viðkomandi tilkynningarskyldur aðili er lána- eða fjármálastofnun megi einnig beita eftirfarandi viðurlögum:

a) þegar um er að ræða lögaðila, hámarks fjárhagslegum stjórnsýsluviðurlögum, sem eru að a.m.k. 5 000 000 evrur eða 10% af heildarveltu á ári samkvæmt síðustu tiltæku reikningsskilum sem samþykkt eru af stjórn, þegar tilkynningarskyldur aðili er móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem krafa er gerð um að geri samstæðureikninga í samræmi við 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB, skal viðkomandi heildarvelta á ári vera heildarveltan á ári eða samsvarandi tegund tekna í samræmi við viðeigandi reikningsskilatilskipanir samkvæmt síðustu samstæðureikningsskilum sem stjórn endanlega móðurfélagsins hefur samþykkt,

b) þegar um er að ræða einstakling, hámarks fjárhagslegum stjórnsýsluviðurlögum sem eru a.m.k. 5 000 000 evrur eða, í aðildarríkjum sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli þess 25. júní 2015.

4. Aðildarríki geta veitt lögbærum yfirvöldum heimild til að leggja á fleiri tegundir stjórnsýsluviðurlaga auk þeirra sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. eða leggja á fjárhagsleg stjórnsýsluviðurlög umfram fjárhæðina sem um getur í e-lið 2. mgr. og í 3. mgr.

60. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld skuli birta ákvörðun, sem ekki er hægt að kæra, um álagningu stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstöfunar fyrir brot á ákvæðum landslaga til lögleiðingar á þessari tilskipun, á opinberu vefsetri sínu um leið og einstaklingurinn, sem viðurlögin eru gerð, hefur verið upplýstur um þá ákvörðun. Birtingin skal a.m.k. taka til upplýsinga um tegund og eðli brotsins og auðkennis einstaklingsins sem ber ábyrgðina. Aðildarríkjum skal ekki skylt að beita þessari undirgrein á ákvarðanir um ráðstafanir sem eru rannsóknarlegs eðlis.

Lögbær yfirvöld skulu, þegar birting auðkenna einstaklinga sem ábyrgðina bera, eins og um getur í fyrstu undirgrein eða þegar lögbær yfirvöld líta svo á að persónuupplýsingar um þessa einstaklinga séu ótilhlýðilegar eftir einstaklingsbundið mat hvað varðar meðalhóf á birtingu slíkra gagna eða þegar birting stofnar stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn í hættu:

a) fresta birtingu ákvörðunarinnar um stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstöfun þar til ástæður fyrir að birta ekki eru ekki lengur fyrir hendi,

b) birta ákvörðunina um stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstöfun undir nafnleynd og með þeim hætti sem er í samræmi við landslög, ef slík birting undir nafnleynd tryggir öfluga vernd viðkomandi persónuupplýsinga; ef um er að ræða ákvörðun um að birta stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstöfun undir nafnleynd er hægt að fresta birtingu viðkomandi gagna í hæfilegan tíma ef fyrirsjáanlegt er að innan þess tíma verði ástæður fyrir birtingu undir nafnleynd ekki lengur fyrir hendi,

c) alls ekki birta ákvörðunina um stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstöfun þegar kostirnir sem eru settir fram í a- og b-lið eru taldir ófullnægjandi til að tryggja:

   i. að stöðugleika fjármálamarkaða væri ekki stefnt í hættu eða

   ii. að við birtingu ákvörðunarinnar sé gætt meðalhófs að því er varðar ráðstafanir sem teljast smávægilegar.

2. Lögbær yfirvöld skulu, þegar aðildarríki leyfa birtingu ákvarðana sem hægt er að kæra, einnig þegar í stað birta þær upplýsingar á opinberu vefsetri sínu og einnig allar síðari upplýsingar um útkomu slíkrar kæru. Þar að auki skal einnig birta hverja þá ákvörðun sem ógildir fyrri ákvörðun um stjórnsýsluviðurlög eða -ráðstöfun.

3. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að sérhver birting í samræmi við þessa grein sé á opinberu vefsetri þeirra í a.m.k. fimm ár eftir birtingu. Persónuupplýsingar sem birtar eru skulu þó aðeins vera á opinberu vefsetri lögbæra yfirvaldsins þann tíma sem nauðsynlegur er í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tillit til allra viðeigandi aðstæðna þegar ákvörðun er tekin um tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga eða -ráðstafana, þ.m.t. og eftir atvikum:

a) hversu alvarlegt brotið er og hversu lengi það hefur viðgengist,

b) umfang ábyrgðar einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu,

c) fjárhagslegur styrkur einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð, eins og t.d. er tilgreint með heildarveltu lögaðilans sem ber ábyrgð eða árstekjum einstaklingsins sem ber ábyrgð,

d) ávinningur af broti einstaklings eða lögaðila sem ber ábyrgð, að því marki sem hægt er að ákvarða það,

e) tap þriðju aðila sem stafar af brotinu, að svo miklu leyti sem hægt er að ákvarða það,

f) umfang samstarfs einstaklingsins eða lögaðilans, sem ber ábyrgð á brotinu, við lögbæra yfirvaldið,

g) fyrri brot einstaklingsins eða lögaðilans sem ber ábyrgð á brotinu.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að draga megi lögaðila til ábyrgðar fyrir brot sem um getur í 1. mgr. 59. gr. og framin eru í þeirra þágu af einstaklingi sem kemur fram á eigin vegum eða sem hluti af einingu innan þess lögaðila og gegnir stjórnunarstöðu innan lögaðilans á grundvelli hvers sem er af eftirtöldu:

a) heimildar til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,

b) heimildar til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans eða

c) heimildar til að fara með stjórn mála innan lögaðilans.

6. Aðildarríki skulu einnig sjá til þess að draga megi lögaðila til ábyrgðar ef skortur á eftirliti eða umsjón af hálfu einstaklings, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, hefur gert einstaklingi á vegum þess lögaðila kleift að fremja eitt þeirra brota sem um getur 1. mgr. 59. gr. í þágu hans.

61. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld komi á skilvirkri og áreiðanlegri tilhögun til að hvetja til skýrslugjafar til lögbærra yfirvalda um hugsanleg eða raunveruleg brot á landsákvæðum sem leiða þessa tilskipun í lög.

2. Tilhögunin, sem um getur í 1. mgr., skal að lágmarki fela í sér:

a) sértæka málsmeðferð fyrir viðtöku skýrslna um brot og eftirfylgni þeirra,

b) viðeigandi vernd fyrir starfsmenn eða einstaklinga í sambærilegri stöðu hjá tilkynningarskyldum aðila sem tilkynna um brot sem eru framin hjá tilkynningarskyldum aðila,

c) viðeigandi vernd fyrir sakborninginn,

d) vernd persónuupplýsinga, sem nær bæði til aðilans sem tilkynnir um brotin og einstaklingsins sem er grunaður um að bera ábyrgð á brotinu, í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB,

e) skýrar reglur sem tryggja að einstaklingurinn, sem tilkynnir um brot sem framin eru hjá tilkynningarskyldum aðila, eigi í öllum tilvikum vísan trúnað, nema landslög krefjist upplýsingagjafar með skírskotun til frekari rannsókna eða dómsmeðferðar í framhaldinu.

3. Aðildarríki skulu krefja tilkynningarskylda aðila um að búa yfir viðeigandi málsmeðferð fyrir starfsmenn sína eða einstaklinga í sambærilegri stöðu til að tilkynna um brot hjá honum gegnum tiltekna, sjálfstæða rás og undir nafnleynd, í hlutfalli við eðli og umfang viðkomandi tilkynningarskylds aðila.

62. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra upplýsi evrópsku eftirlitsstofnanirnar um öll stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir sem lagðar eru á lána- og fjármálastofnanir í samræmi við 58. og 59. gr., þ.m.t. allar kærur í tengslum við þær og niðurstöður úr þeim.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra, í samræmi við landslög, gangi úr skugga um að viðkomandi sakfelling sé fyrir hendi á sakaskrá viðkomandi einstaklings. Framkvæma skal öll upplýsingaskipti í þessum tilgangi í samræmi við ákvörðun 2009/316/DIM og rammaákvörðun 2009/315/DIM eins og þau voru innleidd í landslög.

3. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu halda úti vefsetri með tengla á birtingu lögbærra yfirvalda á stjórnsýsluviðurlögum og -ráðstöfunum sem lögð eru á í samræmi við 60. gr. um lána- og fjármálastofnanir og sýna um hvaða tímabil hvert aðildarríki birtir stjórnsýsluviðurlög og -ráðstafanir.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

63. gr.

Eftirfarandi komi í stað d-liðar 2. mgr. 25. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([1]):

„d) miðlægur mótaðili hefur staðfestu eða starfsleyfi í þriðja landi sem framkvæmdastjórnin telur, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 (*), að skorti stefnu í innlendu stjórnskipulagi til að berjast gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar umtalsverð hætta af.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtíð. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73).“

64. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, samanber þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald um óákveðinn tíma frá 25. júní 2015 til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 9. gr.

3. Evrópuþingið eða ráðið geta hvenær sem er afturkallað vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 9. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 9. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan mánaðar frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Frestur þessi skal framlengdur um einn mánuð að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

65. gr.

Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 26. júní 2019.

66. gr.

Tilskipun 2005/60/EB og tilskipun 2006/70/EB eru felldar úr gildi frá og með 26. júní 2017.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

67. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. júní 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

68. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

69. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 20. maí 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZZ.	KALNIŅA-LUKAŠEVICA
forseti.	*forseti.*

———

I. VIÐAUKI

Eftirfarandi er skrá, sem ekki er tæmandi, yfir áhættubreytur sem tilkynningarskyldir aðilar skulu taka til athugunar þegar þeir ákveða að hvaða marki á að beita ráðstöfunum vegna könnunar á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn í samræmi við 3. mgr. 13. gr.:

i. tilgangurinn með reikningi eða tengslum,

ii. umfang eigna sem viðskiptamaður leggur inn eða stærð viðskiptanna sem eiga sér stað,

iii. rauntími eða lengd viðskiptatengslanna.

———

II. VIÐAUKI

Eftirfarandi er skrá, sem ekki er tæmandi, yfir þætti og tegundir sönnunargagna hugsanlega lægri áhættu sem um getur í 16. gr.:

1) Áhættuþættir viðskiptamanna:

   a) opinber fyrirtæki sem skráð eru í kauphöll og falla undir birtingarkröfur (annaðhvort vegna reglna kauphallar eða með lagasetningu eða aðfararhæfum aðferðum) sem felur í sér kröfu um að tryggja fullnægjandi gagnsæi raunverulegs eignarhalds,

   b) opinber stjórnsýsla eða fyrirtæki,

   c) viðskiptamenn búsettir á landfræðilegum svæðum með minni áhættu, eins og sett er fram í 3. lið.

2) Áhættuþættir sem tengjast vöru, þjónustu, viðskiptum eða afgreiðslurás:

   a) líftryggingar með lágu iðgjaldi,

   b) vátryggingarsamningar fyrir lífeyriskerfi, ef ekki er um fyrri afsalsrétt að ræða og samninginn er ekki hægt að nota sem tryggingu,

   c) lífeyrir, jafngreiðslulífeyrir eða svipað kerfi sem tryggir eftirlaun starfsmanna þar sem framlög eru í formi frádráttar af launum og reglurnar leyfa ekki framsal á ráðstöfun réttinda aðila að kerfinu,

   d) fjármálaafurðir eða þjónusta sem veita vissum tegundum viðskiptamanna viðeigandi skilgreinda og takmarkaða þjónustu til að auka aðgang varðandi fjárhagslega þátttöku,

   e) vörur þar sem áhættu á borð við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er stjórnað af öðrum þáttum á borð við útgjaldaþak eða gagnsæi eignarhalds (t.d. vissar tegundir rafeyris),

3) Landfræðilegir áhættuþættir:

   a) aðildarríki,

   b) þriðju lönd með skilvirk kerfi í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

   c) þriðju lönd þar sem fram kemur í trúverðugum heimildum að sé lítil spilling eða önnur afbrotastarfsemi,

   d) þriðju lönd sem krafist er af, á grundvelli trúverðugra heimilda á borð við gagnkvæmt mat, ítarlegar matsskýrslur eða birtar eftirfylgniskýrslur, að þau berjist gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í samræmi við endurskoðuð tilmæli fjármálaaðgerðahópsins og framkvæma þessar kröfur með skilvirkum hætti.

———

III. VIÐAUKI

Eftirfarandi er skrá, sem ekki er tæmandi, yfir þætti og tegundir sönnunargagna á hugsanlega hærri áhættu sem um getur í 3. mgr. 18. gr.:

1) Áhættuþættir viðskiptamanna:

   a) viðskiptatengsl eru framkvæmd við óvenjulegar aðstæður:

   b) viðskiptamenn búsettir á landfræðilegum svæðum með meiri áhættu, eins og sett er fram í 3. lið,

   c) lögaðilar eða lagaleg tilhögun sem eru eignaumsýslufélög í einstaklingseigu (e. *personal asset-holding vehicles*),

   d) fyrirtæki með tilnefnda hluthafa eða hlutabréf sem eru gefin út á handhafa,

   e) reiðufjárfrek fyrirtæki,

   f) eignarhald fyrirtækisins virðist óvenjulegt eða óþarflega flókið miðað við eðli viðskipta fyrirtækisins.

2) Áhættuþættir sem tengjast vöru, þjónustu, viðskiptum eða afgreiðslurás:

   a) bankaþjónusta sem beinist að einstaklingum,

   b) vörur eða viðskipti þar sem hvatt er til nafnleyndar,

   c) óbein viðskiptatengsl eða viðskipti án tiltekinna verndarráðstafana, t.d. rafrænar undirskriftir,

   d) mótteknar greiðslur frá óþekktum eða ótengdum þriðju aðilum,

   e) nýjar vörur og nýir viðskiptahættir, þ.m.t. nýr afhendingarbúnaður og notkun nýrrar tækni eða tækni sem er í þróun, bæði fyrir nýjar vörur eða vörur sem fyrir voru.

3) Landfræðilegir áhættuþættir:

   a) með fyrirvara um 9. gr., lönd þar sem kemur fram í trúverðugum heimildum, t.d. gagnkvæmu mati, ítarlegum matsskýrslum eða birtum eftirfylgniskýrslum, að búi ekki yfir skilvirkum kerfum í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka,

   b) lönd þar sem kemur fram í trúverðugum heimildum að sé umtalsverð spilling eða önnur afbrotastarfsemi,

   c) lönd með fyrirvara um viðurlög, viðskiptabann eða svipaðar ráðstafanir, t.d. af hálfu Sambandsins eða Sameinuðu þjóðanna,

   d) lönd sem veita fjármagni eða stuðningi til hryðjuverka, eða þar sem tiltekin hryðjuverkasamtök starfa innanlands.

———

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun þessi	Tilskipun 2005/60/EB	Tilskipun 2006/70/EB
—		1. gr.
—		3. gr.
—		5. gr.
—		6. gr.
—		7. gr.
1. gr.	1. gr.	
2. gr.	2. gr.	
3.–9. mgr. 2. gr.		4. gr.
3. gr.	3. gr.	
9., 10. og 11. mgr. 3. gr.		1., 2. og 3. mgr. 2. gr.
4. gr.	4. gr.	
5. gr.	5. gr.	
6.–8. gr.	—	
10. gr.	6. gr.	
11. gr.	7. gr.	
13. gr.	8. gr.	
14. gr.	9. gr.	
d-liður 11. gr.	1. mgr. 10. gr.	
—	2. mgr. 10. gr.	
15., 16. og 17. gr.	11. gr.	
—	12. gr.	
18.–24. gr.	13. gr.	
22. gr.		4. mgr. 2. gr.
25. gr.	14. gr.	
—	15. gr.	
26. gr.	16. gr.	
—	17. gr.	
27. gr.	18. gr.	
28. gr.	—	
29. gr.	19. gr.	
30. gr.	—	
31. gr.	—	
—	20. gr.	
32. gr.	21. gr.	
33. gr.	22. gr.	

Tilskipun þessi	Tilskipun 2005/60/EB	Tilskipun 2006/70/EB
34. gr.	23. gr.	
35. gr.	24. gr.	
36. gr.	25. gr.	
37. gr.	26. gr.	
38. gr.	27. gr.	
39. gr.	28. gr.	
—	29. gr.	
40. gr.	30. gr.	
45. gr.	31. gr.	
42. gr.	32. gr.	
44. gr.	33. gr.	
45. gr.	34. gr.	
46. gr.	35. gr.	
47. gr.	36. gr.	
48. gr.	37. gr.	
49. gr.	—	
50. gr.	37. gr. a	
51. gr.	38. gr.	
52.–57. gr.	—	
58.–61. gr.	39. gr.	
—	40. gr.	
—	41. gr.	
—	41. gr. a	
—	41. gr. b	
65. gr.	42. gr.	
—	43. gr.	
66. gr.	44. gr.	
67. gr.	45. gr.	
68. gr.	46. gr.	
69. gr.	47. gr.	

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/488 2020/EES/50/25

frá 4. september 2014

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrirtækja á grundvelli fasts kostnaðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 97. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er m.a. komið á varfærniskröfum fyrir verðbréfafyrirtæki til að tryggja að verðbréfafyrirtæki séu örugg og traust og að þau uppfylli á hverjum tíma kröfur vegna eiginfjárgrunns. Kröfur vegna eiginfjárgrunns, sem settar eru með þeirri reglugerð, miða að því að tryggja að áhætta sem leiðir af atvinnustarfsemi sé varin með nægilega háum eiginfjárgrunni. Samkvæmt 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 geta fyrirtæki (þ.e. verðbréfafyrirtæki og einingar sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr.) notað aðra aðferð sem byggist á föstum kostnaði til að reikna út heildaráhættugrunninn. Því er nauðsynlegt að fastsetja aðferðafræði við að reikna út fastan kostnað og setja fram skrá yfir atriði sem taka ætti með í útreikninginn í því skyni að ná fram sameiginlegri nálgun í öllum aðildarríkjunum.

2) Til að tryggja að fyrirtæki geti skipulagt eðlileg slit eða endurskipulagningu á starfsemi sinni ættu þau að hafa yfir nægilegu fjármagni að ráða til að standa straum af rekstrarkostnaði yfir hæfilega langt tímabil. Til að vernda fjárfesta verður fyrirtæki við slit eða endurskipulagningu samt sem áður að halda starfsemi sinni áfram og geta staðið undir tapi sem hagnaður nær ekki að vega á móti. Þrátt fyrir að ýmis kostnaður (á borð við kaupauka starfsmanna) geti lækkað getur annar kostnaður (s.s. málsvarnarkostnaður) hækkað. Að teknu tilliti til þess að ekki öll fyrirtæki nota alþjóðlega reikningsskilastaðla og til að forðast eftirlitshögnun er nauðsynlegt að fylgja varfærinni aðferð við að reikna út eiginfjárgrunn fyrirtækja þar sem breytingar á reikningsskilaumgjörðinni eru sjálfkrafa teknar með í reikninginn og ekki er hægt að leyna högnun með því að breyta reikningsskilaflokkuninni. Til að áhrif breytilegs kostnaðar endurspeglist betur í eiginfjárgrunninum ættu reglur um eiginfjárgrunn fyrirtækja að byggjast á aðferð þar sem breytilegur kostnaður er dreginn frá heildarútgjöldum.

3) Að því gefnu að fyrirtæki noti einkaumboðsmenn og að viðskiptunum sem fram fara í gegnum þá fylgi áhætta fyrir fyrirtækin á sama hátt og viðskipti sem fram fara hjá fyrirtækjunum sjálfum ættu viðeigandi reglur um kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrirtækja á grundvelli fasts kostnaðar að kveða á um að kostnaður í tengslum við einkaumboðsmenn skuli tekinn með til að endurspegla þessa áhættu. Þar sem kostnaður sem tengist einkaumboðsmönnum er að nokkru leyti breytilegur, án þess að teljast fyllilega breytilegur kostnaðarliður, og því úr hófi að taka alla upphæð kostnaðarins sem tengist einkaumboðsmönnum með inn í kröfur vegna eiginfjárgrunns ættu þessar reglur engu að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

síður að kveða á um að aðeins ákveðinn hundraðshluti þessa kostnaðar sé tekinn með í kröfurnar vegna eiginfjárgrunns. Til að komast hjá því að tvítelja upphæðir sem tengjast gjöldum einkaumboðsmanna ættu þessar reglur enn fremur að kveða á um að gjöld sem tengjast einkaumboðsmönnum skuli dregin frá áður en þessum hundraðshluta er bætt við kröfur vegna eiginfjárgrunns.

4) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er kveðið á um að lögbær yfirvöld geti breytt kröfum vegna eiginfjárgrunns ef mikilvæg breyting hefur orðið á atvinnustarfsemi fyrirtækisins. Til að tryggja að lögbær yfirvöld beiti sömu skilyrðum alls staðar í Sambandinu er nauðsynlegt að fastsetja viðmiðanir um hvað teljist mikilvæg breyting. Þar sem fyrirtæki eru misstór væri það óþarflega íþyngjandi fyrir ýmis mjög lítil fyrirtæki eða fyrirtæki á byrjunarstigi að koma á aðlögunum á kröfum vegna eiginfjárgrunns, þar sem örar breytingar hljóta að verða hjá þeim. Þess vegna ætti að fastsetja lágmarksviðmiðunarmörk svo að þessi fyrirtæki séu undanskilin því að aðlaga kröfur vegna eiginfjárgrunns ef kröfur vegna eiginfjárgrunns þeirra eru undir lágmarkinu.

5) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 ([1]) er mælt fyrir um tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana. Í þessari reglugerð er kveðið á um aðferðafræðina við að reikna út fastan kostnað fyrirtækja. Til að tryggja samræmi, og til að auðvelda þeim sem bundnir eru þessum skyldum að fá ítarlega yfirsýn yfir öll ákvæði varðandi eiginfjárgrunn og finna þau á sama stað, er æskilegt að fella alla tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem krafist er með reglugerð (ESB) nr. 575/2013, í eina reglugerð. Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 til samræmis við það.

6) Reglugerð þessi byggist á frumvörpum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvörpin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]). Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafði einnig samráð við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina áður en frumvörpin að tæknilegu stöðlunum, sem þessi reglugerð byggist á, voru lögð fram.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi V. kafli a bætist við í reglugerð (EB) nr. 241/2014:

„V. KAFLI A

EIGINFJÁRGRUNNUR Á GRUNDVELLI FASTS KOSTNAÐAR

34. gr. b

Útreikningur á hæfu fjármagni sem nemur minnst einum fjórða af föstum kostnaði fyrra árs að því er varðar 1. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Í þessum kafla merkir „fyrirtæki“ einingunа sem um getur í c-lið 2. liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem veitir þá fjárfestingarþjónustu og -starfsemi sem skráð er í 2. og 4. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB(*), eða verðbréfafyrirtæki.

2. Að því er varðar 1. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu fyrirtæki reikna út fastan kostnað sinn á fyrra ári með því að nota tölur sem leiða af viðeigandi reikningsskilaumgjörð og draga eftirfarandi liði frá heildarútgjöldum, eftir að hagnaði hefur verið úthlutað til hluthafa í nýjustu endurskoðuðu árlegu reikningsskilum eða, ef endurskoðuð reikningsskil eru ekki fyrir hendi, í árlegum reikningsskilum staðfestum af landsbundnum eftirlitsaðilum:

a) algerlega valkvæða kaupauka starfsfólks,

b) hagnaðarhluta starfsfólks, stjórnenda og meðeigenda að því marki sem hann er algerlega valkvæður,

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (Stjtíð. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 8).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

c) aðra ráðstöfun hagnaðar og aðrar greiðslur vegna breytilegra starfskjara að því marki sem þær eru algerlega valkvæðar,

d) sameiginleg greidd umboðslaun og þóknunargjöld, sem tengjast beint tekjum af umboðslaunum og þóknunum sem eru innifalin í heildartekjum, og þar sem greiðsla umboðslauna og þóknana veltur á því að raunverulega hafi verið tekið við greiðslum umboðslauna og þóknana,

e) gjöld, miðlunargjöld og önnur gjöld sem greidd eru til stöðustofnunaraðila, kauphalla og millilliða í þeim tilgangi að framkvæma, skrá eða stöðustofna viðskipti,

f) gjöld til einkaumboðsmanna eins og skilgreint er í 25. lið 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

g) vaxtagreiðslur til viðskiptavina af fjármunum þeirra,

h) einstök útgjöld vegna starfsemi sem ekki er regluleg.

3. Ef þriðji aðili, annar en einkaumboðsmaður, hefur stofnað til fasts kostnaðar fyrir hönd fyrirtækjanna, og þessi fasti kostnaður er ekki þegar innifalinn í heildarútgjöldunum sem um getur í 2. mgr., skulu fyrirtækin gera annað af eftirtöldu:

a) ef fyrir hendi er sundurliðun kostnaðar þessara þriðju aðila skulu fyrirtæki ákvarða upphæð fasts kostnaðar sem þessir þriðju aðilar hafa stofnað til fyrir þeirra hönd og bæta þeirri upphæð við útkomuna sem leiðir af 2. mgr.,

b) ef sundurliðunin sem um getur í a-lið er ekki til staðar skulu fyrirtækin ákvarða upphæð kostnaðarins sem þessir þriðju aðilar stofnuðu til fyrir þeirra hönd á grundvelli viðskiptaáætlana fyrirtækjanna og bæta þeirri upphæð við útkomuna sem leiðir af 2. mgr.

4. Ef fyrirtækið nýtir sér einkaumboðsmenn skal það bæta upphæð sem samsvarar 35% af öllum gjöldum sem tengjast einkaumboðsmönnunum við töluna sem leiðir af 2. mgr.

5. Ef nýjustu, endurskoðuðu reikningsskil endurspegla ekki tólf mánaða tímabil skal fyrirtækið deila í niðurstöðu útreikninganna í 2. til 4. mgr. með fjölda mánaða sem fram koma í þessum reikningsskilum og margfalda svo niðurstöðuna með tólf til að fá fram samsvarandi ársupphæð.

34. gr. c

Skilyrði fyrir leiðréttingu lögbærs yfirvalds á kröfunni um að búa yfir hæfu fjármagni sem nemur minnst einum fjórða af föstum kostnaði fyrra árs í samræmi við 2. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Að því er varðar fyrirtæki sem um getur í annarri undirgrein, skal breyting á starfsemi fyrirtækis teljast mikilvæg ef einhver af eftirfarandi skilyrðum eru uppfyllt:

a) breyting á starfsemi fyrirtækisins veldur 20% breytingu eða meira á áætluðum föstum kostnaði þess,

b) breyting á starfsemi fyrirtækisins veldur breytingu á kröfum vegna eiginfjárgrunns á grundvelli áætlaðs fasts kostnaðar, sem nemur tveimur milljónum evra eða meira.

Fyrirtækin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu uppfylla annaðhvort eftirfarandi skilyrða:

a) núverandi kröfur þeirra vegna eiginfjárgrunns á grundvelli fasts kostnaðar nema 125 000 evrum eða meira,

b) kröfur þeirra vegna eiginfjárgrunns uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

   i. á grundvelli núverandi fasts kostnaðar eru þær lægri en 125 000 evrur,

   ii. á grundvelli áætlaðs fasts kostnaðar eru þær 150 000 evrur eða meira.

2. Að því er varðar fyrirtæki sem um getur í annarri undirgrein skal breyting á starfsemi fyrirtækisins teljast mikilvæg ef hún veldur því að áætlaður fastur kostnaður fyrirtækisins breytist um 100% eða meira.

Fyrirtækin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

a) krafa vegna eiginfjárgrunns þeirra á grundvelli núverandi fasts kostnaðar er lægri en 125 000 evrur,

b) krafa vegna eiginfjárgrunns þeirra á grundvelli áætlaðs, fasts kostnaðar er lægri en 150 000 evrur.

34. gr. d

Útreikningur á áætluðum, föstum kostnaði ef fyrirtæki hefur ekki starfað í heilt ár í samræmi við 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Ef fyrirtæki hefur ekki starfað í heilt ár frá því að það hóf viðskipti skal það, við útreikning á atriðunum í a- til h-lið 2. mgr. 34. gr. b, nota þann áætlaða, fasta kostnað sem ráð er fyrir gert í fjárhagsáætlun þess fyrir starfsemi fyrstu tólf mánaðanna, sem lögð var fram með umsókn þess um starfsleyfi.

_____

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 4. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/585 **2020/EES/50/26**

frá 18. desember 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um tilgreiningu á áhættutímabili tryggingarfjár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. Júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 5. mgr. 304. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Rammi fyrir útreikning á áhættutímabili tryggingarfjár, sem notaður er við útreikning stöðustofnunaraðila á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum, ætti bæði að henta fyrir stofnanir sem nota eiginlíkansaðferð og þær sem nota staðlaðar aðferðir. Hann ætti einnig að endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum til að mynda varfærna og trausta nálgun, án þess á sama tíma að leggja óhóflegt rekstrarlegt álag á þessar stofnanir.

2) Þó að skilgreining á innlausnartímabilum sem miðlægir mótaðilar nota samsvari ekki skilgreiningunni á áhættutímabili tryggingarfjár sem stöðustofnunaraðilar nota í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns hvað varðar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum þeirra, eru þær engu að síður mjög líkar að innihaldi. Innlausnartímabil endurspegla breytingar á markaðsaðstæðum og taka tillit til uppgjörstímabila fyrir samninga og viðskipti. Mat miðlægra mótaðila á innlausnartímabilum ætti því að nota sem nálgun fyrir áhættutímabil tryggingarfjár hvað varðar útreikning á kröfum þeirra vegna eiginfjárgrunns stöðustofnunaraðila gagnvart viðskiptavinum þeirra.

3) Beiting innlausnartímabila myndi einnig tryggja alhliða vernd allra afurða og viðskipta sem sett eru fram í 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og miðlægir mótaðilar hafa stöðustofnað, og hefði þann aukna ávinning að þessa framseldu reglugerð þyrfti ekki að uppfæra í hvert skipti sem miðlægur mótaðili myndi byrja að stöðustofna nýja afurð eða viðskipti.

4) Öndvert við áhættutímabil tryggingarfjár taka innlausnartímabil, sem miðlægir mótaðilar birta upplýsingar um, stundum til viðbótartímabila til að gera skuldskeytingu staðna mögulega til stöðustofnunaraðila sem er ekki í vanskilum. Þar sem þessi viðbótartímabil taka sérstaklega til innlausnartímabila og endurspegla ekki neinn mun á áhættu sem stöðustofnunaraðilar stofna til þarf ekki að bæta þeim við áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir kunna að nota til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns hvað varðar áhættuskuldbindingu þeirra gagnvart viðskiptavini þegar þær koma fram sem stöðustofnunaraðilar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 98, 15.4.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

5) Til að tryggja að slíkt mat sé með fyrirvara um samþykki eftirlitsyfirvalda ætti aðeins að leyfa að innlausnartímabilin, sem fullgildur, miðlægur mótaðili metur eins og skilgreint er í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þjóni sem nálgun fyrir áhættutímabil tryggingarfjár hvað varðar útreikning á kröfum þeirra vegna eiginfjárgrunns stöðustofnunaraðila gagnvart viðskiptavinum þeirra.

6) Þar sem áhættutímabil tryggingarfjár miðar að því að greina breytingar á markaðsvirði skuldajöfnunarsafns viðskipta á tímabilinu frá síðustu skiptum á tryggingu, sem ver skuldajöfnunarsafn viðskipta við mótaðila í vanskilum, þangað til viðskipti eru gerð upp og markaðsáhættan sem af því hlýst er enduráhættuvarin, og þar sem markaðir kunna að vera lokaðir á tilteknum almanaksdögum ætti að gefa áhættutímabil tryggingarfjár upp í viðskiptadögum. Þetta tryggir að krafa vegna eiginfjárgrunns fyrir þessi viðskipti endurspeglar fyllilega áhættuna sem stofnunin verður fyrir á áhættutímabili tryggingarfjár. Því er rétt að kveða á um að lágmark áhættutímabils tryggingarfjár, sem nota á að því er varðar 3. mgr. 304. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samsvari fimm viðskiptadögum, þ.e. sé lengri en fimm daga lágmarkið sem kveðið er á um í þeirri grein. Lágmark áhættutímabils tryggingarfjár félli því einnig að ákvæðunum sem sett eru fram í 6. þætti 6. kafla II. bálks 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og taka til krafna um beitingu eiginlíkansaðferðar.

7) Í samræmi við 3. og 4. mgr. 304. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru styttri áhættutímabil tryggingarfjár, sem stofnanir geta beitt við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns hvað varðar áhættuskuldbindingu gagnvart viðskiptavini, aðeins viðeigandi ef stofnanirnar koma fram sem stöðustofnunaraðilar. Því gilda ekki reglur um áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir geta beitt samkvæmt þessum ákvæðum ef stofnanir reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns sem áhættuskuldbindingu gagnvart viðskiptavini en eru ekki stöðustofnunaraðilar hvað þessar áhættuskuldbindingar varðar. Þetta er án tillits til þess hvort þessar stofnanir beiti eiginlíkansaðferð eða ekki, og án tillits til þess hvort viðeigandi áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum séu stöðustofnaðar miðlægt eða ekki.

8) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Áhættutímabil tryggingarfjár skuldajöfnunarsafns sem stofnanir geta beitt að því er varðar 3. og 4. mgr. 304. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu ákveðin í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Ef viðeigandi skuldajöfnunarsafn tekur til viðskipta sem greiðslujöfnuð eru hjá fullgildum, miðlægum mótaðila, eins og skilgreint er í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir geta notað vera hin lengri af eftirfarandi:

a) fimm viðskiptadagar,

b) lengsta innlausnartímabil samninga eða viðskipta sem skuldajöfnunarsafnið tekur til, eins og tilgreint er í samræmi við vi. lið b-liðar 1. mgr. 10. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 ([2]) af fullgildum, miðlægum mótaðila sem þessir samningar eða viðskipti eru stöðustofnuð hjá.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, ef tilgreint innlausnartímabil tekur til viðbótartímabils að því er varðar skuldskeytingu staðna fyrir stöðustofnunaraðila sem ekki er í vanskilum, skal tímabilið sem stofnanir eiga að nota sem áhættutímabil tryggingarfjár undanskilja það viðbótartímabil.

3. Ef viðeigandi skuldajöfnunarsafn tekur til viðskipta sem eru ekki greiðslujöfnuð hjá fullgildum, miðlægum mótaðila eins og skilgreint er í 88. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal áhættutímabil tryggingarfjár sem stofnanir nota vera a.m.k. tíu viðskiptadagar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlæga mótaðila (Stjtíð ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 2015/850 **2020/EES/50/27**

frá 30. janúar 2015

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]) einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Útstreymi úr eiginfjárgrunni ætti ekki að vera hlutfallslega of mikið, hvorki að því er varðar útgreiðslur vegna einstakra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 né heldur að því er varðar útgreiðslur sem tengjast heildareiginfjárgrunni stofnunarinnar. Því ber að skilgreina hvað átt sé við með hlutfallslega of miklu útstreymi úr eiginfjárgrunni með því að setja reglur sem ná yfir báða þessa þætti.

2) Fyrirmæli um mögulegt hlutfallslega of mikið útstreymi, sem sett er fram í b-lið 5. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ná ekki til gerninga sem falla undir 27. gr. þeirrar reglugerðar þar eð þeir njóta undanþágu skv. iii. undirlið h-liðar 1. mgr. 28 gr. þeirrar reglugerðar.

3) Sú merking sem gefin er forgangsgreiðslum ætti að byggjast á eiginleikum gerninganna sem endurspegla kröfurnar í i. lið h-liðar 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um að engin forgangsmeðferð varðandi röð útgreiðslna eða annar forgangsréttur ætti að vera fyrir hendi, þ.m.t. forgangsgreiðslur vegna almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 í tengslum við aðra almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Að því gefnu að í i. lið h-liðar 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sé greint á milli forgangsréttar útgreiðslna og forgangsréttar varðandi röð útgreiðslna ættu reglur um forgangsgreiðslur að gilda í báðum tilvikum.

4) Mismunandi reglur ættu að gilda um almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá stofnunum sem um getur í 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 („félög sem eru ekki hlutafélög“) þegar það er réttlætt með sérkennum gerninga með atkvæðisrétti og gerninga án atkvæðisréttar. Þegar aðeins eigendum gerninga með atkvæðisrétt er heimilt að skrá sig fyrir hlutum án atkvæðisréttar er ekki hægt að tala um að eigendur gerninga án atkvæðisréttar séu sviptir honum. Því er aðgreind útgreiðsla vegna gerninga án atkvæðisréttar í félögum sem eru ekki hlutafélög ekki tengd því að atkvæðisrétt vanti á sama hátt og hjá hlutafélögum. Þar að auki, þegar þak er á útgreiðslum vegna gerninga með atkvæðisrétti

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 135, 2.6.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

samkvæmt gildandi landslögum ættu aðrar reglur að koma í stað takmörkunar sem er hugsuð fyrir hlutafélög sem tryggja að forgangsréttur til útgreiðslna sé ekki fyrir hendi.

5) Ekki er hægt að réttlæta mismunandi meðferð félaga sem eru ekki hlutafélög ef fyrrnefndar stofnanir gefa ekki út fjármagnsgerninga með fyrirframákveðnum mörgum útgreiðslum sem kveðið er á um í samningum eða í samþykktum stofnunarinnar. Ef þær gefa þá út eru sömu vandamál varðandi forgangsrétt til útgreiðslu fyrir hendi og hjá hlutafélögum og því ætti að viðhafa sömu meðferð.

6) Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að félög sem eru ekki hlutafélög gefi út aðra fjármagnsgerninga með aðgreindum útgreiðslum að því tilskildu að þau sýni fram á að gerningar þessir skapi ekki forgangsrétt til útgreiðslna. Þessi sönnun ætti að byggjast á mati á stærð útgreiðslna vegna gerninga með atkvæðisrétti og stærð útgreiðslna úr almennum heildareiginfjárgrunni þáttar 1. Stofnunin ætti að sýna fram á að útgreiðslur vegna gerninga með atkvæðisrétti séu lágar með tilvísun til annarra fjármagnsgerninga og að útgreiðsluhlutfall almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 sé lágt.

7) Til að félög sem ekki eru hlutafélög geti metið hvort útgreiðsluhlutfallið sé lágt skal koma á viðmiðunarmörkum. Til að taka tillit til þess að útgreiðsluhlutfallið getur sveiflast allt eftir árlegum niðurstöðum ætti þetta viðmiðunarmark að grundvallast á meðaltali næstliðinna fimm ára. Þegar litið er til þess að innleiðing þessarar reglu er nýleg sem og að hún getur haft möguleg eftirköst fyrir sumar þessara stofnana ætti að gefast kostur á að reglurnar um útreikning á hversu hátt útgreiðsluhlutfallið er séu teknar upp í nokkrum þrepum ef nauðsyn krefur. Innleiða má takmarkanir á útgreiðsluhlutfalli smám saman á fyrstu fimm árunum með því að innleiða þær í áföngum til ársloka 2017 en reglan ætti að koma að fullu til framkvæmda hjá öllum stofnunum árið 2018.

8) Sum félög sem eru ekki hlutafélög geta ekki gefið út gerninga sem eru jafn sveigjanlegir og almenn hlutabréf þegar um ræðir endurfjármögnun í neyðartilvikum þegar stofnanir falla undir snemmbúnar íhlutunarráðstafanir. Í þessum tilvikum þyrftu þessar stofnanir að gefa út fjármagnsgerninga til að greiða fyrir endurheimt og því ætti að vera viðeigandi fyrir þessar stofnanir, þar eð gerningar án atkvæðisréttar eru jafnan aðeins í eigu eigenda gerninga með atkvæðisrétt, að selja einnig sérstaklega gerninga án atkvæðisréttar til ytri fjárfesta. Jafnframt ættu fjármagnsgerningar sem notaðir eru vegna endurfjármögnunar í neyðartilvikum að fela í sér möguleika á að nægilegum ávinningi síðar að loknu endurheimtarferlinu. Því ættu þessar stofnanir að geta farið yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru á útgreiðsluhlutfallið að endurheimtarferlinu loknu til að eigendur almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 geti notið góðs af mögulega jákvæðum áhrifum sem kveðið er á um að því er varðar endurfjármögnun í neyðartilvikum.

9) Lögbærum yfirvöldum er heimilt skv. 10. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í samræmi við landslög að veita lánastofnunum sem eru tengdar miðlægum stofnunum undanþágu að öllu leyti eða hluta frá kröfunum sem settar eru fram í hlutum tvö til átta í þeirri reglugerð. Einnig er lögbærum yfirvöldum heimilt samkvæmt sömu grein að veita undanþágu frá beitingu hluta tvö til átta þeirrar reglugerðar að því er varðar miðlægu stofnunina á einingargrunni þegar tengdar stofnanir ábyrgjast til fulls skuldir eða skuldbindingar miðlægu stofnunarinnar. Lögbær yfirvöld ættu að geta veitt undanþágu frá kröfunum um fjármagnsgerninga innan samstæðu á grundvelli þeirrar greinar. Lögbær yfirvöld ættu einnig að geta metið hlítingu við kröfurnar sem þessi reglugerð setur á grunni samstæðustöðu þeirra stofnana sem falla undir gildissvið þessara undanþága, einkum að því er varðar útreikning á útgreiðsluhlutfallinu.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur átt opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 ([2]) til samræmis við það.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (Stjtíð. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 8).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 er breytt sem hér segir:

1) eftirfarandi 7. gr. a bætist við:

„7. gr. a

Margar útgreiðslur sem mynda hlutfallslega of mikið útstreymi úr eiginfjárgrunni

1. Útgreiðslur vegna almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu ekki teljast mynda hlutfallslega of mikið útstreymi fjármagns þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) margfaldi arðurinn er margfeldi útgreiðslunnar vegna gerninga með atkvæðisrétti og er ekki fyrirframákveðin föst fjárhæð,

b) margfaldi arðurinn er ákveðinn með samningum eða samkvæmt samþykktum stofnunarinnar,

c) margfalda arðinn er ekki hægt að endurmeta,

d) sami margfaldi arður gildir um alla gerninga með margfaldan arð,

e) fjárhæð útgreiðslu vegna eins gernings með margföldum arði stendur ekki fyrir meira en 125% af útgreiðslufjárhæðinni vegna eins almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 með atkvæðisrétt.

Þetta skal sýnt á reiknireglu formi á eftirfarandi hátt:

$$l \leq 1{,}25 \times k$$

þar sem:

k skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings án margfalds arðs,

l skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings með margföldum arði,

f) heildarfjárhæð útgreiðslna vegna allra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 á einu ári er ekki hærri en 105% fjárhæðarinnar sem hefði verið greidd ef gerningar með minni eða engan atkvæðisrétt hefðu fengið sömu útgreiðslu og gerningar með atkvæðisrétti.

Þetta skal sýnt á reiknireglu formi á eftirfarandi hátt:

$$kX + lY \leq (1{,}05) \times k \times (X + Y)$$

þar sem:

k skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gerningi án margfalds arðs,

l skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings með margföldum arði,

X skal tákna fjölda gerninga með atkvæðisrétti,

Y skal tákna fjölda gerninga án atkvæðisréttar.

Beita skal reiknireglunni á ársgrundvelli.

2. Þegar skilyrði f-liðar 1. mgr. eru ekki uppfyllt skulu einungis fjárhæðir gerninga með margfaldan arð, sem eru hærri en skilgreindu viðmiðunarmörkin þar að lútandi, taldir mynda hlutfallslega of mikið útstreymi eigin fjár.

3. Þegar skilyrðin í a- til e-lið 1. mgr. eru ekki uppfyllt skal telja að allir útistandandi gerninga með margfaldan arð valdi hlutfallslega of miklu útstreymi eigin fjár.“,

2) eftirfarandi 7. gr. b bætist við:

„7. gr. b

Forgangsúthlutun að því er varðar forgangsrétt til útgreiðslu

1. Fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem um getur í 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal telja útgreiðslu vegna almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 vera í forgangi miðað við aðra almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 þegar um mismunandi stórar útgreiðslur er að ræða nema skilyrði 7. gr. a þessar reglugerðar séu uppfyllt.

2. Fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 með minni eða engan atkvæðisrétt sem stofnanir er um getur í 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gefa út, þegar útgreiðslan er margfeldi útgreiðslu gerninga með atkvæðisrétti og að sú margfalda útgreiðsla sé ákveðin samkvæmt samningi eða samþykktum, skal telja að útgreiðslurnar séu ekki í forgangi þegar öll eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) margfaldi arðurinn er margfeldi útgreiðslunnar vegna gerninga með atkvæðisrétti og ekki fyrirframákveðin föst fjárhæð,

b) margfaldi arðurinn er ákveðinn í samningum eða samkvæmt samþykktum stofnunarinnar,

c) margfalda arðinn er ekki hægt að endurmeta,

d) sami margfaldi arður gildir um alla gerninga með margfaldan arð,

e) útgreiðslufjárhæðin vegna eins gernings með margföldum arði stendur ekki fyrir meira en 125% af útgreiðslufjárhæðinni vegna eins almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 með atkvæðisrétti.

Þetta skal sýnt á reiknireglurformi á eftirfarandi hátt:

$$l \leq 1{,}25 \times k$$

þar sem:

k skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings án margfalds arðs,

l skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings með margföldum arði,

f) heildarfjárhæð útgreiðslna vegna allra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 á einu ári er ekki hærri en 105% fjárhæðarinnar sem hefði verið greidd ef gerningar með minni eða engan atkvæðisrétt hefðu notið sömu útgreiðslu og gerningar með atkvæðisrétti.

Þetta skal sýnt á reiknireglurformi á eftirfarandi hátt:

$$kX + lY \leq (1{,}05) \times k \times (X + Y)$$

þar sem:

k skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings án margfalds arðs,

l skal tákna fjárhæð útgreiðslunnar vegna eins gernings með margföldum arði,

X skal tákna fjölda gerninga með atkvæðisrétti,

Y skal tákna fjölda gerninga án atkvæðisréttar,

Beita skal reiknireglunni á ársgrundvelli.

3. Þegar skilyrði f-liðar 2. mgr. eru ekki uppfyllt telst einungis sá hluti gerninga með margfaldan arð sem eru hærri en skilgreindu viðmiðunarmörkin í þeim lið vera útilokaður frá almennu eigin fé þáttar 1.

4. Þegar skilyrði a- til e-liðar 2. mgr. eru ekki uppfyllt skal útiloka alla útistandandi gerninga með margfaldan arð frá almennu eigin fé þáttar 1.

5. Að því er varðar 2. mgr, gildir að ef útgreiðsla vegna almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1, með eða án atkvæðisréttar, er tilgreind með tilvísun í kaupverð við útgáfu þessa gernings, skal samþykkja reiknireglur eins og hér segir fyrir gerninginn eða gerningana sem tilgreindir eru með tilvísun til kaupverðs við útgáfu:

a) *l* skal tákna fjárhæð útgreiðslu vegna eins gernings án margfalds arðs, deilt með kaupverði við útgáfu þess gernings,

b) *k* skal tákna fjárhæð útgreiðslu vegna eins gernings með margfaldan arð, deilt með kaupverði við útgáfu þess gernings.

6. Fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 með minni eða engan atkvæðisrétt sem stofnanir er um getur í 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 gefa út, þegar útgreiðslan er ekki margfeldi útgreiðslu gerninga með atkvæðisrétti, skal ekki telja útgreiðslur í forgangi þegar annaðhvort skilyrðið sem um getur í 7. mgr. eða bæði skilyrðin sem um getur í 8. mgr. hafa verið uppfyllt.

7. Að því er varðar 6. mgr. gilda annaðhvort eftirfarandi skilyrði a- eða b-liðar:

a) skilyrði beggja eftirfarandi i. og ii. liðar eru uppfyllt:

   i. einungis eigendur gerninga með atkvæðisrétti geta verið áskrifendur að og átt gerning með minni eða engan atkvæðisrétt,

   ii. fjöldi atkvæðisréttar einstakra eiganda er takmarkaður,

b) útgreiðsla vegna gerninga með atkvæðisrétti sem stofnanirnar gefa út falla undir þak sem sett er fram í gildandi innlendum lögum.

8. Að því er varðar 6. mgr. skulu bæði eftirfarandi skilyrði gilda:

a) stofnunin sýnir fram á að meðaltal útgreiðslna vegna gerninga með atkvæðisrétti á undangengnum fimm árum er lágt í tengslum við aðra sambærilega gerninga,

b) stofnunin sýnir fram á að hlutfall útgreiðslu sé lágt, þar sem úthlutunarhlutfallið er reiknað út í samræmi við 7. grein c. Úthlutunarhlutfall undir 30% skal talið vera lágt.

9. Að því er varðar a-lið 7. mgr. skal atkvæðisréttur einstaks eiganda vera talinn takmarkaður í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar hver eigandi fær einungis einn atkvæðisrétt án tillits til fjölda gerninga með atkvæðisrétt fyrir hvern eiganda,

b) þegar hámark er sett á heildarfjölda atkvæðisréttar án tillits til þess hve marga gerninga með atkvæðisrétt hver eigandi ræður yfir,

c) þegar fjöldi gerninga með atkvæðisrétti sem eiganda er heimilt að ráða yfir er takmarkaður samkvæmt samþykktum stofnunarinnar eða gildandi innlendum lögum.

10. Að því er varðar þessa grein skal telja að eins árs tímabilinu ljúki á dagsetningu síðustu reikningsskila stofnunarinnar.

11. Stofnanir skulu meta hlítingu við skilyrðin sem um getur í 7. og 8. mgr. og tilkynna lögbæra yfirvaldinu um niðurstöðu matsins, að minnsta kosti við eftirfarandi aðstæður:

a) ávallt þegar tekin er ákvörðun um fjárhæð útgreiðslu vegna almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1,

b) ávallt þegar gefinn er út nýr flokkur almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 með minni eða engan atkvæðisrétt.

12. Þegar skilyrði f-liðar 8. mgr. eru ekki uppfyllt skal einungis telja að fjárhæðir gerninga með engan atkvæðisrétt, þar sem útgreiðslur eru hærri en viðmiðunarmörkin sem þar eru skilgreind, hafi í för með sér forgangsútgreiðslur.

13. Þegar skilyrði a-lið 8. mgr. eru ekki uppfyllt skal telja að útgreiðslur vegna allra útistandandi gerninga án atkvæðisréttar séu í forgangi nema þær uppfylli skilyrði 2. mgr.

14. Þegar hvorugt skilyrðanna í 7. mgr. er uppfyllt skal telja að allar útistandandi úthlutanir vegna gernings án atkvæðisréttar séu í forgangi nema þær uppfylli skilyrðin í 2. mgr.

15. Veita má undanþágu frá kröfunni sem um getur í i. lið a-lið 7. mgr. eða kröfunni sem um getur í b-lið 8. mgr. eða báðum, eins og við á, þegar bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin brýtur í bága við, eða þegar líklegt er að hún brjóti í bága við kröfur reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, m.a. vegna hríðversnandi fjárhagsaðstæðna, í náinni framtíð,

b) lögbæra yfirvaldið hefur óskað eftir að stofnunin auki þegar í stað almennt eigið fé þáttar 1 innan tiltekins tíma og hefur metið svo að stofnunin geti ekki leiðrétt eða komið í veg fyrir brotið sem um getur í a-lið innan þess tiltekins tíma, án þess að grípa til undanþágunnar sem um getur í þessari málsgrein.“,

3) eftirfarandi 7. gr. c bætist við:

„7. gr. c

Útreikningur á greiðsluhlutfalli að því er varðar b-lið 8. mgr. 7. gr. b

1. Að því er varðar b-lið 8. mgr. 7. gr. b skulu stofnanir velja aðra hvora leiðina sem lýst er í a- eða b-lið til að reikna út greiðsluhlutfallið. Stofnunin skal fylgja þeirri leið sem valin er á samræmdan hátt yfir lengri tíma.

a) þegar summa útgreiðslna sem tengjast heildargerningum almenns eiginfjárgrunns þáttar 1 á síðustu fimm ára tímabilum, deilt með summu hagnaðar sem tengist síðustu fimm ára tímabilum,

b) aðeins fyrir tímabilið frá gildistökudegi þessarar reglugerðar fram til 31. desember 2017:

i. árið 2014, þegar summa útgreiðslna sem tengjast heildargerningum almenns eiginfjárgrunns þáttar 1 á síðasta eins árs tímabili, deilt með summu hagnaðar sem tengist síðasta eins árs tímabili,

ii. árið 2015, þegar summa úthlutunar sem tengist heildargerningum almenna eiginfjárgrunns þáttar 1 á síðustu tveggja ára tímabilum, deilt með summu hagnaðar sem tengist síðustu tveggja ára tímabilum,

iii. árið 2016, þegar summa úthlutunar sem tengist heildargerningum almenns eiginfjárgrunns þáttar 1 á síðustu þriggja ára tímabilum, deilt með summu hagnaðar sem tengist síðustu þriggja ára tímabilum,

iv. árið 2017, þegar summa úthlutunar sem tengist heildargerningum almenns eiginfjárgrunns þáttar 1 á síðustu fjögurra ára tímabilum, deilt með summu hagnaðar sem tengist síðustu fjögurra ára tímabilum.

2. Að því er varðar 1. mgr. merkir hagnaður fjárhæðina sem greint er frá í röð 670 í 2. sniðmáti III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 (*) eða, þegar við á, fjárhæðina sem greint er frá í röð 670 í 2. sniðmáti IV. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. L 191, 28.6.2014, bls. 1).“

4) eftirfarandi 7. gr. d bætist við:

„7. gr. d

Forgangsgreiðslur að því er varða röð greiðslna

Að því er varðar 28. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal telja útgreiðslu vegna almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1 vera í forgangi miðað við aðra almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 og sem varða röð greiðslna þar sem að minnsta kosti eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) útgreiðslur eru ákveðnar á mismunandi tímum,

b) útgreiðslur eru greiddar á mismunandi tímum,

c) útgefandinn hefur þá skuldbindingu að inna af hendi útgreiðslu vegna einnar tegundar af almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 áður en hann innir af hendi útgreiðslu annarrar tegundar almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

d) útgreiðslan er innt af hendi vegna sumra almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 en ekki öðrum nema skilyrði a-liðar 7. mgr. 7. gr. b séu uppfyllt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/923 **2020/EES/50/28**

frá 11. mars 2015

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]) einkum 36. gr. (þriðju undirgrein 2. mgr.), 73. gr. (þriðju undirgrein 7. mgr.) og 84. gr. (þriðju undirgrein 4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að forðast eftirlitshögnun og tryggja samræmda beitingu krafna vegna eiginfjárgrunns í Sambandinu er mikilvægt að tryggja að um samræmda nálgun sé að ræða varðandi frádrátt óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í eigin eiginfjárgrunnsgerningum stofnunar og óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í aðilum á fjármálamarkaði frá liðum eiginfjárgrunns.

2) Í ljósi þess að reglugerð (ESB) nr. 575/2013 kveður á um reglur fyrir beina eignarhluti stofnunar í eiginfjárgrunnsgerningum hennar sjálfrar og beina eignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum annarra aðila á fjármálamarkaði, ætti að mæla fyrir um viðbótarreglur fyrir frádrátt frá eigin fé eignarhluta stofnunarinnar sem tengjast óbeinum eignarhlutum eða gervieignarhlutum í slíkum gerningum í stofnuninni sjálfri eða í slíkum gerningum annarra aðila á fjármálamarkaði.

3) Meðferð óbeinna eignarhluta sem leiðir af vísitölueignarhlutum sem falla undir 76. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og 25. og 26. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 ([2]). Framselda reglugerðin (ESB) nr. 241/2014 nær þó ekki yfir óbeina eignarhluti og gervieignarhluti í tengslum við 36. gr. (f-, h- og i-lið 1. mgr.), 56. gr. (a-, c-, d- og f-lið) og 66. gr. (a-, c- og d-lið) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Það er nauðsynlegt að setja fram nýjar reglur um meðferð óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta sem um getur í þeim ákvæðum.

4) Þegar eigið lánshæfi stofnunar hefur áhrif á vexti sem fastsettir eru af markaðsvísitölu, sem er einnig notuð sem viðmið fyrir greiðslur vegna viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og þáttar 2 þeirrar stofnunar, rísa upp álitamál um varfærni í tengslum við fylgni á milli útgreiðslna vegna gerninga og lánshæfis stofnunarinnar. Fjöldi og fjölbreytni stofnana í panilúrtakinu ætti að vera nægilega mikil til að endurspegla starfsemina á tengdum markaði á fullnægjandi hátt. Gefi stofnun út viðbótareigiðfé þáttar 1 eða gerning undir þætti 2, með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum sem verða að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 17.6.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 241/2014 frá 7. janúar 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana (Stjtíð. ESB L 74, 14.3.2014, bls. 8).

breytilegum vöxtum, ættu vextirnir sem hún greiðir varðandi þann gerning því ekki að hækka þegar lánshæfi stofnunarinnar lækkar. Þegar vextirnir eru tengdir vísitölu ætti vísitalan að vera nægilega „breið“, til að tryggja að lánshæfi stofnunarinnar sé ekki helsti áhrifaþáttur á vextina sem sú vísitala setur. Gera ætti greinarmun á milli fylgni vegna þess að allur geirinn er undir álagi, sem hefur áhrif á viðmiðunarvexti og fylgni vegna þess að lánshæfi einnar stofnunar hefur áhrif á viðmiðunarvexti.

5) Útreikningur á hlutdeild minnihluta á samstæðustigi og undirsamstæðustigi ætti að vera í samhengi. Hæf hlutdeild minnihluta dótturfélags, sem er sjálft móðurfélag aðila á fjármálamarkaði, ætti því, fyrir móðurstofnun þess dótturfélags, að vera fjárhæðin sem leiðir af því þegar móðurstofnunin beitir varfærniskröfum vegna samstæðu, sem vísað er til í II. bálki fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6) Þar sem frádrátturinn sem fellur undir 84., 85. og 87. gr. reglugerðar nr. 575/2013 er af sambærilegum toga, ættu sömu ákvæði varðandi útreikning á hæfri hlutdeild minnihluta dótturfélags að gilda um öll þau tilvik.

7) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

9) Því ber að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 241/2014 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi o- og p-liður bætist við 1. gr.:

„o) skilyrði sem vísitölur þurfa að uppfylla til að teljast breiðar markaðsvísitölur að því er varðar 7. mgr. 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

p) útreikning við gerð undirsamstæðureiknings sem þörf er á í samræmi við 84. gr. (2. mgr.), 85. gr. og 87. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skv. 4. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar.“

2. Eftirfarandi 15. gr. a til 15. gr. j bætist við:

„15. gr. a

Óbeinir eignarhlutir að því er varðar f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Að því er varðar 15. gr. c, 15. gr. d, 15. gr. e og 15. gr. i í þessari reglugerð eru „milliliðir“ eins og um getur í 114. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, allir eftirtaldir aðilar sem eiga fjármagnsgerninga aðila á fjármálamarkaði:

a) sjóður um sameiginlega fjárfestingu,

b) lífeyrissjóður, annar en réttindatengdur lífeyrissjóður,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

c) réttindatengdur lífeyrissjóður, þar sem stofnunin styður fjárfestingaráhættuna og þar sem réttindatengdi lífeyrissjóðurinn er ekki óháður umsýslustofnun sinni,

d) aðilar sem eru beint eða óbeint undir stjórn eða undir verulegum áhrifum af einu af eftirfarandi:

1) stofnuninni eða dótturfélögum hennar,

2) móðurfélagi stofnunarinnar eða dótturfélögum þess móðurfélags,

3) móðureignarhaldsfélagi stofnunarinnar á fjármálasviði eða dótturfélögum móðureignarhaldsfélagsins á fjármálasviði,

4) blönduðu móðureignarhaldsfélagi stofnunarinnar eða dótturfélögum blandaða móðureignarhaldsfélagsins,

5) blönduðu móðureignarhaldsfélagi stofnunarinnar í fjármálastarfsemi eða dótturfélögum blandaða móðureignarhaldsfélagsins í fjármálastarfsemi,

e) aðilar sem eru sameiginlega, beint eða óbeint, undir stjórn eða undir verulegum áhrifum frá einni stofnun, nokkrum stofnunum eða netkerfi stofnana, sem eru aðilar að sama stofnanaverndarkerfi, eða stofnanaverndarkerfi eða netkerfi stofnana sem eru eignatengd miðlægri stofnun, sem er ekki skipulagt eins og samstæða sem stofnunin tilheyrir,

f) sérstakir verðbréfunaraðilar,

g) aðilar sem starfa við að vera eigendur fjármálagerninga aðila á fjármálamarkaði,

h) hvaða aðili sem lögbært yfirvald telur að notað sé til að fara í kringum reglur sem tengjast frádrætti óbeinna eignarhluta eða gervieignarhluta.

2. Með fyrirvara um h-lið 1. mgr. er „milliliður“ eins og um getur í 114. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ekki eftirfarandi:

a) blönduð eignarhaldsfélög, stofnanir, vátryggingafélög, endurtryggingafélög,

b) aðilar sem samkvæmt viðeigandi landslögum falla undir kröfur reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og tilskipunar 2013/36/ESB,

c) aðilar á fjármálasviði, aðrir en þeir sem tilgreindir eru a-lið, sem lúta eftirliti og þurfa að draga óbeina og beina eignarhluti í eigin fjármagnsgerningum og eignarhluti í fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði, frá lögbundnu eigin fé.

3. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal réttindatengdur lífeyrissjóður teljast vera óháður umsýslustofnun sinni þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) réttindatengdi lífeyrissjóðurinn er lagalega aðskilinn frá umsýslustofnun sinni og með sjálfstæða stjórnunarhætti,

b) samþykktirnar, stofnsamningarnir og innri reglur tiltekins lífeyrissjóðs, eftir því sem við á, hafa verið samþykkt af óháðum eftirlitsaðila, eða reglurnar, sem gilda um stofnun og rekstur réttindatengda lífeyrissjóðsins, hafi, eftir því sem við á, verið teknar upp í viðeigandi landslögum viðkomandi aðildarríkis,

c) vörsluaðilum eða stjórnendum réttindatengds lífeyrissjóðs er skylt samkvæmt viðeigandi landslögum að starfa af óhlutdrægni, með hagsmuni lífeyrisþeganna að leiðarljósi í stað hagsmuna umsýsluaðilans, að stýra eignum réttindatengda lífeyrissjóðsins af varfærni og fara að þeim takmörkunum sem settar eru í samþykktunum, stofnsamningum og innri reglum réttindatengda lífeyrissjóðsins, eftir því sem við á, eða í lögunum eða reglugerðunum sem lýst er í b-lið,

d) samþykktirnar eða stofnsamningarnir eða reglurnar sem gilda um stofnun og rekstur réttindatengda lífeyrissjóðsins, sem um getur í b-lið, fela í sér takmarkanir á fjárfestingar sem réttindatengda lífeyrissjóðskerfið getur gert í eiginfjárgrunnsgerningum sem umsýslustofnunin hefur gefið út.

4. Þegar réttindatengdur lífeyrissjóður, sem um getur í c-lið 1. mgr., á eiginfjárgrunnsgerninga hjá umsýslustofnuninni, skal umsýslustofnunin fara með eignarhlutinn sem óbeinan eignarhlut í eigin almennum eiginfjárgrunnsgerningi þáttar 1, viðbótareiginfjárgerningi þáttar 1 eða gerningi undir þætti 2, eftir því sem við á. Reikna skal út fjárhæð frádráttar umsýslustofnunarinnar frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1, liðum viðbótareiginfjár þáttar 1, eða liðum í þætti 2, eftir því sem við á, í samræmi við 15. gr. c.

15. gr. b

Gervieignarhlutir að því er varðar f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Eftirfarandi fjármálaafurðir skulu teljast gervieignarhlutir fjármálagerninga skv. f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

a) afleiðugerningar, sem hafa fjármagnsgerninga aðila á fjármálamarkaði sem undirliggjandi gerninga eða eru með aðila á fjármálamarkaði sem viðmiðunaraðila,

b) ábyrgðir eða útlánavörn, sem eru veitt þriðja aðila að því er varðar fjárfestingar þriðja aðila í fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði.

2. Fjármálaafurðirnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu fela í sér eftirfarandi:

a) fjárfestingar í heildarskiptasamningum í fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði,

b) kauprétt, keyptan af stofnuninni í fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði,

c) sölurétt, seldan af stofnuninni í fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði eða hverja aðra raunverulega eða ófyrirséða samningsbundna skyldu stofnunarinnar til að kaupa eigin eiginfjárgrunnsgerninga,

d) fjárfestingar í framvirkum kaupsamningum í fjármagnsgerningum aðila á fjármálamarkaði.

15. gr. c

Útreikningur á óbeinum eignarhlutum að því er varðar f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Fjárhæð óbeinna eignarhluta, sem draga á frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1, eins og krafist er í f-, h- og i- liðum 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal reiknuð út með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) samkvæmt staðalaðferðinni sem sett er fram í 15. gr. d,

b) ef stofnunin sýnir lögbæru yfirvaldi á fullnægjandi hátt fram á að aðferðin sem lýst er í 15. gr. d sé óþarflega íþyngjandi, samkvæmt aðferðinni sem byggist á fjármagnsuppbyggingu sem lýst er í 15. gr. e. Aðferðin sem byggist á fjármagnsuppbyggingu og lýst er í 15. gr. e, skal ekki notuð af stofnunum til að reikna út fjárhæð þessa frádráttar tengt fjárfestingum í milliliðum sem um getur í d- og e- lið 1. mgr. 15. gr. a.

15. gr. d

Staðalaðferðin til útreiknings á óbeinum eignarhlutum að því er varðar f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Fjárhæð óbeinna eignarhluta almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, sem draga á frá eins og krafist er í f-, h- og i-liðum 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal reiknuð út á eftirfarandi hátt:

a) þegar áhættuskuldbindingar allra fjárfesta gagnvart millilið eru metnar jafngildar skal fjárhæðin samsvara hlutfalli fjármögnunar sem er margfölduð með fjárhæð almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði, sem er í eigu milliliðarins,

b) þegar áhættuskuldbindingar allra fjárfesta gagnvart millilið eru ekki metnar jafngildar skal fjárhæðin jafngilda hlutfalli fjármögnunar sem er margfölduð með þeirri af eftirfarandi fjárhæð sem er lægri:

   i) fjárhæð almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði sem er í eigu milliliðar,

   ii) áhættuskuldbinding stofnunarinnar gagnvart milliliðnum, auk allrar annarrar fjármögnunar sem veitt er milliliðum sem er metin jafngild áhættuskuldbindingum stofnunarinnar.

2. Gera skal útreikning með aðferðinni sem sett er fram í b-lið 1. mgr. fyrir hvert áhættulag fjármögnunar sem er metið jafngilt fjármögnuninni sem stofnunin veitir.

3. Hlutfall af fjármögnun að því er varðar 1. mgr. skal vera áhættuskuldbinding stofnunarinnar vegna milliliðarins, deilt með summu áhættuskuldbindinga stofnunar vegna milliliðarins, og allra annarra áhættuskuldbindinga vegna þessa milliliðar sem eru metnar jafngildar áhættuskuldbindingu stofnunarinnar.

4. Gera skal sérstakan útreikning, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., fyrir hvern eignarhlut í aðila á fjármálamarkaði, í eigu hvers milliliðar.

5. Þegar fjárfestingar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði eru í óbeinni eigu í gegnum síðari eða fleiri milliliði, skal ákvarða hlutfall fjármögnunar sem sett er fram í 1. mgr. með því að deila fjárhæðinni, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, með fjárhæðinni sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

a) niðurstaðan úr margföldun fjárhæða fjármögnunar sem stofnunin veitir til milliliða, með fjárhæðum fjármögnunar sem þessir milliliðir veita til síðari milliliða og fjárhæðum fjármögnunar sem þessir síðari milliliðir veita aðilum á fjármálamarkaði,

b) niðurstaða margföldunar fjárhæða fjármagnsgerninga eða annarra viðeigandi gerninga, sem gefnir eru út af hverjum millilið.

6. Reikna skal sérstaklega út hlutfall fjármögnunar, sem um getur í 5. mgr., fyrir hvern eignarhlut aðila á fjármálamarkaði í eigu milliliða og fyrir hvert áhættulag fjármögnunar sem er metið jafngilt fjármögnuninni sem stofnunin og síðari milliliðir veita.

15. gr. e

Aðferðin sem byggist á fjármagnsuppbyggingu til útreiknings á óbeinum eignarhlutum skv. f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Fjárhæðin sem draga á frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1, sem um getur í f-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal samsvara hlutfalli fjármögnunar, eins og það er skilgreint í 3. mgr. 15. gr. d þessarar reglugerðar, margfaldað með fjárhæð almenns eiginfjárgrunngernings þáttar 1 hjá stofnuninni sem eru í eigu milliliðarins.

2. Fjárhæðin sem draga á frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1, sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal samsvara hlutfalli fjármögnunar, eins og það er skilgreint í 3. mgr. 15. gr. d þessarar reglugerðar, margfaldað með heildarfjárhæð almennra eiginfjárgrunngerninga þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði sem er í eigu milliliðarins.

3. Stofnunin skal reikna sérstaklega út fyrir hvern millilið, að því er varðar 1. og 2. mgr., samanlagða fjárhæð almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá stofnuninni í eigu milliliðarins og samanlagða fjárhæð almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 hjá öðrum aðilum í fjármálageiranum í eigu milliliðarins.

4. Stofnun skal telja fjárhæð eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðila á fjármálamarkaði, reiknaðri út í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, sem verulegan eignarhlut sem um getur í 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og skal draga fjárhæðina frá í samræmi við i-lið 1. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar.

5. Þegar fjárfestingar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 eru í óbeinni eigu í gegnum síðari eða fleiri milliliði, skulu 5. og 6. mgr. 15. gr. d gilda.

6. Þegar stofnun getur ekki tilgreint samanlagðar fjárhæðir sem milliliðurinn á í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá stofnuninni eða í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðilum á fjármálamarkaði, skal stofnunin meta þær fjárhæðir sem hún getur ekki tilgreint með því að nota þær hámarksfjárhæðir sem milliliður getur átt á grundvelli umboðs til fjárfestinga.

7. Þegar stofnunin getur ekki ákvarðað á grundvelli umboðs til fjárfestinga þá hámarksfjárhæð sem milliliðurinn á í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá stofnuninni eða í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá aðilum á fjármálamarkaði, skal stofnunin fara með fjárhæð fjármögnunarinnar, sem hún á í millilið, sem fjárfestingu í eigin almennu eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 og skal draga hana frá í samræmi við f-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

8. Þrátt fyrir 7. mgr. þessarar greinar skal stofnunin fara með fjárhæð fjármögnunar sem hún á í millilið sem eignarhlut sem er ekki verulegur og skal hún draga hana frá í samræmi við h-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) fjárhæðir fjármögnunar eru lægri en 0,25% af almennu eigin fé þáttar 1 hjá stofnuninni,

b) fjárhæðir fjármögnunar eru lægri en 10 milljónir evra,

c) stofnunin getur ekki með góðu móti ákvarðað fjárhæðir eigin almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem eru í eigu milliliðs.

9. Þegar fjármögnun milliliðar er í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu getur stofnunin falið þeim þriðju aðilum, sem um getur í 5. mgr. 132. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samkvæmt skilyrðunum sem eru sett í þeirri grein, að reikna út og tilkynna samanlagðar fjárhæðir, sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar.

15. gr. f

Útreikningur á gervieignarhlutum að því er varðar f-, h- og i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Fjárhæð gervieignarhluta, sem draga á frá liðum almenns eigin fjár þáttar 1, eins og krafist er í f-, h- og i- lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal vera eftirfarandi:

a) fyrir eignarhluti í veltubók:

   i fyrir valrétti, fjárhæð jafngild deltastuðlinum fyrir viðeigandi gerninga, reiknuð út í samræmi við IV. bálk III. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   ii. fyrir alla aðra gervieignarhluti, nafnverð eða grundvallarfjárhæð, eftir því sem við á,

b) fyrir eignarhluti utan veltubókar:

   i fyrir kauprétti, gildandi markaðsvirði,

   ii. fyrir alla aðra gervieignarhluti, nafnverð eða grundvallarfjárhæð, eftir því sem við á.

2. Stofnunin skal draga frá gervieignarhlutina, sem um getur í 1. mgr., frá og með dagsetningu undirritunar samningsins á milli stofnunarinnar og mótaðilans.

15. gr. g

Útreikningur á verulegum eignarhlutum að því er varðar i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Að því er varðar i-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, til að meta hvort stofnun eigi meira en 10% af almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, sem gefnir eru út af aðila á fjármálamarkaði, skulu stofnanir, í samræmi við a-lið 43. gr. þeirrar reglugerðar, leggja saman fjárhæðir vergra gnóttstaða í beinum eignarhlutum, auk óbeinna eignarhluta í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá þessum aðila á fjármálamarkaði, sem um getur í d- til h-lið 1. mgr. 15. gr. a þessarar reglugerðar.

2. Lögbært yfirvald skal taka tillit til beinna eignarhluta og gervieignarhluta til að meta hvort skilyrði b- og c- liða 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 séu uppfyllt.

15. gr. h

Eignarhlutir viðbótareiginfjár þáttar 1 og þáttar 2

Beita skal aðferðafræðinni sem um getur í 15. gr. a til 15. gr. f í þessari reglugerð að breyttu breytanda á eignarhlut viðbótareiginfjár þáttar 1, að því er varðar a-, c- og d-lið 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og eignarhlutum í þætti 2 að því er varðar a-, c- og d- lið 66. gr. þeirrar reglugerðar, þar sem lesa skal tilvísun í almennt eigið fé þáttar 1 sem tilvísun í viðbótareigiðfé þáttar 1 eða þáttar 2, eftir því sem við á.

15. gr. i

Röð og hámarksfjárhæð frádráttar óbeinna eignarhluta eiginfjárgrunnsgerninga aðila á fjármálamarkaði

1. Með fyrirvara um takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr., eftir því sem við á, þegar milliliður á hlut í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum og gerningum undir þætti 2 hjá aðilum á fjármálamarkaði, skulu almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 dregnir frá fyrst, viðbótareiginfjárgrunnsgerningar dregnir frá næst og gerningar undir þætti 2 dregnir frá síðast.

2. Þegar milliliðurinn á hlut í eiginfjárgrunnsgerningum stofnana þegar 1. mgr. er beitt á hverja gerð eignarhluta skulu stofnanirnar fyrst draga frá eignarhlut í þeirra eigin eiginfjárgrunnsgerningum.

3. Þegar stofnun á óbeint fjármagnsgerninga aðila á fjármálamarkaði, skal fjárhæðin sem draga á frá eiginfjárgrunni stofnunarinnar ekki vera hærri en sú fjárhæð sem er lægri af eftirfarandi:

a) heildarfjármögnun stofnunarinnar til milliliðarins,

b) fjárhæð eiginfjárgrunnsgerninga sem milliliðurinn á í aðilum fjármálamarkaði.

15. gr. j

Viðskiptavild

Vegna beitingar á frádrætti, sem um getur í h-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, geta stofnanir valið að tilgreina ekki sérstaklega viðskiptavild þegar ákvarða á viðeigandi fjárhæð til frádráttar skv. 46. gr. þeirrar reglugerðar.“

3. Eftirfarandi 24. gr. a bætist við:

„24. gr. a

Útgreiðslur og eiginfjárgrunnsgerningar — breiðar markaðsvísitölur

1. Vaxtavísitala skal teljast vera breið vísitala ef hún uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún er notuð til setja millibankavexti í fleiri en einum gjaldmiðli,

b) hún er notuð sem viðmiðunarvextir fyrir skuld með fljótandi vöxtum, sem gefin er út af stofnuninni í sama gjaldmiðli, eftir atvikum,

c) hún er reiknuð út sem meðalvextir af aðila sem er óháður þeim stofnunum sem leggja sitt af mörkum til vísitölunnar („panilúrtak“),

d) allir vextir ákvarðaðir samkvæmt vísitölunni byggjast á skráningum sem lagðar eru fram af panilúrtaki stofnana sem eru virkar á þeim millibankamarkaði,

e) samsetning panilúrtaksins sem um getur í c-lið tryggir að það sé nægilega dæmigert fyrir stofnanir í aðildarríkjunum.

2. Að því er varðar e-lið 1. mgr., skal úrtakið teljast nægilega dæmigert í öðru eftirfarandi tilvika:

a) þegar panilúrtakið sem um getur í c-lið 1. mgr., inniheldur a.m.k. 6 mismunandi þátttakendur áður en afslætti af skráningum er beitt í þeim tilgangi að fastsetja vextina,

b) þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i þegar panilúrtakið sem um getur í c-lið 1. mgr., inniheldur a.m.k. 4 mismunandi þátttakendur áður en afslætti af skráningum er beitt í þeim tilgangi að fastsetja vextina,

   ii. þátttakendurnir í panilúrtakinu, sem um getur í c-lið 1. mgr., standa fyrir a.m.k. 60% af tengdum markaði.

3. Tengdur markaður, sem um getur í ii. lið b-liðar 2. mgr., skal vera samtala eigna og skuldbindinga virkra þátttakenda í panilúrtakinu í innlendum gjaldmiðli, deilt með samtölu eigna og skuldbindinga í innlendum gjaldmiðli lánastofnana í viðkomandi aðildarríki, þ.m.t. útibú sem stofnuð eru í aðildarríkinu og peningamarkaðssjóðir í viðkomandi aðildarríki.

4. Hlutabréfavísitala skal teljast vera breið markaðsvísitala þegar hún er nægilega fjölþætt í samræmi við 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

4. Eftirfarandi 34. gr. a bætist við:

„34. gr. a

Hlutdeildir minnihluta sem falla undir samanlagt almennt eigið fé þáttar 1

1. Að því er varðar það að tilgreina útreikning við gerð undirsamstæðureiknings, í samræmi við kröfur í 84. gr. (2. mgr.), 85. gr. (2. mgr.) og 87. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu hæfar hlutdeildir minnihluta dótturfélaga, sem um getur í 81. gr. þeirrar reglugerðar, sem eru sjálf móðurfélög aðila, eins og um getur í 1. mgr. 81. gr. þeirrar reglugerðar, reiknaðar út í samræmi við 2.–4. mgr. þessarar greinar.

2. Þegar lögbært yfirvald beitir undanþágunni sem um getur í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal útreikningurinn, sem gera á í samræmi við 3. og 4. mgr. þessarar greinar, gerður á grundvelli stöðu stofnunarinnar, eins og ef undanþágunni hefði ekki verið beitt.

3. Þegar dótturfélag uppfyllir ákvæði þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á grundvelli stöðu samstæðu þess skal eftirfarandi meðferð gilda:

a) almennt eigið fé þáttar 1 í því dótturfélagi á samstæðugrunni þess, sem um getur í a-lið 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal ná yfir þær hæfu hlutdeildir minnihluta sem eru vegna dótturfélaga þess sjálfs, reiknaðar út skv. 84. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

b) að því er varðar útreikning við gerð undirsamstæðureiknings, skal fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1, sem krafist er skv. i. lið a-liðar 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, vera fjárhæðin sem þarf til að uppfylla kröfur almenns eigin fjár þáttar 1 þess dótturfélags, út frá stöðu samstæðunnar sem reiknuð er út í samræmi við a-lið 1. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar. Tilteknar kröfur vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skulu vera þær sem settar eru af lögbæru yfirvaldi dótturfélagsins,

c) fjárhæð samanlagðs almenns eigin fjár þáttar 1, sem krafist er skv. ii. lið a-liðar 1. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal vera framlag dótturfélagsins á grundvelli samstæðustöðu þess vegna krafna almenns eigin fjár þáttar 1 í stofnuninni sem hæf hlutdeild minnihluta er reiknuð út á samstæðugrunni fyrir. Þegar framlagið er reiknað út skal ekki telja með nein viðskipti innan samstæðu á milli fyrirtækja sem falla undir reglur um samstæðu stofnunarinnar.

4. Við gerð samstæðunnar, sem um getur í c-lið 3. mgr., skal dótturfélagið ekki taka með eiginfjárkröfur vegna þeirra dótturfélaga sinna sem falla ekki undir gildissvið reglna um samstæðu stofnunarinnar, sem hæf hlutdeild minnihluta er reiknuð út á samstæðugrunni fyrir.

5. Þegar undanþágunni, sem um getur í 3. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er beitt á dótturfélag getur sérhvert móðurfélag dótturfélagsins, sem nýtur góðs af undanþágunni, talið hlutdeild minnihluta vegna dótturfélaga dótturfélagsins, sem nýtur sjálft góðs af undanþágunni, með í almennu eigin fé þáttar 1, að því tilskildu að útreikningarnir sem um getur í 1. mgr. 84. gr. í þeirri reglugerð og í þessari reglugerð hafi verið gerðir fyrir hvert þessara dótturfélaga. Fjárhæð almenns eigin fjár þáttar 1, sem fellur undir eiginfjárgrunn á móðurfélagsstigi, skal ekki vera hærri en fjárhæðin sem væri talin með ef dótturfélagið hefði ekki fengið undanþágu.

6. Ef móðurfélagið á millidótturfélag, sem er ekki getið um í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og ef þetta millidótturfélag á sjálft dótturfélög, sem um getur í 1. mgr. 81. gr. þeirrar reglugerðar, getur móðurstofnunin talið fjárhæð hlutdeildar minnihluta vegna þessara dótturfélaga með í almennu eigin fé þáttar 1, útreiknaða skv. 1. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar. Móðurstofnunin getur þó ekki talið hlutdeildir minnihluta vegna millidótturfélags, sem er ekki getið um í 1. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með í almennu eigin fé þáttar 1.

7. Einnig skal beita aðferðafræðinni sem sett er fram í 2., 3. og 4. mgr., að breyttu breytanda, við útreikning á fjárhæð viðurkenndra gerninga undir þætti 1, skv. 85. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og fjárhæð viðurkennds eiginfjárgrunns, skv. 87. gr. þeirrar reglugerðar, þar sem lesa skal tilvísun í almennt eigið fé þáttar 1 sem tilvísun í þátt 1 eða eigið fé.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

Forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/101 **2020/EES/50/29**

frá 26. október 2015

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærið mat skv. 14. mgr. 105. gr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]) einkum þriðju undirgrein 14. mgr. 105. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vísar til staðla fyrir varfærið mat sem gildir um allar stöður í veltubók. Ákvæði 34. gr. þeirrar reglugerðar krefjast þess þó að stofnanir beiti stöðlum 105. gr. á allar eignir sem metnar eru á gangvirði. Samsetning greinanna að framan felur í sér að kröfur um varfærið mat gildi um allar stöður á gangvirði, án tillits til þess hvort þeim sé haldið í veltubók eða ekki, ef heitið „stöður“ vísar eingöngu til fjármálagerninga og vara.

2) Ef beiting varfærins mats leiddi til lægra, algilds bókfærðs virðis hvað varðar eignir eða hærra, algilds bókfærðs virðis hvað varðar skuldir en bókfært er í reikningsskilum, ætti að reikna viðbótarvirðisleiðréttingu út (e. AVA) sem algildi mismunar á þessu tvennu, þar sem varfærið virði ætti alltaf að vera jafnt eða lægra en gangvirði eigna og jafnt eða hærra en gangvirði skulda.

3) Hvað varðar matsstöður, þar sem breyting á virði reikningsskila hefur aðeins að hluta til eða engin áhrif á almennt eigið fé þáttar 1, ætti aðeins að beita viðbótarvirðisleiðréttingu á þann hluta breytingar á virði reikningsskila sem hefur áhrif á almennt eigið fé þáttar 1. Þær taka til staðna með fyrirvara um áhættuvarnarreikningsskil, stöður til sölu að því marki sem breytingar á virði þeirra eru með fyrirvara um varfærna síu og stöður sem jafna hverjar aðrar nákvæmlega út.

4) Viðbótarvirðisleiðréttingar eru aðeins ákvarðaðar í þeim tilgangi að reikna út leiðréttingar á almennu eigin fé þáttar 1 ef nauðsyn krefur. Viðbótarvirðisleiðréttingar hafa ekki áhrif á ákvörðun krafna vegna eiginfjárgrunns skv. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (nema undanþágan fyrir viðskipti í smáum stíl, hvað varðar veltubók skv. 94. gr., gildi).

5) Til að kveða á um samræmdan ramma stofnana til að reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar er nauðsynlegt að hafa skýra skilgreiningu á viðmiðunarmarki vissu og þeim þáttum matsóvissu sem ætti að taka tillit til þegar varfærið mat er ákvarðað, ásamt skilgreindri aðferðafræði til að ná áskildu stigi vissu sem byggt er á núverandi markaðsaðstæðum.

6) Óvissu markaðsverðs, uppgjörskostnað og líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga ætti að reikna út á grundvelli matsáhættu sem byggir á fjármálagerningum eða eignasöfnum fjármálagerninga. Í þessum tilgangi er hægt að sameina fjármálagerninga eignasöfnum, hvað varðar óvissu markaðsverðs og uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga, þegar gerningar eru metnir á grunni sama áhættuþáttar eða, hvað varðar líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga, þegar þeir eru metnir á grunni sama verðlagningarlíkans.

7) Þar sem tilteknar viðbótarvirðisleiðréttingar sem tengjast matsóvissu eru ekki lagðar saman ætti að leyfa uppsöfnunarnálgun sem getur haft hliðsjón af ávinningi fjölbreytileika, innan tiltekinna þátta viðbótarvirðisleiðréttinga hvað varðar þá þætti viðbótarvirðisleiðréttingar sem tengjast ekki þætti vænts útgöngukostnaðar sem ekki er tekinn með í gangvirði. Að því er varðar samsöfnun viðbótarvirðisleiðréttinga ætti einnig að gera það kleift að fá ávinning fjölbreytileika með muninum á væntu virði og varfærnu virði, þannig að bankar með gangvirði sem er þegar varfærnara en vænt virði fái ekki minni ávinning fjölbreytileika en bankar sem nota vænt virði sem gangvirði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 21, 28.1.2016, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 59.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

8) Þar sem stofnanir með lítil eignasöfn gangvirðis eru venjulega með fyrirvara um takmarkaða matsóvissu ættu þær að mega beita einfaldari nálgun til að meta viðbótarvirðisleiðréttingar en stofnanir með stærri eignasöfn gangvirðis. Að því er varðar mat á því hvort hægt sé að beita einfaldari nálgun ætti að meta stærð eignasafna gangvirðis á öllum stigum þar sem eiginfjárkröfur eru reiknaðar út.

9) Til að lögbær yfirvöld geti metið hvort þessar stofnanir hafi, með réttum hætti, beitt kröfunum um mat á viðbótarvirðisleiðréttingum á samstæðustigi, ættu stofnanirnar að annast viðeigandi skjalahald, kerfi og eftirlit.

10) Þessi reglugerð byggist á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Aðferðafræði fyrir útreikning á viðbótarvirðisleiðréttingum (AVAs)

Stofnanir skulu reikna út í heild þær viðbótarvirðisleiðréttingar sem nauðsynlegar eru til að laga gangvirði að varfærnu virði og skulu reikna þessar viðbótarvirðisleiðréttingar út ársfjórðungslega samkvæmt aðferðinni sem lýst er í 3. kafla, nema þær uppfylli skilyrði til að beita aðferðinni sem lýst er í 2. kafla.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „matsstaða“: fjármálagerningur eða vara eða eignasafn fjármálagerninga eða vara, sem haldið er í veltubók og utan veltubókar, sem metnar eru á gangvirði,

b) „matsinnlegg“: breyta eða tafla þátta sem er sannreynanleg eða ekki sannreynanleg á markaði og hefur áhrif á gangvirði matsstöðu,

c) „matsáhætta“: upphæð matsstöðu sem er viðkvæm fyrir hreyfingu á matsinnleggi.

3. gr.

Markaðsgagnalindir

1. Ef stofnanir reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar á grunni markaðsgagna skulu þær líta á sama svið markaðsgagna sem gögn sem notuð eru í ferli óháðrar verðsannprófunar (e. IPV) sem um getur í 8. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eftir því sem við á, með fyrirvara um leiðréttingar sem lýst er í þessari grein.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Af hálfu stofnana skal litið til allra tiltækra og áreiðanlegra markaðsgagnalinda til að ákvarða varfærið virði sem tekur til alls eftirfarandi, þar sem við á:

a) gengi á virkum markaði,

b) verslun í nákvæmlega sama eða mjög svipuðum gerningi, annaðhvort úr eigin skrám stofnunar eða, ef hún liggur fyrir, verslun á markaði,

c) framseljanlegar verðgjafir frá miðlurum og öðrum markaðsaðilum,

d) sammæli í þjónustugögnum,

e) leiðbeinandi verðgjafir miðlara,

f) mat tryggingar mótaðila.

3. Í tilfellum þar sem sérfræðinálgun er beitt að því er varðar 9., 10. og 11. gr. skal litið til fráviksaðferða og upplýsinga, þ.m.t. einhvers af því sem hér fer á eftir, ef við á:

a) notkun óbeinna gagna sem byggð eru á svipuðum gerningum sem nægjanleg gögn eru til um,

b) beiting varfærinna breytinga á matsinnlegg,

c) sanngreining eðlilegra marka á virði gernings.

II. KAFLI

EINFÖLDUÐ AÐFERÐ VIÐ ÁKVÖRÐUN VIÐBÓTARVIRÐISLEIÐRÉTTINGA

4. gr.

Skilyrði fyrir notkun einfaldaðrar aðferðar

1. Stofnanir geta aðeins beitt þeirri einfölduðu aðferð sem lýst er í þessum kafla ef summa algildis gangvirðiseigna og -skulda, eins og hún er gefin upp í reikningsskilum stofnunarinnar samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, er lægri en 15 milljarðar evra.

2. Nákvæmlega samræmdar, samjafnaðar eignir og skuldir á gangvirði skulu ekki teknar með í útreikningi í 1. mgr. Hvað varðar eignir og skuldir á gangvirði, þar sem breyting á mati reikningsskila hefur aðeins að hluta til eða engin áhrif á almennt eigið fé þáttar 1, skal mat þeirra aðeins tekið með í hlutfalli við áhrif á viðeigandi breytingar á mati á almennu eigin fé þáttar 1.

3. Viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. gilda á eininga- og samstæðugrunni. Ef farið er upp fyrir viðmiðunarmörk á samstæðugrunni skal beita grunnaðferðinni á allar einingar í samstæðunni.

4. Ef stofnanir sem beita einfölduðu aðferðinni uppfylla ekki skilyrðin í 1. mgr. tvo ársfjórðunga í röð skulu þær þegar tilkynna það viðkomandi lögbæru yfirvaldi og komast að samkomulagi um áætlun um að innleiða áætlunina, sem um getur í 3. kafla, á næstu tveimur ársfjórðungum.

5. gr.

Ákvörðun viðbótarvirðisleiðréttinga samkvæmt einfölduðu aðferðinni

Stofnanir skulu reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar samkvæmt einfölduðu aðferðinni sem 0.1% af summu algildis eigna og skulda á gangvirði sem eru tekin með við útreikninga á viðmiðunarmörkum sem mælt er fyrir um í 4. gr.

6. gr.

Ákvörðun viðbótarvirðisleiðréttinga í heild sem reiknaðar eru út samkvæmt einfölduðu aðferðinni

Hvað varðar stofnanir sem beita einfölduðu aðferðinni skulu viðbótarvirðisleiðréttingar í heild að því er varðar 1. gr. vera viðbótarvirðisleiðréttingin sem er útkoman úr útreikningi á 5. gr.

III. KAFLI

GRUNNAÐFERÐ VIÐ AÐ ÁKVARÐA VIÐBÓTARVIRÐISLEIÐRÉTTINGAR

7. gr.

Yfirlit yfir grunnaðferðina

1. Stofnanir skulu reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar samkvæmt grunnaðferðinni og beita tveggja þrepa aðferðinni sem hér fer á eftir:

a) þær skulu reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar fyrir hvern flokk sem lýst er í 10. og 11. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 („flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttinga“) skv. 2. mgr. þessarar greinar,

b) þær skulu leggja saman upphæðirnar, sem leiða af beitingu a-liðar fyrir hvert flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttinga, til að fá fram viðbótarvirðisleiðréttingar í heild að því er varðar 1. gr.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skulu stofnanir reikna út flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttinga á einhvern eftirfarandi hátt:

a) samkvæmt 9.–17. gr.,

b) samkvæmt „varaaðferð“, ef ekki er mögulegt að beita 9.–17. gr. hvað varðar tilteknar stöður, þar sem þær skulu auðkenna hina tengdu fjármálagerninga og reikna viðbótarvirðisleiðréttingu út sem summu eftirfarandi:

   i. 100% af hreinum óinnleystum hagnaði af hinum tengdu fjármálagerningum,

   ii. 10% af hugsuðu verðmæti hinna tengdu fjármálagerninga ef um afleiður er að ræða,

   iii. 25% af algildi mismunarins á gangvirði og óinnleystum hagnaði, eins og ákvarðað er í i-lið, af hinum tengdu fjármálagerningum ef um óafleiður er að ræða.

Að því er varðar i-lið b-liðar 1. mgr. þýðir „óinnleystur hagnaður“ breytinguna, ef hún er jákvæð, á gangvirði frá upphafi viðskiptanna, ákvarðað samkvæmt reglunni fyrstur inn fyrstur út.

8. gr.

Almenn ákvæði útreikninga viðbótarvirðisleiðréttinga samkvæmt grunnaðferðinni

1. Hvað varðar eignir og skuldir á gangvirði, þar sem breyting á mati reikningsskila hefur aðeins að hluta til eða engin áhrif á almennt eigið fé þáttar 1, skulu viðbótarvirðisleiðréttingar aðeins reiknaðar út á grunni hlutfalls á breyttu mati reikningsskila sem hefur áhrif á almennt eigið fé þáttar 1.

2. Í tengslum við flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttinga eins og lýst er í 14.–17. gr. skulu stofnanir miða að því að ná stigi vissu hvað varðar varfærið mat sem er jafnt því sem sett er fram í 9.–13. gr.

3. Viðbótarvirðisleiðréttingar skulu taldar það sem er umfram virðisleiðréttingar sem áskildar eru til að ná tilgreindu varfærnu virði, yfir öllum leiðréttingum sem beitt er í gangvirði stofnunar og hægt er að sannreyna að taki á sama grunni matsóvissu og viðbótarvirðisleiðréttingin. Ef ekki er hægt að sannreyna að leiðrétting sem beitt er á gangvirði stofnunar taki á tilgreindum flokki viðbótarvirðisleiðréttingar á því stigi sem viðeigandi viðbótarvirðisleiðréttingar eru reiknaðar út, skal sú leiðrétting ekki tekin með í útreikningi á viðbótarvirðisleiðréttingum.

4. Viðbótarvirðisleiðréttingar skulu alltaf vera jákvæðar, einnig á stigi matsáhættu, flokks, og fyrir og eftir uppsöfnun.

9. gr.

Útreikningur á óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttingar

1. Óvissa markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga skal reiknuð út á stigi matsáhættu („óvissa markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga á einingastigi“).

2. Óvissa markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttingar skal metin á núllgildi ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin hefur traustar heimildir um framseljanlegt verð fyrir matsáhættu, eða hægt er að ákvarða verð út frá áreiðanlegum gögnum á grunni virks kaup- og sölumarkaðar eins og lýst er annarri undirgrein 1. mgr. 338. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) heimildir um markaðsgögn sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. gefa ekki til kynna neina meiri háttar matsóvissu.

3. Ef ekki er hægt að sýna fram á að viðbótarvirðisleiðrétting sé engin hvað varðar matsáhættu þegar metin er óvissa markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttingar skulu stofnanir nota gagnalindirnar sem skilgreindar eru í 3. gr. Í þessu tilfelli skal reikna út óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttingar eins og lýst er í 4. og 5. mgr.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótarvirðisleiðréttingar á matsáhættu í tengslum við hvert matsinnlegg sem notað er í viðkomandi matslíkani.

a) Sundurgreinanleikinn sem nota skal til að meta þessar viðbótarvirðisleiðréttingar skal vera einn af eftirtöldu:

   i. ef sundurgreint, öll matsinnlegg sem nauðsynleg eru til að reikna úttaksverð fyrir matsstöðu,

   ii. verð gernings.

b) Farið er með hvert matsinnlegg, sem um getur í i-lið a-liðar, sérstaklega. Ef matsinnlegg samanstendur af töflu breyta skal reikna viðbótarvirðisleiðréttingar út á grunni matsáhættu í tengslum við hverja breytu í þeirri töflu. Ef matsinnlegg vísar ekki til framseljanlegra gerninga skulu stofnanir tengja matsinnleggið og tengda matsáhættu mengi framseljanlegra gerninga á markaði. Stofnanir geta fækkað þáttum matsinnleggs hvað það varðar að reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar og notað hverja þá aðferðafræði sem hentar, að því tilskildu að þessir færri þættir uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

   i heildarvirði hinnar lækkuðu matsáhættu er jafnt heildarvirði hinnar upprunalegu matsáhættu,

   ii. hægt er að tengja hið lækkaða mengi þátta framseljanlegum gerningum á markaði,

   iii. hlutfall dreifni mæliþáttar 2 sem skilgreindur er hér á eftir og mæliþáttar 1 sem skilgreindur er hér á eftir, sem byggt er á sögulegum gögnum síðustu 100 viðskiptadaga, er lægra en 0.1.

c) Að því er varðar þessa málsgrein þýðir „dreifni mæliþáttar 1“ dreifni rekstrarreiknings matsáhættu sem byggð er á óskertu matsinnleggi, og „dreifni mæliþáttar 2“ þýðir dreifni rekstrarreiknings matsáhættu sem byggð er á óskertu matsinnleggi að frádreginni matsáhættu sem byggð er á hinu lækkaða matsinnleggi. Ef lækkaður fjöldi þátta er notaður til að reikna viðbótarvirðisleiðréttingar út skal matið á því hvort viðmiðanirnar í b-lið séu uppfylltar vera með fyrirvara um eftirlit á formi sjálfstæðrar aðferðafræði skuldajöfnunar og innra mat, a.m.k. á ársgrundvelli.

5. Óvissa markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga skal ákvörðuð sem hér segir:

a) ef til eru nægjanleg gögn til að setja saman nokkur líkleg gildi fyrir matsinnlegg:

   i. hvað varðar matsinnlegg þar sem umfang líklegra gilda er byggt á úttaksverði skulu stofnanir meta tiltekinn punkt í umfanginu sem þær eru 90% tryggar með að geta yfirgefið matsáhættuna á því verði eða betra verði,

   ii. Hvað varðar matsinnlegg þar sem umfang líklegra gilda er búið til úr miðverði skulu stofnanir meta tiltekinn punkt í umfanginu sem þær eru 90% tryggar með að miðgildið, sem þær gætu náð með því að yfirgefa matsáhættuna, væri á því verði eða betra verði,

b) ef ekki eru til fullnægjandi gögn til að setja saman nokkur líkleg gildi fyrir matsinnlegg skulu stofnanir nota sérfræðinálgun og nota eigindlegar eða megindlegar upplýsingar til að ná stigi vissu hvað varðar varfærið mat matsinnleggs sem er jafnt matinu sem stefnt er að samkvæmt a-lið. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um matsáhættuna sem notuð er um þessa nálgun, sem og aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðbótarvirðisleiðréttingu,

c) Stofnanir skulu reikna út óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga sem byggðar eru á einni af eftirfarandi nálgunum:

i. þær skulu beita mismuninum á virði matsinnleggja sem annaðhvort eru metin samkvæmt a- eða b-lið, og virði matsinnleggja sem notuð eru til að reikna út gangvirði matsáhættu á hverja matsstöðu,

ii. þær skulu sameina virði matsinnleggja sem annaðhvort eru metin samkvæmt a- eða b-lið og skulu endurmeta matsstöður sem byggðar eru á þessu virði. Stofnanir skulu því næst nota muninn á endurmetnum stöðum og gangvirði.

6. Stofnanir skulu reikna út flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttingar í heild fyrir óvissu markaðsverðs og nota óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga á einingastigi með því að nota annaðhvort reiknireglu 1 eða 2 sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

10. gr.

Útreikningur uppgjörskostnaðar viðbótarvirðisleiðréttingar

1. Uppgjörskostnaður viðbótarvirðisleiðréttinga skal reiknaður út á stigi matsáhættu („uppgjörskostnaður viðbótarvirðisleiðréttinga á einingastigi“).

2. Þegar stofnun hefur reiknað út óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga fyrir matsáhættu sem byggð er á úttaksverði má meta uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga á núllgildi.

3. Ef stofnun beitir undanþágunni sem um getur í 5. mgr. 105. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 má meta uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga á núllgildi, með því skilyrði að stofnunin leggi fram sannanir um að hún sé 90% trygg með að nægjanlegt greiðsluhæfi sé fyrir hendi til að styðja fráhvarf frá tengdri matsáhættu á miðverði.

4. Ef ekki er hægt að sýna fram á að matsáhætta viðbótarvirðisleiðréttingar sé engin skulu stofnanir nota gagnalindirnar sem skilgreindar eru í 3. gr. Í þessu tilfelli skal útreikningur á uppgjörskostnaði viðbótarvirðisleiðréttingar framkvæmdur eins og lýst er í 5. og 6. mgr. þessarar greinar.

5. Stofnanir skulu reikna út uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga á matsáhættu í tengslum við hvert matsinnlegg sem notað er í viðkomandi virðislíkani.

a) Sundurgreinanleikinn sem nota skal til að meta þennan uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga skal vera einn af eftirtöldu:

i. ef sundurgreint, öll matsinnlegg sem nauðsynleg eru til að reikna úttaksverð fyrir matsstöðu,

ii. verð gernings.

b) Farið er með hvert matsinnlegg, sem um getur í i-lið a-liðar, sérstaklega. Ef matsinnlegg samanstendur af töflu þátta skulu stofnanir meta uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga á grunni matsáhættu í tengslum við hvern þátt þeirrar töflu. Ef matsinnlegg vísar ekki til framseljanlegra gerninga skulu stofnanir ótvírætt tengja matsinnleggið og tengda matsáhættu mengi framseljanlegra gerninga á markaði. Stofnanir geta fækkað þáttum matsinnleggs hvað það varðar að reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar og notað hverja þá aðferðafræði sem hentar, að því tilskildu að þessir færri þættir uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

i. heildarvirði hinnar lækkuðu matsáhættu er jafnt heildarvirði hinnar upprunalegu matsáhættu,

ii. hægt er að tengja hið lækkaða mengi þátta framseljanlegum gerningum á markaði,

iii. hlutfall dreifni mæliþáttar 2 og mæliþáttar 1, sem byggt er á sögulegum gögnum síðustu 100 viðskiptadaga, er lægra en 0.1.

Að því er varðar þessa málsgrein þýðir dreifni mæliþáttar 1 dreifni rekstrarreiknings matsáhættu sem byggð er á lækkuðu matsinnleggi, og dreifni mæliþáttar 2 þýðir dreifni rekstrarreiknings matsáhættu sem byggð er á óskertu matsinnleggi að frádreginni matsáhættu sem byggð er á lækkuðu matsinnleggi.

c) Ef lækkaður fjöldi þátta er notaður til að reikna viðbótarvirðisleiðréttingar út skal matið á því hvort viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið séu uppfylltar vera með fyrirvara um sjálfstætt eftirlit og innra mat, a.m.k. á ársgrundvelli.

6. Uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga skal ákvarða á eftirfarandi hátt:

a) ef nægjanleg gögn eru fyrir hendi til að búa til nokkur líkleg verðbil kauptilboða/sölutilboða fyrir matsinnlegg skulu stofnanir meta tiltekinn punkt í umfanginu sem þær eru 90% tryggar með að verðbilið, sem þær gætu náð með því að yfirgefa matsáhættuna, væri á því verði eða betra verði,

b) ef ekki eru til fullnægjandi gögn til að setja saman nokkur nærtæk verðbil kauptilboða/sölutilboða skulu stofnanir nota sérfræðinálgun og nota eigindlegar og megindlegar upplýsingar til að ná stigi vissu hvað varðar varfærið mat matsinnleggs sem er jafnt matinu sem stefnt er að þegar nokkur líkleg gildi eru tiltæk. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um matsáhættuna sem notuð er um þessa nálgun, sem og aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðbótarvirðisleiðréttingar,

c) stofnanir skulu reikna út uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga með því að beita 50% vænts verðbils kauptilboða/sölutilboða sem annaðhvort er reiknað út í samræmi við a- eða b-lið matsáhætta í tengslum við matsinnleggin sem skilgreind eru í 5. mgr.

7. Stofnanir skulu reikna út flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttingar í heild fyrir uppgjörskostnað með því að nota formúlur fyrir reiknireglu 1 eða 2 sem mælt er fyrir um í viðaukanum, og beita á uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga á einingastigi.

11. gr.

Útreikningur líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttingar

1. Stofnanir skulu meta líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttingar fyrir hvert virðislíkan („líkansáhætta viðbótarvirðisleiðréttingar á einingagrunni“) með því að taka tillit til virðislíkansáhættu sem kemur til vegna mögulegrar tilvistar nokkurra ólíkra líkana eða líkanakvarðana sem markaðsaðilar beita, og vegna þess að ákveðið úttaksverð er ekki fyrir hendi til að meta tiltekna vöru. Stofnanir skulu ekki taka tillit til virðislíkansáhættu sem kemur til vegna kvarðana frá breytum af völdum markaðar sem 9. gr. tekur til.

2. Líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttingar skal reikna út með því að beita einhverri þeirra aðferða sem skilgreindar eru í 3. og 4. mgr.

3. Ef mögulegt er skulu stofnanir reikna út líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttingar með því að ákvarða nokkur líkleg möt sem búin eru til í krafti annarra viðeigandi líkana- og kvörðunaraðferða. Í þessu tilviki skulu stofnanir meta tiltekinn punkt innan þeirra mata sem eftir standa, ef þær eru 90% tryggar með að geta horfið frá matsáhættunni á því verði eða betra verði.

4. Ef stofnanir geta ekki beitt aðferðinni sem skilgreind er í 3. mgr. skulu þær nota sérfræðinálgun til að meta líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttingarinnar.

5. Með sérfræðinálguninni skal tekið tillit til alls eftirfarandi:

a) margbreytileika þeirra vara sem eru viðkomandi líkaninu,

b) fjölbreytileika hugsanlegra stærðfræðinálgana og líkanabreyta, ef breyturnar tengjast ekki markaðsbreytum,

c) að hve miklu leyti markaðurinn fyrir viðkomandi vörur er einstefna,

d) hvort áhættur séu fyrir hendi hvað varðar viðkomandi vörur sem ekki er hægt að tryggja sig gegn,

e) hvort líkanið dugi til að ná utan um fyrirkomulag endurgreiðslu vara í eignasafninu.

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um líkönin sem notuð er um þessa nálgun, sem og aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðbótarvirðisleiðréttingar.

6. Ef stofnanir nota aðferðina sem lýst er í 4. mgr. skal árlega staðfesta varfærni aðferðarinnar með því að bera saman eftirfarandi:

a) viðbótarvirðisleiðréttingarnar, sem reiknaðar eru út með aðferðinni sem lýst er í 4. mgr., ef þeim væri beitt á mikilvægt úrtak matslíkana þar sem stofnunin beitir aðferðinni í 3. mgr., og

b) viðbótarvirðisleiðréttingarnar sem verða til samkvæmt aðferðinni í 3. mgr. fyrir sama úrtak matslíkana.

7. Stofnanir skulu reikna út flokkunarstig viðbótarvirðisleiðréttingar í heild fyrir óvissu markaðsverðs og nota óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga á einingastigi með því að nota annaðhvort reiknireglu 1 eða 2 sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

12. gr.

Útreikningur óinnleysts skuldatryggingarálags viðbótarvirðisleiðréttingar

1. Stofnanir skulu reikna út óinnleyst skuldatryggingarálag viðbótarvirðisleiðréttinga til að endurspegla matsóvissu í leiðréttingunni sem nauðsynleg er samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð til að ná yfir núvirði væntra tapa vegna vanskila mótaðila hvað varðar afleiðustöður.

2. Stofnanir skulu taka með þann þátt viðbótarvirðisleiðréttingar sem varðar óvissu markaðsverðs, innan flokks óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga. Þátt viðbótarvirðisleiðréttinga sem varðar óvissu uppgjörskostnaðar skal taka með í flokki uppgjörskostnaðar viðbótarvirðisleiðréttinga. Þátt viðbótarvirðisleiðréttingar sem varðar líkansáhættu skal taka með í flokki líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga.

13. gr.

Útreikningur fjárfestingar- og fjármögnunarkostnaðar viðbótarvirðisleiðréttingar

1. Stofnanir skulu reikna út fjárfestingar- og fjármögnunarkostnað viðbótarvirðisleiðréttinga til að endurspegla matsóvissu fjármögnunarkostnaðar sem beitt er við mat á úttaksverði samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

2. Stofnanir skulu taka með þann þátt viðbótarvirðisleiðréttinga sem varðar óvissu markaðsverðs, í flokki óvissu markaðsverðs viðbótarvirðisleiðréttinga. Þátt viðbótarvirðisleiðréttingar sem varðar óvissu uppgjörskostnaðar skal taka með í flokki uppgjörskostnaðar viðbótarvirðisleiðréttinga. Þátt viðbótarvirðisleiðréttinga sem varðar líkansáhættu skal taka með í flokki líkansáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga.

14. gr.

Útreikningur samþjappaðra staðna viðbótarvirðisleiðréttinga

1. Stofnanir skulu meta samþjappaða stöðu viðbótarvirðisleiðréttinga fyrir samþjappaðar matsstöður („samþjappaðar stöður viðbótarvirðisleiðréttinga“) með því að beita eftirfarandi þriggja þrepa nálgun:

a) þær skulu auðkenna samþjappaðar matsstöður,

b) þær skulu meta varfærið úttakstímabil fyrir hverja auðkennda, samþjappaða matsstöðu, þar sem viðeigandi markaðsverð fyrir stærð matsstöðunnar vantar,

c) ef varfærið úttakstímabil er lengra en tíu dagar skulu þær meta viðbótarvirðisleiðréttingu sem tekur tillit til óstöðugleika matsinnleggja, óstöðugleika verðbils kauptilboða/sölutilboða og áhrifa áætlaðrar úttaksáætlunar á markaðsverð.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal tekið tillit til alls af eftirtöldu við auðkenningu á samþjöppuðum matsstöðum:

a) stærð allra matsstaðna í hlutfalli við greiðsluhæfi hins tengda markaðar,

b) hæfni stofnunar til að stunda viðskipti á þeim markaði,

c) meðalumfang daglegs markaðar og dæmigert daglegt viðskiptaumfang stofnunarinnar.

Stofnanir skulu fastsetja og skjalfesta aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða samþjappaðar matsstöður, en samþjappaðar matsstöður viðbótarvirðisleiðréttingar skulu reiknaðar út hvað þær varðar.

3. Stofnanir skulu reikna út flokksstig viðbótarvirðisleiðréttingar í heild fyrir samþjappaðar stöður viðbótarvirðisleiðréttingar sem summu samþjappaðra staðna viðbótarvirðisleiðréttinga á einingastigi.

15. gr.

Útreikningur stjórnsýslukostnaðar viðbótarvirðisleiðréttingar í framtíðinni

1. Ef stofnun reiknar út óvissu markaðsverðs og uppgjörskostnað viðbótarvirðisleiðréttinga fyrir matsáhættu, sem hefur það í för með sér að ganga að fullu út úr áhættunni, getur stofnunin metið viðbótarvirðisleiðréttingu á núll hvað varðar stjórnsýslukostnað í framtíðinni.

2. Ef ekki er hægt að sýna fram á að matsáhætta viðbótarvirðisleiðréttingar sé núll skv. 1. mgr. skulu stofnanir reikna út stjórnsýslukostnað í framtíðinni hvað varðar viðbótarvirðisleiðréttingu („stjórnsýslukostnaður í framtíðinni hvað varðar viðbótarvirðisleiðréttingu á einingarstigi“) að teknu tilliti til stjórnsýslukostnaðar og áhættuvarna í framtíðinni á væntum líftíma matsáhættu sem ekki er beitt á beinu úttaksverði hvað varðar umsýslukostnað viðbótarvirðisleiðréttinga, afvaxtaðan með beitingu vaxta sem nálgast áhættulausa vexti.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal stjórnsýslukostnaður í framtíðinni taka til alls aukins starfsmannahalds og fastakostnaðar sem líklegt er að verði stofnað til við rekstur eignasafns, en reikna má með að þessi kostnaður lækki með minnkun eignasafns.

4. Stofnanir skulu reikna út flokksstig viðbótarvirðisleiðréttingar í heild fyrir stjórnsýslukostnað viðbótarvirðisleiðréttingar í framtíðinni sem summu stjórnsýslukostnaðar viðbótarvirðisleiðréttingar á einingastigi.

16. gr.

Útreikningur snemmbærra slita viðbótarvirðisleiðréttingar

Stofnanir skulu meta snemmbær slit viðbótarvirðisleiðréttingar að teknu tilliti til hugsanlegs taps sem kemur til vegna snemmbærra slita utan samninga hvað varðar viðskipti viðskiptavina. Snemmbær slit viðbótarvirðisleiðréttingar skulu reiknuð út að teknu tilliti til hlutfalls viðskipta viðskiptavina sem hafa áður haft snemmbær slit, og taps sem hefur komið til í þessum tilvikum.

17. gr.

Útreikningur rekstraráhættu viðbótarvirðisleiðréttingar

1. Stofnanir skulu meta rekstraráhættu viðbótarvirðisleiðréttingar með því að meta hugsanlegt tap sem kann að koma til sem afleiðing rekstraráhættu í tengslum við sannreyningarferli. Þetta mat skal taka til úttektar á matsstöðum sem teljast vera í áhættu í sönnunarferli efnahagsreiknings, þ.m.t. þær stöður sem koma til vegna lagalegs ágreinings.

2. Ef stofnun beitir hinni þróuðu mæliaðferð fyrir rekstraráhættu eins og tilgreint er í 4. kafla III. bálks, 3. hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 getur hún tilgreint rekstraráhættu viðbótarvirðisleiðréttingar sem núll, með því skilyrði að hún leggi fram sannanir um að útreikningar hinnar þróuðu mæliaðferðar taki að fullu á rekstraráhættunni, að því er varðar sannreyningarferli, eins og ákvarðað er í samræmi við 1. mgr.

3. Í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 2. mgr. skulu stofnanir reikna út rekstraráhættu viðbótarvirðisleiðréttingar sem 10% summu uppsafnaðs flokkunarstigs viðbótarvirðisleiðréttinga fyrir óvissu markaðsverðs og umsýslukostnaðar.

IV. KAFLI

UPPLÝSINGAR, KERFI OG EFTIRLIT

18. gr.

Kröfur um upplýsingar

1. Stofnanir skulu skjalfesta með nægjanlegum hætti aðferðafræði varfærins mats. Þessar upplýsingar skulu innihalda innri stefnur sem veita leiðbeiningar um öll eftirfarandi atriði:

a) svið aðferða til að magngreina viðbótarvirðisleiðréttingar fyrir hverja matsstöðu,

b) stigskiptingu aðferða fyrir hvern eignaflokk, vöru eða matsstöðu,

c) stigskiptingu markaðsgagnalinda sem beitt er í aðferðafræði viðbótarvirðisleiðréttinga,

d) einenni markaðsgagna sem farið er fram á til að færa rök fyrir viðbótarvirðisleiðréttingu á núll fyrir hvern eignaflokk, vöru eða matsstöðu,

e) aðferðir sem notaðar eru ef sérfræðinálgun er beitt til að ákvarða viðbótarvirðisleiðréttingu,

f) aðferðir til að ákvarða hvort matsstöður útheimta samþjappaðar stöður viðbótarvirðisleiðréttingar,

g) vænt úttakstímabil að því er það varðar að reikna út viðbótarvirðisleiðréttingar fyrir samþjappaðar stöður þar sem við á,

h) eignir á gangvirði og skuldir, þar sem breyting á mati reikningsskila hefur aðeins að hluta til eða engin áhrif á almennt eigið fé þáttar 1, skv. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 8. gr.

2. Stofnanir skulu líka halda skrár til að hægt sé að greina útreikning á viðbótarvirðisleiðréttingum á stigi matsáhættu, og reiða skal fram upplýsingar til framkvæmdastjórnar úr útreikningsferli viðbótarvirðisleiðréttinga til að unnt sé að fá mynd af stigi matsóvissu í eignasafni stofnunarinnar hvað varðar stöður á gangvirði.

3. Upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. skulu endurskoðaðar a.m.k. árlega og skal framkvæmdastjórnin samþykkja þær.

19. gr.

Kerfi og kröfur um eftirlit

1. Upphaflega skal óháð stýrieining heimila viðbótarvirðisleiðréttingar og vakta þær síðan.

2. Stofnanir skulu vera með skilvirkt eftirlit í tengslum við stjórnun allra staðna á gangvirði, og fullnægjandi tilföng til að framkvæma þetta eftirlit og tryggja traust matsferli, jafnvel á álagstímum. Þær skulu fela í sér allt eftirfarandi:

a) frammistöðu matslíkans, a.m.k. árlega,

b) samþykki stjórnar hvað varðar allar mikilvægar breytingar á matsstefnum,

c) skýra yfirlýsingu um áhættuvilja stofnunar hvað varðar áhættustöður með fyrirvara um matsóvissu sem er vöktuð á samanlögðu stofnunarstigi,

d) óháð sannreyningarferli milli áhættusækinna eininga og stýrieininga,

e) ítarlega innri endurskoðun sem er í tengslum við vinnslu matsferla og eftirlit.

3. Stofnanir skulu tryggja skilvirkt eftirlit sem beitt er með samræmdum hætti í tengslum við matsferli hvað varðar stöður á gangvirði. Þetta eftirlit skal sæta reglulegri, innri endurskoðun. Eftirlitið skal fela í sér allt eftirfarandi:

a) nákvæmlega skilgreinda vörubirgðaskrá innan stofnunarinnar í heild sem tryggir að hverja matsstöðu sé hægt að tengja sérstaklega við skilgreiningu á vöru,

b) matsaðferðir, fyrir hverja vöru í birgðaskránni, sem ná til vals og kvörðunar á gerð, gangvirðisbreytingum, viðbótar-virðisleiðréttingum, óháðum aðferðum hvað varðar verðsannprófun sem eru viðeigandi fyrir vöruna, og mælingu á matsóvissu,

c) sannreyningarferli sem tryggja, fyrir hverja vöru, að bæði áhættusæknar deildir og viðkomandi eftirlitsdeildir samþykkja þær aðferðir á vörustigi sem lýst er í b-lið og votta að þær endurspegla raunverulega starfsvenju fyrir hverja matsstöðu sem er tengd vörunni,

d) skilgreind viðmiðunarmörk sem byggð eru á markaðsgögnum til að ákvarða hvenær matslíkön eru ekki lengur nægjanlega traust,

e) formlegt ferli óháðrar verðsannprófunar sem byggt er á verði sem er óháð viðkomandi viðskiptaeiningu,

f) Samþykktarferlið fyrir vöruna sem vísar til vörubirgðaskrár og varðar alla innri hagsmunaaðila hvað snertir áhættumælingu, eftirlit með áhættu, reikningsskil og úthlutun og sannprófun á virði reikningsskila,

g) Endurskoðunarferli fyrir nýja samninga til að tryggja að gögn um verðlagningu hvað varðar ný viðskipti séu notuð til að meta hvort mat svipaðra matsáhætta sé áfram nægjanlega varfærið.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Formúlur sem nota skal í þeim tilgangi að safna saman viðbótarvirðisleiðréttingum skv. 6. mgr. 9. gr., 7. mgr. 10. gr. og 7. mgr. 11. gr.

Aðferð 1

$$APVA = (FV - PV) - 50\% \cdot (FV - PV)$$

$$= (50\% \cdot (FV - PV)$$

$$AVA = \Sigma APVA$$

Aðferð 2

$$APVA = (FV - PV) - 50\% \cdot (FV - PV)$$

$$= \max \{\}\{0, FV - 50\% \cdot (EV + PV)\}\}$$

$$AVA = \Sigma APVA$$

Ef:

FV = Mat á gangvirði matsáhættu eftir hverja leiðréttingu á bókhaldi sem er beitt á gangvirði stofnunar og hægt er að auðkenna þannig að það taki á sömu upptökum matsóvissu og viðkomandi viðbótarvirðisleiðréttingar,

PV = Mat á varfærnu virði matsáhættu sem ákvarðað er í samræmi við þessa reglugerð,

EV = Vænt virði á stigi matsáhættu sem tekið er út frá nokkrum mögulegum virðum,

APVA = Stig matsáhættu viðbótarvirðisleiðréttinga eftir að leiðrétt hefur verið fyrir samsöfnun,

AVA = Heildarflokksstig viðbótarvirðisleiðréttinga eftir að leiðrétt hefur verið fyrir samsöfnun.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 183/2014 **2020/EES/50/30**

frá 20. desember 2013

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðala sem tilgreina útreikningana á sértækum og almennum leiðréttingum á útlánaáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðja undirlið 4. mgr. 110. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 eru leiðréttingar á útlánaáhættu skilgreindar sem fjárhæð almennra og sértækra framlaga í afskriftasjóð útlána vegna útlánaáhættu sem færð hefur verið í reikningsskil stofnunar í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, en í henni er ekki mælt fyrir um tilteknar reglur til að ákvarða hvað séu sértækar og almennar leiðréttingar á útlánaáhættu.

2) Setja ætti reglur í tengslum við ákvörðun fjárhæðanna sem taka þarf með í útreikninginn á leiðréttingum á útlánaáhættu og sem sýna töp sem eingöngu tengjast útlánaáhættu. Útreikningurinn á leiðréttingum á útlánaáhættu til að ákvarða kröfur vegna eiginfjárgrunns ætti að takmarkast við fjárhæðir sem hafa rýrt almennt eigið fé þáttar 1 (CET1) hjá stofnuninni.

3) Töp sem eingöngu tengjast útlánaáhættu og eru færð samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð á yfirstandandi reikningsári ætti að færa sem leiðréttingar á útlánaáhættu, að því tilskildu að stofnunin geri grein fyrir áhrifunum í almennu eigin fé þáttar 1 (CET1). Þetta á við um aðstæður þar sem slík virðisrýrnunartöp, sem eru skráð á fjárhagsári, eiga sér stað, þrátt fyrir heildarárshlutahagnað á árinu eða við lok árs sem ekki hefur verið samþykktur í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og þar sem færsla þeirra sem leiðréttingar á útlánaáhættu myndi fyrr hafa áhrif á virði áhættuskuldbindinga eða á þátt 2 heldur en á almennt eigið fé þáttar 1. Að því er varðar árshlutatöp sem kveðið er á um í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er slík leiðrétting ekki nauðsynleg að því marki sem töp fyrir yfirstandandi fjárhagsár samkvæmt þeirri grein eru samstundis dregin frá almennu eigin fé þáttar 1.

4) Tiltekin ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem tengjast leiðréttingum á útlánaáhættu vísa ótvírætt til liða utan efnahagsreiknings. Þegar enginn slíkur greinarmunur er gerður eiga viðkomandi ákvæði við um liði bæði innan og utan efnahagsreiknings.

5) Mæla ætti fyrir um reglur til að ná yfir töp sem eingöngu tengjast útlánaáhættu sem hefur verið færð samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð og hafa verið dregin frá almennu eigin fé þáttar 1 hjá stofnuninni. Þessar reglur ættu að ná yfir virðisrýrnanir og virðisbreytingar á fjáreignum eða varúðarniðurfærslur liða utan efnahagsreiknings, að því marki sem þær sýna töp sem eingöngu tengjast útlánaáhættu og að því gefnu að þær séu færðar í rekstrarreikninginn samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð. Að því marki sem þessi töp tengjast fjármálagerningum sem eru metnir á gangvirði ættu þessar reglur einnig að ná yfir fjárhæðir sem eru færðar sem virðisrýrnun samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð eða svipaðar leiðréttingar sem hafa verið gerðar, svo fremi sem þær sýna töp sem tengjast hnignun eða versnandi útlánagæðum eigna eða eignasafns. Það er ekki viðeigandi á þessu stigi að setja reglur um aðrar fjárhæðir sem ekki eru virðisrýrnun á fjármálagerningi samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð eða endurspegla ekki hugmynd af svipuðum toga, jafnvel þótt þær breytingar gætu falið í sér útlánaáhættuþátt.

6) Til að tryggja að útreikningurinn taki til allra þátta er nauðsynlegt að hver sú fjárhæð sem skiptir máli með tilliti til fyrstu undirgrein 4. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sé úthlutað annaðhvort til útreikningsins á almennum leiðréttingum á útlánaáhættu eða á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 57, 27.2.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

7) Í tengslum við auðkenningu fjárhæða sem hægt er að taka með í útreikninginn á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu er eina viðmiðunin sem gefin er í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sú að sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu eru ekki hæfar til vera bætt við eigið fé þáttar 2 samkvæmt staðalaðferðinni, skv. c-lið 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þess vegna þarf að gera greinarmun á fjárhæðunum sem verða teknar með í útreikning á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu eða almennum leiðréttingum á útlánaáhættu í samræmi við viðmiðanirnar til að auðkenna það sem hægt er að taka með í eigið fé þáttar 2.

8) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er alþjóðlega viðurkenndum stöðlum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, þriðja alþjóðlega reglurammanum fyrir bankastarfsemi, hrundið í framkvæmd ([1]) (hér á eftir nefndur „Basel III“). Viðeigandi reglur um leiðréttingar á útlánaáhættu ættu þess vegna einnig að samrýmast Baselrammanum sem kveður á um að ein viðmiðananna til að greina á milli almennra leiðréttinga á útlánaáhættu og sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu verði að vera sú að almenn framlög í afskriftasjóði útlána eða varasjóð til að mæta útlánatöpum séu „aðgengileg til að mæta töpum sem koma fram í kjölfarið“. Samkvæmt Basel III eru afskriftasjóðir útlána eða varasjóðir til að mæta útlánatöpum sem verða í framtíðinni en eru ekki auðkennd sem stendur aðgengilegir til að mæta töpum vegna útlánaáhættu sem koma fram síðar og uppfylla þess vegna skilyrðin fyrir að vera bætt við í eigið fé þáttar 2. Að auki ættu fjárhæðirnar sem teknar eru með í útreikninginn á almennum leiðréttingum á útlánaáhættu, að því er varðar tímasetningu og fjárhæð, að vera að fullu aðgengilegar til að mæta slíkum töpum, að minnsta kosti við gjaldþrotameðferð ef eigið fé getur borið töp við ógjaldfærni áður en innstæðueigendur tapa peningum.

9) Það ætti að vera mögulegt að beita reglunum á þessu sviði þrátt fyrir viðeigandi reikningsskilaumgjörð. Til að gera stofnunum kleift að greina á sama hátt á milli sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu og almennra leiðréttinga á útlánaáhættu ætti samt sem áður að setja viðmiðanir um meðferð á töpum vegna útlánaáhættu innan viðeigandi reikningsskilaumgjarðar fyrir hverja gerð leiðréttingar á útlánaáhættu. Þar eð meðferð á töpum sem eingöngu tengjast útlánaáhættu sem er færð samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð er háð því að þessar viðmiðanir séu uppfylltar ætti, í ljósi þeirrar takmörkunar sem viðmiðanirnar fyrir almennar leiðréttingar á útlánaáhættu fela í sér, að flokka mikinn meirihluta þessara fjárhæða sem sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu.

10) Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar eru teknir til endurskoðunar og gæti það kallað á breytingar á viðmiðunum til að gera greinarmun á milli sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu og almennra leiðréttinga á útlánaáhættu. Í ljósi yfirstandandi viðræðna, einkum að því er varðar virðisrýrnunarlíkön, virðist ótímabært að gera ráð fyrir því líkani í viðmiðunum fyrir leiðréttingar á útlánaáhættu.

11) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er krafa um að auðkenna sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu fyrir staka áhættuskuldbindingu. Þess vegna er nauðsynlegt að ákvarða hvernig eigi að fara með sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu sem sýna töp tengd útlánaáhættu heils flokks áhættuskuldbindinga. Enn fremur er nauðsynlegt að ákvarða fyrir hvaða áhættuskuldbindingar í flokknum og að hve miklu leyti ætti að færa hinar sértæku leiðréttingar á útlánaáhættu. Úthlutun hluta fjárhæðarinnar sem leiðir af slíkum sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu til áhættuskuldbindinganna í flokknum verður að gerast í réttu hlutfalli við fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna. Í því skyni ætti að ákvarða virði áhættuskuldbindinganna án þess að taka tillit til sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu.

12) Að því er varðar ákvörðun um vanskil skv. b-lið 3. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er nauðsynlegt að taka aðeins með sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu sem gerðar eru fyrir hverja staka áhættuskuldbindingu eða stakan loforðsgjafa, en ekki sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu fyrir heila flokka áhættuskuldbindinga. Sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu sem gerðar eru fyrir heila flokka áhættuskuldbindinga auðkenna ekki loforðsgjafa áhættuskuldbindinga sem tilheyra slíkum flokkum þar sem talið er að vanskilaatburður hafi átt sér stað. Sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu fyrir flokk áhættuskuldbindinga er ekki nægjanleg ástæða til að draga þá ályktun að vanskilaatburður hafi átt sér stað hjá hverjum loforðsgjafa eða áhættuskuldbindingu sem tilheyra þeim flokki.

13) Nauðsynlegt er fyrir stofnanir að geta sýnt hvernig viðmiðanirnar til að greina á milli sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu og almennra leiðréttinga á útlánaáhættu eru notaðar í tengslum við viðeigandi reikningsskilaumgjörð. Þess vegna ættu stofnanir að skjalfesta það ferli.

14) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

15) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]), og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

([1]) http://www.bis.org/publ/bcbs189_dec2010.pdf

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Auðkenning á almennum og sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu að því er varðar 111., 159., 166., 167., 168., 178., 246. og 266 gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Að því er varðar þessa reglugerð skulu fjárhæðirnar sem krafist er að stofnun taki með í útreikninginn á almennum og sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu vera jafnar heildafjárhæðunum sem almennt eigið fé þáttar 1 hjá stofnuninni hefur verið fært niður um í þeim tilgangi að sýna töp sem eingöngu tengjast útlánaáhættu samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð og eru færð sem slík í rekstrarreikning, óháð því hvort þau stafa af virðisrýrnun, virðisbreytingum eða afskriftum liða utan efnahagsreiknings.

Allar fjárhæðir sem leiða af fyrsta undirlið og sem hafa verið færðar á fjárhagsárinu má aðeins taka með í útreikninginn á almennum og sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu ef þær fjárhæðir hafa verið dregnar frá almennu eigin fé þáttar 1 hjá stofnuninni, annaðhvort í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða, þegar um er að ræða árshlutahagnað eða hagnað við lok árs sem hefur ekki verið samþykktur í samræmi við 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, með tilsvarandi tafarlausri lækkun á almennu eigin fé þáttar 1 til ákvörðunar á eiginfjárgrunni.

2. Fjárhæðirnar sem um getur í 1. mgr. skal stofnunin taka með í útreikninginn á almennum leiðréttingum á útlánaáhættu þegar þær uppfylla báðar eftirfarandi viðmiðanir:

a) þær eru, að því er varðar tíma og upphæð, auðveldlega og að fullu aðgengilegar til mæta töpum vegna útlánaáhættu sem hafa ekki enn orðið að veruleika,

b) þær sýna töp vegna útlánaáhættu fyrir flokk áhættuskuldbindinga þótt stofnunin hafi þá stundina enga sönnun fyrir að tapatburður hafi átt sér stað vegna þeirra.

3. Allar aðrar fjárhæðir sem um getur í 1. mgr. skal taka með í útreikninginn á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu.

4. Með fyrirvara um að viðmiðunin í 2. mgr. sé uppfyllt skal stofnunin taka eftirfarandi töp með í útreikning á almennri leiðréttingu á útlánaáhættu:

a) töp sem eru færð til að standa straum af hærra meðaltalstapi af eignasafni á síðustu árum þó svo að engar vísbendingar séu sem stendur um tapatburði sem skýri það tap sem hefur orðið áður,

b) töp vegna skerðingar á lánstrausti fyrir flokk áhættuskuldbindinga sem stofnunin veit ekki um en þar sem einhver vanskil eru tölfræðilega hugsanleg ef tekið er mið af fyrri reynslu.

5. Stofnunin skal alltaf taka með eftirfarandi töp við útreikning á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu sem um getur í 3. mgr.:

a) töp færð í rekstrarreikning fyrir gerninga sem eru metnir á gangvirði sem standa fyrir virðisrýrnun vegna útlánaáhættu samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð,

b) töp vegna núverandi eða liðinna atburða sem hafa áhrif á mikilvæga staka áhættuskuldbindingu eða áhættuskuldbindingar, sem eru ekki mikilvægar hver um sig og sem eru metnar hver um sig eða saman,

c) töp sem fyrri reynsla sem er leiðrétt á grundvelli gildandi, sannreynanlegra gagna, gefur til kynna að tap hafi orðið en stofnunin veit ekki enn hvaða stök áhættuskuldbinding hefur orðið fyrir þessum töpum.

2. gr.

Úthlutun sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu fyrir flokk áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinganna innan flokksins

1. Þegar sértæk leiðrétting á útlánaáhættu sýnir töp sem tengjast útlánaáhættu flokks áhættuskuldbindinga skulu stofnanir úthluta þeirri sértæku leiðréttingu á útlánaáhættu til allra stakra áhættuskuldbindinga í þeim flokki í réttu hlutfalli við fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Í þeim tilgangi skal ákvarða virði áhættuskuldbindinganna án tillits til nokkurra sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu.

2. Að því er varðar meðferðina á fjárhæðum vænts taps sem um getur í 159. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vegna flokks áhættuskuldbindinga sem eru ekki í vanskilum skal þess ekki krafist af stofnunum að þær úthluti sértækri leiðréttingu á útlánaáhættu vegna stakra áhættuskuldbindinga í þeim flokki.

3. Þegar sértæk leiðrétting á útlánaáhættu tengist flokki áhættuskuldbindinga, þar sem útlánaáhætta vegna krafna um eiginfjárgrunn er reiknuð út að hluta samkvæmt staðalaðferðinni og að hluta samkvæmt innramatsaðferðinni skal stofnunin úthluta þeirri sértæku leiðréttingu á útlánaáhættu til þess flokks áhættuskuldbindinga sem hvor aðferðin um sig nær yfir, í réttu hlutfalli við áhættuvægi skuldbindinganna í flokknum, áður en gripið er til aðgerðanna sem um getur í 1. og 2. mgr. Í þeim tilgangi skal ákvarða virði áhættuskuldbindinganna án tillits til nokkurra sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu.

4. Þegar hinum sértæku leiðréttingum á útlánaáhættu er úthlutað á áhættuskuldbindingar skulu stofnanir tryggja að sama hluta sé ekki úthlutað tvisvar til mismunandi áhættuskuldbindinga.

3. gr.

Útreikningur á leiðréttingum á útlánaáhættu til að ákvarða virði áhættuskuldbindinga skv. 111., 166., 167., 168., 246. og 266. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Að því er varðar útreikning á áhættuskuldbindingarvirði skv. 111., 166., 167., 168., 246. og 266. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu stofnanir reikna út sértækrar leiðréttingar á útlánaáhættu sem tengjast áhættuskuldbindingu sem fjárhæðir sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu fyrir þá stöku áhættuskuldbindingu eða sem fjárhæðir sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu sem stofnunin hefur úthlutað til þeirrar áhættuskuldbindingar skv. 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á almennum og sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu í þeim tilgangi að meðhöndla vænt tap skv. 159. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

1. Að því er varðar meðhöndlun vænts taps skv. 159. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal stofnunin reikna út heildarfjárhæð almennra leiðréttinga á útlánaáhættu, sem tengjast áhættuskuldbindingunum sem eru teknar með í meðhöndlun vænta taps, sem summu þeirra fjárhæða sem eru auðkenndar sem almennar leiðréttingar á útlánaáhættu skv. 1. gr. þessarar reglugerðar, og sem stofnunin hefur úthlutað skv. 3. mgr. 110. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Að því er varðar meðhöndlun vænts taps skv. 159. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal útreikningur á heildarfjárhæð sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu, sem tengjast áhættuskuldbindingunum sem eru teknar með í meðhöndlun vænts taps, vera summa fjárhæðanna í a- og b-liðum, að undanskildum áhættuskuldbindingum sem komnar eru í vanskil:

a) fjárhæðir sem eru auðkenndar sem sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu skv. 1. gr., sem tengjast útlánaáhættu stakrar áhættuskuldbindingar,

b) fjárhæðir sem eru auðkenndar sem sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu skv. 1. gr., sem tengjast útlánaáhættu flokks áhættuskuldbindinga og sem hefur verið úthlutað skv. 2. gr.

3. Heildarfjárhæð sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu sem eru tengdar áhættuskuldbindingu sem er í vanskilum skal reikna út sem summu allra fjárhæða sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu fyrir þá stöku áhættuskuldbindingu, eða sem fjárhæðir sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu sem stofnunin hefur úthlutað til þeirrar áhættuskuldbindingar skv. 2. gr.

5. gr.

Útreikningur á sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns í þeim tilgangi að ákvarða vanskil skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Að því er varðar að ákvarða vanskil skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal reikna sértækar leiðréttingar á útlánaáhættu sem fjárhæðir sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu sem tengjast útlánaáhættu fyrir staka áhættuskuldbindingu eða stakan loforðsgjafa.

6. gr.

Skjöl

Stofnanir skulu skjalfesta auðkenningu og útreikning á almennum leiðréttingum á útlánaáhættu og sértækum leiðréttingum á útlánaáhættu.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 523/2014 **2020/EES/50/31**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til ákvörðunar á því hvað myndar nána samsvörun á milli virðis sértryggðs skuldabréfs stofnunar og virðis eigna stofnunarinnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 4. mgr. 33. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hagnaður eða tap af skuldum stofnunar sem verður til vegna breytinga á eigin útlánaáhættu hennar ætti ekki, að jafnaði, vera talin með sem hluti af eiginfjárgrunni. Samt sem áður á þessi regla ekki við um viðskiptalíkön sem byggja á bundnu mótframlagi eða fjárhagslegu jafnvægi út frá þeirri forsendu að lækkun eða hækkun á virði skuldar jafnist að fullu út með samsvarandi lækkun eða hækkun á virði eignarinnar, sem viðkomandi skuld er að fullu jöfnuð með.

2) Mikilvægt er að fastsetja viðmiðanir til að ákvarða hvort náin samsvörun sé til staðar á milli skulda stofnunar í sértryggðu skuldabréfi eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([2]) og virðis eigna stofnunarinnar sem liggja til grundvallar sértryggðu skuldabréfunum.

3) Hin nána samsvörun þessara skuldabréfa og undirliggjandi húsnæðislána ætti að endurspeglast í reikningshaldslegri meðferð þeirra, því að öðrum kosti teldist óvarfærið að taka tillit til hagnaðar og taps sem stafar af breytingum á eigin útlánaáhættu.

4) Innlausnarákvæði heimilar lántakanda að kaupa til baka á markaði tilgreint sértryggt skuldabréf sem fjármagnar húsnæðislánið og afhenda bankanum sértryggða skuldabréfið sem snemmbúna fyrirframgreiðslu á húsnæðisláninu. Sem afleiðing af því að þessi valkostur er tiltækur lántakandanum ætti gangvirði húsnæðislánanna ávallt að vera jafnt gangvirði sértryggðu skuldabréfanna sem fjármagna húsnæðislánin. Þetta felur í sér að við útreikning á gangvirði húsnæðislánsins sé lagt sanngjarnt mat á tilheyrandi innlausnarákvæði í samræmi við viðteknar markaðsvenjur.

5) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]),

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS), (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar skulu gilda:

1) „sértryggt skuldabréf“: skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

2) „innlausnarákvæði“: möguleikinn á að innleysa húsnæðislán með því að kaupa til baka sértryggða skuldabréfið á markaðs- eða nafnverði í samræmi við d-lið 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. gr.

Náin samsvörun

1. Náin samsvörun á milli virðis sértryggðs skuldabréfs og virðis eigna stofnunar telst vera fyrir hendi þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt að:

a) sérhver breyting á gangvirði sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af stofnuninni leiðir ávallt af sér jafngilda breytingu á gangvirði eignanna sem liggja til grundvallar sértryggðu skuldabréfunum. Gangvirðið skal ákvarðað samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð eins og skilgreint er í 77. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) húsnæðislánin sem liggja til grundvallar sértryggðu skuldabréfunum, gefin út af stofnuninni til fjármögnunar lánanna, má hvenær sem er innleysa með því að kaupa til baka sértryggðu skuldabréfin á markaðs- eða nafnverði með beitingu innlausnarákvæðisins,

c) gagnsætt fyrirkomulag er fyrir hendi til að ákvarða gangvirði húsnæðislánanna og sértryggðu skuldabréfanna. Við ákvörðun á virði húsnæðislánanna skal taka með í reikninginn gangvirði innlausnarákvæðisins.

2. Náin samsvörun telst ekki vera fyrir hendi þegar hreinn hagnaður eða tap myndast vegna breytinga á virði sértryggðu skuldabréfanna eða hinna undirliggjandi húsnæðislána að viðbættu tilheyrandi innlausnarákvæði, í samræmi við 1. mgr.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 525/2014 **2020/EES/50/32**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um tæknilega eftirlitsstaðla til skilgreiningar á markaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]) einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 341. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Almenn markaðsáhætta er skilgreind í 362. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem áhætta af verðbreytingu á fjármálagerningi sem verður ef um er að ræða veltuviðskipti með skuldagerninga eða skuldaafleiður vegna breytinga á vaxtastigi, eða, ef um er að ræða hlutabréf eða hlutabréfaafleiður, vegna umtalsverðrar hreyfingar á hlutabréfamarkaði sem er óháð séreinkennum einstakra verðbréfa.

2) Að því er varðar útreikning á almennri markaðsáhættu sem sýndur er í 343. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, má líta svo á að mismunandi hlutabréf séu á sama markaði ef þau eru háð sömu almennu markaðsáhættu, það er, þar sem verðbreytingar gerningsins ákvarðast af staðbundnum efnahagslegum aðstæðum. Þess vegna ætti „markaður“ í þessum tilvikum að vera skilgreindur með vísun í samþætt hagkerfi sem að jafnaði samsvarar landsbundinni lögsögu.

3) Með fyrirvara um ofangreint hefur innleiðing sameiginlegu myntarinnar eytt mikilvægum þáttum í skiptingu á milli hlutabréfamarkaða á evrusvæðinu. Til dæmis hefur hún eytt gjaldmiðilsáhættu milli þátttökuaðildarríkja og gert kleift að birta uppgjör fyrirtækja í sama gjaldmiðli. Enn fremur hefur upptaka evrunnar útheimt umfangsmikla efnahagslega og lagalega samleitni meðal þátttökuaðildarríkja og er hún styrkt með samþættum markaði sem býr yfir sameiginlegum reglum. Þetta síðastnefnda á við um öll aðildarríki Sambandsins, en sameiginlegur gjaldmiðill hefur haft í för með sér nánari og dýpri efnahagssamvinnu þátttökuaðildarríkjanna og réttlætir þess vegna sérstaka meðhöndlun að því er varðar þessa reglugerð. Til samræmis við þetta ætti „markaður“ að vera skilgreindur með tilvísun til allra hlutabréfamarkaða innan evrusvæðisins, og til landsbundinnar lögsögu þegar um er að ræða hlutabréfamarkaði sem ekki nota evru.

4) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining á „markaði“ í þeim tilgangi að reikna út hreina heildarstöðu eiginfjárgerninga sem um getur í 2. mgr. 341. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Hugtakið „markaður“ skal merkja:

a) að því er varðar evrusvæðið, öll hlutabréf skráð á hlutabréfamarkaði sem staðsettur er í aðildarríki sem hefur tekið upp evru sem sinn gjaldmiðil,

b) að því er varðar aðildarríki utan evrusvæðisins og þriðju lönd, öll hlutabréf skráð á hlutbréfamarkaði sem staðsettur er innan landsbundinnar lögsögu.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 526/2014 **2020/EES/50/33**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða áætlað álag og takmörkuð smærri eignasöfn að því er varðar áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, einkum þriðja undirlið 7. mgr. 383. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Beiting á þróuðu aðferðinni til ákvörðunar á kröfunum um eiginfjárgrunn í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði gæti náð yfir mótaðila sem ekkert skuldatryggingarálag er tiltækt fyrir. Þegar þetta er tilfellið ættu stofnanir að nota álag sem er viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans (áætlað álag) í samræmi við þriðja undirlið 1. mgr. 383. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2) Reglur um ákvörðun á áætluðu álagi í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði ættu að kveða á um notkun á meginflokkum lánshæfismats, atvinnugreina og svæða og þær ættu að veita stofnunum nauðsynlegt svigrúm til að ákvarða það áætlaða álag sem er mest viðeigandi, byggt á þeirra eigin sérfræðimati.

3) Þegar tilgreint er nánar hvernig stofnanir eigi að taka tillit til lánshæfismats, atvinnugreinar og svæðis einstakra útgefanda við áætlun á viðeigandi áætluðu álagi vegna ákvörðunarinnar á kröfunum um eiginfjárgrunn, eins og krafist er í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, ætti að setja reglur fyrir athugunina á þessum eiginleikum með tilvísun í lágmarksflokkun fyrir hvern eiginleika til að tryggja samhæfða beitingu á þessum skilyrðum.

4) Þegar um er að ræða einstaka útgefendur þar sem til staðar er samband, eins og á milli héraðsstjórnar eða staðaryfirvalda og ríkisins, ætti ennfremur að gera mögulegt að meta viðeigandi áætlað álag á grundvelli áhættuálags einstaks útgefanda, þegar það leiðir til meira viðeigandi mats.

5) Til að stuðla að viðeigandi útreikningi á áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði ætti að ákvarða áætlað álag með því að nota gögn frá virkum markaði og forsendur varðandi gögn, eins og innreikningur og framreikningur gagna sem varðar ólíkan gildistíma, ættu byggjast á traustum hugtakagrunni.

6) Til að tryggja samleitni í framkvæmd milli stofnana og til að forðast ósamkvæmni, með tilliti til þess að afleiddar líkur á vanefndum, skuldatryggingarálag og tap að gefnum vanefndum mynda jöfnu með tveimur óþekktum breytum og markaðsvenja er að nota fast gildi á tap að gefnum vanefndum til að leiða út líkurnar á vanefndum út frá markaðsálagi, ættu stofnanir að nota gildi fyrir tap að gefnum vanefndum $_{MKT}$ sem er samrýmanlegt því fasta gildi á tapi að gefnum vanefndum sem almennt er notað af markaðsaðilum til að ákvarða afleiddar líkur á vanefndum út frá áhættuálagi þeirra virku viðskipta sem hafa verið notuð til að ákvarða áætlað áhættuálag fyrir viðkomandi mótaðila.

7) Að því er varðar heimild til að nota þróuðu aðferðina við leiðréttingu á útlánavirði fyrir takmarkaðan fjölda smærri eignasafna þykir rétt að líta á eignasafn sem skuldajöfnunarsafn, eins og skilgreint er í 4. mgr. 272. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að taka tillit til fjölda viðskipta og stærðar skuldajöfnunarsafna, sem fylgja ekki innralíkan

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

saðferðinni (IMM) en heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði, og að takmarka þau við ákveðið prósentuhlutfall af öllum viðskiptum og hins vegar við prósentuhlutfall af heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði, til að taka tillit til mismunandi stærðar stofnana.

8) Til að draga úr mögulegri ósamfelldni í notkun á þróuðu aðferðinni við leiðréttingu á útlánavirði fyrir takmarkaðan fjölda smærri eignasafna ætti aðeins að hætta notkun á þróuðu aðferðinni við leiðréttingu á útlánavirði þegar farið er yfir magntakmarkanir tvo ársfjórðunga í röð.

9) Enn fremur, til að gera lögbærum yfirvöldum mögulegt að sinna eftirlitsskyldum sínum sem skyldi, ættu þau að fá vitneskju um hvenær kröfunum um takmarkaðan fjölda smærri eignasafna er ekki lengur mætt, og þ.a.l. ættu stofnanir að tilkynna þau tilvik lögbærum yfirvöldum.

10) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun á viðeigandi áætluðu álagi

1. Áætlað álag fyrir gefinn mótaðila skal álitið viðeigandi með hliðsjón af lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans samkvæmt fjórðu undirgrein 1. mgr. 383. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) áætlað álag hefur verið ákvarðað með tilliti til allra eiginleika lánshæfismats, atvinnugreinar og svæðis mótaðilans eins og tilgreint er í b-, c- og d-liðum,

b) lánshæfismatið hefur verið ákvarðað með tilliti til notkunar á fyrirframgefinni stigskiptingu heimildanna fyrir innra og ytra mat. Lánshæfismatið skal tengt við lánshæfisþrep eins og um getur í 2. mgr. 384. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar mörg ytri möt eru tiltæk fylgja aðferðinni fyrir mörg lánshæfismöt sem sett er fram í 138. gr. þeirrar reglugerðar þegar þau eru tengd við lánshæfisþrep,

c) atvinnugrein er ákvörðuð með tilliti til að minnsta kosti eftirfarandi flokkunar:

   i. opinberi geirinn,

   ii. fjármálageirinn,

   iii. annað,

d) svæðið er ákvarðað með tilliti til að minnsta kosti eftirfarandi flokkunar:

   i. Evrópa,

   ii. Norður-Ameríka,

   iii. Asía,

   iv. aðrir heimshlutar,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

e) áætlaða álagið endurspeglar á lýsandi hátt álag á tiltækar skuldatryggingar og álag annarra útlánaáhættugerninga á virkum markaði, sem samsvara viðkomandi samsetningu á flokkum sem eiga við og uppfylla viðmiðin um gæði gagna sem um getur í 3. mgr.,

f) ákvörðun á því hvort áætlað álag sé viðeigandi er gert með tilvísun til flökts frekar en umfangs álagsins.

2. Við skoðun á lánshæfismati, atvinnugrein og svæði mótaðilans í samræmi við 1. mgr., skal matið á áætlaða álaginu talið viðeigandi fyrir héraðsstjórn eða staðaryfirvöld þegar það byggist á áhættuálagi viðkomandi ríkisútgefanda ef öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er mætt:

a) héraðsstjórnin eða staðaryfirvöldin og ríkið eru með sama lánshæfismat,

b) ekkert lánshæfismat er til fyrir héraðsstjórnina eða staðaryfirvöld.

3. Allar upplýsingar sem notaðar eru við ákvörðun á áætluðu álagi skulu byggja á áreiðanlegum gögnum frá virkum kaup- og sölumarkaði eins og skilgreint er í öðrum undirlið 1. mgr. 338. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Nægjanleg gögn eiga að vera tiltæk til að ákveða áætlað álag fyrir alla viðkomandi gildistíma og fyrir sögulegu tímabilin sem um getur í 5. mgr. 383. gr. þeirrar reglugerðar.

2. gr.

Greining á tapi að gefnum vanefndum

Til að greina tap að gefnum vanefndum mótaðila (LGD_{MKT}), í þeim tilgangi að reikna út kröfurnar um eiginfjárgrunn í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði samkvæmt þróuðu aðferðinni fyrir mótaðila sem krefst þess að notað sé áætlað álag, skulu stofnanir nota gildi fyrir tap að gefnum vanefndum mótaðila, samrýmanlegt við fast gildi fyrir tap að gefnum vanefndum sem almennt er notað af markaðsaðilum til að ákvarða afleiddar líkur á vanefndum út frá þeim markaðsálögum sem hafa verið notuð til að ákvarða áætlað álag fyrir viðkomandi mótaðila í samræmi við 1. gr.

3. gr.

Magntakmörkun á fjölda og stærð fullgildra eignasafna

1. Til að uppfylla viðmiðunina um takmarkaðan fjölda smærri eignasafna sem um getur í 4. mgr. 383. gr reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal öllum eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a) fjöldi allra viðskipta sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni og heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði skal ekki fara yfir 15% af heildarfjölda viðskipta sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði,

b) stærð hvers einstaks skuldajöfnunarsafns sem ekki fylgir innralíkansaðferðinni og heyrir undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði skal ekki fara yfir 1% af heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði,

c) heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni og heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði, skal ekki fara yfir 10% af heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem heyra undir áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði.

2. Að því er varðar b- og c-lið 1. mgr., skal stærð skuldajöfnunarsafns vera áhættuskuldbindingarnar við vanskil skuldajöfnunarsafnsins reiknuð út frá markaðsvirðisaðferðinni, sem um getur í 274. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með því að taka mið af áhrifunum af skuldajöfnun í samræmi við 298. gr. þeirrar reglugerðar, en ekki áhrifunum af tryggingum.

3. Að því er varðar 1. mgr., skal stofnun reikna út fyrir hvern ársfjórðung meðalgildi af að minnsta kosti mánaðarlegum athugunum á eftirfarandi hlutföllum:

a) fjölda viðskipta sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni á móti heildarfjölda viðskipta,

b) stærð einstaks skuldajöfnunarsafns sem ekki fylgir innralíkansaðferðinni á móti heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna og

c) heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna sem ekki fylgja innralíkansaðferðinni á móti heildarstærð allra skuldajöfnunarsafna.

4. Þegar ekki næst að uppfylla viðmiðunina sem tilgreind er í 1. mgr. fyrir tvo útreikninga í röð, eins og um getur í 3. mgr., skal stofnun nota stöðluðu aðferðina sem sett er fram í 384. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 til að reikna út kröfurnar um eiginfjárgrunn í tengslum við áhættu vegna leiðréttingar á útlánavirði fyrir öll skuldajöfnunarsöfnin sem ekki fylgja eiginíkansaðferðinni og tilkynna það lögbærum yfirvöldum.

5. Skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. skal beitt á eininga-, undirsamstæðu- eða samstæðugrunni með hliðsjón af gildissviði leyfisins fyrir notkun eiginlíkansaðferðarinnar sem um getur í 283. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 528/2014 **2020/EES/50/34**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna annarrar áhættu en deltastuðulsáhættu í tengslum við valrétti í staðalaðferð markaðsáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 329. gr. (þriðja undirlið 3. mgr.), 352. gr. (þriðja undirlið 6. mgr.) og 358. gr. (þriðja undirlið 4. mgr.).

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ljósi þess umboðs sem reglugerð (ESB) nr. 575/2013 veitir til að þróa aðferðir sem endurspegla aðrar áhættur, en deltastuðulsáhættu, í kröfunum vegna eiginfjárgrunns stofnana „með þeim hætti sem er í samræmi við umfang starfsemi stofnana tengdri valréttum og kaupréttum og það hve flókin hún er“, er við hæfi að þróa aðferðir sem eru misflóknar og misáhættunæmar og hentað gætu fyrir ólíkar gerðir stofnana. Því þykir rétt að kveða á um eftirfarandi þrjár aðferðir, taldar upp eftir stigvaxandi flækjustigi, til að mæla aðra áhættu en deltastuðulsáhættu af valréttum og áskriftarréttindum: i. einfaldaða aðferðin, ii. delta-plús aðferðin, og iii. sviðsmyndaaðferðin. Með þessum ramma, sem byggist á þremur aðferðum, er að stórum hluta hrint í framkvæmd viðmiðununum varðandi aðra áhættu en deltastuðulsáhættu sem Baselnefndin um bankaeftirlit (BCBS) kveður á um ásamt því að tekið er tillit til nauðsynlegrar aðlögunar að reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þetta hefur þann viðbótarkost í för með sér að tryggja samkvæmni milli reglna Sambandsins og alþjóðlegra viðurkenndra lágmarksstaðla.

2) Að því gefnu að nauðsynlegt sé að veita stofnunum sem nota delta-plús aðferðina möguleika á að meðhöndla ósamfellda valrétti á áhættunæmari hátt, ættu stofnanir, við vissar aðstæður, að geta sameinað aðferðirnar sem ætlaðar eru til mælinga á áhættu af valréttum og áskriftarréttindum, ekki aðeins innan samstæðna heldur einnig innan einstakra lögaðila. Engu að síður, til að forðast möguleikann á að stofnanir sérvelji aðferðir með það fyrir augun að draga úr kröfunum um eiginfjárgrunn, ætti samsetning aðferðanna á einingargrunni aðeins að vera leyfð með því skilyrði að stofnanir tilgreini notkunarsvið hverrar aðferðar áður en þær byrja að nota hana, þannig að þær beiti henni með samræmdum hætti yfir tíma.

3) Önnur áhætta en deltastuðulsáhætta tengd valréttum og áskriftarréttindum getur falið í sér, en þó ekki eingöngu, áhættu sem stafar af breytingum á gamma gerninganna, svokallaðri „gammaáhættu“ eða „íhvolfunaráhættu (*e. convexity risk*)“ eins og sett er fram í a-lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, áhættu sem stafar af breytingum á vega þeirra, svokallaða „vega-áhættu“ eða „flöktsáhættu“ eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, áhættu sem stafar af breytingum á vöxtum, svokallaða „vaxtaáhættu“ eða „rho-áhættu“, ólínuleg einkenni sem gammaáhætta nær ekki yfir og áhættu af ætlaðri fylgni við körfu valrétta eða áskriftarréttinda. Af þessum áhættum eru aðeins gamma- og vega-áhætta það mikilvægar að þær réttlæti álagningu krafna vegna eiginfjárgrunns, jafnvel fyrir flóknari stofnanirnar og þess vegna ættu aðeins þessar gerðir áhættu að vera teknar með í útreikninginn á kröfunum vegna eiginfjárgrunns. Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er þess krafist að stofnanir útvegi sér fyrirfram leyfi sinna lögbæru yfirvalda til að nota innra líkan við útreikning á deltastuðli. Samt sem áður verður notkun aðferðanna fyrir aðra áhættu en deltastuðulsáhættu að vera vöktuð og metin við eftirlits- og matsferli stofnana sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([2]). Ennfremur, þar sem sviðsmyndaaðferðin er flóknari krefst hún ítarlegri vöktunar af hálfu lögbærra yfirvalda og ætti notkun stofnana á henni að vera háð sértækum notkunarskilyrðum, bæði áður en hún er tekin í notkun og áfram eftir það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

4) Að því gefnu að 330. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, varðandi meðhöndlun á skiptasamningum um breytilega vexti fyrir fasta vexti, eigi aðeins við um vaxtaáhættu, ætti ekki að taka tillit til hennar fyrir tiltekna fjármálagerninga eins og skiptirétti.

5) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fjalla öll um mælingu á annarri áhættu en deltastuðulsáhættu af valréttum og áskriftarréttindum tengdum mismunandi undirliggjandi eignum. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem taka ættu gildi á sama tíma, og til að greiða fyrir að þeir einstaklingar sem falla undir skuldbindingarnar fái heildarmynd og heildaraðgang að þeim, er æskilegt að fella alla tæknilegu eftirlitsstaðlana sem krafist er skv. reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um þetta efni inn í eina reglugerð.

6) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun á kröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir aðra áhættu en deltastuðulsáhættu af valréttum og áskriftarréttindum

1. Stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu í tengslum við aðra áhættu en deltastuðulsáhættu af valréttum eða áskriftarréttindum, eins og krafist er í 329. gr. (3. mgr.), 352. gr. (6. mgr.) og 358. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

a) einfölduðu aðferðinni eins og sett er fram í 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar,

b) delta-plús aðferðinni eins og sett er fram í 4., 5. og 6. gr. þessarar reglugerðar,

c) sviðsmyndaaðferðinni eins og sett er fram í 7., 8. og 9. gr. þessarar reglugerðar.

2. Þegar kröfur vegna eiginfjárgrunns eru reiknaðar út á samstæðugrunni geta stofnanir blandað saman mismunandi aðferðum.Á einingagrunni geta stofnanir aðeins blandað saman sviðsmyndaaðferðinni og delta-plús aðferðinni með þeim skilyrðum sem sett eru í 4. til 9. gr.

3. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í 1. mgr. skulu stofnanir fylgja eftirfarandi skrefum:

a) sundurliða körfur valrétta eða áskriftarréttinda í grunnþætti sína,

b) sundurliða vaxtaþök og -gólf eða aðra valrétti, sem tengjast vöxtum á ýmsum dagsetningum, í keðju af óháðum valréttum tengdum ólíkum tímabilum (*e.* „*caplet*“ *og* „*floorlets*“),

c) meðhöndla valrétti eða áskriftarréttindi að skiptasamningum um breytilega vexti fyrir fasta vexti, sem valrétti eða áskriftarréttindi á þeim hluta skiptasamningsins sem er með föstum vöxtum,

d) meðhöndla valrétti eða áskriftarréttindi, sem tengjast fleiri en einum undirliggjandi þætti meðal þeirra sem lýst er í 3. mgr. 5. gr., sem körfu af valréttum eða áskriftarréttindum þar sem hver valréttur er með einn sérstakan undirliggjandi þátt.

2. gr.

Skilyrði fyrir notkun á einfölduðu aðferðinni

Stofnanir sem aðeins kaupa valrétti og áskriftarréttindi mega aðeins nota einfölduðu aðferðina

3. gr.

Ákvörðun á kröfunum vegna eiginfjárgrunns samkvæmt einfölduðu aðferðinni

1. Stofnanir sem beita einfölduðu aðferðinni skulu reikna út kröfurnar vegna eiginfjárgrunns, tengdar annarri áhættu en deltastuðulsáhættu vegna valrétta eða áskriftarréttinda, sem hærri fjárhæðina af núll og mismuninum milli eftirfarandi gilda:

a) vergu fjárhæðarinnar sem lýst er í 2. til 5. mgr.,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

b) áhættuvegnu fjárhæðarinnar sem jafngilda deltastuðlinum sem reikna skal sem markaðsvirði undirliggjandi eignarinnar, margfaldað með deltastuðlinum og síðan margfaldað með einni af eftirfarandi vogun sem við á:

i. fyrir sértæka og almenna eiginfjár- eða vaxtaáhættu, skv. þriðja hluta IV. bálks 2. kafla reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

ii. fyrir hrávöruáhættu, skv. þriðja hluta IV. bálks 4. kafla reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og

iii. fyrir gjaldeyrisáhættu, skv. þriðja hluta IV. bálks 3. kafla reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Fyrir valrétti eða áskriftarréttindi sem falla undir annan af eftirfarandi tveim flokkum skal verga fjárhæðin sem um getur í 1. mgr. ákvörðuð skv. 3. og 4. mgr.:

a) þegar kaupandinn hefur skilyrðislausan rétt til að kaupa undirliggjandi eign á fyrirframákveðnu verði á lokadegi eða hvenær sem er fyrir lokadaginn og seljandinn er skuldbundinn til að uppfylla kröfu kaupandans („einfaldir kaupréttir eða áskriftarréttindi“),

b) þegar kaupandinn hefur skilyrðislausan rétt til að selja undirliggjandi eign á sama hátt og lýst er í a-lið („einfaldir söluréttir eða áskriftarréttindi“).

3. Verga fjárhæðin sem um getur í 1. mgr. skal reiknuð út sem hærri talan af núll og markaðsvirði undirliggjandi verðbréfs, margfaldað með summu krafnanna vegna eiginfjárgrunns í tengslum við sértæka og almenna markaðsáhættu undirliggjandi eignar, að frádregnum hagnaðinum, ef einhver er, við nýtingu valréttarins hér og nú („í gróða“) þegar öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er mætt:

a) valrétturinn eða áskriftarréttindin fela í sér rétt til að selja undirliggjandi eign („gnóttstaða söluréttar“ (*e. long put*)) og eru samþætt eignarhlutum í undirliggjandi eign („gnóttstaða í undirliggjandi gerningi“),

b) valrétturinn eða áskriftarréttindin fela í sér rétt til að kaupa undirliggjandi eign („gnóttstaða kaupréttar“ (*e. long call*)) og er samþættur loforðinu um að selja eignarhluti í undirliggjandi gerningi („skortstaða í undirliggjandi eign“).

4. Þegar valrétturinn eða áskriftarréttindin fela í sér rétt til að kaupa undirliggjandi eign („gnóttstaða kaupréttar“) eða rétt til að selja undirliggjandi eign („gnóttstaða söluréttar“), skal verga fjárhæðin sem um getur í 1. mgr. vera sú lægri af eftirfarandi tveim fjárhæðum:

a) markaðsvirði undirliggjandi verðbréfs margfaldað með summu krafnanna í tengslum við sértæka og almenna markaðsáhættu undirliggjandi eignar,

b) virði stöðunnar ákvarðað með markaðsvirðisaðferðinni eða aðferð sem byggist á líkansvirði eins og kveðið er á um í b- og c-lið 2. mgr. 104. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 („markaðsvirði valréttarins eða áskriftarréttindanna“).

5. Fyrir allar gerðir af valréttum eða áskriftarréttindum sem ekki hafa eiginleikana sem um getur í 2. mgr. skal verga fjárhæðin í 1. mgr. samsvara markaðsvirðinu á valréttinum eða áskriftarréttindunum.

4. gr.

Yfirlit yfir ákvörðun á kröfum vegna eiginfjárgrunns samkvæmt delta-plús aðferðinni

1. Þegar stofnanir kjósa að beita delta-plús aðferðinni á valrétti og áskriftarréttindi þar sem gamma er samfellt fall af verðinu á undirliggjandi eign og vega er samfellt fall af afleiddu flökti („samfelldir valréttir og áskriftarréttindi“), skulu kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir áhættu aðra en deltastuðulsáhættu af valréttum eða áskriftarréttindum vera reiknaðar út sem summan af eftirfarandi kröfum:

a) kröfunum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hlutafleiðuna af delta með vísun í verðið á undirliggjandi eign sem, fyrir skuldabréfavalrétt eða -áskriftarréttindi, er hlutafleiða af delta með vísun í ávöxtunina fram að gjalddaga af undirliggjandi skuldabréfi, og fyrir skiptirétti, er hlutafleiða af delta með vísun í vexti skiptasamningsins,

b) kröfunum sem varða fyrstu hlutafleiðuna af virði valréttar eða áskriftarréttinda, með vísun í afleidda flöktið.

2. Afleitt flökt skal teljast vera virðið á flöktinu í verðlagningarreglu valréttarins eða áskriftarréttindanna þar sem, að gefnu tilteknu verðlagningarlíkani og að gefnu stiginu á öllum öðrum sannreynanlegum verðbreytum, fræðilega verðið á valréttinum eða áskriftarréttindunum er jafnt markaðsvirði þess, þar sem „markaðsvirði“ er skilið á þann hátt sem lýst er í 4. mgr. 3. gr.

3. Kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir aðra áhættu en deltastuðulsáhættu sem tengd er ósamfelldum valréttum eða áskriftarréttindum skulu ákvarðaðar á eftirfarandi hátt:

a) þegar valréttur eða áskriftarréttindi hafa verið keypt, sem hærri fjárhæðin af núll og mismuninum á eftirfarandi gildum:

   i. markaðsvirðinu á valréttinum eða áskriftarréttindunum, í þeim skilningi sem lýst er í 4. mgr. 3. gr.,

   ii. fjárhæð áhættuvegins jafngildis deltastuðulsins, í þeim skilningi sem lýst er í b-lið, 1. mgr., 3. gr.,

b) þegar valréttirnir eða áskriftarréttindin hafa verið seld, sem hærri fjárhæðin af núll og mismuninum á eftirfarandi fjárhæðum:

   i. viðkomandi markaðsvirði á undirliggjandi eign, sem skal annað hvort vera hæsta mögulega greiðslan á lokadegi, ef hún er samningsbundin, eða markaðsvirðið á undirliggjandi eign eða virk grundvallarfjárhæð, ef engin möguleg hámarksgreiðsla er samningsbundin,

   ii. fjárhæð áhættuvegins jafngildis deltastuðulsins, í þeim skilningi sem lýst er í b-lið, 1. mgr., 3. gr.

4. Virðið fyrir gamma og vega sem notað er í útreikningnum á kröfunum vegna eiginfjárgrunns skal reiknað út með því að nota verðlagningarlíkan við hæfi eins og um getur 329. gr. (1. mgr.), 352. gr. (1. mgr.) og 358. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þegar ekki er hægt að reikna út annað hvort gamma eða vega samkvæmt þessari málsgrein skal eiginfjárkrafan á áhættu aðra en deltastuðulsáhættu reiknuð út skv. 3. mgr.

5. gr.

Ákvörðun á kröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir gamma-áhættu samkvæmt delta-plús aðferðinni

1. Að því er varðar a-lið 1. mgr. 4. gr. skulu kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir gamma-áhættu reiknaðar út með aðferð sem samanstendur af eftirfarandi röð skrefa:

a) fyrir hvern einstakan valrétt eða áskriftarréttindi skal reikna út gamma-áhrif,

b) gamma-áhrif einstakra valrétta eða áskriftarréttinda, sem tengjast sömu sérstöku undirliggjandi þáttategundinni, skulu lögð saman,

c) algildið af summu allra neikvæðra gilda úr skrefinu í b-lið skal segja til um kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir gamma-áhættu. Jákvæð gildi úr skrefinu í b-lið skulu höfð að engu.

2. Að því er varðar skrefið í a-lið 1. mgr. skal reikna út gamma-áhrif í samræmi við reiknireglurnar í I. viðauka.

3. Að því er varðar skrefið í b-lið 1. mgr. skal sérstök undirliggjandi þáttategund vera:

a) fyrir vexti í sama gjaldmiðli: hver binditímaflokkur eins og sett er fram í töflu 2 í 339. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) fyrir hlutabréf og hlutabréfavísitölur: hver markaður samkvæmt skilgreiningu í reglunum sem þróaðar verða skv. 3. mgr. 341. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) fyrir erlenda gjaldmiðla og gull: hvert gjaldmiðlapar og gull,

d) fyrir hrávöru: hrávörur sem taldar eru sambærilegar samkvæmt skilgreiningu í 4. mgr. 357. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6. gr.

Ákvörðun á kröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir vega-áhættu samkvæmt delta-plús aðferðinni

Að því er varðar b-lið 1. mgr. 4. gr. skulu kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir vega-áhættu vera reiknaðar út með aðferð sem samanstendur af eftirfarandi röð skrefa:

a) fyrir hvern einstakan valrétt skal ákvarða vega-virðið,

b) fyrir hvern einstakan valrétt skal reikna út áætlaða plús/mínus 25% hliðrun á afleidda flöktinu, þar sem skilja skal afleitt flökt á þann hátt sem lýst er í 2. mgr. 4. gr.,

c) fyrir hvern einstakan valrétt skal vega-virðið sem leiðir af skrefinu í a-lið margfaldað með áætluðu hliðruninni á afleiddu flökti sem leiðir af skrefinu í b-lið,

d) fyrir hverja sérstaka undirliggjandi þáttategund, í þeim skilningi sem lýst er í 3. mgr. 5. gr., skulu gildin frá skrefinu í c-lið lögð saman,

e) summan af algildum sem leiðir af skrefinu í d-lið skal kveða á um heildarkröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir vega-áhættu.

7. gr.

Skilyrði fyrir notkun á sviðsmyndaaðferðinni

Stofnanir mega nota sviðsmyndaaðferðina þegar þær uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) þær hafa komið á fót áhættueftirlitsdeild sem vaktar áhættuna af valréttasafni stofnunarinnar og tilkynnir niðurstöðurnar til stjórnarinnar,

b) þær hafa látið lögbær yfirvöld vita um fyrirframskilgreint umfang áhættuskuldbindinga sem þessari aðferð verður beitt á með samræmdum hætti yfir tíma,

c) þær fella niðurstöðurnar af sviðsmyndaaðferðinni inn í innri skýrslugjöf til stjórnar stofnunarinnar.

Að því er varðar b-lið, skulu stofnanir skilgreina nákvæmlega þær stöður sem heyra undir sviðsmyndaaðferðina, þ.m.t. gerð afurðar eða deild og eignasafn, þá sérstöku áhættustjórnunaraðferð sem á við um slíkar stöður, upplýsingatæknikerfið sem notað er fyrir slíkar stöður, og rökstuðning fyrir að sviðsmyndaaðferðinni er beitt á þessar stöður með tilliti til þeirra staðna sem öðrum aðferðum er beitt á.

8. gr.

Ákvörðun á sviðsmyndatöflunni samkvæmt sviðsmyndaaðferðinni

1. Fyrir hverja sérstöku undirliggjandi þáttategund, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr., skal stofnun skilgreina sviðsmyndatöflu sem inniheldur mengi sviðsmynda.

2. Í fyrstu vídd sviðsmyndatöflunnar eru verðbreytingar á undirliggjandi þætti yfir og undir núvirði hans. Skalinn fyrir þær breytingar skal samanstanda af eftirfarandi:

a) fyrir valrétti eða áskriftarréttindi að vöxtum, plús/mínus áætlaðar breytingar á vöxtum skv. 5. dálki í töflu 2 í 339. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) fyrir valrétti eða áskriftarréttindi að hlutabréfum eða hlutabréfavísitölum, plús/mínus vogunin skv. 343. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) fyrir valrétti eða áskriftarréttindi að erlendum gjaldeyri og gulli, plús/mínus vogunin skv. 351. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða, eftir því sem við á, plús/mínus vogunin skv. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) fyrir hrávöruvalrétti (áskriftarréttindi), plús/mínus vogunin skv. a-lið 1. mgr. 360. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Verðbreytingasviðsmyndirnar fyrir undirliggjandi þátt skulu skilgreindar með að minnsta kosti sjö punkta hnitaneti sem tekur með núgildandi skoðun og skiptir skalanum, sem vísað er til í 2. mgr., í jafnstór bil.

4. Önnur vídd sviðsmyndatöflunnar ákvarðast af flöktbreytingum. Skalinn fyrir flöktbreytingarnar skal vera á milli plús/mínus 25% af afleidda flöktinu, þar sem skilja skal afleitt flökt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. Sá skali skal skiptast í að minnsta kosti þriggja punkta hnitanet, sem tekur með 0% breytingu og er skipt í jafnstór bil.

5. Sviðsmyndataflan er ákvörðuð með öllum mögulegum samsetningum punktanna, eins og um getur í 3. og 4. mgr. Hver samsetning skal vera ein sviðsmynd.

9. gr.

Ákvörðun á kröfunum vegna eiginfjárgrunns samkvæmt sviðsmyndaaðferðinni

Samkvæmt sviðsmyndaaðferðinni skal reikna út kröfurnar vegna eiginfjárgrunns á annarri áhættu en deltastuðulsáhættu af valrétti eða áskriftarréttindum með ferli sem samanstendur af eftirfarandi röð skrefa:

a) fyrir hvern einstakan valrétt eða áskriftarréttindi skal beita öllum sviðsmyndunum sem um getur í 8. gr. til að reikna út hermt hreint tap eða hagnað sem samsvarar hverri sviðsmynd. Sú hermun skal gerð með því að nota að fullu endurmatsaðferðir, þ.e.a.s. líkja eftir verðbreytingum með notkun verðlagningarlíkana og án þess að styðjast við aðlögun þessara líkana að staðbundnum aðstæðum,

b) fyrir hverja sérstaka undirliggjandi þáttategund, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr., skal leggja saman gildin sem fást úr útreikningnum í a-lið og vísa í einstakar sviðsmyndir,

c) fyrir hverja sérstöku undirliggjandi þáttategund, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr., skal reikna út „viðkomandi sviðsmynd“ sem er sú sviðsmynd þar sem gildin úr skrefinu í b-lið gefa mest tap, eða minnstan hagnað ef um ekkert tap er að ræða,

d) fyrir hverja sérstaka undirliggjandi þáttategund, eins og um getur í 3. mgr. 5. gr., skal reikna út kröfurnar vegna eiginfjárgrunns í samræmi við reiknireglu sem lýst er í II. viðauka,

e) heildarkrafan vegna eiginfjárgrunns fyrir aðra áhættu en deltastuðulsáhættu af valréttum eða áskriftarréttindum skal vera summan af kröfunum vegna eiginfjárgrunns sem fengin er með útreikningnum í skrefinu í d-lið fyrir allar sérstakar undirliggjandi þáttategundir í samræmi við 3. mgr. 5. gr.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Reikniregla sem nota á að því er varðar 2. mgr. 5. gr.

Reikniregla sem nota á að því er varðar 2. mgr. 5. gr.:

$$\text{Gamma áhrif} = 1/2 \times \text{Gamma} \times VU^2$$

þar sem VU:

a) fyrir valrétti eða áskriftarréttindi að vöxtum eða skuldabréfum, er jöfn áætlaðri arðsemisbreytingu sem vísað er til í 5. dálki í töflu 2 í 339. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) fyrir hlutabréfavalrétti eða áskriftarréttindi og hlutabréfavísitölur, er jöfn markaðsvirði á undirliggjandi eign, margfaldað með voguninni sem gefin er í 343. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) fyrir valrétti eða áskriftarréttindi að erlendum gjaldeyri og gulli, er jöfn markaðsvirði á undirliggjandi eign, reiknað út í reikningsskilagjaldmiðli og margfaldað með voguninni sem gefin er í 351. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða ── ef við hæfi ── voguninni sem gefin er í 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) fyrir hrávöruvalrétti eða áskriftarréttindi, er jöfn markaðsvirðinu á undirliggjandi eign, margfaldað með voguninni sem gefin í a-lið 1. mgr. 360. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

———

II. VIÐAUKI

Reikniregla sem nota skal að því er varðar d-lið 9. gr.

Reikniregla sem nota skal að því er varðar d-lið 9. gr.

$$\text{Krafa vegna eiginfjárgrunns} = - \min(0, PC\text{-}DE)$$

þar sem

a) PC („verðbreyting“) er summan af verðbreytingum á valréttunum með sömu sérstöku undirliggjandi þáttategund, í þeim skilningi sem lýst er í 3. mgr. 5. gr., (neikvætt merki fyrir tap og jákvætt merki fyrir hagnað) og samsvarar viðkomandi sviðsmynd sem ákvörðuð er í skrefi c) í 9. gr.,

b) DE er „deltastuðulsáhrif“ reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$DE = ADEV \times PPCU$$

þar sem

i. ADEV („samanlagt virði sem jafngildir deltastuðli“) er summan af neikvæðum eða jákvæðum deltastuðlum, margfölduð með markaðsvirði samningsins af undirliggjandi eign fyrir valrétti sem hafa sömu sérstöku undirliggjandi þáttategund, í þeim skilningi sem lýst er í 3. mgr. 5. gr.,

ii. PPCU („prósentuverðbreyting á undirliggjandi eign“) er prósentubreytingin á verði undirliggjandi eignar, í þeim skilningi sem lýst er í 3. mgr. 5. gr., og samsvarar viðkomandi sviðsmynd sem ákvörðuð er í skrefinu í c-lið 9. gr.

———

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 529/2014 **2020/EES/50/35**

frá 12. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innramatsaðferðinni og þróuðu mæliaðferðinni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]) einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 143. gr. og þriðju undirgrein 4. mgr. 312. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 143. gr reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vísar notkunarsvið matskerfis til þeirra tegunda áhættuskuldbindinga sem meta má með tilteknu matskerfi.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er gerður greinarmunur á veigamiklum viðbótum eða breytingum á innramatsaðferðinni (IRB aðferð) og þróuðu mæliaðferðinni (AMA), sem háðar eru samþykki, og allra annarra breytinga sem tilkynna þarf. Varðandi síðara atriðið kemur ekkert fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um tímasetningu tilkynninga um viðbótina eða breytinguna, þ.e. hvort breytinguna eigi að tilkynna fyrir eða eftir framkvæmd hennar. Taka ætti til athugunar að lögbær yfirvöld þurfa ekki að vita fyrirfram um minniháttar viðbætur eða breytingar. Enn fremur væri einnig mun skilvirkara og síður íþyngjandi fyrir stofnanir að safna saman slíkum minniháttar breytingum og tilkynna þær reglulega til lögbærra yfirvalda. Raunar hefur þessi háttur við eftirlit verið hafður á í nokkrum aðildarríkjum. Því ætti að skipta viðbótum og breytingum sem tilkynna skal í tvennt, annars vegar viðbætur og breytingar sem þarf að tilkynna áður en þeim er hrint í framkvæmd og hins vegar viðbætur og breytingar sem aðeins þarf að tilkynna eftir að þeim hefur verið hrint í framkvæmd. Þetta mun tryggja ennfrekar að í sínum daglegu störfum beini lögbær yfirvöld athygli sinni að þeim viðbótum og breytingum sem mögulega gætu breytt kröfunum vegna eiginfjárgrunns eða frammistöðu líkananna eða matskerfanna á veigamikinn hátt. Þetta myndi einnig tryggja að stofnanir gerðu greinarmun á viðbótum og breytingum sem skipta miklu máli og viðbótum og breytingum sem hafa litla þýðingu með tilliti til áhættumiðaðra eftirlitsaðferða. Slíkur greinarmunur milli viðbóta og breytinga sem tilkynna þarf áður en þeim er hrint í framkvæmd og viðbóta og breytinga sem tilkynna þarf eftir að þeim hefur verið hrint í framkvæmd myndi vera varfærin, að því gefnu að tilkynningin fyrir framkvæmdina veiti lögbærum yfirvöldum möguleika á að sannprófa hvort beitingin á þessari reglugerð sé rétt. Þetta myndi einnig draga úr eftirlitskvöðinni á stofnunina.

3) Mikilvægi viðbóta eða breytinga á líkönunum ræðst venjulega af gerð og flokki viðbótarinnar eða breytingarinnar sem lögð er til (sem endurspegla ætti í eigindlegum viðmiðunum) og af möguleikum þeirra til að breyta kröfunum vegna eiginfjárgrunns eða, eftir atvikum, fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna (sem endurspegla ætti í megindlegum viðmiðunum). Þess vegna ætti hver megindleg viðmiðun fyrir mat á mikilvægi viðbóta eða breytinga að taka mið af viðmiðunarmarki sem byggist á hlutfallslegri breytingu á kröfunum vegna eiginfjárgrunns eða, eftir atvikum, á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir og eftir breytinguna.

4) Meðan megindlega viðmiðunarmarkið fyrir viðbætur við og breytingar á þróuðu mæliaðferðunum ætti, til einföldunar, að vera reiknað út á grundvelli krafnanna vegna eiginfjárgrunns, ætti viðmiðunarmarkið fyrir breytingar á innramatsaðferðunum að vera reiknað út á grundvelli fjárhæða áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna til að forðast að viðmiðunarmörkin verði að óþörfu fyrir áhrifum af mismunandi fjárhæðunum vegna leiðréttinga á útlánavirði sem gerðar eru og sem hafa áhrif á kröfurnar vegna eiginfjárgrunns en ekki á fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna. Ennfremur ættu megindleg viðmiðunarmörk að taka tillit til heildaráhrifanna af viðbótum við eða breytingum á eigin fé sem krafist er og byggist á innramatsaðferðum jafnt og staðalaðferðum, til að þær endurspegli að hve miklu leyti innramatsaðferðir eru notaðar fyrir heildarkröfurnar vegna eiginfjárgrunns eða fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna. Þetta á við um öll viðmiðunarmörk fyrir báðar aðferðirnar, fyrir utan seinni viðmiðunarmörkin í ii. lið c-liðar 1. mgr. 4. gr. fyrir innramatsaðferðina og viðmiðunarmörkin fyrir fyrirframtilkynningu vegna innramatsaðferðarinnar sem eru hönnuð með tilliti til áhrifanna af breytingum á fjárhæðir áhættuvegnu

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 26.6.2013, bls. 1.

áhættuskuldbindinganna sem notkunarsvið tiltekins líkans nær yfir. Fyrir bæði innramatsaðferðina og þróuðu mæliaðferðina ættu útreikningarnir á áhrifunum af tiltekinni viðbót eða breytingu að taka mið af sama tímapunkti, að því gefnu að mengi áhættuskuldbindinganna (þegar um er að ræða innramatsaðferðina) og áhættusniðið (þegar um er að ræða þróuðu mæliaðferðina) sé tiltölulega stöðugt yfir tíma.

5) Lögbær yfirvöld mega hvenær sem er grípa til eftirlitsráðstafana, að því er varðar viðbætur og breytingar á líkaninu sem hafa verið tilkynntar, á grundvelli áframhaldandi endurskoðunar á fyrirliggjandi leyfum til að nota innri aðferðir sem kveðið er á um í 101. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]). Annars vegar er þetta til að tryggja að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 6. þætti 3. kafla II. bálks þriðja hluta eða 4. kafla III. bálks þriðja hluta eða 5. kafla IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, haldist uppfylltar. Hins vegar eru reglur nauðsynlegar til að fastsetja hvenær krefjast á nýrra samþykkta og tilkynninga um viðbætur og breytingar á innri aðferðum. Slíkar reglur ættu ekki að hafa áhrif á aðferðir til eftirlits með endurskoðun eigin líkana eða stjórnsýsluferla sem kveðið er á um 8. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6) Breytingar á varanlegri notkun innri aðferða að hluta til eða, eftir atvikum, upptöku innri aðferða stig af stigi falla undir 148. og 150. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir innramatsaðferðina og undir 314. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 fyrir þróuðu mæliaðferðina. Þar af leiðandi ætti þessi reglugerð ekki að ná yfir þessar tegundir breytinga.

7) Leyfi lögbærra yfirvalda snýr að aðferðum, ferlum, eftirlitsaðgerðum, gagnaöflun og upplýsingatæknikerfum aðferðanna, þess vegna ætti áframhaldandi samhæfing líkananna að útreikningsgagnasafninu sem notað er, og byggist á samþykktum aðferðum, ferlum, eftirlitsaðgerðum, gagnaöflun og upplýsingatæknikerfum, ekki að vera tekin fyrir í þessari reglugerð.

8) Til að lögbær yfirvöld geti metið hvort stofnanir hafi beitt reglunum við mat á veigamiklum viðbótum og breytingunum rétt, ættu stofnanir að leggja fram viðeigandi gögn til lögbærra yfirvalda. Til að draga úr eftirlitskvöðinni á stofnanir og auka skilvirkni og hagkvæmni við málsmeðferð lögbærra yfirvalda hvað þetta varðar ætti að setja reglur sem tilgreina kröfurnar um skjöl sem fylgja eiga umsóknum um samþykki eða tilkynningum um viðbætur og breytingar.

9) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd, þar sem þau vísa til viðbóta og/eða breytinga á þróuðu mæliaðferðinni og innramatsaðferðinni fyrir kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir útlaána- og rekstraráhættu og þar sem viðeigandi eftirlitsatriði og verklagsreglur eru svipuð fyrir þessar tvær gerðir innri aðferða. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, og til að greiða fyrir að þeir einstaklingar sem falla undir viðkomandi skuldbindingar fái heildarmynd og -aðgang að þeim á samræmdan hátt, er æskilegt að þau taki gildi á sama tíma og að ein reglugerð innihaldi alla tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem krafist er í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um viðbætur og breytingar á eigin líkönum fyrir útlána- og rekstraráhættu. En þar sem a-liður fyrsta undirliðar 4. mgr. 312. gr. fæst við ólíkt viðfangsefni, tekur þessi reglugerð aðeins til b- og c-liðar.

11) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Reglugerð þessi mælir fyrir um skilyrðin fyrir mati á mikilvægi viðbóta og breytinga á innramatsaðferðinni og þróuðu mæliaðferðinni, sem leyfðar eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. fyrirkomulag tilkynninga um slíkar breytingar og viðbætur.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Flokkar viðbóta og breytinga

1. Flokka skal mikilvægi breytinga á notkunarsviði matskerfis eða eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa eða breytinga á matskerfunum eða eiginlíkansaðferð fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa fyrir innramatsaðferðina („breytingar á innramatsaðferðinni“), eða viðbóta og breytinga á þróuðu mæliaðferðinni („viðbætur við og breytingar á þróuðu mæliaðferðinni“), í annan af eftirfarandi flokkum:

a) veigamiklar viðbætur og breytingar sem þurfa leyfi frá lögbærum yfirvöldum, skv. 3. mgr. 143. gr. og 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) aðrar viðbætur og breytingar sem tilkynna þarf til lögbærra yfirvalda.

2. Viðbæturnar og breytingarnar sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu nánar flokkaðar í:

a) viðbætur og breytingar sem tilkynna þarf áður en þær eru framkvæmdar,

b) viðbætur og breytingar sem tilkynna þarf eftir að þær hafa verið framkvæmdar.

3. gr.

Meginreglur flokkunar á viðbótum og breytingum

1. Flokkun breytinga á innramatsaðferðinni skal gerð í samræmi við þessa grein og 4. og 5. gr.

Flokkun viðbóta og breytinga á þróuðu mæliaðferðinni skal gerð í samræmi við þessa grein og 6. og 7. gr.

2. Þegar þess er krafist að stofnanir reikni út megindleg áhrif af hverri viðbót eða breytingu á kröfunum vegna eiginfjárgrunns eða, eftir atvikum, á fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna skulu þær beita eftirfarandi aðferðafræði:

a) að því er varðar matið á megindlegu áhrifunum skulu stofnanir nota nýjustu gögn sem til eru,

b) þegar ekki er mögulegt að meta megindlegu áhrifin nákvæmlega skulu stofnanir í staðinn framkvæma mat á áhrifunum sem byggist á dæmigerðu úrtaki eða annarri áreiðanlegri aðferðafræði við ályktun,

c) fyrir breytingar sem hafa engin bein megindleg áhrif skal ekki reikna út megindleg áhrif, eins og mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 4. gr. fyrir innramatsaðferðina eða c-lið 1. mgr. 6. gr. fyrir þróuðu mæliaðferðina.

3. Ekki skal skipta einni veigamikilli viðbót eða breytingu í fleiri breytingar eða viðbót með minna vægi.

4. Þegar um vafaatriði er að ræða skulu stofnanir setja viðbætur og breytingar í flokk með hæsta mögulega vægi.

5. Þegar lögbær yfirvöld hafa gefið leyfi fyrir veigamikilli viðbót eða breytingu skulu stofnanir reikna út kröfurnar vegna eiginfjárgrunns á grundvelli samþykktu viðbótarinnar eða breytingarinnar frá þeim degi sem tilgreindur er í nýja leyfinu sem skal koma í stað þess eldra. Ef viðbætur eða breytingar, sem lögbær yfirvöld hafa gefið leyfi fyrir, eru ekki framkvæmdar á þeim degi sem tilgreindur er í nýja leyfinu, þarf nýtt leyfi frá lögbærum yfirvöldum sem sækja skal um án ótilhlýðilegrar tafar.

6. Ef seinkun verður á framkvæmd viðbótar eða breytingar, sem lögbær yfirvöld hafa veitt leyfi fyrir, skal stofnunin tilkynna það lögbæru yfirvöldunum og kynna fyrir þeim áætlun um tímanlega framkvæmd þeirrar samþykktu viðbótar eða breytingar, sem hún skal koma á innan tímabils sem komist verður að samkomulagi um við lögbær yfirvöld.

7. Þegar viðbót eða breyting flokkast sem hún skuli vera háð fyrirframtilkynningu til lögbærra yfirvalda og þegar stofnanir ákveða, í framhaldi af tilkynningunni, að framkvæma ekki viðbótina eða breytinguna skulu stofnanir, án ótilhlýðilegrar tafar, tilkynna lögbæru yfirvöldunum um þá ákvörðun.

4. gr.

Veigamiklar breytingar á innramatsaðferðinni

1. Breytingar á innramatsaðferðinni skulu teljast veigamiklar ef þær uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

a) þær falla undir einhverja af breytingunum á notkunarsviði matskerfa eða eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem lýst er í 1. þætti I. hluta I. viðauka,

b) þær falla undir einhverja af breytingunum á notkunarsviði matskerfa eða eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa sem lýst er í 1. þætti II. hluta I. viðauka,

c) þær leiða af sér annað af eftirfarandi:

   i. 1,5% lækkun á öðru hvoru af eftirfarandi:

      — heildarfjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu á samstæðustigi móðurstofnunar í ESB,

      — heildarfjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu ef um er að ræða stofnun sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag,

   ii. 15% lækkun eða meira á fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu í tengslum við notkunarsvið innra matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

2. Að því er varðar i. lið c-liðar 1. mgr. þessarar greinar, og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif breytingarinnar út frá hlutfalli sem reiknað er á eftirfarandi hátt:

a) í teljaranum, mismunurinn á fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu í tengslum við notkunarsvið innra matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa fyrir og eftir breytinguna á samstæðustigi móðurstofnunar í ESB eða á stigi stofnunar sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag,

b) í nefnaranum, heildarfjárhæð áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu fyrir breytinguna á samstæðustigi móðurstofnunar í ESB eða, eftir því sem við á, á stigi stofnunar sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag.

Útreikningurinn skal miðast við sama tímapunkt.

Ákvörðunin um áhrifin á fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna skal aðeins vísa til áhrifanna af breytingunni á innramatsaðferðina og mengi áhættuskuldbindinganna skal álitið haldast stöðugt.

3. Að því er varðar ii. undirlið c-liðar 1. mgr. þessarar greinar, og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif breytingarinnar út frá hlutfalli reiknuðu á eftirfarandi hátt:

a) í teljaranum, mismunurinn á fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu í tengslum við notkunarsvið innra matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa fyrir og eftir breytinguna,

b) í nefnaranum, fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu fyrir breytinguna í tengslum við notkunarsvið matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

Útreikningurinn skal miðast við sama tímapunkt.

Ákvörðunin um áhrifin á fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna skal aðeins vísa til áhrifanna af breytingunni á innramatsaðferðina og mengi áhættuskuldbindinganna skal álitið haldast stöðugt.

5. gr.

Breytingar á innramatsaðferðinni sem ekki teljast veigamiklar

1. Breytingar á innramatsaðferðinni sem ekki eru veigamiklar en tilkynna þarf lögbærum yfirvöldum, skv. 4. mgr. 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal tilkynna á eftirfarandi hátt:

a) breytingar, sem uppfylla eitthvert af eftirfarandi skilyrðum, skulu tilkynntar lögbærum yfirvöldum að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en þeim er hrint í framkvæmd:

   i. breytingar sem lýst er í 2. þætti I. hluta I. viðauka,

   ii. breytingar sem lýst er í 2. þætti II. hluta I. viðauka,

   iii. breytingar sem hafa í för með sér að minnsta kosti 5% lækkun á fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu í tengslum við notkunarsvið innra matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

b) allar aðrar breytingar skal tilkynna til lögbærra yfirvalda eftir að þeim hefur verið hrint í framkvæmd að minnsta kosti árlega.

2. Að því er varðar iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar, og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif breytingarinnar út frá hlutfalli sem reiknað er á eftirfarandi hátt:

a) í teljaranum, mismunurinn á fjárhæðum áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu í tengslum við notkunarsvið innra matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa fyrir og eftir breytinguna,

b) í nefnaranum, fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir útlána- og þynningaráhættu fyrir breytinguna í tengslum við notkunarsvið matskerfisins eða eiginlíkansaðferðarinnar fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

Útreikningurinn skal miðast við sama tímapunkt.

Ákvörðunin um áhrifin á fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna skal aðeins vísa til áhrifanna af breytingunni á innramatsaðferðina og mengi áhættuskuldbindinganna skal álitið haldast stöðugt.

6. gr.

Veigamiklar viðbætur og breytingar á þróuðu mæliaðferðinni

1. Viðbætur og breytingar á þróuðu mæliaðferðinni skulu teljast veigamiklar ef þær uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

a) þær falla undir einhverja af viðbótunum sem lýst er í 1. þætti I. hluta II. viðauka,

b) þær falla undir einhverja af breytingunum sem lýst er í 1. þætti II. hluta II. viðauka,

c) þær leiða af sér annað af eftirfarandi:

   i. 10% lækkun eða meira á öðru hvoru eftirfarandi:

      — heildarkröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu á samstæðustigi móðurstofnunar í ESB,

      — heildarkröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu í tilfelli stofnunar sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag,

   ii. 10% lækkun eða meira á öðru hvoru eftirfarandi:

      — heildarkröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu á samstæðustigi móðurfélags sem ekki er móðurstofnun í ESB,

      — heildarkröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu dótturfélags þegar móðurfélagið hefur ekki fengið leyfi til að nota þróuðu mæliaðferðina.

2. Að því er varðar i. lið c-liðar 1. mgr., og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif hverrar viðbótar eða breytingar út frá hlutfalli sem reiknað er á eftirfarandi hátt:

a) í teljaranum, mismunurinn á kröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu í tengslum við gildissvið þróuðu mæliaðferðarinnar fyrir og eftir viðbótina eða breytinguna á samstæðustigi móðurstofnunar í ESB eða á stigi stofnunar sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag,

b) í nefnaranum, heildarkröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu fyrir viðbótina eða breytinguna á samstæðustigi móðurstofnunar í ESB eða, eftir því sem við á, á stigi stofnunar sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag.

Útreikningurinn skal miðast við sama tímapunkt.

Ákvörðunin um áhrifin á kröfurnar vegna eiginfjárgrunns skal eigöngu vísa til áhrifa af viðbótinni og breytingunni á þróuðu mæliaðferðina og þess vegna skal rekstraráhættusniðið álitið haldast stöðugt.

3. Að því er varðar ii. lið c-liðar 1. mgr., og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif hverrar viðbótar eða breytingar út frá hlutfalli reiknuðu á eftirfarandi hátt:

a) í teljaranum, mismunurinn á kröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu í tengslum við gildissvið líkansins fyrir og eftir viðbótina eða breytinguna á samstæðustigi móðurfélagsins sem ekki er móðurstofnun í ESB eða á stigi dótturfélags þegar móðurfélagið hefur ekki fengið leyfi til að nota þróuðu mæliaðferðina,

b) í nefnaranum, heildarkröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu fyrir viðbótina eða breytinguna á samstæðustigi móðurfélagsins sem ekki er móðurstofnun í ESB eða, eftir því sem við á, á stigi dótturfélags þegar móðurfélagið hefur ekki fengið leyfi til að nota þróuðu mæliaðferðina.

Útreikningurinn skal miðast við sama tímapunkt.

Ákvörðunin um áhrifin á kröfurnar vegna eiginfjárgrunns skal eigöngu vísa til áhrifa af viðbótinni og breytingunni á þróuðu mæliaðferðina og þess vegna skal rekstraráhættusniðið álitið haldast stöðugt.

7. gr.

Viðbætur og breytingar á þróuðu mæliaðferðinni sem ekki teljast veigamiklar

Viðbætur og breytingar á þróuðu mæliaðferðinni sem ekki eru veigamiklar en tilkynna þarf lögbærum yfirvöldum, skv. 3. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal tilkynna á eftirfarandi hátt:

a) viðbætur og breytingar sem falla undir 2. þátt I. hluta og 2. þátt II. hluta II. viðauka skal tilkynna lögbærum yfirvöldum að minnsta kosti tveimur mánuðum áður en þeim er hrint í framkvæmd,

b) allar aðrar viðbætur og breytingar skal tilkynna til lögbærra yfirvalda eftir að þeim hefur verið hrint í framkvæmd að minnsta kosti árlega.

8. gr.

Gögn vegna viðbóta og breytinga

1. Vegna viðbóta og breytinga á innramatsaðferðinni eða þróuðu mæliaðferðinni, sem háðar eru samþykki lögbærra yfirvalda, skulu stofnanir leggja fram, ásamt umsókninni, eftirfarandi gögn:

a) lýsingu á viðbótinni eða breytingunni, rökstuðning fyrir henni og markmið,

b) dagsetningu framkvæmdar,

c) gildissvið sem viðbótin eða breytingin á líkaninu hefur áhrif á, ásamt magneiginleikum,

d) tæknileg gögn og vinnslugögn,

e) skýrslur um óháða endurskoðun eða fullgildingu stofnana,

f) staðfestingu á að viðbótin eða breytingin hafi verið samþykkt af þar til bærum aðilum í samræmi við samþykktarferla stofnunarinnar og dagsetningu samþykktar,

g) eftir atvikum, megindleg áhrif breytingarinnar eða viðbótarinnar á fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna eða á kröfurnar vegna eiginfjárgrunns,

h) skrár stofnunarinnar um núverandi eða fyrri útgáfunúmer eigin líkana sem háð eru samþykki.

2. Fyrir viðbætur og breytingar sem flokkast undir að þurfa tilkynningu fyrir eða eftir að þeim hefur verið hrint í framkvæmd skulu stofnanir leggja fram, ásamt tilkynningunni, gögnin sem um getur í a-, b-, c-, f- og g-lið 1. mgr.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

BREYTINGAR Á INNRAMATSAÐFERÐINNI

I. HLUTI

BREYTINGAR Á NOTKUNARSVIÐI MATSKERFA EÐA EIGINLÍKANSAÐFERÐA FYRIR ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR VEGNA HLUTABRÉFA

1. ÞÁTTUR

Breytingar sem háðar eru samþykki lögbærra yfirvalda („veigamiklar“)

1. Viðbætur við notkunarsvið matskerfs til að ná yfir:

   a) áhættuskuldbindingar í viðbótarrekstrareiningu sem hafa sömu tegund afurðar eða loforðsgjafa,

   b) áhættuskuldbindingar af viðbótartegund afurðar eða loforðsgjafa, nema viðbótartegundin af afurð eða loforðsgjafa falli innan notkunarsviðs samþykkts matskerfis byggðu á viðmiðunum sem um getur í i. og ii. lið c-liðar,

   c) viðbótar áhættuskuldbindingar sem tengjast ákvörðun þriðja aðila um lánveitingu til samstæðunnar, að því undanskyldu að stofnunin geti sannað að viðbótar áhættuskuldbindingarnar falli innan notkunarsviðs samþykkts matskerfis, byggðu á öllum eftirfarandi viðmiðunum:

      i. „trúverðugleika“ gagnanna sem notuð eru til að smíða líkanið fyrir röðun áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn að því er tekur til lykileinkennanna á viðbótaráhættuskuldbindingum stofnunarinnar þegar ákvörðunin um lánveitinguna hefur verið tekin af þriðja aðila, samkvæmt c-lið 174. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      ii. „samanburðarhæfi“ þýðis áhættuskuldbindinga í gögnunum sem notuð eru fyrir matið, lánastaðlanna sem notaðir voru þegar gögnin voru útbúin og annarra viðeigandi einkenna við þau í viðbótaráhættuskuldbindingunum, þegar ákvörðunin um lánveitingu hefur verið tekin af þriðja aðila, samkvæmt d-lið 1. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

   Í þeim tilgangi að styrkja „trúverðugleika“ og „samanburðarhæfi“, sbr. i.- og ii.-lið fyrstu málsgreinar, skulu stofnanir leggja fram heildstæða lýsingu á viðmiðunum og ráðstöfunum sem beitt er.

2. Framlenging notkunarsviðs eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar af hlutabréfum yfir á eina af eftirfarandi tegundum áhættuskuldbindinga:

   a) áhættuvegnu einföldu aðferðina, skv. 2. mgr. 155. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) PD/LGD aðferðina, skv. 3. mgr. 155. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   c) tímabundna, að hluta til notaða, ákvæðið, skv. 495. mgr. 155. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   d) sömu tegund afurðar í viðbótarrekstrareiningu,

   e) viðbótartegund afurðar, að því undanskyldu að stofnunin geti sannað að hún falli undir notkunarsvið eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar af hlutabréfum sem til staðar er.

2. ÞÁTTUR

Breytingar sem háðar eru fyrirframtilkynningu til lögbærra yfirvalda

1. Takmörkun á notkunar- eða gildissviði matskerfis.

2. Takmörkun á notkunarsviði eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar af hlutabréfum.

3. Viðbót við notkunarsvið matskerfis sem hægt er að sýna framá að falli ekki undir 1. lið 1. þáttar I. hluta þessa viðauka.

4. Viðbót við notkunarsvið eiginlíkansaðferðar fyrir áhættuskuldbindingar af hlutabréfum þegar slík viðbót fellur ekki undir 2. lið 1. þáttar I. hluta þessa viðauka.

II. HLUTI

BREYTINGAR Á MATSKERFUM EÐA EIGINLÍKANSAÐFERÐUM FYRIR ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR VEGNA HLUTABRÉFA

1. ÞÁTTUR

Breytingar sem háðar eru samþykki lögbærra yfirvalda („veigamiklar“)

1. Breytingar á aðferðafræðinni við að raða áhættuskuldbindingum í áhættuflokka og matskerfi. Þar á meðal:

   a) breytingar á aðferðafræðinni sem notuð er til að raða áhættuskuldbindingum í mismunandi áhættuskuldbindingaflokka, skv. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) breytingar á aðferðafræðinni sem notuð er til að raða loforðsgjafa eða viðskiptum í matskerfi skv. 1. mgr. 169. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

2. Eftirfarandi breytingar á algrímunum og aðferðunum sem notuð eru til: flokkunar loforðsgjafa í þrep eða söfn, flokkunar áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn gerninga eða magngreiningar áhættunnar af vanskilum loforðsgjafa eða tengdu tapi („breytingar á matsaðferðafræðinni fyrir kerfi innramatsaðferða“):

   a) breytingar á aðferð við líkanasmíðina fyrir flokkun loforðsgjafa í þrep eða söfn og/eða áhættuskuldbindinga í þrep eða söfn gerninga, skv. 1. mgr. 171. gr. og a- til d-lið 1. mgr. 172. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) breytingar á aðferð stofnunarinnar við beitingu á meginreglunni um „einn loforðsgjafa – eitt mat“, skv. e-lið 1. mgr. 172. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   c) breytingar á forsendum matskerfisins að baki mötum sem tengjast því hve stór breyting á efnahagsaðstæðum væntanlega leiðir til þess að mikill fjöldi áhættuskuldbindinga, loforðsgjafa eða gerninga færist nettó milli þrepa eða safna líkansins, gagnstætt flutningi aðeins nokkurra áhættuskuldbindinga, loforðsgjafa eða gerninga sem eingöngu stafar af einkennum hvers um sig sem skilgreind eru, hvað varðar umfang og mikilvægi, af stofnuninni,

   d) breytingar á matsviðmiðunum, eins og um getur í c- og e-lið 1. mgr. 170. gr. og 4. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og/eða vogun, röð eða stigskiptingu þeirra, ef annaðhvort eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

      i. þær breyta röðuninni, sem um getur í c-lið 1. mgr. og c-lið 3. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með marktækum hætti, þar sem umfang og stig hefur verið skilgreint af stofnuninni,

      ii. þær breyta dreifingu loforðsgjafa, gerninga eða áhættuskuldbindinga milli þrepa eða safna, skv. d- og f-lið 1. mgr. 170. gr. og b-lið 3. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með marktækum hætti, þar sem umfang og stig hefur verið skilgreint af stofnuninni,

   e) innleiðing eða afturköllun á ytra mati sem meginþætti í ákvörðun röðunar á innra mati, skv. 2. mgr. 171. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   f) breyting á grundvallaraðferðafræðinni við að meta líkur á vanefndum (PD), tap að gefnum vanefndum (LGD), þ.m.t. á besta mati á væntu tapi, og á breytistuðlum, skv. 180., 181. og 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. aðferðafræðinni til að leiða út varúðarvikmörk sem tengjast væntu bili matsskekkja, skv. f-lið 1. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Fyrir tap að gefnum vanefndum og breytistuðla felur þetta einnig í sér breytingar á aðferðafræðinni fyrir reikningsskil við efnahagssamdrátt, skv. b-lið 1. mgr. 181. gr. og b-lið 1. mgr. 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   g) að taka viðbótartegundir trygginga með við mat á tapi að gefnum vanefndum, skv. c- til g-lið 1. mgr. 181. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef meðhöndlun þeirra er frábrugðin aðferðum sem þegar hafa verið samþykktar.

3. Breytingar á skilgreiningunni á vanskilum, skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Breytingar á fullgildingaraðferðafræðinni og/eða -ferlunum sem leiða til breytinga á áliti stofnunarinnar á nákvæmni og samkvæmni matsins á viðkomandi áhættubreytum, matsferlunum eða frammistöðu matskerfa þeirra, skv. a-lið 185. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. Breytingar á eiginlíkansaðferðum fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa. Þar á meðal:

   a) breytingar í líkanasmíði vágildisgreiningar til að meta fjárhæðir áhættuvegnu áhættuskuldbindinganna fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, skv. 4. mgr. 155. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) breytingar á aðferðafræðinni við að aðlaga mat á mögulegu tapi til að ná viðunandi stigi raunsæis og/eða varfærni, eða breytingar á greiningaraðferðinni til að umbreyta gögnum frá styttra tímabili yfir í ársfjórðungsleg gögn, skv. a-lið 186. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) breytingar á greiningu líkansins á veigamiklum áhrifaþáttum áhættu að teknu tilliti til hins tiltekna áhættusniðs og margbreytileika , þ.m.t. frávik frá línuleika í hlutabréfasafni stofnunarinnar, skv. b- og c-lið 186. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

d) breytingar á grundvallaraðferðafræðinni við vörpun einstakra staðna yfir í verðvísbendingar, markaðsvísitölur og áhættuþætti, skv. d-lið 186. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. ÞÁTTUR

Breytingar sem háðar eru fyrirframtilkynningu til lögbærra yfirvalda

1. Breytingar á meðhöndlun á keyptum viðskiptakröfum, skv. 6. og 7. lið 153. gr. og 5. lið 154. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Eftirfarandi breytingar á matsaðferðafræðinni fyrir kerfi innramatsaðferða:

a) breytingar á innri aðferðum og viðmiðunum fyrir að fá sértækum lánaáhættuskuldbindingum áhættuvog, skv. 5. mgr. 153. gr. og 2. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) breytingar frá notkun á beinu mati á áhættuþáttum fyrir einstaka loforðsgjafa eða áhættuskuldbindingar yfir í notkun á sérstökum matskvarða eða öfugt, skv. 3. mgr. 169. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka,

c) breytingar á matskvarðanum hvað varðar fjölda eða samsetningu matsþrepa, skv. 1. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 2. þætti II. hluta þessa viðauka,

d) breytingar á matsviðmiðunum og/eða vog eða stigskiptingu þeirra, skv. c- og e-lið 1. mgr. 170. gr. og 4. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar, skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka,

e) breytingar á þrep- eða safnsskilgreiningunum eða viðmiðunum, skv. 1. mgr. 171. gr. og 172. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar, skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka,

f) breytingar á umfangi upplýsinga sem notaðar eru til að flokka loforðsgjafa í þrep eða söfn, skv. 2. mgr. 171. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eða þegar nýjar viðbótarupplýsinga eru teknar með í líkan fyrir mat á breytum skv. d-lið 1. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

g) breytingar á reglunum og ferlunum fyrir notkun frávika, skv. 3. mgr. 172. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka,

h) breytingar á aðferðafræðinni við að meta líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum, þ.m.t. á besta mati á væntu tapi og breytistuðlum, skv. 180., 181. og 182 . gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. aðferðafræðinni til að leiða út varúðarvikmörk sem tengjast væntu bili matsskekkja, skv. f-lið 1. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka. Fyrir tap að gefnum vanefndum og breytistuðla felur þetta einnig í sér breytingar á aðferðafræðinni við reikningsskil vegna efnahagssamdráttar, skv. b-lið 1. mgr. 181. gr. og b-lið 1. mgr. 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

i) breytingar á því hvernig eða að hve miklu leyti gerð er grein fyrir skilyrtum ábyrgðum í mati á tapi að gefnum vanefndum skv. c-lið 1. mgr. 183. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

j) að taka viðbótartegundir tryggинga með við mat á tapi að gefnum vanefndum, skv. c- til g-lið 1. mgr. 181. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka,

k) ef stofnun varpar innri þrepum sínum á kvarðann sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki notar og tengir síðan vanskilahlutfallið fyrir þrep utanaðkomandi stofnunar við þrep stofnunarinnar, skv. f-lið 1. mgr. 180. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, breytingar í vörpuninni sem notuð er í þessum tilgangi, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka.

3. Breytingar á fullgildingaraðferðafræðinni og/eða -ferlinu, skv. 185. og 188. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef þær eru þegar flokkaðar sem veigamiklar skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka.

4. Breytingar á ferlum. Þar á meðal:

   a) breytingar á eftirlitseiningunni vegna útlánaáhættu að því er varðar stöðu hennar innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar og ábyrgð hennar, skv. 190. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) breytingar á stöðu fullgildingareiningarinnar innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar og ábyrgðum hennar, skv. 1. og 2. mgr. 190. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   c) breytingar á aðstæðum innra skipulags eða eftirlits eða á lykilferlum sem hafa mikilsháttar áhrif á matskerfið.

5. Breytingar á gögnunum. Þar á meðal:

   a) ef stofnun byrjar eða hættir að nota gögn sem safnað er þvert yfir stofnanir, skv. 2. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) breyting á gagnalindunum sem notaðar eru við að skipa áhættuskuldbindingum í þrep eða söfn eða við mat á breytum, skv. a-lið 5. mgr. 176. gr. og a-lið 4. mgr. 175. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   c) breyting á lengd og samsetningu tímaraða sem notaðar eru við mat á breytum, skv. a-lið 1. mgr. 179. gr., sem fara umfram árlega innfærslu nýjustu athugana nema ef hún er þegar flokkuð sem veigamikil skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka.

6. Breytingar á notkun líkana, ef stofnun byrjar að nota mat á áhættuþáttum vegna innri viðskipta sem ekki er það sama og notað er í eftirlitsskyni og, ef það hafði ekki áður verið tilfellið, innan viðmiðananna sem settar eru fram skv. 1. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

7. Breytingar á eiginlíkansaðferðum fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa. Þar á meðal:

   a) breytingar á gögnunum sem notuð eru til að sýna úthlutun hagnaðar af áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa samkvæmt eiginlíkansaðferðinni í a-lið 186. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) breytingar á aðstæðum innra skipulags eða eftirlits eða á lykilferlum sem hafa mikilsháttar áhrif á eiginlíkansaðferð fyrir áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

———

II. VIÐAUKI

VIÐBÆTUR VIÐ OG BREYTINGAR Á ÞRÓUÐU MÆLIAÐFERÐINNI

I. HLUTI

1. ÞÁTTUR

Viðbætur sem háðar eru samþykki lögbærra yfirvalda („veigamiklar“)

1. Fyrsta innleiðing ráðstafana til að ná yfir vænt tap í viðskiptaháttum stofnunarinnar, skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. Fyrsta innleiðing aðferða til að milda rekstraráhættu eins og tryggingar eða önnur tilhögun við yfirfærslu áhættu, skv. 1. mgr. 323. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Fyrsta greining á fylgni í tapi vegna rekstraráhættu, skv. d-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Fyrsta innleiðing á aðferðafræði til að ráðstafa rekstraráhættufé meðal mismunandi eininga samstæðunnar, skv. b-lið 1. mgr. 20. gr. og a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. Innleiðingin á þróuðu mæliaðferðinni í fleiri hlutum stofnunarinnar eða fleiri stofnana sem samþykkið eða samþykkta áætlunin um upptöku nær ekki enn yfir, skv. 1. mgr. 314. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar þessi viðbótarsvið eru meira en 5% af móðurstofnuninni í ESB á samstæðustigi eða af stofnuninni sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag.

Útreikningurinn hér að ofan skal gerður við lok undangengis fjárhagsárs með því að nota viðkomandi mælikvarða sem úthlutað er til sviðanna þar sem þróaða mæliaðferðin verður tekin upp, eins og skilgreint er í 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2. ÞÁTTUR

Viðbætur sem háðar eru fyrirframtilkynningu til lögbærra yfirvalda

Innleiðingin á þróuðu mæliaðferðinni í fleiri hlutum stofnunarinnar eða fleiri stofnana sem samþykkið eða hin samþykkta áætlun um upptöku nær ekki enn yfir, skv. 1. mgr. 314. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar þessi viðbótarsvið, að því er varðar móðurstofnunina í ESB á samstæðustigi eða stofnunina sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag, eru hvort tveggja af eftirfarandi:

a) meira en 1%,

b) 5% eða minna.

Útreikningurinn hér að ofan skal gerður við lok undangengis fjárhagsárs með því að nota viðkomandi mælikvarða sem úthlutað er til sviðanna þar sem þróaða mæliaðferðin verður tekin upp, eins og skilgreint er í 316. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

II. HLUTI

BREYTINGAR Á ÞRÓUÐU MÆLIAÐFERÐINNI

1. ÞÁTTUR

Breytingar sem háðar eru samþykki lögbærra yfirvalda („veigamiklar“)

1. Breytingar á skipulags- og rekstrargerð sjálfstæðu áhættustýringardeildarinnar vegna rekstraráhættu, skv. 321. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem draga úr getu rekstraráhættustýringardeildarinnar til að hafa umsjón með og veita upplýsingar í ákvarðanatökuferli fyrirtækisins og styðja einingarnar sem þær stjórna.

2. Breytingar á matskerfi vegna rekstraráhættu ef þær uppfylla einhverja eftirfarandi viðmiðun:

   a) þær breyta uppbyggingu matskerfisins í tengslum við samsetningu gagnastakanna fjögurra fyrir innra og ytra tap, sviðsmyndagreiningu, viðskiptaumhverfis og innri eftirlitsþátta, skv. b-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) þær breyta rökunum og áhrifaþáttunum í aðferðafræðinni við ráðstöfun rekstraráhættufjárins milli mismunandi eininga samstæðunnar, skv. b-lið 1. mgr. 20. gr. og a-liðar 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Breytingar á verklagsreglum varðandi innri og ytri gögn, sviðsmyndagreiningu og viðskiptaumhverfi og innri eftirlitsþáttum þegar þær:

   a) draga úr umfangi eftirlits að því er varðar heildstæðni og gæði rekstraráhættugagna sem safnað er skv. 3. og 4. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   b) breyta ytri gagnalind sem nota á í mælikerfinu, skv. 4. og 5. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema gögnin séu samanburðarhæf og dæmigerð fyrir rekstraráhættusniðið.

4. Breytingar á almennu aðferðinni um hvernig tekið er tillit til tryggingarsamninga og/eða annarra aðferða við yfirfærslu áhættu í útreikningnum á eignfjárkröfu þróuðu mæliaðferðarinnar skv. 1. mgr. 323. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. Dregið er úr þeim hluta af rekstraráhættunni sem þróaða mæliaðferðin nær yfir innan stofnunarinnar eða flokks stofnana sem nota þróuðu mæliaðferðina, skv. 2. og 3. mgr. 314. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar öðru eftirfarandi skilyrða er fullnægt:

   a) sviðin þar sem þróuðu mæliaðferðinni verður ekki lengur beitt standa fyrir meira en 5% af heildarkröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir rekstraráhættu móðurstofnunar í ESB á samstæðustigi eða stofnunar sem hvorki er móðurfélag né dótturfélag,

   b) fækkun sviðanna sem þróaða mæliaðferðin nær yfir leiðir til þess að þróaða mæliaðferðin er notuð á hluta stofnunarinnar sem samsvarar lægra prósentuhlutfalli en þess sem krafist er af lögbæru yfirvaldi skv. 3. mgr. 314. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

Þessi útreikningur skal gerður þegar stofnunin sækir um breytinguna og byggjast á eiginfjárkröfunni sem reiknuð er út við lok undangengis fjárhagsárs.

2. ÞÁTTUR

Breytingar sem háðar eru fyrirframtilkynningu til lögbærra yfirvalda

1. Breytingar á því hvernig matskerfið fyrir rekstraráhættu er fellt inn í daglega stjórnunarferla í gegnum rekstraráhættuferla og -stefnu, skv. a- og c-lið 321. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar breytingarnar hafa annað af eftirfarandi einkennum:

   a) þær breyta því hve mikið rekstraráhættumatskerfið leggur af mörkum til viðeigandi upplýsinga í áhættustýringu stofnunarinnar og tengdu ákvarðanatökuferli, þ.m.t. samþykki á nýjum afurðum, kerfum og ferlum, og skilgreiningu á þolmörkum rekstraráhættunnar,

   b) þær draga úr umfangi, flokkum viðtakanda og tíðni tilkynningakerfisins við að upplýsa alla viðeigandi hluta stofnunarinnar um niðurstöður rekstraráhættumælikerfisins og ákvarðanir sem teknar eru til að bregðast við veigamiklum rekstraráhættuatburðum.

2. Breytingar á skipulags- og rekstrargerð sjálfstæðu áhættustýringardeildarinnar vegna rekstraráhættu, skv. b-lið 321. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef þær uppfylla einhverja af eftirfarandi viðmiðunum:

   a) þær lækka stig rekstraráhættustýringardeildarinnar eða yfirmanns hennar í stigskiptingunni,

   b) þær leiða til verulegrar fækkunar á skyldum og ábyrgðum rekstraráhættustýringardeildarinnar,

   c) þær auka við skyldur og ábyrgðir rekstraráhættustýringardeildarinnar, nema engir hagsmunaárekstrar séu til staðar og viðeigandi viðbótarfjármagn sé veitt til rekstraráhættustýringardeildarinnar,

   d) þær leiða til lækkunar á tiltækum tilföngum, með tilliti til rekstrarkostnaðar og starfsmannafjölda, um meira en 10% í stofnuninni eða samstæðunni, frá veitingu síðasta samþykkis, skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema tiltæk tilföng, með tilliti til rekstrarkostnaðar og starfsmannafjölda, á stofnunar- eða samstæðustigi, hafi verið lækkuð um sama hlutfall.

3. Breytingar á fullgildingarferlum og innri endurskoðun, skv. e- og f-lið 321. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef þær breyta rökunum og aðferðafræði fyrir innri fullgildingu eða endurskoðun á ramma þróuðu mæliaðferðarinnar.

4. Breytingar á útreikningnum á eiginfjárkröfunni vegna rekstraráhættu sem breytir einu af eftirfarandi:

   a) samsetningu og einkennum gagnasafnsins sem notað er fyrir útreikninginn á eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu („gagnasafn fyrir útreikning“), þ.m.t. einhverju af eftirfarandi:

      i. skilgreiningunni á brúttófjárhæðum taps sem nota á í gagnasafninu fyrir útreikninginn skv. d-lið 3. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      ii. viðmiðunardagsetningu tapatburða sem nota á í gagnasafninu fyrir útreikninginn skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      iii. aðferðinni sem notuð er til að ákvarða lengd tímaraðanna fyrir gögn um tap sem nota á í gagnasafninu fyrir útreikninginn skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      iv. viðmiðununum fyrir tapi samstæðu sem orsakast af almennum rekstraráhættuatburði eða tengdum atburðum yfir tíma skv. b- og e-lið 3. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      v. fjöldanum eða tegund áhættuflokkanna, eða tilsvarandi, sem eiginfjárkrafan vegna rekstraráhættu er reiknuð eftir,

      vi. aðferðinni við ákvörðun á viðmiðunarmarki taps en fyrir ofan það er líkanið sniðið að gögnunum skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      vii. eftir atvikum, aðferðinni við að ákvarða viðmiðunarmarkið fyrir aðgreiningu þykkvis og hala (*e. body and tail*) gagnanna, þegar þau eru sniðin með mismunandi aðferðum skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      viii. ferlunum og viðmiðunum við mat á mikilvæginu, við kvörðun eða við aðrar aðlaganir að gögnunum um rekstraráhættu skv. f-lið 3. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      ix. breytir ytri gagnalindinni sem nota á innan matskerfisins skv. 4. og 5. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, nema ef hún er þegar flokkuð sem veigamikil skv. 1. þætti II. hluta þessa viðauka,

   b) viðmiðunum fyrir vali, uppfærslu og endurskoðun á úthlutunum sem notaðar hafa verið og aðferðum við matið á þáttum þeirra skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   c) viðmiðunum og verklagi við ákvörðun á úthlutun samanlagðs taps og við útreikninginn á viðeigandi mat á rekstraráhættu á eftirlitsskylda öryggisstiginu skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   d) aðferðafræði fyrir ákvörðun á væntu tapi og með hvaða hætti það er tekið með innan innri viðskiptahátta skv. a-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

   e) aðferðafræði um hvernig fylgni í tapi vegna rekstraráhættu yfir einstök möt á rekstraráhættu er fært, skv. d-lið 2. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. Breytingar á stöðlunum varðandi innri gögn, sviðsmyndagreiningu og viðskiptaumhverfi og innri eftirlitsþætti ef þær:

   a) breyta innri ferlum og viðmiðunum fyrir söfnun gagna um innra tap, skv. 3. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. einhverju af eftirfarandi:

      i. hækkun viðmiðunarmarksins fyrir söfnun gagna um innra tap skv. c-lið 3. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

      ii. aðferðir eða viðmiðanir fyrir undanþágu á starfsemi eða áhættuskuldbindingum frá gildissviði innri gagnasöfnunar, skv. c-lið 3. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

   b) breyta innri ferlum og viðmiðunum fyrir eitt af eftirfarandi:

      i. framkvæmd sviðsmyndagreiningar, skv. 5. mgr. 322. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013,

      ii. ákvörðun viðskiptaumhverfis og innri eftirlitsþátta, skv. 6. mgr. 322. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6. Breytingar á stöðlunum sem tengjast tryggingum og öðrum aðferðum við yfirfærslu áhættu, skv. 323. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef þær uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum:

   a) þær valda verulegri breytingu á tryggingastiginu,

   b) þær breyta ferlunum og viðmiðunum fyrir útreikningi á frádragi færðrar tryggingarfjárhæðar, sem innleiddar eru til að ná utan um greiðsluóvissuna, misræmið í tryggingavernd, eftirstöðvatíma og uppsagnarfrest tryggingasamningsins þegar hann er skemmri en eitt ár skv. 4. mgr. 323. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

7. Viðeigandi breytingar á upplýsingatæknikerfunum sem notuð eru til að beita þróuðu mæliaðferðinni, þ.m.t. söfnun gagna og meðhöndlun þeirra, verklagi við skýrslugjöf og matskerfinu fyrir rekstraráhættu, skv. 2. mgr. 312. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og almennum áhættustýringarstöðlum settum fram í 74. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sem skerða heildstæði gagnanna eða upplýsingatæknikerfanna og aðgang að þeim.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 530/2014 **2020/EES/50/36**

frá 12. mars 2014

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 530/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina frekar veigamiklar áhættuskuldbindingar og viðmiðunarmörk fyrir innri aðferðir vegna sértækrar áhættu í veltubók (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum í þriðja undirlið 4. mgr. 77. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er eingöngu vísað til „skuldagerninga“ og þess vegna ætti ekki að taka eiginfjárgerninga í veltubókinni með í matinu á mikilvægi sértækrar áhættu.

2) Mikilvægi áhættuskuldbindinga vegna sértækrar áhættu að raungildi ætti að mæla með því að beita stöðluðum reglum við útreikning á hreinni stöðu skuldagerninga. Í því mati ætti að meta bæði hreinar gnótt- og skortstöður, reiknaðar út í samræmi við 1. mgr. 327. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]), eftir niðurfærslu vegna áhættuvarna sem lánaafleiður veita í samræmi við 346. og 347. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3) Í fyrstu undirgrein 3. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er fjallað um sértæka áhættu í veltubókinni sem varðar „mikinn fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda“. Reglur þessar kveða því á um mikilvægismörk vegna mikils fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda, skv. 4. mgr. 77. gr. þeirrar tilskipunar.

4) Reglugerð þessi byggist á frumvörpum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvörpin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]),

SAMÞYKKT REGLUGER Ð ÞESSA:

1. gr.

Skilgreining á „óvarinn fyrir sértækri áhættu sem er veruleg að raungildi“ skv. 4. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB

Að stofnun sé óvarin gegn sértækri áhættu af skuldagerningum skal vera talin veruleg að raungildi þegar samtala allra hreinna gnóttstaðna og hreinna skortstaðna er meiri en 1 000 000 000 evrur, sbr. 327. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Skilgreining á „miklum fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda“ skv. 4. mgr. 77. gr. tilskipunar 2013/36/ESB

Sértæk áhætta eignasafns stofnunar skal talin ná yfir mikinn fjölda mikilvægra staðna í skuldagerningum mismunandi útgefenda þegar eignasafnið inniheldur meira en 100 stöður, sem hver er stærri en 2 500 000 evrur, hvort sem þessar stöður eru hreinar gnóttstöður eða hreinar skortstöður, sbr. 327. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 625/2014 **2020/EES/50/37**

frá 13. mars 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 með tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur fyrir fjárfestastofnanir, umsýslustofnanir, upphaflega lánveitendur og útgáfustofnanir að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 2. mgr. 410. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðið með því halda eftir fjárhagslegri hlutdeild er að samræma hagsmuni þeirra aðila sem annars vegar yfirfæra útlánaáhættu af verðbréfuðum áhættuskuldbindingum og hins vegar þeirra sem taka á sig þessa áhættu. Þegar aðili verðbréfar sínar eigin skuldbindingar samræmast hagsmunir sjálfkrafa, óháð því hvort endanlegur skuldari veðtryggir skuld sína. Þegar ljóst er að útlánaáhættan helst hjá upphafsaðila er óþarfi fyrir hann að halda eftir hlutdeild þar sem það myndi ekki bæta fyrirliggjandi stöðu.

2) Rétt þykir að skýra hvenær áhættuskuldbinding vegna yfirfærðrar útlánaáhættu telst eiga sér stað í tilteknum sérstökum tilvikum þar sem stofnanir, aðrar en þær sem koma fram sem upphafsaðili, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi, geta staðið frammi fyrir útlánaáhættu af verðbréfaðri stöðu, þ.m.t. þegar stofnanir koma fram sem mótaðili í afleiðugerningi í verðbréfunarviðskiptunum, sem mótaðili í áhættuvörn í verðbréfunarviðskiptunum, sem lausafjárfyrirgreiðsluveitandi í viðskiptunum og þegar stofnanir halda verðbréfuðum stöðum í veltubókinni í tengslum við starfsemi viðskiptavaka.

3) Í endurverðbréfunarviðskiptum gerist yfirfærsla útlánaáhættu á stigi fyrstu verðbréfunar eignanna og á öðru stigi „endurpökkunar“ viðskiptanna. Þau tvö stig viðskiptanna og tilsvarandi tvö tilvik yfirfærslu á útlánaáhættu eru óháð að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Á hverju stigi viðskiptanna ættu stofnanir sem verða óvarðar fyrir yfirfærðri útlánaáhættu á því tiltekna stigi, að tryggja að haldið verði eftir hreinni, fjárhagslegri hlutdeild og að gerð verði áreiðanleikakönnun. Ef stofnun stendur aðeins frammi fyrir áhættu af seinna, „endurpakkaða“ stigi viðskiptanna, þá ættu kröfurnar sem varða eftirhald í hreinni, fjárhagslegri hlutdeild og áreiðanleikakönnun því aðeins við um þá stofnun í tengslum við seinna stig viðskiptanna. Innan sömu endurverðbréfunarviðskipta ættu þær stofnanir sem urðu óvarðar fyrir fyrsta stigi verðbréfunar á eignunum að hlíta kröfunum um eftirhald og áreiðanleikakönnun í tengslum við fyrsta stig verðbréfunar í viðskiptunum.

4) Rétt þykir að tilgreina nánar hvernig eftirhaldsskuldbindingunni skuli beitt, þ.m.t. framfylgd hennar þegar í hlut eiga fleiri upphafsaðilar, umsýsluaðilar eða upphaflegir lánveitendur, sem og atriði varðandi mismunandi eftirhaldsvalkosti, hvernig mæla á eftirhaldskröfuna við útgáfu og reglulega eftir það, og jafnframt hvernig beita eigi undanþágunum.

5) Í ákvæðum a- til e-liðar 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er kveðið á um ýmsa valkosti um hvernig uppfylla megi kröfuna um eftirhald í hlutdeild. Í þessari reglugerð eru aðferðirnar sem nota skal til að fylgja hverjum þessara valkosta útskýrðar nánar.

6) Hægt er að halda eftir hlutdeild með gervieftirhaldi eða skilyrtu eftirhaldi, að því tilskildu að slíkar aðferðir séu að öllu leyti í samræmi við valkostina sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og sem hægt er að jafna gervieftirhaldinu eða skilyrta eftirhaldinu saman við, og að því tilskildu að tryggt sé að kröfunum um birtingu upplýsinga sé framfylgt.

7) Bannað er að áhættuverja eða selja hlutdeildina sem haldið er eftir þar sem þær aðferðir grafa undan tilganginum með hlutdeildarkröfunni sem þýðir að hægt sé að leyfa þær þegar þær áhættuverja ekki eftirhaldsaðilann gegn útlánaáhættunni af annaðhvort hinum verðbréfuðu stöðum sem haldið er eftir eða áhættuskuldbindingunum sem haldið er eftir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

8) Til að tryggja áframhaldandi hald á hreinni, fjárhagslegri hlutdeild ættu stofnanir að tryggja að ekkert innbyggt fyrirkomulag í uppbyggingu verðbréfunarinnar hafi í för með sér að lágmarkshlutdeildarkrafan í upphafi lækki óhjákvæmilega hraðar en hlutdeildin sem er yfirfærð. Á sama hátt ætti ekki að setja hlutdeildina sem haldið er eftir, í forgang með tilliti til sjóðstreymis til að hagnast af endurgreiðslu eða afskriftum þannig að hún falli niður fyrir 5% af áframhaldandi nafnvirði seldu áhættulaganna (*e. tranches*) eða verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna. Enn fremur ætti stuðningur vegna aukins lánshæfis sem veitt er stofnuninni sem tekur á sig áhættu vegna verðbréfaðrar stöðu ekki að lækka óeðlilega mikið miðað við endurgreiðsluhlutfallið á hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum.

9) Stofnanir ættu að geta notað fjármálalíkön þróuð af þriðja aðila, öðrum en utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, til að draga úr stjórnsýslubyrði og kostnaði við að uppfylla skuldbindingarnar um áreiðanleikakönnun. Stofnanir ættu eingöngu að nota fjármálalíkön þriðja aðila þegar þær hafa, áður en þær fjárfesta, gaumgæfilega sannreynt viðkomandi forsendur fyrir og uppbyggingu á líkaninu og skilið aðferðafræðina, forsendur og niðurstöður slíkra líkana.

10) Nauðsynlegt er að skilgreina nánar hve oft stofnanir ættu að endurskoða reglufylgni sína við kröfurnar um áreiðanleikakönnun, hvernig meta eigi hvort notkun á ólíkum stefnum og aðferðum innan og utan veltubókar séu viðeigandi, hvernig meta eigi reglufylgni þegar stöðurnar eiga við fylgniviðskiptasafnið og skýra tiltekin hugtök í 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eins og „áhættueinkenni“ og „kerfislægir þættir“.

11) Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ættu aðilar með staðfestu í þriðju löndum sem tilheyra samstæðunni, í samræmi við 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en falla ekki beint innan gildissviðs viðbótaráhættuvogar, við vissar afmarkaðar aðstæður, eins og þegar áhættuskuldbindingum er haldið í veltubókinni vegna starfsemi viðskiptavaka, ekki að teljast brjóta gegn 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Ekki ætti að líta svo á að stofnanir brjóti gegn þeirri grein þegar slíkar áhættuskuldbindingar eða stöður í veltubókinni eru ekki verulegar og mynda ekki óhóflega stóran hluta af veltuviðskiptunum, að því tilskildu að haldgóð þekking sé til staðar á áhættuskuldbindingunum og stöðunum, og að formlegum stefnum og verklagsreglum sem eiga við og eru í samræmi við heildaráhættusnið þeirrar einingar og samstæðunnar hafi verið hrundið í framkvæmd.

12) Upphafleg og áframhaldandi birting upplýsinga til fjárfesta um umfang skuldbindinga um eftirhald og öll mikilvæg gögn þar að lútandi, þ.m.t. um útlánagæðin og árangur hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar, er nauðsynleg fyrir árangursríka áreiðanleikakönnun á hinum verðbréfuðu stöðum. Birt gögn ættu að innihalda atriði varðandi auðkenni eftirhaldsaðilans, eftirhaldsvalkostinn sem valin er og upprunalega og áframhaldandi skuldbindingu um að viðhalda fjárhagslegri hlutdeild. Þegar undanþágur sem kveðið er á um í 3. og 4. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við, ætti með skýrum hætti að birta upplýsingar um verðbréfaðar áhættuskuldbindingar þar sem hlutdeildarkrafan á ekki við og um ástæðuna fyrir frávikinu.

13) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

14) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

SKILGREININGAR OG ÁHÆTTA AF VERÐBRÉFUN

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „eftirhaldsaðili“: aðili sem kemur fram sem upphafsaðili, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi sem heldur eftir hreinni, fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfuninni í samræmi við 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) „gervieftirhald“: eftirhald á fjárhagslegri hlutdeild með notkun afleiðugerninga,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

c) „skilyrt eftirhald“: eftirhald á fjárhagslegri hlutdeild með notkun trygginga, ábyrgðar og annarra svipaðra leiða til aukins lánshæfis sem tryggir tafarlausa framfylgd eftirhaldsins,

d) „lóðrétt áhættulag“: áhættulag sem gerir handhafa áhættulagsins óvarinn fyrir útlánaáhættu af hverju útgefnu áhættulagi af verðbréfunarviðskiptunum í réttu hlutfalli.

II. KAFLI

ÚTLÁNAÁHÆTTA AF VERÐBRÉFAÐRI STÖÐU

2. gr.

Einstök tilvik útlánaáhættu af verðbréfaðri stöðu

1. Ef stofnun gegnir hlutverki mótaðila í lánaafleiðu eða mótaðila sem veitir áhættuvörnina eða þess sem útvegar lausafjárfyrirgreiðslu að því er varðar verðbréfunarviðskipti skal hún teljast bera útlánaáhættu af verðbréfaðri stöðu þegar afleiðan, áhættuvörnin eða lausafjárfyrirgreiðslan tekur á sig útlánaáhættuna af verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum eða verðbréfuðu stöðunum.

2. Að því er varðar 405. og 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar lausafjárfyrirgreiðsla fylgir skilyrðunum sem tilgreind eru í 2. mgr. 255. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal veitandi lausafjár ekki talinn vera óvarinn fyrir útlánaáhættu af verðbréfaðri stöðu.

3. Í tengslum við endurverðbréfun á fleiri stigum en einu eða verðbréfun með fleiri aðskildum undirliggjandi viðskiptum skal stofnun eingöngu talin vera óvarin fyrir útlánaáhættu af þeirri einstöku verðbréfuðu stöðu eða þeim viðskiptum sem hún tekur á sig áhættuna af.

4. Ekki skal líta svo á að stofnanir brjóti gegn 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í samræmi við 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á samstæðugrunni, sé eftirfarandi skilyrðum mætt:

a) aðilinn sem heldur verðbréfuðu stöðunum er með staðfestu í þriðja landi og tilheyrir samstæðunni, í samræmi við 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) verðbréfuðu stöðunum er haldið í veltubók aðilans sem um getur í a-lið vegna starfsemi viðskiptavaka,

c) verðbréfuðu stöðurnar eru ekki umtalsverðar að því er varðar heildaráhættusniðið í veltubók stofnunarinnar sem um getur í a-lið og mynda ekki óhóflega stóran hluta af viðskiptastarfsemi samstæðunnar.

III. KAFLI

EFTIRHALD Á HREINNI, FJÁRHAGSEGRI HLUTDEILD

3. gr.

Aðilar sem halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild

1. Eftirhald á umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild skal ekki skipt á milli mismunandi tegunda af eftirhaldsaðilum. Krafan um að halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild skal uppfyllt að fullu af hverjum eftirfarandi:

a) upphafsaðilanum eða mörgum upphafsaðilum,

b) umsýsluaðilanum eða mörgum umsýsluaðilum,

c) upphaflega lánveitandanum eða mörgum upphaflegum lánveitendum.

2. Ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru stofnaðar af mörgum upphafsaðilum skal hlutdeildarkrafan uppfyllt af sérhverjum upphafsaðila fyrir sig, með tilliti til hlutfallsins af samanlögðum verðbréfuðum áhættuskuldbindingum sem hann er upphafsaðili að.

3. Ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru stofnaðar af mörgum upphaflegum lánveitendum skal hlutdeildarkrafan uppfyllt af sérhverjum upphaflegum lánveitanda fyrir sig, með tilliti til hlutfallsins af samanlögðum verðbréfuðum áhættuskuldbindingum sem hann er upphaflegur lánveitandi fyrir.

4. Þrátt fyrir 2. og 3. mgr., þegar verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar eru stofnaðar af mörgum upphafsaðilum eða mörgum upphaflegum lánveitendum, getur einstakur útgefandi eða einstakur upphaflegur lánveitandi uppfyllt hlutdeildarkröfuna að fullu, að því tilskildu að annaðhvort eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

a) upphafsaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn hefur stofnað til og stýrir áætluninni eða verðbréfunarfyrirkomulaginu,

b) upphafsaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn hefur komið áætluninni eða verðbréfunarfyrirkomulaginu á og hefur lagt af mörkum yfir 50% allra verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna.

5. Þegar fleiri umsýslustofnanir hafa séð um umsýslu á verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum skal hlutdeildarkrafan uppfyllt annaðhvort af:

a) umsýsluaðilanum með fjárhagslega hagsmuni sem samræmast hvað best fjárfestunum, eins og samþykkt er af mörgum umsýsluaðilunum á grundvelli hlutlægra viðmiðana, þ.m.t. gjaldtökuskipulagi, þátttöku í stofnun og stjórnun áætlunarinnar eða verðbréfunarfyrirkomulagsins og útlánaáhættu verðbréfunarinnar,

b) hlutfallslega af hverjum umsýsluaðila, með tilliti til fjölda umsýsluaðila.

4. gr.

Uppfylling hlutdeildarkröfunnar með gervieftirhaldi eða skilyrtu eftirhaldi

1. Uppfylla má hlutdeildarkröfuna á hátt sem jafngildir einum af þeim valkostum sem settir eru fram í öðrum undirlið 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 í gegnum gervieftirhald eða skilyrt eftirhald þegar eftirfarandi skilyrðum er mætt:

a) fjárhæðin sem haldið er eftir er a.m.k. jafnhá kröfunni samkvæmt þeim valkosti sem hægt er að jafna gervieftirhaldinu eða skilyrta eftirhaldinu við,

b) eftirhaldsaðilinn hefur gert skilmerkilega grein fyrir að hann muni, á áframhaldandi grundvelli, halda eftir umtalsverðri hreinni, fjárhagslegri hlutdeild með þessum hætti, þ.m.t. gefið nánari upplýsingar um form eftirhaldsins, aðferðafræðina sem notuð var við ákvörðun þess og hvernig hún jafngildir einum af þessum valkostum.

2. Þegar annar aðili en lánastofnun, eins og skilgreind er í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gegnir hlutverki eftirhaldsaðila í gegnum gervieftirhald eða skilyrt eftirhald, skal sett full veðtrygging í peningum fyrir hlutdeildinni sem haldið er eftir á grundvelli gervieftirhalds eða skilyrts eftirhalds og henni haldið aðskilinni sem „fjármunum viðskiptavina“, eins og um getur í 8. mgr. 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([1]).

5. gr.

Eftirhaldsvalkostur a): hlutfallslegt eftirhald í hverju áhættulagi sem selt er eða yfirfært til fjárfesta

1. Eftirhald á að lágmarki 5% af nafnvirði hvers áhættulags sem selt er eða yfirfært, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, getur einnig farið fram með eftirfarandi hætti:

a) eftirhaldi á að lágmarki 5% af nafnvirði hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar, að því tilskildu að útlánaáhætta af slíkum áhættuskuldbindingum flokkist jafngild eða undirskipuð útlánaáhættu sem verðbréfuð er fyrir sömu áhættuskuldbindingar. Ef um er að ræða hlaupandi verðbréfun, eins og skilgreint er í 13. mgr. 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, mun þetta gerast í gegnum eftirhald á hlutdeild upphafsaðila að því gefnu að hlutdeild upphafsaðilans sé að lágmarki 5% af nafnvirði hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar og flokkist jafngild eða undirskipuð útlánaáhættunni sem hefur verið verðbréfuð að því er varðar þessar sömu áhættuskuldbindingar,

b) veitingu lausafjárfyrirgreiðslu sem gæti verið í forgangi í samningsbundinni forgangsröðun til greiðslu í verðbréfun, í tengslum við eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlun, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. lausafjárfyrirgreiðslan nær yfir 100% af útlánaáhættunni í hinum verðbréfuðu áhættuskuldbindingum,

   ii. lausafjárfyrirgreiðslan nær yfir útlánaáhættuna svo lengi sem eftirhaldsaðilinn verður að halda eftir fjárhagslegri hlutdeild með hjálp slíkrar lausafjárfyrirgreiðslu fyrir viðkomandi verðbréfaða stöðu,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE, (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

iii. lausafjárfyrirgreiðslan er veitt af upphafsaðilanum, umsýsluaðilanum eða upphaflega lánveitandanum í verðbréfunarviðskiptunum,

iv. stofnunin, sem stendur frammi fyrir slíkri verðbréfun, hefur aðgang að viðeigandi upplýsingum svo hún geti sannreynt að i., ii. og iii. liður séu uppfylltir,

c) eftirhaldi í lóðréttu áhættulagi sem er að nafnvirði ekki er lægra en 5% af heildarnafnvirði allra útgefinna áhættulaga af skuldabréfum.

6. gr.

Eftirhaldsvalkostur b): eftirhald í hlutdeild upphafsaðilans að því er varðar hlaupandi áhættuskuldbindingar

Eftirhaldi, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, má ná með því að halda eftir að lágmarki 5% af nafnvirði af hverri verðbréfaðri áhættuskuldbindingu, að því tilskildu að útlánaáhættan af slíkum áhættuskuldbindingum sem haldið er eftir flokkist jafngild eða undirskipuð útlánáhættunni sem verðbréfuð er fyrir sömu áhættuskuldbindingar.

7. gr.

Eftirhaldsvalkostur c): eftirhald áhættuskuldbindinga sem valdar eru með slembiúrtaki

1. Safn a.m.k. 100 hugsanlegra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem eftirhaldnar og verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar eru valdar úr með slembiúrtaki, eins og getið er um í c-lið annars undirliðar 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal vera nægjanlega fjölbreytt til að koma í veg fyrir of mikla samþjöppun í hlutdeildinni sem haldið er eftir. Þegar valferlið er undirbúið skal eftirhaldsaðilinn taka tillit til viðeigandi megindlegra og eigindlegra þátta til að tryggja að aðgreiningin milli eftirhaldinna og verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sé raunverulega tilviljanakennd. Sá sem heldur eftir áhættuskuldbindingum sem eru valdar með slembiúrtaki skal, eftir því sem við á, taka tillit til þátta eins og árgangs, afurðar, landfræðilegrar legu, útgáfudagsetningar, gjalddaga, veðsetningarhlutfalls, tegund eignar, atvinnugreinar og útistandandi lánastöðu þegar hann velur áhættuskuldbindingar.

2. Eftirhaldsaðilinn skal ekki tiltaka ólíkar einstakar áhættuskuldbindingar sem eftirhaldnar áhættuskuldbindingar á mismunandi tímapunktum, nema það sé nauðsynlegt til að uppfylla hlutdeildarkröfuna í tengslum við verðbréfun þar sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar sveiflast yfir tíma, annaðhvort vegna þess að nýjum áhættuskuldbindingum er bætt við verðbréfunina eða vegna breytinga á stigi einstakra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga.

8. gr.

Eftirhaldsvalkostur d): eftirhald í fyrsta taplagi

1. Eftirhaldið í fyrsta taplaginu, í samræmi við d-lið annars undirliðar 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal uppfylla með annaðhvort stöðum innan eða utan efnahagsreiknings og einnig má uppfylla það með einhverju eftirfarandi:

a) skilyrtu formi eftirhalds, eins og um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr., eða lausafjárfyrirgreiðslu í tengslum við eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlun, sem uppfylla eftirfarandi viðmið:

   i. þau ná að lágmarki yfir 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna,

   ii. þau mynda fyrstu taplagsstöðu í tengslum við verðbréfunina,

   iii. þau ná yfir útlánaáhættuna allan þann tíma sem eftirhaldsskuldbindingin varir,

   iv. þau eru veitt af upphafsaðilanum, umsýsluaðilanum eða upphaflega lánveitandanum í verðbréfuninni,

   v. stofnunin, sem verður óvarin fyrir slíkri verðbréfun, hefur fengið aðgang að viðeigandi upplýsingum svo hún geti sannreynt að i., ii., iii. og iv. liður séu uppfylltir,

b) yfirveðsetningu, sem formi endurbóta á lánshæfi, ef sú yfirveðsetning kemur sem „fyrsta taplag“ eftirhalds af ekki minna en 5% af nafnvirði áhættulagsins sem gefið er út með verðbréfuninni.

2. Þegar fyrsta taplagið fer yfir 5% af nafnvirði hinna verðbréfuðu áhættuskuldbindinga skal vera mögulegt fyrir eftirhaldsaðilann að halda aðeins eftir hluta af slíku fyrsta taplagi, þegar þessi hluti jafngildir að lágmarki 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna.

3. Til að uppfylla hlutdeildarkröfuna vegna áhættu á stigi verðbréfunaráætlunar skulu stofnanir ekki taka tillit til undirliggjandi viðskipta þar sem upphafsaðilarnir eða upphaflegu lánveitendurnir halda eftir fyrsta taplagi á stigi einstakra viðskipta.

9. gr.

Eftirhaldsvalkostur e): eftirhald í fyrsta taplagi í hverri verðbréfaðri áhættuskuldbindingu

1. Eftirhaldinu í fyrsta taplagi áhættuskuldbindingar á stigi hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar, í samræmi við e-lið annars undirliðar 1. mgr. 405. gr., skal beitt þannig að útlánaáhættan sem haldið er eftir sé alltaf undirskipuð útlánaáhættunni sem hefur verið verðbréfuð í tengslum við þessar sömu áhættuskuldbindingar.

2. Eftirhaldið, sem um getur í 1. mgr., má uppfylla með sölu upphafsaðilans eða upphaflega lánveitandans á hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum á afsláttarverði, ef fjárhæð afsláttarins er ekki lægri en 5% af nafnvirði hverrar áhættuskuldbindingar og ef aðeins er hægt að endurgreiða upphafsaðilanum eða upphaflega lánveitandanum sölufjárhæðina eftir afslátt að því tilskildu að tap tengt útlánaáhættunni af hinum verðbréfuðu áhættuskuldbindingum gleypi hana ekki.

10. gr.

Mæling á umfangi eftirhalds

1. Þegar umfang eftirhalds á hreinni, fjárhagslegri hlutdeild er mælt skal beita eftirfarandi viðmiðunum:

a) upphaf skal álitinn sá tími þegar áhættuskuldbindingarnar voru fyrst verðbréfaðar,

b) útreikningurinn á umfangi eftirhalds skal byggja á nafnvirði og ekki skal taka tillit til kaupverðs eignanna,

c) ekki skal taka tillit til „umframávöxtunar“, eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þegar hrein, fjárhagsleg hlutdeild eftirhaldsaðila er mæld,

d) sama eftirhaldsvalkostinn og sömu aðferðafræði skal nota til að reikna út hreina, fjárhagslega hlutdeild yfir allan líftíma verðbréfunarviðskipta, nema sérstakar aðstæður krefjist breytingar og sú breyting sé ekki notuð sem átylla til að lækka fjárhæð hlutdeildarinnar sem haldið er eftir.

2. Til viðbótar við viðmiðin sem sett eru fram í 1. mgr., og að því tilskildu að ekkert innbyggt fyrirkomulag hafi í för með sér að hlutdeildin sem haldið er eftir lækki hraðar við upphaf en hlutdeildin sem er yfirfærð, skal uppfylling hlutdeildarkröfunnar ekki talin hafa orðið fyrir áhrifum af afskriftunum á eftirhaldinu við skiptingu sjóðstreymis eða taps, sem, í reynd, lækkar umfang eftirhalds með tímanum. Ekki skal þess krafist að eftirhaldsaðilinn endurnýi stöðugt eða aðlagi eftirhaldna hlutdeild sína svo hún sé að lágmarki 5% í takt við þegar tap kemur fram í áhættuskuldbindingum hans eða er skipt niður á stöður sem hann heldur eftir.

11. gr.

Mæling á eftirhaldi fyrir ódregnu fjárhæðirnar í áhættuskuldbindingum í formi lánafyrirgreiðslu

Útreikningurinn á hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem haldið er eftir fyrir lánafyrirgreiðslu, þ.m.t. kreditkort, skal eingöngu byggjast á fjárhæðum sem þegar hafa verið dregnar, innleystar eða mótteknar og skal aðlagaður í samræmi við breytingar á þessum fjárhæðum.

12. gr.

Bann við áhættuvörn eða sölu á hlutdeild sem haldið er eftir

1. Skuldbindingunni í þriðja undirlið 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 um að láta ekki hreina, fjárhagslega hlutdeild sem haldið er eftir falla undir neins konar mildun útlánaáhættu, skortstöðu, annars konar áhættuvörn eða sölu skal beitt með hliðsjón af tilgangi hlutdeildarkröfunnar og að teknu tilliti til efnahagslegs inntaks viðskiptanna. Áhættuvarnir hreinu, fjárhagslegu hlutdeildarinnar skulu ekki taldar vera áhættuvörn að því er varðar þriðja undirlið 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og má í samræmi við það eingöngu leyfa þær þegar þær áhættuverja ekki eftirhaldsaðilann gegn útlánaáhættunni af annaðhvort eftirhöldnu verðbréfuðu stöðunum eða áhættuskuldbindingunum sem haldið er eftir.

2. Eftirhaldsaðilinn má nota sérhverja áhættuskuldbindingu eða verðbréfuðu stöðu sem haldið er eftir sem tryggingu í þeim tilgangi að veita tryggða fjármögnun, svo fremi sem slíkt yfirfæri ekki útlánaáhættuna af þessum eftirhöldnu áhættuskuldbindingum eða verðbréfuðu stöðum til þriðja aðila.

13. gr.

Undanþágur vegna 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Viðskiptin, sem um getur í 4. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu ná yfir verðbréfaðar stöður í fylgniviðskiptasafninu sem eru viðmiðunargerningar sem uppfylla viðmiðin í b-lið 1. mgr. 338. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða eru hæfar til að vera felldar inn í fylgniviðskiptasafnið.

14. gr.

Eftirhald á samstæðugrunni

Stofnun sem uppfyllir hlutdeildarkröfuna á grundvelli samstæðustöðu tengdrar móðurlánastofnunar í Evrópusambandinu, eignarhaldsfélags á fjármálasviði í Evrópusambandinu eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi í Evrópusambandinu, í samræmi við 2. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal, fari svo að eftirhaldsaðilinn falli ekki lengur undir eftirlit á samstæðugrunni, tryggja að einn eða fleiri af aðilunum sem enn falla undir gildissvið eftirlits á samstæðugrunni taki á sig áhættu af verðbréfuninni til að tryggja að kröfurnar séu áfram uppfylltar.

IV. KAFLI

KRÖFUR UM ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN FYRIR STOFNANIR SEM VERÐA ÓVARÐAR FYRIR VERÐBRÉFAÐRI STÖÐU

15. gr.

Útvistun og önnur almenn atriði

1. Ef engar upplýsingar liggja fyrir um tilteknar áhættuskuldbindingar sem á að verðbréfa, þ.m.t. ef áhættuskuldbindingar safnast upp áður en þær eru verðbréfaðar eða ef þeim kann að vera skipt út í hlaupandi verðbréfun, telst stofnun uppfylla skuldbindingar sínar um áreiðanleikakönnun sem um getur í 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar sérhverja verðbréfaða stöðu hennar, á grundvelli viðeigandi hæfisviðmiðana fyrir slíkar áhættuskuldbindingar.

2. Þegar útvistað er tilteknum verkefnum í ferlinu til að uppfylla skyldurnar sem settar eru fram í 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. skýrsluhaldi, skulu stofnanir sem verða óvarðar fyrir áhættunni af verðbréfun halda fullri stjórn á því ferli.

16. gr.

Lýsing á áhættueinkennum og kerfislægum þáttum

1. Áhættueinkenni einstakrar verðbréfaðrar stöðu, sem um getur í b-lið 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu ná yfir eftirfarandi mest viðeigandi og veigamestu einkennin eins og:

a) forgangsröðun áhættulags,

b) sjóðstreymisnið,

c) sérhvert fyrirliggjandi mat,

d) fyrri árangur svipaðs áhættulags,

e) skyldur tengdar áhættulögunum sem felast í gögnunum varðandi verðbréfunina,

f) endurbót á lánshæfi.

2. Áhættueinkennin á áhættuskuldbindingunum sem eru undirliggjandi í verðbréfuðu stöðunni, sem um getur í c-lið 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu ná yfir þau einkenni sem eru mest viðeigandi og veigamest, þ.m.t. upplýsingar um árangurinn, sem um getur í 2. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, í tengslum við áhættuskuldbindingar með veði í íbúðarhúsnæði. Stofnanir skulu tilgreina viðeigandi og sambærilegar mælieiningar til greiningar á áhættueinkennum annarra eignaflokka.

3. Kerfislægir viðbótarþættir, eins og um getur í g-lið 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu taka með afleiðugerninga, tryggingar, ábyrgðir og önnur svipuð form til aukins lánshæfis.

17. gr.

Tíðni endurskoðunar

Stofnanir skulu endurskoða hvernig þær fylgja 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eftir að hafa staðið berskjaldaðar fyrir verðbréfuðum stöðum að lágmarki árlega og oftar, jafnskjótt og stofnanir verða varar við brot á skyldunum sem felast í gögnunum varðandi verðbréfunina eða veigamikla breytingu í öðru hvoru eftirfarandi:

a) kerfislægum þáttum sem geta haft veruleg áhrif á árangur verðbréfuðu staðanna,

b) áhættueinkennum verðbréfuðu staðanna og hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum.

18. gr.

Álagspróf

1. Álagsprófin, sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu ná yfir allar mikilvægar verðbréfaðar stöður og skulu felld inn í álagsprófanaáætlanir og -ferli sem stofnanirnar framkvæma í samræmi við innra matsferlið fyrir eiginfjárþörf sem tilgreint er í 73. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]).

2. Til að uppfylla kröfurnar um álagsprófun sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 mega stofnanir nota sambærileg fjármálalíkön sem þróuð eru af þriðja aðila, í viðbót við þau sem þróuð eru af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum, að því tilskildu að þær geti sýnt fram á, þegar þess er óskað, að þær hafi, áður en fjárfesting átti sér stað, gætt þess að sannreyna viðkomandi forsendur og uppbyggingu líkananna og skilja aðferðafræðina, forsendur og niðurstöður.

3. Þegar álagsprófin sem um getur í 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru gerð innan eignatryggðrar skammtímaskuldabréfaáætlunar, eins og um getur í 9. mgr. 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem studd er með lausafjárfyrirgreiðslu sem nær að fullu yfir útlánaáhættuna af verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum, mega stofnanir framkvæma álagspróf á lánstrausti veitanda lausafjárfyrirgreiðslunnar í staðinn fyrir að prófa verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar.

19. gr.

Áhættuskuldbindingar innan og utan veltubókarinnar

1. Að hafa verðbréfaða stöðu hvort heldur innan eða utan veltubókar skal eitt og sér ekki vera nægjanlegt til að réttlæta beitingu ólíkra stefna og verklags eða annars umfangs úttekta til að uppfylla skylduna um áreiðanleikakönnun, sem um getur í 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Við ákvörðun á hvort ólíkum stefnum og verklagi skuli beitt eða annað umfang skuli vera á úttektum, skal taka til athugunar alla viðeigandi þætti sem með veigamiklum hætti hafa áhrif á áhættusnið hvorrar bókar fyrir sig og viðkomandi verðbréfaðra staða, þ.m.t. stærð staðanna, áhrifin á eiginfjárgrunn stofnunarinnar á álagstímabili og samþjöppun áhættu í einum tilteknum viðskiptum, útgefanda eða eignaflokki.

2. Stofnanir skulu tryggja að sérhver veigamikil breyting, sem eykur áhættusnið hinna verðbréfuðu staða innan og utan veltubókar þeirra, endurspeglist í viðeigandi breytingu í aðferðum þeirra við áreiðanleikakannanir að því er varðar þessar verðbréfuðu stöður. Hvað þetta varðar skulu stofnanir í sínum formlegu stefnum og verklagsreglum varðandi veltubók og viðskipti utan veltubókar tilgreina þær aðstæður sem mundu kalla á endurskoðun á skyldunum um áreiðanleikakönnun.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

20. gr.

Stöður í fylgniviðskiptasafninu

Talið skal að farið hafi verið eftir 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) verðbréfuðum stöðum er annaðhvort haldið í fylgniviðskiptasafninu og eru viðmiðunargerningar, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 338. gr. þeirrar reglugerðar, eða eru hæfar til að vera felldar inn í fylgniviðskiptasafnið,

b) stofnunin fer að 377. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar útreikning á kröfunum vegna eiginfjárgrunns í tengslum við fylgniviðskiptasafn sitt,

c) aðferð stofnunarinnar við að reikna út eiginfjárgrunn í tengslum við viðskiptasafn sitt leiðir til yfirgripsmikillar og ítarlegrar þekkingar á áhættusniði fjárfestinga hennar í verðbréfuðu stöðunum,

d) stofnunin hefur innleitt formlegar stefnur og verklagsreglur sem eiga við fylgniviðskiptasafn hennar og svara til áhættusniðsins af fjárfestingum hennar í samsvarandi verðbréfuðum stöðum, til þess að greina og skrá hinar viðeigandi upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

V. KAFLI

KRÖFUR Á UPPHAFSAÐILA, UMSÝSLUAÐILA OG UPPHAFLEGA LÁNVEITENDUR

21. gr.

Stefnur varðandi lánveitingar

1. Uppfylling upphafs- eða umsýslustofnana á skyldunni, sem um getur í 408. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þýðir ekki að tegundir lántaka og lánaafurða verði að vera þær sömu fyrir verðbréfaðar og óverðbréfaðar áhættuskuldbindingar.

2. Þegar umsýslu- og upphafsstofnanir hafa ekki tekið þátt í upphaflegri lánveitingu vegna áhættuskuldbindinga sem á að verðbréfa, eða eru ekki virkar í lánveitingunni vegna sértækra gerða áhættuskuldbindinga sem á að verðbréfa, skulu þessar stofnanir útvega allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort viðmiðin sem notuð eru við lánveitinguna vegna þessara áhættuskuldbindinga séu eins traust og vel skilgreind og viðmiðin sem notuð eru fyrir óverðbréfaðar áhættuskuldbindingar.

22. gr.

Birting upplýsinga um umfang skuldbindinga um að viðhalda hreinni, fjárhagslegri hlutdeild

1. Samkvæmt 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal eftirhaldsaðilinn veita fjárfestum að lágmarki eftirfarandi upplýsingar um umfang skuldbindinga sinna um að viðhalda hreinni, fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfuninni:

a) staðfestingu á auðkenni eftirhaldsaðilans og hvort hann kemur fram sem upphafsaðili, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi,

b) hvort fyrirkomulaginu sem kveðið er á um í a-, b-, c-, d-, eða e-liðum annars undirliðar 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hefur verið beitt til að halda eftir hreinni, fjárhagslegri hlutdeild,

c) allar breytingar á fyrirkomulaginu við að halda eftir hreinni, fjárhagslegri hlutdeild, eins og um getur í b-lið, í samræmi við d-lið 1. mgr. 10. gr.,

d) staðfestingu á umfangi eftirhalds við upphaf og á skuldbindingunni um að halda eftir á áframhaldandi grundvelli, sem skal eingöngu tengjast áframhaldandi efndum á upprunalegu skuldbindingunni og þarfnast ekki gagna um núverandi nafn- eða markaðsvirði, eða um neina virðisrýrnun eða niðurfærslu á hlutdeildinni sem haldið er eftir.

2. Þegar undanþágurnar sem um getur í 3. eða 4. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eiga við verðbréfunarviðskipti, skulu stofnanir sem koma fram sem upphafsaðili, umsýsluaðili eða upphaflegur lánveitandi birta fjárfestum upplýsingar um viðkomandi undanþágu.

3. Birting upplýsinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. skal skjalfest á viðeigandi hátt og gerð aðgengileg öllum, að undanskildum tvíhliða viðskiptum eða einkaviðskiptum þegar aðilar álíta einkaupplýsingagjöf vera nægjanlega. Að fella yfirlýsingu um eftirhaldsskuldbindinguna inn í útboðs- og skráningarlýsinguna fyrir verðbréfin sem gefin eru út skv. verðbréfunaráætluninni skal talin hentug leið til að uppfylla kröfuna.

4. Birting upplýsinganna skal einnig staðfest eftir útgáfu eins reglulega og skýrslugjöf um viðskiptin fer fram, að lágmarki árlega og alltaf í eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar brot verður gegn eftirhaldsskuldbindingunni sem um getur í 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) þegar veigamikil breyting verður á árangri verðbréfuðu stöðunnar eða áhættueinkennum verðbréfunarinnar eða hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum,

c) í kjölfar brots gegn skyldunum sem felast í gögnunum varðandi verðbréfunina.

23. gr.

Birting mikilvægra og gagna sem skipta máli

1. Upphafsaðilar, umsýsluaðilar og upphaflegir lánveitendur skulu tryggja að mikilvæg og viðeigandi gögn, skv. 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, séu aðgengileg fjárfestum, án of mikillar stjórnsýslubyrðar.

2. Viðeigandi birting upplýsinga, sem um getur í 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal gerð að lágmarki árlega og í eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar veruleg breyting verður á árangri verðbréfuðu stöðunnar eða áhættueinkennum verðbréfunarinnar eða hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum,

b) í kjölfar brots gegn skyldunum sem felast í gögnunum varðandi verðbréfunina,

c) til að gögn verði talin mikilvæg og skipta máli að því er varðar hinar einstöku undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu þau alla jafnan vera veitt fyrir hvert einstakt lán, en samt sem áður eru tilvik þar sem veita má gögnin á samtölugrunni. Við mat á því hvort upplýsingar um samtölu eru nægjanlegar skal taka tillit til þátta s.s. sundurgreinanleika (*e. granularity*) hins undirliggjandi eignasafns og hvort stýring á áhættuskuldbindingunum í því eignasafni byggist á eiginleikum safnsins sjálfs eða á hverju einstöku láni.

3. Birtingarkrafan skal falla undir öll önnur lög og reglur sem eiga við um eftirhaldsaðilann.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. mars 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/942 **2020/EES/50/38**

frá 4. mars 2015

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innri aðferðum við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 363. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðmiðin fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innramatsaðferðum (IRB) og þróuðum mæliaðferðum (AMA), sem beitt er við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlána- og rekstraráhættu, eru settar fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 529/2014 ([2]). Í þessari reglugerð ætti að tilgreina skilyrði fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á aðferðum eigin líkana (IMA) sem eru notaðar til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu. Að teknu tilliti þess að öll viðkomandi viðfangsefni og ferlar varðandi eftirlit eru sambærileg fyrir allar tegundir innri aðferða, þ.e. í tengslum við útlána-, rekstrar- eða markaðsáhættu, er mikilvægt að tryggja samræmi milli allra ákvæða sem gilda um viðbætur og breytingar á innri aðferðum og að auðvelda yfirsýn og hentugan aðgang að þeim, á samræmdan hátt, fyrir þá aðila sem falla undir skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þessum ákvæðum. Því er nauðsynlegt að fella alla tæknilega eftirlitsstaðla sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um viðbætur og breytingar á innri aðferðum saman í einn lagatexta.

2) Eins og í tilviki innramatsaðferðanna og þróuðu mæliaðferðanna er ekki tilgreint í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar viðbætur og breytingar á notkun aðferða eigin líkana sem falla undir málsmeðferð um tilkynningar, hvort tilkynna ætti um þessar breytingar fyrir eða eftir að þær eru teknar til framkvæmdar. Lögbær yfirvöld þurfa ekki að vita fyrirfram um viðbætur eða minniháttar breytingar og það væri skilvirkara og ekki jafn íþyngjandi fyrir stofnanir að safna slíkum minniháttar breytingum saman og tilkynna lögbærum yfirvöldum um þær með reglulegu millibili, en það myndi einnig draga úr eftirlitsbyrði lögbærra yfirvalda. Aðrar viðbætur og breytingar sem falla undir málsmeðferð um tilkynningar ætti að tilkynna áður en þær eru framkvæmdar til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að skoða hvort verið sé að beita þessari reglugerð rétt. Því ætti sama aðgreining á viðbótum og breytingum með hliðsjón af málsmeðferð um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 263, 8.10.2015, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 529/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir mat á mikilvægi viðbóta og breytinga á innramatsaðferðinni og þróuðu mæliaðferðinni (Stjtíð. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 36).

tilkynningar, sem komið er á fót með framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014 fyrir innramatsaðferðir og þróuðu mæliaðferðina, einnig að gilda um viðbætur og breytingar á aðferð eigin líkana sem krefjast tilkynningar, og í samræmi við það ætti einnig að aðgreina enn frekar viðbætur og breytingar sem krefjast tilkynningar fyrir framkvæmd frá viðbótum og breytingum sem krefjast ekki tilkynningar fyrir framkvæmd.

3) Aðferðir eigin líkana ná yfir öll eigin líkön sem falla undir 5. kafla IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem lögbær yfirvöld hafa veitt leyfi til að nota í þeim tilgangi að reikna út eiginfjárkröfur.

4) Mikilvægi viðbóta eða breytinga á aðferðum eigin líkana er háð tegund og flokki viðbótarinnar eða breytingarinnar sem lögð er til (sem ætti að endurspeglast í eigindlegum viðmiðum) og möguleika þeirra til að breyta kröfum vegna eiginfjárgrunns (sem ætti að endurspeglast í megindlegum viðmiðum). Þó getur verið að sumar breytingar, s.s. skipulagsbreytingar, breytingar á innri ferlum eða áhættustýringarferlum, hafi ekki bein megindleg áhrif. Fyrir þær breytingar ætti aðeins að heimila eigindleg viðmið að því er varðar mat á mikilvægi.

5) Megindlegu mörkin ættu að vera gerð til að taka tillit til heildaráhrifa viðbótar eða breytingar á aðferð eigin líkana á áhættutölurnar sem reiknaðar eru með eigin líkani, sem viðbót eða breyting hefur áhrif á, sem og á eiginfjárkröfur, bæði á grundvelli innri aðferða og staðalaðferða, til að endurspegla að hvaða marki innri aðferðir eru notaðar að því er varðar heildarkröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu. Til að draga úr byrði stofnana þykir þó rétt, í þeim tilgangi að reikna þessi megindlegu mörk, að taka ekki, við útreikning á þeim áhættutölum sem krafist er á 15 viðskiptadaga eftirlitstímabilinu, tillit til meðaltals viðeigandi áhættutalna aðferðar eigin líkana á næstliðnum 60 viðskiptadögum, heldur frekar nýjustu áhættutölunni.

6) Lögbær yfirvöld geta hvenær sem er gert viðeigandi eftirlitsráðstafanir að því er varðar viðbætur og breytingar á innri aðferðum sem tilkynnt hefur verið um, á grundvelli yfirstandandi endurskoðunar á gildandi leyfum til að nota innri aðferðir sem kveðið er á um í 101. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([1]). Þessari heimild er komið á til að tryggja að farið sé að kröfunum sem mælt er fyrir um í 6. þætti 3. kafla II. bálks þriðja hluta eða 4. kafla III. bálks þriðja hluta eða 5. kafla IV. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Þar að auki ætti að kveða á um hvata sem hrinda af stað nýjum samþykktum og tilkynningum um viðbætur og breytingar á innri aðferðum. Reglur sem koma þessum þáttum á ættu hvorki að hafa áhrif á eftirlitsendurskoðun innri aðferða né stjórnsýslumeðferð sem kveðið er á um í 8. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

7) Leyfi lögbærra yfirvalda á við um aðferðir, ferli, eftirlit, gagnasöfnun og upplýsingatæknikerfi aðferðirnar og því ætti viðvarandi samræming líkananna við gagnasöfn sem notuð eru við útreikning, leiðréttingu villna eða minniháttar aðlögun vegna daglegs viðhalds innri aðferða, sem á sér stað með ströngum takmörkunum nú þegar samþykktra aðferða, ferla, eftirlits, gagnasöfnunar og upplýsingatæknikerfa, ekki að falla undir þessa reglugerð.

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014 til samræmis við það.

9) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]),

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB, Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 529/2014 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um skilyrði fyrir mati á mikilvægi viðbóta við og breytinga á innramatsaðferðum, þróuðum mæliaðferðum og aðferð eigin líkana sem leyfilegar eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. fyrirkomulag tilkynninga um slíkar breytingar og viðbætur.“

2. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 2. gr.:

„1. Mikilvægi breytinga á notkunarsviði matskerfis eða aðferð eigin líkana á áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa eða á breytingar á matskerfum eða aðferð eigin líkana á áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa, á innramatsaðferð („breytingar á innramatsaðferð“) eða mikilvægi viðbóta og breytinga á þróuðu mæliaðferðinni („viðbætur og breytingar á þróuðu mæliaðferðinni“) eða mikilvægi viðbóta og breytinga á aðferð eigin líkana („viðbætur og breytingar á aðferð eigin líkana“) skal flokka í einn eftirfarandi flokka:

a) mikilvægar viðbætur og breytingar sem, skv. 143. gr. (3. mgr.), 312. gr. (2. mgr.) og 363. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þurfa leyfi viðkomandi lögbærra yfirvalda,

b) aðrar viðbætur og breytingar sem þarf að tilkynna til lögbærra yfirvalda.“

3. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við sem þriðji undirliður í 1. mgr.:

„Flokkun viðbóta og breytinga á aðferð eigin líkana skal fara fram í samræmi við þessa grein og 7. gr. a og b.“

b) Í stað c-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„c) fyrir breytingar sem hafa engin bein megindleg áhrif, þarf ekki að reikna út megindleg áhrif eins og mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 4. gr. fyrir innramatsaðferð eða c-lið 1. mgr. 6. gr. fyrir þróuðu mæliaðferðina eða c-lið 1. mgr. 7. gr. a fyrir aðferð eigin líkana.“,

4. Eftirfarandi 7. gr. a og 7. gr. b bætast við:

„7. gr. a

Veigamiklar viðbætur og breytingar á aðferðum eigin líkana (IMA)

1. Viðbætur og breytingar á aðferð eigin líkana teljast veigamiklar ef þær uppfylla einhver eftirfarandi skilyrða:

a) þær falla undir viðbæturnar sem lýst er í 1. þætti I. hluta III. viðauka,

b) þær falla undir einhverjar breytinganna sem lýst er í 1. þætti II. hluta III. viðauka,

c) þær hafa í för með sér breytingar sem eru að algildi 1% eða meira, reiknað fyrir fyrsta viðskiptadag athugunar á áhrifum viðbótar eða breytingar, af einni af viðkomandi áhættutölum sem um getur 364. gr. (i. liður, a-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður, b-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður, b-liðar 2. mgr.) eða 364. gr. (a-liður 3. mgr.) í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og í tengslum við gildissvið viðkomandi líkans aðferðar eigin líkana sem áhættutalan vísar til og leiðir til annars eftirfarandi:

i. breytingar sem eru 5% eða meira af summu áhættutalnanna sem um getur í 364. gr. (i. liður a-liðar 1. mgr.), 364 gr. (i. liður b-liðar 1. mgr.), kvarðaðar upp með margföldunarstuðlunum (m_c) og (m_s) eftir því sem við á skv. 366. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, 364. gr. (i. liður b-liðar 2. mgr.) og 364. gr. (a-liður 3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og krafna vegna eiginfjárgrunns skv. 2., 3. og 4.. kafla IV. bálks þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á, reiknað á stigi móðurstofnunar í Sambandinu eða, ef um er að ræða stofnun sem hvorki er móðurstofnun né dótturfélag, á stigi viðkomandi stofnunar,

ii. breytingar sem eru 10% eða meira af viðkomandi áhættutölum sem um getur í 364. gr. (i. liður a-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður b-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður b-liðar 2. mgr.) eða 364. gr. (a-liður 3. mgr.) í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og í tengslum við gildissvið viðkomandi líkans aðferðar eigin líkana sem áhættutölurnar vísa til.

2. Að því er varðar i. lið c-liðar 1. mgr. og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif viðbótar eða breytingar sem hæsta algildi hlutfalls, á tímabilinu sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, sem er reiknað sem hér segir:

a) í teljaranum, mismunurinn á milli summunnar sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. með og án viðbótarinnar eða breytingarinnar,

b) í nefnaranum, summan sem um getur í i. lið c-liðar 1. mgr. án viðbótarinnar eða breytingarinnar.

3. Að því er varðar ii. lið c-liðar 1. mgr., og í samræmi við 2. mgr. 3. gr., skal meta áhrif viðbótar eða breytingar sem hæsta algildi hlutfalls, sem reiknað er sem hér segir, á tímabilinu sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar:

a) í teljaranum, mismunurinn á milli áhættutölunnar sem um getur í 364. gr. (i. liður a-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður b-liðar 1. mgr.) eða 364. gr. (a-liður 3. mgr.) í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, með og án viðbótarinnar eða breytingarinnar,

b) í nefnaranum, áhættutalan sem um getur, eftir því sem við á, í 364. gr. (i. liður a-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður b-liðar 1. mgr.), 364. gr. (i. liður b-liðar 2. mgr.) eða 364. gr. (a-liður 3. mgr.) án viðbótarinnar eða breytingarinnar.

4. Að því er varðar i. lið c-liðar 1. mgr. og ii. lið c-liðar 1. mgr. skal reikna út hlutföllin sem um getur í 2. og 3. mgr. fyrir tímabil sem er hið stysta af eftirfarandi liðum a og b:

a) 15 samfelldir viðskiptadagar frá fyrsta viðskiptadegi athugunarinnar á áhrifum viðbótarinnar eða breytingarinnar,

b) fram að þeim degi sem niðurstaða slíkra daglegra útreikninga á öðru hvoru hlutfallanna sem um getur í 2. og 3. mgr. er að áhrif eru jöfn eða meiri en hundraðshlutarnir sem um getur í annaðhvort i. lið c-liðar 1. mgr. eða ii. lið c-liðar 1. mgr., eftir því sem við á.

7. grein b

Viðbætur og breytingar á aðferð eigin líkana sem teljast ekki veigamiklar

Viðbætur og breytingar á aðferð eigin líkana sem teljast ekki veigamiklar en á að tilkynna lögbærum yfirvöldum samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 363. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu tilkynntar með eftirfarandi hætti:

a) viðbætur og breytingar sem falla undir 2. þátt I. hluta og 2. þátt II. hluta III. viðauka skulu tilkynntar lögbærum yfirvöldum tveimur vikum fyrir áætlaða framkvæmd þeirra,

b) allar aðrar viðbætur og breytingar skulu tilkynntar lögbærum yfirvöldum eftir framkvæmd þeirra a.m.k. árlega.“

5. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 8. gr.:

„1. Fyrir viðbætur og breytingar á innramatsaðferðinni, þróuðu mæliaðferðinni eða aðferð eigin líkana sem krefjast samþykkis lögbærra yfirvalda skulu stofnanir leggja fram eftirfarandi gögn með umsókninni:

a) lýsingu á viðbótinni eða breytingunni, rök fyrir henni og markmiðið með henni,

b) framkvæmdardag,

c) gildissvið sem viðbótin eða breytingin á líkaninu hefur áhrif á, ásamt magneiginleikum,

d) tæknileg gögn og vinnslugögn,

e) skýrslur um óháða endurskoðun eða fullgildingu stofnana,

f) staðfestingu á að viðbótin eða breytingin hafi hlotið samþykki lögbærra aðila í samþykktarferli stofnunar og dagsetningu samþykktar,

g) eftir atvikum, megindleg áhrif breytingarinnar eða viðbótarinnar á áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga, á kröfur vegna eiginfjárgrunns, á viðeigandi áhættutölur eða summu viðeigandi krafna vegna eiginfjárgrunns og áhættutalna,

h) skrár yfir núverandi og fyrri útgáfunúmer innri líkana sem falla undir samþykki.“

6. Ákvæðum III. viðauka er bætt við reglugerð (ESB) nr. 529/2014 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel miðvikudagur, 4. mars 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti

_____

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Viðbætur og breytingar á aðferð eigin líkana

I. HLUTI

VIÐBÆTUR VIÐ AÐFERÐ EIGIN LÍKANA

1. þáttur

Viðbætur sem þurfa samþykki lögbærra yfirvalda („veigamiklar“)

1. Viðbót við markaðsáhættulíkanið sem nær yfir viðbótarstaðsetningu í öðru lögsagnarumdæmi, þ.m.t. viðbót við markaðsáhættulíkanið sem nær yfir stöður viðskiptaborðs í öðru tímabelti eða þar sem önnur framlínudeild eða upplýsingatæknikerfi eru notuð.
2. Samþætting líkans aðferðar eigin líkana í gildissvið afurðaflokka, þar sem vágildistalan sem reiknuð er skv. i. lið a-liðar 1. mgr. 364. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, er meira en 5% af vágildistölunni sem reiknuð er skv. i. lið a-liðar 1. mgr. 364. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 af heildareignasafninu sem er gildissvið þess líkans aðferðar eigin líkana fyrir samþættinguna.
3. Allar afturkallanir viðbóta, s.s. tilvik þar sem stofnanir miða að því að beita staðalaðferð á áhættuflokka sem þeir hafa leyfi til að beita innra markaðsáhættulíkani á.

2. þáttur.

Viðbætur sem þarf að tilkynna fyrirfram til lögbærra yfirvalda

Innfelling líkans aðferðar eigin líkana í gildissvið afurðaflokka sem krefjast annarra áhættureiknilíkana en þeirra sem eru hluti af leyfi til að nota viðkomandi líkan aðferðar eigin líkana, s.s. afurða sem eru háðar sértækri leið eða stöður með marga undirliggjandi þætti, skv. 367. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

II. HLUTI

BREYTINGAR Á AÐFERÐ EIGIN LÍKANA

1. þáttur

Breytingar sem þurfa samþykki lögbærra yfirvalda („veigamiklar“)

1. Breytingar milli sögulegrar hermunar, stikunar eða Monte Carlo vágildis.
2. Breytingar á samsöfnun, s.s. ef samþætt líkanagerð kemur í stað einfaldrar samlagningar áhættutalna.

2. þáttur

Breytingar sem þarf að tilkynna fyrirfram til lögbærra yfirvalda

1. Breytingar á grundvallaratriðum tölfræðiaðferða skv. 365., 374. eða 377. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. en ekki einskorðað við eitthvert eftirfarandi:

   a) fækkun hermana,

   b) innleiðingu eða afnám aðferða til að draga úr dreifni,

   c) breytingar á algrímum til að kalla fram slembitölur,

   d) breytingar á tölfræðiaðferðum til að meta flökt eða fylgni áhættuþátta,

   e) breytingar á forsendum varðandi sameiginlega dreifingu áhættuþátta.

2. Breytingar á raunlengd sögulegs eftirlitstímabils, þ.m.t. breytingar á vægi tímaraða skv. d-lið 1. mgr. 365. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3. Breytingar á aðferðinni við að greina álagstímabil til að reikna álagsvágildi, skv. 2. mgr. 365. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

4. Breytingar á skilgreiningunni á markaðsáhættuþáttum sem beitt er í innra vágildislíkaninu, þ.m.t. flutningur yfir í OIS-afvöxtunarlíkan, flutningur milli núllvaxta, nafnvaxta eða skiptasamningavaxta.

5. Breytingar á því hvernig markaðsáhættuþættir eru yfirfærðir í breytingar á virði eignasafns, s.s. breytingar á verðlagningarlíkönum gerninga — notuð til að reikna út næmi fyrir áhættuþáttum eða til að endurverðmeta stöður við útreikning á áhættutölum —, skipti úr greinandi verðlagningarlíkani yfir í líkan byggt á hermun, skipti milli Taylor-nálgunar og fulls endurmats, eða breytingar á næmniútreikningum sem beitt er, skv. 367. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6. Breytingar á aðferðafræði við skilgreiningu á áætlun.

7. Breytingar á stigskiptingu matsheimilda sem notaðar eru við ákvörðun á mati á einstakri stöðu í innra líkani fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu (IRC).

8. Breytingar á aðferðafræði að því er varðar tap að gefnum vanefndum eða seljanleikatímabil fyrir líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu eða fylgniviðskiptalíkön skv. 4. eða 5. þætti 5. kafla í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

9. Breytingar á aðferðafræði við úthlutun áhættuskuldbindinga á einstaka flokka áhættuskuldbindinga í líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu eða fylgniviðskiptalíkön skv. 4. eða 5. þætti 5. kafla í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

10. Breytingar á aðferðafræði við mat á fylgni áhættuskuldbindingar eða eignar fyrir líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu eða fylgniviðskiptalíkön skv. 4. eða 5. þætti 5. kafla í IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

11. Breytingar á aðferðafræði við útreikning á raunverulegum eða mögulegum hagnaði og tapi þegar þarf að nota það við afturvirka prófun skv. 3. mgr. 366. gr. og 2. mgr. 369. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

12. Breytingar á aðferðafræði innra mats skv. 369. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

13. Skipulags- eða rekstrarbreytingar á kjarnastarfsemi áhættustýringar eða áhættueftirlits, skv. 1. mgr. 368. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þ.m.t. einhver eftirfarandi:

    a) breytingar hvað varðar háttsett starfsfólk,

    b) rammi fyrir ákvörðun marka,

    c) skýrslugjafarrammi,

    d) aðferðafræði við álagsprófun,

    e) ferli nýrra afurða,

    f) stefna um breytingar á eigin líkönum.

14. Breytingar á upplýsingatækniumhverfi, þ.m.t. eftirfarandi:

    a) breytingar á upplýsingatæknikerfum, sem hafa í för með sér breytingar á útreikningsaðferð eigin líkans,

    b) beiting verðlagningarlíkana seljanda,

    c) útvistun miðlægrar gagnasöfnunar.“

———————

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1798 2020/EES/50/39

frá 2. júlí 2015

um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 625/2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 með tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur fyrir fjárfestastofnanir, umsýslustofnanir, upphaflega lánveitendur og útgáfustofnanir að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 2. mgr. 410. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Villa hefur læðst inn í búlgörsku, eistnesku, ensku, frönsku, lettnesku, litáísku, ungversku og maltnesku útgáfu titils framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 ([2]).

2) Villa hefur læðst inn í grísku, ensku, frönsku, ítölsku, lettnesku, ungversku og maltnesku útgáfu c-liðar 1. mgr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014.

3) Í hinni eistnesku, grísku, ensku, frönsku, króatísku, ítölsku, ungversku, pólsku, rúmensku, finnsku og sænsku útgáfu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 er setningaskipan röng í 1. mgr. 15. gr.

4) Villa hefur læðst inn í ensku, frönsku, lettnesku og maltnesku útgáfu 3. mgr. 16. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014.

5) Í hinni búlgörsku, spænsku, tékknesku, þýsku, eistnesku, grísku, ensku, frönsku, króatísku, ítölsku, lettnesku, litáísku, ungversku, maltnesku, hollensku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, finnsku og sænsku útgáfu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 er setningaskipan röng í b-lið 1. mgr. 22. gr.

6) Á öllum tungumálum er c-liður ranglega tilgreindur í 2. mgr. 23. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 en hann ætti að vera sérstök málsgrein þeirrar greinar. Leiðrétta ætti textann svo ljóst sé að ekki þurfi við allar aðstæður að veita mikilvæg og viðeigandi gögn varðandi hvert og eitt lán og að við vissar aðstæður geti talist nægilegt að veita mikilvæg og viðeigandi gögn um heildarupphæðina.

7) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) nr. 625/2014 til samræmis við það.

8) Reglugerð þessi byggist á upphaflegum drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) hefur haft opið samráð við almenning um upphaflegu drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 263, 8.10.2015, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 frá 13. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 með tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur fyrir fjárfeststofnanir, umsýslustofnanir, upphaflega lánveitendur og útgáfustofnanir að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu (Stjtíð.ESB L 174, 13.6.2014, bls. 16).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseld reglugerð (ESB) nr. 625/2014 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í fyrirsögninni skal orðið „lánveitanda“ koma í stað orðsins „lánveitendur“.

2) Í c-lið 1. gr. komi orðin „loforða um lánveitingar “ í stað orðanna „loforðs um lánveitingar“.

3) Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 15. gr.:

„1. Ef engar upplýsingar liggja fyrir um tilteknar áhættuskuldbindingar sem á að verðbréfa, þ.m.t. ef áhættuskuldbindingar safnast upp áður en þær eru verðbréfaðar eða ef þeim kann að vera skipt út í hlaupandi verðbréfun, telst stofnun uppfylla skuldbindingar sína um áreiðanleikakönnun sem um getur í 406. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því er varðar sérhverja verðbréfaða stöðu hennar, á grundvelli viðeigandi hæfisviðmiðana fyrir slíkar áhættuskuldbindingar.“;

4) Í 3. mgr. 16. gr. komi orðin „loforð um lánveitingar“ í stað orðanna „loforð um lánveitingar“,

5) Í stað b-liðar 1. mgr. 22. gr. komi eftirfarandi:

„b) hvaða fyrirkomulag sem kveðið er á um í a-, b-, c-, d-, eða e-lið annars undirliðar 1. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hafi verið notað til að halda eftir hreinni, fjárhagslegri hlutdeild,“

6) Ákvæði 2. mgr. 23. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) í kjölfar brots á skuldbindingunum sem gögnin innihalda varðandi verðbréfunina.“,

b) í stað c-liðar komi eftirfarandi ný 2. mgr. a:

„2a. Mikilvæg og viðeigandi gögn um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu almennt veittar á grundvelli hvers láns fyrir sig, en í vissum tilvikum kann að nægja að veita gögn um heildarupphæðina. Við mat á því hvort gögn sem veitt eru um heildarupphæð eru nægjanleg, skal taka tillit til þátta sem taka með stærðargráðu dreifingarinnar í hinu undirliggjandi eignasafni og þess hvort stýring áhættuskuldbindinga í því eignasafni byggist á safninu sjálfu eða á hverju láni fyrir sig.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 602/2014 **2020/EES/50/40**

frá 4. júní 2014

um tæknilega framkvæmdarstaðla til að auðvelda samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar framkvæmd viðbótaráhættuvoga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærnikröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 410. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Æskilegt þykir að kveða á um tæknilega framkvæmdarstaðla til að stuðla að samleitni eftirlitsaðferða að því er varðar framkvæmd á samræmdri nálgun til að meta þegar stofnun fer ekki að kröfunum, vegna gáleysis eða vanrækslu, sem og notkun á viðbótaráhættuvogum. Til að stuðla að samleitni eftirlitsaðferða þegar viðbótaráhættuvogir eru notaðar ætti að skilgreina viðeigandi reiknireglu. Í þeirri reiknireglu ætti að felast hlutfallsleg viðbótaráhættuvog, að lágmarki 250%, sem færi stighækkandi við næsta brot á 405., 406. eða 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Bæta ætti viðeigandi stuðli í reiknisregluna til að gefa færi á lægri viðbótaráhættuvog ef um er að ræða áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar skv. 3. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

3) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almenn atriði

1. Lögbær yfirvöld skulu tryggja að sérhver viðbótaráhættuvog sem lögð er á skv. 407. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sé beitt á allar viðeigandi verðbréfaðar stöður, sem stofnun heldur, og sem meiriháttar brot á 405., 406. eða 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 hafa áhrif á.

2. Þegar stofnun bætir úr broti sínu á kröfunum sem kveðið er á um í 405., 406. eða 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal viðbótaráhættuvogin falla úr gildi jafnskjótt og lögbæra yfirvaldinu hefur verið tilkynnt um það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

3. Við mat á því hvort leggja eigi á viðbótaráhættuvog skulu lögbær yfirvöld taka til athugunar bæði alvöru brotsins á 405., 406. eða 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og þýðingu þess fyrir áhættugreininguna á verðbréfuðu stöðunum. Meta skal alvöru brots bæði út frá megindlegum og eigindlegum þáttum og, eftir atvikum, bæði á einingar- og samstæðustigi. Við mat á alvöru brots skulu lögbær yfirvöld m.a. skoða tímalengd brotsins, fjárhæð staðanna sem urðu fyrir áhrifum og hvort stofnunin hafi að eigin frumkvæði reynt að bæta úr brotinu.

4. Þegar lögbær yfirvöld leggja mat á hvort stofnun hafi vegna gáleysis eða vanrækslu í veigamiklum atriðum mistekist að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu þau ekki láta hafa áhrif á sig að upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn hafi vanrækt að upplýsa um skuldbindingu sína að halda eftir umtalsverðri fjárhagslegri hlutdeild að lágmarki 5% m.t.t. eldri verðbréfana, svo framarlega sem stofnunin getur sýnt fram á að hún hafi tekið slíkar kringumstæður með í reikninginn.

5. Ef um er að ræða meiriháttar brot, vegna gáleysis eða vanrækslu stofnunarinnar, á kröfu um upplýsingagjöf sem sett er fram í 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu lögbær yfirvöld leggja viðbótaráhættuvog á stöður sem upphafsaðilinn, umsýsluaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn heldur eftir í viðkomandi verðbréfun eða aðra áhættuskuldbindingu gagnvart henni.

6. Við mat á því hvort stofnunum hafi vegna gáleysis eða vanrækslu í veigamiklum atriðum mistekist að mæta kröfunum sem settar eru fram í 405., 406. eða 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, mega lögbær yfirvöld taka tillit til þess hvort þessar stofnanir hafa, í verðbréfuðum stöðum útgefnum 1. janúar 2011 eða síðar og fyrir 1. janúar 2014, farið, óslitið á milli útgáfudagsins og 31. desember 2013, eftir kröfunum sem tilgreindar eru í 122. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB ([1]) og viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsnefndarinnar fyrir 122. gr. a í tilskipun 2006/48/EB ([2]).

2. gr.

Útreikningur á viðbótaráhættuvog

Ef stofnun uppfyllir ekki viðeigandi kröfur sem tilgreindar eru í 405., 406. eða 409. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu lögbær yfirvöld nota eftirfarandi reiknireglu til að ákvarða heildaráhættuvogina í samræmi við aðferðina sem tilgreind er í 6. mgr. 245. gr. og 3. mgr. 337. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013:

$$\text{Heildaráhættuvog} = \text{Min}[12{,}5;\ \text{Upprunaleg áhættuvog} \times (1 + (2{,}5 + 2{,}5 \times \text{Tímalengd\_brots}_{\text{ár}}) \times (1 - \text{405. gr.\_Undanþága}_{\text{Prósent}}))]$$

þar sem:

12,5 er stuðull fyrir hámarksgildi sem heildaráhættuvogin getur náð,

„Upprunaleg áhættuvog“ er áhættuvogin sem mundi eiga við verðbréfuðu stöðurnar ef engin viðbótaráhættuvog væri lögð á,

2,5 er lágmarksstuðull fyrir upprunalegu áhættuvogina til að reikna út viðbótaráhættuvogina,

„Tímalengd_brots$_{ár}$“ er hversu lengi brotið varði, uppgefið í árum, námundað niður að næsta tólf mánaða tímabili. Þessi breyta er jöfn „0“ fyrir brot sem varir styttra en 12 mánuði, jöfn „1“ fyrir brot í meira en 12 mánuði en minna en 24 mánuði, jöfn „2“ fyrir brot í meira en 24 mánuði en minna en 36 mánuði, o.s.frv. Tímalengdin skal almennt mæld frá upphafi brotsins að því er varðar verðbréfunina, þó að lögbær yfirvöld, að teknu tilliti til sérkenna verðbréfunarinnar, megi setja aðra upphafspunkta. Með „broti“ er átt við brot gegn einum eða fleiri af kröfunum sem settar eru fram í 405., 406. eða 409. gr. sem valdið geta viðbótaráhættuvog. Ef ekki er bætt úr brotinu skal það með tímanum breytast í „næsta brot“ og leiða til stighækkunar á viðbótaráhættuvoginni,

„405. gr._Undanþága$_{Prósent}$“ er breyta jöfn 0,5 ef 3. mgr. 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á við um verðbréfuðu stöðurnar sem viðbótaráhættuvogin er reiknuð fyrir og jöfn 0 ef sú undanþága á ekki við.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).

([2]) http://www.eba.europa.eu/documents/10180/106202/Guidelines.pdf

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/1014 **2020/EES/50/41**

frá 8. júní 2016

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar undanþágur fyrir seljendur hrávöru (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([4]) er fjárfestingarfyrirtækjum sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerninga, sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. og 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([5]) og sem tilskipun ráðsins 93/22/EBE ([6]) gilti ekki um 31. desember 2006 („seljendur hrávöru“), veitt undanþága frá kröfum vegna stórra áhættuskuldbindinga og kröfum vegna eiginfjárgrunns. Þessar undanþágur gilda til 31. desember 2017.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er einnig gerð krafa um að framkvæmdastjórnin taki saman, eigi síðar en 31. desember 2015, skýrslu um viðeigandi fyrirkomulag varfærniseftirlits með seljendum hrávöru. Í þeirri reglugerð er enn fremur gerð krafa um að framkvæmdastjórnin taki saman, eigi síðar en þann sama dag, skýrslu um viðeigandi varfærniseftirlit með fjárfestingarfyrirtækjum almennt. Eftir því sem við á, munu tillögur að nýrri löggjöf fylgja í kjölfar þessara skýrslna.

3) Nú stendur yfir endurskoðun á varfærnismeðferð fjárfestingarfyrirtækja („endurskoðun fjárfestingarfyrirtækja“), m.a. seljenda hrávöru, en henni er enn ekki lokið. Þeirri endurskoðun verður ekki lokið og ný löggjöf, sem kann að vera nauðsynleg í ljósi endurskoðunarinnar, verður ekki samþykkt fyrr en eftir 31. desember 2017.

4) Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi munu seljendur hrávöru falla undir kröfur vegna stórra áhættuskuldbindinga og kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir 31. desember 2017. Þetta gæti neytt þá til að auka umtalsvert eigið fé sem þeir þurfa að hafa til að stunda starfsemi sína áfram og kostnaðurinn sem tengist þeirri starfsemi gæti þar af leiðandi aukist.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 153. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB C 130, 13.4.2016, bls. 1.

([2]) Álit frá 27. apríl 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. maí 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2016.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([6]) Tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta (Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27).

5) Ekki ætti að taka ákvörðun um að beita kröfum vegna stórra áhættuskuldbindinga og kröfum vegna eiginfjárgrunns þótt undanþága hafi fallið úr gildi. Þess í stað ætti sú ákvörðun að vera vandlega rökstudd, byggjast á niðurstöðum endurskoðunarinnar á fjárfestingarfyrirtækjum og vera skýrt orðuð í löggjöfinni.

6) Því er nauðsynlegt að ákvarða hversu lengi undanþágur fyrir seljendur hrávöru ættu áfram að gilda. Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annars málsliðar í 1. mgr. 493. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi undanþága gildir til 31. desember 2020 eða til þess dags þegar allar breytingar skv. 2. mgr. þessarar greinar ganga í gildi, eftir því hvort er á undan.“

2) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 498. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi undanþága gildir til 31. desember 2020 eða til þess dags þegar allar breytingar skv. 2. og 3. mgr. ganga í gildi, eftir því hvort er á undan.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 8. júní 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	A.G. KOENDERS
forseti	*forseti.*

FREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1187/2014 **2020/EES/50/42**

frá 2. október 2014

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina að því er varðar viðskipti með undirliggjandi eignir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 390. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til þess að greina heildaráhættuskuldbindingu vegna tiltekins lántaka sem leiðir af áhættuskuldbindingum stofnunarinnar vegna viðskipta með undirliggjandi eignir ætti fyrst að greina sérstaklega áhættuskuldbindingarvirði sérhverrar þessara áhættuskuldbindinga. Heildaráhættuskuldbindingarvirðið ætti síðan að ákvarða með samtölu þessara áhættuskuldbindinga en það ætti ekki að vera umfram áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingarinnar sem mynduð er af undirliggjandi eigninni sjálfri.

2) Þegar áhættuskuldbindingar annarra fjárfesta eru jafngildar *(pari passu)* áhættuskuldbindingu stofnunarinnar ætti áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna undirliggjandi eignar að taka mið af hlutfallslegri dreifingu tapa meðal áhættuskuldbindinga sem eru jafngildar. Þetta leiðir af þeirri staðreynd að ef vanskilaatburður hefur átt sér stað vegna undirliggjandi eignar, dreifast töpin alltaf meðal áhættuskuldbindinga sem eru jafngildar samkvæmt hlutfalli sérhverrar þessara áhættuskuldbindinga og hámarkstapið sem stofnunin verður fyrir, í tilviki heildartaps á undirliggjandi eign, er takmarkað við hluta áhættuskuldbindingar stofnunarinnar, samkvæmt hlutfallinu, af heildinni af öllum áhættuskuldbindingum sem eru jafngildar .

3) Gera ætti greinarmun á viðskiptum þar sem allir fjárfestar eru jafngildir, svo sem sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar, og öðrum viðskiptum, á borð við verðbréfanir, sem geta falið í sér áhættulög þar sem áhættuskuldbindingar geta haft ólíka forgangsröðun. Í fyrra tilvikinu er endanleg áhættuskuldbinding vegna undirliggjandi eignar eingöngu háð hlutfallinu af áhættuskuldbindingu fjárfestisins með tilliti til áhættuskuldbindinga allra fjárfesta. Í síðara tilvikinu er töpum fyrst skipt niður á tiltekin áhættulög með hliðsjón af forgangsröðun þeirra og síðan, í tilviki fleiri en eins fjárfestis í sama áhættulagi, á meðal fjárfestanna í réttu hlutfalli. Öll áhættulög í verðbréfun ætti að meðhöndla jafnt þar sem undirskipuð áhættulög geta, í versta falli, horfið mjög fljótt. Einkum ætti að taka til greina hámarkstapið, sem allir fjárfestar í tilteknu áhættulagi verða fyrir þegar um er að ræða heildartap af undirliggjandi eign, þar sem ekki er hægt að viðurkenna neina lækkun frá undirskipuðum áhættulögum. Áhættuskuldbinding stofnunarinnar vegna undirliggjandi eignar í viðskiptum ætti ekki að fara yfir heildaráhættuskuldbindingarvirði þessa áhættulags (þar eð tap fjárfestis í tilteknu áhættulagi sem leiðir af vanskilum af undirliggjandi eign getur aldrei verið umfram heildaráhættuskuldbindingarvirði áhættulagsins) og áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingarinnar sem undirliggjandi eign myndar (þar eð stofnunin getur aldrei tapað meira

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 324, 7.11.2014, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

en fjárhæð undirliggjandi eignar). Þessa takmörkun á hámarkstapi ætti að taka með í reikninginn með því að nota það af áhættuskuldbindingarvirðunum tveimur sem lægra er og síðan beita aðferðinni þar sem tekið er tillit til hlutfallslegrar dreifingar á töpum meðal allra áhættuskuldbindinga sem eru jafngildar í þessu áhættulagi þegar fleiri fjárfestar en einn eru í þessu áhættulagi.

4) Þótt ætlast sé til að stofnanir tilgreini alla lántaka í tengslum við undirliggjandi eignir í viðskiptum sem þær fjárfesta í, getur þetta í nokkrum tilvikum haft í för með sér óréttlætanlegan kostnað fyrir stofnanir eða skapað aðstæður sem hindra stofnanir í að auðkenna tiltekna lántaka. Ef áhættuskuldbinding vegna undirliggjandi eignar er nægjanlega lítil til þess að eingöngu óverulegur hluti heildaráhættuskuldbindingar ákveðins viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina verði rakinn til hennar, ætti því að vera nægjanlegt að úthluta þessari áhættuskuldbindingu á viðskiptin sem aðskildum viðskiptavini. Heildarupphæð slíkra áhættuskuldbindinga á móti undirliggjandi eignum af sömu viðskiptum ætti því að takmarkast áfram við takmörkunina um stórar áhættuskuldbindingar fyrir þessi viðskipti. Gera ætti ráð fyrir að óverulegur hluti heildaráhættuskuldbindingarinnar verði rakinn til undirliggjandi eignar ef þörf er fyrir að lágmarki 100 áhættuskuldbindingar vegna undirliggjandi eigna í viðskiptum til að ná takmarkinu um 25% hæft fjármagn stofnunarinnar. Þetta krefst þess að áhættuskuldbindingarvirðið fari ekki yfir 0,25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar.

5) Til að koma í veg fyrir ótakmarkaða heildaráhættuskuldbindingu sem stafar af ófullnægjandi upplýsingum, væri nauðsynlegt að úthluta áhættuskuldbindingum ── þar sem áhættuskuldbindingarvirðið fer yfir 0,25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar og þar sem upplýsingar um lántakann vantar ── á ímyndaðan viðskiptavin (óþekktan viðskiptavin) sem 25% takmörkunin um stórar áhættuskuldbindingar ætti að gilda um.

6) Þegar stofnun getur ekki gert greinarmun á undirliggjandi eignum í viðskiptum, m.t.t. fjárhæða þeirra, er sú áhætta fyrir hendi að undirliggjandi eignir í viðskiptunum tengist sama lántaka eða hópi tengdra viðskiptavina. Til að milda þessa áhættu ætti í því tilviki að krefjast þess af stofnuninni að hún meti mikilvægi heildarvirðis áhættuskuldbindinga sinna vegna viðskiptanna, áður en hún getur úthlutað áhættuskuldbindingu á viðskiptin sem aðskildum viðskiptavini í staðinn fyrir sem „óþekktum viðskiptavini“.

7) Skipulag viðskipta ætti ekki að mynda viðbótaráhættuskuldbindingar ef aðstæður viðskiptanna tryggja að töp á áhættuskuldbindingu vegna þessara viðskipta geti eingöngu stafað af vanskilaatburðum í tengslum við undirliggjandi eignir. Færa ætti viðbótaráhættuskuldbindingu ef viðskiptin fela í sér greiðsluskyldu tiltekins einstaklings í viðbót við, eða að minnsta kosti fyrir, sjóðstreymi frá undirliggjandi eignum, að því gefnu að fjárfestar gætu orðið fyrir viðbótartapi ef til vanskila kæmi hjá þessum einstaklingi, þrátt fyrir að enginn vanskilaatburður hafi átt sér stað vegna undirliggjandi eignar. Einnig ætti að færa viðbótaráhættuskuldbindingu þegar aðstæður viðskiptanna gera kleift að beina sjóðstreymi til einstaklings sem ekki á rétt á að veita því viðtöku, þar eð fjárfestar gætu þurft að þola viðbótartöp, þrátt fyrir að enginn vanskilaatburður hafi átt sér stað vegna undirliggjandi eignar. Enga viðbótaráhættuskuldbindingu ætti að færa fyrir verðbréfasjóði (UCITS), eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([1]), að því gefnu að ekki sé hægt að beina sjóðstreymi til einstaklings sem ekki á rétt, samkvæmt viðskiptunum, á að taka við því sjóðstreymi. Þetta skal einnig eiga við um einingar sem heyra undir kröfur um jafngildi samkvæmt lagagerðum Sambandsins eða löggjöf þriðja lands.

8) Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, sem stafa af áhættuskuldbindingum vegna viðskipta, og virði slíkra áhættuskuldbindinga, eru ekki háðar því hvort áhættuskuldbindingar vegna viðskipta er úthlutað innan eða utan veltubókar. Þess vegna ættu skilyrðin og aðferðafræðin sem notuð er til að auðkenna áhættuskuldbindingar vegna viðskipta með undirliggjandi eignir að vera þau sömu, án tillits til þess hvort þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað innan eða utan veltubókar stofnunarinnar.

9) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) leggur fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Þessi reglugerð tilgreinir skilyrðin og aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu stofnunar vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina að því er varðar áhættuskuldbindingar í gegnum viðskipti með undirliggjandi eignir og skilyrðin fyrir því að skipulag viðskipta með undirliggjandi eignir myndi ekki viðbótaráhættuskuldbindingar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) Ñviðskiptiì: viðskipti sem um getur í m- og o-lið 112. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og önnur viðskipti þar sem áhættuskuldbinding vegna undirliggjandi eigna liggur fyrir,

b) Ñóþekktur viðskiptavinurì: einstakur ímyndaður viðskiptavinur, sem stofnunin úthlutar öllum áhættuskuldbindingum ef hún hefur ekki tilgreint lántaka vegna þeirra, að því tilskildu að a- og b-liður 2. mgr. 6. gr. og a-liður 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar eigi ekki við.

3. gr.

Auðkenning áhættuskuldbindinga sem stafa af viðskiptum

1. Stofnun skal ákvarða framlagið til heildaráhættuskuldbindingarinnar vegna ákveðins viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina sem stafar af ákveðnum viðskiptum, í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 4., 5. og 6. gr.

Stofnunin skal fyrir hverja og eina undirliggjandi eign ákvarða sérstaklega áhættuskuldbindingu sína vegna þeirrar undirliggjandi eignar í samræmi við 5. gr.

2. Stofnun skal meta hvort ákveðin viðskipti myndi viðbótaráhættuskuldbindingar í samræmi við 7. gr.

4. gr.

Undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna viðskipta sem sjálf hafa undirliggjandi eignir

1. Þegar mat er lagt á undirliggjandi áhættuskuldbindingar í viðskiptum (viðskipti A), sem sjálf hafa undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna annarra viðskipta (viðskipti B), að því er varðar 5. og 6. gr., skal stofnun meðhöndla áhættuskuldbindinguna vegna viðskipta B eins og henni væri skipt út fyrir áhættuskuldbindingarnar sem eru undirliggjandi viðskiptum B.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda svo fremi að undirliggjandi áhættuskuldbindingar séu áhættuskuldbindingar vegna viðskipta með undirliggjandi eignir.

5. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirðinu

1. Áhættuskuldbinding stofnunar vegna undirliggjandi eignar í viðskiptum er sú lægri af eftirfarandi:

a) áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingarinnar sem stafar af hinni undirliggjandi eign,

b) heildaráhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindinga stofnunarinnar vegna undirliggjandi eignar, sem stafar af öllum áhættuskuldbindingum stofnunarinnar vegna viðskiptanna.

2. Að því er varðar sérhverja áhættuskuldbindingu stofnunar vegna viðskipta skal áhættuskuldbindingarvirði hinnar endanlegu áhættuskuldbindingar vegna undirliggjandi eigna ákvarðað á eftirfarandi hátt:

a) ef áhættuskuldbindingar allra fjárfesta í þessum viðskiptum flokkast jafngildar skal áhættuskuldbindingarvirði hinnar endanlegu áhættuskuldbindingar vegna undirliggjandi eignar vera hlutfallið af áhættuskuldbindingu stofnunarinnar vegna viðskiptanna margfaldað með áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingarinnar sem mynduð er af undirliggjandi eign,

b) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið skal áhættuskuldbindingarvirði endanlegu áhættuskuldbindingar vegna undirliggjandi eignar vera hlutfallið af áhættuskuldbindingu stofnunarinnar vegna viðskiptanna margfaldað með hinu lægra af:

   i. áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingarinnar sem undirliggjandi eign myndar,

   ii. heildaráhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna viðskiptanna, ásamt öllum öðrum áhættuskuldbindingum vegna þessara viðskipta sem flokkast jafngildar áhættuskuldbindingu stofnunarinnar.

3. Hlutfallið fyrir áhættuskuldbindingar stofnunar vegna viðskipta skal vera áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar stofnunarinnar deilt með heildaráhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar stofnunarinnar, ásamt öllum öðrum áhættuskuldbindingum vegna þessara viðskipta sem flokkast jafngildar áhættuskuldbindingu stofnunarinnar.

6. gr.

Aðferð til að ákvarða framlag undirliggjandi áhættuskuldbindinga til heildaráhættuskuldbindingar

1. Að því er varðar sérhverja útlánaáhættu þar sem lántakinn er þekktur, skal stofnun taka með áhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindingar sinnar vegna viðkomandi undirliggjandi eignar þegar reiknuð er út heildaráhættuskuldbinding vegna þessa lántaka sem einstökum viðskiptavini eða hópi tengdra viðskiptavina sem þessi lántaki tilheyrir.

2. Ef stofnun hefur ekki auðkennt lántaka undirliggjandi útlánaáhættu, eða þegar stofnun er ófær um að staðfesta að undirliggjandi áhættuskuldbinding sé ekki útlánaáhætta, skal stofnunin úthluta þessari áhættuskuldbindingu á eftirfarandi hátt:

a) ef áhættuskuldbindingarvirðið fer ekki yfir 0,25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar skal hún úthluta þessari áhættuskuldbindingu á viðskiptin sem aðskildum viðskiptavini,

b) ef áhættuskuldbindingarvirðið jafngildir eða fer yfir 0,25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar og stofnunin getur tryggt, með viðskiptaumboði, að undirliggjandi áhættuskuldbindingar viðskiptanna séu ekki tengdar neinni annarri áhættuskuldbindingu í eignasafni sínu, þ.m.t. undirliggjandi áhættuskuldbindingum frá öðrum viðskiptum, skal hún úthluta þessari áhættuskuldbindingu á viðskiptin sem aðskildum viðskiptavini,

c) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a- og b-lið skal hún úthluta þessari áhættuskuldbindingu á hinn óþekkta viðskiptavin.

3. Ef stofnun er ekki fær um að gera greinarmun á undirliggjandi áhættuskuldbindingum viðskipa skal stofnunin úthluta heildaráhættuskuldbindingarvirði áhættuskuldbindinga sinna á viðskiptin samkvæmt eftirfarandi:

a) fari þetta heildaráhættuskuldbindingarvirði ekki yfir 0,25% af hæfu fjármagni stofnunarinnar skal hún úthluta þessu heildaráhættuskuldbindingarvirði á viðskiptin sem aðskildum viðskiptavini,

b) í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í a-lið skal hún úthluta þessu heildaráhættuskuldbindingarvirði á hinn óþekkta viðskiptavin.

4. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu stofnanir reglulega, og að lágmarki mánaðarlega, vakta slík viðskipti vegna mögulegra breytinga í samsetningu og hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga.

7. gr.

Viðbótaráhættuskuldbinding sem myndast af skipulagi viðskipta

1. Skipulag viðskipta skal ekki mynda viðbótaráhættuskuldbindingar ef viðskiptin uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

a) lagalegt og rekstrarlegt skipulag viðskiptanna er hannað til að koma í veg fyrir að stjórnandi viðskiptanna eða þriðji aðili beini sjóðstreymi, sem stafar af viðskiptunum, til einstaklings sem ekki á rétt, samkvæmt skilmálum viðskiptanna, á að taka við því sjóðstreymi,

b) hvorki útgefandann né nokkurn annan einstakling er hægt að krefja, samkvæmt viðskiptunum, um að reiða greiðslu af hendi til stofnunarinnar til viðbótar við, eða sem fyrirframgreiðslu á, sjóðstreymi frá hinum undirliggjandi eignum.

2. Skilyrðin í a-lið 1. mgr. skulu talin uppfyllt þegar viðskiptin eru annað eftirfarandi:

a) verðbréfasjóður eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

b) félag með staðfestu í þriðja landi, sem stundar starfsemi svipaða þeirri sem stunduð er af verðbréfasjóði og sem heyrir undir eftirlit samkvæmt lagagerð Sambandsins eða samkvæmt löggjöf þriðja lands sem beitir a.m.k. jafn ströngum kröfum um eftirlit og samkvæmt reglum og beitt er í Sambandinu gagnvart verðbréfasjóði.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. október 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1556 **2020/EES/50/43**

frá 11. júní 2015

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir bráðabirgðameðferð áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa samkvæmt innramatsaðferðinni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 495. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði lögbær yfirvöld geta undanþegið frá innramatsaðferðinni tiltekna flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa, sem stofnanir og dótturfyrirtæki stofnana í Evrópusambandinu í því aðildarríki áttu 31. desember 2007.

2) Mæla skal fyrir um þessi skilyrði með samræmdum hætti til þess að þau hafi ekki óhófleg, neikvæð áhrif á snurðulausa umbreytingu á landslögum frá því fyrirkomulagi sem komið var á með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB ([2]), einkum 6. mgr. 154. gr. hennar, yfir í það fyrirkomulag sem komið er á með reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3) Þegar skilyrðin eru tilgreind ætti að taka tilhlýðilegt tillit, að því marki sem mögulegt er, til lögmætra væntinga stofnananna sem var veitt undanþága samkvæmt fyrra fyrirkomulaginu sem gilti til 31. desember 2013. Því ættu lögbær yfirvöld að geta veitt þeim stofnunum undanþágu. Öðrum stofnunum ætti ekki að veita þessa undanþágu.

4) Þessi reglugerð byggir á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Lögbær yfirvöld geta aðeins veitt stofnunum og dótturfyrirtækjum stofnana í Evrópusambandinu undanþágu frá innramatsaðferðinni sem um getur í 1. mgr. 495. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar þá flokka áhættuskuldbindinga þeirra sem nutu þegar undanþágu frá innramatsaðferðinni 31. desember 2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 244, 19.9.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/72 **2020/EES/50/44**

frá 23. september 2016

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir heimild til að undanskilja gögn (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 180. gr., 3. mgr. 181. gr. og 4. mgr. 182. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þegar stofnun byrjar að innleiða innramatsaðferðina (IRB-aðferð) getur hún og móðurfélög þess og dótturfélög óskað eftir heimild lögbærs yfirvalds til að nota gögn sem ná yfir tveggja fremur en fimm ára tímabil við mat á líkum á vanefndum (PD), eigið mat á tapi að gefnum vanefndum (eigið-LGD) og eigið mat á breytistuðlum fyrir tilteknar tegundir áhættuskuldbindinga. Ákvarða ætti skilyrðin fyrir að lögbær yfirvöld geti veitt heimildir til að undanskilja gögn.

2) Lögbær yfirvöld ættu að sannreyna hvort stofnanir hlíti kröfunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 áður en þau veita heimild til að undanskilja gögn. Í þessari reglugerð eru þó ekki lagðar kröfur á lögbær yfirvöld um neina sértæka, reglubundna endurskoðun á hvort stofnanirnar uppfylla kröfur fyrir heimild til að undanskilja gögn og þess vegna geta stofnanir sem hlíta ekki lengur kröfunum í þessari reglugerð nýtt sér ákvæði 146. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3) Eftir því sem gagnatímabilið er styttra þeim mun erfiðara er að leggja mat á áhættubreytur. Með það fyrir augum að tryggja að heimildin til að undanskilja gögn takmarkist við lítinn hluta af eignum stofnunar ætti að setja megindleg hámarksmörk, bæði hvað varðar áhættuskuldbindingarvirðið og fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem reiknuð er út með innramatsaðferðinni og staðalaðferðinni, sem veita má heimild til að undanskilja gögn fyrir. Í sama tilgangi ætti með skýrum hætti að undanskilja frá gildissviði heimildarinnar til að undanskilja gögn, eignasöfn þar sem tegundasamsetning áhættuskuldbindinga einkennist greinilega af fáum eða engum sannanlegum vanskilum.

4) Til að tryggja varfærinn útreikning á kröfu vegna eiginfjárgrunns ættu lögbær yfirvöld að taka tillit til annarra þátta þegar beiðnir um heimildir til að undanskilja gögn eru metnar. Sérstaklega ættu stofnanir, sem fara fram á heimild til að nota styttri gagnaraðir, að beita viðeigandi varúðarvikmörkum. Enn fremur ættu stofnanir að sanna á fullnægjandi hátt fyrir lögbærum yfirvöldum að skortur sé á nákvæmum, heildstæðum og hentugum gagnaröðum yfir lengri tíma. Að því gefnu að áhrifin á kröfu vegna eiginfjárgrunns geti verið meiri sem afleiðing af ónákvæmum gögnum ættu stofnanir einnig að beita viðbótaraðferðum til að sannprófa gæði gagna sem svara til smærri úrtaksstærðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

5) Þær tegundir áhættuskuldbindinga sem ekki eru teknar með í eignasafn stofnunarinnar á þeim tíma þegar stofnunin tekur fyrst upp innramatsaðferðina ættu ekki að teljast hæfar fyrir veitingu heimildar til að undanskilja gögn. Á hinn bóginn ætti eingöngu að veita heimildir til að undanskilja gögn fyrir þær tegundir áhættuskuldbindinga sem eignasafn stofnunarinnar innihélt á þeim tíma þegar stofnunin tók fyrst upp innramatsaðferðina, án tillits til þess hvort þessar áhættuskuldbindingar færast þegar í stað eða síðar undir innramatsaðferðina, í samræmi við raðbundna framkvæmda-áætlun.

6) Tilgangurinn með að undanskilja megi gögn er að veita undanþágu frá skuldbindingunni um að nota söguleg gögn yfir fimm ár við mat á breytum í innramati fyrir tegundir áhættuskuldbindinga sem til staðar eru í eignasafni stofnunarinnar, þegar stofnunin tekur fyrst upp innramatsaðferðina. Fimm árum eftir að hún er fyrst tekin upp ættu stofnanir að hafa safnað nægjanlegum gögnum til að þurfa ekki að nota undanþáguna lengur. Því ætti ekki að veita heimildir til að undanskilja gögn fimm árum eftir þann dag þegar stofnun hóf innleiðingu innramatsaðferðarinnar.

7) Þörf er á að tryggja að skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hamli ekki matskerfunum sem stofnanir eru þegar með í notkun, en þau stuðli í staðinn að snurðulausri umbreytingu yfir í nýja regluverkið, auki á réttarvissu stofnana og komi í veg fyrir frekari kostnað stofnana. Í krafti ákvæða 180., 181. og 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 snýst heimildin til að undanskilja gögn um að nota gögn sem ná yfir tvö ár í staðinn fyrir gögn sem ná yfir fimm ár og sem afleiðing af því fellur hún eðlilega úr gildi þremur árum eftir að hún er veitt. Tæknilegu eftirlitsstaðlarnir ættu þess vegna ekki að hafa áhrif á heimildir til að undanskilja gögn sem lögbær yfirvöld hafa þegar veitt við gildistöku þessarar reglugerðar, vegna þess að slíkt væri óhóflegt og myndi letja notkun á innramatsaðferðinni. Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau varða öll skilyrðin fyrir að undanskilja megi gögn. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem ættu að öðlast gildi á sama tíma og auðvelda þeim sem falla undir þessar skyldur að fá heildaryfirlit yfir þau og auðvelt aðgengi að þeim er æskilegt að láta eina reglugerð ná yfir alla viðeigandi tæknilega eftirlitsstaðla sem krafist er skv. 3. mgr. 180. gr., 3. mgr. 181. gr. og 4. mgr. 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ófrávíkjanleg skilyrði fyrir að lögbær yfirvöld geti veitt stofnunum heimildir til að nota gögn sem ná yfir tvö ár fremur en fimm ár við mat á líkum á vanefndum („PD“), eigið mat á tapi að gefnum vanefndum („eign-LGD“) og eigið mat á breytistuðlum eins og sett er fram í h-lið 1. mgr. 180. gr., e-lið 2. mgr. 180. gr., og 2. mgr. 181. gr. og 3. mgr. 182. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 („heimildir til að undanskilja gögn“).

2. gr.

Skilyrði fyrir hæfi áhættuskuldbindinga

1. Með fyrirvara um 2. og 3. mgr. skulu allar tegundir áhættuskuldbindinga, aðrar en áhættuskuldbindingar vegna ríkisstjórna, seðlabanka og stofnanna, eins og sett er fram í a- og b-lið 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, teljast hæfar til heimildar til að undanskilja gögn.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja, eins og sett er fram í c-lið 2. mgr. 147. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu vera hæfar fyrir heimildir til að undanskilja gögn ef þær að skipulagi einkennast ekki af fáum eða neinum sannanlegum vanskilum.

3. Tegundir áhættuskuldbindinga sem ekki eru í eignasafni stofnunarinnar á þeim tíma sem stofnunin hóf að innleiða innramatsaðferðina (IRB aðferð) skulu ekki vera hæfar fyrir heimild til að undanskilja gögn.

3. gr.

Megindleg skilyrði

1. Lögbær yfirvöld geta eingöngu veitt heimildir til að undanskilja gögn ef eftirfarandi megindleg skilyrði eru uppfyllt að því er varðar stofnun:

a) heildarvirði áhættuskuldbindingar sem óskað er heimildar til að undanskilja gögn fyrir og allar heimildir til að undanskilja gögn sem veittar hafa verið, og sem ekki hafa verið afturkallaðar eða fallið úr gildi („heimildir til að undanskilja gögn sem í gildi eru“) fari ekki yfir 5% af heildarvirði áhættuskuldbindinga stofnunarinnar,

b) heildarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sem óskað er heimildar til að undanskilja gögn fyrir og allar heimildir til að undanskilja gögn sem í gildi eru fari ekki yfir 5% af heildarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar stofnunarinnar.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal heildarvirði áhættuskuldbindingar vera samanlagt áhættuskuldbindingarvirði allra tegunda áhættuskuldbindinga sem mældar eru fyrir útlána- og þynningaráhættu, á undan lækkun vegna sértækrar leiðréttingar á útlánaáhættu, viðbótarvirðisbreytinga í samræmi við 34. og 110. gr. reglugerðar (ESB) 575/2013 og annarra lækkana á eiginfjárgrunni.

3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal heildarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vera samanlögð áhættuskuldbindingarfjárhæð allra tegunda áhættuskuldbindinga, áhættuveginna vegna útlána- og þynningaráhættu í samræmi við aðferðina sem stofnunin beitir.

4. gr.

Eigindleg skilyrði

Lögbær yfirvöld mega eingöngu veita heimildina til að undanskilja gögn til stofnunar sem leggur fram trausta, skriflega sönnun um að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt að því er varðar hverja tegund áhættuskuldbindingar:

a) gagnaraðir til lengri tíma eru ekki tiltækar eða ófullnægjandi vegna skorts á nákvæmni, heildstæðni eða tilhlýðileika,

b) viðeigandi varúðarvikmörkum er beitt, í samræmi við a-lið 1. mgr. 179. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, til að vega á fullnægjandi hátt upp á móti matsvillum sem búist er við vegna notkunar á sögulegum gagnaröðum til skemmri tíma,

c) prófunarferli ílagsgagna, sem um getur í b-lið 174. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, er aukið fyrir styttri tímaraðirnar.

5. gr.

Tímamörk

Lögbær yfirvöld mega eingöngu veita heimildir til að undanskilja gögn fyrir fyrstu fimm árin eftir daginn þegar stofnun var fyrst heimilað að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga sinna með því að nota innramatsaðferðina í samræmi við 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

6. gr.

Umbreytingarákvæði

Heimildir til að undanskilja gögn sem lögbæru yfirvöldin veita áður en þessi reglugerð gengur í gildi skulu ekki falla undir þessa reglugerð.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/180 **2020/EES/50/45**

frá 24. október 2016

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðmiðunarmatsstaðla eignasafns og málsmeðferðir við miðlun á mati (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnieftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB ([1]), einkum þriðju undirgrein 7. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um staðla fyrir mat lögbærra yfirvalda á innri aðferðum sem stofnanir hafa tekið upp við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns og setja fram nákvæmar reglur að því er varðar málsmeðferðarreglur fyrir miðlun þessara mata á milli lögbærra yfirvalda sem falið er að vakta umfang fjárhæða áhættuveginna áhættuskuldbindinga eða kröfur vegna eiginfjárgrunns stofnana sem hafa heimild til að nota innri aðferðir fyrir útreikning á þessum fjárhæðum eða kröfum vegna eiginfjárgrunns.

2) Matið á gæðum þróaðra aðferða stofnana gerir kleift að bera saman innri aðferðir á vettvangi Sambandsins, þar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) aðstoðar lögbær yfirvöld við mat þeirra á mögulegu vanmati á kröfum vegna eiginfjárgrunns. Málsmeðferðarreglurnar fyrir miðlun matanna ættu að innihalda viðeigandi ákvæði um tímasetningu á miðlun þeirra til viðkomandi lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.

3) Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum, sem tilheyra samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit, hafa lögmætra hagsmuna að gæta varðandi gæði innri aðferða sem þessar stofnanir nota, þar sem þau leggja sitt af mörkum til sameiginlegrar ákvörðunar um samþykki á innri aðferðunum skv. 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([2]). Í málsmeðferðarreglunum um miðlun matanna, sem gerð eru í samræmi við 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, ætti einnig að tilgreina hvernig almennar skuldbindingar um samvinnu og upplýsingaskipti innan samstarfshópa gilda í tilteknu samhengi með setningu viðmiðunarmarkanna.

4) Til að tryggja að mötunum sem gerð eru í samræmi við 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sé miðlað á skilvirkan og hagkvæman hátt ættu lögbær yfirvöld að birta mat sitt eða sjónarmið varðandi umfang mögulegs vanmats á kröfum vegna eiginfjárgrunns sem stafar af innri aðferðum sem notaðar eru af stofnununum og röksemdafærslunni að baki niðurstöðunum í mati lögbærra yfirvalda. Þar að auki skipta raunverulegar eða fyrirsjáanlegar aðgerðir lögbærra yfirvalda til úrbóta, í samræmi við 4. mgr. 78. gr. þeirrar tilskipunar, einnig máli fyrir öll önnur lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum, sem tilheyra samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit, þar sem þau hafa

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 3.2.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

lögmætra hagsmuna að gæta af áframhaldandi gæðum innri aðferðar sem þessar stofnanir nota. Enn fremur ættu raunverulegar eða fyrirhugaðar aðgerðir lögbærra yfirvalda til úrbóta einnig að vera tilkynntar Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, í samræmi við 1. mgr. 107. gr. þeirrar tilskipunar, þar sem þær eru nauðsynlegar fyrir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

5) Skýrsla Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem er ætlað að aðstoða lögbær yfirvöld við mat þeirra á gæðum innri aðferða, er hornsteinn við setningu viðmiðunarmarkanna, að því gefnu að slík skýrsla innihaldi niðurstöðurnar af samanburðinum á viðkomandi stofnunum við sambærilegar stofnanir á vettvangi Sambandsins. Upplýsingarnar í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar ættu því að mynda grunninn fyrir ákvörðun lögbærra yfirvalda um hvaða fyrirtækjum og eignasöfnum ætti að „veita sérstaka athygli“ eins og krafist er í fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

6) Niðurstöðurnar úr matinu á gæðum innri aðferða eru háðar gæðum gagnanna sem viðkomandi stofnanir tilkynna samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070 ([1]), sem einnig þurfa að vera samkvæm og samanburðarhæf. Lögbær yfirvöld ættu þess vegna að vera krafin um að staðfesta að stofnanir beiti þeirri framkvæmdarreglugerð rétt, einkum að því er varðar notkunina á valkostinum sem tiltækur er stofnununum að tilkynna ekki um tiltekin stök eignasöfn.

7) Þegar lögbær yfirvöld reikna út viðmiðunarmörk sem byggð eru á staðalaðferðinni ætti af varfærniástæðum að aðlaga kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem leiðir af notkuninni á staðalaðferðinni. Þessa aðlögun ætti að fastsetja á því stigi sem beitt er við útreikninginn á umbreytingarákvæði Basel I lágmarksins, byggðu á 500. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

8) Ekki er talið viðeigandi sem stendur að reikna út viðmiðunarmörk byggð á staðalaðferðinni ef um er að ræða markaðsáhættu, þar sem þau geta leitt til röskunar. Vegna þess hve aðferðafræðin sem notuð er við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns samkvæmt staðalaðferðum og innri aðferðum er ólík, sem aðallega stafar af miklum mun í samsöfnun eða fjölþættingu einstakra staðna, gæfi samanburður á þessum mælistikum markaðsáhættu fyrir lítil eignasöfn ekki marktæka vísbendingu um mögulegt vanmat á kröfunum vegna eiginfjárgrunns. Þegar útreikningar staðalaðferðar eru teknir til athugunar í matinu á útlánaáhættulíkönum, ættu þeir eingöngu að vera ætlaðir sem viðmiðunarmörk fyrir mat, fremur en lágmark.

9) Þegar heildargæði innri aðferða stofnunar eru metin og breytileikastigið í tilteknum aðferðum skoðað ættu lögbær yfirvöld ekki að horfa eingöngu á niðurstöðurnar heldur leitast við að ákvarða meginorsakirnar að baki breytileikanum og draga ályktanir út frá mismunandi líkansaðferðum. Lögbær yfirvöld ættu þess vegna að vera krafin um að taka tillit til niðurstaðnanna úr öðrum vágildisútreikningum (VaR) og álagsvágildisútreikningum (sVaR), byggðum á rekstrartímaröðum.

10) Að því gefnu að hlutverk lögbærra yfirvalda í rannsókn og staðfestingu á gæðum innri aðferða er grundvallarþáttur, auk upplýsinganna sem stofnanir tilkynna í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, ættu lögbær yfirvöld að nota valdheimildir sínar, sem þau hafa samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013, til að samþykkja og endurskoða innri aðferðir, á fyrirbyggjandi hátt, með því að leita eftir frekari upplýsingum sem geta verið gagnlegar fyrir áframhaldandi mat þeirra á gæðum innri aðferða.

11) Fyrir mat á markaðsáhættu er nú þegar krafist að daglega sé gerð afturvirk prófun, sem byggi bæði á hugsanlegum og raunverulegum breytingum á verðmæti eignasafnsins, fyrir stöður í öllu eignasafninu við lok dags, eins og sett er fram í 3. mgr. 366. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Tilkynna skal fjölda framúrkeyrslna til lögbærra yfirvalda og nota reglulega til að meta frammistöðu líkansins og til að ákvarða viðbótarstuðla fyrir reglugerðarbundnu vágildis- og álagsvágildismargfaldarana. Til samræmis við það ætti hvorki að beita né meta afturvirk próf til viðbótar fyrir eignasöfnin sem varða innri aðferðir vegna markaðsáhættu.

12) Sú staðreynd að niðurstaðan af setningu viðmiðunarmarkanna fyrir sérhvert eignasafn er ýtrasta gildi eða er auðkennd í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar að skuli endurskoðuð af lögbærum yfirvöldum, ætti ekki nauðsynlega að þýða að líkanið sem stofnunin notar sé ófullkomið eða rangt. Í þessu tilliti ættu mötin sem lögbær yfirvöld gera að vera

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070 frá 14. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir sniðmát, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir sem stofnanir eiga að notast við skýrslugjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda í samræmi við 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB (Stjtíð. ESB L 328, 2.12.2016, bls. 1)

notuð sem verkfæri til að öðlast dýpri þekkingu á líkönum stofnana og forsendum fyrir þeim. Auk þess ætti greiningin á mögulegum mun á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem stofnanirnar tilkynna, samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, og kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem leiðir af notkun áhættubreyta sem byggja á niðurstöðum úr sögulegri greiningu áhættumælikvarða (e. „outturns“) að vera notuð af lögbærum yfirvöldum sem staðgengilsvísbending um umtalsvert og kerfisbundið vanmat á kröfunum vegna eiginfjárgrunns, en ætti aldrei að koma í staðinn fyrir viðhlítandi sannreyningu á þeirri innri aðferð.

13) Með notkun á niðurstöðum viðmiðunarmarkanna ættu lögbær yfirvöld að taka til skoðunar mögulegar takmarkanir í gögnunum og vísa til þess í mati sínu eftir því sem við á. Viðbótarmælistikur sem eru byggðar á niðurstöðum úr sögulegri greiningu áhættumælikvarða ættu að vera reiknaðar út af Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni á grundvelli upplýsinga sem safnað er og sem munu styrkja greininguna enn frekar. Að því gefnu að kröfur vegna eiginfjárgrunns sem settar eru fram í markaðsáhættulíkönum séu háðar eignasafni og ekki er gagnrýnislaust hægt að yfirfæra sérhverja niðurstöðu sem fengin er á aðgreindu stigi yfir á raunveruleg eignasöfn í eigu stofnana ætti, að sama skapi, að taka öllum bráðabirgðaniðurstöðum sem byggja eingöngu á stigi heildarfjármagns, sem leitt er af samanteknum eignasöfnum, af tilhlýðilegri varúð. Þegar niðurstöðurnar sem fást eru metnar ættu lögbær yfirvöld að hafa í huga að jafnvel samantekin eignasöfn, sem samanstanda af flestum gerningunum, koma alltaf til með að vera mjög ólík raunverulegu eignasafni með tilliti til stærðar og samsetningar. Auk þess eru niðurstöðurnar hugsanlega ekki samanburðarhæfar í öllum tilvikum, þar sem flestar stofnanir eru ekki í stakk búnar til að reikna með líkani öll ósamantekin eignasöfn. Enn fremur ætti að hafa í huga að gögnin munu ekki endurspegla allar aðgerðir sem hafa áhrif á eiginfjárgrunn, eins og takmarkanir á ávinning af fjölþættingu eða eiginfjárgrunnsviðbætur sem innleiddar eru til að bregðast við þekktum annmörkum líkans eða vegna áhættuþátta sem vanta.

14) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

15) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Málsmeðferðarreglur fyrir miðlun á mötum

1. Lögbær yfirvöld sem framkvæma árleg möt á gæðum innri aðferða stofnana, í samræmi við 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, skulu deila þessum mötum með öllum öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA) innan þriggja mánaða frá dreifingu skýrslunnar sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fram og sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Við móttöku matanna sem um getur í 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin deila þeim með viðkomandi lögbærum yfirvöldum sem ábyrg eru fyrir eftirliti með stofnunum sem tilheyra samstæðu sem fellur undir samstæðueftirlit, hafi lögbæru yfirvöldin sem undirbjuggu þessi möt ekki þegar gert það.

2. gr.

Málsmeðferðarreglur fyrir deilingu upplýsinga til annarra lögbærra yfirvalda og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA)

Þegar mötum sem gerð eru í samræmi við 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er deilt skulu lögbær yfirvöld veita eftirfarandi upplýsingar:

a) niðurstöðurnar og grunnforsendurnar í mati þeirra, byggðum á beitingu matsstaðlanna sem um getur í 3. til 11. gr.,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

b) álit þeirra á mögulegu vanmati á kröfum vegna eiginfjárgrunns sem stafar af innri aðferðum sem stofnanir nota.

3. gr.

Yfirlit

1. Þegar matið sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld tilgreina þær innri aðferðir sem meta þarf sérstaklega þannig að það sé í réttu hlutfalli við eðli, umfang og flækjustig áhættu sem innbyggð er í viðskiptalíkanið, sem og mikilvægi eignasafnanna, sem tekin eru með í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, fyrir stofnunina í tengslum við áhættusnið stofnunarinnar. Þau skulu einnig taka tillit til greininganna í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, á eftirfarandi hátt:

a) þau skulu meðhöndla gildi sem leiða af útreikningum líkans, sem í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eru talin ýtrustu gildi, sem vísbendingu um veruleg frávik að því er varðar kröfurnar vegna eiginfjárgrunns, í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) þau skulu meðhöndla gildi úr líkansútreikningunum og staðalfrávik þessara gilda fyrir áhættuskuldbindingar í sama viðmiðunareignasafni eða svipuðum viðmiðunareignasöfnum, sem tilgreind eru í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem bráðabirgðavísbendingu um verulegan mismun og, eftir því sem við á, lítinn eða mikinn fjölbreytileika í kröfum vegna eiginfjárgrunns, í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) þau skulu meðhöndla mögulegan mismun, sem reiknaður er út í samræmi við 4. gr. þessarar reglugerðar, sem bráðabirgðavísbendingu um verulegt og kerfisbundið vanmat á kröfum vegna eiginfjárgrunns, í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

d) þau skulu meðhöndla mögulegan mismun á áætluðum áhættubreytum, sem stofnanirnar tilkynna samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, og áhættubreytum sem byggðar eru á niðurstöðum úr sögulegri greiningu áhættumælikvarða, sem stofnanirnar tilkynna í samræmi við þá framkvæmdarreglugerð, sem bráðabirgðavísbendingu um verulegan mismun á kröfum vegna eiginfjárgrunns, í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

e) þau skulu meðhöndla mögulegan mismun á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu, sem stofnanirnar tilkynna samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, og kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem stafa af notkun stofnunarinnar á niðurstöðum sem byggðar eru á sögulegri greiningu áhættumælikvarða í samræmi við þá framkvæmdarreglugerð eða sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur reiknað út í skýrslu sinni, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, sem bráðabrigðavísbendingu um verulegt og kerfisbundið vanmat á kröfum vegna eiginfjárgrunns, í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 78. gr. þeirrar tilskipunar. Þegar skýrslan sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fram er notuð, geta lögbær yfirvöld tekið til athugunar mögulegar takmarkanir í gögnunum og vísað til þess í mati sínu eftir því sem við á.

2. Þegar matið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld beita matsstöðlunum sem um getur í 6. til 11. gr.

4. gr.

Útreikningur á mögulegum mismun vegna útlánaáhættu með notkun staðalaðferðarinnar

1. Lögbær yfirvöld skulu reikna út mögulegan mismun, sem um getur í c-lið 1. mgr. 3. gr., með því að draga kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu, sem stofnanir tilkynna samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, frá kröfunum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu sem leiða af beitingu staðalaðferðarinnar. Auk þess skulu þau reikna út viðmiðunartölfræði varðandi þennan mismun á eftirfarandi hátt:

a) fyrir eignasöfn með lága vanskilaáhættu (e. *low-default portfolios* (LDP)), á stigi eignasafnsins að undanskildum áhættuskuldbindingum gagnvart ríkisstjórn og seðlabanka aðildarríkja sem tilgreindar eru og fjármagnaðar í heimagjaldmiðlinum eins og um getur í 4. mgr. 114. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) fyrir eignasöfn með háa vanskilaáhættu (HDP), á stigi eignasafnsins.

2. Fyrir útreikning viðmiðunartölfræði sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu lögbær yfirvöld nota kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu aðlagaðar að stiginu sem beitt er við útreikninginn á umbreytingarákvæði Basel I lágmarksins, skv. 500. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

5. gr.

Útreikningur á mögulegum mismun vegna útlánaáhættu með notkun niðurstaðna sem byggja á sögulegri greiningu áhættumælikvarða (e. „outturns“)

Að því er varðar d- og e-liði 1. mgr. 3. gr. skulu lögbær yfirvöld nota niðurstöður sem byggðar eru á sögulegri greiningu áhættumælikvarða úr bæði eins árs og fimm ára meðaltölum fyrir útreikning á mismuninum.

6. gr.

Matsstaðlar

1. Þegar matið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld meta reglufylgni stofnananna við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070, svo fremi stofnanirnar hafi nýtt valkostinn í 2. mgr. 3. gr. þeirrar framkvæmdarreglugerðar til að leggja fram takmarkaðri gagnaskil samkvæmt þeirri framkvæmdarreglugerð. Lögbær yfirvöld skulu gera það með því að staðfesta grunnforsendurnar og rökstuðninginn að baki hvers konar takmörkunum í gagnaskilunum sem þessar stofnanir hafa lagt fram samkvæmt þeirri framkvæmdarreglugerð.

2. Þegar matið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld rannsaka ástæðurnar fyrir verulegu og kerfisbundnu vanmati og fyrir miklum eða litlum fjölbreytileika í kröfunum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í þeirri málsgrein, á eftirfarandi hátt:

a) fyrir möt sem varða útlánaáhættuaðferðir, með því að nota staðlana sem um getur í 7. og 8. gr.,

b) fyrir möt sem varða markaðsáhættuaðferðir, með því að nota staðlana sem um getur í 9. til 11. gr.

7. gr.

Almennir matsstaðlar fyrir innri aðferðir vegna útlánaáhættu

1. Þegar mat sem um getur í 1. mgr. 3. gr. sem varðar útlánaáhættuaðferðir er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld nota a.m.k. upplýsingarnar um innri aðferðir sem beitt er á viðmiðunareignasöfnin vegna eftirlits, sem er að finna í eftirfarandi gögnum, þar sem við á:

a) skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) reglulegum fullgildingarskýrslum stofnunarinnar,

c) skjalahaldi líkans, þ.m.t. handbókum, þróunar- og kvörðunarskjölun líkansins og aðferðafræðinni fyrir innri aðferðum,

d) skýrslum varðandi vettvangsheimsóknir.

2. Þegar mat sem um getur í 1. mgr. 3. gr. sem varðar útlánaáhættuaðferðir er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld taka tillit til eftirfarandi þátta, þar sem við á:

a) hvort stofnunin noti eigin möt á tapi að gefnum vanefndum (LGD) og breytistuðla, í samræmi við 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) notkunarsviðs líkansins og þess að viðmiðunareignasöfnin séu dæmigerð,

c) lykileinkenna líkananna, t.d. greinarmunar á milli líkana sem eru þróuð og kvörðuð miðlægt á samstæðustigi (heildrænt) og líkana sem eru þróuð og kvörðuð einvörðungu innan lögsögu gistiríkis (staðbundið), milli líkana sem eru keypt og eigin líkana stofnunar, milli líkana sem eru þróuð og kvörðuð með notkun innri gagna og líkana sem eru þróuð og kvörðuð með notkun ytri gagna,

d) dagsetningarinnar þegar líkan er samþykkt og dagsetningarinnar þegar líkan er þróað,

e) samanburðarins á forspáðu og framkomnu vanskilahlutfalli yfir viðeigandi tímabil,

f) samanburðarins á forspáðu tapi að gefnum vanefndum í efnahagssamdrætti við framkomið tap að gefnum vanefndum,

g) samanburðarins á áætluðum og framkomnum áhættuskuldbindingum í vanskilum,

h) lengdarinnar á tímaröðunum sem notaðar eru og, eftir því sem við á, innfellingarinnar á erfiðleikaárum eða eðlis og mikilvægis sérhverrar aðlögunar til að ná yfir efnahagssamdráttarástand og viðbóta á íhaldssömum vikmörkum í kvörðun líkansins,

i) nýlegra breytinga í samsetningu eignasafns stofnunarinnar sem innri aðferð er beitt á,

j) rekstrarhagfræðilegra og þjóðhagslegra aðstæðna fyrir eignasafn stofnunarinnar, áhættu- og starfsstefnu sem og innri ferla, eins og endurheimtarferla fyrir eignir í vanskilum (e. *„workout procedures“*),

k) núverandi stöðu hagsveiflunnar, vals á lánshæfismatsstefnu annaðhvort á tilteknum tímapunkti (e. *point-in-time* (PIT)) eða yfir hagsveifluna (e. *through-the-cycle* (TTC)) og framkomins lotuferils í líkaninu,

l) fjölda lánshæfismatsþrepa og vægis sem stofnunin notar til að reikna út líkur á vanefndum (e. *probability of default* (PD)), tap að gefnum vanefndum og breytistuðla,

m) skilgreininga vanskila- og endurheimtuhlutfalla sem stofnunin notar,

n) hvort, eftir atvikum, felldar séu inn opnar endursamningamálsmeðferðir í tímaraðirnar sem notaðar eru fyrir kvörðun á tapi að gefnum vanefndum í líkönunum eða ekki.

3. Ef lögbær yfirvöld telja að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. séu ekki nægjanlegar til að geta komist að niðurstöðu í tengslum við þættina sem skráðir eru í 2. mgr., skulu þau tafarlaust safna viðbótarupplýsingum frá stofnununum sem þau telja nauðsynlegar til að ljúka mati sínu.

Þegar tekin er ákvörðun um hvaða viðbótarupplýsingum á að safna skulu lögbær yfirvöld taka tilliti til mikilvægis og þýðingar fráviksins í stikum stofnunarinnar og krafna vegna eiginfjárgrunns. Lögbær yfirvöld skulu safna viðbótarupplýsingum á þann hátt sem þau telja henta best, þ.m.t. með spurningalistum, viðtölum og sérstökum vettvangsheimsóknum.

8. gr.

Matsstaðlar fyrir innri aðferðir vegna útlánaáhættu, sem sértæk er fyrir eignasafn með lága vanskilaáhættu

1. Þegar matið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. sem varðar eignasafn með lága vanskilaáhættu mótaðila, sem sett er fram í sniðmáti 101 í I. viðauka framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/2070, er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld meta hvort mismunurinn á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu stofnunar og sambærilegra stofnana orsakist af einhverju af eftirfarandi:

a) ólíkri niðurröðun mótaðilanna sem teknir eru með í úrtakinu úr eignasafni með lága vanskilaáhættu eða ólíkum stigum á líkum á vanefndum sem úthlutað er á hvert þrep,

b) sértækum útlánaaðferðum, veðgerningum eða staðsetningum mótaðilanna,

c) misleitni í líkum á vanefndum, töpum að gefnum vanefndum, líftímum eða breytistuðlum,

d) veðtryggingarvenjum,

e) stigi óhæðis frá ytri lánshæfismötum og tíðni uppfærslna á innri mötum.

2. Ef stofnun flokkar mótaðila „í vanskilum“ á meðan aðrar stofnanir flokka hann „í skilum“, eða öfugt, skulu lögbær yfirvöld beita aðferðinni sem um getur í 1. mgr. á þann mótaðila.

9. gr.

Almennir matsstaðlar fyrir innri aðferðir vegna markaðsáhættu

1. Þegar mat sem um getur í 1. mgr. 3. gr. er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld nota a.m.k. upplýsingarnar um innri aðferðir sem beitt er á viðmiðunareignasöfn vegna eftirlits, sem er að finna í eftirfarandi skjölum, þar sem við á:

a) skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

b) fullgildingarskýrslum stofnunarinnar, sem gerðar eru af hæfum óháðum aðilum, þegar eigið líkan er upphaflega þróað og þegar gerðar eru verulegar breytingar á eigin líkani. Þessar upplýsingar skulu innihalda prófanir til að sýna fram á að allar forsendur í innri aðferðum séu viðeigandi og vanmeti ekki eða ofmeti áhættuna, sérstakar afturvirkar prófanir hannaðar í tengslum við áhætturnar og samsetningar eignasafna þeirra og notkun á tilgátueignasöfnum til að tryggja að innri aðferðir geti tekið tillit til tiltekinna kerfislægra þátta sem komið gætu upp, eins og umtalsverðra grunnáhætta og samþjöppunaráhættu,

c) tilkynningum um fjölda daglegra afturvirkra prófana á framúrkeyrslum, sem greindar hafa verið á undangengnu ári, og rökin fyrir þeim, á grundvelli afturvirkra prófana á hugsanlegum og raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins,

d) skjalahaldi líkans, þ.m.t. handbókum, þróunar- og kvörðunarskjölun líkansins og aðferðafræðinni fyrir innri aðferðum,

e) skýrslum varðandi vettvangsheimsóknir.

2. Þegar mat sem um getur í 1. mgr. 3. gr. er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld taka tillit til eftirfarandi þátta, þar sem við á:

a) valsins á aðferðafræði vágildisútreikninga sem stofnunin beitir,

b) notkunarsviðs líkansins og þess að viðmiðunareignasöfnin séu dæmigerð,

c) rökstuðningsins og grunnforsendanna þegar áhættuþáttum er bætt inn í verðlagningarlíkan stofnunarinnar en ekki inn í áhættumatslíkanið,

d) mengis viðbættra áhættuþátta sem svara til vaxtaprósentu hvers gjaldmiðils sem stofnunin er með í vaxtanæmum stöðum innan eða utan efnahagsreiknings,

e) fjölda líftímaáfanga sem hverjum ávöxtunarferli er skipt í,

f) aðferðafræðinnar sem beitt er til að ná yfir áhættuna vegna hreyfinga sem fela ekki í sér fullkomna fylgni á milli mismunandi ávöxtunarferla,

g) mengis líkansáhættuþátta sem eiga við um gull og einstaka gjaldmiðla sem stöður stofnunarinnar eru gefnar upp í,

h) fjölda áhættuþátta sem notaðir eru til að ná yfir hlutabréfaáhættu,

i) aðferðafræðinnar sem beitt er til að meta áhættuna sem leiðir af stöðum sem eru síður seljanlegar og stöðum með takmarkað verðgagnsæi við raunhæfar markaðssviðsmyndir,

j) reynslunnar af staðgengilsgögnum sem notuð eru í líkaninu og mati á áhrifum þeirra á áhættumælistikana,

k) lengdar tímaraðanna sem notaðar eru fyrir vágildi,

l) aðferðafræðinnar sem beitt er við að ákvarða álagstímabilið fyrir álagsvágildi, nægjanleika álagstímabilsins sem valið er fyrir viðmiðunareignasöfnin,

m) aðferðafræðinnar sem beitt er í áhættumatslíkaninu til að ná yfir ólínuleg einkenni valkosta, einkum þegar stofnunin notar Taylor-nálgunaraðferðir í stað heildarendurmats, og aðrar afurðir, sem og til að ná yfir fylgniáhættu og grunnáhættu,

n) aðferðafræðinnar sem beitt er til að ná yfir grunnáhættu í tengslum við aðila og hvort þau séu næm fyrir verulegum, sérkennandi mismun milli staðna sem eru sambærilegar en ekki alveg eins,

o) aðferðafræðinnar sem beitt er til að ná yfir áhættu vegna ófyrirsjáanlegra atburða,

p) fyrir eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu (IRC), aðferðafræðinnar sem beitt er til að ákvarða seljanleikatímabil eftir stöðu, sem og líkurnar á vanefndum, tapi að gefnum vanefndum og færslufylkin sem notuð eru í hermuninni sem um getur í 374. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

q) fyrir innri aðferð fyrir fylgniviðskipti, aðferðafræðinnar sem beitt er til að ná yfir áhættur sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 377. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem og fylgniforsendurnar á milli viðkomandi áhættuþátta líkans.

3. Ef lögbær yfirvöld telja að upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. séu ekki nægjanlegar til að geta komist að niðurstöðu í tengslum við þættina sem skráðir eru í 2. mgr., skulu þau tafarlaust safna viðbótarupplýsingum frá stofnununum sem þau telja nauðsynlegar til að ljúka mati sínu.

Þegar tekin er ákvörðun um hvaða viðbótarupplýsingum á að safna skulu lögbær yfirvöld taka tilliti til mikilvægis og þýðingar fráviksins í stikum stofnunarinnar og krafna vegna eiginfjárgrunns. Lögbær yfirvöld skulu safna viðbótarupplýsingum á þann hátt sem þau telja henta best, þ.m.t. með spurningalistum, viðtölum og sérstökum vettvangsheimsóknum.

10. gr.

Mat á mismun í niðurstöðum innri aðferða vegna markaðsáhættu

1. Þegar mat sem um getur í 1. mgr. 3. gr. sem varðar markaðsáhættuaðferðir er framkvæmt skulu lögbær yfirvöld beita stöðlunum sem settir eru fram í 2. til 8. mgr. þessarar greinar.

2. Þegar ástæður mismunarins fyrir vágildisvirði eru metnar skulu lögbær yfirvöld taka til athugunar hvort tveggja af eftirfarandi:

a) sérhverja aðra einsleita vágildisútreikninga sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin leggur fram í skýrslu sinni, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, með því að nota tiltæk rekstrargögn,

b) dreifingunni sem fram kemur í vágildismælistikanum sem stofnunin leggur fram samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070.

3. Fyrir stofnanir sem nota sögulega hermun skulu lögbær yfirvöld meta breytileikann sem fram kemur, bæði í öðrum einsleitum vágildisútreikningum og í vágildisgögnunum sem stofnunin birtir, sem um getur í 2. mgr., til að ákvarða áhrifin af mismunandi valkostum sem þessar stofnanir nota innan sögulegu hermunarinnar.

4. Lögbær yfirvöld skulu meta dreifinguna meðal stofnana í tengslum við tiltekna áhættuþætti sem innifaldir eru í hverju og einu ósamanteknu viðmiðunareignasafni með því að nota flöktið sem greinst hefur og samsvörunina sem fram kemur í rekstrarvigrinum sem stofnanirnar leggja fram með því að nota sögulega hermun fyrir ósamantekin eignasöfn.

5. Lögbær yfirvöld skulu greina vágildislíkön stofnunar fyrir eignasöfn sem sýna rekstrartímaraðir sem víkja verulega frá rekstrartímaröðum sambærilegra stofnanna eins og tilgreint er í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, jafnvel þegar endanlegar kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir það tiltekna eignasafn eru svipaðar að raungildi og þær sem sambærilegu stofnanirnar leggja fram.

6. Fyrir vágildi, álagsvágildi, eigið líkan fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu (IRC) og líkön sem notuð eru fyrir fylgniviðskiptastarfsemi skulu lögbær yfirvöld að auki meta áhrifin af reglugerðarlegum breytileika með því að nota gögnin sem sett eru fram í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, með því að taka saman niðurstöður mælistikans eftir mismunandi líkansvalkostum.

7. Þegar ástæður breytileika, sem stafar af mismunandi reglugerðarlegum valkostum, hafa verið metnar skulu lögbær yfirvöld meta hvort eftirstandandi breytileiki og vanmat á kröfum vegna eiginfjárgrunns orsakast af einum eftirfarandi þætti eða fleirum:

a) misskilningi varðandi stöðurnar eða áhættuþætti sem í hlut eiga,

b) ófullkominni innleiðingu líkansins,

c) áhættuþáttum sem vantar,

d) mismuni í kvörðun eða gagnaröðum sem notaðar eru í líkanshermuninni,

e) auka áhættuþáttum sem felldir eru inn í líkanið,

f) öðrum líkansforsendum sem notaðar eru,

g) mismun sem rekja má til aðferðafræðinnar sem stofnunin notar.

8. Lögbær yfirvöld skulu bera saman niðurstöðurnar sem fengnar eru frá eignasöfnum, sem eingöngu eru ólíkar að því er varðar sértækan áhættuþátt, til að ákvarða hvort stofnanirnar hafa fellt slíkan áhættuþátt inn í eigin líkön sín með sama hætti og sambærilegar stofnanir.

11. gr.

Mat á stigi eiginfjárgrunns fyrir innri aðferðir vegna markaðsáhættu

1. Þegar lagt er mat á stig eiginfjárgrunns hverrar stofnunar skulu lögbær yfirvöld taka tillit til hvors tveggja af eftirfarandi:

a) stigs eiginfjárgrunns eftir hverju ósamanteknu eignasafni,

b) áhrifanna af ávinningnum af fjölþættingu sem hver stofnun beitir í samanteknum eignasöfnum, með því að bera saman samtölu eiginfjárgrunns ósamanteknu eignasafnanna, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, við stig eiginfjárgrunns fyrir samantekna eignasafnið eins og sett er fram í skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 78. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Þegar lagt er mat á stig eiginfjárgrunns eftir stofnun skulu lögbær yfirvöld taka tillit til hvors tveggja af eftirfarandi:

a) áhrifanna af viðbótareftirliti,

b) áhrifanna af eftirlitsaðferðum sem ekki er tekið tillit til í gögnunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin safnar.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. október 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 945/2014 **2020/EES/50/46**

frá 4. september 2014

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi, nægilega fjölbreyttar vísitölur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 344. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 4. mgr. 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er heimilt að líta fram hjá sértækri áhættu staðlaðs framvirks samnings, sem tengdur er hlutabréfavísitölu, sem yrði meðhöndlaður sem stakt hlutabréf í samræmi við þá grein, ef samið er um viðkomandi hlutabréfavísitölu í kauphöll og ef hún vísar til viðeigandi, nægilega fjölbreyttrar vísitölu.

2) Þegar staðlaður, framvirkur samningur, sem tengdur eru hlutabréfavísitölu og viðskipti eru með í kauphöll, er nægilega fjölbreyttur, er hægt að gera ráð fyrir að slíkur staðlaður, framvirkur samningur beri enga sértæka áhættu. Þetta er talið eiga við þegar vísitalan inniheldur að minnsta kosti 20 hlutabréf, engin ein eining innan þeirra vísar til meira en 25% af vísitölunni í heild og 10% stærstu hlutabréfanna (þar sem fjöldi hlutabréfanna er hækkaður upp í næstu heilu tölu) vísar til minna en 60% af vísitölunni í heild. Til viðbótar verður vísitalan að ná yfir hlutabréf frá minnst einum landsbundnum markaði og yfir hlutabréf frá að minnsta kosti fjórum eftirfarandi atvinnugreinum: olíu og gasi, hráefnum, iðnaðarvörum, neysluvörum, heilbrigðisþjónustu, neytendaþjónustu, fjarskiptum, almannaþjónustu, fjármálum og tækni.

3) Að því gefnu að 4. mgr. 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vísi til „viðeigandi“ hæfra vísitalna, hafa aðeins þær hlutabréfavístölur sem eru viðeigandi fyrir fjármálastofnanir í Sambandinu verið metnar út frá viðmiðunum fyrir greiningu á hæfum hlutabréfavísitölum.

4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Hlutabréfavísitölur að því er varðar 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Í viðaukanum er látinn í té listi yfir þær hlutabréfavísitölur sem geta fengið þá meðhöndlun sem sett er fram í öðrum málslið 4. mgr. 334. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 265, 5.9.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. EB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 331, 15.10.2010, bls. 12.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. september 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Hlutabréfavísitölur sem uppfylla kröfurnar í 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013

Vísitala	Land
1. S&P All Ords	Ástralía
2. ATX	Austurríki
3. BEL20	Belgía
4. SaoPaulo - Bovespa	Brasilía
5. TSE35	Kanada
6. FTSE China A50 Index	Kína
7. CROBEX	Króatía
8. OMX Copenhagen 20 CAP	Danmörk
9. DJ Euro STOXX 50	Evrópa
10. FTSE Eurofirst 100	Evrópa
11. FTSE Eurofirst 80	Evrópa
12. FTSE Eurotop 100 index	Evrópa
13. MSCI Euro index	Evrópa
14. STOXX Europe 50	Evrópa
15. STOXX Europe 600	Evrópa
16. STOXX Europe Lrg 200	Evrópa
17. STOXX Europe Mid 200	Evrópa
18. STOXX Europe Small 200	Evrópa
19. STOXX Select Dividend 30	Evrópa
20. CAC40	Frakkland
21. SBF 120	Frakkland
22. DAX	Þýskaland
23. HDAX	Þýskaland
24. MDAX	Þýskaland

Vísitala	Land
25. SDAX	Þýskaland
26. Athens General	Grikkland
27. Hang Seng	Hong Kong
28. Hang Seng China Enterprises	Hong Kong
29. NIFTY	Indland
30. FTSE MIB	Ítalía
31. FTSE Bursa Malaysia	Malasía
32. MSE Share Index	Malta
33. Nikkei225	Japan
34. Nikkei300	Japan
35. IPC Index	Mexíkó
36. AEX	Holland
37. AMX	Holland
38. WIG20	Pólland
39. PSI 20	Portúgal
40. Straits Times Index	Singapúr
41. IBEX35	Spánn
42. OMX Stockholm 30	Svíþjóð
43. SMI	Sviss
44. FTSE nasdaq Dubai 20	Sameinuðu arabísku furstadæmin
45. FTSE 100	Bretland
46. FTSE mid-250	Bretland
47. S&P 500	Bandaríkin
48. Dow Jones Ind. Av.	Bandaríkin
49. NASDAQ 100	Bandaríkin

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2197 **2020/EES/50/47**

frá 27. nóvember 2015

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 354. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt staðalaðferðinni fyrir markaðsáhættu geta stofnanir beitt lægri eiginfjárkröfum fyrir gjaldeyrisáhættu gegn jöfnuðum stöðum í tveimur gjaldmiðlum þegar þeir eru taldir vera með sterka innbyrðis fylgni í samræmi við aðferðafræðina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

2) Við skráningu gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni ætti að beita þeirri stöðluðu markaðsvenju að umreikna hámarkstap á 10 dögum yfir á hámarks tap á einum degi með því að deila 4% hámarks gjaldmiðlahreyfingu með kvaðratrótinni af 10. Þess vegna ætti þröskuldurinn á hámarks dagssveiflu á virði milli tveggja gjaldmiðla að vera 1,265%.

3) Daglegt hundraðshlutfall hreyfinga gjaldmiðla ætti að vera ákvarðað sem munurinn milli naperísks logra (NapLog) virðis gjaldmiðlaparanna eins og það mældist tvo daga í röð.

4) Bera ætti saman algildi hundraðshlutfallsins við þröskuld daglegu 1,265% hámarksbreytingarinnar milli tveggja gjaldmiðla. Allt virði sem er umfram þennan þröskuld ætti að teljast andstætt 4% tíu daga hámarkstapi.

5) Nauðsynlegt er að ákvarða hámark ásættanlegs taps til þess að gjaldmiðlapörin sem fara umfram þau takmörk myndu ekki teljast hafa fylgni í samræmi við 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Enn fremur ætti útreikningur á hámarki ásættanlegs taps að taka tillit til bæði gnóttstaðna og skortstaðna í erlenda gjaldmiðlinum. Fjöldi frávika sem leyfð eru ætti að námunda niður á við og í samræmi við það ætti hámark frávika að vera 7 frávik frá hámarkstapi á undangengnum þremur árum og 65 frávik frá hámarkstapi á undangengum fimm árum.

6) Ákvæði 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 kveður aðeins á um lægri kröfur vegna eiginfjárgrunns gegn stöðum í „viðkomandi gjaldmiðlum með sterka innbyrðis fylgni". Að því leiðir að einvörðungu ætti að meta þau gengispör sem myndast með því að para saman hvern mismunandi gjaldmiðil aðildarríkis við gjaldmiðla á skrá yfir gjaldmiðla frá þriðju löndum, sem skipta máli fyrir fjármálastofnanir í Sambandinu með tilliti til þeirra viðmiða, til að bera kennsl á gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni.

7) Matið ætti einnig að taka til tiltekinna annarra gengispara, þ.m.t. para sem samanstanda eingöngu af gjaldmiðlum þriðju landa, að gefnu mikilvægi þeirra fyrir eignasafn stofnanna í Sambandinu. Enn fremur ætti, að uppfylltum kröfum 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar viðeigandi eftirlitstímabil, aðeins að taka tillit til gjaldmiðla þar sem til staðar eru samfelld dagleg gögn til fimm ára frá áreiðanlegri heimild þegar afstaða er tekin til þess hvaða gjaldmiðla ætti að hafa með í matinu.

8) Í 4. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er komið á sérstakri meðferð fyrir gjaldmiðlapör sem mynduð eru af gjaldmiðlum frá aðildarríkjum sem taka þátt í öðru stigi efnahags- og myntbandalagsins ('ERM II') gegn evru og þeirra sjálfra í milli. Því ættu pör sem hafa að geyma þá gjaldmiðla ekki að teljast „viðkomandi". Hins vegar ættu pör sem mynduð eru með ERM II gjaldmiðli annars vegar og gjaldmiðli öðrum en evru eða öðrum ERM II gjaldmiðli hins vegar að teljast „viðkomandi".

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 313, 28.11.2015, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

9) Því ætti að meta fylgnina milli þeirra gjaldmiðlapara sem myndast með samsetningu gjaldmiðlanna sem gefnir eru upp í viðaukanum við þessa reglugerð.

10) Til þess að veita vissu um notkun skrárinnar yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni ætti sú skrá að sæta endurskoðun í samræmi við d-lið 1. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]). Af sömu ástæðu ætti slík endurskoðun að vera gerð reglulega og á eða í kringum sömu daga árlega nema nauðsynlegt sé vegna markaðsþróunar að slík endurskoðun fari fram í sérstökum undantekningartilvikum á öðrum tímum.

11) Reglugerð þessi byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gjaldmiðlapörin sem uppfylla skilyrði 1. mgr. 354. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

VIÐAUKI

Skrá yfir gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni

1. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við evru (EUR)

Albanskt lek (ALL), bosnískt og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON).

2. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við dirham arabísku furstadæmanna (AED)

Angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

3. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við albanskt lek (ALL)

Bosníska og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

4. hluti - Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við angólskt kwamza (AOA)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

5. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bosníska og hersegovínska markið (BAM)

Albanskt lek (ALL), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

6. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við búlgarskt lef (BGN)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

7. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kanadadal (CAD)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt patacha (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

8. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við kínverska júanið (CNY)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

9. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við tékknesku krónuna (CZK)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), bulgarskt lef (BGN), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), evra (EUR).

10. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við dönsku krónuna (DKK)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínskt mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), breskt pund (GBP), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD).

11. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við sterlingspund (GBP)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kuna (HRK), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD), evra (EUR).

12. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis við Hong Kong dal (CAD)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

13. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við króatísku kúnuna (HRK)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), marokkóskt dirham (MAD), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), evra (EUR).

14. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við suður-kóreskt vonn (KRW)

Perúski nuevo sol (PEN), filipeyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD).

15. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við líbanska pundið (LBP)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

16. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við marokkóska dirhamninn (MAD)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), króatísk kúna (HRK), rúmenskt lei (RON), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt baht (THB), taívanskur dalur (TWD), evra (EUR).

17. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við makaóskt pataca (MOP)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt jen (CNY), breskt pund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt baht (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

18. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við perúskt nuevo sol (PEN)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), breskt pund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

19. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við filippseyska pesósann (PHP)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), malasískur ringgit (MYR), perúski nuevo sol (PEN), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

20. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við rúmenska lefið (RON)

Albanskt lek (ALL), bosníska og hersegovínska mark (BAM), búlgarskt lef (BGN), tékknesk króna (CZK), dönsk króna (DKK), króatísk kúna (HRK), marokkóskt dirham (MAD), evra (EUR).

21. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við singapúrskan dal (SGD)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadollar (CAD), kínverskt júan (CNY), dönsk króna (DKK), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), króatísk kúna (HRK), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), malasískur ringgit (MYR), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

22. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taílenskt bat (SGD)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kínverskt júan (CNY), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), morokkóskur dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taívanskur dalur (TWD), bandaríkjadalur (USD).

23. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við taívanskan dal (SGD)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadollar (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), suður-kóreskt vonn (WON), líbanskt pund (LBP), marokkóskt dirham (MAD), makaóskt pataca (MOP), malasískur ringgit (MYR), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), bandaríkjadalur (USD).

24. hluti — Skrá gjaldmiðla með sterka innbyrðis fylgni við bandaríkjadal (USD)

Dirham arabísku furstadæmanna (AED), angólskt kwanza (AOA), kanadadalur (CAD), kínverskt júan (CNY), sterlingspund (GBP), Hong Kong dalur (HKD), líbanskt pund (LBP), makaóskt pataca (MOP), perúski nuevo sol (PEN), filippseyskt pesó (PHP), singapúrskur dalur (SGD), taílenskt bat (THB), taívanskur dalur (TWD).

———————

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1646 **2020/EES/50/48**

frá 13. september 2016

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðalvísitölur og viðurkenndar kauphallir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 8. mgr. 197. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 kemur fram að stofnanir geti notað hlutabréf eða breytanleg skuldabréf sem talin eru með í aðalvísitölu sem hæfa tryggingu. Eitt af viðmiðunum fyrir hæfi tryggingar er að hún sé nægilega seljanleg. Til að teljast aðalvísitala, að því er varðar þá reglugerð, ættu hlutabréfavísitölur aðallega að samanstanda af hlutabréfum sem vænta má að hægt verði að selja þegar stofnun þarf að losa sig við þau. Þannig ætti þetta að vera þegar a.m.k. 90% af þáttum vísitölu hafa flot upp á a.m.k. 500 000 000 evrur eða, ef upplýsingar um flot eru ekki fyrir hendi, markaðsverðmæti sem nemur a.m.k. 1 000 000 000 evrum.

2) Einnig ættu stofnanir að geta viðurkennt sem hæfa tryggingu gerninga sem eru seljanlegir miðað við þá markaði þar sem þær eru starfræktar og standast lágmarkskröfur um seljanleika, óháð því hvort markaður er innan Sambandsins eða í þriðja landi. Hlutabréfavísitala ætti því að teljast aðalvísitala þegar til hennar telst ekki meira en helmingur af heildarfjölda fyrirtækja, sem stunduð eru viðskipti með hluti í, á markaðanum sem vísitalan byggist á, þegar meðaldagsvelta er a.m.k. 100 000 evrur og þegar hún uppfyllir tvö af þremur eftirfarandi skilyrðum: samanlagt markaðsverðmæti vísitölunnar er a.m.k. 40% af markaðsverðmæti allra fyrirtækja sem stunduð eru viðskipti með hluti í á þeim markaði, heildarvelta viðskipta með þætti vísitölunnar er a.m.k. 40% af heildarveltu allra hlutabréfaviðskipta á þeim markaði og vísitalan er notuð sem grundvöllur fyrir afleiðuafurðir.

3) Aðeins ætti að telja vísitölu breytanlegra skuldabréfa sem aðalvísitölu þegar hægt er að umbreyta undirliggjandi skuldabréfum í hlutabréf þar sem a.m.k. 90% af þessum hlutabréfum hafa flot upp á a.m.k. 500 000 000 evrur eða, ef upplýsingar um flot eru ekki til staðar, markaðsverðmæti sem nema a.m.k. 1 000 000 000 evrum.

4) Ef tvær vísitölur uppfylla skilyrðin til að teljast aðalvísitölur og önnur er hlutmengi hinnar, skal til einföldunar aðeins taka þá víðtækari með í skrána yfir aðalvísitölur.

5) Í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 kemur fram að skuldabréf, útgefin af ákveðnum stofnunum sem ekki hafa lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, megi nota sem hæfa tryggingu ef þau uppfylla nokkur skilyrði þar á meðal að þau skuli vera skráð hjá viðurkenndum kauphöllum.

6) Til að teljast viðurkennd kauphöll, að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 575/2013, verður kauphöllin að uppfylla ákveðin skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og 72. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Að því er varðar eitt af þessum skilyrðum, þ.e. að kauphöllin verði að hafa greiðslujöfnunarkerfi, skulu allir skipulegir markaðir, sem stunda viðskipti með fjármálagerninga sem ekki eru taldir upp í II. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, uppfylla þetta annað skilyrði þar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 245, 14.9.2016, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

sem þeir eru skráðir sem skipulegir markaðir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ([1]) og þar sem til staðar eru reglur og málsmeðferð varðandi greiðslujöfnun og uppgjör viðskipta eins og krafist var í tilskipun 2004/39/EB.

7) Þar sem miðlægur mótaðili sér um greiðslujöfnunarkerfi kauphallar, skal miðlægi mótaðilinn uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]). Í þeim fáu tilvikum þegar kauphöll, þar sem verslað er með afleiður, er ekki þjónustuð af miðlægum mótaðila, ætti að nota reglurnar um tryggingafé, sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sem viðmiðun þegar metið er hvort kröfur slíkra kauphalla um tryggingar séu viðeigandi.

8) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Hinn 17. desember 2015 tilkynnti framkvæmdastjórnin Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þá fyrirætlun sína að styðja drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum með breytingum til að taka tillit til þess að nokkrar hlutabréfavísitölur, sem uppfylla hæfisviðmiðunina til að teljast aðalvísitölur, voru ekki tilgreindar í skránni í drögunum að þeim staðli. Í formlegu álíti frá 28. janúar 2016 staðfesti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin upphaflega afstöðu sína og lagði ekki fram nýjan, tæknilegan framkvæmdarstaðal með breytingum í samræmi við þær breytingar sem framkvæmdastjórnin lagði til. Því ætti að samþykkja drögin að tæknilega framkvæmdarstaðlinum með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til að útiloka ekki þær vísitölur sem uppfylla hæfisviðmiðunina frá því að teljast til aðalvísitalna að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á og hefur óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]). Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur ekki greint í smáatriðum mögulegan tengdan kostnað og ávinning í tengslum við frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum þar sem það væri ekki í samræmi við umfang og áhrif þeirra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðalvísitölur

Aðalvísitölurnar, að því er varðar a-lið 8. mgr. 197. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru tilgreindar í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Viðurkenndar kauphallir

Viðurkenndu kauphallirnar, að því er varðar b-lið 8. mgr. 197. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru tilgreindar í II. viðauka við þessa reglugerð.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. september 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

AÐALVÍSITÖLUR TILGREINDAR Í 197. GR. REGLUGERÐAR (ESB) nr. 575/2013.

Tafla 1

Hlutabréfavísitölur

Vísitala	Land/Svæði
STOXX Asia/Pacific 600	Asía/Eyjaálfa
ASX100	Ástralía
ATX Prime (1)	Austurríki
BEL20	Belgía
IBOVESPA	Brasilía
TSX60	Kanada
CETOP20 Index	Mið-Evrópa
Hang Seng Mainland 100 Index (China)	Kína
NYSE ARCA China Index	Kína
Shanghai Shenzhen CSI 300	Kína
PX Prague	Tékkland
OMX Copenhagen 20	Danmörk
FTSE RAFI Emerging Markets	Nýir markaðir
MSCI Emerging Markets 50	Nýir markaðir
FTSE Europe Index	Evrópa
STOXX Europe 600	Evrópa
MSCI AC Europe & Middle East	Evrópa og Mið-Austurlönd
OMXH25	Finnland
SBF120 (2)	Frakkland
S&P BMI France	Frakkland
HDAX (3)	Þýskaland
FTSE All World Index	Hnattrænt
MSCI ACWI	Hnattrænt
FT ASE Large Cap	Grikkland

Vísitala	Land/Svæði
Hang Seng	Hong Kong
Hang Seng Composite Index	Hong Kong
CNX 100 Index	Indland
S&P BSE 100 Index	Indland
ISEQ 20	Írland
FTSE MIB	Ítalía
Nikkei 300	Japan
TOPIX mid 400	Japan
S&P Latin America 40	Rómanska Ameríka
FTSE Bursa Malaysia KLCI Index	Malasía
Mexico Bolsa Index	Mexíkó
AEX	Holland
S&P NZX 15 Index	Nýja-Sjáland
OBX	Noregur
WIG20	Pólland
PSI 20	Portúgal
MSCI Russia Index	Rússland
Russian Traded Index	Rússland
FTSE Straits Times Index	Singapúr
FTSE JSE Top 40	Suður-Afríka
INDI 25 Index	Suður-Afríka
KOSPI 100	Suður-Kórea
IBEX35	Spánn
OMXS60	Svíþjóð
OMXSB	Svíþjóð
SMI Expanded Index	Sviss
TSEC Taiwan 50	Taívan

Vísitala	Land/Svæði
FTSE Nasdaq Dubai UAE 20 Index	Sameinuðu arabísku furstadæmin
FTSE 350(4)	Bretland
NASDAQ100	Bandaríkin
Russell 3000 Index	Bandaríkin
S&P 500	Bandaríkin

(1) Inniheldur ATX
(2) Inniheldur CAC40, CAC Next 20, og CAC Mid Cap.
(3) Inniheldur DAX og MDAX.
(4) Inniheldur FTSE 100.

Tafla 2

Vísitölur breytanlegra skuldabréfa

Exane ECI-Europe	Evrópa
Jefferies JACI Global	Hnattrænt
Thomson Reuters Global Convertible	Hnattrænt

II. VIÐAUKI

VIÐURKENNDAR KAUPHALLIR TILGREINDAR Í 197. GR. REGLUGERÐAR (ESB) nr. 575/2013

Tafla 1

Viðurkenndar kauphallir þar sem ekki eru stunduð viðskipti með samninga sem taldir eru upp í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Skipulegur verðbréfamarkaður	MIC
EURONEXT PARIS	XPAR
BOERSE BERLIN (REGULIERTER MARKT)	BERA
BOERSE BERLIN (BERLIN SECOND REGULATED MARKET)	BERC
BOERSE DUESSELDORF (REGULIERTER MARKT)	DUSA
BOERSE DUESSELDORF — QUOTRIX (REGULIERTER MARKT)	DUSC
BOERSE BERLIN EQUIDUCT TRADING (REGULIERTER MARKT)	EQTA
BOERSE BERLIN EQUIDUCT TRADING (BERLIN SECOND REGULATED MARKET)	EQTB
HANSEATISCHE WERTPAPIERBOERSE HAMBURG (REGULIERTER MARKT)	HAMA
NIEDERSAECHSISCHE BOERSE ZU HANNOVER (REGULIERTER MARKT)	HANA
BOERSE MUENCHEN (REGULIERTER MARKT)	MUNA
BOERSE MUENCHEN — MARKET MAKER MUNICH (REGULIERTER MARKT)	MUNC
BADEN-WUERTTEMBERGISCHE WERTPAPIERBOERSE (REGULIERTER MARKT)	STUA
FRANKFURTER WERTPAPIERBOERSE (REGULIERTER MARKT)	FRAA, XETA
TRADEGATE EXCHANGE (REGULIERTER MARKT)	XGRM
IRISH STOCK EXCHANGE — MAIN SECURITIES MARKET	XDUB
EURONEXT LISBON	XLIS
BOLSA DE BARCELONA	XBAR, XMCE
BOLSA DE BILBAO	XBIL, XMCE
BOLSA DE MADRID	XMAD, XMCE, MERF
BOLSA DE VALENCIA	XVAL, XMCE

Skipulegur verðbréfamarkaður	MIC
BONDVISION MARKET	BOND
ELECTRONIC OPEN-END FUNDS AND ETC MARKET	ETFP
MARKET FOR INVESTMENT VEHICLES (MIV)	MIVX
ELECTRONIC BOND MARKET	MOTX
ELECTRONIC SHARE MARKET	MTAA
MTS GOVERNMENT MARKET	MTSC
MTS CORPORATE MARKET	MTSM
SECURITISED DERIVATIVES MARKET	SEDX
MERCADO DE DEUDA PUBLICA EN ANOTACIONES	XDPA
AIAF — MERCADO DE RENTA FIJA	XDRF, SEND
BOURSE DE LUXEMBOURG	XLUX
CYPRUS STOCK EXCHANGE	XCYS
SPOT REGULATED MARKET — BMFMS	SBMF
SPOT REGULATED MARKET — BVB	XBSE
RM-SYSTEM CZECH STOCK EXCHANGE	XRMZ
PRAGUE STOCK EXCHANGE	XPRA
BATS EUROPE REGULATED MARKET	BATE, CHIX
ISDX MAIN BOARD	ISDX
EURONEXT LONDON	XLDN
LONDON STOCK EXCHANGE — REGULATED MARKET	XLON
NASDAQ RIGA	XRIS
NASDAQ STOCKHOLM	XSTO
NORDIC GROWTH MARKET NGM	XNGM
NASDAQ COPENHAGEN	XCSE
OSLO AXESS	XOAS
OSLO BØRS	XOSL

Skipulegur verðbréfamarkaður	MIC
NASDAQ TALLINN	XTAL
NASDAQ HELSINKI	XHEL
VIENNA STOCKEXCHANGE OFFICIAL MARKET (AMTLICHER HANDEL)	WBAH
VIENNA STOCKEXCHANGE SECOND REGULATED MARKET (GEREGELTER FREIVERKEHR)	WBGF
BULGARIAN STOCK EXCHANGE — SOFIA JSC	XBUL
NASDAQ ICELAND	XICE
BUDAPEST STOCK EXCHANGE	XBUD
BRATISLAVA STOCK EXCHANGE	XBRA
NASDAQ VILNIUS	XLIT
EURONEXT BRUSSELS	XBRU
ZAGREB STOCK EXCHANGE	XZAG
ELECTRONIC SECONDARY SECURITIES MARKET	HDAT
ATHENS EXCHANGE SECURITIES MARKET	XATH
EUROPEAN WHOLESALE SECURITIES MARKET	EWSM
MALTA STOCK EXCHANGE	XMAL
EURONEXT AMSTERDAM	XAMS
BONDSPOT SECURITIES MARKET	RPWC
WARSAW STOCK EXCHANGE	XWAR,WBON, WETP
LJUBLJANA STOCK EXCHANGE OFFICIAL MARKET	XLJU
GIBRALTAR STOCK EXCHANGE	GSXL

Tafla 2

Viðurkenndar kauphallir þar sem stunduð eru viðskipti með samninga sem taldir eru upp í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Skipulegur verðbréfamarkaður	MIC
MATIF	XMAT
MONEP	XMON

Skipulegur verðbréfamarkaður	MIC
POWERNEXT DERIVATIVES	XPOW
EUROPEAN ENERGY EXCHANGE	XEEE
EUREX DEUTSCHLAND	XEUR
MERCADO DE FUTUROS E OPCOES	MFOX
MERCADO REGULAMENTADO DE DERIVADOS DO MIBEL	OMIP
MEFF EXCHANGE	XMRV, XMPW
MERCADO DE FUTUROS DE ACEITE DE OLIVA — SA	XSRM
DERIVATIVES REGULATED MARKET — BMFMS	BMFM
POWER EXCHANGE CENTRAL EUROPE	XPXE
CME EUROPE LIMITED	CMED
ICE FUTURES EUROPE — ENERGY PRODUCTS DIVISION	IFEU
ICE FUTURES EUROPE — FINANCIAL PRODUCTS DIVISION	IFLL
ICE FUTURES EUROPE — EQUITY PRODUCTS DIVISION	IFLO
ICE FUTURES EUROPE — AGRICULTURAL PRODUCTS DIVISION	IFLX
THE LONDON INTERNATIONAL FINANCIAL FUTURES AND OPTIONS EXCHANGES (LIFFE)	XLIF
THE LONDON METAL EXCHANGE	XLME
LONDON STOCK EXCHANGE DERIVATIVES MARKET	XLOD
ITALIAN DERIVATIVES MARKET	XDMI
NASDAQ STOCKHOLM	XSTO
FISH POOL	FISH
NOREXECO	NEXO
NASDAQ OSLO	NORX
OSLO BØRS	XOSL
EURONEXT BRUSSELS DERIVATIVES	XBRD
ATHENS EXCHANGE DERIVATIVES MARKET	XADE
VIENNA STOCKEXCHANGE OFFICIAL MARKET (AMTLICHER HANDEL)	WBAH
BUDAPEST STOCK EXCHANGE	XBUD

Skipulegur verðbréfamarkaður	MIC
ICE ENDEX DERIVATIVES	NDEX
EURONEXT EQF — EQUITIES AND INDICES DERIVATIVES	XEUE
WARSAW STOCK EXCHANGE/COMMODITIES/POLISH POWER EXCHANGE/ COMMODITY DERIVATIVES	PLPD

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/880 **2020/EES/50/49**

frá 4. júní 2015

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra vegna eiginfjárgrunns á meðan starfsleyfi og viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem allir miðlægir mótaðilar, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, teljast fullgildir, miðlægir mótaðilar.

2) Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 breytti einnig reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]) að því er varðar ákveðin ílagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila. Til samræmis við það er gerð krafa í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um að ákveðnir miðlægir mótaðilar gefi, í takmarkaðan tíma, skýrslu um þá heildarfjárhæð upphafstryggingar sem þeir hafa móttekið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

3) Bæði umbreytingartímabilinu fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og umbreytingartímabilinu fyrir skýrslugjöf um upphafstryggingu sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 var ætlað falla úr gildi 15. júní 2014.

4) Með 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimilað að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið um 6 mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 ([3]), í fyrstu, og síðar framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 1317/2014 ([4]), hafa þegar framlengt þessi umbreytingartímabil til 15. júní 2015.

5) Leyfisveitingarferlið fyrir starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu heldur áfram en því verður ekki lokið fyrir 15. júní 2015. Að því er varðar starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í þriðju löndum sem þegar hafa sótt um viðurkenningu þá hafa slíkir miðlægir mótaðilar ekki enn fengið neina slíka viðurkenningu. Nauðsyn þess að forðast röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem áður leiddi til framlengingar á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar miðlæga mótaðila með staðfestu í þriðju löndum, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 1317/2014 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum skorts á viðurkenndum miðlægum mótaðilum, með staðfestu í hverju viðkomandi þriðja landi, sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir Sambandsins

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 143, 9.6.2015, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6. 2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 355, 4.6.2014, bls. 6).

þarfnast. Þótt slík aukningu kynni einungis að vera tímabundin gæti hún leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum og þar með valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægu mótaðila starfa. Því er viðeigandi að lengja umbreytingartímabilið um 6 mánuði í viðbót.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, eins og þau hafa þegar verið framlengd skv. 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 591/2014 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1317/2014, eru framlengd um 6 mánuði í viðbót til 15. desember 2015.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/2326 **2020/EES/50/50**

frá 11. desember 2015

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og til að koma í veg fyrir að stofnanir séu beittar viðurlögum með því að fella þær undir kröfur um hærri eiginfjárgrunn á meðan starfsleyfi og viðurkenning starfandi miðlægra mótaðila er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (EB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem allir miðlægir mótaðilar, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, teljast fullgildir, miðlægir mótaðilar.

2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]) breytt að því er varðar ákveðin ílagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila. Til samræmis við það er í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar gefi skýrslu, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstryggingar sem þeir hafa móttekið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrri um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

3) Umbreytingartímabilið fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns, sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem og umbreytingartímabilið fyrir skýrslugjöf um upphafstryggingu, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 , áttu að falla úr gildi 15. júní 2014.

4) Með 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimilað að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil hafa verið framlengd til 15. desember 2015 með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 ([3]), (ESB) nr. 1317/2014 ([4]) og (ESB) 2015/880 ([5]).

5) Leyfisveitingarferlið fyrir starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu heldur áfram en því mun ekki ljúka fyrir 15. desember 2015. Að því er varðar starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í þriðju löndum sem þegar hafa sótt um viðurkenningu þá hafa nokkrir miðlægir mótaðilar með staðfestu í þriðju löndum þegar hlotið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og nokkrar aðrar kunna að hljóta viðurkenningu á grundvelli jafngildra ákvarðana skv. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 sem framkvæmdastjórnin samþykkti 13. nóvember 2015. Viðurkenningarferlinu mun þó ekki verða lokið fyrir 15. desember 2015. Nauðsyn þess að forðast röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem áður leiddi til framlengingar á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar miðlæga mótaðila með staðfestu í þriðju löndum, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/880 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 108. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. EB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 6).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 143, 9.6.2015, bls. 7).

þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum skorts á viðurkenndum miðlægum mótaðilum, með staðfestu í sérhverju viðkomandi þriðja landi, sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu innan Sambandsins þarfnast. Þótt slík aukning kynni einungis að vera tímabundin gæti hún leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í þessum miðlægu mótaðilum og valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægu mótaðila starfa. Því er viðeigandi að lengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, eins og þau hafa verið framlengd skv. 1. gr. í framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 591/2014, (ESB) nr. 1317/2014 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/880, eru framlengd um sex mánuði í viðbót til 15. júní 2016.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/634 **2020/EES/50/51**

frá 24. apríl 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 136. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 ([2]) er tilgreind samsvörunin milli viðkomandi lánshæfismats, sem utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki (ECAI) gefur út, og þeirra lánshæfisþrepa sem fram koma í 2. þætti, 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (vörpun).

2) Frá því framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 var samþykkt hafa viðbótar lánshæfismatsfyrirtæki verið skráð eða vottuð í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 ([3]). Enn fremur hefur eitt hinna utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja sem fær vörpun samkvæmt framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 verið afskráð. Þar sem tilgreiningar er krafist í 1. mgr. 136. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á vörpun fyrir öll utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki, þykir nauðsynlegt að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 til að veita hinum nýlega skráðu eða vottuðu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjum vörpun, og fjarlæga vörpunina fyrir hið afskráða utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki.

3) Reglugerð þessi byggist á frumvörpum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (Evrópsku eftirlitsstofnanirnar) hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

4) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar hafa haft opið samráð við almenning um frumvörpin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([4]), hagsmunahópsins í vátryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]), og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([6]).

5) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 105, 25.4.2018, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánshæfismats utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja á útlánaáhættu í samræmi við 1. mgr. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 275, 12.10.2016, bls. 3).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799

Í stað III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2016/1799 komi textinn sem settur er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

Vörpunartöflur að því er varðar 16. gr.

Lánshæfisþrep	**1**	**2**	**3**	**4**	**5**	**6**
AM Best Europe-Rating Services Ltd						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	aaa, aa+, aa, aa-	a+, a, a-	bbb+, bbb, bbb-	bb+, bb, bb-	b+, b, b-	ccc+, ccc, ccc-, cc, c, rs
Matskvarði fyrir langtímaskuldir	aaa, aa+, aa, aa-	a+, a, a-	bbb+, bbb, bbb-	bb+, bb, bb-	b+, b, b-	ccc+, ccc, ccc-, cc, c, d
Matskvarði fyrir fjárhagslegan styrk	A++, A+	A, A-	B++, B+	B, B-	C++, C+	C, C-, D, E, F, S
Matskvarði til skamms tíma	AMB-1+	AMB-1-	AMB-2, AMB-3	AMB- 4		
ARC Ratings S.A.						
Matskvarði útgefenda til meðallangs og langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði fyrir útgáfur til meðallangs og langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgefenda til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
ASSEKURATA Assekuranz Rating-Agentur GmbH						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC/C, D
Matskvarði fyrirtækja til skamms tíma	A++	A		B, C, D		
Axesor SA						
Alhliða matskvarði	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D, E
Banque de France						
Alhliða lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	3++	3+, 3	4+	4, 5+	5, 6	7, 8, 9, P

BCRA — Credit Rating Agency AD						
Matskvarði banka til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	C, D
Matskvarði vátrygginga til langs tíma	iAAA, iAA	iA	iBBB	iBB	iB	iC, iD
Matskvarði fyrirtækja til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði sveitarfélaga til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði banka til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði fyrirtækja til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði sveitarfélaga til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Capital Intelligence Ltd						
Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	C, RS, SD, D
Alþjóðlegur matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alþjóðlegur matskvarði útgefanda til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Alþjóðlegur matskvarði fyrir útgáfur til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
Cerved Rating Agency S.p.A.						
Matskvarði fyrirtækja til langs tíma	A1.1, A1.2, A1.3	A2.1, A2.2, A3.1	B1.1, B1.2	B2.1, B2.2	C1.1	C1.2, C2.1
Creditreform Ratings AG						
Matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	C, D
CRIF S.p.A.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, D1, D2
Dagong Europe Credit Rating						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	A-1		A-2, A-3	B, C, D		

DBRS Ratings Limited						
Matskvarði skuldbindinga til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði viðskiptabréfa og skammtímaskulda	R-1 H, R-1 M	R-1 L	R-2, R-3	R-4, R-5, D		
Matskvarði greiðslugetu krafna	IC-1	IC-2	IC-3	IC-4	IC-5	D
Egan-Jones Ratings Co.						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC,CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2	A-3, B, C, D		
Euler Hermes Rating GmbH						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, SD, D
European Rating Agency, a.s.						
Matskvarði til langs tíma		AAA, AA, A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði til skamms tíma		S1	S2	S3, S4, NS		
EuroRating Sp.zo.o.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Fitch Ratings						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, RD, D
Fjármögnunarskuldbindingar fyrirtækja – matskvarði til langs tíma	AAA AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C
Alþjóðlegur IFS matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C
Matskvarði til skamms tíma	F1+	F1	F2, F3	B, C, RD, D		
IFS matskvarði til skamms tíma	F1+	F1	F2, F3	B, C		
GBB-Rating Gesellschaft für Bonitäts-beurteilung mbH						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA		A, BBB	BB	B	CCC, CC, C, D

HR Ratings de México, S.A. de C.V.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	HR AAA(G)/HR AA(G)	HR A(G)	HR BBB(G)	HR BB(G)	HR B(G)	HR C(G)/HR D(G)
Alhliða matskvarði til skamms tíma	HR+1(G)/HR1(G)	HR2(G)	HR3(G)	HR4(G), HR5(G), HR D(G)		
ICAP Group S.A						
Alhliða matskvarði til langs tíma		AA, A	BB, B	C, D	E, F	G, H
INC Rating Sp. z o.o.						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC,CC, C, D
Japan Credit Rating Agency Ltd						
Matskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, LD, D
Matskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði útgefanda til skamms tíma	J-1+	J-1	J-2	J-3, NJ, LD, D		
Útgáfa lánshæfismatskvarða til skamms tíma	J-1+	J-1	J-2	J-3, NJ, D		
Kroll Bond Rating Agency						
Lánshæfismatskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Lánshæfismatskvarði til skamms tíma	K1+	K1	K2, K3	B, C, D		
modeFinance S.r.l.						
Alhliða matskvarði til langs tíma	A1,A2	A3	B1	B2	B3	C1, C2, C3, D
Moody's Investors Service						
Alhliða matskvarði til langs tíma	Aaa, Aa	A	Baa	Ba	B	Caa, Ca, C
Matskvarði skuldabréfasjóða	Aaa-bf, Aa-bf	A-bf	Baa-bf	Ba-bf	B-bf	Caa-bf, Ca-bf, C-bf
Alhliða matskvarði til skamms tíma	P-1	P-2	P-3	NP		

Rating-Agentur Expert RA GmbH						
Alþjóðlegur lánshæfismatskvarði	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC,CC, C, D, E
Alþjóðlegur áreiðanleikamatskvarði	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC,CC, C, D, E
Scope Ratings AG						
Alhliða matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Alhliða matskvarði til skamms tíma	S-1+	S-1	S-2	S-3, S-4		
Spread Research						
Alþjóðlegur matskvarði til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Standard & Poor's Ratings Services						
Lánshæfismatskvarði útgefanda til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, R, SD/D
Lánshæfismatskvarði fyrir útgáfur til langs tíma	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D
Matskvarði fjárhagslegs styrks vátryggjenda	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, SD/D, R
Matskvarði á lánshæfi sjóða	AAAf, AAf	Af	BBBf	BBf	Bf	CCCf
Matskvarði fyrir möt á meðalstórum fyrirtækjum		MM1	MM2	MM3, MM4	MM5, MM6	MM7, MM8, MMD
Lánshæfismatskvarði útgefanda til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, R, SD/D		
Útgáfa lánshæfismatskvarða til skamms tíma	A-1+	A-1	A-2, A-3	B, C, D		
The Economist Intelligence Unit Ltd						
Matskvarði ríkja	AAA, AA	A	BBB	BB	B	CCC, CC, C, D“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/64 **2020/EES/50/52**

frá 29. september 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að tilgreina hvernig beita á viðmiðununum í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. til að meta hvort tilteknir atburðir myndu leiða til verulegra og neikvæðra áhrifa á heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið eða fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum c-lið 6. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ljósi almenns eðlis hins eigindlega skilyrðis í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og þarfarinnar á að tryggja að lögbær yfirvöld beiti því skilyrði á samræmdan hátt, þykir rétt að setja fram hvernig, með skírskotun til mikilvægra viðmiðana, i) það að hætta að gera viðmiðun eða ii) gerð viðmiðunar á grundvelli inntaksgagna sem endurspegla ekki lengur að fullu undirliggjandi markað eða efnahagslegan veruleika, eða iii) gerð viðmiðunar á grunni óáreiðanlegra inntaksgagna, geti haft veruleg og neikvæð áhrif á heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið eða fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum.

2) Mjög mikilvægar viðmiðanir eru oft notaðar í öðrum aðildarríkjum en því aðildarríki þar sem þær eru gerðar og eru notaðar á mismunandi vegu, eftir því í hvaða aðildarríki þær eru notaðar. Því er möguleiki á verulegum áhrifum, annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða á vettvangi Sambandsins. Einnig er möguleiki á verulegum neikvæðum áhrifum að því er varðar eina eða fleiri af þeim viðmiðunum sem um getur í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. Því er mikilvægt að framkvæma bæði mat á innlendum vettvangi og á markaðsstigi, sem og á vettvangi Sambandsins.

3) Í reglugerð (ESB) 2016/1011 eru skráð fimm svæði þar sem verulegra neikvæðra áhrifa gæti gætt. Heildarvirkni markaðar leggur áherslu á markað fyrir sérstaka fjármálaafurð en fjármálastöðugleiki vísar til fjármálakerfis aðildarríkis eða Sambandsins í heild. Áhrif á neytendur má fyrst og fremst rekja til þeirra fjármálagerninga og fjárfestingarsjóða, þ.m.t. lífeyrissjóða, sem þeir hafa fjárfest í, og þeirra fjárhagslegu samninga sem þeir hafa undirritað og sem vísa til viðkomandi mjög mikilvægrar viðmiðunar. Mögulegu áhrifin á raunhagkerfið tengjast beint verðgildi fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til þeirrar viðmiðunar. Líklegt er að möguleg áhrif á fjármögnun heimila og fyrirtækja aukist með virði útistandandi lána í hlutfalli við stærð hagkerfisins. Neytendur og fjármögnun heimila og fyrirtækja eru viðkvæmari fyrir neikvæðum áhrifum ef heildarskuldsetning heimila og fyrirtækja er mikil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Mat lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu meta hvort um sé að ræða veruleg og neikvæð áhrif á heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið eða fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum, eins og um getur í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 2., 3., 4., 5. og 6. gr.

2. Ef lögbær yfirvöld búast við að slík veruleg og neikvæð áhrif verði í fleiri en einu aðildarríki skulu þau framkvæma aðgreint mat fyrir hvert hlutaðeigandi aðildarríki og jafnframt almennt mat fyrir öll aðildarríkin.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

2. gr.

Veruleg og neikvæð áhrif á heildarvirkni markaðar

Lögbær yfirvöld skulu meta hvort um sé að ræða veruleg og neikvæð áhrif á heildarvirkni markaðar í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

a) verðgildi fjármálagerninga sem vísa til viðmiðunarinnar, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana, og sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og sem hlutfall af heildarvirði fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvöngum í þessum aðildarríkjum,

b) verðgildi fjárhagslegra samninga sem vísa til viðmiðunarinnar, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og sem hlutfall af heildarvirði fjárhagslegra samninga sem eru útistandandi í viðkomandi aðildarríkjum,

c) verðgildi fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar til að mæla frammistöðu þeirra, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana í viðkomandi aðildarríki, bæði í algildum tölum og sem hlutfall af heildarvirði fjárfestingarsjóða með starfsleyfi eða sem tilkynnt er um vegna markaðssetningar í þessum aðildarríkjum,

d) hvort viðmiðunin hafi verið tilnefnd, í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, sem mögulegur valkostur, eða hvort hún hafi þegar verið notuð til að taka við, í stað annarra viðmiðana sem eru teknar með í skránni yfir mikilvægar viðmiðanir sem um getur í 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

e) með tilvísun til staðla hvað varðar bókhald eða í eftirlitsskyni að öðru leyti:

   i. hvort viðmiðunin er notuð sem tilvísun fyrir varfærnisreglur, t.d. eigið fé, greiðsluhæfi eða skuldsetningu,

   ii. hvort viðmiðunin sé notuð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

3. gr.

Veruleg og neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika

Lögbær yfirvöld skulu meta hvort um sé að ræða veruleg og neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

a) virði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana, í aðildarríkjunum sem um er að ræða, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við:

   i. heildareignir fjármálageirans í þessum aðildarríkjum,

   ii. heildareignir bankageirans í þessum aðildarríkjum,

b) veikleika fjármálastofnana sem hafa undirritað eða fjárfest í fjármálagerningum, fjárhagslegum samningum og fjárfestingarsjóðum sem vísa til viðmiðunarinnar.

4. gr.

Veruleg og neikvæð áhrif á neytendur

Lögbær yfirvöld skulu meta hvort um sé að ræða veruleg og neikvæð áhrif á neytendur í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

a) með tilvísun til fjármálagerninga og fjárfestingarsjóða sem neytendum standa til boða:

   i. virði fjármálagerninganna og fjárfestingarsjóðanna sem vísa til viðmiðunarinnar, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana, sem seld eru almennum neytendum í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarverð fjármálagerninga og fjárfestingarsjóða sem seldir eru almennum fjárfestum í þessum aðildarríkjum,

   ii. mat á fjölda neytenda sem hafa keypt fjármálagerninga og fjárfestingarsjóði sem vísa til viðmiðunarinnar, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana, í aðildarríkjunum sem um er að ræða, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarmannfjölda í þessum aðildarríkjum,

b) með tilvísun til stofnana um starfstengdan lífeyri:

i. virði lífeyriskerfa sem vísa til viðmiðunarinnar sem stofnanir um starfstengdan lífeyri starfrækja í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarverðgildi lífeyriskerfanna sem stofnanir um starfstengdan lífeyri í þessum aðildarríkjum starfrækja,

ii. mat á fjölda neytenda sem taka þátt í stofnunum um starfstengdan lífeyri sem starfrækja lífeyriskerfi sem vísa til viðmiðunarinnar í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarmannfjöldann í þessum aðildarríkjum,

iii. mat á mikilvægi stofnana um starfstengdan lífeyri sem starfrækja lífeyriskerfi, með tilvísun til viðmiðunarinnar um eftirlaunatekjur borgaranna í aðildarríkjunum,

c) með tilvísun til lánssamninga fyrir neytendur:

i. virði lánssamninga fyrir neytendur sem vísa til viðmiðunarinnar í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarverðgildi lánssamninganna fyrir neytendur í þessum aðildarríkjum,

ii. mat á fjölda neytenda sem eru fastir kaupendur að lánssamningum fyrir neytendur, sem vísað er til í viðmiðuninni í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarmannfjöldann í þessum aðildarríkjum,

iii. stig skuldsetningar neytenda í viðkomandi aðildarríkjum.

5. gr.

Veruleg og neikvæð áhrif á raunhagkerfið

Lögbær yfirvöld skulu meta hvort um sé að ræða veruleg og neikvæð áhrif á raunhagkerfið með tilliti til virðis fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar, annaðhvort beint eða óbeint innan samsetningar viðmiðana, í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu þessara aðildarríkja.

6. gr.

Veruleg og neikvæð áhrif á fjármögnun heimila og fyrirtækja

Lögbær yfirvöld skulu meta hvort um sé að ræða veruleg og neikvæð áhrif á fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

a) virði lána til heimila og fyrirtækja, annarra en fjármálafyrirtækja sem vísa til viðmiðunarinnar í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarverðgildi lána fyrir heimili og fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki, í þessum aðildarríkjum,

b) mat á fjölda neytenda sem eru fastir kaupendur að lánssamningum sem vísað er til í viðmiðuninni í viðkomandi aðildarríkjum, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarfjölda heimila í þessum aðildarríkjum,

c) mat á fjölda fyrirtækja, annarra en fjármálafyrirtækja, sem eru fastir kaupendur að viðmiðuninni í aðildarríkinu sem um er að ræða, bæði í algildum tölum og í hlutfalli við heildarfjölda fyrirtækja, annarra en fjármálafyrirtækja í þessum aðildarríkjum,

d) stig skuldsetningar heimila og fyrirtækja í viðkomandi aðildarríkjum.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/65 **2020/EES/50/53**

frá 29. september 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina tæknilega þætti skilgreininganna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011 verður að birta tölu eða gera hana aðgengilega almenningi til að hún teljist „vísitala“. Skilgreining vísitölu er síðan grunnur að skilgreiningu viðmiðunar eins og um getur í reglugerð (ESB) 2016/1011.

2) Því er nauðsynlegt að tilgreina í hvaða tilvikum tala telst vera gerð aðgengileg almenningi til að komast hjá eftirlitshögnun þvert á lögsögu í Sambandinu.

3) Ekki ætti að líta svo á að eining framleiðanda tölunnar teljist til almennings að því er varðar reglugerð (ESB) 2016/1011, þar sem að öðrum kosti yrði enginn munur á „að gera aðgengilegt“ og „að gera aðgengilegt almenningi“. Af sömu ástæðu ætti þröng skilgreining á fjölda viðtakenda ekki heldur að gilda sem almenningur.

4) Tala ætti að teljast aðgengileg almenningi ef breiðari hópur fólks getur nálgast hana, beint eða óbeint. Beiting viðmiðunar sem veitir notanda aðgang að viðmiðunartölunni ætti að teljast óbeinn aðgangur.

5) Unnt er að gera tölu aðgengilega með ýmsum hætti á sama tíma eða í tímaröð, fyrir tilstilli veitanda tölunnar eða með því að einhver upphaflegra viðtakenda tölunnar komi henni áleiðis.

6) Til að tryggja að skilgreiningunni „gerð viðmiðunar“ sé beitt á samræmdan hátt þykir rétt að tilgreina að stjórnun fyrirkomulagsins við ákvörðun viðmiðunar, eins og um getur í a-lið 5. liðar 1. mgr. 3. gr., tekur til viðvarandi stjórnunar á gerð viðmiðunar, sem og að ákvarða, aðlaga og halda við aðferðafræðinni á viðvarandi hátt,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gera aðgengilega almenningi

1. Tala telst hafa verið gerð aðgengileg almenningi að því er varðar reglugerð (ESB) 2016/1011 ef hún er gerð aðgengileg fyrir mögulega ótakmarkaðan fjölda lögaðila og einstaklinga aðra en framleiðanda tölunnar, eða aðra en tiltekinn fjölda viðtakenda sem eru tengdir eða bundnir framleiðanda tölunnar.

2. Tala er gerð aðgengileg almenningi ef hún er, beint eða óbeint, aðgengileg þessum lögaðilum og einstaklingum, m.a. sem afleiðing þess að ein eða fleiri eftirlitsskyldar einingar nota hana til viðmiðunar fyrir fjármálagerning sem hún gefur út, eða til að ákvarða fjárhæðina sem greiða skal samkvæmt fjármálagerningi eða fjárhagslegum samningi, eða til að mæla frammistöðu fjárfestingarsjóðs, eða til að kveða á um útlánsvexti sem reiknaðir eru út sem verðbil eða hækkun yfir slíka tölu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

3. Aðgengi getur verið fyrir milligöngu margvíslegra miðla og fyrirkomulags sem veitandinn setur fram eða sem veitandi og viðtakendur sammælast um, án endurgjalds eða gegn greiðslu, þar með talið en ekki takmarkað við síma, FTP-skráaflutningsreglur, Net, opinn aðgang, fréttir, miðla, með fjármálagerningum, fjárhagslegum samningum eða fjárfestingarsjóðum sem nota töluna sem viðmiðun eða sem beiðni til notenda.

2. gr.

Stjórnun fyrirkomulagsins við ákvörðun viðmiðunar

Að því er varðar reglugerð (ESB) 2016/1011 skal stjórnun fyrirkomulagsins við ákvörðun viðmiðunar taka til hvors tveggja eftirfarandi:

a) viðvarandi stjórnun skipulags framleiðanda og starfsfólks sem kemur að ákvörðunarferli viðmiðunar,

b) uppsetning, viðhald og vöktun tiltekinnar aðferðafræði við ákvörðun viðmiðunar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/66 **2020/EES/50/54**

frá 29. september 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina hvernig nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiðna, grundvallarfjárhæð afleiðna og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða skuli metið (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum, eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða, og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum a-lið 6. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Heildarvirði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga eða fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunar er lykilforsenda fyrir flokkun þeirrar viðmiðunar, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/1011, sem mjög mikilvægrar, mikilvægrar eða ekki mikilvægrar. Því er nauðsynlegt að nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiðna, grundvallarfjárhæð afleiðna og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða sé reiknað út á sama hátt í Sambandinu, til að tryggja samræmda flokkun viðmiðana í aðildarríkjunum og samræmda beitingu reglugerðar (ESB) 2016/1011.

2) Til að tryggja áreiðanleika viðmiðana ætti því að reikna út nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiðna, grundvallarfjárhæð afleiðna og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða með því að nota eftirlitsgögn ef þau eru tiltæk.

3) Reikna ætti út heildarvirði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga eða fjárfestingarsjóða með því að taka bæði tillit til beinna tilvísana til þessara fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga eða fjárfestingarsjóða og óbeinna tilvísana til viðmiðunar innan samsetningar viðmiðana. Ef fjármálagerningur, fjárhagslegur samningur eða fjárfestingarsjóður vísar til nokkurra viðmiðana þykir rétt að taka tillit til þessarar margföldu tilvísunar við útreikning á heildarvirði fjármálagerninganna, fjárhagslegu samninganna og fjárfestingarsjóðanna sem vísa til viðmiðunar, þar sem þessar fjármálaafurðir eru ekki eingöngu háðar þeirri viðmiðun. Því er þörf á að tilgreina útreikning á heildarvirði ef um óbeinar tilvísanir er að ræða til að hægt sé að beita honum beint, sem og að mæla hann með samræmdum hætti í Sambandinu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiðna og eininga í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

Nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiðna og eininga í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal vera heildarnafnverð útgefið í peningalegu virði sem um getur í 14. reit í töflu 3 í viðaukanum við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/585 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/585 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir gagnastaðla og -form fyrir tilvísunargögn um fjármálagerninga og tæknilegar ráðstafanir í tengslum við fyrirkomulag sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld gera (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 368).

2. gr.

Grundvallarfjárhæð afleiðna

Grundvallarfjárhæð afleiðna, sem um getur í a-lið 6. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skal vera grundvallarfjárhæðin sem um getur í 20. reit, töflu 2, í viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/104 ([1]). Ef grundvallarfjárhæðin er neikvæð skal grundvallarfjárhæðin þó vera jöfn algildinu.

Hvað varðar viðskipti með lánaafleiðuvísitölur skal vísitöluþætti, sem er sóttur í 89. reit töflu 2 í viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/104, beitt á grundvallarfjárhæðina.

3. gr.

Verðmæti hreinnar eignar sjóða um sameiginlega fjárfestingu

Verðmæti hreinnar eignar sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í a-lið 6. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skal vera annað af eftirtöldu:

a) hvað varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/ESB ([2]): verðmæti hreinnar eignar á einingu sem skýrt er frá í nýjustu ársskýrslu eða hálfsársskýrslu sem um getur í 2. mgr. 68. gr. þeirrar tilskipunar, margfaldað með fjöldi eininganna,

b) hvað varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([3]): nýjasta verðmæti hreinnar eignar sem fáanlegt er og um getur í c-lið 1. mgr. 104. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 ([4]).

4. gr.

Beiting annarra fjárhæða og virðis

Ef fjárhæðir eða virði til að reikna út heildarvirði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga eða fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar sem um getur í 1., 2. og 3. gr. eru ekki tiltækar eða ófullkomnar, skal heildarvirðið sem um getur í a-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og heildarmeðalvirðið sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. þeirrar reglugerðar reiknað út með því að beita öðrum fjárhæðum eða virðum, þ.m.t. áætluðum virðum, fjárhæðum og virðum í skýrslum einkaaðila sem veita upplýsingar eða gögn um opnar stöður sem markaðsaðilar birta, að því tilskildu að þessi áætluðu virði, fjárhæðir og virði séu í nægjanlega góðu áliti og nægjanlega áreiðanleg.

Stjórnandi sem beitir öðrum fjárhæðum eða gögnum skal reikna heildarfjárhæðina út eins vel og hann getur, á grunni tiltækra gagna.

Stjórnandi sem beitir öðrum fjárhæðum eða gögnum skal sjá hinu lögbæra yfirvaldi fyrir skriflegri lýsingu á gagnalindunum sem beitt er þegar því lögbæra yfirvaldi er gert viðvart, í samræmi við 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

5. gr.

Gjaldmiðill

Þær fjárhæðir og virði sem um getur í 1., 2. og 3. gr. skulu gefnar upp í evrum. Ef nauðsyn krefur skal fjárhæðunum og virðunum breytt með því að beita daglegu evruviðmiðunargengi sem Seðlabanki Evrópu gefur út.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/104 frá 19. október 2016 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 148/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um lágmarksupplýsingar gagna sem tilkynna á um til afleiðuviðskiptaskráa (Stjtíð. ESB L 17, 21.1.2017, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2013, bls. 1).

6. gr.

Óbein tilvísun í viðmiðun innan samsetningar viðmiðana

Ef viðmiðun er notuð óbeint innan samsetningar viðmiðana skulu fjárhæðir eða virði, að því er varðar viðmiðunarmörkin sem um getur í 1. mgr. 20. gr. og a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, vera annaðhvort eftirfarandi:

a) vægi viðmiðunarinnar í prósentum, innan samsetningar viðmiðana, margfaldað með heildarfjárhæð, virði eða meðaltalsvirði eftir því sem við á, viðkomandi fjármálagernings eða fjárfestingarsjóðs, ef það vægi er skilmerkilega tilgreint eða ef hægt er að áætla það á grundvelli annarra fyrirliggjandi upplýsinga,

b) heildarfjárhæð, virði eða meðaltalsvirði eftir því sem við á, viðkomandi fjármálagernings eða fjárfestingarsjóðs deilt með fjölda viðmiðana innan samsetningar viðmiðana, ef raunverulegt vægi viðmiðunarinnar er ekki tilgreint eða ekki er hægt að áætla það.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/67 **2020/EES/50/55**

frá 3. október 2017

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að koma á skilyrðum til að meta áhrif þess að gildandi viðmiðanir verði aflagðar eða þeim breytt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 6. mgr. 51. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að lögbær yfirvöld beiti 4. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 á sama hátt þykir rétt að útlista nákvæmlega við hvaða skilyrði lögbæru yfirvöldin geti ályktað að aflagning eða breyting á gildandi viðmiðun gæti valdið óviðráðanlegu atviki eða gæti valdið röskun eða með öðrum hætti brotið gegn skilmálum fjárhagslegs samnings eða fjármálagernings, eða reglum fjárfestingarsjóðs sem vísar í slíka viðmiðun.

2) Þetta á einkum við ef um er að ræða „óviðráðanlegt atvik“, en það hugtak er túlkað á mismunandi vegu í aðildarríkjunum.

3) Verulega ólíkt gildi vísitölu er mikilvæg ástæða röskunar eða brots á skilmálum fjárhagslegs samnings, fjármálagernings eða reglum fjárfestingarsjóðs, með tilvísun í viðmiðun. Skyndilegt rof í tímaröð vísitölunnar eða breyttur óstöðugleiki hennar getur valdið þessum verulega ólíku gildum, sem aftur geta stafað af breytingum á aðferðafræðinni við að láta í té viðmiðunina, eða á inntaksgögnum sem eru grundvöllur útreikninga á viðmiðuninni. Lögbær yfirvöld ættu að meta möguleg áhrif slíkra breytinga í hverju tilviki fyrir sig þar sem umfang rofsins eða breytingarinnar hvað varðar óstöðugleika vísitölunnar ræðst að miklu leyti af eðli viðmiðunarinnar og tilvísunum í fjármálagerninga, fjárhagslega samninga eða fjárfestingarsjóði.

4) Breytingar á gerð inntaksgagna sem notuð eru eða áreiðanleiki gagnalinda geta haft áhrif á hve heppileg viðmiðun er við tiltekna notkun. Lögbær yfirvöld ættu því að meta hvort þessar breytingar geta valdið óviðráðanlegu atviki, raskað samningsskilmálum eða á annan hátt valdið brotum gegn þeim.

5) Óviðráðanleg atvik, röskun eða önnur brot á samningsskilmálum eru ólíklegri ef til er önnur ásættanleg viðmiðun eða að minnsta kosti verklagsreglur sem vísað er til í viðeigandi skjölum til að velja slíka aðra viðmiðun.

6) Vísitölur sem mæla mjög sértæka markaði gætu verulega stuðst við orðspor, dómgreind eða sérfræðiþekkingu þeirra sem láta þær í té. Við þessar aðstæður ættu lögbær yfirvöld því að meta hvort það getur valdið óviðráðanlegu atviki, raskað samningsskilmálum eða á annan hátt valdið brotum gegn þeim, að skipta um þann sem lætur vísitöluna í té.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilyrði fyrir mati

1. Lögbært yfirvald skal, að því er varðar 4. mgr. 51. g. reglugerðar (ESB) 2016/1011, taka tillit til eftirfarandi skilyrða þegar það metur hvort aflagning eða breyting viðmiðunar, sem uppfyllir ekki kröfur þeirrar reglugerðar, myndi valda óviðráðanlegu atviki, röskun eða með öðrum hætti brjóta gegn skilmálum fjárhagslegs samnings eða fjármálagernings eða reglum fjárfestingarsjóðs sem vísa til þessarar viðmiðunar:

a) breytingar á viðmiðuninni myndi útheimta mikilvæga breytingu á eðli inntaksgagnanna, á aðferðafræðinni við að ákvarða þessi gögn, á sjálfu gagnasöfnunarferlinu eða öðrum þáttum við að veita viðmiðun sem myndi leiða til umtalsvert breytts gildis viðmiðunarinnar,

b) breytingar á eðli inntaksgagnanna eða aðferðafræðinni við að ákvarða þessi gögn til að viðmiðunin fullnægi reglugerð (ESB) 2016/1011 myndu grafa undan því að viðmiðunin væri dæmigerð fyrir markaðinn eða þann efnahagslega veruleika sem henni er ætlað að mæla og valda að lokum breytingu á eðli viðmiðunarinnar,

c) þess að engin önnur viðmiðun er til fyrir viðmiðunina sem uppfyllir ekki kröfur reglugerðar (ESB) 2016/1011 sem:

   i. uppfyllir kröfur reglugerðar (ESB) 2016/1011,

   ii. mælir sama markað eða sama efnahagslega veruleika,

   iii. er annaðhvort tekin með í opinberu skránni sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða veitt af stjórnanda í þeirri skrá,

d) gildandi fjárhagslegir samningar, fjármálagerningar og fjárfestingarsjóðir sem vísa til viðmiðunarinnar, og fylgiskjöl, gera ekki ráð fyrir annarri viðmiðun eða innihalda hvorki reglur um hvernig ákvarða skal slíka aðra viðmiðun né neinar aðrar viðbúnaðarráðstafanir,

e) tilfærsla viðmiðunarinnar frá einum stjórnanda til annars myndi leiða til umtalsverðrar breytingar á viðmiðuninni.

2. Skilyrðum 1. mgr. skal beitt í hverju tilviki fyrir sig.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. október 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1638 **2020/EES/50/56**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hvernig tryggja eigi að inntaksgögn séu viðeigandi og sannreynanleg, og innri eftirlits- og sannprófunarferla þess sem leggur þau fram, sem stjórnandi mikilvægrar eða mjög mikilvægrar viðmiðunar verður að tryggja að séu til staðar ef inntaksgögn koma frá framlínudeild (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 5. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu inntaksgögnin sem notuð eru í viðmiðun vera til þess fallin að endurspegla þann markað eða efnahagslega veruleika sem viðmiðuninni er ætlað að mæla auk þess sem gögnin þurfa að vera sannreynanleg. Komi inntaksgögnin frá framlínudeild er þess einnig krafist, skv. b-lið 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, að stjórnandi tryggi að aðili sem leggur inntaksgögn fram hafi til staðar fullnægjandi innra eftirlits- og sannprófunarferli.

2) Réttur útreikningur á viðmiðun krefst þess ekki aðeins að lögð séu fram nákvæm gildi inntaksgagna heldur einnig að þau séu í sömu mælieiningu og undirliggjandi eignir og endurspegli viðeigandi þætti þeirra.

3) Hvort inntaksgögn séu sannreynanleg tengist því hve nákvæm þau eru sem aftur á móti er mjög háð þeirri tegund inntaksgagna sem er notuð. Inntaksgögn, sem eru hvorki færslugögn né koma frá eftirlitsskyldri gagnalind, sem fram kemur í 24. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, gætu samt uppfyllt kröfurnar um að vera sannreynanlegar ef nægar upplýsingar eru tiltækar stjórnandanum til að gera honum kleift að athuga gögnin með fullnægjandi hætti. Stjórnandanum ætti því að bera skylda til að tryggja að honum séu tiltækar nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að framkvæma viðeigandi athuganir.

4) Til að tryggja að inntaksgögnin séu viðeigandi og sannreynanleg ætti stjórnandinn að þurfa að fylgjast reglulega með inntaksgögnum að því marki sem endurspeglar veikleika hinnar tilteknu tegundar inntaksgagna. Þegar um eftirlitsskyld gögn er að ræða tryggir gildandi reglusetning og eftirlit með viðeigandi gagnaveitanda nú þegar heilleika eftirlitsskyldra gagna. Sú tegund gagna ætti því að falla undir umfangsminni eftirlitskröfur. Aðrar tegundir inntaksgagna krefjast meiri sannreyningar og ættu að falla undir umfangsmeira eftirlit, einkum inntaksgögn sem eru ekki færslugögn og sérstaklega þegar þau koma frá framlínudeild.

5) Þegar inntaksgögn eru lögð fram er mikilvæg eftirlitsráðstöfun að tryggja að framlögin séu lögð fram innan tímamarka sem stjórnandinn setur. Þetta er til að tryggja samræmi framlagðra gagna á milli aðila sem leggja fram gögn. Þegar inntaksgögn eru ekki lögð fram þarf einnig að fylgjast með hvenær inntaksgögnin eru athuguð í því skyni að tryggja samræmi milli ólíkra inntaksgagna. Stjórnandinn ætti því að þurfa að athuga hvort inntaksgögn eru lögð fram eða valin frá tiltekinni gagnalind innan þeirra tímamarka sem hann setti.

6) Afar mikilvægt er að kjarnaþættir, eins og gjaldmiðill, líftími og tími fram að gjalddaga undirliggjandi eigna eða tegund mótaðila, eins og tilgreint er í aðferðafræði viðmiðunarinnar, séu skoðaðir á tilhlýðilegan hátt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Skilvirkt innra eftirlit með framlagningu inntaksgagnanna frá framlínudeild byggist á því að viðeigandi skipulagi sé komið á fót og viðhaldið innan fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögnin. Skipulag þetta ætti venjulega að fela í sér þrjú eftirlitsstig nema stærð fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögnin leyfi ekki slíkan fjölda með góðu móti. Fyrsta eftirlitsstigið ætti að fela í sér ferli til að tryggja skilvirkt eftirlit með inntaksgögnum.

8) Framlögð gögn frá framlínudeild valda sérstakri áhættu vegna þess að innbyggðir hagsmunaárekstrar eru milli viðskiptalegs hlutverks framlínudeildar og hlutverks hennar við að leggja fram inntaksgögn fyrir viðmiðun. Því er mikilvægt fyrir aðilann sem leggur fram gögnin að koma á fót, viðhalda og starfrækja stefnu um hagsmunaárekstra sem hluta af annars stigs eftirliti og að gera reglulega athuganir á notuðum inntaksgögnum. Auk þess er það markvert tæki, sem gæti verið gagnlegt til að draga hvers konar misferli fram í dagsljósið og koma tilkynningum um þau á næsta stig eða greina starfsemi sem gæti hugsanlega haft áhrif á heillleika viðmiðunarinnar, að koma á fót verklagsreglum um uppljóstranir sem gera hvaða starfsmanni sem er kleift að tilkynna misferli til viðeigandi regluvörslu eða annarrar viðeigandi innri deildar. Stjórnandinn ætti því að ganga úr skugga um að innra eftirlits- og sannreyningarferli aðilans sem leggur fram gögn feli í sér að koma á fót, viðhalda og starfrækja stefnu um hagsmunaárekstra og að koma á fót og viðhalda verklagsreglum fyrir uppljóstranir.

9) Reglugerð þessir gildir um stjórnendur mikilvægra og mjög mikilvægra viðmiðana. Í samræmi við meðalhófsregluna forðast hún að leggja óhóflega byrði á stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana með því að heimila þeim að velja að láta kröfur um hagsmunaárekstra einungis gilda um raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra sem eru eða gætu orðið verulegir. Til viðbótar ættu stjórnendur jafnframt að hafa rétt til að ákveða hvernig þeir tryggja að aðilinn sem leggur fram gögnin hafi innra eftirlits- og sannreyningarferli. Þeim ætti einkum að vera heimilt að slaka á tilteknum kröfum er varða þessar verklagsreglur með hliðsjón af eðli, stærð og margbreytileika starfsemi aðilans sem leggur fram gögnin.

10) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi nær ekki yfir eða gildir um stjórnendur viðmiðana sem ekki eru mjög mikilvægar.

2. gr.

Að tryggja að inntaksgögn séu viðeigandi og sannreynanleg

1. Stjórnandi viðmiðunar skal tryggja að allar nauðsynlegar upplýsingar séu tiltækar til að gera honum kleift að fylgjast með eftirfarandi þáttum að því er varðar hvers konar inntaksgögn sem hann notar í viðmiðunina, að svo miklu leyti sem þessir þættir eiga við um umrædd inntaksgögn:

a) hvort einstaklingurinn sem leggur fram gögnin hafi heimild til að leggja fram inntaksgögnin fyrir hönd aðilans sem leggur fram gögn í samræmi við kröfur um leyfi skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

b) hvort inntaksgögnin séu lögð fram af aðilanum sem leggur fram gögn, eða valin úr gagnalind sem stjórnandinn hefur tilgreint, innan þeirra tímamarka sem stjórnandinn hefur sett,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

c) hvort aðilinn sem leggur fram gögn leggi inntaksgögnin fram á sniði sem stjórnandinn hefur tilgreint,

d) hvort gagnalind inntaksgagnanna sé ein af þeim lindum sem taldar eru upp í 24. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

e) hvort gagnalind inntaksgagnanna sé áreiðanleg,

f) hvort inntaksgögnin uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í aðferðafræði viðmiðunarinnar, einkum kröfurnar um gjaldmiðil eða mælieiningu, líftíma og tegundir mótaðila,

g) hvort viðkomandi viðmiðunarmörk um magn inntaksgagnanna og viðkomandi staðlar um gæði þeirra séu uppfyllt í samræmi við aðferðafræðina,

h) hvort forgangsröð við notkun mismunandi tegunda inntaksgagna sé í samræmi við aðferðafræðina,

i) hvort eigin ákvörðunarfrelsi eða dómgreind, sem er beitt þegar inntaksgögn eru lögð fram, sé beitt í samræmi við skýrar reglur sem eru settar fram í aðferðafræðinni og í þeim stefnum sem er krafist að komið verði á fót í hátternisreglum viðmiðunarinnar.

2. Stjórnendur skulu reglulega gera þær athuganir sem taldar eru upp í 1. mgr. Stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana skulu gera athuganirnar sem taldar eru upp í a-, b-, c- og d-lið 1. mgr. áður en viðmiðunin er gefin út eða gerð aðgengileg almenningi.

3. gr.

Innri eftirlits- og sannreyningarferli aðila sem leggur fram gögn

1. Í innri eftirlits- og sannreyningarferlunum sem stjórnandinn verður að tryggja að séu til staðar hjá aðilanum sem leggur fram gögnin, í samræmi við b-lið 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skal a.m.k. felast í eftirfarandi:

a) stofnun og viðhaldi innra starfssviðs til að þjóna sem fyrsta eftirlitsstig með framlagningu inntaksgagna og bera ábyrgð á að framkvæma eftirfarandi skyldustörf:

   i. að framkvæma árangursríkt eftirlit með inntaksgögnum áður en þau eru lögð fram, þ.m.t. að tryggja að uppfylltar séu hvers konar kröfur um sannreyningu inntaksgagna, sem aðilinn sem leggur fram gögnin fellur undir skv. iii. lið d-liðar 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og að rýna inntaksgögn áður en þau eru lögð fram með tilliti til heilleika þeirra og nákvæmni,

   ii. að athuga á hvort einstaklingurinn sem leggur fram gögnin hafi heimild til að leggja fram inntaksgögn fyrir hönd aðilans sem leggur fram gögn í samræmi við kröfur sem lagðar eru á skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

   iii. að tryggja að aðgangur að framlögðum inntaksgögnum sé takmarkaður við aðila sem taka þátt í framlagningarferlinu, nema þegar aðgangur er nauðsynlegur vegna úttektar, í rannsóknarskyni eða af lagalegum ástæðum,

b) stofnun og viðhald innra starfssviðs til að þjóna sem annað eftirlitsstig með framlagningu inntaksgagna og bera ábyrgð á að framkvæma eftirfarandi skyldustörf:

   i. að endurskoða inntaksgögn eftir að þau eru lögð fram, óháð endurskoðuninni sem er framkvæmd á fyrsta stigi eftirlitsins, í því skyni að staðfesta heilleika og nákvæmni framlagsins,

   ii. að koma á og viðhalda verklagsreglum um uppljóstranir sem fela í sér viðeigandi verndarráðstafanir fyrir uppljóstrara,

   iii. að koma á og viðhalda verklagsreglum um innri tilkynningar á tilraunum til hagræðingar eða raunverulegri hagræðingu inntaksgagna, um tilvik þegar viðmiðunartengdri stefnu aðilans sem leggur fram gögnin er ekki fylgt og um að rannsókn á slíkum atburðum fari fram um leið og þeir koma í ljós,

   iv. að koma á og viðhalda verklagsreglum um innri tilkynningar þar sem greint er frá rekstrarlegum vandamálum í framlagningarferlinu um leið og þau koma fram,

   v. að tryggja að starfsmaður frá öðru eftirlitsstiginu sé yfirleitt í eigin persónu til staðar á skrifstofusvæðinu þar sem framlínudeildin er staðsett,

   vi. að viðhalda eftirliti með viðkomandi samskiptum milli starfsfólks framlínudeildar sem tekur beinan þátt í að leggja fram inntaksgögn og einnig viðkomandi samskiptum milli slíkra starfsmanna og annarrar innri starfsemi eða ytri aðila,

   vii. að koma á, viðhalda og framfylgja stefnu um hagsmunaárekstra sem tryggir:

      — greiningu og birtingu á raunverulegum eða hugsanlegum hagsmunaárekstrum sem varða einhvern úr starfsliði framlínudeildar aðilans sem leggur fram gögnin og tekur þátt í framlagningarferlinu,

— að ekki séu bein eða óbein tengsl milli þóknana einstaklings sem leggur fram gögn og virðis viðmiðunarinnar, virðis tiltekinna framlagðra gagna eða starfsemi af hálfu aðilans, sem leggur fram gögn, sem gæti valdið hagsmunaárekstri í tengslum við framlagningu inntaksgagna til viðmiðunarinnar,

— að skýr aðgreining sé á milli starfa starfsfólks í framlínudeild sem tekur þátt í að leggja fram inntaksgögn og annars starfsfólks í framlínudeild,

— að rými starfsfólks í framlínudeild, sem tekur þátt í að leggja fram inntaksgögnin, sé aðskilið frá öðru starfsfólki framlínudeildar,

— að árangursríkt eftirlit sé með upplýsingaskiptum milli starfsfólks í framlínudeild og annars starfsfólks aðilans, sem leggur fram gögn, sem tekur þátt í starfsemi sem gæti skapað hættu á hagsmunaárekstrum, að svo miklu leyti sem upplýsingarnar sem miðlað er gætu haft áhrif á inntaksgögnin sem lögð eru fram,

— að til staðar séu viðbragðsákvæði ef tímabundið hlé verður á eftirliti varðandi upplýsingaskiptin sem um getur í fimmta undirlið,

— að gripið sé til aðgerða til að hindra að einstaklingar hafi óviðeigandi áhrif á hvernig starfsfólk í framlínudeild, sem tekur þátt í að leggja inntaksgögn fram, sinnir starfi sínu,

c) stofnun og viðhald innra starfssviðs, óháð fyrsta og öðru eftirlitsstigi, til að þjóna sem þriðja eftirlitsstig með framlagningu inntaksgagna og bera ábyrgð á að framkvæma reglulegar athuganir á eftirlitinu sem hin tvö eftirlitsstigin beita,

d) verklagsreglur um:

i. leiðir til samstarfs og upplýsingaflæði milli hinna þriggja eftirlitsstiga eins og krafist er í a-, b- og c-lið þessarar málsgreinar,

ii. reglulega skýrslugjöf til framkvæmdastjórnar aðilans sem leggur fram gögn um skyldurnar sem þessi þrjú eftirlitsstig sinna,

iii. samskipti við stjórnandann, samkvæmt beiðni, um upplýsingar sem stjórnandinn óskar eftir og tengjast innri eftirlits- og sannreyningarferlum aðilans sem leggur fram gögnin.

2. Stjórnandinn getur valið að veita undanþágu frá kröfunum sem tilgreindar eru í v. lið b-liðar eða í þriðja, fjórða og sjötta undirlið vii. liðar b-liðar 1. mgr. með hliðsjón af eftirfarandi þáttum:

a) eðli, umfangi og flækjustigi í starfsemi aðilans sem leggur fram gögn,

b) hve líklegt er að hagsmunaárekstrar rísi milli framlagningar inntaksgagna til viðmiðunarinnar og viðskiptastarfsemi eða annarrar starfsemi sem aðilinn, sem leggur fram gögn, sinnir,

c) hve eigin ákvarðanir eiga stóran þátt í ferlinu við að leggja fram gögn.

3. Stjórnandinn getur heimilað aðilanum sem leggur fram gögn að hafa einfaldara skipulag á eftirlitskerfinu en krafist er í 1. mgr. einkum með hliðsjón af lítilli stærð fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögn og einnig þeim þáttum sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið 2. mgr. Einfaldara eftirlitskerfi skal þó tryggja að öllum skyldustörfum sem talin eru upp í a-, b- og c-lið 1. mgr. sé sinnt, að undanskildum þeim skyldum sem veitt er undanþága fyrir skv. 2. mgr. Ákvæðum i. og ii. liðar d-liðar 1. mgr. skal beitt þannig að þau endurspegli einfaldara eftirlitskerfi.

4. Stjórnandi mjög mikilvægrar viðmiðunar getur valið að beita kröfunum sem tilgreindar eru í vii. lið b-liðar 1. mgr. einungis að því er varðar raunverulega eða hugsanlega hagsmunaárekstra sem eru eða gætu orðið verulegir hagsmunaárekstrar.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1639 **2020/EES/50/57**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þætti hátternisreglna sem stjórnendur viðmiðana sem byggjast á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn eiga að þróa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 6. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 er þess krafist að stjórnandi viðmiðunar sem byggist á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn, þrói hátternisreglur fyrir þá viðmiðun þar sem greinilega er tilgreind ábyrgð aðilans sem leggur fram gögn á framlagningu inntaksgagna. Ef stjórnandi lætur í té fjölskyldu viðmiðana sem samanstendur af fleiri en einni viðmiðun, sem byggist á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn, er heimilt að þróa sameiginlegar hátternisreglur fyrir viðmiðanafjölskylduna. Í 2. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar eru taldir upp þeir þættir sem verða að lágmarki að vera í hverjum hátternisreglum sem þróaðar eru samkvæmt þeirri grein. Engra hátternisreglna er krafist ef viðmiðunin er á grundvelli eftirlitsskyldra gagna eins og hún er skilgreind í 24. lið 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í því skyni að tryggja að viðmiðunin sé rétt ákvörðuð er brýnt að inntaksgögn frá aðilum sem leggja fram gögn hafi alla þá nauðsynlegu eiginleika sem aðferðafræðin krefst og séu heildstæð. Hátternisreglurnar ættu því að lýsa þessum þáttum nægilega ítarlega og tilgreina hvaða gögn aðilinn, sem leggur fram gögn, verði að taka til greina, hvaða gögn hann getur undanskilið og hvernig hann á að senda inntaksgögnin til stjórnandans.

3) Lykilþáttur við að tryggja heilleika viðmiðunar sem byggist á framlagningu inntaksgagna er að einstaklingarnir sem aðilinn, sem leggur fram gögn, tilnefnir til að leggja fram inntaksgögn hafi rétta þekkingu, hæfni, þjálfun og reynslu til að sinna hlutverkinu. Hátternisreglurnar ættu því að innihalda ákvæði sem krefjast þess að hver aðili sem leggur fram gögn geri nokkurn fjölda athugana að því er varðar þá einstaklinga sem koma til með að leggja fram gögnin áður en þeir fá leyfi til þess.

4) Áreiðanleiki viðmiðunar fer að miklu leyti eftir áreiðanleika inntaksgagna hennar. Því er mikilvægt að aðilar sem leggja fram gögn athugi gögnin áður og eftir að þau eru lögð fram til að skoða hvort í þeim séu grunsamlegar færslur og einnig til að staðfesta að kröfum hátternisreglnanna hafi verið fylgt. Hátternisreglurnar ættu því að innihalda ákvæði sem krefjast þess að aðilar sem leggja fram gögn framkvæmi athuganir á gögnunum bæði fyrir og eftir framlagningu þeirra.

5) Hætta á skekkju eða hagræðingu er án efa mest í tilvikum þegar aðilar sem leggja fram gögn hafa frelsi til að taka eigin ákvarðanir við framlagningu inntaksgagna. Hátternisreglurnar ættu því að krefjast þess að aðilar sem leggja fram gögn komi á stefnum sem tilgreina hvenær, hvernig og hver megi nýta slíkt ákvörðunarfrelsi.

6) Hátternisreglurnar ættu að innihalda ákvæði sem krefjast þess að aðilar sem leggja fram gögn haldi skrár yfir gögn sem komu til greina fyrir hverja framlagningu og allar eigin ákvarðanir sem tengjast þeim. Slíkar skrár eru nauðsynlegt tæki við að staðfesta hvort aðili sem leggur fram gögn hafi fylgt stefnunum sem taka skal upp samkvæmt hátternisreglunum og sem leitast við að tryggja að öll inntaksgögn sem máli skipta séu látin í té.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Tilhlýðileg greining og stjórnun hagsmunaárekstra meðal aðila sem leggja fram gögn er nauðsynlegt skref í átt að heilleika og nákvæmni viðmiðunarinnar. Af þessum sökum ættu hátternisreglur að innihalda ákvæði þar sem þess er krafist að í kerfum og eftirliti aðila sem leggur fram gögn felist skráning hagsmunaárekstra þar sem aðilinn er leggur fram gögn ætti að skrá hagsmunaárekstra sem greinst hafa og ráðstafanir sem eru gerðar til að stýra þeim.

8) Í samræmi við meginregluna um meðalhóf er í þessari reglugerð forðast að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á stjórnendur og aðila sem leggja fram gögn að því er varðar mikilvægar viðmiðanir eða léttvægar viðmiðanir með því að heimila stjórnendum mikilvægra viðmiðana eða léttvægra viðmiðana að þróa hátternisreglur sem eru ekki eins ítarlegar og krafist er fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir.

9) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að semja hátternisreglur sem fullnægja kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Lýsing inntaksgagna

Hátternisreglurnar sem stjórnandinn á að þróa skv. 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 („hátternisreglurnar“) skulu innihalda skýra lýsingu á, og kröfur sem varða, a.m.k. eftirfarandi atriði varðandi inntaksgögn sem afhenda skal:

a) tegund eða tegundir inntaksgagnanna sem afhenda skal,

b) tilskilda staðla sem uppfylla þarf varðandi gæði og nákvæmni inntaksgagnanna,

c) lágmarksmagn inntaksgagna sem afhenda skal,

d) forgangsröðun, ef einhver er, sem mismunandi tegundir inntaksgagna skulu lagðar fram samkvæmt,

e) sniðið sem inntaksgögnin skulu afhent á,

f) tíðni framlagningar inntaksgagnanna,

g) tímasetningu framlagningar inntaksgagnanna,

h) verklagsreglurnar, ef einhverjar, sem hverjum aðila sem leggur fram gögn er skylt að hafa fyrir aðlaganir og stöðlun á inntaksgögnunum.

2. gr.

Einstaklingar sem leggja fram gögn

1. Hátternisreglurnar skulu innihalda ákvæði sem tryggja að einstaklingi sé einungis heimilt að starfa sem einstaklingur sem leggur fram inntaksgögn fyrir hönd aðila sem leggur fram gögn ef aðilinn hefur gengið úr skugga um að einstaklingurinn hafi nauðsynlega hæfni, þekkingu, þjálfun og reynslu til að sinna hlutverkinu.

2. Í hátternisreglunum skal lýsa ferli fyrir könnun á áreiðanleika sem aðilanum sem leggur fram gögn ber að gera til að ganga úr skugga um að einstaklingur hafi nauðsynlega hæfni, þekkingu, þjálfun og reynslu til að leggja fram gögn fyrir hönd hans. Lýsingin á þessu ferli skal fela í sér kröfu um að gera athuganir til að sannreyna:

a) deili á einstaklingnum,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

b) menntun og hæfi einstaklingsins og

c) orðspor einstaklingsins, þ.m.t. hvort einstaklingnum hafi áður verið meinað að leggja fram inntaksgögn til viðmiðunar vegna misferlis.

3. Í hátternisreglunum skal tilgreina ferlið og samskiptaaðferðirnar sem aðili sem leggur fram gögn skal nota til að tilkynna stjórnandanum um deili á einstaklingum sem leggja fram inntaksgögn fyrir hönd hans til að gera stjórnandanum kleift að athuga hvort einstaklingurinn hafi heimild til að leggja fram gögn fyrir hönd aðilans sem leggur fram gögn.

3. gr.

Stefnur sem tryggja að aðili sem leggur fram gögn veiti öll viðkomandi inntaksgögn

Hátternisreglurnar skulu fela í sér ákvæði þar sem þess er krafist að aðilar sem leggja fram gögn hafi til staðar og hlíti að minnsta kosti eftirfarandi stefnum:

a) inntaksgagnastefnu sem inniheldur að minnsta kosti lýsingu á:

   i. gögnunum sem taka þarf tillit til við ákvörðun á framlagningu inntaksgagna og

   ii. gögnunum sem aðilinn sem leggur gögn fram getur undanskilið frá framlagningu inntaksgagna, ásamt ástæðu eða ástæðum þess að þessi gögn megi undanskilja,

b) stefnu um flutning gagna til stjórnandans sem inniheldur a.m.k.:

   i. lýsingu á ferlinu sem nota skal við öruggan gagnaflutning og

   ii. viðbragðsáætlanir um framlagningu inntaksgagna ef upp kemur tæknilegur eða rekstrarlegur vandi, ef einstaklingur sem leggur fram gögn er tímabundið fjarverandi eða ef inntaksgögnin sem tilskilin eru í aðferðafræðinni eru ekki til staðar.

4. gr.

Kerfi og eftirlit

1. Hátternisreglurnar skulu innihalda ákvæði sem tryggja að kerfin og eftirlitið sem um getur í d-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 innihaldi meðal annars eftirfarandi þætti:

a) athuganir fyrir framlagningu til að greina grunsamleg inntaksgögn, þ.m.t. athuganir sem felast í að annar einstaklingur endurskoðar gögnin,

b) athuganir eftir framlagningu til að staðfesta að inntaksgögnin hafi verið lögð fram í samræmi við kröfurnar í hátternisreglunum og til að greina grunsamleg inntaksgögn,

c) vöktun á sendingu inntaksgagna til stjórnandans í samræmi við viðeigandi stefnur.

2. Í hátternisreglunum má einungis heimila aðila, sem leggur fram gögn, að nota sjálfvirkt kerfi til að leggja fram inntaksgögn, þar sem einstaklingar geta ekki breytt framlagningu inntaksgagna, ef slíkt leyfi er í hátternisreglunum bundið eftirfarandi skilyrðum:

a) aðilinn sem leggur fram gögn getur stöðugt fylgst með eðlilegri starfsemi sjálfvirka kerfisins og

b) aðilinn sem leggur fram gögn athugar sjálfvirka kerfið í kjölfar uppfærslna eða breytinga á hugbúnaði þess, áður en ný inntaksgögn eru lögð fram.

Í slíkum tilvikum þurfa hátternisreglurnar ekki að skylda aðilann sem leggur fram gögn til að gera þær athuganir sem um getur í 1. mgr.

3. Í hátternisreglunum skal skilgreina verklagsreglurnar sem aðili sem leggur fram gögn verður að hafa til staðar til að taka á skekkjum í framlögðu inntaksgögnunum.

4. Í hátternisreglunum skal skylda aðila sem leggur fram gögn til að endurskoða reglulega kerfin og eftirlitið sem hann kom á fót varðandi framlagningu inntaksgagna og í öllu falli a.m.k. árlega.

5. gr.

Stefnur um ákvörðunarfrelsi við framlagningu inntaksgagna

Kveði hátternisreglur á um að aðili sem leggur fram gögn hafi frelsi til að taka eigin ákvarðanir við framlagningu inntaksgagna skulu þær skylda aðilann til að koma á fót stefnum um slíkt ákvörðunarfrelsi sem tilgreini að minnsta kosti eftirfarandi:

a) við hvaða aðstæður aðili sem leggur fram gögn hefur frelsi til að taka eigin ákvörðun,

b) hvaða einstaklingar innan fyrirtækis aðilans er leggur fram gögn hafa heimild til að taka eigin ákvarðanir,

c) það innra eftirlit sem stýrir nýtingu ákvörðunarfrelsis aðilans sem leggur fram gögn í samræmi við stefnur þess,

d) hvaða einstaklingar innan fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögn hafa heimild til að meta nýtingu ákvörðunarfrelsis eftirá.

6. gr.

Stefnur varðandi skráahald

1. Hátternisreglurnar skulu innihalda ákvæði sem skylda aðila sem leggja fram gögn til að koma á fót stefnum um skráahald til að tryggja að aðilinn sem leggur fram gögn haldi skrár um allar nauðsynlegar upplýsingar sem skipta máli til að athuga hvort hann fylgi hátternisreglunum, þ.m.t. skráningu á a.m.k. eftirfarandi upplýsingum:

a) stefnum aðilans sem leggur fram gögn og verklagsreglum um framlagningu inntaksgagna og mikilvægum breytingum á þessum stefnum og verklagsreglum,

b) skráningu hagsmunaárekstra sem um getur í b-lið 1. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar,

c) viðurlög sem beitt er gegn starfsfólki aðilans sem leggur fram gögn að því er varðar starfsemi sem tengist viðmiðunum,

d) skrá yfir einstaklinga sem leggja fram gögn og einstaklinga sem framkvæma athuganir að því er varðar framlagningar, þ.m.t. heiti þeirra og hlutverk innan fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögn og dagsetningar sem sýna hvenær þeir fengu heimild og, eftir atvikum, hvenær þeir misstu heimild til að sinna störfum sem tengjast framlagningu,

e) að því er varðar hverja framlagningu inntaksgagna:

   i. framlögð inntaksgögn,

   ii. gögnin sem tekin voru til greina við ákvörðun framlagningar inntaksgagna og gögn sem voru undanskilin,

   iii. hvers konar nýting ákvörðunarfrelsis,

   iv. athuganir sem fóru fram á inntaksgögnum,

   v. samskipti í tengslum við framlagningu inntaksgagna milli einstaklings sem leggur fram gögn og þeirra sem framkvæma athuganir í tengslum við framlagningu innan fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögn.

2. Í hátternisreglunum skal þess krafist að stefnur um skráahald kveði á um að upplýsingar séu geymdar í fimm ár hið minnsta eða þrjú ár þegar skrárnar eru um símtal eða rafræn samskipti og skuli geymdar á þannig miðli að hægt sé að nálgast upplýsingarnar til að fletta upp í þeim síðar.

3. Stjórnandinn getur valið að sleppa kröfunum í iv. lið e-liðar 1. mgr. þegar um ræðir aðila sem leggur fram inntaksgögn til mikilvægrar viðmiðunar.

4. Stjórnandinn getur valið að sleppa annaðhvort eða bæði kröfunum í iv. og v. lið e-liðar 1. mgr. þegar um ræðir aðila sem leggur fram inntaksgögn til viðmiðunar sem er ekki mikilvæg.

7. gr.

Skýrslugjöf um grunsamleg inntaksgögn

1. Hátternisreglurnar skulu skylda aðila sem leggur fram gögn til að koma á fót skjalfestum innri verklagsreglum sem kveða á um að starfsfólkið skuli tilkynna grunsamleg inntaksgögn til regluvörslu aðilans sem leggur fram gögn, ef til staðar er, og til framkvæmdastjórnar aðilans sem leggur fram gögn.

2. Hátternisreglurnar skulu tilgreina við hvaða aðstæður aðilinn sem leggur fram gögn verður að tilkynna um grunsamleg inntaksgögn til stjórnandans og skulu tilgreina ferlið og samskiptaleiðir sem aðilinn sem leggur fram gögn skal nota til að hafa samband við stjórnandann.

8. gr.

Hagsmunaárekstrar

1. Hátternisreglurnar skulu skylda aðilann sem leggur fram gögn til að koma á fót kerfum og eftirliti varðandi stjórnun hagsmunaárekstra sem fela í sér a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) að komið sé á fót stefnu varðandi hagsmunaárekstra sem fjallar um:

   i. ferlið við að greina og stýra hagsmunaárekstrum, þ.m.t. við að tilkynna hagsmunaárekstra til hærra settra aðila innan fyrirtækisins,

   ii. skref til að koma í veg fyrir eða lágmarka hættu á hagsmunaárekstrum í ferlinu við að ráða einstaklinga til starfa við að leggja fram gögn,

   iii. skref til að koma í veg fyrir eða lágmarka hættu á hagsmunaárekstrum í launakjarastefnu fyrir starfsfólk aðilans sem leggur fram gögn,

   iv. skref til að koma í veg fyrir eða lágmarka hættu á hagsmunaárekstrum vegna stjórnunarfyrirkomulags aðilans sem leggur fram gögn,

   v. kröfur að því er varðar samskipti milli einstaklinga sem leggja fram gögn og annars starfsfólks innan fyrirtækis aðilans sem leggur fram gögn,

   vi. aðskilnað á rými eða í skipulagi milli einstaklinga sem leggja fram gögn og annars starfsfólks aðilans sem leggur fram gögn sem krafist er til að koma í veg fyrir eða lágmarka hættu á hagsmunaárekstrum,

   vii. reglur og ráðstafanir til að fjalla um fjárhagslegar áhættuskuldbindingar sem aðilinn er leggur fram gögn gæti haft gagnvart fjármálagerningi eða fjárhagslegum samningi sem vísar til viðmiðunar sem aðilinn sem leggur fram gögn lagði fram til inntaksgagna,

b) að komið sé á fót skrá yfir hagsmunaárekstra sem nota skal til að skrá hagsmunaárekstra sem greinst hafa og ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að stýra þeim, ásamt kröfum um að halda skránni uppfærðri og veita innri og ytri endurskoðendum aðgang að henni.

2. Hátternisreglurnar skulu krefjast þess að þeir starfsmenn aðilans er leggur fram gögn sem taka þátt í framlagningarferlinu séu þjálfaðir í öllum stefnum, verklagsreglum og eftirliti sem varðar að greina, koma í veg fyrir og stýra hagsmunaárekstrum.

3. Stjórnandinn gæti valið að sleppa einni eða fleiri kröfum í iii., v., vi. og vii. lið a-liðar 1. mgr. þegar um ræðir aðila sem leggur fram inntaksgögn til viðmiðunar sem er ekki mikilvæg.

9. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1640 **2020/EES/50/58**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um stjórnarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum fjórðu undirgrein 5. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 leggja ákveðnar kröfur varðandi stjórnarhætti og eftirlit á aðila sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti, þ.m.t. kröfu um að hafa til staðar eftirlitsramma sem tryggir heilleika, nákvæmni og áreiðanleika inntaksgagna og kröfu um að hafa til staðar skilvirk kerfi og eftirlit til að tryggja heilleika og áreiðanleika allra framlagðra inntaksgagna. Þegar er fjallað um sumar af þessum kröfum í 11. og 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og samsvarandi framseldum reglugerðum. Þó ganga ákvæði þessarar framseldu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar lengra í vissum tilvikum en ákvæði 11. og 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og verið gæti að tilteknir aðilar, sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti, falli ekki undir ákvæði 11. og 15. gr. vegna þess að þeir leggja fram gögn til viðmiðana sem eru látnar í té af hálfu stjórnenda sem eru undanþegnir gildissviði reglugerðar (ESB) 2016/1011. Í því skyni að forðast réttaróvissu hafa kröfurnar, sem eru settar fram í þessari framseldu reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, ekki áhrif á ákvæði 11. og 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og samsvarandi framseldar reglugerðir og gilda aðeins að því marki sem þær bæta við fyrrnefnd ákvæði.

2) Eftirlitsramminn sem aðili undir eftirliti sem leggur fram gögn kemur á fót ætti að fela í sér verklagsreglur til að greina og meðhöndla brot á reglugerð (ESB) 2016/1011 og brot á viðeigandi hátternisreglum og stefnur um uppljóstranir, eftirlit og reglubundna rýni á ferlinu við að leggja fram inntaksgögn. Þetta er til þess að aðilar undir eftirliti sem leggja fram gögn geti tryggt að þeir fari að lögum og leggi fram inntaksgögn sem eru nákvæm og áreiðanleg.

3) Þjálfunin sem einstaklingar sem leggja fram gögn og starfa fyrir aðila undir eftirliti sem leggja fram gögn, þurfa að fá skv. b-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ætti einnig að innihalda þjálfun í hvernig viðmiðuninni er ætlað að mæla undirliggjandi markað eða efnahagslegan veruleika og þjálfun í öllum þáttum hátternisreglnanna sem eiga við um framlagningu inntaksgagna. Þetta er nauðsynlegt tæki til að tryggja að einstaklingar sem leggja fram gögn vinni á viðeigandi hátt og í samræmi við aðferðafræði viðmiðunarinnar.

4) Ráðstafanir til að stýra hagsmunaárekstrum, sem aðila undir eftirliti sem leggur fram gögn ber að hafa til staðar skv. c-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ættu að innihalda ráðstafanir til að aðskilja einstaklinga sem leggja fram gögn og annað starfsfólk aðilans sem leggur fram gögn og ráðstafanir um launakjarastefnu aðilans sem leggur fram gögn í garð einstaklinga sem leggja fram gögn til að lágmarka hvata fyrir einstaklinga til að hagræða framlagningu inntaksgagna.

5) Skráningarkerfin, sem aðila undir eftirliti sem leggur fram gögn ber að hafa til staðar skv. d-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ættu að innihalda kröfu um að halda skrár yfir samskipti í tengslum við afhendingu inntaksgagna, þ.m.t. heiti einstaklinga sem leggja fram gögn. Þetta er til að veita fullnægjandi gagnsæi.

6) Með því að heimila aðilum sem leggja fram gögn að nýta frelsi til eigin ákvörðunar skapast hætta á að mismunandi sérfræðingar noti það á ólíkan hátt eða jafnvel að sami sérfræðingur noti það á ólíkan hátt með tímanum. Frelsi til að taka eigin ákvarðanir gerir einnig viðkomandi viðmiðun viðkvæmari fyrir hagræðingu. Því er nauðsynlegt að stefnurnar, sem komið var á fót skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, innihaldi ramma til að tryggja samkvæmni í

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

notkun eigin dómgreindar eða nýtingu ákvörðunarfrelsis og draga úr hættu á hagræðingu. Slíkur rammi ætti að gera skylt að framkvæma reglulega innri endurskoðun á beitingu sérfræðiálita. Hann ætti einnig að tilgreina hvaða tegundir upplýsinga þarf að hafa í huga eða horfa framhjá í því skyni að setja ramma um frelsi til eigin ákvarðana á viðeigandi hátt.

7) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi nær ekki yfir og gildir ekki um aðila undir eftirliti sem leggja einungis fram gögn í viðmiðanir sem ekki eru mikilvægar.

Kröfurnar sem lagðar eru á samkvæmt þessari reglugerð hafa ekki áhrif á kröfurnar sem settar hafa verið skv. 11. og 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og tæknilegu eftirlitsstaðlana sem samþykktir hafa verið skv. 5. mgr. 11. gr. og 6. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ([2]).

2. gr.

Eftirlitsrammi

Með eftirlitsrammanum, sem aðila undir eftirliti sem leggur fram gögn ber að hafa til staðar skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skal koma á og viðhalda a.m.k. eftirfarandi eftirliti:

a) skilvirkri eftirlitstilhögun til að fylgjast með ferlinu við að leggja fram inntaksgögn er felur í sér áhættustjórnunarkerfi, að auðkenna yfirmenn sem bera ábyrgð á framlagningarferli gagna og þátttöku starfsmanna í regluvörslu og deild innri endurskoðunar í fyrirtæki aðilans sem leggur fram gögn,

b) stefnu um uppljóstranir, þ.m.t. viðeigandi verndarráðstafanir fyrir uppljóstrara,

c) verklagi við að greina og taka á brotum á reglugerð (ESB) 2016/1011 og brotum á viðeigandi hátternisreglum sem þróaðar eru skv. 15. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. verklag við að rannsaka greind brot og skrá aðgerðir sem gripið er til af þeim sökum,

d) reglubundinni endurskoðun ferlisins við að leggja fram gögn en hún skal fara fram eigi sjaldnar en árlega og hvenær sem breytingar eru gerðar á viðeigandi hátternisreglum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1638 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hvernig tryggja eigi að inntaksgögn séu viðeigandi og sannreynanleg, og innri eftirlits- og sannprófunarferlar þess sem leggur þau fram sem stjórnandi mjög mikilvægrar viðmiðunar verður að tryggja að séu til staðar ef inntaksgögn koma frá framlínudeild (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 6) og framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1639 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þætti hátternisreglna sem stjórnendur viðmiðana, sem byggjast á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn, eiga að þróa (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 11).

3. gr.

Eftirlit með einstaklingum sem leggja fram gögn

1. Kerfin og eftirlitið sem aðila, sem leggur fram gögn og er undir eftirliti, ber að hafa til staðar skv. a-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skulu innihalda skjalfest og skilvirkt ferli við að leggja fram gögn og einnig a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) ferli til að auðkenna einstaklinga sem leggja fram gögn og verklagsreglur við að leggja gögn fram þegar einstaklingur sem leggur fram gögn er óvænt ekki tiltækur, þ.m.t. tilnefningu varamanna,

b) verklagsreglur og kerfi til að fylgjast með gögnum sem notuð eru til framlagningar og framlögin sjálf, sem geta veitt viðvaranir í samræmi við kennistærðir er aðilinn sem lagði fram gögn hefur fyrirfram ákvarðað.

2. Án þess að það hafi áhrif á kröfur sem lagðar eru á skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 skal aðilinn sem leggur fram gögn taka tillit til eftirfarandi viðmiðana þegar hann tekur ákvörðun um, að því er varðar a-lið 2. mgr. 16. gr. þeirrar reglugerðar, hvort hóflegt sé að hafa til staðar ferli sem felur í sér samþykki einstaklings sem er hærra settur en sá einstaklingur sem leggur fram gögnin:

a) að hve miklu leyti eigin ákvarðanir eiga stóran þátt í ferlinu við að leggja fram gögn,

b) eðli, stærð og margbreytileika starfsemi aðila sem leggur fram gögn og er undir eftirliti,

c) hvort hagsmunaárekstrar geti orðið milli framlagningar inntaksgagna til viðmiðunarinnar og viðskiptastarfsemi eða annarrar starfsemi sem aðilinn, sem leggur fram gögn, sinnir.

3. Ef eftirlit sem aðili undir eftirliti sem leggur fram gögn hefur komið á inniheldur ferli sem felur í sér samþykki einstaklings sem er hærra settur en einstaklingurinn sem leggur fram gögnin skal þetta eftirlit innihalda skýrar reglur um tímasetningu samþykkisins og, feli það í sér möguleika á samþykki eftir að inntaksgögnin hafa verið lögð fram, skal í því tilgreina við hvaða aðstæður samþykki eftir framlagningu er heimilt og innan hvaða hámarkstíma samþykkið þarf að eiga sér stað.

4. gr.

Þjálfun einstaklinga sem leggja fram gögn

1. Kerfin og eftirlitið, sem aðila undir eftirliti sem leggur fram gögn ber að hafa til staðar skv. b-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skulu innihalda þjálfunaráætlanir til að tryggja að hver einstaklingur sem leggur fram gögn hafi:

a) fullnægjandi þekkingu og reynslu er varðar hvernig viðmiðuninni er ætlað að mæla undirliggjandi markað eða efnahagslegan veruleika,

b) fullnægjandi þekkingu á öllum þáttum viðeigandi hátternisreglna sem þróaðar voru skv. 1. mgr. 15. gr. þeirrar reglugerðar, ef einhverjar eru.

2. Þekking einstaklinga, sem leggja fram gögn, á því sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. og á kröfum reglugerðar (ESB) 2016/1011 og einnig reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([1]) að því marki sem á við um verkefni einstaklinga sem leggja fram gögn skal endurmetin reglulega og í öllu falli eigi sjaldnar en árlega til að sannreyna að hún sé enn viðeigandi hjá hverjum þeim er kemur fram sem einstaklingur sem leggur fram gögn.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki ef um er að ræða aðila undir eftirliti sem leggja fram gögn til mikilvægra viðmiðana.

5. gr.

Hagsmunaárekstrar

1. Ráðstafanir til að stýra hagsmunaárekstrum, sem aðila undir eftirliti sem leggur fram gögn ber að hafa til staðar skv. c-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi ráðstafanir:

a) skrá yfir hagsmunaárekstra sem skal halda uppfærðri og nota skal til að skrásetja alla hagsmunaárekstra sem greinast og allar ráðstafanir sem gerðar eru til að taka á þeim. Skráin skal vera aðgengileg innri og ytri endurskoðendum,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

b) aðskilnað á rými einstaklinga sem leggja fram gögn og annarra starfsmanna aðilans sem leggur fram gögn þegar slíkur aðskilnaður er viðeigandi með hliðsjón af hve eigin ákvarðanir eiga í stóran þátt í framlagningarferlinu, eðli, stærð og flækjustigi í starfsemi aðilans sem leggur fram gögn og hvort hagsmunaárekstrar gætu orðið milli framlagningar inntaksgagna til viðmiðunarinnar og viðskiptastarfsemi eða annarrar starfsemi sem aðilinn sem leggur fram gögn sinnir,

c) viðeigandi innri verklagsreglur um eftirlit, þ.m.t. reglur um samskipti einstaklinga sem leggja fram gögn við starfsmenn framlínudeildar þegar enginn aðskilnaður í skipulagi eða rými er á milli starfsmanna.

2. Ráðstafanir til að stýra hagsmunaárekstrum skulu einnig fela í sér launakjarastefnu, með tilliti til einstaklinga sem leggja fram gögn, sem tryggir að launakjör einstaklings sem leggur fram gögn séu ekki tengd einhverju af eftirfarandi:

a) virði viðmiðunarinnar,

b) sértækum gildum framlagða gagna og

c) framkvæmd sértækra aðgerða af hálfu aðila undir eftirliti, sem leggur fram gögn, sem gæti valdið hagsmunaárekstri við framlagningu inntaksgagna til viðmiðunarinnar.

6. gr.

Skráahald

1. Skrárnar, sem halda skal skv. d-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 um samskipti í tengslum við veitingu inntaksgagna, skulu m.a. vera skrár um afhent framlög og heiti einstaklinganna sem lögðu þau fram.

2. Skrárnar, sem halda skal skv. d-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 um áhættuskuldbindingu aðilans sem leggur fram gögn gagnvart fjármálagerningum sem nota viðmiðunina sem tilvísun, skulu m.a. vera skrár um hvaða tegund starfsemi, sem aðilinn undir eftirliti sem leggur fram gögn, stundar, veldur áhættuskuldbindingunni.

3. Skrárnar, sem halda skal skv. e-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 um innri og ytri endurskoðanir, skulu m.a. vera skrár um endurskoðunaryfirlit, endurskoðunarskýrslur og aðgerðir sem gripið var til í andsvari við hverja endurskoðun.

4. Ákvæði 3. mgr. gilda ekki ef um er að ræða aðila undir eftirliti sem leggja fram gögn til mikilvægra viðmiðana.

7. gr.

Sérfræðiálit

Stefnurnar, sem aðila undir eftirliti sem leggur fram gögn, ber að koma á fót skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar inntaksgögn byggjast á sérfræðiáliti skulu að minnsta kosti innihalda eftirfarandi þætti:

a) ramma til að tryggja samkvæmni milli mismunandi einstaklinga sem leggja fram gögn og samkvæmni yfir tíma í tengslum við notkun eigin dómgreindar eða beitingu ákvörðunarfrelsis,

b) tilgreiningu á því hvaða tegundir upplýsinga má eða má ekki hafa til hliðsjónar við notkun eigin dómgreindar eða beitingu ákvörðunarfrelsis,

c) verklagsreglur um endurskoðun á notkun eigin dómgreindar eða beitingu ákvörðunarfrelsis.

8. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1641 **2020/EES/50/59**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnendur mikilvægra og mjög mikilvægra viðmiðana skulu leggja fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðir fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvæðum 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er stjórnanda viðmiðunar eða, eftir atvikum, fjölskyldu viðmiðana gert skylt að birta eða gera aðgengilega lykilþætti aðferðafræðinnar sem hann notar til að ákvarða viðmiðunina eða, eftir atvikum, viðmiðanirnar í fjölskyldunni, upplýsingar um innri endurskoðun og samþykki á aðferðafræðinni og verklagsreglur fyrir samráð um og tilkynningar til notenda um verulegar breytingar á aðferðafræðinni. Reglugerð þessi tilgreinir frekar hvaða upplýsingar stjórnendur eiga að veita að því er varðar mikilvægar og mjög mikilvægar viðmiðanir þeirra. Hún gildir ekki um stjórnendur sem einungis veita viðmiðanir sem ekki eru mikilvægar. Þegar stjórnendur veita bæði viðmiðanir sem ekki eru mikilvægar og einnig mikilvægar eða mjög mikilvægar viðmiðanir ættu þeir að hlíta þessari reglugerð fyrir mikilvægar og mjög mikilvægar viðmiðanir þeirra. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að gefa út leiðbeiningar um sama efni fyrir stjórnendur viðmiðana sem ekki eru mikilvægar.

2) Aðferðafræði viðmiðana er mjög misjöfn. Lykilþættina, sem tilgreindir eru í þessari reglugerð, ætti því einungis að þurfa að birta eða gera aðgengilega að því marki sem þeir skipta máli fyrir þá tilteknu viðmiðun sem um er að ræða.

3) Tveir lykilþættir aðferðafræðinnar, sem birta ætti til að tryggja áreiðanleika og nákvæmni mjög mikilvægrar eða mikilvægrar viðmiðunar, eru lágmarksfjöldi og lágmarksgæði þeirra inntaksgagna sem nauðsynleg eru til að beita aðferðafræðinni og framkvæma útreikninginn. Beiting eigin mats við ákvörðun viðmiðana gerir þær jafnframt veikari fyrir hagræðingu. Til að lágmarka þessa hættu á hagræðingu ætti stjórnandinn því að birta, sem hluta af lykilþáttum aðferðafræði sinnar, skýrar reglur sem hann hefur auðkennt um hvernig og hvenær beita má eigin mati.

4) Í því skyni að hjálpa hugsanlegum notendum að velja þá viðmiðun sem er mest viðeigandi úr hópi margra viðmiðana sem kynnu að vera heppilegar ættu þeir að fá í hendur upplýsingar til að gera þeim kleift að skilja hvað tiltekinni viðmiðun er ætlað að mæla, hvaða inntaksgögn eru notuð og hvernig þau eru valin, hverjir efnisþættir viðmiðana eru, hverjir taka þátt í gagnasöfnuninni og útreikningi viðmiðana, hvenær og að hvaða marki megi nota eigið mat og hvaða takmarkanir eru á aðferðafræðinni og hvenær og hvernig megi breyta viðmiðuninni.

5) Í því skyni að notendur og hugsanlegir notendur hafi nægar upplýsingar um ferli stjórnandans til að endurskoða aðferðafræðina innanhúss ætti stjórnandinn að birta stefnur og verklagsreglur sínar í tengslum við þetta ferli, ásamt upplýsingum um aðila sem koma að málinu og viðkomandi stjórnarhætti sem eru til staðar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

6) Í því skyni að notendur og hugsanlegir notendur skilji hvernig stjórnandi muni eiga samráð um fyrirhugaða verulega breytingu á mjög mikilvægum eða mikilvægum viðmiðunum og rökin að baki slíkri breytingu ætti stjórnandinn að birta tilteknar upplýsingar, þ.m.t. um hvernig hann muni meta áhrif fyrirhugaðrar breytingar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Í samræmi við meginregluna um meðalhóf er í reglugerð þessari forðast að leggja óhóflegar byrðar á stjórnendur mikilvægra (en ekki mjög mikilvægra) viðmiðana með því að gera þeim kleift að velja að takmarka birtingu við afmarkaðri þætti eða birta færri upplýsingar um tiltekna þætti, að því er varðar mikilvægar viðmiðanir þeirra.

8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

10) Rétt þykir að seinka gildistöku þessarar framseldu reglugerðar um tvo mánuði til að hún sé í samræmi við framseldu reglugerðina sem tilgreinir frekar þá þætti hátternisreglnanna sem þróaðir skulu af stjórnendum viðmiðana sem byggjast á inntaksgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi nær ekki yfir eða gildir um stjórnendur viðmiðana sem ekki eru mjög mikilvægar.

2. gr.

Lykilþættir í aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða mjög mikilvæga eða mikilvæga viðmiðun

1. Upplýsingarnar, sem stjórnandi viðmiðunar eða, eftir atvikum, fjölskyldu viðmiðana skal veita í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skulu innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti, að því marki sem þeir eiga við þá viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana eða inntaksgögnin sem notuð eru til að ákvarða þær:

a) skilgreining og lýsing á viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana og á markaðnum eða efnahagslega veruleikanum sem henni er ætlað að mæla,

b) gjaldmiðill eða önnur mælieining viðmiðunarinnar eða fjölskyldu viðmiðana,

c) forsendur sem stjórnandinn notar til að velja heimildir inntaksgagna sem notaðar eru til að ákvarða viðmiðunina eða fjölskyldu viðmiðana,

d) tegundir inntaksgagna sem eru notaðar til að ákvarða viðmiðunina eða fjölskyldu viðmiðana og hvar í forgangsröðinni hver tegund er sett,

e) samsetning umræðuhóps aðila sem leggja fram gögn og forsendurnar sem notaðar eru til að ákvarða hæfi fyrir aðild að umræðuhópnum,

f) lýsing á efnisþáttum viðmiðunarinnar eða fjölskyldu viðmiðana og forsendurnar sem notaðar eru til að velja og meta vægi þeirra,

g) lágmarkskröfur um lausafjárstöðu fyrir efnisþætti viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana,

h) lágmarkskröfur um magn inntaksgagna og lágmarksstaðla um gæði inntaksgagna sem notuð eru til að ákvarða viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana,

i) skýrar reglur sem tilgreina hvernig og hvenær megi beita eigin mati við ákvörðun á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana,

j) hvort viðmiðunin eða fjölskylda viðmiðana taki tillit til endurfjárfestinga arðgreiðslna eða arðmiða sem efnisþættir hennar greiða,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

k) ef heimilt er að breyta aðferðafræðinni reglulega til að tryggja að viðmiðunin eða fjölskylda viðmiðana sé áfram lýsandi fyrir viðeigandi markað eða efnahagslegan veruleika:

   i. forsendur sem nota á til að ákvarða hvenær slík breyting er nauðsynleg,

   ii. forsendur sem nota á til að ákvarða tíðni slíkra breytinga og

   iii. forsendur sem nota á til að endurstilla efnisþætti viðmiðunarinnar eða fjölskyldu viðmiðunar sem hluta af framkvæmd slíkra breytinga,

l) hugsanlegar takmarkanir á aðferðafræði og upplýsingar um aðferðafræði sem nota á í undantekningartilvikum, þ.m.t. ef um er að ræða markað þar sem seljanleiki er lítill eða á álagstímum eða þegar heimildir færslugagna gætu verið ófullnægjandi, ónákvæmar eða óáreiðanlegar,

m) lýsing á hlutverki þriðju aðila sem taka þátt í gagnasöfnun fyrir, útreikningi eða miðlun á viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana,

n) líkanið eða aðferðin sem er notuð til að framreikna og innreikna viðmiðunargögn.

2. Stjórnendur mega velja að birta eða gera aðgengilegar upplýsingarnar sem um getur í m- og n-lið 1. mgr. einungis fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir.

3. gr.

Upplýsingar um innri endurskoðun og samþykki á aðferðafræðinni

1. Upplýsingar sem stjórnandi viðmiðunar eða, eftir atvikum, fjölskyldu viðmiðana skal veita í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) stefnur og verklagsreglur í tengslum við innri endurskoðun og samþykki á aðferðafræði,

b) upplýsingar um tiltekna atburði sem gætu leitt til innri endurskoðunar, þ.m.t. upplýsingar um hvers konar tilhögun sem stjórnandinn notar til að ákvarða hvort aðferðafræðin sé rekjanleg og sannreynanleg,

c) aðilar eða starfssvið innan stjórnskipulags stjórnandans sem taka þátt í að endurskoða og samþykkja aðferðafræðina,

d) hlutverk hvers einstaklings sem tekur þátt í að endurskoða eða samþykkja aðferðafræðina,

e) lýsing á verklagi við að tilnefna og víkja frá einstaklingum sem taka þátt í að endurskoða eða samþykkja aðferðafræðina.

2. Stjórnendum er heimilt að velja að birta eða gera tiltækar upplýsingarnar sem um getur í d- og e-lið 1. mgr. einungis fyrir mjög mikilvægar viðmiðanir.

4. gr.

Verulegar breytingar á aðferðafræðinni

1. Upplýsingar sem stjórnandi viðmiðunar eða, eftir atvikum, fjölskyldu viðmiðana skal veita í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) lýsing á upplýsingunum sem stjórnandinn skal birta við upphaf hvers samráðsferlis, þ.m.t. krafa um að birta lykilþætti aðferðafræðinnar sem myndi að mati hans verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri verulegri breytingu,

b) staðlaður tímarammi stjórnandans fyrir samráð,

c) við hvaða aðstæður samráð má taka skemmri tíma og lýsing á verklaginu sem fylgja skal þegar tekið er upp samráð innan skemmri tímaramma.

2. Rökin sem stjórnandinn skal láta í té í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í c-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu m.a. innihalda upplýsingar um hvort hætta væri á að viðmiðunin, eða fjölskylda viðmiðana, væri ekki lengur lýsandi og ekki lengur viðeigandi sem tilvísun fyrir fjármálagerninga og -samninga, ef fyrirhuguð veruleg breyting yrði ekki gerð.

5. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1642 **2020/EES/50/60**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þær forsendur sem lögbær yfirvöld skulu taka tillit til við mat á því hvort stjórnendur mikilvægra viðmiðana eigi að beita tilteknum kröfum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum þriðju undirgrein 9. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 heimila stjórnanda mikilvægrar viðmiðunar að velja að beita ekki tilteknum ákvæðum þeirrar reglugerðar. Kjósi stjórnandinn að beita ekki einu eða fleiri af ákvæðum þessum hefur lögbært yfirvald heimild til að ákveða að stjórnandinn ætti engu að síður að beita einu eða fleirum þeirra. Ákvæði 3. mgr. 25. gr. reglugerðar þessarar tilgreina forsendur sem lögbært yfirvald verður að taka tillit til við mat á því hvort viðeigandi væri fyrir stjórnandann að beita þessum ákvæðum.

2) Forsendurnar sem lögbæru yfirvaldi ber að taka tillit til ættu að taka mið af eðli ákvæðanna í reglugerð (ESB) 2016/1011 sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana geta valið að beita ekki. Stjórnendur mikilvægra viðmiðana geta valið að beita ekki tilteknum ákvæðum sem krefjast þess að þeir taki upp skipulagsráðstafanir til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum sem leiða af þátttöku starfsfólks þeirra í gerð viðmiðunarinnar. Þegar tekið er tillit til forsendanna sem tilgreindar eru í a-, c- og i-lið 3. mgr. 25. gr. þeirrar reglugerðar ættu lögbær yfirvöld því einnig að athuga hvort aðrar fullnægjandi leiðir séu fyrir hendi til að vernda heilleika viðmiðunarinnar í stað skipulagsráðstafananna sem kveðið er á um þar.

3) Þegar tekið er tillit til forsendanna sem tilgreindar eru í 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ættu lögbær yfirvöld einnig að athuga áhrif viðmiðunarinnar á einn eða fleiri tiltekna markaði, efnahagsmál í víðara samhengi og mikilvægi viðmiðunarinnar til að tryggja fjármálastöðugleika. Í þessu skyni ættu lögbæru yfirvöldin að nota upplýsingar sem eru opinberar eða þau hafa fengið aðgang að hjá stjórnandanum eða á annan hátt.

4) Þegar tekið er tillit til forsendunnar sem tilgreind er í f-lið 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ættu lögbær yfirvöld einnig að athuga hvort stjórnandinn hafi önnur fullnægjandi tæknileg úrræði og eftirlitskerfi til staðar til að viðhalda samfellu í gerð viðmiðunarinnar og traustleika hennar, með tilliti til eðlis ákvæðanna sem stjórnandinn hefur valið að beita ekki.

5) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að undirbúa umsóknir og tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Veikleiki viðmiðunarinnar gagnvart hagræðingu

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til veikleika viðmiðunarinnar gagnvart hagræðingu skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) hvort viðmiðunin byggist á færslugögnum,

b) hvort aðilar sem leggja fram gögn séu einingar undir eftirliti,

c) hvort í gildi séu ráðstafanir til að auka traustleika inntaksgagnanna,

d) hvort stjórnskipulag stjórnandans dragi úr hvötum til hagræðingar,

e) hvort stjórnandinn eigi fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fjármálagerningum, fjárhagslegum samningum eða fjárfestingarsjóðum sem vísa til viðmiðunarinnar,

f) hvort sannast hafi hagræðing sömu viðmiðunar eða viðmiðunar með svipaða aðferðafræði sem framleidd er af stjórnanda af svipaðri stærð og svipuðu stjórnskipulagi.

2. gr.

Eðli inntaksgagnanna

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau að taka tillit til eðlis inntaksgagnanna skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) þegar inntaksgögn eru færslugögn, hvort stjórnandinn sé þátttakandi á markaðnum eða þeim efnahagslega veruleika sem viðmiðuninni sé ætlað að mæla,

b) þegar inntaksgögnin koma frá aðilum sem leggja fram gögn, hvort aðilarnir sem leggja fram gögnin eigi fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fjármálagerningum eða fjárhagslegum samningum sem vísa til viðmiðunarinnar eða gætu hagnast af frammistöðu fjárfestingarsjóðs sem viðmiðunin mælir,

c) þegar inntaksgögnin eru fengin frá kauphöllum eða viðskiptakerfum sem staðsett eru í þriðja landi, hvort reglu- og eftirlitsrammar gildi um þær kauphallir og viðskiptakerfi sem viðhalda heilleika inntaksgagnanna,

d) þegar inntaksgögnin samanstanda af verðtilboðum, hvort verðtilboðin séu bindandi eða leiðbeinandi og hvort fullnægjandi eftirlitskerfi nái yfir þau.

3. gr.

Umfang hagsmunaárekstra

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til umfangs hagsmunaárekstra skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) hvort stjórnandinn eigi fjárhagslegra hagsmuna að gæta í fjármálagerningum eða fjárhagslegum samningum sem vísa til viðmiðunarinnar eða gæti hagnast af frammistöðu fjárfestingarsjóðs sem viðmiðunin mælir,

b) þegar viðmiðunin byggist á framlögðum inntaksgögnum, hvort sambandi stjórnandans við aðila sem leggja fram gögn falli undir fullnægjandi eftirlitskerfi,

c) hvort stjórnandinn hafi stjórntæki eða aðrar ráðstafanir til staðar til að milda hugsanlega hagsmunaárekstra á skilvirkan hátt.

4. gr.

Hversu mikið ákvörðunarvald stjórnandinn hefur

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til hversu mikið ákvörðunarvald stjórnandinn hefur skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) þegar aðferðafræði viðmiðunarinnar heimilar sérfræðiálit stjórnandans, hvort notkun dómgreindar eða beiting ákvörðunarfrelsis sé nægjanlega gagnsæ,

b) þegar viðmiðunin byggist á mati, skilvirkni innri eftirlitsráðstafana sem stjórnandinn hefur til staðar.

5. gr.

Áhrif viðmiðunarinnar á markaði

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til áhrifa viðmiðunarinnar á markaði skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) þegar viðmiðunin skiptir einkum máli fyrir tiltekinn markað eða markaði, hvort óáreiðanleiki viðmiðunarinnar gæti haft skaðleg áhrif á starfsemi þess markaðar eða þeirra markaða og hvort fullnægjandi valkostir séu fyrir þessa viðmiðun,

b) þegar viðmiðunin telst vera mikilvæg viðmiðun í krafti b-liðar 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og ef upplýsingarnar eru kunnar lögbæra yfirvaldinu, viðkomandi megindleg tengsl fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga eða fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar við heildarvirði viðeigandi gerninga í aðildarríki.

6. gr.

Eðli, umfang og hve flókin gerð viðmiðunar er

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til eðlis, umfangs og þess hve flókin gerð viðmiðunarinnar er skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) að hve miklu marki inntaksgögnin byggjast á framlögum, hvort inntaksgögnin séu færslugögn og hvernig þetta umfang endurspeglast í eftirlitskerfum sem stjórnandinn hefur til staðar,

b) magn inntaksgagna sem vinna á og fjöldi gagnagjafa,

c) hvort stjórnandinn hefur fullnægjandi tæknibúnað til að vinna inntaksgögnin samfellt og rækilega,

d) hvort aðferðafræðin gæti valdið rekstraráhættu við vinnslu inntaksgagna,

e) að hvaða marki stjórnandinn treystir á aðila sem leggja fram gögn við ákvörðun viðmiðunarinnar.

7. gr.

Mikilvægi viðmiðunar fyrir fjármálastöðugleika

Frekari forsendur sem lögbæra yfirvaldinu ber að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar það tekur tillit til mikilvægis viðmiðunarinnar fyrir fjármálastöðugleika skal a.m.k. innihalda mat á sambandinu milli heildarvirðis fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar og virðis heildareigna fjármálageirans og bankageirans í aðildarríki, ef þær upplýsingar eru kunnar lögbæra yfirvaldinu.

8. gr.

Virði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar

Frekari forsendur sem lögbær yfirvöld þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til virðis fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) heildarvirði allra fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar á grundvelli allra mismunandi líftíma viðmiðunarinnar, þegar lögbæra yfirvaldinu er kunnugt um þá,

b) hvort notkun viðmiðunarinnar sé bundin við einstaka flokka fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga eða fjárfestingarsjóða,

c) þegar viðmiðunin er mikilvæg viðmiðun í krafti b-liðar 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og ef upplýsingarnar eru kunnar lögbæra yfirvaldinu, hversu nærri heildarvirði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðunarinnar er viðmiðunarmörkunum sem um getur í a-lið og i. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. þeirrar reglugerðar.

9. gr.

Stærð, skipulagsform eða uppbygging stjórnandans

Frekari forsendur sem lögbæru yfirvöldin þurfa að hafa í huga skv. 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 þegar þau taka tillit til stærðar, skipulagsforms eða uppbyggingar stjórnandans skulu a.m.k. vera eftirfarandi:

a) þegar gerð viðmiðana er ekki helsta atvinnustarfsemi stjórnandans, hvort gerð viðmiðunarinnar sé skipulagslega aðskilin eða hvort aðrar viðeigandi leiðir séu til staðar til að forðast hagsmunaárekstra,

b) þegar stjórnandinn er hluti af samstæðu og ein eða fleiri einingar innan samstæðunnar eru raunverulegir eða hugsanlegir notendur viðmiðunarinnar, hvort stjórnandinn starfi sjálfstætt og hvort hann hafi aðrar viðeigandi leiðir til að forðast hagsmunaárekstra.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1644 **2020/EES/50/61**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem ákvarða lágmarksinnihald samstarfsfyrirkomulags milli lögbærra yfirvalda þriðju landa þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur hafa verið viðurkenndar sem jafngildar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum þriðju undirgrein 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eru sett fram skilyrði fyrir því að heimila notkun í Sambandinu á viðmiðunum sem veittar eru af hálfu stjórnanda sem er staðsettur í þriðja landi. Eitt þessara skilyrða er að ákvörðun um jafngildi hafi verið samþykkt þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur þriðja landsins eru viðurkenndar sem jafngildar. Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. ber Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að koma á samstarfsfyrirkomulagi við lögbært yfirvald í hverju því þriðja landi sem ákvörðun um jafngildi hefur verið samþykkt fyrir.

2) Samstarfsfyrirkomulagið ætti að greiða fyrir því að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld þriðja lands skiptist á öllum viðeigandi upplýsingum til að uppfylla eftirlitsverkefni hvors um sig. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt fleiri ákvarðanir um jafngildi og þá geta einingar undir eftirliti í Sambandinu notað viðmiðanir sem stjórnendur í sérhverju viðkomandi landi hafa veitt. Því er mikilvægt að í hverju samstarfsfyrirkomulagi séu sömu lágmarkskröfur að því er varðar eyðublöð og verklagsreglur sem skal nota við upplýsingaskipti, þ.m.t. sömu trúnaðarkvaðir og sömu skilmálar um notkun upplýsinga sem aflað var samkvæmt samstarfsfyrirkomulagi þessu.

3) Lögbær yfirvöld í þriðju löndum þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur hafa verið viðurkenndar sem jafngildar munu hafa fullnægjandi þekkingu á öllum viðeigandi atburðum og breytingum á aðstæðum sem líklegt er að hafi áhrif á stjórnendur viðmiðana í lögsögu þeirra. Ef einingar undir eftirliti nota viðmiðanir frá stjórnendum í þessum lögsögum í Sambandinu þykir rétt að lögbæru yfirvöldin í viðkomandi lögsögum haldi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýstri um slíka atburði og breytingar. Samstarfsfyrirkomulagið ætti því að hafa að geyma ákvæði um að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skuli fá tilkynningar um alla slíka atburði og breytingar.

4) Að sama skapi þarf að upplýsa lögbær yfirvöld í þriðju löndum um starfsemi stjórnenda sem þau hafa eftirlit með. Samstarfsfyrirkomulagið ætti því að hafa að geyma ákvæði um að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin upplýsi lögbært yfirvald í þriðja landi ef stjórnendur sem það yfirvald hefur eftirlit með tilkynnir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um samþykki sitt fyrir því að aðilar undir eftirliti í Sambandinu noti viðmiðanir þeirra.

5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur engar beinar eftirlitsheimildir með stjórnendum sem staðsettir eru í þriðju löndum að undanskilinni skyldu hennar skv. 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2016/1011 um að draga til baka skráningu stjórnenda í þriðju löndum. Hún treystir þess í stað á eftirlit og samvinnu við lögbæra yfirvaldið í þriðja landinu. Samstarfsfyrirkomulag ætti því að hafa að geyma ákvæði þar sem sett er fram viðkomandi hlutverk aðilanna sem hlut eiga að máli í eftirlitssamstarfinu, þ.m.t. í vettvangsskoðunum.

6) Samkvæmt a-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skal samstarfsfyrirkomulag milli lögbærra yfirvalda þriðju landa og lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkja hafa sama lágmarksinnihald og samstarfsfyrirkomulagið milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda þriðju landa. Því er nauðsynlegt að tryggja, þegar ákvarðað er lágmarksinnihald fyrir samstarfsfyrirkomulag við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að innihaldið sé einnig viðeigandi fyrir samstarfsfyrirkomulagið sem kveðið er á um í 5. mgr. 32. gr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum, sem þessi reglugerð byggist á, né greint hugsanlegan kostnað og ávinning þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taldi að það myndi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif tæknilegu eftirlitsstaðlanna, að teknu tilliti til þess að þeir myndu aðeins varða beint lögbær yfirvöld í þriðju ríkjum og aðildarríkjum ásamt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni en ekki markaðsaðila.

9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

10) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að tryggja farið sé að kröfum þessarar reglugerðar. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið samstarfsfyrirkomulags

Í samstarfsfyrirkomulaginu, sem um getur í 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, („samstarfsfyrirkomulagið“) skal skýrt koma fram gildissvið þess. Gildissvið þetta skal ná yfir samstarf aðilanna um a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) upplýsingaskipti og tilkynningar sem varða framkvæmd eftirlitsverkefna hvers þeirra,

b) hvers konar atriði sem geta skipt máli fyrir störf, starfsemi eða þjónustu stjórnenda sem falla undir viðkomandi samstarfsfyrirkomulag, þ.m.t. að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um lög og reglugerðir sem stjórnendur falla undir í þriðja landi og hvers konar verulegar breytingar á þessum lögum og reglugerðum,

c) stjórnvalds- eða eftirlitsaðgerðir sem lögbært yfirvald þriðja landsins grípur til eða samþykki sem það veitir í tengslum við stjórnendur sem hafa samþykkt að viðmiðanir verði notaðar í Sambandinu, þ.m.t. breytingar á skyldum eða kröfum sem stjórnandinn fellur undir og gætu haft áhrif á áframhaldandi reglufylgni stjórnandans við gildandi lög og reglugerðir.

2. gr.

Skipti á upplýsingum og tilkynningum

Samstarfsfyrirkomulagið skal a.m.k. hafa að geyma eftirfarandi ákvæði að því er varðar upplýsingar eða tilkynningar sem skiptast skal á eða veita skal samkvæmt fyrirkomulaginu:

a) ákvæði sem kveða á um að beiðnir um upplýsingar hafi a.m.k. að geyma hvaða upplýsingar yfirvaldið, sem sendi beiðnina, leitar eftir og stutt yfirlit sem lýsir viðfangsefni beiðninnar, í hvaða tilgangi upplýsinganna er leitað og viðeigandi lög og reglugerðir er gilda um starfsemi viðmiðunarinnar,

b) yfirlit um tilhögunina sem nota skal þegar skipst er á eða veittar eru upplýsingar og tilkynningar,

c) ákvæði sem kveða á um að upplýsingar og tilkynningar, sem skipst er á eða veittar eru, skuli vera skriflegar,

d) ákvæði sem kveða á um að gera skuli ráðstafanir til að tryggja að öll skipti á upplýsingum eða veiting upplýsinga fari fram á öruggan hátt,

e) ákvæði sem kveða á um að upplýsingar og tilkynningar séu veittar án tafar og, eftir atvikum, í samræmi við viðkomandi tímamörk sem tilgreind eru í fyrirkomulaginu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Samstarf á sviði eftirlits

1. Samstarfsfyrirkomulag skal tilgreina ramma um samræmingu eftirlitsstarfsemi aðilanna á sviði eftirlits með viðmiðunum, þ.m.t. í það minnsta eftirfarandi kröfur:

a) kröfu um að undirritunaraðili sem óskar eftir að takast á við eftirlitsstarfsemi leggi í upphafi fram skriflega beiðni að því er varðar starfsemina,

b) kröfu um að í beiðninni komi fram málefnalegur og lagalegur bakgrunnur og áætlaður tímarammi fyrir viðkomandi starfsemi,

c) kröfur um að hinn undirritunaraðilinn staðfesti móttöku á beiðninni á skriflegan hátt innan 10 virkra daga frá móttöku.

2. Í þeim tilgangi að samræma vettvangsskoðanir í lögsögu lögbærs yfirvalds í þriðja landi skal í samstarfsfyrirkomulagi setja fram verklagsreglur fyrir aðilana til að komast að samkomulagi um skilmála slíkra vettvangsskoðana, þ.m.t. í það minnsta skilmála þar sem fram kemur hlutverk og ábyrgðarsvið hvers aðila, réttur lögbærs yfirvalds í þriðja landi til að vera viðstaddur allar vettvangsskoðanir og skyldur þess yfirvalds til að aðstoða við að endurskoða, túlka og greina innihald opinbers eða óopinbers bókhalds og skráa og við að afla upplýsinga frá framkvæmdastjórum og framkvæmdastjórn stjórnanda sem fellur undir fyrirkomulagið.

4. gr.

Trúnaðarkvöð, notkun upplýsinga og gagnavernd

1. Samkvæmt samstarfsfyrirkomulaginu skulu aðilar forðast að birta upplýsingar sem skipst var á eða þeir fengu afhentar samkvæmt samstarfsfyrirkomulaginu, nema ef aðilinn sem veitti upplýsingarnar hafi gefið skriflegt samþykki fyrirfram eða ef birting gagna er nauðsynleg og hófleg skylda sem kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum, einkum í tengslum við rannsóknir eða dómsmál í kjölfar þeirra.

2. Í samstarfsfyrirkomulaginu skal kveðið á um að upplýsingar, sem yfirvald aflar samkvæmt fyrirkomulaginu, skuli geymdar á öruggan hátt og að aðeins skuli vera heimilt að nota þær upplýsingar í þeim tilgangi sem það yfirvald setti fram í beiðni sinni um upplýsingarnar eða, ef upplýsinganna var aflað á annan hátt en með beiðni, einungis í þeim tilgangi að það yfirvald geti sinnt stjórnvalds- og eftirlitshlutverki sínu. Yfirvaldi þessu er þó heimilt að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi hafi það hlotið skriflegt fyrirframsamþykki til að gera það frá yfirvaldinu sem afhenti upplýsingarnar samkvæmt fyrirkomulaginu.

3. Þegar samstarfsfyrirkomulagið leyfir að skipst sé á persónuupplýsingum skal það hafa að geyma ákvæði til að tryggja fullnægjandi vernd á slíkum gögnum sem hlíta allri gildandi löggjöf um gagnavernd í lögsögu lögbærra yfirvalda sem eru aðilar að viðkomandi samstarfsfyrirkomulagi.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1645 **2020/EES/50/62**

frá 13. júlí 2018

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir form og inntak umsóknar um viðurkenningu til lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkis og fyrir framsetningu upplýsinga í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 9. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Stjórnandi viðmiðunar sem er staðsettur í þriðja landi getur sótt um viðurkenningu í Sambandinu. Í umsókninni um viðurkenningu skal stjórnandinn leggja fram ítarlega lýsingu á fyrirkomulagi, stefnum og verklagsreglum sem hann hefur komið á til að uppfylla gildandi kröfur sem eru settar fram í reglugerð (ESB) 2016/1011. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja að lögbær yfirvöld í öllu Sambandinu fái samræmdar og samkvæmar upplýsingar frá stjórnendum viðmiðana í löndum utan ESB sem sækja um viðurkenningu.

2) Umsókn um viðurkenningu ætti að hafa að geyma upplýsingar sem tengjast vali tilvísunaraðildarríkis, skv. 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem tengjast lagalegum fyrirsvarsmanni í tilvísunaraðildarríkinu. Þessar upplýsingar ættu að gera lögbæru yfirvaldi tilvísunaraðildarríkisins kleift að fullvissa sig um að tilvísunaraðildarríkið hafi verið rétt tilgreint og að lagalegur fyrirsvarsmaður stjórnandans í landi utan ESB hafi staðfestu í því aðildarríki og hafi valdheimildir til að aðhafast eins og krafa er gerð um í reglugerð (ESB) 2016/1011.

3) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um starfsemi eigenda sinna og eignarhald móðurfélaga sinna til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort hagsmunaárekstrar vegna viðskiptahagsmuna eigenda umsækjandans kynnu að hafa áhrif á óhæði umsækjandans og þar með skaða nákvæmni og heilleika viðmiðana hans.

4) Umsækjandinn ætti að leggja fram upplýsingar um samsetningu, starfsemi og sjálfstæði stjórna sinna til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort fyrirkomulag stjórnarhátta tryggi óhæði stjórnandans við útreikning á viðmiðuninni og komi í veg fyrir hagsmunaárekstra.

5) Umsækjandinn ætti, í því skyni að meta hvernig hagsmunaárekstrum er eytt, eða stjórnað og þeir gerðir opinberir, að láta lögbæra yfirvaldinu í té skýringu á því hvernig hagsmunaárekstrar sem hugsanlega koma upp eru tilgreindir, skráðir, stjórnað, mildaðir, afstýrt og leiðréttir.

6) Veitandinn sem sækir um ætti, í því skyni að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hversu stöðugt og áreiðanlegt innra stjórnunarkerfi, eftirlit og ábyrgð er, að láta lögbæra yfirvaldinu í té stefnur og verklagsreglur fyrir eftirlit með gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana.

7) Umsóknin um viðurkenningu ætti að hafa að geyma upplýsingar sem sýna fram á að eftirlitið með inntaksgögnunum, sem liggja til grundvallar útreikningi á viðmiðununum sem umsækjandinn gerir, sé nægilegt til að tryggja að slík gögn séu dæmigerð, nákvæm og heildstæð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

8) Í þeim tilgangi að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort viðmiðanirnar sem umsækjandinn gerir séu hentugar fyrir áframhaldandi eða fyrirhugaða notkun þeirra í Sambandinu, þar sem endanlegt markmið er að fella þær inn í skrána í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ætti umsóknin um viðurkenningu að innihalda skrá yfir allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og eru nú þegar notaðar í Sambandinu eða ætlaðar til notkunar í Sambandinu í framtíðinni og lýsingu á þeim.

9) Upplýsingar um eðli og einkenni viðmiðana sem umsækjandi gerir skipta máli til að sýna lögbæra yfirvaldinu fram á hvort gera eigi mat á því að farið sé að gildandi kröfum í reglugerð (ESB) 2016/1011 með vísan til sérstaks, gildandi fyrirkomulags, til viðmiðana á grundvelli eftirlitsskyldra gagna og til hrávöruviðmiðana sem byggja ekki á framlagi frá aðilum sem leggja fram gögn og eru að meirihluta einingar undir eftirliti, eins og kemur fram í reglugerð (ESB) 2016/1011.

10) Ef umsækjandinn lítur á eina eða fleiri viðmiðana sinna sem mikilvæga eða ekki mikilvæga ætti hann að láta fylgja með umsókn sinni um viðurkenningu upplýsingar um hversu mikil notkun slíkra viðmiðana er í Sambandinu til að lögbæra yfirvaldið geti metið hvort flokkun þeirra sem mikilvægar eða ekki mikilvægar sé rétt. Viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og sem hafa enn ekki verið teknar í notkun í Sambandinu en fylgja með í umsókninni um viðurkenningu vegna fyrirhugaðrar notkunar þeirra í Sambandinu eru taldar vera ekki mikilvægar viðmiðanir, í samræmi við 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

11) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

12) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan, tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]).

13) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að undirbúa umsóknir og tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar og þeim tæknilegu eftirlitsstöðlum sem um getur í viðaukanum. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar kröfur

1. Stjórnandi sem er staðsettur í þriðja landi skal leggja fram upplýsingarnar sem eru taldar upp í viðaukanum þegar hann sækir um viðurkenningu skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

2. Ef umsækjandinn hefur ekki veitt einhverjar þær upplýsingar sem krafist er skal útskýra í umsókninni hvers vegna þær hafi ekki verið lagðar fram.

2. gr.

Snið umsóknarinnar

1. Umsóknin um viðurkenningu skal lögð fram á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum tilvísunaraðildarríkisins nema annað sé tekið fram í viðaukanum. Skjölin sem um getur í 8. lið viðaukans skulu afhent á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum eða á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum tilvísunaraðildarríkisins.

2. Leggja skal umsóknina um viðurkenningu fram með rafrænum hætti eða, ef viðkomandi lögbært yfirvald fellst á það, á pappír. Þessar rafrænu aðferðir skulu tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna haldist meðan á sendingu þeirra stendur. Umsækjandinn skal tryggja að í hverju skjali sem er afhent sé tilgreint með skýrum hætti til hvaða sérstöku kröfu í þessari reglugerð það vísar.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Sértækar upplýsingar um stefnur og verklagsreglur

1. Allar stefnur og verklagsreglur sem komið er á til að fara að kröfum reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem er lýst í umsókn skulu innihalda eða þeim skal fylgja:

a) tilgreining á auðkenni aðilans eða aðilanna sem bera ábyrgð á samþykki og viðhaldi á stefnum og verklagsreglum,

b) lýsing á hvernig eftirliti með því að farið sé að stefnum og verklagsreglum er háttað, og deili á þeim aðila eða aðilum sem bera ábyrgð á þessari vöktun,

c) lýsing á ráðstöfunum sem á að gera ef brotið er gegn stefnum og verklagsreglum.

2. Ef umsækjandi er fyrirtæki innan samsteypu getur það farið að 1. mgr. með því að leggja fram stefnur og verklagsreglur samsteypunnar ef þær tengjast gerð viðmiðana.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Upplýsingar sem á að leggja fram í umsókn um viðurkenningu skv. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

A-ÞÁTTUR — UPPLÝSINGAR UM VEITANDANN OG LAGALEGAN FORSVARSMANN HANS Í SAMBANDINU

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR

a) Fullt nafn umsækjanda og auðkenni lögaðila (e. *Legal Entity Identifier (*LEI*)*).

b) Heimilisfang skrifstofu í því landi þar sem umsækjandi er staðsettur.

c) Réttarstaða.

d) Vefsetur, ef það er fyrir hendi.

e) Ef umsækjandi er undir eftirliti í því landi utan Evrópusambandsins þar sem hann er staðsettur, upplýsingar um núverandi leyfisstöðu hans, þ.m.t. starfsemina sem hann hefur leyfi fyrir, nafn og heimilisfang lögbæra yfirvaldsins í landinu utan Evrópusambandsins og tengil í skrá slíks lögbærs yfirvalds, ef hann er tiltækur; ef fleiri en eitt yfirvald er ábyrgt fyrir eftirliti skal leggja fram ítarlegar upplýsingar um verksvið þeirra.

f) Lýsing á starfsemi umsækjandans í Evrópusambandinu og í löndum utan Evrópusambandsins, hvort sem hún fellur undir fjárhagsreglugerðir í Evrópusambandinu eða utan Evrópusambandsins sem skipta máli við gerð viðmiðana, ásamt lýsingu á því hvar þessi starfsemi fer fram.

g) Ef umsækjandi er hluti af samstæðu, skipulag samstæðunnar, ásamt skýringarmynd yfir eignarhald, þar sem sýnd eru tengsl milli allra móðurfélaga og dótturfélaga. Auðkenna skal fyrirtækin og dótturfélög, sem sýnd eru í línuritinu, með fullu nafni þeirra, réttarstöðu og póstfangi á skráðri skrifstofu og aðalskrifstofu.

h) eigin yfirlýsing um óflekkað mannorð, þ.m.t. nánari upplýsingar, ef við á, um:

   i. fyrri og yfirstandandi málsmeðferð við agabrotum gegn umsækjandanum (nema henni hafi verið vísað frá),

   ii. synjun fjármálayfirvalds á leyfisveitingu eða skráningu,

   iii. afturköllun fjármálayfirvalds á leyfisveitingu eða skráningu.

2. LAGALEGUR FYRIRSVARSMAÐUR Í TILVÍSUNARAÐILDARRÍKINU

a) Skrifleg sönnunargögn sem styðja val á tilvísunaraðildarríkinu með því að beita viðmiðununum sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

b) Að því er varðar lagalegan fyrirsvarsmann með staðfestu í tilvísunaraðildarríkinu eins og fram kemur í 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011:

   i. fullt nafn,

   ii. starfsheiti, ef um er að ræða einstakling eða réttarstaða ef um er að ræða lögaðila,

   iii. stofnskrá, stofnsamþykktir eða önnur stofnskjöl, ef um er að ræða lögaðila, og nánari skýring á hvort hann er undir eftirliti eftirlitsyfirvalds,

   iv. heimilisfang,

   v. tölvupóstfang,

   vi. símanúmer,

   vii. skrifleg staðfesting á umboði lagalegs fyrirsvarsmanns til að koma fram fyrir hönd umsækjandans í samræmi við 3. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

   viii. nánari upplýsingar um eftirlitsstarfsemi lagalegs fyrirsvarsmanns sem varðar gerð viðmiðana sem má nota í Sambandinu,

   ix. nafn, starfsheiti, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðar lagalega fyrirsvarsmannsins.

3. STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNARHÆTTIR

a) Innra stjórnskipulag að því er varðar stjórnina, nefndir framkvæmdastjórnarinnar, eftirlitsstarfsemi og alla aðra innri aðila sem hafa með hendi mikilvæg stjórnunarstörf sem tengjast gerð viðmiðunar, m.a.:

i. umboð eða samantekt á því, og

ii. fylgni við hvers konar reglur um stjórnarhætti fyrirtækja eða svipuð ákvæði.

b) Verklagsreglur sem tryggja að starfsmenn stjórnandans og aðrir einstaklingar, sem þjónusta hann eða eru undir stjórn hans og taka beinan þátt í gerð viðmiðunar, búi yfir nauðsynlegri færni, þekkingu og reynslu til að gegna þeim skyldustörfum sem þeim eru falin og starfi í samræmi við ákvæðin í 7. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

c) Fjöldi starfsmanna (tímabundnir og fastráðnir) sem koma að gerð viðmiðunar.

4. HAGSMUNAÁREKSTRAR

a) Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirfarandi:

i. hvernig núverandi og hugsanlegir hagsmunaárekstrar eru auðkenndir, skráðir, stjórnað, mildaðir, hvernig þeim sé afstýrt eða ráðin á þeim bót,

ii. sérstakar kringumstæður sem gilda um umsækjandann eða allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og sem má nota í Sambandinu, og sem líklegast er að valdi hagsmunaárekstrum, þ.m.t. ef sérfræðimati eða ákvörðunarrétti er beitt við ákvörðunarferli viðmiðunarinnar ef umsækjandinn er innan sömu samstæðu og notandi viðmiðunar og ef veitandinn er aðili að markaðinum eða þeim efnahagslega veruleika sem viðmiðuninni er ætlað að mæla.

b) Að því er varðar viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, skrá yfir alla greinda hagsmunaárekstra sem máli skipta, ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum.

c) Uppbygging launakjarastefnu þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem eru notaðar til að ákvarða launakjör þeirra aðila sem koma beint eða óbeint að gerð viðmiðana.

5. INNRA STJÓRNUNARKERFI, EFTIRLIT OG ÁBYRGÐARSKYLDA

a) Stefnur og verklagsreglur fyrir eftirlit með gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana, m.a. þær sem varða:

i. upplýsingatæknikerfi,

ii. áhættustjórnun, ásamt kortlagningu áhættu sem kann að koma fram og sem kann að hafa áhrif á nákvæmni, heilleika gerðra viðmiðana og á það hvort þær séu dæmigerðar eða á samfellu í gerð viðmiðunar, ásamt viðkomandi mildunarráðstöfunum,

iii. samsetningu, hlutverk og starfsemi eftirlitsstarfseminnar, eins og lýst er í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og tilgreint frekar í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem hafa verið samþykktir skv. 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ([1]) eða í sambærilegum meginreglum um fjármálaviðmiðanir sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykktu 17. júlí 2013 („Meginreglur fyrir fjármálaviðmiðanir“), eða meginreglum um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykktu 5. október 2012 („Meginreglur um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð“), eftir því sem við á, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á eða brottrekstur einstaklinga innan eftirlitsstarfseminnar,

iv. samsetningu, hlutverk og starfsemi eftirlitsrammans, eins og lýst er í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða í samsvarandi meginreglum IOSCO um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á eða brottrekstur einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum ramma,

v. ramma um ábyrgðarskyldu eins og lýst er í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða samsvarandi meginreglur um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á, þ.m.t. verklagsreglur um skipun, skipti á og brottrekstur einstaklinga sem bera ábyrgð á þessum ramma.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1637 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1).

b) Viðbragðsáætlanir um tímabundna ákvörðun og birtingu viðmiðunar.

c) Verklagsreglur fyrir innri skýrslugjöf um brot á reglugerð (ESB) 2016/1011 af hálfu stjórnenda, starfsmanna og annarra einstaklinga sem þjónusta veitandann eða lúta stjórn hans.

6. ÚTVISTUN

Sé einhverri starfsemi sem er hluti af gerð viðmiðunar eða fjölskyldu viðmiðana útvistað:

a) fyrirkomulag útvistunar, þ.m.t. þjónustusamningar sem sýna fram á að farið sé að ákvæðum 10. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða samsvarandi meginreglum um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á,

b) ítarlegar upplýsingar um hina útvistuðu starfsemi nema þær upplýsingar sé þegar að finna í viðeigandi samningum,

c) stefnur og verklagsreglur sem varða eftirlit með hinni útvistuðu starfsemi nema þær upplýsingar sé þegar að finna í viðeigandi samningum.

7. FARIÐ AÐ MEGINREGLUM ALÞJÓÐASAMTAKA EFTIRLITSAÐILA Á VERÐBRÉFAMARKAÐI

a) Mat óháðs utanaðkomandi endurskoðanda, ef það er tiltækt, á því hvort farið er að meginreglum um fjármálaviðmiðanir sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykktu 17. júlí 2013 eða meginreglum um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði samþykkti 5. október 2012, eftir því sem við á.

b) Vottun, ef hún er tiltæk, frá lögbæru yfirvaldi lands utan Evrópusambandsins þar sem umsækjandinn er staðsettur, ef umsækjandinn er háður eftirliti, þar sem staðfest er að farið sé að þeim meginreglum sem um getur í a-lið.

8. AÐRAR UPPLÝSINGAR

a) Umsækjandinn getur látið í té frekari upplýsingar sem skipta máli fyrir umsókn hans og hann telur við hæfi.

b) Umsækjandinn skal láta þessar upplýsingar í té á þann hátt og á því formi sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

B-ÞÁTTUR – UPPLÝSINGAR UM VIÐMIÐANIRNAR

9. LÝSING Á RAUNVERULEGUM EÐA FYRIRHUGUÐUM VIÐMIÐUNUM EÐA FJÖLSKYLDUM VIÐMIÐANA SEM MÁ NOTA Í SAMBANDINU

a) Skrá yfir allar viðmiðanir sem umsækjandinn gerir og eru tilbúnar til notkunar í Sambandinu og, ef það er tiltækt, alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa fyrir þær (ISIN-númer).

b) Lýsing á viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana sem hafa verið gerðar og eru þegar notaðar í Sambandinu, m.a. lýsing á undirliggjandi markaði eða efnahagslegum veruleika sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt því að tilgreina heimildirnar sem eru notaðar fyrir þessar lýsingar, og lýsingu á þeim sem leggja til gögn í þessa viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, ef einhverjir eru.

c) Skrá yfir allar viðmiðanirnar sem ætlað er að setja á markað til notkunar í Sambandinu og, ef það er tiltækt, ISIN-númer þeirra.

d) Lýsing á viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana sem ætlað er að setja á markað til notkunar í Sambandinu, m.a. lýsing á undirliggjandi markaði eða efnahagslegum veruleika sem viðmiðuninni eða fjölskyldu viðmiðana er ætlað að mæla, ásamt því að tilgreina heimildirnar sem eru notaðar fyrir þessar lýsingar, og lýsingu á þeim sem leggja til gögn í þessa viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, ef einhverjir eru.

e) Öll skrifleg sönnunargögn um að unnt sé að líta á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem er lýst í b- og d-lið sem viðmiðanir á grundvelli eftirlitsskyldra gagna, í samræmi við skilgreininguna sem er sett fram í 24. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og á því rétt á undanþágum sem koma fram í 1. mgr. 17. gr. sömu reglugerðar.

f) Öll skrifleg sönnunargögn um að unnt sé að líta á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem er lýst í b- og d-lið sem hrávöruviðmiðanir, í samræmi við skilgreininguna sem er sett fram í 23. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, og að þau byggist ekki á framlagi aðila sem eru að mestu leyti einingar sem eru undir eftirliti, ásamt öllum sönnunargögnum um framkvæmd krafna um sérstakt fyrirkomulag eins og sett er fram í 19. gr. og II. viðauka reglugerðarinnar eða samsvarandi meginreglum um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð.

g) Öll skrifleg sönnunargögn um að unnt sé að líta á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana sem er lýst í b- og d-lið sem vaxtaviðmiðanir, í samræmi við skilgreininguna sem er sett fram í 22. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, ásamt öllum sönnunargögnum um framkvæmd krafna um sérstakt fyrirkomulag eins og sett er fram í 18. gr. og I. viðauka reglugerðarinnar.

h) Öll skrifleg sönnunargögn um að viðmiðun eða fjölskylda viðmiðana sem er lýst í b-lið sé notuð í þeim mæli á yfirráðasvæði Sambandsins að þessi viðmiðun eða allar viðmiðanir í þeirri fjölskyldu viðmiðana teljist vera annaðhvort mikilvægar viðmiðanir, eins og skilgreint er í 26. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, eða viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar, eins og skilgreint er í 27. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011. Upplýsingarnar sem á að leggja fram skulu ákvarðast, að því marki sem mögulegt er, á grundvelli ákvæða í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 ([1]) um grundvallarfjárhæð fjármálagerninga annarra en afleiða, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða sem vísa til viðmiðana lands utan Evrópusambandsins, í Sambandinu, þ.m.t. komi til óbeinnar vísunar til slíkrar viðmiðunar í samsetningu viðmiðana.

i) Grunnforsendan að baki beitingu stjórnandans á undanþágunum sem eru taldar upp í 1. mgr. 25. gr., fyrir mikilvægar viðmiðanir, og í 1. mgr. 26. gr., fyrir viðmiðanir sem eru ekki mikilvægar, í reglugerð (ESB) 2016/1011 að því er varðar viðmiðunina; upplýsingarnar skulu settar fram, að því marki sem það er gerlegt, á grundvelli sniðsins sem var ákvarðað í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem voru samþykktir skv. 8. mgr. 25. gr. og 5. mgr. 26. gr. í reglugerð (ESB) 2016/1011 ([2]).

j) Upplýsingar um ráðstafanir til að leiðrétta ákvörðun eða birtingu viðmiðunar.

k) Upplýsingar um verklagsregluna sem veitandinn verður að fylgja verði breytingar á viðmiðun eða hætt við hana, í samræmi við 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eða samsvarandi meginreglur IOSCO um fjármálaviðmiðanir eða um fyrirtæki sem veita upplýsingar um olíuverð, eftir því sem við á.

10. INNTAKSGÖGN OG AÐFERÐAFRÆÐI

a) Að því er varðar hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, stefnur og verklagsreglur í tengslum við inntaksgögn, m.a. þau sem varða:

   i. tegund inntaksgagna sem eru notuð, forgangsröðun við notkun og hvers kyns beiting ákvörðunarvalds eða sérfræðiálits,

   ii. hvers konar ferli til að tryggja að inntaksgögnin séu næg, viðeigandi og sannreynanleg,

   iii. forsendur sem ákvarða hverjir megi leggja fram inntaksgögn til stjórnandans og ferli við val á aðilum sem leggja fram gögn,

   iv. mat á inntaksgögnum aðilans sem leggur þau fram og ferlið við að sannreyna inntaksgögn.

b) Að því er varðar hverja viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana, að því er tekur til aðferðafræðinnar:

   i. lýsing á aðferðafræðinni, þar sem lögð er áhersla á lykilþætti hennar í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og sem er tilgreind nánar í tæknilegum eftirlitsstöðlum sem voru samþykktir skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 ([3]).

   ii. Stefnur og verklagsreglur, m.a. þær sem varða:

      — ráðstafanir sem gerðar eru til að sannreyna og endurskoða aðferðafræðina, þ.m.t. prófanir eða afturvirkar prófanir sem eru gerðar,

      — samráðsferli um allar mikilvægar breytingar á aðferðafræðinni.

([1]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina hvernig nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiða, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða skuli metið (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 11).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1106 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisyfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 202, 9.8.2018, bls.9).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1641 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnandi mikilvægra viðmiðana skal legga fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðirnar fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni (Stjtíð. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/1368 **2020/EES/50/63**

frá 11. ágúst 2016

um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðmiðanir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við ákvörðun á verði margra fjármálagerninga og fjármögnunarsamninga og við mælingu á árangri margra fjárfestingarsjóða. Framlagning til viðmiðana og stjórnun þeirra er í mörgum tilvikum viðkvæm fyrir hagræðingu og aðilar sem eiga hlut að máli standa oft frammi fyrir hagsmunaárekstrum.

2) Til að gegna efnahagslegu hlutverki sínu þurfa viðmiðanir að vera dæmigerðar fyrir hinn undirliggjandi markað eða efnahagslega veruleika sem þær endurspegla. Ef viðmiðun endurspeglar ekki lengur undirliggjandi markað, s.s. millibankavexti, er hætta á neikvæðum áhrifum m.a. á heildarvirkni markaðar, fjármögnun heimila (lán og veðlán) og fyrirtæki í Sambandinu.

3) Áhættan fyrir notendur, markaði og efnahag Sambandsins eykst gjarnan ef heildarvirði fjármálagerninga, fjármögnunarsamninga og fjárfestingarsjóða, sem vísa í tiltekna viðmiðun, er hátt. Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er því komið á mismunandi flokkum viðmiðana og kveðið á um viðbótarkröfur sem tryggja heilleika og traustleika tiltekinna viðmiðana sem teljast vera mjög mikilvægar, þ.m.t. vald lögbærra yfirvalda til að fela einhverjum framlagningu til viðmiðunar eða stjórnun viðmiðunar við tilteknar aðstæður.

4) Viðbótakröfurnar og vald lögbærra yfirvalda að því er varðar stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana krefst formlegs ferlis fyrir ákvörðun á mjög mikilvægum viðmiðunum. Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 telst viðmiðun vera mjög mikilvæg viðmiðun ef hún er notuð beint eða óbeint í samsetningu viðmiðana sem tilvísun fyrir fjármálagerning eða fjármögnunarsamning eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða, sem eru að heildarvirði a.m.k. 500 milljarðar evra á grundvelli allra mismunandi líftíma viðmiðunarinnar, eftir atvikum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 217, 12.8.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

5) Euribor-vextir (EURIBOR) mæla ótryggða millibankavexti á Evrusvæðinu og eru ein mikilvægasta vaxtaviðmiðunin á heimsvísu. Talið er að viðmiðunin liggi til grundvallar samningum að andvirði yfir 180 000 milljörðum evra. Meirihluti þessara samninga eru vaxtaskiptasamningar en viðmiðunin er einnig notuð í fasteignaveðlánum til einstaklinga, alls að andvirði yfir 1000 milljörðum evra.

6) Því er virði fjármálagerninga og fjármögnunarsamninga sem nota þessa viðmiðun í Sambandinu langt yfir viðmiðunarmörkunum sem nema 500 milljörðum evra.

7) Í ljósi mikilvægis Euribor-vaxta fyrir lán og veðlán í Sambandinu ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðmiðunin sem sett er fram í viðaukanum telst vera mjög mikilvæg viðmiðun.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. ágúst 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR MJÖG MIKILVÆGAR VIÐMIÐANIR SKV. 1. MGR. 20. GR. REGLUGERÐAR (ESB) 2016/1011

Euribor-vextir (EURIBOR®), sem Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. European Money Markets Institute (EMMI)), Brussel, Belgíu, stjórnar

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/1147 **2020/EES/50/64**

frá 28. júní 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðmiðanir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við ákvörðun á verði margra fjármálagerninga og fjármögnunarsamninga og við mælingu á árangri margra fjárfestingarsjóða. Framlagning til viðmiðana og stjórnun þeirra er í mörgum tilvikum viðkvæm fyrir hagræðingu og aðilar sem eiga hlut að máli standa oft frammi fyrir hagsmunaárekstrum.

2) Til að gegna efnahagslegu hlutverki sínu þurfa viðmiðanir að vera dæmigerðar fyrir hinn undirliggjandi markað eða efnahagslega veruleika sem þær endurspegla. Ef viðmiðun endurspeglar ekki lengur undirliggjandi markað, s.s. millibankavexti, er hætta á neikvæðum áhrifum m.a. á heildarvirkni markaðar, fjármögnun heimila (lán og veðlán) og fyrirtæki í Sambandinu.

3) Áhættan fyrir notendur, markaði og efnahag Sambandsins eykst gjarnan ef heildarvirði fjármálagerninga, fjármögnunarsamninga og fjárfestingarsjóða, sem vísa í tiltekna viðmiðun, er hátt. Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er því komið á mismunandi flokkum viðmiðana og kveðið á um viðbótarkröfur sem tryggja heilleika og traustleika tiltekinna viðmiðana sem teljast vera mjög mikilvægar, þ.m.t. vald lögbærra yfirvalda til að fela einhverjum framlagningu til viðmiðunar eða stjórnun viðmiðunar við tilteknar aðstæður.

4) Viðbótakröfurnar og vald lögbærra yfirvalda, að því er varðar stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana, krefst formlegs ferlis fyrir ákvörðun á mjög mikilvægum viðmiðunum. Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 telst viðmiðun vera mjög mikilvæg viðmiðun ef hún er notuð beint eða óbeint í samsetningu viðmiðana sem tilvísun fyrir fjármálagerning eða fjármögnunarsamning eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða, sem eru að heildarvirði a.m.k. 500 milljarðar evra á grundvelli allra mismunandi líftíma viðmiðunarinnar, eftir atvikum.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 ([2]) er komið á skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011. Gagnagreining og framlög Seðlabanka Evrópu hafa sýnt fram á að virði fjármálagerninga og fjárhagslegra samninga sem vísa í millibankadagvexti í evrum (EONIA) í Sambandinu fer yfir 500 milljarða evra efri mörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 20. gr. Reglugerðar (ESB) 2016/1011.

6) Millibankadagvextir í evrum er meðaltal ótryggðra daglánaviðskipta hóps banka á millibankamarkaði í Sambandinu og Fríverslunarsamtökum Evrópu. Þeir eru viðmiðunarvextir fyrir vaxtaskiptasamninga í evrum. Þeir eru því mikilvægir fyrir virkni markaðarins með skiptasamninga í evrum og fyrir fjármálastöðugleika í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 29.6.2017, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. L 217, 12.8.2016, bls. 1).

7) Á grundvelli útreikninga Seðlabanka Evrópu, sem byggjast á daglegum skýrslum 52 stærstu evrópsku bankanna sem falla undir hagskýrslugerð um peningamarkaðinn, má áætla að útistandandi fjárhæðir peningamarkaðsgerninga, sem þeir ná yfir, á ótryggðum og tryggðum markaði, sem vísa í millibankadagvexti í evrum, séu um 450 milljarðar evra og um 400 milljarðar evra aðeins fyrir þetta úrtak banka. Að auki er áætlað að mikill meirihluti viðskipta með skiptasamninga um dagvexti (OIS) í evrum, sem eru að grundvallarfjárhæð um 5 200 milljarðar evra, séu tengd millibankadagvöxtum í evrum. Því eru millibankadagvextir í evrum notaðir beint eða óbeint í samsetningu viðmiðana sem tilvísun fyrir fjármálagerning eða fjármögnunarsamning eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða, sem eru að heildarvirði a.m.k. 500 milljarðar evra á grundvelli allra mismunandi líftíma viðmiðunarinnar, eftir atvikum.

8) Millibankadagvextir í evrum eru settir fram af sama stjórnanda viðmiðunar og þeim sem stjórnar Euribor-vöxtum og bankahópurinn, sem leggur fram inntaksgögn til Euribor-vaxtanna, er í reynd undirhópur bankahópsins sem leggur fram inntaksgögn í millibankadagvexti í evrum. Euribor-vextir endurspegla lánveitingu til langs tíma ná millibankadagvextir í evrum yfir daglánalánveitingu. Því er það mikilvægt fyrir stöðugleika fjármálamarkaða að millibankadagvextir í evrum séu einnig tilgreindir sem mjög mikilvæg viðmiðun.

9) Skránni yfir mjög mikilvægar viðmiðanir, sem komið er á með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368, skal því breytt með því að bæta við millibankadagvöxtum í evrum.

10) Í ljósi mikilvægis millibankadagvaxta í evrum fyrir millibankamarkaði og mikils fjölda afleiða í Sambandinu sem vísa í þá ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

Nei	Viðmiðun	Stjórnandi	Staðsetning
1	Euribor-vextir (e. *Euro Interbank Offered Rate* (EURIBOR®))	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. *European Money Markets Institute* (EMMI))	Brussel, Belgíu
2	Millibankadagvextir í evrum (e. *Euro Overnight Index Average* (EONIA®))	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. *European Money Markets Institute* (EMMI))	Brussel, Belgíu“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2446 **2020/EES/50/65**

frá 19. desember 2017

um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðmiðanir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við ákvörðun á verði margra fjármálagerninga og fjárhagslegra samninga og við mælingu á árangri margra fjárfestingarsjóða. Framlag til viðmiðana og stjórnun þeirra er í mörgum tilvikum viðkvæm fyrir hagræðingu og aðilar sem eiga hlut að máli standa oft frammi fyrir hagsmunaárekstrum.

2) Til að gegna efnahagslegu hlutverki sínu þurfa viðmiðanir að vera dæmigerðar fyrir undirliggjandi markað eða þann efnahagslega veruleika sem þær endurspegla. Ef viðmiðun endurspeglar ekki lengur undirliggjandi markað, s.s. millibankavexti, er hætta á neikvæðum áhrifum m.a. á heildarvirkni markaðar, fjármögnun heimila (lán og veðlán) og fyrirtæki í Sambandinu.

3) Áhættan fyrir notendur, markaði og efnahag Sambandsins eykst gjarnan ef heildarvirði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða, sem vísa í tiltekna viðmiðun, er hátt. Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er því komið á mismunandi flokkum viðmiðana og kveðið á um viðbótarkröfur sem tryggja heilleika og traustleika tiltekinna viðmiðana sem teljast vera mjög mikilvægar, þ.m.t. vald lögbærra yfirvalda til að fela einhverjum framlög til mjög mikilvægrar viðmiðunar eða stjórnun hennar við tilteknar aðstæður.

4) Viðbótakröfurnar og vald lögbærra yfirvalda að því er varðar stjórnendur mjög mikilvægra viðmiðana krefst formlegs ferlis fyrir ákvörðun á mjög mikilvægum viðmiðunum. Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. a reglugerðar (ESB) 2016/1011 telst viðmiðun vera mjög mikilvæg viðmiðun ef hún er notuð beint eða óbeint í samsetningu viðmiðana sem tilvísun fyrir fjármálagerninga eða fjárhagslega samninga eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða, sem eru að heildarvirði a.m.k. 500 milljarðar evra á grundvelli allra mismunandi líftíma viðmiðunarinnar, eftir atvikum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 346, 28.12.2017, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

5) Libor-vextir (e. *London Interbank Offered Rate*) mæla ótryggða millibankavexti í fimm gjaldmiðlum, þ.m.t. evru, með sjö mismunandi líftímum á bilinu dagvextir til tólf mánaða. Þeir eru ein mikilvægasta vaxtaviðmiðun á heimsvísu. Þeir eru notaðir sem breytilegir vextir fyrir marga fjárhagslega samninga, frá vaxtaskiptasamningum til námslána, veðlána og fjármögnunargerninga fyrirtækja.

6) Hið breska Financial Conduct Authority (FCA) hefur auðkennt um 156 800 milljarða bandaríkjadala í OTC-afleiðum sem notuðu Libor-vexti sem viðmiðun í október 2016.

7) Að auki bendir FCA á að Libor-vextir séu mikilvæg viðmiðun í afleiðum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, skuldabréfum og skuldamörkuðum fyrirtækja, og að þessar áhættuskuldbindingar skipti máli að því er varðar kerfisáhættu og raunhagkerfið.

8) Skránni yfir mjög mikilvægar viðmiðanir, sem komið er á með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 ([1]), ætti því að breyta með því að bæta við Libor-vöxtum.

9) Í ljósi mikilvægis Libor-vaxta fyrir millibankamarkaði og mikils fjölda fjármálagerninga í Sambandinu sem vísa í þá ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

10) Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er gildissvið þessarar reglugerðar háð því að stjórnandinn, sem gerir mjög mikilvæga viðmiðun, sé staðsettur í Sambandinu.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. L 217, 12.8.2016, bls. 1).

VIÐAUKI

Skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

Númer	Viðmiðun	Stjórnandi	Staðsetning
1	Euribor-vextir (e. *Euro Interbank Offered Rate* (EURIBOR®))	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. *European Money Markets Institute (EMMI*))	Brussel, Belgíu
2	Millibankadagvextir í evrum (e. *Euro Overnight Index Average* (EONIA®))	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. *European Money Markets Institute* (EMMI))	Brussel, Belgíu
3	Libor-vextir (e. London Interbank Offered Rate (LIBOR))	ICE Benchmark Administration (IBA)	London, Bretland

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1105 **2020/EES/50/66**

frá 8. ágúst 2018

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjármögnunarsamningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum þriðju undirgrein 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu lögbær yfirvöld veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti sinnt skyldustörfum sínum. Til að tryggja skilvirk og árangursrík samskipti ættu lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að nota skilgreindar boðskiptaleiðir, þ.m.t. tilnefnda tengiliði og stöðluð eyðublöð, til að óska eftir upplýsingum, staðfesta viðtöku beiðna um upplýsingar og svara beiðnum um upplýsingar.

2) Upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld eiga að veita skv. 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eru m.a. upplýsingarnar sem þarf til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að koma á og halda opinberu skrána sem um getur í 1. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar, einkum upplýsingarnar sem um getur í a-, c- og d-lið þeirrar greinar og allar síðari breytingar á þeim upplýsingum. Lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ættu að þurfa að koma sér saman um tækniforskriftirnar sem gilda skulu þegar þessar upplýsingar eru lagðar fram á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að tryggja að upplýsingarnar séu sendar með nákvæmum og öruggum hætti.

3) Upplýsingarnar sem lögbær yfirvöld skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. reglugerð (ESB) 2016/1011 gætu innihaldið persónuupplýsingar og aðrar viðkvæmar upplýsingar sem eru ekki almenningseign. Því er mikilvægt að tilhögun upplýsingamiðlunar falli undir viðeigandi verndarráðstafanir og trúnaðarkvaðir.

4) Lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ættu að fá nægan tíma til að koma á málsmeðferðarreglum fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar sem sett er fram í þessari reglugerð. Þessi reglugerð ætti því að koma til framkvæmda tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

5) Þessi reglugerð byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum, sem þessi reglugerð byggist á, né greint hugsanlegan kostnað og ávinning þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taldi að það myndi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif tæknilegu framkvæmdarstaðlanna, að teknu tilliti til þess að þeir myndu aðeins varða beint lögbær landsyfirvöld í aðildarríkjunum en ekki markaðsaðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 9.8.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin leitaði eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([1]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar fyrir skrá hennar

1. Til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að koma á fót og halda opinberu skrána, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, skulu lögbær yfirvöld tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-, c- og d-lið þeirrar greinar og um allar breytingar á þeim upplýsingum, innan fimm virkra daga frá viðkomandi ákvörðun.

2. Viðkomandi ákvörðun er einhver af eftirfarandi ákvörðunum lögbærs yfirvalds sem hefur í för með sér skyldu samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011 til að tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þær tilteknu upplýsingar eða breytingu:

a) ákvörðun um að heimila eða skrá stjórnanda skv. a- eða b-lið 6. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011,

b) ákvörðun um að afturkalla eða fresta leyfi eða skráningu stjórnanda skv. 1. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar,

c) ákvörðun um að viðurkenna stjórnanda sem er staðsettur í þriðja landi skv. 5. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar,

d) ákvörðun um að fresta eða afturkalla slíka viðurkenningu skv. 8. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar,

e) ákvörðun um að heimila samþykki á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðana skv. 3. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar,

f) ákvörðun um að krefjast þess að hætt verði við samþykki á viðmiðun eða fjölskyldu viðmiðanna skv. 6. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar.

Allar upplýsingar eða breytingar á upplýsingum sem um getur í 1. mgr. skulu sendar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni með boðskiptaleiðum hennar sem tryggja að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

3. Lögbær yfirvöld og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu koma sér saman um upplýsingatæknina sem við á þegar þessar upplýsingar eru lagðar fram á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með notkun boðskiptaleiða Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. gr.

Tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um viðmiðanir viðurkenndra stjórnenda

Allar tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skv. 6. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skulu gerðar með rafrænni aðferð sem tryggir að heildstæðni, heilleiki og trúnaður upplýsinganna viðhaldist meðan á sendingu þeirra stendur.

3. gr.

Beiðnir um upplýsingar

1. Allar beiðnir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi skv. 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, aðrar en upplýsingar sem falla undir 1. og 2. gr. þessarar reglugerðar, skulu lagðar fram með eyðublaðinu sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Lögbært yfirvald sem fær beiðni um upplýsingar skv. 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 („yfirvald sem beiðni er beint til“) skal staðfesta móttöku beiðninnar, innan sjö virkra daga frá móttöku beiðninnar, með því að nota eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

4. gr.

Svar við beiðni um upplýsingar

1. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni umbeðnar upplýsingar á eyðublaðinu sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal gera allar viðeigandi ráðstafanir innan valdsviðs þess til að fá og veita upplýsingarnar sem um er beðið. Ef yfirvaldið sem beiðni er beint til getur ekki veitt upplýsingarnar innan áætlaðs svartíma, sem settur er fram í staðfestingu þess á móttöku beiðninnar um upplýsingar, skal það án tafar tilkynna það Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og gefa upp nýja áætlaða dagsetningu svars ásamt ástæðum þess að þörf sé á fresti.

2. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal hafa samráð við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, ef nauðsyn krefur, um allar skýringar að því er varðar tegund upplýsinga sem beðið er um og hve oft þær skuli uppfærðar.

5. gr.

Sendingaraðferð

Allar beiðnir um upplýsingar, staðfestingar á móttöku og öll svör við beiðnum um upplýsingar, sem um getur í 3. og 4. gr., skulu vera í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) þær skulu vera skriflegar,

b) þær skulu sendar með pósti eða símbréfi, eða með rafrænni aðferð sem gerir það kleift að tryggja heildstæðni, heilleika og trúnað meðan á sendingu þeirra stendur,

c) þær skulu sendar til:

   i. tengiliðarins sem tilnefndur er af lögbæra yfirvaldinu skv. 7. gr. ef um er að ræða beiðni til lögbærs yfirvalds,

   ii. tengiliðarins sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur tilgreint í beiðni sinni um upplýsingar, ef um er að ræða staðfestingu á móttöku eða svar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

6. gr.

Trúnaðarkvöð

1. Lögbær yfirvöld skulu halda trúnað um framlagða beiðni um upplýsingar skv. 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011, innihald þeirrar beiðni og öll mál sem koma upp við framkvæmd beiðninnar, einkum allt samráð milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbæra yfirvaldsins í tengslum við þá beiðni.

2. Lögbæra yfirvaldið getur þó birt slíkar upplýsingar eða mál ef annaðhvort Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir birtinguna eða birtingin er nauðsynleg vegna málareksturs.

7. gr.

Tengiliðir

Hvert lögbært yfirvald skal tilnefna tengilið vegna þessarar reglugerðar og senda nafn og samskiptaupplýsingar hans til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar innan 30 daga frá gildistökudegi þessarar reglugerðar. Allar síðari breytingar á tilnefningu eða samskiptaupplýsingum tengiliðar skulu sendar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án tafar.

8. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 29. október 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir beiðni um upplýsingar

BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki (ef við á):

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnda tengiliðarins skv. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki (ef við á):

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnda tengiliðarins skv. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Kæri/kæra [*færa inn viðeigandi heiti*]

Í samræmi við 3. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1105 þar sem mælt er fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla [til að ákvarða málsmeðferðarreglur og eyðublöð vegna upplýsingaskipta] er óskað eftir upplýsingum um málefnið (málefnin) sem nánar eru sett fram hér á eftir.

Ég yrði þakklátur fyrir að fá áðurnefndar upplýsingar fyrir [*færið inn leiðbeinandi dagsetningu fyrir svarið*] eða, ef það er ekki mögulegt, að fá að vita hvenær þú býst við að vera í aðstöðu til að veita umbeðnar upplýsingar.

Ástæður fyrir beiðni um upplýsingar

.....

.....

.....

[*Færið inn ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/1011 sem eru forsendur þess að yfirvald sem leggur fram beiðni er hæft til að takast á við málefnið*]

Beiðnin varðar upplýsingar um .....

.....

.....

[*Færið inn lýsingu á efni beiðninnar, á hvaða sviði eftirlit hlutaðeigandi viðmiðunar er og í hvaða tilgangi óskað er eftir upplýsingunum*]

Til viðbótar við .....

[*Ef við á, færið inn lýsingu á fyrri beiðni til að unnt sé að auðkenna hana*]

Upplýsingarnar í þessari beiðni falla undir trúnaðarkvöð í samræmi 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1105.

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir staðfestingu á móttöku beiðni um upplýsingar

STAÐFESTING Á MÓTTÖKU BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

FRÁ:

Aðildarríki (ef við á):

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnda tengiliðarins skv. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki (ef við á):

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnda tengiliðarins skv. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Kæri/kæra [*færa inn viðeigandi heiti*]

Í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1105 þar sem mælt er fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla [til að ákvarða málsmeðferðarreglur og eyðublöð vegna upplýsingaskipta] staðfestum við hér með móttöku beiðni um upplýsingar með tilvísunarnúmer [*færið inn beiðni*]

Áætluð dagsetning svars (ef unnt er á þessu stigi): .....

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

III. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir svar við beiðni um upplýsingar

SVAR VIÐ BEIÐNI UM UPPLÝSINGAR

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki (ef við á):

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnda tengiliðarins skv. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki (ef við á):

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tilnefnda tengiliðarins skv. 7. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105)

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Kæri/kæra [*færa inn viðeigandi heiti*]

Í samræmi við 4. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1105 þar sem mælt er fyrir um tæknilega framkvæmdarstaðla [til að ákvarða málsmeðferðarreglur og eyðublöð vegna upplýsingaskipta] hefur beiðni þín um upplýsingar sem dagsett er [*dd.mm.áááá*] með tilvísunarnúmer [*færið inn tilvísunarnúmer*] verið meðhöndluð hjá okkur.

Umbeðnar upplýsingar

.....

.....

.....

Veittar upplýsingar falla undir trúnaðarkvöð og eru birtar [*setjið inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] skv. [*setjið inn ákvæði gildandi sérlaga*] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skulu áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1105. [*Færið inn heiti yfirvalds sem leggur fram beiðni*] skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/1105 að því er varðar trúnaðarkvöð og leyfilega notkun á upplýsingunum.

Virðingarfyllst,

[*undirskrift*]

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1106 **2020/EES/50/67**

frá 8. ágúst 2018

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisyfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 25. gr. og 5. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 skuldbinda stjórnendur mikilvægra viðmiðana, sem kjósa að fara ekki að einni eða fleiri kröfum þeirrar reglugerðar, að birta og viðhalda samræmisyfirlýsingu sem tilgreinir hvers vegna þeim þykir ekki rétt að fara að þessum kröfum. Í 3. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar er lögð sambærileg skuldbinding á stjórnendur viðmiðana sem ekki eru mikilvægar, en þá er um víðtækari kröfur að ræða.

2) Samræmisyfirlýsingin ætti að gera öllum sem lesa hana kleift að auðkenna með skýrum hætti þau ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/1011 sem stjórnandi mikilvægra viðmiðana hefur valið að beita ekki og ástæður þess að hann telur rétt að fara ekki að þessum ákvæðum.

3) Í 7. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er þess krafist að samræmisyfirlýsingin auðkenni með skýrum hætti hvers vegna stjórnandinn telur rétt að fara ekki að viðkomandi ákvæðum. Sniðmátið ætti því að krefjast sérstakrar útskýringar fyrir hvert ákvæði sem stjórnandinn beitir ekki.

4) Valkvæðar undanþágur fyrir mikilvægar viðmiðanir í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 eru hlutmengi hugsanlegra undanþága fyrir viðmiðanir sem ekki eru mikilvægar í 1. mgr. 26. gr. sömu reglugerðar. Æskilegt er að hafa þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla í einni reglugerð til að tryggja samkvæmni milli hinna tveggja tæknilegu framkvæmdarstaðla sem krafist er í 8. mgr. 25. gr. og 5. mgr. 26. gr. fyrir þessar undanþágur og komast hjá mögulegu og ónauðsynlegu stjórnsýsluálagi á stjórnendur viðmiðana.

5) Stjórnendum er heimilt að velja að nota eina samræmisyfirlýsingu fyrir fjölskyldu viðmiðana, að því tilskildu að hún geri kleift að auðkenna með skýrum hætti þau ákvæði sem stjórnandinn hefur valið að beita ekki fyrir hverja viðmiðun sem samræmisyfirlýsingin nær yfir. Ein samræmisyfirlýsing ætti ekki að ná yfir mikilvægar viðmiðanir og viðmiðanir sem ekki eru mikilvægar. Nái fjölskylda viðmiðana yfir mikilvægar viðmiðanir og viðmiðanir sem ekki eru mikilvægar ætti að undirbúa að minnsta kosti tvær samræmisyfirlýsingar.

6) Stjórnendur ættu að fá nægan tíma til að tryggja reglufylgni við kröfur þessarar reglugerðar. Því ætti að byrja að beita þessari reglugerð tveimur mánuðum eftir að hún öðlast gildi.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 9.8.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sniðmát fyrir samræmisyfirlýsinguna

1. Sniðmátið fyrir samræmisyfirlýsinguna sem um getur í 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Sniðmátið fyrir samræmisyfirlýsinguna sem um getur í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 29. október 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. ágúst 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir samræmisyfirlýsinguna sem um getur í 7. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 20166/1011

Liður	Textareitur
A. **Almennar upplýsingar**	
1. Dagsetningin þegar þetta skjal var búið til og, eftir atvikum, þegar það var síðast uppfært	1. Búið til: *[dd/mm/áá]* Síðast uppfært: *[dd/mm/áá]*
2. Heiti stjórnandans	2. *[Eins og það kemur fram í „Skrá yfir stjórnendur og viðmiðanir“ sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlits-stofnunin hefur birt]*
3. Viðkomandi lögbært landsyfirvald	3. *[Lögbæra yfirvaldið sem hefur veitt stjórnandanum starfsleyfi og skráð hann samkvæmt 1. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011]*

Eftirfarandi bálkur:

— *auðkennir mikilvægu viðmiðunina eða mikilvægu viðmiðanirnar að því er varðar ákvæði sem gilda ekki,*

— *auðkennir ákvæðin sem stjórnandinn hefur valið að beita ekki og*

— *útskýrir hvers vegna viðeigandi er fyrir stjórnandann að fara ekki að hverju slíku ákvæði.*

Varði þetta skjal fleiri en eina mikilvæga viðmiðun sem stjórnandinn lætur í té verður að fylla út sérstakan bálk fyrir hverja viðmiðanaröð að því er það varðar að:

— *ákvæðin sem stjórnandinn velur að beita ekki eru þau sömu fyrir allar þessar viðmiðanir og*

— *fyrir hvert ákvæði er sama útskýring á því hvers vegna stjórnandanum þótti rétt að fara ekki að ákvæðunum fyrir allar þessar viðmiðanir.*

B. ***[Setjið inn heiti stjórnandans eins og þess er getið í 2. lið í bálki A] velur að beita ekki eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011 að því er varðar hina mikilvægu viðmiðun eða mikilvægu viðmiðanir sem auðkenndar eru hér að neðan***

1. Viðmiðunin eða viðmiðanirnar sem ákvæði(n) gilda ekki um	1.	*[Setjið inn heiti viðmiðunarinnar, eða hverrar viðmiðunar, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN) hennar, eða annað tiltækt kennimerki þegar ISIN-númerið er ekki til staðar]*
2. Vísbending um hvar viðmiðunaryfirlýsingin fyrir viðeigandi viðmiðun, eða hvert af viðeigandi viðmiðunum, sé birt	2.	*[til dæmis vefsíðutengill]*
3. i. Eitt eða fleiri ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/1011 sem gilda ekki ii. Fyrir hvert ákvæði, ástæður þess að viðeigandi er fyrir stjórnandann að fara ekki að því ákvæði	3(i)	*[Fyrir hvert ákvæði, setjið inn greinarnúmer, málsgrein og, eftir atvikum, tiltekinn lið í reglugerð (ESB) 2016/1011 og fullan texta ákvæðisins]*
	3(ii)	*[Fyrir hvert ákvæði, setjið inn tiltekna, ítarlega og skýra útskýringu á því hvers vegna það þykir rétt fyrir stjórnandann að fara ekki að ákvæðinu, með hliðsjón af eðli og áhrifum viðmiðunarinnar eða viðmiðananna og stærð stjórnandans.]*

II. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir samræmisyfirlýsinguna sem um getur í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

Liður	Textareitur
A. **Almennar upplýsingar**	
1. Dagsetningin þegar þetta skjal var búið til og, eftir atvikum, þegar það var síðast uppfært	1. Búið til: *[dd/mm/áá]* Síðast uppfært: *[dd/mm/áá]*
2. Heiti stjórnanda	2. *[Eins og það kemur fram í „Skrá yfir stjórnendur og viðmiðanir“ sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlits-stofnunin hefur birt]*

Eftirfarandi bálkur:

— *auðkennir viðmiðunina sem er ekki mikilvæg eða viðmiðanirnar sem eru ekki mikilvægar að því er varðar ákvæði sem gilda ekki,*

— *auðkennir ákvæðin sem stjórnandinn hefur valið að beita ekki og*

— *útskýrir hvers vegna viðeigandi er fyrir stjórnandann að fara ekki að hverju slíku ákvæði.*

Varði þetta skjal fleiri en eina fjölskyldu viðmiðana sem ekki eru mikilvæg og stjórnandinn lætur í té verður að fylla út sérstakan bálk fyrir hverja viðmiðanaröð að því er það varðar að:

— *ákvæðin sem stjórnandinn velur að beita ekki eru þau sömu fyrir allar þessar viðmiðanir og*

— *fyrir hvert ákvæði, útskýringin á því hvers vegna rétt þykir fyrir stjórnandann að fara ekki að ákvæðinu er hin sama um allar þessar viðmiðanir.*

B. ***[Setjið inn heiti stjórnandans eins og þess er getið í 2. lið í bálki A] velur að beita ekki eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2016/1011 að því er varðar viðmiðunina sem ekki er mikilvæg eða viðmiðanirnar sem ekki eru mikilvægar og auðkenndar eru hér að neðan***

1. Viðmiðunin eða viðmiðanirnar að því er það varðar hvaða ákvæði gilda ekki	1. *[Setjið inn heiti viðmiðunarinnar, eða hverrar viðmiðunar, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN) hennar, eða annað tiltækt kennimerki þegar ISIN-númerið er ekki til staðar]*
2. i. Eitt eða fleiri ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/1011 sem gilda ekki ii. Fyrir hvert ákvæði, ástæður þess að viðeigandi er fyrir stjórnandann að hlíta ekki því ákvæði	2(i) *[Fyrir hvert ákvæði, setjið inn greinarnúmer, málsgrein og, eftir atvikum, tiltekinn lið í reglugerð (ESB) 2016/1011 og fullan texta ákvæðisins]* 2(ii) *[Fyrir hvert ákvæði, setjið inn tiltekna, ítarlega og skýra útskýringu á því hvers vegna viðeigandi er fyrir stjórnandann að hlíta ekki ákvæðinu.]*

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1557 **2020/EES/50/68**

frá 17. október 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðmiðanir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við ákvörðun á verði margra fjármálagerninga og fjárhagslegra samninga og við mælingu á árangri margra fjárfestingarsjóða. Framlagning til viðmiðana og stjórnun þeirra er í mörgum tilvikum viðkvæm fyrir hagræðingu og aðilar sem eiga hlut að máli standa oft frammi fyrir hagsmunaárekstrum.

2) Til að gegna efnahagslegu hlutverki sínu þurfa viðmiðanir að vera dæmigerðar fyrir hinn undirliggjandi markað eða efnahagslega veruleika sem þær endurspegla. Endurspegli viðmiðun ekki lengur undirliggjandi markað, s.s. millibankavexti, er hætta á neikvæðum áhrifum, m.a. á heildarvirkni markaðar, fjármögnun heimila (lána og veðlána) og fyrirtæki í Sambandinu.

3) Áhættan fyrir notendur, markaði og efnahag Sambandsins eykst gjarnan ef heildarvirði fjármálagerninga, fjárhagslegra samninga og fjárfestingarsjóða, sem vísa í tiltekna viðmiðun, er hátt. Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er því komið á mismunandi flokkum viðmiðana og kveðið á um viðbótarkröfur sem tryggja heilleika og traustleika tiltekinna viðmiðana sem teljast vera mjög mikilvægar, þ.m.t. vald lögbærra yfirvalda til að fela einhverjum framlagningu til viðmiðunar eða stjórnun viðmiðunar við tilteknar aðstæður.

4) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 ([2]) er komið á skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/1011.

5) Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 hefur framkvæmdastjórnin heimild til að samþykkja framkvæmdargerðir til að koma á og endurskoða skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir að minnsta kosti á tveggja ára fresti.

6) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 má telja viðmiðanir með í skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir þegar þær m.a. byggjast á gögnum frá aðilum sem eru að meirihluta til staðsettir í einu aðildarríki og þær teljast vera mjög mikilvægar í viðkomandi aðildarríki.

7) Hinn 22. janúar 2019 tilkynnti sænska lögbæra yfirvaldið („Finansinspektionen“) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá tillögu sína að viðurkenna millibankavexti í Stokkhólmi (*e. Stockholm Interbank Offered Rate*) („Stibor-vextir“) sem mjög mikilvæga viðmiðun skv. b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 vegna þess að þeir eru mjög mikilvægir í Svíþjóð og byggjast á framlagningu gagna frá aðilum sem eru að meirihluta til staðsettir í Svíþjóð.

8) Stibor-vextir eru viðmiðunarvextir sem byggjast á meðaltali þeirra vaxta sem margir bankar, sem eru virkir á sænska peningamarkaðinum, eru tilbúnir að nota þegar þeir lána hverjir öðrum ótryggða sjóði með ólíka gjalddaga. Hinn 22. janúar 2018 tóku sjö bankar þátt í Stibor-nefndinni, þar af voru sex staðsettir í Svíþjóð og einn í Danmörku.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 2017, 12.8.2016, bls. 1).

9) Finansinspektionen komst að þeirri niðurstöðu, í úttekt sem stofnunin lagði fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að ef hætt yrði að nota Stibor-vextina eða þeir gerðir á grundvelli inntaksgagna eða hóps aðila sem endurspegla ekki lengur undirliggjandi markað eða efnahagslegan veruleika, myndi það hafa neikvæð áhrif á heildarvirkni fjármálamarkaða í Svíþjóð.

10) Úttekt Finansinspektionen sýnir að Stibor-vextirnir eru notaðir til viðmiðunar við verðlagningu á OTC-vaxtaafleiðum sem gefnar eru upp í sænskum krónum að útistandandi nafnvirði sem nemur 3 500 milljörðum evra. Nærri því fjórðungur skuldabréfa, sem eru gefin upp í sænskum krónum, nota Stibor-vexti til viðmiðunar og eru Stibor-vextirnir notaðir við verðlagningu 75% heildarlána til sænskra heimila og annarra stofnana en fjármálastofnana. Heildarvirði fjármálagerninga og fjárhagslegra samninga, þar sem Stibor-vextirnir eru notaðir til viðmiðunar, er um átta sinnum hærra en verg þjóðarframleiðsla Svíþjóðar. Stibor-vextirnir eru því afar mikilvægir fyrir fjármálastöðugleika og heildarvirkni markaðar í Svíþjóð. Í úttektinni er ályktað að verði hætt að nota Stibor-vextina eða þeir verði óáreiðanlegir muni það hafa umtalsverð neikvæð áhrif á starfsemi fjármálamarkaða í Svíþjóð og á fyrirtæki og neytendur vegna þess að þeir eru notaðir í lánum, afurðum neytendalána og fjárfestingarsjóðum.

11) Hinn 23. febrúar 2018 sendi Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmdastjórn Evrópusambandsins álit sitt þar sem kemur fram að hin sænska Finansinspektion hafi tekið tillit til allra þátta og viðmiðana sem felast í 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og að hún hafi lagt fram megindleg gögn til stuðnings því að Stibor-vextirnir verði viðurkenndir sem mikilvæg viðmiðun og einnig rökfærða greiningu þar sem lögð er áhersla á mikilvægt hlutverk Stibor-vaxta í sænska hagkerfinu.

12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 til samræmis við það.

13) Í ljósi mikilvægis Stibor-vaxtanna, útbreiddrar notkunar þeirra og hlutverks þeirra við úthlutun fjármagns í Svíþjóð ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 17. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/2011

Nr.	Viðmiðun	Stjórnandi	Staðsetning
1	Euribor-vextir (*e. Euro Interbank Offered Rate* (EURIBOR®))	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. *European Money Markets Institute* (EMMI))	Brussel, Belgíu
2	Millibankadagvextir í evrum (*e. Euro Overnight Index Average* (EONIA®))	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (EMMI)	Brussel, Belgíu
3	Millibankavextir í London (*e. London Interbank Offered Rate* (LIBOR))	ICE Benchmark Administration (IBA)	London, Bretlandi
4	Millibankavextir í Stokkhólmi (*e. Stockholm Interbank Offered Rate* (STIBOR))	Félag sænskra bankamanna (Svenska Bankföreningen)	Stokkhólmi, Svíþjóð“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/482 **2020/EES/50/69**

frá 22. mars 2019

um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Viðmiðanir hafa mikilvægu hlutverki að gegna við ákvörðun á verði margra fjármálagerninga og fjárhagslegra samninga og við mælingu á árangri margra fjárfestingarsjóða. Framlagning til viðmiðana og stjórnun þeirra er í mörgum tilvikum viðkvæm fyrir hagræðingu og aðilar sem eiga hlut að máli standa oft frammi fyrir hagsmunaárekstrum.

2) Til að gegna efnahagslegu hlutverki sínu þurfa viðmiðanir að vera dæmigerðar fyrir hinn undirliggjandi markað eða efnahagslega veruleika sem þær eiga að mæla. Endurspegli viðmiðun ekki lengur undirliggjandi markað, s.s. millibankavexti, er hætta á neikvæðum áhrifum m.a. á heildarvirkni markaðar, fjármögnun heimila (lána og veðlána) og fyrirtæki í Sambandinu.

3) Áhættan fyrir notendur, markaði og efnahag Sambandsins eykst gjarnan ef heildarvirði fjármálagerninga, fjármögnunarsamninga og fjárfestingarsjóða, sem vísa í tiltekna viðmiðun, er hátt. Með reglugerð (ESB) 2016/1011 er því komið á mismunandi flokkum viðmiðana og kveðið á um viðbótarkröfur sem tryggja heilleika og traustleika tiltekinna viðmiðana sem teljast mjög mikilvægar, þ.m.t. vald lögbærra yfirvalda til að fela einhverjum framlagningu til mjög mikilvægrar viðmiðunar eða stjórnunar viðmiðunar við tilteknar aðstæður.

4) Framkvæmdastjórnin hefur heimild til að samþykkja framkvæmdargerðir til að koma á fót og endurskoða skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir að minnsta kosti á tveggja ára fresti samkvæmt 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011.

5) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1011 ([2]) var komið á skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/2011.

6) Samkvæmt b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 má telja viðmiðanir með í skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir þegar þær eru byggðar á inntaksgögnum sem lögð eru fram af hálfu framlagsveitenda sem eru að meirihluta til staðsettir í einu aðildarríki og mikilvægi þeirra er viðurkennt í því aðildarríki.

7) Hinn 10. október 2018 tilkynnti pólska lögbæra yfirvaldið, Komisja Nadzoru Finansowego (hér eftir KNF) Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um tillögur sínar um að viðurkenna Millibankavexti í Varsjá (e. Warsaw Interbank Offered Rate) („Wibor-vextir“) sem mjög mikilvæga viðmiðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 vegna þess að þeir eru mikilvægir í Póllandi og eru byggðir á framlagi framlagsveitenda sem eru allir staðsettir í Póllandi.

8) Wibor-vextir eru viðmiðunarvextir sem byggðir eru á meðaltalsvöxtum sem bankar, sem starfa á pólska peningamarkaðinum, eru tilbúnir að nota til að lána hverjum öðrum ótryggða sjóði með ólíka gjalddaga. Frá og með 10. október 2018 taka ellefu bankar þátt í Wibor samráðshópnum, sem allir eru staðsettir í Póllandi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (Stjtíð. ESB L 217, 12.8.2016, bls. 1).

9) KNF komst að þeirri niðurstöðu, í úttekt sem stofnunin hefur lagt fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, að stöðvun á Wibor-vöxtunum eða framlagning þeirra á grundvelli inntaksgagna, eða hóps aðila sem leggja fram inntaksgögn sem endurspegla ekki lengur undirliggjandi markað eða efnahagslegan veruleika, myndi hafa neikvæð áhrif á heildarvirkni fjármálamarkaða í Póllandi.

10) Mat KNF sýnir að Wibor-vextir eru notaðir sem viðmiðun í 60% allra lána til heimila í Póllandi og í 70,1% útistandandi fasteignaveðlána. Í fasteignaveðlánum sem tekin hafa verið eftir 2013 hefur hlutur Wibor-vaxta hækkað í 98,5%. Að auki eru Wibor-vextir viðmiðun fyrir vaxtagreiðslur fyrir næstum 26% af heildarnafnvirði pólskra skuldabréfa. KNF hefur einnig sett fram gögn sem sýna að Wibor-vextir eru notaðir sem viðmiðun fyrir OTC-afleiður sem verslað er með utan verðbréfamarkaðar, fyrir útistandandi grundvallarfjárhæð að upphæð 366 milljarðar evra. Loks hefur KNF leitt í ljós, á grundvelli könnunar, að vísað er til Wibor-vaxta í fjárfestingarsjóðum með 2,6 milljarða evra sem heildarverðmæti hreinnar eignar. Heildarvirði fjármálagerninga og fjárhagslegra samninga, þar sem Wibor-vextirnir eru notaðir til viðmiðunar, er því hærra en verg þjóðarframleiðsla Póllands. Í úttektinni er niðurstaðan sú að Wibor-vextirnir skipti sköpum fyrir fjármálastöðugleika og heildarvirkni markaðar í Póllandi, og ef þeim verði hætt eða að þeir verði óáreiðanlegir gæti það hafa umtalsverð neikvæð áhrif á starfsemi fjármálamarkaða í Póllandi og á fyrirtæki og neytendur þar sem þeir eru notaðir í lánum, afurðum neytendalána og fjárfestingarsjóðum.

11) Hinn 8. nóvember 2018 sendi Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmdastjórn Evrópusambandsins álit sitt þar sem kemur fram að KNF hafi tekið tillit til allra þátta og viðmiðana sem felast í 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011 og að hún hafi látið í té megindleg gögn til að styðja við málið sem varðar viðurkenningu á Wibor-vöxtum sem mjög mikilvægrar viðmiðunar og einnig rökfærðar greiningar þar sem lögð er áhersla á mikilvægt hlutverk Wibor-vaxta í pólska hagkerfinu.

12) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 til samræmis við það.

13) Í ljósi mikilvægis Wibor-vaxta, útbreiddrar notkunar þeirra og hlutverks þeirra við úthlutun fjármagns í Póllandi ætti þessi reglugerð að öðlast gildi hið fyrsta.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 kemur viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir samkvæmt 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2016/1011

Nr.	Viðmiðun	Stjórnandi	Staður
1	Euribor-vextir (EURIBOR®)	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. European Money Markets Institute (EMMI))	Brussel, Belgíu
2	Millibankadagvextir í evrum (EONIA®)	Peningamarkaðsstofnun Evrópu (e. *European Money Markets Institute* (EMMI))	Brussel, Belgíu
3	Libor-vextir (LIBOR)	ICE Benchmark Administration (IBA)	London, Bretland
4	Millibankavextir í Stokkhólmi (STIBOR)	Félag sænskra bankamanna (Svenska Bankföreningen)	Stokkhólmur, Svíþjóð
5	Millibankavextir í Varsjá (WIBOR)	GPW Benchmarks S.A.	Varsjá, Póllandi“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/319 **2020/EES/50/70**

frá 6. febrúar 2019

um breytingu á IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar heilbrigðisvottun við innflutning til Sambandsins er varðar smitandi svampheilakvilla (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr. og inngangsorðum og m-lið 23. gr. a,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([2]), einkum inngangsorðum og d-lið og síðustu málsgrein 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er mælt fyrir um reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla [var áður „smitandi heilahrörnunarsjúkdómar“] í nautgripum, sauðfé og geitum. Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra. Sú reglugerð veitir einnig lagagrundvöll fyrir flokkun, eins og mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ([3]), aðildarríkja og þriðju landa eða svæða þeirra samkvæmt sjúkdómastöðu þeirra með tilliti til kúariðu þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg, áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða áhætta í tengslum við kúariðu er óskilgreind.

2) Í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar fram kröfur varðandi innflutning inn í Sambandið á lifandi dýrum, fósturvísum, eggjum og afurðum úr dýraríkinu. Einkum er í kafla B í viðaukanum settar fram kröfur vegna innflutnings á nautgripum þar sem tekið er tillit til stöðu kúariðu í þriðju löndum eða svæðum. Að auki er í kafla D í þeim viðauka mælt fyrir um kröfur varðandi vottun er varðar áhættu í tengslum við smitandi svampheilakvilla í heilbrigðisvottorðinu sem krafist er vegna innflutnings til Sambandsins á tilteknum aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum, þ.m.t. meðal annars unnið dýraprótín.

3) Í kafla B í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1396 ([4]), er þess krafist að lifandi nautgripir, sem eru fluttir inn í Sambandið, hafi ekki komist í tæri við kúariðutilvik eða aldurshóp þeirra. Með tilliti til þeirrar staðreyndar að helsta smitleið kúariðu er með fóðri sem er mengað

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 61, 28.2.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB frá 29. júní 2007 um að ákvarða stöðu aðildarríkja, þriðju landa eða tiltekinna svæða innan þeirra með tilliti til kúariðu út frá áhættu á sjúkdómnum (Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 frá 28. júní 2013 um breytingu á viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. ESB L 225, 19.8.2016, bls. 76).

af kúariðupríoni ætti að breyta þessari kröfu til að kveða á um að lifandi nautgripir, sem eru fluttir inn í Sambandið, megi ekki vera kúariðutilvik eða aldurshópur þeirra. Því ætti að breyta kafla B í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

4) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um heilbrigði manna og dýra sem varða aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir í því skyni að koma í veg fyrir og draga sem mest úr áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra af völdum þessara afurða. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([5]) er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna reglna um heilbrigði dýra og manna að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. tilteknar kröfur um innflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum frá þriðju löndum.

5) Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 eru tilgreindar tilteknar skilgreiningar sem nota á að því er varðar þá reglugerð. Í 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 er kveðið á um að sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til innflutnings inn í Sambandið eða umflutnings um það skuli fylgja heilbrigðisvottorð og yfirlýsingar í samræmi við fyrirmyndirnar sem settar eru fram í XV. viðauka við hana.

6) Í 1. lið greinar 11.4.13 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr ([6]) er mælt með að einungis megi nota kjöt- og beinamjöl og hamsa úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, og vörur sem innihalda slíkar afurðir og koma frá löndum eða svæðum þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar sem komið hefur upp innlent tilvik um kúariðu, í alþjóðaviðskiptum ef afurðirnar komu úr nautgripum sem fæddust eftir þann dag sem bann við fóðrun jórturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, kom á skilvirkan hátt til framkvæmdar í viðkomandi landi. Í 2. lið þeirrar greinar er mælt með að nota ekki kjöt- og beinamjöl og hamsa úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, og vörur sem innihalda slíkar afurðir, í alþjóðaviðskiptum ef þau koma frá löndum eða svæðum þar sem áhættu í tengslum við kúariðu er haldið í skefjum eða þar sem áhættan er óskilgreind.

7) Í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr er kjöt- og beinamjöl skilgreint sem fastar prótínafurðir sem fást þegar vefir úr dýrum eru unnir, þ.m.t. hálfunnar prótínafurðir aðrar en peptíð með sameindamassa undir 10 000 daltonum og amínósýrum. Því nær kjöt- og beinamjöl, eins og það er skilgreint í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, bæði yfir skilgreininguna á kjöt- og beinamjöli sem sett er fram í 27. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 og skilgreininguna á unnu dýraprótíni sem sett er fram í 5. lið þess viðauka.

8) Í samræmi við c-lið 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 má innflutningur til Sambandsins á kjöt- og beinamjöli, eins og það er skilgreint í löggjöf Sambandsins, einungis eiga sér stað ef framkvæmdarreglur hafa verið samþykktar þar sem sett eru skilyrði fyrir slíkum innflutningi. Þar eð slíkar framkvæmdarreglur hafa ekki verið samþykktar er innflutningur til Sambandsins á kjöt- og beinamjöli, úr efni í 1. flokki eða 2. flokki, sem stendur ekki leyfður. Innflutningur á unnu dýraprótíni, eins og það er skilgreint í löggjöf Sambandsins, má þó fara fram, með fyrirvara um fylgni við innflutningsskilyrði í tengslum við smitandi svampheilakvilla sem mælt er fyrir um í þætti B í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, sem og við skilyrðin vegna innflutnings á unnu dýraprótíni sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

9) Í því skyni að laga skilyrðin sem tengjast smitandi svampheilakvilla vegna innflutnings til Sambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, að ráðleggingunum í kaflanum um kúariðu í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr er rétt að breyta þætti B í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 þannig að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þeim þætti, taki mið af ráðleggingunum í grein 11.4.13 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr. Þar eð notkun á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum við framleiðslu á gæludýrafóðri er leyfð í Sambandinu ætti þó ekki, í því skyni að forðast mismunun gagnvart innflutningi samanborið við framleiðslu í Evrópusambandinu, að fylgja ráðleggingunum í grein 11.4.13 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr að því er varðar innflutning á gæludýrafóðri sem inniheldur unnið dýraprótín úr jórturdýrum, að því tilskildu að slíkt gæludýrafóður sé unnið og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

10) Því ætti að breyta þætti B í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

([6]) http://www.oie.int/international-standard-setting/terrestrial-code/access-online/

11) Gera má þá kröfu að afurðir úr dýraríkinu séu tilkynntar sem aukaafurðir úr dýrum samkvæmt lögum Sambandsins eða með ákvörðun rekstraraðilans sem ber ábyrgð. Ef rekstraraðili ákveður að afurðir úr dýraríkinu skuli tilkynntar sem aukaafurðir úr dýrum er sú ákvörðun endanleg. Slíkar aukaafurðir úr dýrum má ekki nota til manneldis. Tilteknar aukaafurðir úr dýrum eru með sömu tollnúmerin í sameinuðu nafnaskránni (SN-númer) og dýraafurðir sem eru ætlaðar til manneldis sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 ([7]). Að því er varðar flokkun samkvæmt SN-númeri er nauðsynlegt að tollyfirvöld í aðildarríkjunum geti gert skýran greinarmun á vörum sem eru hæfar til manneldis og vörum sem eru óhæfar til manneldis. Í því skyni að forðast allan rugling að því er varðar flokkunina ætti að taka skýrt fram í heilbrigðisábyrgðunum, sem um getur í innflutningsvotturðunum fyrir óunnar aukaafurðir úr dýrum, að þótt aukaafurðir úr dýrum séu úr dýraafurðum sem voru hæfar til manneldis á fyrra stigi séu þær nú flokkaðar og meðhöndlaðar sem aukaafurðir úr dýrum sem eru varanlega útilokaðar frá matvælakeðjunni. Því ætti að breyta fyrirmyndunum að heilbrigðisvottorðunum, sem settar eru fram í D-lið 3. kafla, F-lið 3. kafla og 8. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, til samræmis við það.

12) Að auki ætti að breyta vottun í tengslum við smitandi svampheilakvilla í fyrirmyndunum að vottorðum vegna innflutnings á tilteknum aukaafurðum úr dýrum inn í Sambandið og umflutnings gegnum það, sem settar eru fram 1. kafla, 1. kafla a, 2. kafla (A- og B-liður), 3. kafla (A-, B-, C-, D-, E- og F-liður), 4. kafla (B-, C- og D-liður), 6. kafla (B-liður), 8. kafla, 10. kafla (A- og B-liður), 11. kafla, 12. kafla og 18. kafla í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að taka tillit til krafnanna í kafla D í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 ([8]), með reglugerð (ESB) 2016/1396 og með þessari reglugerð.

13) Í skilyrðunum fyrir innflutningi á unnu dýraprótíni, sem um getur í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í 1. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, er þess krafist að blóð úr jórturdýrum sé ekki fyrir hendi í unnum dýraprótínum sem eru flutt inn frá þriðju löndum. Í nýju vottuninni í tengslum við smitandi svampheilakvilla, sem sett er fram í lið II.7. í fyrrgreindu heilbrigðisvottorði, eins og því er breytt með þessari reglugerð, er þó kveðið á um fullnægjandi ábyrgðir til að draga úr áhættu í tengslum við smitandi svampheilakvilla að því er varðar slíkar afurðir. Því ætti að fella brott textann „önnur en jórturdýr“ úr öllum fyrirmyndunum af heilbrigðisvottorðum, sem settar eru fram í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, sem á að breyta með þessari reglugerð.

14) Því ætti að breyta 1. kafla, 1. kafla a, 2. kafla (A- og B-liður), 3. kafla (A-, B-, C-, D-, E- og F-liður), 4. kafla (B-, C- og D-liður), 6. kafla (B-liður), 8. kafla, 10. kafla (A- og B-liður), 11. kafla, 12. kafla og 18. kafla í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

15) Að auki ætti að gera kröfu um að sendingum af millistigsafurðum sem eru ætlaðar til framleiðslu á snyrtivörum og lyfjum fylgi yfirlýsing, sem er gerð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í 20. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, við framvísun á skoðunarstöð á landamærum vegna heilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum. Millistigsafurðir mega samanstanda af eða innihalda aukaafurðir úr dýrum. Í núverandi fyrirmynd að yfirlýsingu er einungis tilgreindur takmarkaður fjöldi viðeigandi ST-númera sem rekstraraðili skal nota til að tilkynna vöru til tollyfirvalda í aðildarríkjum. Ekki er hægt að setja fram tæmandi lista yfir ST-númer fyrir fram í fyrirmyndinni að yfirlýsingu sem myndi ná yfir allar samsetningar aukaafurða úr dýrum í millistigsafurðinni. Því er rétt að skipta út núverandi ST-númerum þannig að aðilanum, sem er ábyrgur fyrir sendingunni, sé heimilt að tilkynna millistigsafurðir undir viðeigandi ST-númeri á skoðunarstöð á landamærum í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB ([9]). Því ætti að breyta 20. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

16) Til að komast hjá röskun á viðskiptum ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingartímabil þar sem vörur, sem falla undir breytingarnar sem gerðar eru á reglugerð (ESB) nr. 142/2011, ættu að vera áfram samþykktar til innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, að því tilskildu að þessar vörur uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 áður en þeim var breytt með þessari reglugerð.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

([7]) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2658/87 frá 23. júlí 1987 um tollskrár- og hagtöluflokkunarkerfið og sameiginlegu tollskrána (Stjtíð. EB L 256, 7.9.1987, bls. 1).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 630/2013 frá 28. júní 2013 um breytingu á viðaukunum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. ESB L 179, 29.6.2013, bls. 60).

([9]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

2. gr.

Ákvæðum XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Á umbreytingartímabili, sem stendur til 30. september 2019, skal halda áfram að samþykkja innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum ásamt meðfylgjandi heilbrigðisvottorði, sem hefur verið fyllt út á viðeigandi hátt og undirritað í samræmi við viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í 1. kafla, 1. kafla a, 2. kafla (A- og B-liður), 3. kafla (A-, B-, C-, D-, E- og F-liður), 4. kafla (B-, C- og D-liður), 6. kafla (B-liður), 8. kafla, 10. kafla (A- og B-liður), 11. kafla, 12. kafla og 18. kafla í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir breytingarnar sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar reglugerðar, og, eftir atvikum, ásamt meðfylgjandi yfirlýsingu, sem hefur verið fyllt út á viðeigandi hátt og undirrituð í samræmi við fyrirmyndina að yfirlýsingu sem sett er fram í 20. kafla þess viðauka, í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir breytingarnar sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að slík heilbrigðisvottorð eða yfirlýsingar hafi verið fylltar út á viðeigandi hátt og undirritaðar eigi síðar en 31. júlí 2019.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í kafla B:

i. Í stað inngangsorða b-liðar í þætti A kemur eftirfarandi:

„b) að dýrin eru auðkennd samkvæmt varanlegu auðkenningarkerfi, sem gerir kleift að rekja feril þeirra til móður og upprunahjarðar, og þau eru ekki eftirfarandi nautgripir:“

ii. Í stað inngangsorða b-liðar í þætti B kemur eftirfarandi:

„b) að dýrin eru auðkennd samkvæmt varanlegu auðkenningarkerfi, sem gerir kleift að rekja feril þeirra til móður og upprunahjarðar, og þau eru ekki eftirfarandi nautgripir:“

iii. Í stað inngangsorða c-liðar í þætti C kemur eftirfarandi:

„c) að dýrin eru auðkennd samkvæmt varanlegu auðkenningarkerfi, sem gerir kleift að rekja feril þeirra til móður og upprunahjarðar, og þau eru ekki eftirfarandi nautgripir:“

2) Í stað þáttar B í kafla D kemur eftirfarandi:

„ÞÁTTUR B

Kröfur vegna heilbrigðisvottorðs

1. Innflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða úr nautgripum, sauðfé og geitum, sem um getur í þætti A, skal háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

a) aukaafurð úr dýrum eða afleidd afurð:

i. inniheldur ekki og er ekki framleidd úr sérstöku áhættuefni eins og skilgreint er í 1. lið V. viðauka við þessa reglugerð og

ii. inniheldur ekki og kemur ekki úr vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé og geitum, nema ef dýrin, sem afurðir úr nautgripum, sauðfé og geitum eru fengnar úr, voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu, og

iii. er úr dýrum, sem hafa ekki verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg,

eða

b) aukaafurð úr dýrum eða afleidd afurð inniheldur ekki og er ekki fengin úr efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.

2. Til viðbótar við kröfurnar í 1. lið í þessum þætti skal innflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem um getur í d- og f-lið í þætti A, háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

a) að aukaafurð úr dýrum eða afleidd afurð sé upprunnin í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

eða

b) að aukaafurð úr dýrum eða afleidd afurð sé upprunnin í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hefur komið upp innlent tilvik um kúariðu og aukaafurðin úr dýrum eða afleidda afurðin kom úr dýrum, sem voru fædd eftir þann dag sem bann við fóðrun jórturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, kom á skilvirkan hátt til framkvæmdar í viðkomandi landi eða svæði.

Þrátt fyrir málsgreinina hér að framan skal ekki krefjast staðfestingarinnar, sem um getur í a- og b-lið, að því er varðar innflutning á unnu gæludýrafóðri sem er pakkað og merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins.

3. Til viðbótar við kröfurnar í 1. og 2. lið í þessum þætti skal innflutningur aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða, sem um getur í þætti A, sem innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og eru ætlaðar sem fóður, háður framvísun heilbrigðisvottorðs þar sem staðfest er:

a) að sauðféð og geiturnar, sem þessar aukaafurðir úr dýrum eða afleiddu afurðir eru fengnar úr, hafa verið haldin samfellt frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,

ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi,

iii. opinberar takmarkanir gilda um bú með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest,

iv. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt algerlega,

v. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili,

b) að mjólk og mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum koma frá búum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla,

c) að mjólk og mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum koma frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki a.m.k. undanfarin sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:

i. allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,

eða

ii. öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:

— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og

— dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.“

———

II. VIÐAUKI

Ákvæðum XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. kafla til F-liðar í 3. kafla kemur eftirfarandi:

„1. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir unnið dýraprótín, annað en prótín úr öldum skordýrum, sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður, vegna sendingar til eða umflutnings (2) *um Evrópusambandið*

LAND: **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími	I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
	I.3. Lögbært stjórnvald	
	I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland ISO-kóði I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði I.10. Viðtökusvæði Kóði	
I.11. Upprunastaður Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang	I.12. Viðtökustaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	
I.13. Fermingarstaður	I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl	I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB	
	I.17.	

I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐	Kældar ☐	Frystar ☐		I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til notkunar í fóður ☐	Til tæknilegra nota ☐	Framleiðsla á gæludýrafóðri ☐		
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land	ISO-kóði		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND

Unnið dýraprótín, *annað en prótín úr öldum skordýrum*, **sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður**

II. hluti: Vottun

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum 1. þátt II. kafla X. viðauka og I. kafla XIV. viðauka við hana, og votta að:

II.1. unna dýraprótínið eða -afurðin, sem er lýst hér að framan, inniheldur eingöngu unnið dýraprótín sem er ekki ætlað til manneldis og sem:

a) hefur verið framleitt og geymt hjá fyrirtæki eða í stöð, sem hefur verið samþykkt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og

b) hefur verið framleitt eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

([2]) *annaðhvort* [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) *og/eða* [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurður og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

([2]) *og/eða* [- blóð dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) *og/eða* [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

([2]) *og/eða* [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) *og/eða* [- blóð, fylgjur, ull, fjaðrir, hár, horn, afskurður af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

([2]) *og/eða* [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

([2]) *og/eða* [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá fyrirtækjum eða stöðvum sem framleiða afurðir til manneldis,]

LAND **Unnið dýraprótín**, *annað en prótín úr öldum skordýrum*, **sem er ekki ætlað til manneldis, þ.m.t. blöndur og afurðir sem innihalda slíkt prótín, aðrar en gæludýrafóður**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) *og/eða* [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— aukaafurðir úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

(2) *og/eða* [- vatna- og landhryggleysingjar aðrir en tegundir sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum og aðrir en skordýr,]

(2) *og/eða* [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

og

c) hefur verið meðhöndlað samkvæmt eftirfarandi vinnslustaðli:

(2) *annaðhvort* [hitun þannig að kjarnahiti verði meiri en 133 °C í a.m.k. 20 mínútur án hlés og við a.m.k. 3 bara raunþrýsting sem er fenginn með mettaðri gufu, og bitastærð fyrir vinnslu skal ekki vera meiri en 50 millimetrar,]

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum í Evrópusambandinu.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

E-LIÐUR 3. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir bragðbætandi innyflaafurðir til notkunar við framleiðslu á gæludýrafóðri vegna sendingar til eða umflutnings (2) *um Evrópusambandið*

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB	
		I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)
			I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐			I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða

I.25.	Vörur sem eru vottaðar: Sem gæludýrafóður ☐		Til tæknilegra nota ☐	
I.26.	Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land	ISO-kóði	I.27.	Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
I.28.	Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND **Bragðbætandi innyflaafurðir til notkunar við framleiðslu á gæludýrafóðri**

II. hluti: Vottun

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum 8. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum III. kafla XIII. viðauka og II. kafla XIV. viðauka, og votta að bragðbætandi innyflaafurðin sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstendur af aukaafurðum úr dýrum sem uppfylla kröfurnar hér á eftir um heilbrigði dýra,

II.2. hefur einungis verið framleidd úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum sem eru eingöngu:

([2]) *annaðhvort* [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) *og/eða* [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurður og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

([2]) *og/eða* [- blóð dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) *og/eða* [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

([2]) *og/eða* [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) *og/eða* [- gæludýrafóður og fóður úr dýraríkinu eða fóður sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

([2]) *og/eða* [- blóð, fylgjur, ull, fjaðrir, hár, horn, afskurður af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

([2]) *og/eða* [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

([2]) *og/eða* [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá stöðvum eða fyrirtækjum sem framleiða afurðir til manneldis,]

([2]) *og/eða* [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

LAND **Bragðbætandi innyflaafurðir til notkunar við framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

– aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

– egg,

– aukaafurðir úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

(2) *og/eða* [- aukaafurðir úr vatna- eða landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

(2) *og/eða* [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. sömu reglugerðar]

(2) *og/eða* [- efni úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð með tilskipun ráðsins 96/22/EB (2b) en innflutningur efnisins er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

II.3. hefur verið unnin með aðferð í samræmi við III. kafla XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til að eyða sjúkdómsvöldum,

II.4. hefur verið greind, með því að taka a.m.k. fimm slembisýni úr hverri vinnslulotu í geymslu eða strax að lokinni geymslu í vinnslustöðinni, og uppfyllir eftirfarandi staðla (3):

Salmonella: finnst ekki í 25g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

II.5. fullunna afurðin var:

(2) *annaðhvort* [í nýjum eða dauðhreinsuðum pokum,]

(2) *eða* [flutt í lausu í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald samþykkti fyrir notkun,]

og með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“,

II.6. fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,

II.7. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

(2) [II.8. bragðbætandi innyflaafurðin sem lýst er hér að framan

(2) *annaðhvort* [kemur úr öðrum jórturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.]]

(2) *eða* [kemur úr nautgripum, sauðfé eða geitum og inniheldur ekki og er ekki fengin úr:

(2) *annaðhvort* [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]

(2) *eða*

[a] sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (4),

b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB (5), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]

LAND **Bragðbætandi innyflaafurðir til notkunar við framleiðslu á gæludýrafóðri**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit er eingöngu skylt að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir vöru sem á að umflytja gegnum Evrópusambandið; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur í Evrópusambandinu.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.04, 05.06, 05.11 eða 23.09.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, og framleiðslu á gæludýrafóðri.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28:

  — Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, Mammalia, að undanskildum Ruminantia eða Suidae, Pesca, Mollusca, Crustacea, hryggleysingjar aðrir en Mollusca og Crustacea

  — Tilgreinið innyflaafurðina.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([2a]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.

([3]) Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: Þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýra og dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

F-LIÐUR 3. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir aukaafurðir úr dýrum (3) *til framleiðslu á gæludýrafóðri vegna sendingar til eða umflutnings* (2) *um Evrópusambandið*

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	I.12. Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer	Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer) I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐			I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða

I.25. Vörur sem eru vottaðar:					
Framleiðsla á gæludýrafóðri ☐		Til frekari vinnslu ☐		Til tæknilegra nota ☐	
I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐			I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐		
Þriðja land	ISO-kóði				
I.28. Auðkenning varanna					
		Samþykkisnúmer starfsstöðva			
Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II. hluti: Vottun

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan:

II.1.1. samanstanda af aukaafurðum úr dýrum sem uppfylla kröfurnar hér á eftir um heilbrigði dýra,

II.1.2. eru fengnar á yfirráðasvæði: ..... (1c) úr dýrum:

([2]) *annaðhvort* [a] sem hafa verið á þessu yfirráðasvæði frá fæðingu eða í a.m.k. þrjá mánuði fyrir slátrun eða framleiðslu,]

([2]) *eða* [b] voru felld úti í náttúrunni á þessu yfirráðasvæði (1d),]

([2]) *eða* [c] úr nagdýrum, nörturum, lagardýrum eða land- eða vatnahryggleysingjum,]

II.1.3. voru fengnar úr eða framleiddar úr dýrum:

([2]) *annaðhvort* [a] sem koma af búum:

i. þar sem, að því er varðar eftirfarandi sjúkdóma sem dýrin eru smitnæm fyrir, hvorki hafa komið upp tilvik eða faraldur af nautapest, svínafári, Newcastle-veiki eða alvarlegri fuglainflúensu næstliðna 30 daga né svínapest eða afríkusvínapest næstliðna 40 daga; né heldur á búum í nágrenninu, sem eru innan 10 km radíuss, næstliðna 30 daga og

ii. þar sem hvorki hefur komið upp tilvik eða faraldur af gin- og klaufaveiki næstliðna 60 daga, né á búum í nágrenninu, sem eru innan 25 km radíuss, næstliðna 30 daga og

b) sem:

i. voru ekki aflífuð til að uppræta dýrafarsótt,

ii. hafa verið á upprunabúinu í a.m.k. 40 daga fyrir brottflutning og verið flutt beint á sláturhús án þess að komast í snertingu við önnur dýr sem uppfylltu ekki sömu heilbrigðisskilyrði,

iii. hafa staðist heilbrigðisskoðun í sláturhúsi á næstliðnum 24 klukkustundum fyrir slátrun og sýna engin einkenni um sjúkdómana, sem um getur hér að framan, sem dýrin eru næm fyrir og

iv. hafa verið meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflífun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfylltu kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 ([4])]

([2]) *eða* [a] voru fönguð og felld úti í náttúrunni á svæði:

i. þar sem ekki hafa komið upp, innan 25 km radíuss, tilvik eða faraldrar neinna eftirtalinna sjúkdóma sem dýrin eru næm fyrir: gin- og klaufaveiki, nautapestar, Newcastle-veiki eða alvarlegrar fuglainflúensu næstliðna 30 daga eða svínapestar eða afríkusvínapestar næstliðna 40 daga og

ii. sem er a.m.k. 20 km frá landi eða hluta yfirráðasvæðis lands þaðan sem útflutningur til Evrópusambandsins á efni úr alifuglum er ekki leyfður næstliðna 30 daga eða á efni úr svínum næstliðna 40 daga og

b) voru flutt til kælingar, innan 12 klukkustunda eftir aflífun, annaðhvort á söfnunarstöð og strax að því loknu á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr eða beint á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr,]

LAND		**Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**	
II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.1.4. eru fengnar á stöð þar sem ekki hafa komið upp, innan 10 km radíuss, tilvik eða faraldur neinna sjúkdóma sem um getur í lið II.1.3, sem dýrin eru næm fyrir, næstliðna 30 daga eða, ef um er að ræða sjúkdómstilvik, framleiðsla hráefnis til útflutnings til Evrópusambandsins hefur einungis verið leyfð eftir að búið var að fjarlægja allt kjöt og öll hreinsun og sótthreinsun á stöðinni fór fram undir eftirliti opinbers dýralæknis,

II.1.5. hafa fengist og verið tilreiddar án þess að komast í snertingu við annað efni sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem krafist er hér að framan, og fengið þannig meðferð að komist var hjá því að sjúkdómsvaldar menguðu þær,

II.1.6. hafa verið settar í nýjar umbúðir sem leka ekki og í opinberlega innsiglaða gáma með merkimiðum sem á stendur „HRÁEFNI EINGÖNGU TIL FRAMLEIÐSLU Á GÆLUDÝRAFÓÐRI“ og heiti og heimilisfang viðtökustöðvar í Evrópusambandinu,

II.1.7. samanstanda eingöngu af eftirtöldum aukaafurðum úr dýrum sem eru:

(2) annaðhvort [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru taldir hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins þar til því er afdráttarlaust lýst yfir að þeir séu aukaafurðir úr dýrum af viðskiptalegum ástæðum,]

(2) og/eða [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurður og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

(2) og/eða [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

(2) og/eða [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

(2) og/eða [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

(2) og/eða [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá stöðvum eða fyrirtækjum sem framleiða afurðir til manneldis,]

(2) og/eða [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— aukaafurðir úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurn,

LAND		**Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**	
II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

(2) og/eða [- aukaafurðir úr vatna- eða landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

(2) og/eða [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. sömu reglugerðar]

(2) og/eða [- efni úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð með tilskipun 96/22/EB (4a) en innflutningur efnisins er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

II.1.8. hafa verið djúpfrystar í upprunastöðinni eða verið varðar skemmdum í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins þannig að þær skemmist ekki milli sendingar og afhendingar á viðtökustöðinni í Evrópusambandinu eða við umflutning gegnum Evrópusambandið,

II.1.9. ef um er að ræða hráefni til framleiðslu á gæludýrafóðri sem er fengið úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð með tilskipun 96/22/EB en innflutningurinn er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:

a) það var merkt í þriðja landinu, áður en það kom inn á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, með krossi sem er gerður með fljótandi viðarkolum eða virkum kolum á hverja ytri hlið frystrar blokkar eða, þegar hráefnið er flutt á vörubrettum sem er ekki skipt í aðskildar sendingar á meðan á flutningi til gæludýrafóðurs-stöðvarinnar, sem er ákvörðunarstaður þeirra í Evrópusambandinu, stendur eða á meðan á umflutningi gegnum Evrópusambandið stendur, á hverja ytri hlið hvers vörubrettis, þannig að merkingin nái yfir a.m.k. 70% af skálengd hliðar frosnu blokkarinnar og sé a.m.k. 10 cm breið,

b) ef um er að ræða ófrosið efni, hráefnið var merkt í þriðja landi, áður en það kom inn á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, með því að úða á það fljótandi viðarkolum eða með því að nota viðarkoladuft þannig að viðarkolin sjáist greinilega á efninu og

c) ef aukaafurðir úr dýrum eru úr hráefni, sem hefur verið meðhöndlað eins og um getur hér að framan, og öðru ómeðhöndluðu hráefni skal merkja allt hráefni í sendingunni eins og um getur í a- og b-lið hér að framan.

(2) (5) [II.2. Sértækar kröfur

(2) (6) [II.2.1. Aukaafurðirnar í þessari sendingu eru af dýrum sem hefur verið haldið á yfirráðasvæðinu sem um getur í lið II.1.2, þar sem húsdýr af nautgripakyni eru bólusett reglulega gegn gin- og klaufaveiki undir opinberu eftirliti.]

(2) (7) [II.2.2. Aukaafurðirnar í þessari sendingu samanstanda eingöngu af aukaafurðum úr dýrum, sem koma úr snyrtum sláturmat úr húsdýrum úr hópi jórturdýra, sem hafa verið látnar meyrna við umhverfishita sem er hærri en +2 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir, eða ef um er að ræða tyggjanda úr nautgripum og úrbeinað kjöt úr húsdýrum, í a.m.k. 24 klukkustundir.]]

(2) [II.3. aukaafurð úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri inniheldur eða er úr aukaafurðum úr jórturdýrum og:

(2) annaðhvort [er upprunnin í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu og]]

(2) eða [er upprunnin í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hefur komið upp innlent tilvik um kúariðu og aukaafurðin úr dýrum eða afleidda afurðin kom úr dýrum, sem voru fædd eftir þann dag sem bann við fóðrun jórturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, kom á skilvirkan hátt til framkvæmdar í viðkomandi landi eða svæði og]]

(2) annaðhvort [kemur úr öðrum jórturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.]

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) *eða* [koma úr nautgripum, sauðfé eða geitum og innihalda ekki og eru ekki fengnar úr:

(2) annaðhvort [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]

(2) eða [a) sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (8),

b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB (9), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur í Evrópusambandinu.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.04, 05.06, 05.07, 05.11.91 eða 05.11.99, 23.01, 41.01.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, og framleiðslu á gæludýrafóðri.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28:

  — Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, Mammalia, að undanskildum Ruminantia eða Suidae, Pesca, Mollusca, Crustacea, hryggleysingjar aðrir en Mollusca og Crustacea

  — Framleiðslustöð: fyllið út eftirlitsnúmer dýraheilbrigðisyfirvalda fyrir samþykkta fyrirtækið.

II. hluti:

(1a) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

(1b) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

LAND **Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

([1c]) Heiti og ISO-kóði útflutningslands eins og mælt er fyrir um í:

— 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010,

— 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 og

— 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009.

Einnig skal skrá ISO-kóða svæðaskiptingar í framangreindum viðaukum (eftir því sem við á fyrir þær smitnæmu tegundir sem eiga í hlut).

([1d]) Eingöngu fyrir lönd þaðan sem leyft er að flytja kjöt af villibráð, sem er ætlað til manneldis, af sömu dýrategund inn í Evrópusambandið.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Að undanskildu fersku blóði, hrámjólk, húðum og skinnum, hófum og klaufum og hornum, svínsburstum og fjöðrum (sjá viðeigandi sérstök vottorð í þeim viðauka fyrir innflutning á þessum vörum).

([4]) Stjtíð. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

([4a]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.

([5]) Viðbótarábyrgðir sem skal veita þegar efni úr húsdýrum úr hópi jórturdýra er upprunnið á yfirráðasvæði lands í Suður-Ameríku eða lands í Suður-Afríku eða hluta þess, þaðan sem einungis er heimilt að flytja inn til Evrópusambandsins meyrnað og úrbeinað, nýtt kjöt af húsdýrum úr hópi jórturdýra til manneldis. Einnig er leyfður innflutningur á heilum tyggjendum úr nautgripum, ristum í samræmi við 1. lið B-hluta I. kafla, IV. þáttar I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206).

([6]) Eingöngu fyrir tiltekin lönd í Suður-Ameríku.

([7]) Eingöngu fyrir tiltekin lönd í Suður-Ameríku og Suður-Afríku.

([8]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([9]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum í Evrópusambandinu.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift: “

Stimpill:

2) Í stað B- til D-liðar 4. kafla kemur eftirfarandi:

„B-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni, vegna sendingar til eða umflutnings ([2]) um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs			I.2.a.	
				I.3. Lögbært stjórnvald				
				I.4. Lögbært staðaryfirvald				
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði		Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer		I.12. Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl				I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB I.17.				
I.18. Lýsing á vöru						I.19. Vörunúmer (ST-númer)		
							I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐							I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms							I.24. Tegund umbúða	

I.25. Vörur sem eru vottaðar:

Til notkunar í fóður ☐ Framleiðsla á gæludýrafóðri ☐ Til tæknilegra nota ☐

I.26. Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
Þriðja land	ISO-kóði	

I.28. Auðkenning varanna

		Samþykkisnúmer starfsstöðva	
Tegund (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Númer framleiðslulotu

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti: Vottun

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]) og votta að blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan:

II.1. samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar hér á eftir,

II.2. samanstanda eingöngu af blóðafurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis,

II.3. hafa verið framleiddar og geymdar í stöð sem hefur verið samþykkt og verið undir eftirliti af hálfu lögbærs yfirvalds í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

II.4. hafa verið framleiddar eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum, sem eru:

([2]) annaðhvort [blóð sláturdýra, sem er hæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins en er ekki ætlað til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) og/eða [blóð sláturdýra, sem var hafnað og talið óhæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sýndi engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr skrokkum dýra sem var slátrað í sláturhúsi og voru taldir hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

II.5. hafa verið settar í vinnslu, í því skyni að gera sjúkdómsvalda óvirka:

([2]) annaðhvort [í samræmi við vinnsluaðferð ..... ([3]) sem sett er fram í III. kafla IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,]

([2]) eða [með aðferð og vinnslubreytum sem tryggja að afurðin samræmist þeim örverufræðilegu stöðlum sem settir eru fram í I. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011,]

([2]) eða [ef um er að ræða blóðafurðir, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín: hitameðhöndlun þannig að allt efnið hitni í a.m.k. 80 °C og þurrt blóð og blóðvökvi innihaldi ekki meira en 8% raka með vatnsvirkni sem er innan við 0,60.]

II.6. fullunna afurðin var:

([2]) annaðhvort [í nýjum eða dauðhreinsuðum sekkjum,]

([2]) eða [flutt í lausu í gámum eða með öðrum flutningatækjum sem höfðu fyrir notkun verið hreinsuð rækilega og sótthreinsuð með sótthreinsiefni sem lögbært yfirvald samþykkti fyrir notkun,]

og með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“,

II.7. fullunna afurðin var geymd í lokuðu rými,

II.8. allar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar til að komast hjá því að sjúkdómsvaldar mengi afurðina að lokinni meðhöndlun,

([2]) og [ef um er að ræða blóðafurðir, þ.m.t. úðaþurrkað blóð og blóðvökva úr svínum, sem eru ætlaðar til að fóðra svín hafa þær verið geymdar við stofuhita á þurrum geymslustað í a.m.k. 6 vikur.]

II.9. lögbært yfirvald hefur rannsakað slembisýni fyrir sendingu meðan á geymslu stendur eða við brottflutning úr geymslu og sannreynt að það uppfyllir eftirfarandi staðla ([4]):

Salmonella: finnst ekki í 25g: n = 5, c = 0, m = 0, M = 0,

Iðrabakteríur: n = 5, c = 2, m = 10, M = 300 í 1 g,

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) [II.10. blóðafurðin sem lýst er hér að framan

(2) annaðhvort [kemur úr öðrum jórturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.]]

(2) eða [kemur úr nautgripum, sauðfé eða geitum og inniheldur ekki og er ekki fengin úr:

(2) annaðhvort [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]

(2) eða [a) sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (5),

b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB (6), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]

II.11. blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan:

(2) annaðhvort [innihalda ekki mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum eða eru ekki ætlaðar í fóður fyrir alidýr, að undanskildum loðdýrum.]

(2) eða [innihalda mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum eða eru ætlaðar í fóður fyrir alidýr, að undanskildum loðdýrum, sem:

a) koma úr sauðfé og geitum sem hafa verið haldin samfellt frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,

ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi að því er varðar dæmigerða riðuveiki,

iii. opinberar takmarkanir gilda um bú með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest,

iv. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt,

v. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðis-stofnunarinnar um landdýr, hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili,

b) koma frá búum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla,

c) koma frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki undanfarin a.m.k. sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) annaðhvort [allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,]

(2) eða öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:

— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og

— dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.]]

II.12. blóðafurðin, sem lýst er hér að framan, inniheldur eða er úr aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og er, í samræmi við yfirlýsingu sendanda sem um getur í reit I.1,

(2) annaðhvort [ekki ætluð til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, önnur en loðdýr.]

(2) (7) eða [ætluð til framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, sem ekki eru jórturdýr, önnur en loðdýr og sendandinn hefur skuldbundið sig til að tryggja að skoðunarstöð á landamærum við komu fái niðurstöður úr greiningum sem gerðar eru í samræmi við aðferðirnar sem eru settar fram í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 (8).]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit er eingöngu skylt að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir vöru sem á að umflytja gegnum Evrópusambandið; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur í Evrópusambandinu.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.11.91, 05.11.99, 35.02 eða 35.04.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, og framleiðslu á gæludýrafóðri.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, aðrar Mammalia-tegundir en Ruminantia eða Suidae, Pesca, Reptilia.

LAND **Blóðafurðir, sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sem unnt er að nota sem fóðurefni**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Setjið inn aðferð 1 til 5 eða aðferð 7 eftir því sem við á.

([4]) Þar sem:

n = fjöldi sýna sem prófa skal,

m = viðmiðunargildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast fullnægjandi ef fjöldi baktería í öllum sýnunum fer ekki yfir m,

M = hámarksgildi fyrir fjölda baktería; niðurstöðurnar teljast ófullnægjandi ef fjöldi baktería í einu eða fleiri sýnum er M eða meira og

c = fjöldi sýna þar sem fjöldi baktería getur verið milli m og M en sýnið telst engu að síður fullnægjandi ef fjöldi baktería í öðrum sýnum er m eða þar undir.

([5]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

([7]) Einstaklingurinn sem er ábyrgur fyrir farminum sem um getur í reit I.6 verður að tryggja, ef blóðafurðirnar sem lýst er í þessu heilbrigðisvottorði eru ætlaðar til notkunar við framleiðslu á fóðri fyrir alidýr, sem eru ekki jórturdýr, önnur en loðdýr, að gerð verði greining á sendingunni í samræmi við aðferðirnar, sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009, í því skyni að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi. Upplýsingar um niðurstöður úr slíkri greiningu skulu festar við þetta heilbrigðisvottorð þegar sendingunni er framvísað á skoðunarstöð á landamærum í Evrópusambandinu.

([8]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á komustað í Evrópusambandinu.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

C-LIÐUR 4. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra, vegna sendingar til eða umflutnings (2) um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði
I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer	
I.12. Viðtökustaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer	
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB	
		I.17.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
		I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms		I.24. Tegund umbúða	

I.25.	Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota ☐	
I.26.	Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði	I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
I.28.	Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (vísindaheiti) Framleiðslustöð Númer framleiðslulotu	

LAND **Ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II. hluti: Vottun

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]), einkum c- og d-lið 8. gr. og 10. gr. hennar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að:

II.1. blóðafurðirnar sem lýst er hér að framan samanstanda af blóðafurðum sem uppfylla heilbrigðiskröfurnar sem koma fram hér á eftir,

II.2. þær samanstanda eingöngu af blóðafurðum sem eru ekki ætlaðar til manneldis eða í fóður,

II.3. þær hafa verið framleiddar og geymdar í stöð, sem er undir eftirliti lögbærs yfirvalds, eða í söfnunarstöðinni, og eru eingöngu úr eftirfarandi aukaafurðum úr dýrum:

([2]) *annaðhvort* [- blóði sláturdýra, sem er hæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins en er ekki ætlað til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) *og/eða* [- blóði sláturdýra, sem var hafnað og talið óhæft til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sýndi engin einkenni um sjúkdóma, sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr skrokkum dýra sem var slátrað í sláturhúsi og voru taldir hæfir til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) *og/eða* [- blóði sláturdýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr, fengið úr dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi eftir að hafa verið talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

([2]) *og/eða* [- blóði og blóðafurðum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis,]

([2]) *og/eða* [- blóði og blóðafurðum úr lifandi dýrum sem sýndu engin einkenni um sjúkdóm sem getur borist með þessari afurð í menn eða dýr,]

([2]) *og/eða* [- aukaafurðum úr dýrum sem fengið hafa ólöglega meðhöndlun, eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 96/22/EB ([2a]) eða í b-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB ([2b]),]

([2]) *og/eða* [- aukaafurðum úr dýrum sem innihalda leifar af öðrum efnum og aðskotaefnum úr umhverfinu sem tilgreind eru í 3. undirflokki B-flokks í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB, ef slíkar efnaleifar eru umfram það magn sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins eða, ef það er ekki gefið upp, í landslöggjöf,]

II.4. blóðinu sem slíkar afurðir voru framleiddar úr var safnað í sláturhúsum sem eru samþykkt í samræmi við löggjöf Sambandsins, sláturhúsum sem lögbært yfirvald í þriðja landinu þar sem blóðinu var safnað hefur samþykkt og hefur eftirlit með, eða úr lifandi dýrum í starfsstöðvum sem lögbært yfirvald í þriðja landinu þar sem blóðinu var safnað hefur samþykkt og hefur eftirlit með,

([2]) [II.5. ef um er að ræða blóðafurðir úr dýrum sem tilheyra tegundahópunum klaufdýr (Artiodactyla), hófdýr (Perissodactyla) og ranadýr (Proboscidea), þ.m.t. kynblendingar af tegundum innan þessara tegundahópa, blóðinu var safnað í landi eða á svæði þar sem engin tilvik nautapestar, fjárpestar og sigdalssóttar hafa verið skráð á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum og þar sem bólusetning gegn þessum sjúkdómum hefur ekki farið fram á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum og

([2]) *annaðhvort* [í þriðju löndum, yfirráðasvæðum eða hlutum þeirra ..... (*tilgreinið ISO-kóða lands ef um er að ræða land eða kóða ([3]) fyrir yfirráðasvæði eða hluta þeirra*) þar sem engin tilvik gin- og klaufaveiki hafa verið skráð á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum og þar sem bólusetning gegn þessum sjúkdómi hefur ekki farið fram á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum og]

([2]) *eða* [í þriðju löndum, yfirráðasvæðum eða hlutum þeirra ..... (*tilgreinið ISO-kóða lands ef um er að ræða land eða kóða ([3]) fyrir yfirráðasvæði eða hluta þeirra*) þar sem engin tilvik gin- og klaufaveiki hafa verið skráð á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum og þar sem húsdýr í hópi jórturdýra hafa verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki, undir opinberu eftirliti á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum ([4]) og]]

LAND **Ómeðhöndlaðar blóðafurðir, þó ekki úr dýrum af hestaætt, til framleiðslu á afleiddum afurðum til notkunar utan fóðurferlis alidýra**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) [II.5.1. ef um er að ræða dýr sem ekki eru af svínaætt (Suidae) og naflasvínaætt (Tayassuidae) í þriðju löndum eða svæðum þar sem:

(2) *annaðhvort* [engin tilvik munnblöðrubólgu og blátungu (2), (þ.m.t. að sermijákvæð dýr eru ekki fyrir hendi), hafa verið skráð á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum og bólusetning gegn þessum sjúkdómum hefur ekki átt sér stað á a.m.k. næstliðnum 12 mánuðum,]

(2) *eða* [að því er varðar munnblöðrubólgu og blátungu (2) eru sermijákvæð dýr til staðar (4),]]

(2) *og/eða* [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá stöðvum eða fyrirtækjum sem framleiða afurðir til manneldis,]]

(2) *og/eða* [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— aukaafurðir úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]]

II.5. vatnsrofna prótínið/tvíkalsíumfosfatið/þríkalsíumfosfatið (2):

a) var sett í innri og ytri umbúðir með merkimiðum sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS“ og geymt og flutt við fullnægjandi skilyrði er varða hollustuhætti, pökkun í innri og ytri umbúðir fór fram í sérstöku rými og einungis voru notuð rotvarnarefni sem eru leyfileg samkvæmt löggjöf Sambandsins og

(2) *annaðhvort* [b) var framleitt, ef um er að ræða vatnsrofið prótín, með aðferð þar sem viðeigandi ráðstafanir eru gerðar til að halda mengun hráefnis í 3. flokki í lágmarki.

Ef um er að ræða vatnsrofin prótín, sem eru alveg eða að hluta til úr húðum og skinnum jórturdýra, var framleitt í vinnslustöð sem eingöngu er ætluð til framleiðslu á vatnsrofnum prótínum, með ferli sem felur í sér aðskilnað hráefna í 3. flokki með söltun, kölkun og vandlegri skolun og að því búnu:

i. með því að láta efnið vera við pH-gildi yfir 11 í meira en þrjár klukkustundir við hita, sem er yfir 80 °C, og síðan skal það hitað í yfir 140 °C í 30 mínútur við meira en 3,6 bara þrýsting eða

ii. var efnið geymt við pH-gildi 1 til 2, síðan við hærra pH-gildi en 11 og loks hitað í yfir 140 °C í 30 mínútur við 3 bara þrýsting.]

(2) *eða* [b) ef um er að ræða tvíkalsíumfosfat, var framleitt með vinnsluferli sem:

i. tryggir að allt efni úr beinum í 3. flokki sé mulið smátt, fituhreinsað með heitu vatni og meðhöndlað með þynntri saltsýru (með 4% styrkleika að lágmarki og lægra pH-gildi en 1,5) í minnst tvo daga,

ii. því fylgt eftir með því að meðhöndla fosfórríkan vökvann, sem þá hefur fengist, með kalki þannig að tvíkalsíumfosfat falli út við pH 4 til 7 og

LAND **Vatnsrofið prótín, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat, sem ekki er ætlað til manneldis, til notkunar sem fóðurefni eða utan fóðurferlisins**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

iii. loks skal þetta botnfall loftþurrkað og hitastig við inntak skal vera á bilinu 65 til 325 °C og lokahitastigið á bilinu 30 til 65 °C.]

(2) *eða* [b] ef um er að ræða þríkalsíumfosfat, var framleitt með vinnsluferli sem tryggir:

i. að allt efni úr beinum í 3. flokki sé mulið smátt og fituhreinsað í gagnstreymi með heitu vatni (beinflísar skulu vera minni en 14 mm),

ii. samfellda gufusuðu við 145 °C í 30 mínútur við 4 bara þrýsting,

iii. að prótínseyðið sé aðskilið frá hýdroxýapatítinu (þríkalsíumfosfatinu) með skiljun og

iv. að kyrning á þríkalsíumfosfatinu eigi sér stað að lokinni þurrkun á svifbeði við 200 °C lofthita.]

(2) [II.6. vatnsrofna prótínið/tvíkalsíumfosfatið/þríkalsíumfosfatið (2) sem lýst er hér að framan

(2) *annaðhvort* [kemur úr öðrum jórturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.]]

(2) *eða* [kemur úr nautgripum, sauðfé eða geitum og inniheldur ekki og er ekki fengið úr:

(2) *annaðhvort* [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]

(2) *eða* [a] sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 (3),

b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB (4), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]

II.7. vatnsrofna prótínið/tvíkalsíumfosfatið/þríkalsíumfosfatið (2) sem lýst er hér að framan:

(2) *annaðhvort* [inniheldur ekki mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum eða er ekki ætlað í fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr.]

(2) *eða* [inniheldur mjólk eða mjólkurafurðir úr sauðfé eða geitum og er ætlað í fóður fyrir alidýr, önnur en loðdýr, og mjólkin eða mjólkurafurðirnar:

a) koma úr sauðfé og geitum sem hafa verið haldin samfellt frá fæðingu í landi þar sem eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. skylt er að tilkynna um dæmigerða riðuveiki,

ii. til staðar er kerfi til að efla vitund, eftirlitskerfi og vöktunarkerfi að því er varðar dæmigerða riðuveiki,

iii. opinberar takmarkanir gilda um bú með sauðfé eða geitur þar sem grunur leikur á um smitandi svampheilakvilla eða uppkoma dæmigerðrar riðuveiki er staðfest,

LAND **Vatnsrofið prótín, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat, sem ekki er ætlað til manneldis, til notkunar sem fóðurefni eða utan fóðurferlisins**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

iv. sauðfé og geitur, sem eru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, eru aflífuð og þeim eytt,

v. fóðrun sauðfjár og geita á kjöt- og beinamjöli eða hömsum úr jórturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, hefur verið bönnuð og banninu fylgt eftir á skilvirkan hátt í öllu landinu á a.m.k. undanfarandi sjö ára tímabili,

b) koma frá búum þar sem engar opinberar takmarkanir eru í gildi vegna gruns um smitandi svampheilakvilla,

c) koma frá búum þar sem ekki hefur greinst neitt tilvik dæmigerðrar riðuveiki undanfarin sjö ár eða, eftir að tilvik dæmigerðrar riðuveiki hefur verið staðfest:

(2) *annaðhvort* [allt sauðfé og geitur á búinu hafa verið aflífuð og þeim eytt eða slátrað, að frátöldum hrútum til undaneldis, sem eru af arfgerðinni ARR/ARR, ám til undaneldis, sem eru með a.m.k. eina ARR-genasamsætu en enga VRQ-genasamsætu, og öðru sauðfé sem er með a.m.k. eina ARR-genasamsætu,]

(2) *eða* öll dýr, sem staðfest var að væru sýkt af dæmigerðri riðuveiki, hafa verið aflífuð og þeim eytt og í a.m.k. tvö ár frá staðfestingu á síðasta tilviki dæmigerðrar riðuveiki hefur búið fallið undir aukna vöktun vegna smitandi svampheilakvilla, þ.m.t. prófanir á því hvort smitandi svampheilakvilli er til staðar sem hafa skilað neikvæðum niðurstöðum, í samræmi við rannsóknarstofuaðferðirnar sem settar eru fram í lið 3.2. í kafla C í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, á öllum eftirtöldum dýrum sem eru eldri en 18 mánaða, að frátöldu sauðfé af ARR/ARR-arfgerð:

— dýrum sem hefur verið slátrað til manneldis og

— dýrum sem hafa drepist eða verið aflífuð á búinu en voru ekki aflífuð innan ramma herferðar til að útrýma sjúkdómum.]]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit er eingöngu skylt að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir vöru sem á að umflytja gegnum Evrópusambandið; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur.

— Reitur I.19: nota skal viðeigandi ST-númer: 05.08, 28.35.25; 28.35.26, 29.22; 35.02; 35.03 eða 35.04.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, og framleiðslu á gæludýrafóðri.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28:

— Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, Mammalia, að undanskildum Ruminantia eða Suidae, Pesca, Mollusca, Crustacea, hryggleysingjar aðrir en Mollusca og Crustacea.

LAND **Vatnsrofið prótín, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat, sem ekki er ætlað til manneldis, til notkunar sem fóðurefni eða utan fóðurferlisins**

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

— Tegund verslunarvöru: tilgreinið hvort um er að ræða vatnsrofið prótín, tvíkalsíumfosfat eða þríkalsíumfosfat.

— Framleiðslustöð: fyllið út skráningarnúmer stöðvar þar sem meðhöndlun eða vinnsla fór fram.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á komustað í Evrópusambandinu.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift: “

Stimpill:

6) Í stað 18. kafla kemur eftirfarandi:

„18. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófa og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætluð til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum, vegna sendingar til eða umflutnings (2) *um Evrópusambandið*

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs			I.2.a.	
				I.3. Lögbært stjórnvald				
				I.4. Lögbært staðaryfirvald				
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði	
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer Samþykkisnúmer		I.12. Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugeymsla ☐ Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl				I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB				
				I.17. CITES-nr.				
I.18. Lýsing á vöru						I.19. Vörunúmer (ST-númer) **05,07**		
							I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐		Kældar ☐	Frystar ☐				I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms							I.24. Tegund umbúða	

I.25.	Vörur sem eru vottaðar: Til frekari vinnslu ☐ Til tæknilegra nota ☐			
I.26.	Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði		I.27.	Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
I.28.	Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva			
	Tegund (Vísindaheiti)	Framleiðslustöð	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu

LAND

Horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófar og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, ætlað til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum

II. hluti: Vottun

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([1a]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1b]), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að hornin og hornafurðirnar, að undanskildu hornamjöli, og hófarnir og klaufirnar og afurðirnar úr hófum og klaufum, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum ([2]), sem lýst er hér að framan:

II.1. eru af/úr dýrum

([2]) *annaðhvort* [sem var slátrað í sláturhúsum og hafa áður gengist undir skoðun fyrir slátrun þar sem þau voru talin hæf til slátrunar til manneldis,]

([2]) *eða* [sem sýndu engin klínísk einkenni um sjúkdóm sem getur borist með þeirri afurð í menn eða dýr,]

II.2. horn, hornafurðir, hófar og klaufir og afurðir úr hófum og klaufum skulu hafa verið hitameðhöndluð í eina klukkustund þannig að kjarnahitinn varð a.m.k. 80 °C,

II.3. horn skulu hafa verið fjarlægð án þess að opna kúpuholið,

II.4. allar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að forðast víxlmengun á öllum stigum vinnslu, geymslu eða flutnings,

II.5. hornum og hornafurðum, að undanskildu hornamjöli, hófum og klaufum og afurðum úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, var pakkað:

([2]) *annaðhvort* [í nýjar pakkningar eða gáma,]

([2]) *eða* [í ökutæki eða gámum fyrir efni í lausu, sem hafa verið sótthreinsaðir fyrir fermingu með efni sem lögbært yfirvald hefur samþykkt,]

og pakkningarnar eða gámarnir hafa verið merkt þannig að tegund aukaafurðar úr dýrum ([3]) er tilgreind og bera merkimiða sem á stendur „ÓHÆFT TIL MANNELDIS EÐA Í DÝRAFÓÐUR“ og heiti og heimilisfang viðtökustöðvar.

([2])[II.6. Horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, og hófar og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem lýst er hér að framan

([2]) *annaðhvort* [koma úr öðrum jórturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.]]

([2]) *eða* [koma úr nautgripum, sauðfé eða geitum og innihalda ekki og eru ekki fengin úr:

([2]) *annaðhvort* [efni úr nautgripum, sauðfé og geitum, öðru en því sem fengið er úr dýrum sem voru fædd og síðan alin samfellt frá burði og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]

([2]) *eða*

[a] sérstöku áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ([4]),

b) vélúrbeinuðu kjöti, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ([5]), sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,

c) aukaafurð úr dýrum eða afleiddri afurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ílöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]

LAND **Horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, hófar og klaufir og afurðir úr þeim, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, ætlað til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit er eingöngu skylt að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir vöru sem á að umflytja gegnum Evrópusambandið; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið.

— Reitir I.11 og I.12: Samþykkisnúmer: skráningarnúmer fyrirtækisins eða stöðvarinnar, sem lögbært yfirvald hefur gefið út.

— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru. Afurðir sem eru í umflutningi skal eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvörugeymslum.

— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfermingar kemur í Evrópusambandinu.

— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsiglisnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

— Reitir I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.

— Reitur I.28: Tegund vöru.

II. hluti:

([1a]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([1b]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([3]) Tegund afurðar: horn, hornafurðir, hófar og klaufir, afurðir úr hófum og klaufum.

([4]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á komustað í Evrópusambandinu.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift: “

Stimpill:

7) Í stað 20. kafla kemur eftirfarandi:

„20. KAFLI

Fyrirmynd að yfirlýsingu

Yfirlýsing vegna innflutnings frá þriðju löndum og vegna umflutnings um (2) Evrópusambandið á millistigsafurðum sem á að nota til framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum til notkunar í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefni á rannsóknarstofum og snyrtivörur

LAND: **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang		I.12. Viðtökustaður Tollvörugeymsla ☐ Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB	
		I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)
			I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐			I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða

I.25.	Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota ☐		
I.26.	Til umflutnings um ESB til þriðja lands ☐ Þriðja land ISO-kóði	I.27.	Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐
I.28.	Auðkenning varanna Samþykkisnúmer starfsstöðva Tegund (Vísindaheiti) Framleiðslustöð Eigin þyngd Númer framleiðslulotu		

LAND

Millistigsafurðir sem er ætlaðar til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum og snyrtivörum

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti: Vottun

YFIRLÝSING

Ég, undirrituð/undirritaður, lýsi því yfir að millistigsafurðin, sem um getur hér að framan, er ætluð til innflutnings eða umflutnings um Evrópusambandið, af minni hálfu, og að hún uppfyllir skilgreininguna um millistigsafurð sem kveðið er á um í 35. lið I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([1a]), og einkum að:

([1]) hún er ætluð til framleiðslu á:

([2]) *annaðhvort* [- lyfjum,]

([2]) *og/eða* [- dýralyfjum,]

([2]) *og/eða* [- lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga,]

([2]) *og/eða* [- virkum, ígræðanlegum lækningatækjum,]

([2]) *og/eða* [- lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga,]

([2]) *og/eða* [- prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum,]

([2]) *og/eða* [- snyrtivörum,]

([2]) stigum hönnunar, ummyndunar og framleiðslu hefur verið lokið á fullnægjandi hátt til að nota megi efnið beint eða sem efnisþátt í afurð í þeim tilgangi, að frátöldu því að það þarfnast frekari meðhöndlunar eða ummyndunar, t.d. blöndunar, húðunar, samsetningar eða pökkunar, til að það teljist hæft til setningar á markað eða til notkunar sem lyf, dýralyf, lækningatæki sem er notað í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkt, ígræðanlegt lækningatæki, lækningatæki til sjúkdómsgreininga í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga eða snyrtivara í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins ([1b]) sem gildir um þær afurðir, eða sem prófefni til notkunar á rannsóknarstofum,

([3]) hún er fengin úr eftirfarandi:

([2]) *annaðhvort* [- efni sem hugsanlega er úr dýrum sem hafa fengið ólöglega meðferð eins og skilgreint er í d-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 96/22/EB ([2a]) eða í b-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/23/EB ([2b]) ,]

([2]) *og/eða* [- skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en eru ekki ætlaðir til manneldis af viðskiptalegum ástæðum,]

([2]) *og/eða* [- skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:

i. skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

ii. hausar af alifuglum,

iii. húðir og skinn, þ.m.t. afskurðir og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein á afturfótum dýra, annarra en jórturdýra,

iv. svínsburstir,

v. fjaðrir,]

LAND

Millistigsafurðir sem er ætlaðar til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum og snyrtivörum

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) *og/eða* [- blóð dýra sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóm sem getur smitast í menn eða dýr með blóði, fengið úr dýrum, öðrum en jórturdýrum, sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og sem voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun í samræmi við löggjöf Sambandsins,]

(2) *og/eða* [- aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]

(2) *og/eða* [- afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

(2) *og/eða* [- gæludýrafóður og fóður úr dýraríkinu eða fóður sem inniheldur aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir, sem eru ekki lengur ætlaðar til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]

(2) *og/eða* [- blóð, fylgjur, ull, fjaðrir, hár, horn, afskurður af hófum og klaufum og hrámjólk úr lifandi dýrum sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta borist með viðkomandi afurð í menn eða dýr,]

(2) *og/eða* [- lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]

(2) *og/eða* [- aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá stöðvum eða fyrirtækjum sem framleiða afurðir til manneldis,]

(2) *og/eða* [- eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:

i. skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,

ii. eftirfarandi efni úr landdýrum:

— aukaafurðir frá útungunarstöðvum,

— egg,

— aukaafurðir úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurn,

iii. dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]

(2) *og/eða* [- aukaafurðir úr vatna- eða landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

(2) *og/eða* [- dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

(2) *og/eða* [- afurðir sem eru fengnar úr eða myndaðar af:

— lagardýrum, og hlutum slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,

— vatna- og landhryggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,

— dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]

LAND

Millistigsafurðir sem er ætlaðar til notkunar við framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum og snyrtivörum

II.	**Upplýsingar um heilbrigði**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(2) *og/eða* [- dýrum og skrokkhlutum dýra, öðrum en þeim sem um getur í 8. eða 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,

i. sem deyja á annan hátt en með slátrun eða aflífun til manneldis, þ.m.t. dýr sem eru aflífuð vegna sjúkdómsvarna,

ii. fóstur,

iii. eggfrumur, fósturvísar og sæði sem ekki er ætlað til undaneldis og

iv. egg með dauðum alifuglaungum,]

(2) *og/eða* [- aukaafurðir úr dýrum, þó ekki efni úr 1. flokki eða efni úr 3. flokki,]

(4) ystu umbúðir hennar eru merktar „EINUNGIS ÆTLAÐ Í LYF/DÝRALYF/LÆKNINGATÆKI SEM ERU NOTUÐ Í LÆKNISFRÆÐILEGUM TILGANGI OG TIL DÝRALÆKNINGA/VIRK, ÍGRÆÐANLEG LÆKNINGATÆKI/LÆKNINGATÆKI TIL SJÚKDÓMSGREININGAR Í GLASI Í LÆKNISFRÆÐILEGUM TILGANGI OG TIL DÝRALÆKNINGA/PRÓFEFNI TIL NOTKUNAR Á RANNSÓKNARSTOFUM/SNYRTIVÖRUR“ og ekki má taka hana til neinnar annarrar notkunar innan Evrópusambandsins,

(5) sendingin verður flutt beint til viðtökustaðar í Evrópusambandinu eins og tilgreint er í lið I.12 í þessari yfirlýsingu, þ.e.:

(2) *annaðhvort* [fyrirtækis eða stöðvar til framleiðslu á lyfjum, dýralyfjum, lækningatækjum sem eru notuð í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, virkum, ígræðanlegum lækningatækjum, lækningatækjum til sjúkdómsgreiningar í glasi í læknisfræðilegum tilgangi og til dýralækninga, prófefnum til notkunar á rannsóknarstofum eða snyrtivörum, sem er skráð í samræmi við 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009],

(2) *eða* [fyrirtækis eða stöðvar, sem hefur fengið samþykki í samræmi við i-lið. 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þaðan sem einungis er leyfilegt að senda þær til fyrirtækis eða stöðvar sem um getur í undirliðnum hér að ofan.]

Athugasemdir

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer) í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/275/EB frá 17. apríl 2007 um skrár yfir dýr og afurðir sem skulu sæta eftirliti á skoðunarstöðvum á landamærum samkvæmt tilskipunum ráðsins 91/496/EBE og 97/78/EB (Stjtíð. ESB L 116, 4.5.2007, bls. 9).

— Reitur: I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar dýra.

(1a) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

(1b) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67), tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki (Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi (Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur (Stjtíð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 59), eftir því sem við á.

(2) Strikið yfir það sem á ekki við.

(2a) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3.

(2b) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

Innflytjandi

Nafn (með hástöfum): Heimilisfang:

Dagsetning: Undirskrift:“.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2075 2020/EES/50/71

frá 29. nóvember 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla) 1, 8, 34, 37 og 38, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 2, 3 og 6 og 12., 19., 20. og 22. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkanir) og 32. túlkun fastanefndarinnar um túlkanir (SIC-túlkun) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 29. mars 2018 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út breytingar á tilvísunum í hugtakarammann í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Markmiðið með breytingunum er að uppfæra núverandi tilvísanir í nokkrum stöðlum og túlkunum til fyrri ramma með tilvísunum til endurskoðaða hugtakarammans.

3) Með samráði við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil er staðfest að breytingarnar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, og IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, og alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*, IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, og IFRS-staðli 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*, og túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil, IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuívilnun*, IFRIC-túlkun 19, *greiðsla skulda með eiginfjárgerningum*, IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*, og IFRIC-túlkun 22, *viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla*, og túlkun fastanefndarinnar um túlkanir, SIC-túlkun 32, *óefnislegar eignir — kostnaður við vefsetur*, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

b) IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

c) IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

d) IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

e) IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

f) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

g) IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

h) IFRS-staðli 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

i) túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil, IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuívilnun*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

j) IFRIC-túlkun 19, *greiðsla skulda með eiginfjárgerningum*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

k) IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

l) IFRIC-túlkun 22, *viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

m) túlkun fastanefndarinnar um túlkun, SIC-túlkun 32, *óefnislegar eignir — kostnaður við vefsetur*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2020 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Breytingar á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum

Breytingar á IFRS-stöðlum

Breytingar á
IFRS-staðli 2, *eignarhlutatengd greiðsla*

Bætt er við lið 63E.

GILDISTÖKUDAGUR

...

63E Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var neðanmálsgrein við skilgreininguna á eiginfjárgerningi í viðbæti A breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunni á IFRS-staðli 2 afturvirkt, með fyrirvara um umbreytingarákvæði 53.–59. liðar í þessum staðli, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunni á IFRS-staðli 2 með vísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

Í viðbæti A er neðanmálsgrein við skilgreininguna á eiginfjárgerningi breytt.

* Í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* sem gefinn var út 2018 er skuld skilgreind sem núverandi skuldbinding einingar um að millifæra fjármagn vegna liðinna atburða

Breyting á
IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*

Í 11. lið fellur neðanmálsgrein við orðið „*Rammi*“ brott og neðanmálsgrein við orðin „*Rammi um gerð og framsetningu reikningsskila*“ er bætt við. Ekki hafa verið gerðar breytingar á 11. lið að öðru leyti en hann er talinn með til að auðvelda tilvísanir.

Færsluskilyrði

11. Til að uppfylla skilyrði um færslu samkvæmt yfirtökuaðferð þurfa yfirteknar aðgreinanlegar eignir og yfirteknar skuldir á yfirtökudegi að falla að skilgreiningu á eignum og skuldum í *Rammanum um gerð og framsetningu reikningsskila*†. Kostnaður sem yfirtökuaðili væntir, en er ekki skylt að leggja út í, og til fellur ef yfirtökuaðili ákveður að fylgja áætlunum sínum og binda endi á tiltekna starfsemi yfirtekna aðilans eða segja upp starfsmönnum eða færa starfsmenn yfirtekna aðilans til í starfi, myndar til dæmis ekki skuldbindingu á yfirtökudaginn. Þess vegna færir yfirtökuaðili ekki þann kostnað sem hluta af beitingu yfirtökuaðferðarinnar. Í staðinn færir yfirtökuaðili þann kostnað í reikningsskil sín eftir sameiningu í samræmi við aðra alþjóðlega reikningsskilastaðla.

† Að því er varðar þennan staðal er þess krafist að yfirtökuaðilar beiti skilgreiningum á eign og skuld og stuðningsleiðbeiningum í Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila, sem Alþjóðareikningsskilaráðið samþykkti 2001, fremur en Hugtakaramma fyrir reikningsskil, sem gefinn var út 2018.

Breytingar á
IFRS-staðli 6, *leit að jarðefnaauðlindum og mat á þeim*

Ákvæðum 10. liðar er breytt, neðanmálsgrein við orðið „*Rammi*“ í 10. lið fellur brott og lið 26A er bætt við.

Þættir í kostnaðarverði eigna vegna jarðefnaleitar og mats

...

10. Útgjöld sem tengjast þróun jarðefnaauðlinda skal ekki færa sem eignir vegna jarðefnaleitar og mats. Í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* og IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*, eru leiðbeiningar um færslu eigna sem verða til vegna þróunar.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

26A Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 10. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunni á IFRS-staðli 6 afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunni á IFRS-staðli 6 með vísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

Breytingar á
IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*

Ákvæðum 7., 15., 19.–20., 23.–24., 28. og 89. liðar er breytt og lið 139S er bætt við. Fjórar neðanmálsgreinar falla brott — neðanmálsgreinarnar við orðin „25. liður“ í 7. lið, við annan málslið í 15. lið, við 28. lið og við „*Ramma*“ í 89. lið.

SKILGREININGAR

7. **Í þessum staðli er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:**

...

***Mikilvægi*: Úrfellingar eða rangfærslur liða skipta máli ef þær gætu, hver fyrir sig eða í heild, haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur taka á grundvelli reikningsskilanna. Mikilvægi er háð stærð og eðli úrfellingar eða rangfærslu metið út frá aðstæðum í hverju tilviki. Stærð eða eðli liðarins, eða hvort tveggja, getur ráðið úrslitum.**

Við mat á því hvort úrfelling eða rangfærsla geti haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir notenda og þar af leiðandi verið mikilvægar er nauðsynlegt að skoða einkenni þessara notenda. Gengið er út frá því að notendur hafi allnokkra þekkingu á viðskiptum og rekstrarumhverfi fyrirtækja og reikningsskilum og séu tilbúnir að kynna sér upplýsingarnar af hæfilegri kostgæfni. Þess vegna þarf að taka tillit til þess í matinu hvernig ætla megi með sanngjörnum hætti að notendur reikningsskila með slík einkenni kunni að verða fyrir áhrifum við töku efnahagslegra ákvarðana.

...

Glögg mynd og samkvæmni við IFRS-staðla

15. **Reikningsskil skulu gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu, rekstrarárangri og sjóðstreymi einingar. Glögg mynd kallar á að gefin sé raunsönn mynd af áhrifum viðskipta, annarra atburða og aðstæðna í samræmi við skilgreiningar og skilyrði um færslu á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum sem eru sett fram í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* (*Hugtakarammanum*). Með viðeigandi beitingu IFRS-staðla ásamt viðbótarupplýsingum, þegar þeirra er þörf, er unnt að fá fram reikningsskil, sem ná því að gefa glögga mynd.**

...

19. **Í algerum undantekningartilvikum, þegar stjórnendur komast að þeirri niðurstöðu að svo villandi væri að fara að kröfu sem gerð er í IFRS-staðli að það færi í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, skal einingin víkja frá þeirri kröfu með þeim hætti sem settur er fram í 20. lið ef þess er krafist í viðeigandi regluramma eða slíkt frávik er ekki bannað í honum að öðru leyti.**

20. **Þegar eining víkur frá kröfu, sem gerð er í IFRS-staðli í samræmi við 19. lið, skal hún greina frá:**

a) **að stjórnendur hafi komist að þeirri niðurstöðu að reikningsskilin gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu, rekstrarárangri og sjóðstreymi einingarinnar,**

b) **að hún hafi farið að viðeigandi IFRS-stöðlum nema að því leyti að vikið hafi verið frá tiltekinni kröfu til að geta gefið glögga mynd,**

c) **heiti IFRS-staðalsins, sem einingin vék frá, eðli fráviksins, þ.m.t. sú meðferð sem krafist er í IFRS-staðlinum, ástæðunni fyrir því að sú meðferð væri svo villandi við þessar aðstæður að hún færi í bága við markmið reikningsskila, sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, og þá meðferð sem var notuð,**

d) **fjárhagslegum áhrifum fráviksins á hvern lið í reikningsskilunum, sem hefði verið settur fram ef farið hefði verið að kröfunni, fyrir hvert tímabil sem sett er fram.**

...

23. **Í algerum undantekningartilvikum, þegar stjórnendur komast að þeirri niðurstöðu að svo villandi væri að fara að kröfu sem gerð er í IFRS-staðli að það færi í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, en samkvæmt viðeigandi regluramma er bannað að víkja frá kröfunni skal einingin, að svo miklu leyti sem unnt er, draga úr þeim villandi þáttum sem talið er að séu fyrir hendi ef farið er að kröfunni með því að birta upplýsingar um:**

a) **heiti IFRS-staðalsins, sem um ræðir, eðli kröfunnar og ástæðu þess að stjórnendur hafa komist að þeirri niðurstöðu að sú meðferð væri svo villandi við þessar aðstæður að það færi í bága við markmið reikningsskila, sem sett eru fram í *Hugtakarammanum* og**

b) **þær leiðréttingar sem skulu gerðar á hverjum lið í reikningsskilunum sem stjórnendur hafa komast að niðurstöðu um að væru nauðsynlegar til að ná fram glöggri mynd fyrir hvert tímabil sem er sett fram.**

24. Að því er varðar ákvæði 19.-23. liðar stríða upplýsingar gegn markmiðum reikningsskila ef þær gefa ekki raunsanna mynd af viðskiptum, öðrum atburðum og aðstæðum sem er annaðhvort gefið í skyn í upplýsingunum að þær sýni eða eðlilega mætti vænta að þær sýndu og af þeim sökum væri líklegt að þær hefðu áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskila taka. Þegar stjórnendur meta hvort svo villandi sé að fara að tiltekinni kröfu í IFRS-staðli að það fari í bága við markmið reikningsskila, sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*, skulu þeir taka til skoðunar:

a) hvers vegna markmið reikningsskila nást ekki við þessar tilteknu aðstæður og

b) að hvaða leyti aðstæður einingarinnar eru frábrugðnar aðstæðum annarra eininga sem fara að kröfunni. Ef aðrar einingar fara að kröfunni við sambærilegar aðstæður er það hrekjanleg forsenda að fari einingin að kröfunni sé það ekki svo villandi að það fari í bága við markmið reikningsskila sem sett eru fram í *Hugtakarammanum*.

...

Reikningsskil á rekstrargrunni

...

28. Þegar reikningsskil eru gerð á rekstrargrunni færir eining liði sem eignir, skuldir, eigið fé, tekjur og gjöld (aðaleiningar reikningsskila) þegar þeir fullnægja skilgreiningum og skilyrðum um færslu fyrir viðkomandi frumeiningar í *Hugtakarammanum*.

...

Hagnaður eða tap á tímabilinu

...

89. Í sumum IFRS-stöðlum eru tilgreindar aðstæður þar sem eining færir tiltekna liði utan rekstrarreiknings á yfirstandandi tímabili. IAS-staðall 8 tekur til tvenns konar aðstæðna af þessu tagi: leiðréttinga á skekkjum og áhrifa breytinga á reikningsskilaaðferðum. Í öðrum IFRS-stöðlum er gerð krafa um eða heimilað að þættir í annarri heildarafkomu, sem samrýmast skilgreiningu á tekjum eða gjöldum í *Hugtakarammanum*, falli utan rekstrarreiknings (sjá 7. lið).

...

UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG GILDISTÖKUDAGUR

...

139S Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 7., 15., 19.–20., 23.–24., 28. og 89. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunum á IAS-staðli 1 afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunum á IAS-staðli 1 með tilvísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

Breytingar á
IAS-staðli 8*, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

Ákvæðum 6. liðar og b-liðar 11. liðar er breytt. Neðanmálsgreinar við orðin „25. liður“ í 6. lið og við b-lið 11. liðar falla brott og nýrri neðanmálsgrein við b-lið 11. liðar er bætt við. Fyrirsögninni á undan 54. lið er breytt og liðum 54F-54G er bætt við.

SKILGREININGAR

...

6. Við mat á því hvort úrfelling eða rangfærsla geti haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir notenda og þar af leiðandi verið mikilvægar er nauðsynlegt að skoða einkenni þessara notenda. Gengið er út frá því að notendur hafi allnokkra þekkingu á viðskiptum og rekstrarumhverfi fyrirtækja og reikningsskilum og séu tilbúnir að kynna sér upplýsingarnar af hæfilegri kostgæfni. Þess vegna þarf að taka tillit til þess í matinu hvernig ætla megi með sanngjörnum hætti að notendur reikningsskila með slík einkenni kunni að verða fyrir áhrifum við töku efnahagslegra ákvarðana.

...

Val og beiting reikningsskilaaðferða

...

11. **Þegar stjórnendur meta með eigin dómgreind, sem lýst er í 10. lið, skulu þeir vísa til og hafa í huga viðeigandi notkun eftirfarandi heimilda sem er raðað eftir mikilvægi:**

   a) **krafna í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sem fjalla um sambærileg og tengd viðfangsefni og**

   b) **skilgreininga, skilyrða fyrir færslum og matshugtaka að því er varðar eignir, skuldir, tekjur og gjöld í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* (*Hugtakarammanum*).**

† Í lið 54G er útskýrt hvernig þessari kröfu er breytt að því er varðar lögbundinn reikningsjöfnuð (e. *regulatory account balances*).

...

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTING

...

54F Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 6. lið og b-lið 11. liðar breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunum á 6. lið og b-lið 11. liðar afturvirkt í samræmi við þennan staðal. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunum á 6. lið og b-lið 11. liðar með tilvísun til 23.–28. liðar í þessum staðli. Ef afturvirk beiting einhverrar breytingar í *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum* hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal eining við beitingu 23.–28. liðar í þessum staðli lesa tilvísanir, nema í síðasta málslið 27. liðar, í „er ógerlegt“ sem „hefur í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn“ og allar tilvísanir í „gerlegt“ sem „mögulegt án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar“.

54G Ef eining beitir ekki IFRS-staðli 14, *eignir og skuldir vegna verðtakmarkana*, skal hún við beitingu b-liðar 11. liðar á lögbundinn reikningsjöfnuð halda áfram að vísa til og hafa í huga viðeigandi notkun skilgreininga, skilyrða fyrir færslum og matshugtaka í *Ramma um gerð og framsetningu reikningsskila** í stað þeirra sem eru í *Hugtakarammanum*. Lögbundinn reikningsjöfnuður er staða á útgjaldareikningi (eða tekjureikningi) sem er ekki færð sem eign eða skuld í samræmi við aðra viðeigandi IFRS-staðla en verðeftirlitsaðilinn (e. *rate regulator*) tekur eða þess er vænst að hann taki með í reikninginn við ákvörðun þess (eða þeirra) taxta sem hægt er að færa til gjalda hjá viðskiptavinum. Verðeftirlitsaðili er viðurkenndur aðili sem hefur umboð samkvæmt lögum eða reglum til að ákvarða taxta eða taxtasvið sem binda einingu. Verðeftirlitsaðilinn getur verið þriðji aðili eða aðili tengdur einingunni, þ.m.t. stjórn einingarinnar, ef þess er krafist samkvæmt lögum eða reglum að sá aðili fastsetji taxta bæði með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi og til að tryggja fjárhagslegan lífvænleika einingarinnar í heild sinni.

* Tilvísun til *Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila* sem ráðið samþykkti 2001.

Breytingar á
IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*

Ákvæðum 31. og 33. liðar er breytt og 58. lið er bætt við. Neðanmálsgrein við orðið „(*Ramminn*)“ í 31. lið fellur brott.

Sömu reikningsskilaaðferðir og í ársreikningi

...

31. Samkvæmt *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* (*Hugtakarammanum*) er færsla það ferli að fanga liði sem uppfylla skilgreiningu á einni af frumeiningum reikningsskila til að fella inn í efnahagsreikning eða yfirlýsingu (yfirlýsingar) um rekstrarárangur. Skilgreiningar á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum eru undirstaða færslu, bæði við lok árlegra og árshlutalegra reikningsskilatímabila.

...

33. Mikilvægt einkenni tekna (reglulegra tekna) og gjalda er að innstreymi og útstreymi eigna og skulda sem þeim tengjast hefur þegar átt sér stað. Ef þetta innstreymi eða útstreymi hefur átt sér stað eru tengdar tekjur og gjöld færð; annars eru þau ekki færð. Samkvæmt *Hugtakarammanum* er ekki heimilt að færa liði í efnahagsreikning sem uppfylla ekki skilgreiningu á eignum eða skuldum.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

58. Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 31. og 33. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunum á IAS-staðli 34 afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunum á IAS-staðli 34 með tilvísun til 43.-45. liðar í þessum staðli og 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

Breyting á
IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

Neðanmálsgrein er bætt við skilgreininguna á skuld í 10. lið.

* Skilgreiningin á skuld í þessum staðli var ekki endurskoðuð eftir endurskoðun á skilgreiningunni á skuld í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* sem gefinn var út 2018.

Breyting á
IAS-staðli 38, *óefnislegar eignir*

Neðanmálsgrein er bætt við skilgreininguna á eign í 8. lið.

* Skilgreiningin á eign í þessum staðli var ekki endurskoðuð eftir endurskoðun á skilgreiningunni á eign í *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* sem gefinn var út 2018.

Breyting á
IFRIC-túlkun 12, *samningar um þjónustuívilnun*

Neðanmálsgrein við orðin „*Rammi um gerð og framsetningu reikningsskila*“ í tilvísunarhlutanum er breytt.

* Tilvísun til *Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila*, sem ráðið samþykkti 2001 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

Breyting á
IFRIC-túlkun 19, *greiðsla skulda með eiginfjárgerningum*

Neðanmálsgrein við orðin „*Rammi um gerð og framsetningu reikningsskila*“ í tilvísunarhlutanum er breytt.

* Tilvísun til *Ramma alþjóðareikningsskilanefndarinnar um gerð og framsetningu reikningsskila*, sem ráðið samþykkti 2001 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

Breyting á
IFRIC-túlkun 20, *kostnaður við hreinsun úrgangsefna á framleiðslustigi í yfirborðsnámu*

Neðanmálsgrein er bætt við orðin *„Hugtakarammi fyrir reikningsskil“* í tilvísunarhlutanum.

* Tilvísun til *Hugtakaramma fyrir reikningsskil*, sem gefinn var út 2010 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

Breyting á
IFRIC-túlkun 22, *viðskipti í erlendum gjaldmiðli og fyrirframgreiðsla*

Neðanmálsgrein er bætt við orðin *„Hugtakarammi fyrir reikningsskil“* í tilvísunarhlutanum.

* Tilvísun til *Hugtakaramma fyrir reikningsskil*, sem gefinn var út 2010 og var í gildi þegar túlkunin var mótuð.

Breytingar á
SIC-túlkun 32, óefnislegar eignir — *kostnaður við vefsetur*

Ákvæðum 5. liðar er breytt og neðanmálsgrein við orðið „*Rammi*“ í 5. lið fellur brott. Nýjum lið er bætt við í lok hlutans undir fyrirsögninni „Gildistökudagur“.

ÁLITAEFNI

...

5. Þessi túlkun gildir ekki um útgjöld vegna kaupa á vélbúnaði og þróunar og rekstrar hans fyrir vefsetur (t.d. vegna vefþjóna, millikerfaþjóna, raunkerfisþjóna og nettenginga). Slík útgjöld eru færð samkvæmt IAS-staðli 16. Að auki eru útgjöld, sem eining stofnar til vegna netþjónustuveitu sem hýsir vefsetur einingarinnar, færð skv. 88. lið IAS-staðals 1 og *Hugtakaramma fyrir reikningsskil* þegar tekið er við þjónustunni.

...

GILDISTÖKUDAGUR

...

Með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*, sem gefnar voru út 2018, var 5. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil ef eining beitir einnig á sama tíma öllum öðrum breytingum sem gerðar voru með *Breytingum á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum*. Eining skal beita breytingunni á SIC-túlkun 32 afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*. Ef eining ákvarðar að afturvirk beiting væri ógerleg eða hefði í för með sér óhóflegan kostnað eða fyrirhöfn skal hún þó beita breytingunni á SIC-túlkun 32 með tilvísun til 23.–28. liðar, 50.–53. liðar og liðar 54F í IAS-staðli 8.

_____

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/2104 2020/EES/50/72

frá 29. nóvember 2019

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla, IAS-staðla 1 og 8 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Í rammanum fyrir verkefnið *Betri miðlun upplýsinga í reikningsskilum (e. Better Communication in Financial Reporting)*, sem miðar að því að bæta með hvaða hætti fjárhagsupplýsingum er miðlað til notenda reikningsskila, birti Alþjóðareikningsskilaráðið 31. október 2018 *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“ (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8)* til að útskýra nánar skilgreininguna á „mikilvægt“ í því skyni að auðvelda félögum að leggja mat á mikilvægi og til að auka gildi upplýsinga í athugasemdum við reikningsskil.

3) Eftir samráð við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil ályktar framkvæmdastjórnin að breytingarnar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* og IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8 fela þess vegna í sér breytingar á IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil* og IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*.

5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

b) IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

c) IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 318, 10.12.2019, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

d) IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

e) IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2020 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Skilgreining á hugtakinu „mikilvægt“

Breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8

Breytingar á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*

Ákvæðum 7. liðar er breytt að því er varðar einingar sem hafa samþykkt *Breytingar á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum* frá 2018 og lið 139T er bætt við.

SKILGREININGAR

7. ...

***Mikilvægt*:**

Upplýsingar eru mikilvægar ef ætla má að úrfelling, rangfærsla eða torræðni þeirra gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til.

Mikilvægi er háð eðli eða umfangi upplýsinga eða hvoru tveggja. Eining metur hvort upplýsingar, annaðhvort einar sér eða ásamt öðrum upplýsingum, séu mikilvægar með tilliti til reikningsskila hennar í heild.

Upplýsingar verða torræðar ef þeim er miðlað með þeim hætti að það gæti haft svipuð áhrif fyrir aðalnotendur reikningsskila og úrfelling eða rangfærsla þeirra upplýsinga. Eftirfarandi eru dæmi um aðstæður sem geta leitt til þess að mikilvægar upplýsingar verði torræðar:

a) upplýsingar varðandi mikilvægan lið, viðskipti eða annan atburð eru birtar í reikningsskilunum en orðalagið sem er notað er óljóst eða óskýrt,

b) upplýsingar varðandi mikilvægan lið, viðskipti eða annan atburð eru dreifðar um öll reikningsskilin,

c) ólíkir liðir, viðskipti eða aðrir atburðir eru teknir saman á óviðeigandi hátt,

d) líkir liðir, viðskipti eða aðrir atburðir eru aðgreindir á óviðeigandi hátt og

e) mikilvægar upplýsingar eru faldar með lítilvægum upplýsingum að því marki að aðalnotandi getur ekki ákvarðað hvaða upplýsingar eru mikilvægar sem þar af leiðandi dregur úr skiljanleika reikningsskilanna.

Mat á því hvort ætla megi að upplýsingar gætu haft áhrif á ákvarðanatöku aðalnotenda almennra reikningsskila tiltekinnar einingar, sem reikningsskilin taka til, krefst þess að eining taki tillit til einkenna þessara notenda ásamt því að taka tillit til eigin aðstæðna einingarinnar.

Margir núverandi og mögulegir fjárfestar, lánveitendur og aðrir lánardrottnar geta ekki krafist þess að einingar, sem reikningsskil taka til, veiti þeim upplýsingar beint og verða að reiða sig á almenn reikningsskil vegna stórs hluta þeirra fjárhagsupplýsinga sem þeir þarfnast. Þeir eru af þessum sökum þeir aðalnotendur sem almennum reikningsskilum er beint til. Reikningsskil eru gerð fyrir notendur sem hafa allnokkra þekkingu á viðskiptum og efnahagslegri starfsemi og sem fara yfir og greina upplýsingarnar af kostgæfni. Jafnvel vel upplýstir og samviskusamir notendur geta stundum þurft að leita aðstoðar ráðgjafa til að skilja upplýsingar um flókin efnahagsleg fyrirbæri.

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

139T Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 7. lið í IAS-staðli 1 og 5. lið í IAS-staðli 8 breytt og 6. liður í IAS-staðli 8 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*

Ákvæðum 5. liðar er breytt að því er varðar einingar sem hafa samþykkt *Breytingar á tilvísunum til hugtakarammans í IFRS-stöðlum* frá 2018. Ákvæði 6. liðar falla brott og lið 54H er bætt við.

SKILGREININGAR

5. …

Hugtakið *mikilvægt* er skilgreint í 7. lið IAS-staðals 1 og er notað í þessum staðli í sömu merkingu.

…

6. [Felldur brott]

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

54H Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 7. lið í IAS-staðli 1 og 5. lið í IAS-staðli 8 breytt og 6. liður í IAS-staðli 8 felldur brott. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum og útgáfum

Breytingar á IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*

Ákvæðum 21. liðar er breytt og lið 23C er bætt við.

Atburðir sem eiga sér stað eftir reikningsskilatímabilið sem kalla ekki á leiðréttingu

21. **Ef atburðir, sem eiga sér stað eftir reikningsskilatímabilið sem kalla ekki á leiðréttingu, eru mikilvægir má ætla að það að ekki sé greint frá þeim gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til. Þar af leiðandi skal eining veita upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern mikilvægan flokk atburða sem eiga sér stað eftir reikningsskilatímabilið sem kalla ekki á leiðréttingu:**

a) **eðli atburðarins og**

b) **mat á fjárhagslegum áhrifum hans eða yfirlýsingu um að ekki sé hægt að vinna slíkt mat.**

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

23C Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 21. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægt“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

Breytingar á IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*

Ákvæðum 24. liðar er breytt og 58. lið er bætt við.

Mikilvægi

…

24. Í IAS-staðli 1 er hugtakið „mikilvægar upplýsingar“ skilgreint og gerð krafa um sérstakar upplýsingar um mikilvæga liði, þ.m.t. (til dæmis) aflagða starfsemi og í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, er krafist upplýsinga um breytingar á reikningshaldslegu mati, skekkjum og breytingar á reikningsskilaaðferðum. Í stöðlunum tveimur eru ekki tölulegar leiðbeiningar um mikilvægi.

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

58. Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 24. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu „mikilvægt“ í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

Breytingar á IAS-staðli 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*

Ákvæðum 75. liðar er breytt og 104. lið er bætt við.

Endurskipulagning

…

75. Ákvörðun stjórnenda eða stjórnar um endurskipulagningu, sem er tekin fyrir lok reikningsskilatímabilsins, leiðir ekki til ætlaðrar skuldbindingar við lok reikningsskilatímabilsins nema einingin hafi, fyrir lok reikningsskilatímabilsins:

a) hafist handa um framkvæmd áætlunar um endurskipulagningu eða

b) veitt þeim sem áætlunin um endurskipulagningu hefur áhrif á nægilega ítarlegar upplýsingar um meginatriði hennar til að vekja hjá þeim réttmætar væntingar um að einingin muni framkvæma endurskipulagninguna.

Ef eining hefst handa um framkvæmd endurskipulagningaráætlunar eða tilkynnir þeim sem verða fyrir áhrifum af henni um meginatriði hennar ekki fyrr en eftir reikningsskilatímabilið er krafist upplýsinga samkvæmt IAS-staðli 10, *atburðir eftir reikningsskilatímabilið*, ef endurskipulagningin er mikilvæg og ætla má að það að ekki sé greint frá henni gæti haft áhrif á ákvarðanir sem aðalnotendur almennra reikningsskila taka á grundvelli þessara reikningsskila, sem veita fjárhagsupplýsingar um tiltekna einingu sem reikningsskilin taka til.

…

GILDISTÖKUDAGUR

…

104. Með *skilgreiningu á hugtakinu „mikilvægt“* (breytingar á IAS-staðli 1 og IAS-staðli 8), sem birt var í október 2018, var 75. lið breytt. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Beiti eining þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á skilgreiningunni á hugtakinu mikilvægt í 7. lið IAS-staðals 1 og 5. og 6. lið IAS-staðals 8.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/34 **2020/EES/50/73**

frá 15. janúar 2020

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39, og alþjóðlega reikningsskilastaðla, IFRS-staðla 7 og 9 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]) voru innleiddir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 22. júlí 2014 birti ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika skýrsluna „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum (e. Reforming Major Interest Rate Benchmarks)“ þar sem sett voru fram tilmæli um að styrkja núverandi viðmiðanir og aðra hugsanlega viðmiðunarvexti sem byggðir eru á millibankamörkuðum og þróa aðra nánast áhættulausa viðmiðunarvexti.

3) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 ([3]) var innleiddur sameiginlegur rammi til að tryggja nákvæmni og heilleika vísitalna sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að meta árangur fjárfestingarsjóða í Sambandinu.

4) Hinn 26. september 2019 birti Alþjóðareikningsskilaráðið Endurbætur á vaxtaviðmiðunum (breytingar á IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7) í því skyni að taka á afleiðingum endurbóta á vaxtaviðmiðunum fyrir reikningsskil á tímabilinu fram að því að núverandi vaxtaviðmiðunum er skipt út fyrir aðra viðmiðunarvexti.

5) Með breytingunum eru veittar tímabundnar og þröngar undanþágur frá kröfum um áhættuvarnarreikningsskil í alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 9, *fjármálagerningar*, þannig að fyrirtæki geti áfram uppfyllt kröfurnar að því gefnu að núverandi vaxtaviðmiðunum sé ekki breytt vegna endurbóta á millibankavöxtum.

6) Eftir samráð við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil ályktar framkvæmdastjórnin að breytingarnar á IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*, IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, og IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, uppfylli skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

7) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 12, 16.1.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagerningum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*, er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

b) alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

c) IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2020 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Endurbætur á vaxtaviðmiðunum

Breytingar á IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7

Breytingar á IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*

Liðir 6.8.1–6.8.12 og 7.1.8 bætast við. Nýrri fyrirsögn er bætt við á undan lið 6.8.1. Nýir undirliðir bætast við á undan liðum 6.8.4, 6.8.5, 6.8.6, 6.8.7 og 6.8.9. Ákvæðum liðar 7.2.26 er breytt.

6. kafli Áhættuvarnarreikningsskil

…

6.8 TÍMABUNDNAR UNDANÞÁGUR FRÁ BEITINGU SÉRTÆKRA KRAFNA UM ÁHÆTTUVARNARREIKNINGSSKIL

6.8.1. Einingar skulu beita liðum 6.8.4–6.8.12, lið 7.1.8 og d-lið í lið 7.2.26 á öll áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á. Þessir liðir gilda eingöngu um slík áhættuvarnartengsl. Áhættuvarnartengsl verða aðeins fyrir beinum áhrifum af endurbótum á vaxtaviðmiðunum ef endurbæturnar leiða til óvissu um:

a) vaxtaviðmiðanir (tilgreindar í eða utan samninga) sem tilteknar eru sem áhætta sem varið er gegn og/eða

b) tímasetningu eða fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar eða áhættuvarnargernings sem byggir á vaxtaviðmiðun.

6.8.2. Við beitingu liða 6.8.4–6.8.12 vísar hugtakið „endurbætur á vaxtaviðmiðunum“ til endurbóta á vaxtaviðmiðun á markaði, þ.m.t. að skipta vaxtaviðmiðun út fyrir aðra viðmiðunarvexti eins og þá sem leiða af tilmælum sem sett eru fram í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika í júlí 2014 um „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum“. [1]

6.8.3. Í liðum 6.8.4–6.8.12 eru aðeins veittar undanþágur frá kröfunum sem tilgreindar eru í þeim liðum. Eining skal áfram beita öllum kröfum um áhættuvarnarreikningsskil á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á.

Krafa um afar líkleg viðskipti fyrir sjóðstreymisvarnir

6.8.4. Í þeim tilgangi að ákvarða hvort áætluð framtíðarviðskipti (eða hluti þeirra) séu afar líkleg eins og krafist er í lið 6.3.3 skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Endurflokkun uppsafnaðra fjárhæða í varasjóði sjóðstreymisvarnar

6.8.5. Við beitingu kröfunnar í lið 6.5.12 til að ákvarða hvort áhættuvarið framtíðarsjóðstreymi sé líklegt skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Mat á efnahagstengslum milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnargerningsins

6.8.6. Við beitingu krafnanna í i. lið c-liðar í lið 6.4.1 og liðum B6.4.4–B6.4.6 skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi og/eða áhætta sem varið er gegn (tilgreind í eða utan samninga) er byggð á, eða vaxtaviðmiðun, sem sjóðstreymi í áhættuvarnargerningum er byggð á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

[1] Skýrslan „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum (e. Reforming Major Interest Rate Benchmarks)“ er tiltæk á http://www.fsb.org/wp-content/uploads/r_140722.pdf.

Að tilgreina þátt liðar sem áhættuvarinn lið

6.8.7. Eining skal aðeins beita kröfu a-liðar í lið 6.3.7 og liðar B6.3.8, um að áhættuþætti skuli aðgreina sérstaklega, við upphaf áhættuvarnartengsla að því er varðar áhættuvarnir á viðmiðunarþætti vaxtaáhættu sem tilgreindar er utan samninga nema liður 6.8.8 eigi við.

6.8.8. Þegar eining, í samræmi við skjalfestingu áhættuvarnarinnar, endurstillir oft (þ.e. afleggur og hefur að nýju) áhættuvarnartengsl vegna þess að bæði áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn breytast oft (þ.e. einingin notar sívirkt ferli þar sem bæði áhættuvörðu liðirnir og áhættuvarnargerningarnir, sem eru notaðir til að stjórna áhættuvarnarskuldbindingunni, eru ekki lengi eins), skal eining aðeins beita kröfu a-liðar í lið 6.3.7 og liðar B6.3.8, um að áhættuþætti skuli aðgreina sérstaklega, þegar hún tilgreinir áhættuvarinn lið upphaflega í þeim áhættuvarnartengslum. Áhættuvarinn liður, sem hefur verið metinn þegar hann var upphaflega tilgreindur í áhættuvarnartengslunum, hvort sem það var við upphaf áhættuvarna eða síðar, er ekki endurmetinn við síðari endurtilgreiningu í sömu áhættuvarnartengslum.

Lok beitingar

6.8.9. Eining skal hætta framvirkt að beita lið 6.8.4 á áhættuvarinn lið við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar áhættuvarnartengsl sem áhættuvarinn liður er hluti af eru aflögð.

6.8.10. Eining skal hætta framvirkt að beita lið 6.8.5 við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð framtíðarsjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar uppsöfnuð heildarfjárhæð í varasjóði sjóðstreymisvarnar að því er varðar þessi aflögðu áhættuvarnartengsl hefur verið endurflokkuð i rekstrarreikning.

6.8.11. Eining skal hætta framvirkt að beita lið 6.8.6:

a) á áhættuvarinn lið þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) á áhættuvarnargerning þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarnargerningsins sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

Ef áhættuvarnartengslin, sem áhættuvarði liðurinn og áhættuvarnargerningurinn eru hluti af, eru aflögð fyrir þann dag sem tilgreindur er í a-lið í lið 6.8.11 eða þann dag sem tilgreindur er í b-lið í lið 6.8.11 skal einingin hætta framvirkt að beita lið 6.8.6 á þau áhættuvarnartengsl á degi aflagningarinnar.

6.8.12. Þegar flokkur liða er tilgreindur sem áhættuvarinn liður eða sambland fjármálagerninga sem áhættuvarnargerningur skal eining hætta framvirkt að beita liðum 6.8.4–6.8.6 á stakan efnahagslið eða fjármálagerning í samræmi við liði 6.8.9, 6.8.10 eða 6.8.11, eftir því sem við á, þegar óvissan sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn og/eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis þess efnahagsliðar eða fjármálagernings sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

7. kafli Gildistökudagur og umbreytingarákvæði

7.1 GILDISTÖKUDAGUR

...

7.1.8. Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7, sem gefnar voru út í september 2019 var lið 6.8 bætt við og lið 7.2.26 breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil.

7.2 UMBREYTING

…

Umbreyting vegna áhættuvarnarreikningsskila (6. kafli)

…

7.2.26. Sem undantekningu frá framvirkri beitingu krafna þessa staðals varðandi áhættuvarnarreikningsskil:

…

d) skal eining beita kröfu liðar 6.8 afturvirkt. Afturvirk beiting gildir aðeins um þau áhættuvarnartengsl sem lágu fyrir við upphaf reikningsskilatímabilsins þar sem einingin beitti þessum kröfum fyrst eða voru tilgreind eftir það og um þá uppsöfnuðu fjárhæð í varasjóði sjóðstreymisvarna sem var til staðar við upphaf skýrslutímabilsins þar sem einingin beitti þessum kröfum fyrst.

Breytingar á IAS-staðli 39, fjármálagerningar: *færsla og mat*

Liðum 102A–102N og 108G er bætt við. Nýrri fyrirsögn er bætt við á undan lið 102A. Nýjum undirliðum er bætt við á undan liðum 102D, 102E, 102F, 102H og 102J.

ÁHÆTTUVÖRN

…

Tímabundnar undanþágur frá beitingu sértækra krafna um áhættuvarnarreikningsskil

102A Eining skal beita liðum 102D–102N og 108G á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á. Þessir liðir gilda eingöngu um slík áhættuvarnartengsl. Áhættuvarnartengsl verða aðeins fyrir beinum áhrifum af endurbótum á vaxtaviðmiðunum ef endurbæturnar leiða til óvissu um:

a) vaxtaviðmiðanir (tilgreindar í eða utan samninga) sem tilteknar eru sem áhætta sem varið er gegn og/eða

b) tímasetningu eða fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar eða áhættuvarnargernings sem byggir á vaxtaviðmiðun.

102B Við beitingu liða 102D–102N vísar hugtakið „endurbætur á vaxtaviðmiðunum“ til endurbóta á vaxtaviðmiðun á markaði, þ.m.t. að skipta vaxtaviðmiðun út fyrir aðra viðmiðunarvexti eins og þá sem leiða af tilmælunum sem sett eru fram í skýrslu ráðgjafarnefndarinnar um fjármálastöðugleika í júlí 2014 um „endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum“. [1]

102C Í liðum 102D–102N eru aðeins veittar undanþágur frá kröfunum sem tilgreindar eru í þeim liðum. Eining skal áfram beita öllum kröfum um áhættuvarnarreikningsskil á áhættuvarnartengsl sem endurbætur á vaxtaviðmiðunum hafa bein áhrif á.

Krafa um afar líkleg viðskipti fyrir sjóðstreymisvarnir

102D Við beitingu kröfunnar í c-lið 88. liðar um að áætluð framtíðarviðskipti séu líkleg skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Endurflokkun uppsafnaðs hagnaðar eða taps sem fært er í aðra heildarafkomu

[1] Skýrslan „Endurbætur á helstu vaxtaviðmiðunum (e. Reforming Major Interest Rate Benchmarks)“ er tiltæk á http://www.fsb.org/wp-content/uploads/r_140722.pdf.

102E Við beitingu kröfunnar í c-lið 101. liðar til að ákvarða hvort áætluð framtíðarviðskipti séu ekki lengur líkleg skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi (tilgreint í eða utan samninga) er byggt á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

Mat á skilvirkni

102F Við beitingu kröfunnar í b-lið 88. liðar og a-lið liðar AG105 skal eining líta svo á að vaxtaviðmiðun, sem áhættuvarið sjóðstreymi og/eða áhætta sem varið er gegn (tilgreind í eða utan samninga) er byggð á, eða vaxtaviðmiðun, sem sjóðstreymi í áhættuvarnargerningum er byggð á, sé ekki breytt í kjölfar endurbóta á vaxtaviðmiðunum.

102G Við beitingu kröfunnar í e-lið 88. liðar þarf eining ekki að leggja af áhættuvarnartengsl vegna þess að eiginlegar niðurstöður áhættuvarnarinnar uppfylla ekki kröfurnar í b-lið liðar AG105. Til að taka af allan vafa skal eining beita öðrum skilyrðum í 88. lið, þ.m.t. líkindamati í b-lið 88. liðar, til meta hvort leggja skuli áhættuvarnartengslin af.

Fjárhagsliðir tilgreindir sem áhættuvarðir liðir

102H Eining skal, nema þar sem liður 102I gildir, aðeins beita kröfunni í 81. lið og lið AG99F, um að tilgreinda hlutann skuli aðgreina sérstaklega, við upphaf áhættuvarnartengsla að því er varðar áhættuvarnir á viðmiðunarhluta vaxtaáhættu sem tilgreindar eru utan samninga.

102I Þegar eining, í samræmi við skjalfestingu áhættuvarnarinnar, endurstillir oft (þ.e. afleggur og hefur að nýju) áhættuvarnartengsl vegna þess að bæði áhættuvarnargerningurinn og áhættuvarði liðurinn breytast oft (þ.e. einingin notar sívirkt ferli þar sem bæði áhættuvörðu liðirnir og áhættuvarnargerningarnir, sem eru notaðir til að stjórna áhættuvarnarskuldbindingunni, eru ekki lengi eins), skal eining aðeins beita kröfunni í 81. lið og lið AG99F, um að tilgreinda hluta skuli aðgreina sérstaklega, þegar hún tilgreinir áhættuvarinn lið upphaflega í þeim áhættuvarn-artengslum. Áhættuvarinn liður, sem hefur verið metinn þegar hann var upphaflega tilgreindur í áhættuvarn-artengslunum, hvort sem það var við upphaf áhættuvarna eða síðar, er ekki endurmetinn við síðari endurtilgreiningu í sömu áhættuvarnartengslum.

Lok beitingar

102J Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102D á áhættuvarinn lið við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar áhættuvarnartengsl sem áhættuvarinn liður er hluti af eru aflögð.

102K Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102E við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð framtíðarsjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar uppsöfnuð heildarfjárhæð hagnaðar eða taps sem færð er í aðra heildarafkomu að því er varðar þessi aflögðu áhættuvarnartengsl hefur verið endurflokkuð í rekstrarreikning.

102L Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102F:

a) á áhættuvarinn lið þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) á áhættuvarnargerning þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarnargerningsins sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

Ef áhættuvarnartengslin, sem áhættuvarði liðurinn og áhættuvarnargerningurinn eru hluti af, eru aflögð fyrr þann dag sem tilgreindur er í a-lið liðar 102L eða þann dag sem tilgreindur er í b-lið liðar 102L skal einingin hætta framvirkt að beita lið 102F á þau áhættuvarnartengsl á degi aflagningarinnar.

102M Eining skal hætta framvirkt að beita lið 102G á áhættuvarnartengsl við hið fyrra af eftirfarandi:

a) þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn og tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis áhættuvarins liðar eða áhættuvarnargernings sem byggð er á vaxtaviðmiðunum og

b) þegar áhættuvarnartengslin sem undanþágunni er beitt á eru lögð af.

102N Þegar flokkur liða er tilgreindur sem áhættuvarinn liður eða sambland fjármálagerninga sem áhættuvarnargerningur skal eining hætta framvirkt að beita liðum 102D–102G á stakan efnahagslið eða fjármálagerning í samræmi við liði 102J, 102K, 102L eða 102M, eftir því sem við á, þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar áhættu sem varið er gegn og/eða tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis þess efnahagsliðar eða fjármálagernings sem byggð er á vaxtaviðmiðunum.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTING

…

108G Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7, sem gefnar voru út í september 2019, var liðum 102A-102N bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Fyrri beiting er heimil. Eining skal greina frá því ef hún beitir þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt að því er varðar þau áhættuvarnartengsl sem lágu fyrir við upphaf fyrsta reikningsskilatímabilsins þar sem einingin beitti þessum kröfum fyrst eða voru tilgreind eftir það, og að því er varðar hagnað eða tap sem fært er í aðra heildarafkomu sem lá fyrir við upphaf reikningsskilatímabilsins þar sem einingin beitti þessum breytingum fyrst.

Breytingar á IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

Lið 24H og liðum 44DE-44DF er bætt við og undirlið er bætt við á undan lið 24H.

ÁHÆTTUVARNARREIKNINGSSKIL

…

Óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum

24H Að því er varðar áhættuvarnartengsl þar sem eining beitir undanþágum, sem settar eru fram í liðum 6.8.4-6.8.12 IFRS-staðals 9 eða liðum 102D-102N IAS-staðals 39, skal einingin greina frá:

a) helstu vaxtaviðmiðunum sem áhættuvarnartengsl einingarinnar geta orðið fyrir áhrifum af,

b) umfangi áhættuskuldbindinga sem einingin stjórnar og endurbæturnar á vaxtaviðmiðununum hafa bein áhrif á,

c) hvernig einingin stjórnar umbreytingunni yfir í aðra viðmiðunarvexti,

d) lýsingu á helstu forsendum eða ákvörðunum sem einingin hefur ákvarðað eða tekið við beitingu þessara liða (t.d. forsendur eða ákvarðanir um þegar óvissa sem hlýst af endurbótum á vaxtaviðmiðunum er ekki lengur til staðar að því er varðar tímasetningu og fjárhæð sjóðstreymis sem byggð er á vaxtaviðmiðunum) og

e) nafnverði áhættuvarnargerninga í þessum áhættuvarnartengslum.

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTING

…

44DE Með *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem breyttu IFRS-staðli 9, IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7, sem gefnar voru út í september 2019, var liðum 24H og 44DF bætt við. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á IFRS-staðli 9 eða IAS-staðli 39.

44DF Eining þarf ekki að leggja fram tölulegar upplýsingar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8, reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur, á því reikningsskilatímabili þegar einingin beitir fyrst *Endurbótum á vaxtaviðmiðunum*, sem gefnar voru út í september 2019.